Fyrsti fundur, miðvikudag 1. júlí. Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum samkvæmt fyrirmælum þingskapanna 1., 2. og 3. gr. settist neðri deild alþingis að í þingsal neðri deildar og tók til starfa.

Af þingdeildarmönnum voru þessir mættir:

1. Árni Jónsson, þm. Mýramanna.
2. Benedikt Sveinsson, 2. þm. Eyfirðinga.
3. Eiríkur Briem, 1. þm. Húnvetninga.
4. Gunnar Halldórsson, 2. þm. Ísfirðinga.
5. Indriði Einarsson, þm. Vestmanneyinga.
6. Jens Pálsson, þm. Dalamanna.
7. Jón Jónsson, 1. þm. Norður-Múlasýslu.
8. Jón Jónsson, þm. Norður-Þingeyinga.
9. Jón Þórarinsson, 2. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu
10. Jónas Jónassen, þm. Reykvíkinga.
11. Lárus Halldórsson, 2. þm. Suður-Múlasýslu
12. Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga.
13. Ólafur Ólafsson, 2. þm. Rangvellinga.
14. Páll Briem, þm. Snæfellinga.
15. Páll Ólafsson, þm. Strandamanna.
16. Sigurður Gunnarsson, 1. þm. Suður-Múlasýslu.
17. Sigurður Jensson, þm. Barðstrendinga.
18. Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísfirðinga.
19. Skúli Thoroddsen, 1. þm. Eyfirðinga.
20. Sveinn Eiríksson, þm. Austur-Skaptfellinga.
21. Þórarinn Böðvarsson, 1. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu.
22. Þorlákur Guðmundsson, 1. þm. Árnesinga.
23. Þorvarður Kjerúlf, 2. þm. Norður-Múlasýslu.

Ókominn til þings var Ólafur Pálsson, þm. Vesturskaptfellinga.

Elzti þm. deildarinnar, Þórarinn prófastur Böðvarsson, 1. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu, gekkst fyrir kosningu forseta og kvaddi sjer til aðstoðar Sigurð Jensson þm. Barðstrendinga og Pál Ólafsson þm. Strandamanna. Kosningin fjell þannig, að forseti var kosinn *Þórarinn* prófastur *Böðvarsson* 1. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu í einu hljóði, með 22 atkvæðum. Þarnæst var kosinn varaforseti og hlaut kosningu *Benedikt* sýslumaður *Sveinsson*, 2. þm. Eyfirðinga, með 12 atkvæðum. Þá voru kosnir skrifarar og hlaut Páll Ólafsson þm. Strandamanna 20 atkvæði og Sigurður Jensson þm. Barðstrendinga 16 atkvæði.

Annar fundur, fimmtudaginn 2. júlí kl. 12 á hd. Allir á fundi, nema Ólafur Pálsson, er var ókominn til þings.

Forseti gat þess, að kosinn væri til skrifstofustjóra alþingis Kristján Jónsson yfirdómari. Til skrifara á skrif-

stofunni Richarð Torfason cand. theol. og Brynjólfur Þorlákssón, landshöfðingjaskrifari; en til innanþingsskrifara í deildinni Jóhannes Sigfússon cand. theol. og Morten Hansen skólastjóri.

Landshöfðingi afhenti því næst forseta þessi lagafrumvörp frá stjórninni:

1. Frumv. til fjárlagu fyrir árin 1892 og 1893.
2. — — fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889.
3. — — fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891.
4. — — laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1888 og 1889.
5. — — laga um, að selja þjóðjörðina Miðskóga í Dalasýslu.
6. — — — um sölu silfurbergsnámanna í Helgustaðafjalli.
7. — — — um, að stjórninni veitist heimild til að afhenda nokkrar þjóðjarðir í skiptum fyrir aðrar jarðir.
8. — — — um skipun dýralækna á Íslandi.
9. — — viðauka við lög 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.
10. — — laga um breyting á lögum 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.
11. — — laga um breyting á 1. gr. í lögum 19. sept. 1879 um kirkjugjald af húsum.

Kvaðst forseti vona, að þingdm. væru sjer samdóma um, að rjett væri að nota sem bezt hinn stutta þingtíma; og úr því ekki væri líklegt að miklar umræður yrðu um mál þessi við 1. umr., kvaðst hann leyfa sjer að taka frumvörp þessi á dagskrá.

Þriðji fundur, föstudaginn 3. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Forseti ljet útbýta meðal þingdm. frv. þeim, sem landshöfðingi hafði lagt fyrir Ed. á síðasta fundi þeirrar deildar.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. bls. 1); 1. umr.

Landshöfðingi: Eins og h. þm. munu sjá af fjárlagafrumvarpi því, sem hjer er lagt fram fyrir hina heiðruðu þingdeild, þá eru horfurnar á fjárhag landsins töluvert álitlegri nú en þær voru eptir frv. því, sem lagt var fyrir alþingi 1889. Eins og sjá má af frv., þá er gjört ráð fyrir, að 1892—1893 verði tekjuafgangur 113,566 kr. 20 a., en í frv. 1889 var gjört ráð fyrir að kr. 92,488.84 mundu vanta á að tekjurnar hrykkju fyrir gjöldunum, og á þinginu 1889 jukust gjöldin svo, að munur á tekjum og gjöldum varð 150,000 kr. En þingið rjeð bót á þessum tekjuhalla með nýjum tollalögum, sem fyrir fjárhagstímabilið munu nema um 300,000 kr.

Fjárhagur landsins hefur aldrei staðið eins vel og fjárhagstímabilið 1884 og 1885. Í árslok 1885 var innstæða viðlagasjóðs 964,781 kr. 13 a.; peningaeign landssjóðs 114,083 kr. 77 a.; tekjueptirstöðvar 63,062 kr. 48 a.; samtals 1,141,937 kr. 38 a. Aptur hefur fjárhagur landsins aldrei verið eins bágur og 1888—89, því að í árslok 1889 var innstæða viðlagasjóðs að eins 873,922 kr. 99 a., og tekjueptirstöðvar 29,255 kr. 96 a.; samtals 903,178 kr. 95 a., en þá var skuld við ríkissjóð 98,991 kr.

39 a., svo að eign landssjóðs var í raun rjettri að eins 804,187 kr. 56 a., eða rúmum 300,000 kr. minni en í árslok 1885.

Nú lítur svo út, eptir að samþykkt hafa verið ný lög um kaffi- og sykurtoll, og um hækkun á tóbakstolli, að fjárhagur landsins muni batna að miklum mun. Að vísu er enn eigi fullsaminn landsreikningurinn fyrir 1889—90; þó hefi jeg gjört yfirlit yfir hann, og eptir því yfirliti var í árslok 1890 innstæða viðlagasjóðs 940,877 kr. 36 a.; peningaeign landssjóðs 44,958 kr. 76 a.; tekjueptirstöðvar 34,891 kr. 01 e., samtals 920,727 kr. 13 a. Það er þannig áunnið nú í árslok 1890, að sú skuld, sem hvíldi á landssjóði, er borguð, og að í sjóði eru nálega 45,000 kr. Hvernig fjárhagurinn muni standa í árslok 1891, er ekki gott að segja; en líkur eru þó til, að einnig muni verða töluverður tekjuafgangur 1891 En eigi er þó við jafnmiklum afgangi að búast sem 1890, því að gjöld munu verða meiri 1891 en 1890; að minnsta kosti leggst það ár alþingiskostnaðurinn á. Í öðru lagi má og búast við að tekjur muni verða minni 1891 en þær voru 1890; það ár var gott ár og flestar tekjugreinir urðu hærri en gjört hafði verið ráð fyrir. Einkum var árið 1890 gott til sjávar, — en árið 1891 er aptur á móti fiskileysisár; má því ekki að eins búast við, að útflutningsgjaldið af fiski og lýsi verði miklu minna í ár en í fyrra, en reynsla virðist einnig vera fyrir því, að tekjurnar af aðflutningstollunum fari mjög eptir því, hvernig sjávarafli reynist. Það er því varla að gjöra ráð fyrir meira en $^2/_3$ eða $^1/_2$ tekjuafgangi við það sem var 1890, eða 60—70,000 kr. Stjórnin hefur áætlað þennan tekjuafgang, af því að hún álítur það eigi rjett, að láta útgjöldin gleipa allar tekjurnar. Bæði þurfa að vera í landssjóði við ársbyrjun töluverðir peningar til nauðsynlegra útgjalda fyrstu mánuði ársins, áður tekjurnar byrja að koma inn, og þar að auk hefir innstæða viðlagasjóðs hrapað niður um meira en 220,000 kr. síðan 1885, og áleit stjórnin, að rjett sje að halda spart á þangað til náð hefur verið þeirri upphæð viðlagasjóðs, er mest hefir verið. Það er skoðun stjórnarinnar, að í viðlagasjóði ætti að vera svo mikið fje, að tekjur af honum bættu upp tekjumissi landssjóðs við það, að tillagið úr ríkissjóði kemst brátt, eins og það var upprunalega, úr 100,000 kr. niður í 60,000 kr.

Að svo stöddu finn jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., því að jeg býst við, að nefnd verði sett í málinu, en skal að eins bæta því við, að jeg mun fúslega láta í tje allar þær upplýsingar, sem jeg get gefið, og þar á meðal skýrslu þá um fjárhaginn 1890, sem jeg hefi gjört.

Benedikt Sveinsson: Jeg sje ekki ástæðu til að tala um málið að þessu sinni, en leyfi mjer að stinga upp á 7 manna nefnd í því.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. í einu hljóði og í hana kosnir:

Eiríkur Briem	með	18 atkv.
Sigurður Jensson	—	15 —
Indriði Einarsson	—	15 —
Sigurður Gunnnarss.	—	15 —
Skúli Thoroddsen	—	15 —
Jón Jónss. þm. N.-M.	—	14 —
Jón Þórarinsson,	—	14 —

Var umræðunni þá frestað.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1888 og 1889 (C. 36); 1. umr.

Benedikt Sveinsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd í þessu máli.

Þriggja manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Ólafur Briem með 19 atkv.
Lárus Halldórsson — 16 —
Ólafur Ólafsson — 10 —
Fyrstu umr. síðan frestað.

Frv. til fjáraukalaga fyrir 1888 og 1889 (C. 69); 1. umr.

Forseti stakk upp á því, að þessu máli yrði vísað til hinnar nýkosnu landsreikninganefndar, og var það samþ.

Fyrstu umr. síðan frestað.

Frv. til fjáraukalaga fyrir 1890 og 1891 (C. 70); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að leiða athygli h. þingdm. að einni upphæð, sem farið er fram á að fá veitta með þessu frumv. Jeg vona að h. forseti leyfi að jeg nefni þessa upphæð, þó það sje ekki alveg samkvæmt þingsköpunum að fara út í einstök atriði málsins á þessu stigi. Upphæð sú, sem jeg á við, er tilfærð undir 2. gr. C. 5. b., þ. e. 5000 krónur til vegagjörðar, er sameinar Ölvesárbrúna við aðalpóstveginn. Það er beðið um fjárupphæð þessa á fjáraukalögum í því skyni, að vegagjörð þessi geti orðið framkvæmd þegar í sumar. En það er í alla staði nauðsynlegt, að vegagjörðin geti orðið framkvæmd nú í sumar, í fyrsta lagi af því, að brúin gjörir ekki hálft gagn fyr en búið er að leggja veg frá brúarsporðinum að aðalpóstveginum undir Ingólfsfjalli, og í öðru lagi af því, að ef ekki er byrjað að leggja veginn fyr en brúin er komin á, þá verður mjög erfitt að gjöra hann svo í lagi fari, vegna umferðarinnar um brúna. Þeir, sem færu um brúna meðan á vegagjörðinni stæði, mundu eigi svífast við að fara um veginn hálfgjörðan og með því skemma hann, eins og reynslan hefir þegar sýnt t. d. þegar verið var leggja veginn hjeðan upp úr höfuðstaðnum. Jeg vildi þess vegna óska, að h. þingd. sæi sjer fært að láta í ljósi sem fyrst, hvort hún mundi veita þessa upphæð eða ekki, þó fjeð vitanlega geti ekki orðið veitt til fullnaðar fyr en fjáraukalagafrv. er samþykkt.

Ef h. þingd. er mjer samdóma um, að æskilegt væri að byrja á vegagjörðinni sem fyrst, þá vil jeg leyfa mjer að mælast til, að deildin eða þingdeildarmenn vildu beina til mín þeirri áskorun, að láta byrja á verkinu þegar í sumar. Það væri ekki lítill hagur, að geta komið þessu í verk nú þegar, því með því kæmi brúin að notum hjer um bil ári fyr, en annars. Þetta vildi jeg biðja hina háttv. nefnd, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að íhuga, og láta mig sem fyrst vita um undirtektir sínar.

Benidikt Sveinsson: Jeg finn ekki ástæðu til að bæta neinu við skýringu hins hæstv. landsh. viðvíkjandi upphæð þeirri, sem stendur undir C. 5, b í 2. gr. frv., en sting upp á því, að þessu máli verði vísað til fjárlaganefndarinnar.

Samþ. að vísa málinu til fjárlaganefndarinnar.

Frumv. til laga um að selja jörðina Miðskóga í Miðdalahreppi (C. 113); 1. umr.

Forseti minnti þingd. á, að hæstv. ldsh. hefði látið í ljósi, er hann lagði frumv. þetta fyrir þingið, að koma mundu fram fleiri beiðnir um sölu á þjóðjörðum, og yrði hann því að álíta rjett, að setja nefnd í málinu.

Benidikt Sveinsson stakk upp á 5 manna nefnd.

Eiríkur Briem kvað rjettara mundu að kjósa að eins þriggja manna nefnd nú. Sú nefnd hlyti að fá fleiri beiðnir um þjóðjarðasölu til meðferðar og mætti því síðar bæta tveimur mönnum við í nefndina með tilliti þess, hvaðan flestar beiðnir kæmu.

Landshöfðingi: Jeg get gefið h. þingd. þær upplýsingar, að til mín eru nú komnar beiðnir um sölu á 63 þjóðjörðum. Flestar þeirra eru úr Skaptafellssýslum, margar úr Eyjafjarðarsýslu og nokkrar úr Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu. H. þingd. vill, ef til vill, taka tillit til þessara upplýsinga við nefndarkosning þá, sem spurning er um.

Sigurður Stefánsson: Mjer finnst ýmislegt mæla með því, að nú þegar verði kosin 5 manna nefnd í þessu máli. Skilyrði þau, sem þingið setti fyrir nokkrum árum fyrir þjóðjarðasölu, eru nú úr gildi numin; þau stóðu ekki lengur en til 31. des. 1890. Það gæti því komið til skoðunar í nefnd þeirri, sem nú yrði kosin, að setja ný skilyrði í þessu efni og ýmislegt fleira áríðandi gæti hún haft að athuga.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. var 5 manna nefnd með 15 atkvæðum og í hana kosnir:

Þorlákur Guðmundsson	með	16 atkv.
Sig. Stefánsson	—	12 —
Ben. Sveinsson	—	11 —
Árni Jónsson	—	10 —
Páll Olafsson	—	10 —

Fyrstu umr. síðan frestað.

Frumv. til laga um sölu silfurbergsnámanna í Helgustaðafjalli (C. 83); 1. umr.

Sigurður Stefánsson: Þótt þetta mál sýnist ekki flókið nje margbrotið, þá er þó hjer um það að ræða, að láta af hendi eign landssjóðsins, og í ástæðunum fyrir frumv. er látið í ljósi, að ýms skjöl sjeu til því viðvíkjandi, sem æskilegt væri að þingd. gæti fengið að kynna sjer. Jeg vil því stinga upp á að kosin verði þriggja manna nefnd í málinu.

Jón Jónsson (þm. N. þing.): Má ekki vísa þessu máli til nefndar þeirrar, sem kosin var í þjóðjarðasölumálinu?

ATKVÆÐAGR.: Samþ. þriggja manna nefnd með 13 atkv. og í hana kosnir:

Lárus Halldórsson	með	15 atkv.
Þorv. Kjerúlf	—	10 —
Sigurður Gunnarsson	—	10 —

Forseti gat þess, að enginn fundur yrði haldinn á morgun í þingdeildinni vegna þess, að prestastefna ætti að vera þann dag. Aptur áhvað forseti fund á mánudaginn 6. júlí kl. 12 á hád.

Fjórði fundur, mánudag 6. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi, nema Ólafur Pálsson (þm. V.-Skapt.).

Forseti skýrði frá, að í fjárlaganefndina væri kosnir formaður Eiríkur Briem og skrifari Skúli Thoroddsen. Í nefndinni um sölu þjóðjarða væri kosinn formaður Þorlákur Guðmundsson og skrifari Páll Olafsson. Enn fremur að í nefndinni í málinu um sölu silfurbergsnámanna í Helgustaðafjalli væri formaður Lárus Halldórsson og skrifari Þorvarður Kjerúlf.

Forseti gat þess, þá að til sín væru komin þessi skjöl:

1. Fundargjörðir úr Mýrasýslu, 23. júní.
2. Bænarskrá frá Vallaness- og Hallormsstaðasóknum um breyting á lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880.
3. Fundargjörð úr Norður-Múlasýslu, 6. júní.
4. Bænarskrá um, að Seyðisfjörður verði löggiltur sem kaupstaður.
5. Bænarskrá um aukalækni í vestustu hreppum Mýrasýslu.
6. Fundargjörðir úr Húnavatnssýslu.
7. Bænarskrá frá Skúla Skúlasyni á Akureyri um styrk til að læra myndasmíði.
8. Bænarskrá frá Magnúsi Einarssyni organista á Akureyri um heiðurslaun úr landssjóði fyrir söngútbreiðslu.

9. Bænarskrá frá Benidikt Gröndal um að mega framvegis halda 800 kr. styrk á ári, eins og að undanförnu, til þess að safna til norrænnar þjóðmenningarsögu og til að stunda náttúrusögu Íslands.

Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að afhenda nokkrar þjóðjarðir í skiptum fyrir aðrar jarðir (C. 101); 1. umr.

Eiríkur Briem stakk upp á, að vísa þessu máli til nefndar þeirrar, sem kosin hafði verið í þjóðjarðasölumálinu.

ATKVÆÐAGR.: Þessi uppástunga (E. Br.) var samþykkt og 1. umr. síðan frestað.

Frv. til laga um skipun dýralækna á Íslandi (C. 77); 1. umr.

Jónas Jónassen: Eins og h. þingdm. er kunnugt hefir víða á þingmálafundum úti um land verið stungið upp á því, að skipaðir yrðu dýralæknar hjer á landi, og það er ekki langt síðan að þetta mál var hjer fyrir á alþingi og fjekk allgóðan byr. Með því nú landsmenn yfir höfuð að tala og stjórnin álíta skipun dýralækna nauðsynlega, sem engum heldur, að mínu áliti, ætti að geta blandazt hugur um, að geti haft hina mestu þýðingu fyrir landið, þá vona jeg að h. þingd. taki þessu frumv. vel. En af því málið er svo þýðingarmikið, og mönnum kynni að hugkvæmast breyting á frumvarpi stjórnarinnar, leyfi jeg mjer að stinga upp á, að í því verði sett þriggja manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Jónas Jónassen með 18 atkv.
Þorv. Kjerúlf — 13 —
Þorl. Guðmundsson — 11 —

Tveir hinir síðasttöldu fengu fyrst 6 atkv. hvor; en við ítrekaðar kosningar fengu þeir hina tilgreindu atkv.-tölu.

Fyrstu umr. síðan frestað.

Frv. til viðauka við lög 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 91); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. umræðulaust vísað til 2. umr.

Frv. til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 89); 1. umr.

Árni Jónsson: Mál þetta er stutt og einfalt, þar sem einkum er farið fram á í frumv., að færa til tímann, er safnaðarfundir og hjeraðsfundir komi saman á. Sá tími, sem lögin ætlast til að fundir þessir komi saman á, hefir sumstaðar eigi reynzt hentugur. Þess vegna hefir bæði einstökum hjeraðsfundum og stiptsyfirvöldunum komið saman um, að færa fundinn til þess tíma, sem hjer er tiltekinn í frv. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið, en óska þess að eins, að frv. fái að ganga óhindrað til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Frv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 19. sept. 1879 um kirkjugjald af húsum (C. 109); 1. umr.

Landshöfðingi: Eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir frv. þessu, þá er tilefnið til þess, að það var lagt fyrir þingið það, að hjer í Reykjavík kom það, fyrir, að maður, sem bjó í húsi, er fylgdi jörð, sem metin er til dýrleika, neitaði að gjalda kirkjugjald af því. En áður hafði verið fylgt þeirri reglu bæði hjer og í öðrum kaupstöðum og verzlunarstöðum, að því er mjer er

kunnugt, að heimta gjald af slíkum húsum, þótt þau fylgdu jörð, er til dýrleika væri metin, enda gæti það komið miður heppilega við, ef svo væri; skal jeg í því sambandi nefna landshöfðingjahúsið; það fylgir jörð, sem metin er til dýrleika, og er þó lítið notað við ábúð þeirrar jarðar, og fleiri slík dæmi mætti tilfæra um hús hjer í bæ. Það er og sannfæring mín, að sá hafi verið tilgangur þingsins, sem bjó til lögin um kirkjugjald af húsum, að sömu reglu væri fylgt með það sem með húsaskatt til landsjóðs. Í öðru lagi eru nánari ákvæði í frv. þessu en áður um það, af hvað háum upphæðum kirkjugjald skuli tekið. Áður hefir vafi leikið á um það, og ólíkum reglum verið fylgt í því; hefur gjaldið sumstaðar verið tekið af hve litlum upphæðum sem verið hafa fram yfir 100 kr. Hjer í frv. eru sett sömu ákvæði í því efni sem um greiðslu húsaskattsins. Jeg vona að frv. þetta fái góðar undirtektir hjá h. þingd.

ATKVÆÐAGR.: Uppást. frá Sig. Stefánssyni um að setja nefnd í málið var felld með öllum þorra atkv. Málinu síðan vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Forseti: Jeg vil leyfa mjer að mælast til þess við h. þingd.m., að þeir hraði sjer með að koma með frv. þau, er þeir ætla að leggja fyrir deildina; sömuleiðis að þeir, sem erindi hafa að bera fram fyrir fjárlaganefndina, að þeir gjöri það einnig sem fyrst, svo að störfum þingsins og hennar geti orðið sem haganlegast niður skipað.

Fimmti fundur, þriðjudag 7. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi hinir sömu og áður.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komið:

1. Bænarskrá frá stórstúku Íslands um 300 kr. kr. styrk til útbreiðslu bindindis.
2. Fundargjörð úr Kjósar- og Gullbringusýslu.
3. Fundargjörð úr Skagafjarðarsýslu.
4. —— —Suður-Þingeyjarsýslu.
5. —— —Austur-Skaptafellssýslu.
6. Bænarskrá frá nokkrum bændum í Skagafjarðarsýslu um styrk til fjenaðarsýninga.
7. Bænarskrá um að stofnað verði aukalæknishjerað í 3 syðstu hreppum Suður-Múlasýslu.
8. Ávörp til alþingis um kvennfrelsi.

Frv. til laga um lausamenn (C. 114); 1. umr.

Jens Pálsson: Frv. þetta fer í þá átt, að gjöra mönnum greiðara fyrir að losa af sjer óeðlilög bönd, bönd er þröngva atvinnufrelsi manna, og er bæði mikilvægt og nær til margra. En þar eð hjer liggur þegar fyrir h. þingd. annað frv., er fer í sömu átt, og eigi ólíklegt að fleiri frv. muni koma fram á þessu þingi, er fari í svipaða átt, vil jeg leggja til að nefnd sje kosin í málinu, er slíkum frumvörpum verði vísað til; og af því að þetta er vandamál, sýnist mjer ekki muni veita af 5 manna nefnd.

Flutningsm. (Þorlákur Guðmundsson): Mjer finnst óheppilegt að umræðunum sje þegar hætt um mál þetta. Legg jeg því til að nefndarkosning sje frestað, en umræðum haldið áfram, því að vel má búast við, að við þær komi fram fleiri eða færri leiðbeiningaratriði fyrir nefnd þá, sem jeg óska að á sínum tíma verði skipuð í málinu.

Sigurður Stefánsson: Jeg legg til að deildin felli nefndarkoningu í máli þessu, því að síðar mun koma inn á þingið skylt mál þessu, og þá fyrst þykir mjer

hæfilegastur tími til þess að skipa nefndina. En óviðurkvæmilegt þykir mjer, að umræður um það sjeu nú þegar skornar niður.

ATKVÆÐAGR.: Forseti bar upp, hvort nefnd skyldi þegar í stað kosin, og var það fellt.

Flutningsm. (Þorlákur Guðmundsson): Jeg er samdóma h. þm. Dal. (J. P.) um að hjer sje um þýðingarmikið mál að ræða, og mál sem marga snerti. Eins og h. þm. er kunnugt, var mál þetta fyrir síðasta þingi í svipaðri mynd, þótt það yrði þá eigi til lykta leitt. En það hefir eigi legið í þagnargildi síðan, bæði hefir verið ritað um það í blöðunum, og rætt um það á þingmálafundum. Þetta sýnir að málið er áhugamál þjóðarinnar, þótt allir sjeu eigi sammála um, hvernig því verði bezt ráðið til lykta; enda álít jeg það fyllilega þess vert, því að mín hyggja er sú, að leysing vistarbandsins muni verða til þess að auka vinnuframleiðslu og vinnukeppni í landinu, en þess höfum vjer fulla þörf. Það er ósk mín að sem flestir h. þingdeildarmenn láti í ljósi álit sitt um málið, svo að skoðun þeirra á því geti nú orðið kunn.

Landshöfðingi: Hjer er nú á dagskrá í dag þetta frv. um lausamenn og enn annað frv. um breyting á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi. En mjer hefir skilizt bæði af blöðunum og þingmálafundagjörðum, að óskir manna fari ekki beinlínis í þá átt, að rýmt sje um rjett til lausamennsku, heldur að farið sje fram á afnám vistarskyldunnar, og það er allt annað en það, sem hjer ræðir um. Ef vistarskyldan er afnumin, þá leiðir af því, að enginn er skyldur að ganga í vist, er hann hefir náð 16 ára aldri, og engin lausamennska þá heldur til, þar sem allir eru lausir; en hjer er farið fram á, að vistarskylda skuli hvíla á öllum þangað til þeir eru 21 árs, eða til 25 ára aldurs, eins og farið er fram á í hinu frv., er jeg nefndi, og í öðru lagi hvílir vistarskyldan eptir sem áður á öllum, sem ekki nota rjettinn til að taka lausamennskuleyfi. Jeg verð að játa, að vistarskyldan er að minni hyggju óeðlilegt hapt á persónulegu frelsi manna, og til að rjettlæta hana verður að vera fengin sönnun fyrir nauðsyn hennar; það verður að sanna, að svo sjerstaklega hagi til hjer á landi, að menn megi ekki ráða því sjálfir, hvernig þeir leita sjer atvinnu, meðan þeir eru einhleypir, og með þá sönnun verða mótmælendur vistarskyldunnar afnámsins að koma. Enn er eins að gæta: ákvæðin um það, á hverjum vistarskyldan hvílir, eru næsta óljós og á eptir tímanum, enda er það engin furða, þar sem lögin eru meira en 100 ára gömul; hefir margt breytzt á þeim tíma, verzlunarstaðir hafa stækkað og eflzt, þurrabúðum fjölgað og aðrir atvinnuvegir sumpart myndazt, sumpart tekið breytingum; álít jeg því nauðsynlegt að breyting sje gjörð á þeim ákvæðum. Í sambandi við þetta mál um vistarskyldu og ekki-vistarskyldu stendur enn eitt atriði, það er að segja breyting á vistartímanum. Það hefir verið tekið fram við mörg tækifæri, að það gæti verið gott fyrir báða málsaðila, að hann væri ekki bundinn við heilt ár, að það væri óeðlilegt og rangt, að húsbóndi geti ekki losnað við hjú, sem hann strax frá upphafi er óánægður með, fyr en eptir ár, og eins að hjú, sem er óánægt með vist sína, verði að kúldrast í henni heilt ár. En hjer er ekki tekið fram neitt í þá átt; hefur mjer þó skilizt svo að eigi væri minni áhugi á því, að fá vistartímann styttan, en hinu að fá vistarskylduna afnumda.

Jeg hef tekið þessi atriði fram til íhugunar fyrir h. þingd. og sjerstaklega nefnd þá, er um málið mun fjalla.

Páll Briem: Það gleður mig að heyra, hvernig hæstv. ldsh. tekur í mál þetta, því að skoðun mín á því fellur svo mjög saman við það, sem hann hefur látið í ljósi um það. Jeg álít það hættulaust að vistarbandið sje leyst; það er að minni skoðun óeðlilegt, og þó að misfellur kunni að koma fram í fyrstu, þá mun eins fara hjer og í öðrum löndum, að þær munu brátt hverfa. En að jeg hef ekki komið með frv., er færi eins langt og hæstv. landsh. benti á, það er komið af »opportunistiskum« ástæðum. Á síðasta þingi kom jeg og h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) með frv. er för í svipaða átt og það sem við nú höfum borið fram. En nefnd sú, sem skipuð var í málið, takmarkaði það enn meir en hjer er gjört. Hjer er einasta skilyrði fyrir lausamennskuleyfinu, að hlutaðeigandi sje 21 árs, hafi fast heimili og gjaldi 1 kr. eða 50 aura fyrir brjefið. Þetta er lítið gjald og eigi tilfinnanlegt, minna en nú þarf að borga lögreglustjóra fyrir lausamennskubrjef, að slepptu hundraðsgjaldi því, er lausamenn verða að greiða. Hver sem þetta gjald greiðir og fullnægir hinum skilyrðum frv., er laus við vistarskyldu. Að við settum fast heimili skilyrði fyrir lausamennskuleyfi kom af því, að vjer höfum heyrt menn kvarta yfir, að einatt væri mjög torvelt að vita, hvar lausamenn ættu heimili. Þegar þeir t. d. væru fyrir norðan, þættust þeir eiga heima á suðurlandi, en fyrir sunnan kvæðust þeir eiga heimili á norðurlandi, og þannig hafi þeir komizt undan lögboðnum gjöldum. En hafi þingdeildarmönnum snúizt hugur síðan á síðasta þingi, og þeir vilji nú rýmka meir um vistarböndin, en frv. fer fram á, þá mun jeg verða manna fyrstur til að samþykkja það.

Flutningsm. (Þorlákur Guðmundsson): Hæstv. ldsh. tók fram ýmislegt, sem mjer þótti gott að heyra; sjerstaklega gladdi það mig, að hann vildi veita meira frelsi en við þorðum að fara fram á, því það er sannfæring mín að það sje hamingjuvænlegt. Hæstv. ldsh. benti á, að eiginlega væri hjer um að ræða að leysa vistarskylduna, en væri eigi um lausamenn; það er raunar satt, en þetta tvennt stendur þó í næsta nánu sambandi, því þegar vistarskyldan væri leyst, þá er þar með að mestu fallin sú gamla frelsis-þvergirðing sem staðið hefir í þjóðbraut þeirra framfara og eðlilegs rjettar að mega sjálfir ráða vinnu sinni. Jeg sem flutningsm. frv. er fús á að taka til greina allar þær breytingar, sem rýmka ákvæði frv., en þó álít jeg að fast heimilisfang sje nauðsynlegt, og því vil jeg ekki sleppa, til þess að sporna við því að allt komist á ringulreið. Því það er skilyrði fyrir framfærslurjetti manna, og svo því, að lögboðin gjöld verði innheimt af vistlausu fólki. Jeg leyfi mjer að ítreka tillögu h. þm. Dal. (J. P.) um að nefnd sje skipuð í mál þetta, þegar umræðunum er lokið. Býst jeg þá við hinu frv. um lausamenn, sem hjer er nú á dagskrá, verði vísað til þeirrar sömu nefndar.

ATKVÆÐAGR.: 5 manna nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

Þorlákur Guðmundsson	með	16	atkv.
Gunnar Halldórsson	—	12	—
Jens Pálsson	—	11	—
Páll Briem	—	11	—
Skúli Thoroddsen	—	9	—

Fyrstu umr. síðan frestað.

Frv. til laga um afnám Maríu- og Pjeturslamba (C. 114); 1. umr.

Flutningsm. (Jón Jónsson, þm. N.-Múl.*):* Mál þetta er stutt og óbrotið og auk þess gamall gestur hjer á þingi. 1886 var það samþykkt í báðum deildum, en stjórnin neitaði að staðfesta það; hafði hún það á móti því, að það væri

svo mikill tekjumissir fyrir hlutaðeigandi prestaköll, að fyrir þá sök mundi líklega ekki verða sótt um þau. Þessu hafa gjaldendur ekki getað orðið samdóma, og því kemur málið aptur hjer inn á þing. Síðan lögin voru samþykkt á þingi, hafa flest þau prestaköll, sem hjer er um að ræða, losnað; hefði stjórnin þá samþykkt frv., þá hefði nú verið reynsla fengin fyrir því, hvort ekki hefði verið sótt um þau jafnt fyrir það þó þessi Maríu- og Pjeturslömb fylgdu ei, en um það efast jeg stórum, að sú hefði reyndin á orðið, að engin hefði sótt um brauðið. Jeg er miklu fremur fullviss um að það hefði verið sótt um brauðin jafnt fyrir það, þó þessi kvöð hefði verið afnumin. Að gjald þetta muni ekki sjerlegt keppikefli fyrir prestana sjálfa, sjest á því, að einn þeirra hefur skrifað undir bænarskrá um afnám þessarar fóðurskyldu. Sömuleiðis hætti presturinn á Hálsi í Fnjóskadal að heimta fóður þessi, og hefur þeirra ekki síðan verið krafizt þar. Mál þetta er að vísu smámál, en það er þó alls ekki þýðingarlaust, því að það sýnir hvort þingið vill fylgja þeirri grundvallarreglu, að halda við gömlum og úreltum kreddum, sem loðað hafa við þjóðfjelag vort síðan katólskt einveldi rjeð hjer lögum og lofum í kirkjumálum, jafnt í hugsunarhætti og löggjöf þjóðarinnar, eða það vill afnema þessi særandi og ertandi bönd, sem geta orðið til að spilla bróðurkærleika milli þeirra, sem hann hvað helzt ætti að vera ríkjandi hjá, milli presta og safnaða. Mjer er kunnugt um, að nærri hefir legið að kvöð þessi hafi komið til leiðar kala milli prests og safnaðar, og er næsta illa farið, ef svo skyldi þurfa að vera framvegis. Það má að vísu segja, að það sje ekki þung kvöð, að verða að fóðra eitt lamb, en hún verður tilfinnanleg fyrir einstaklinginn, þegar aðrir rjett hjá eru lausir við kvöð þessa, og það er ekki óeðlilegt, þótt þeim verði fyrir að spyrja, hví þeir standi undir vernd þeirrar þjóðkirkju, er haldi þeim bundnum þeim ófrelsisböndum, að þurfa að gjalda tvöfalt þetta gjald á móts við aðra, sem búa rjett við hliðina á þeim. Jeg ætla ekki að tefja tímann með því að ræða um þetta lengur. Jeg veit hjer sitja svo margir frjálslyndir menn í deildinni, sem vilja frelsi og jafnrjetti, að jeg býst við góðum undirtektum undir þetta mál, og sjerstaklega vona jeg að prestarnir, sem hjer eiga sæti í deildinni, styðji það. Jeg veit þeir vilja allir efla frið og eindrægni milli presta og safnaða, og vona þess vegna að þeir styðji þetta mál.

Páll Briem: Jeg stend upp til að mótmæla einu orði í ræðu h. þm. (J. J.). Hann sagði, að atkvæði í máli þessu ætti að sýna, hvort þingdeildarmenn vildu fylgja gömlum kreddum frá katólskri tíð. Jeg segi það, að jeg greiði atkvæði móti frv. þessu, en jeg álít að hjer sje ekki að greiða atkvæði um kreddur eða kreddur ekki, því að sjeu þetta kreddur, þá má segja um öll forn gjöld, að þau sjeu kreddur. Það má að vísu slá því framan í þá, sem gjalda eiga, að hjer sje um kreddur að ræða, til þess að vekja óvild og úlfúð; en slíkt sýnist mjer ekki bjóðandi menntuðum mönnum eða frambærilegt hjer í þingsalnum. Hjer er um gamla kvöð að ræða; ef hún er afnumin, þá er það sama sem að gefa hlutaðeigendum upp skyldugjald, er á þeim hvílir eða eign þeirra, og það vil jeg ekki; en aptur á móti mundi jeg manna fúsastur á að leyfa gjaldendum að losa sig undan gjaldi þessu með því að greiða í eitt skipti fyrir öll upphæð þá, er samsvaraði 25-földu gjaldinu; þá hefðu þeir greitt höfuðstólinn að fullu, og það gætu menn vel við unað. En jeg vil ekki

þannig upp úr þurru gefa eign landsins. Jeg man eptir því, að það stóð í Austra, að ráðríkir prestar hefðu komið kvöð þessari á á 18. öld; en nú hefir mönnum farið svo fram, að þeir segja að hún sje frá katólskri tíð. Þetta er upprunalega gjöf frá jarðeigendunum, og eigi að nema þessa kvöð af, þá vil jeg benda h. þm. (J. J. N.-Múl.) á, hvort hann vilji ekki tína upp allar ískyldir og sjerstök gjöld, sem prestaköll eiga að fá, og fá þau afnumin.

Flutningsmaður (Jón Jónsson, þm. N.-Múl.): Það eru fá atriði í ræðu h. þm. Snæf. (P. Br.), sem jeg leyfi mjer að gjöra athugasemd við. Hann brá mjer um, að jeg hefði viðhaft orð, er eigi ættu við, þar sem menntaðir menn væru saman komnir. En nú hafði hann sjálfur þau ummæli, að menn væru æstir til óánægju og úlfúðar. Eru nú þessi ummæli stórum sæmilegri, en orð mín voru? Það getur verið að svo sje eptir hugsunarhætti þessa h. þm. (P. Br.), líklega þá af því, að hjer er hægt að bera sakir á kjósendurna, at því þeir eru hjer eigi staddir til þess að bera hönd fyrir höfuð sjer. H. þm. (P. Br.) benti á að nú væri sú framför orðin, að menn könnuðust við að kvöð þessi hvíldi á frá kaþólskri tíð, en væri eigi fyrst komin upp á 18. öld. Jeg verð að játa, að jeg er ekki svo fróður, að jeg viti um uppruna hennar; en mjer virðast nöfnin Maríu- og Pjeturslömb benda á kaþólskan uppruna. H. þm. (P. Br.) kvað eigi rjett að afnema kvöð þessa af því, að hún væri löghelguð. En það er alveg eins og sagt væri, að ekki mætti lækka laun sýslumannsins í Rangárvallasýslu með lögum, af því að þau hefðu einu sinni verið lögákveðin. Virðist mjer sú ástæða því ekki vera mjög mikils virði.

Jón Jónsson, þm. N.-Þing.: Jeg leyfi mjer að gjöra eina athugasemd við ræðu h. þm. Snæf. (P. Br.). Hann vildi ekki kalla kvöð þessa kreddu, af því að hún væri lögbundin. En jeg segi, að lög geta orðið kreddur, og áður en tekið er mjög djúpt í árinni, sýnist þurfa að sanna, hvort þetta og fleira í í lögum vorum sje ekki kreddukennt.

Ólafur Ólafsson: Jeg er á líku máli og h. flutningsm. (J. J., þm. N.-Múl.) um þetta frumv. Jeg vildi helzt afnema allar óeðlilegar kvaðir og ískyldur. En jeg álít, að ekki eigi sjerstaklega að afnema þessa ískyldu, heldur allar líkar ískyldur og kvaðir, sem á mönnum hvíla til presta og kirkna. En þar sem hann sagði, að þessi ískylda, sem hjer um ræðir, hefði vakið óvild milli presta og safnaða, þá er mjer slíkt alveg óskiljanlegt. Það væri undarlegt, ef sóknarmenn færu að slást upp á prest sinn, þótt hann tæki þær tekjur, sem hann á heimting á að lögum. Jeg skil ekki, hvernig lögleg krafa prestsins getur vakið ófrið í söfnuðinum. Ef nú á að afnema þessa kvöð, fóðurskyldu Maríu- og Pjeturslamba, þá sje jeg ekki, hvers vegna ekki má afnema aðrar kvaðir og ískyldur, sem margar eru miklu þyngri en þessi. Jeg skal taka t. d. eitt prestakall í Árnessýslu, þar sem mönnum er gjört að skyldu að fóðra vetrunga eða kú auk mannslána, og að mig minnir hestlána. Ef því á að afnema lambsfóðrin, hvaða sanngirni er þá í því, að afnema ekki líka vetrunga- og kýrfóður? Hver samkvæmni er yfir höfuð að tala í því, að láta ekki gjöldin til prests og kirkju hvíla jafnt á öllum, sem líkt stendur á fyrir.

Jeg skal minna á eitt dæmi enn, sem sýnir ójöfnuðinn og ósanngirnina, sem sýnir, að fleira liggur ójafnt á mönnum en eldi Pjeturs- og Maríulamba. Það eru í minni sveit eins og víðar jarðir, sem nefndar eru stólsjarðir, sem jeg veit að menn kannast við. Af þessum jörðum

er engin tíund goldin. Hvaða sanngirni er í því, að láta bóndann á þessari jörðinni gjalda tíund, en bóndann á hinni jörðinni rjett hjá, sem er engu ver staddur, vera lausan við tíundina? Yfir höfuð finnst mjer allar þessar sjerstaklegu kvaðir og skyldur vera óeðlilegar og því óhafandi; en jeg vil láta eitt ganga yfir alla, ekki gjöra neinn mun á einstökum hjeruðum eða prestaköllum, afnema þær helzt allar í einu á hentugum tíma.

Flutningsmaður (J. J., þm. N.-Múl.): Jeg vildi leyfa mjer að leiðrjetta eitt, að kvöð þessi hefði vakið »ófrið», en jeg sagði, að það hefði legið nærri, að hún hefði vakið kala milli presta og sóknarbænda. Hvað það snertir að afnema aðrar líkar kvaðir og ískyldur, þá get jeg ekki fundið að það sje mín skylda, að koma fram með svo yfirgripsmikið frumv. Jeg hafði sjerstaka hvöt til að bera fram frumv. um afnám þessarar kvaðar. Aðrir gátu þá borið upp frumv. um afnám annara samkynja kvaða, sem þeir þekktu og álitu óhafandi. Jeg þekki heldur ekki allar þessar sjerstaklegu kvaðir og ískyldur. En jeg skyldi vera fyrstur manna til að styðja frumv., sem færi fram á afnám allra samkyns kvaða.

Ólafur Ólafsson: Jeg vil láta þetta mál bíða nokkuð enn. Það vofir einlægt yfir breyting á gjöldum til presta og kirkna yfir höfuð að tala. Þá mætti ræða um afnám bæði þessarar kvaðar og annara kvaða, sem valda ósanngirni og ranglæti, og yfir höfuð afnema öll óeðlileg bönd á sumum mönnum og stjettum, að því er snertir gjöld þessi til presta og kirkna.

Flutningsmaður (J. J., þm. N.-Múl.): Jeg get ekki verið samdóma h. 2. þm. Rangv. (Ól. Ól.) um, að rjettast sje að láta þetta mál bíða þangað til frumv. um breyting á tekjum presta og kirkna kemur inn á þingið. Jeg vil einmitt fá að sjá nú, hvaða stefnu h. þingd. vill taka í þessu. Þar sem hjer er ekki farið fram á neina uppbót úr landssjóði fyrir það, sem af er numið, þá get jeg ekki sjeð, hvað getur verið því til fyrirstöðu, að h. þingd. samþykki nú þegar þetta frumv.

Árni Jónsson: Það er satt, að hjer er ekki farið fram á, að landssjóður bæti upp afnám þessara Maríu- og Pjeturslamba. En ef prestar taka þessi gjöld og þau eru metin í brauðamatinu, þá er þó auðvitað, að tekjur brauðsins rýrna framvegis, er þessi fóðurskylda er afnumin. Jeg var á móti þessu máli þegar það var borið hjer upp síðast, og það mest af því, að jeg óttaðist, að það mundi draga þann dilk eptir sjer, að fleiri beiðnir kæmu fram um afnám ýmsra fleiri sjerstaklegra kvaða og ískyldna. Það hefir nú líka verið nefnt ýmislegt hjer í dag, sem ekki er miklu sanngjarnara gjald, en þetta, sem hjer ræðir um. Ef nú ætti að afnema öll þessi óeðlilegu gjöld, þá kæmi ekki svo lítið skarð í tekjurnar, sem að líkindum yrði að bæta úr landssjóði. Ef jeg óttaðist ekki þennan dilk, þá skyldi jeg vera fyrstur manna til að styðja þetta mál. Og ef h. flutningsm. (J. J., þm. N.-Múl.) getur fullvissað mig um, að afleiðingarnar verði ekki þær, sem jeg óttaðist, þá skal jeg greiða atkvæði með þessu frumv., að öðrum kosti get jeg það ekki.

Jens Pálsson: Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg vildi gjöra. Mig minnir h. flutningsm. (J. J., þm. N.-Múl.) líkti afnámi þessarar fóðurskyldu við lækkun á tekjum sýslumannsembættisins í Rangárvallasýslu við næstu sýslumannaskipti. Jeg verð þó að álíta, að þessi samanburður sje ekki rjettur. Hjer er að ræða um rjettindi sjerstakrar »institutionar«, þ. e. kirkjunnar. Þess-

um rjettindum, þessari eign verður þessi stofnun svipt, ef þessi breyting kemst á, sem hjer ræðir um. Aptur á móti er þessi fóðurskylda kvöð, sem hvílir á einstökum jörðum eða jarðeigendum. Að afnema þessa kvöð, er því sama sem að gefa þessum jarðeigendum fje. Jeg álít því, að hjer sje helzt að ræða um það »princip-spursmál«, hvort það sje rjett, að löggjafarþingið svipti eina stofnun, eina »institution«, með sjerstökum lögum sjerstakri eign, og gefi hana aptur öðrum. Jeg fyrir mitt leyti get ekki gengið inn á, að þetta sje rjett, og þar af leiðandi get ekki gefið þessu frumv. atkvæði mitt.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 : 8 atkv.

Frv. til laga um sölu þjóðjarða (C. 114); 1. umr.

Flutningsm. (Árni Jónsson): Jeg vona að jeg þurfi ekki að tala mikið með þessu máli. Það er gamalt hjer á þingi og hefir að undanförnu, yfir höfuð, mætt góðum undirtektum í þessari h. þingd. Mál þetta gekk í gegnum þessa deild 1887 og 1889. Þetta frumv., sem nú liggur fyrir, er alveg samhljóða frumv. því, sem samþykkt var við 3. umr. í einu hljóði hjer í þingd. 1889. En þó málið kæmist þá ekki nema rjett inn fyrir þröskuld efri deildar, þá erum við flutningsmenn þess þó fullöruggir, að því verði nú vel tekið í báðum deildum. Sá þingmaðar, sem varð frumvarpinu 1887 einkanlega að fótakefli í efri deild, er nú eigi lengur þar. En hvernig sem fer, þá álítum við flutningsmenn oss skylt að koma enn einu sinni fram með málið. Jeg þarf ekki að mæla með því. H. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) gjörði það bæði ljóslega og rækilega, er hann bar málið fram á síðasta þingi. Jeg skal að eins minna á, að það er ekki lítill tími, sem gengur til þess á hverju þingi, að ræða um sölu og verð á einstökum jörðum, sem beðið er um til kaups. Nú höfum vjer heyrt, að komnar sjeu yfir 60 beiðnir um þjóðjarðasölu, og á þingið að segja álit sitt um þær allar, hverja um sig. Allt þetta mætti spara sjer, ef frumv. eins og þetta fengi framgang á þingi og staðfestingu konungs. Jeg vil því vona, að frumv. þetta fái greiðan framgang, og skal jeg geta þess, að við flutningsmenn munum taka fúslega öllum þeim bendingum, sem miða til að bæta og greiða fyrir málinu.

Jón Þórarinsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd í þessu máli, og það af ýmsum orsökum, sem sumar eru þegar teknar fram af h. flutningsm. (Á. J.) sjálfum.

Flutningsm. (Árni Jónsson): Jeg mótmæli auðvitað ekki nefnd í þessu máli, en jeg verð að álíta, að það sje svo vel undir búið, að lítil von sje um, að það batni, þó það verði rætt í nefnd. Jeg heyrði heldur ekki, að h. uppástungumaður nefndi neinar sjerstakar ástæður fyrir nefndarkosningu.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ., og í hana kosnir:
Árni Jónsson með 13 atkv.
Ólafur Briem — 12 —
og eptir ítrekaða kosning:
Jón Þórarinsson með 11 atkv.

Frv. til laga um breyting á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi (C. 115); 1. umr.

Jón Jónsson, þm. N.-Þing.: Af umræðum þeim, sem urðu um frumvarpið til laga um lausamenn, skildist mjer það vera almennur vilji h. þingdm., að vísa þessu máli til nefndar þeirrar, sem þá yrði kosin. Jeg er þessu heldur ekki mótfallinn, en stend að eins upp til að láta í ljósi gleði mína yfir hinum góðu undirtektum, sem málið um afnám vistar-

skyldunnar hefur fengið hjer í þingd. Jeg er sannast að segja engan veginn ánægður með það, sem við flutningsmenn höfum farið fram á í þessu litla frumv. En jeg hef gjörzt flutningsmaður þess í fyrsta lagi af þeirri ástæðu, að jeg vildi að málið kæmist sem fyrst inn á þing, og í öðru lagi af því, að jeg ætlaði að því mundi byrja betur hjer í h. þingd. og að betur mundi mælast fyrir því út um landið, ef farið væri hægt í málið. Það kom fram á þingmálafundum í kjördæmum okkar flutningsmanna beggja, að menn voru ekki með afnámi vistarskyldunnar. En jeg hefi nú notað tækifærið til að lýsa yfir minni skoðun á málinu og jeg er fyrir mitt leyti fullkomlega sannfærður um, að sjálfsagt sje að leysa öll óeðlileg bönd á frelsi manna. Um þetta hefur verið rætt rækilega í blöðum og öðrum ritum og nú síðast hefur það verið skýrt mjög vel af hæstv. landsh. og fleirum háttvirtum herrum, sem talað hafa í dag.

Jeg ætla ekki að óska þess strax, að frumv. þessu verði vísað til nefndar þeirrar, sem jeg minntist á áðan, vegna þess, að jeg get ímyndað mjer, að h. samflutningsmaður minn (Þorv. Kjerulf) vilji gjöra grein fyrir ástæðum sínum til að flytja þetta mál inn á þingið.

Árni Jónsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að frumv. þessu verði vísað til nefndar þeirrar, sem kosin var í málinu um lausamenn.

ATKVÆÐAGR.: Að vísa málinu til lausamannanefndarinnar var samþ. í e. hlj.

Frumv. til laga um þóknun handa hreppsnefndarmönnum (C. 115); 1. umr.

Flutningsm. (Jón Jónsson, þm. N.-Þing.): Fyrst verð jeg að biðja h. þingdm. að athuga, að það er prentvilla í frumv. Í 2. gr. stendur »fyrir sveitasjóðum«, en á auðsjáanlega að vera: »fyrir sveitarsjóðinn«. — Það, sem hefir knúið mig til að koma fram með þetta frumv., er fyrst það, að þær raddir hafa heyrzt, að það væri alveg nauðsynlegt, að sveitarstjórar ynnu ekki alveg endurgjaldslaust. Raddir þessar hafa komið fram í blöðunum og á þingmálafundunum í vor. Það þarf heldur ekki að leita lengi að ástæðunum fyrir þessu áliti. Sjerhver trygging, sem getur fengizt fyrir því, að sveitirnar geti fengið að njóta sinna beztu og hæfustu manna í stjórn þeirra, er góð og nauðsynleg. En það er engin von til að hæfir menn fáist í sveitarstjórnirnar eða ílengist í þeim, ef þeir fá enga þóknun fyrir starfa sinn. Þóknunin til sveitarstjóra vil jeg þó að sje komin undir vilja sveitarmanna sjálfra, bæði hvort hún skuli vera nokkur og hversu há hún skuli vera. Það er nauðsynlegt að fara varlega í þessu tilliti, og jeg álít það kost á frumv., að það setur þessa reglu.

Jeg vildi helzt að þessi aðferð yrði höfð í sem flestum málum.

Jeg sje nú, að hjer hefur verið útbýtt frumv. um breyting á sveitarstjórnarlögunum, og þar er þetta atriði, sem hjer ræðir um, einnig tekið upp. Fleiri mál kunna enn að koma fram í líka átt og þessi, og verð jeg því að álíta nauðsynlegt að setja nefnd í málinu. Jeg sting því upp á þriggja mann nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. og í hana kosnir:
Jón Jónsson, þm. N.-Þing., með 15 atkv.
og eptir ítrekaðar kosningar:
Eiríkur Briem með 12 atkv.
Sig. Stefánsson — 8 —
Fyrstu umr. síðan frestað.

Frv. til laga um breyting á konungsúrskurði 25. ágúst 1853 viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju í Presthólaprestakalli (C. 116); 1. umr.

Flutningsm. (Jón Jónsson, þm. N.-Þing.): Jeg hefi leyft mjer að koma fram með þetta litla frumv. í því trausti, að h. þingd. mundi verða því sinnandi og sýna því þá sömu velvild, sem hún sýndi sama málefni á síðasta þingi. Þá var þetta mál samþykkt í þessari h. þingd. með 17 samhljóða atkvæðum; en í efri deild hlekktist því á. Þeir sem þar töluðu, lýstu ókunnugleika sínum á málinu. Við 2. umr. þar í deild tókst einum h. þm. þar að telja deildinni trú um, að engin lög þyrfti til að losast undan þessu gjaldi. Nú er vonandi, að þessi ástæða verði ekki málinu að falli. Tilefni til þess, að reist var bænahús á Ásmundarstöðum í fyrri daga, var það, að frá nokkrum bæjum á »Sljettu« er afarlangur vegur (5—6 mílur) til Presthóla. Auk þess, sem vegurinn er langur, er færðin opt slæm og hættuleg vegna veðra á vetrum. Presturinn á Presthólum messaði þá tvisvar á ári og tók fólk til altaris í bænahúsi þessu. En um 1850 var byggð þar regluleg kirkja og presti gjört að skyldu að messa þar. Kom þá út þessi konungsúrskurður, með því búið var að fá bændur til að samþykkja að gjalda þessa 15 rdl. aukaþóknun til prestsins. Þessi þóknun er greidd þar enn, þann dag í dag, en nú vilja bændur vera lausir við hana hjer eptir. Síðan þetta gjald komst á, hefir orðið breyting á tekjum Presthóla prestakalls, þar sem það hefir verið bætt upp með 200 til 300 kr. Það virðist því alls engin ástæða til að óttast, að brauð þetta gangi ekki út, þó þessi aukaþóknun hverfi. Jeg vona, að ekki þurfi kröptugri meðmæli með þessu litla frumv., og að það þurfi ekki að eyða miklu af hinum dýrmæta tíma þingsins, en fái að ganga fyrst og fremst til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2 umr. í e. hlj.

Sjötti fundur, miðvikudag 8. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi nema Ól. Pálsson (þm. Vest.-Skapt.).

Forseti skýrði frá, að í nefndinni um sölu þjóðjarða væri kosinn formaður Árni Jónsson og skrifari Ól. Briem. Í nefndinni um lausamenn væri kosinn formaður Skúli Thoroddsen og skrifari Páll Briem, og í nefndinni um þóknun handa hreppsnefndarmönnum væri form. Jón Jónsson, þm. N.-Þing., og skrifari Sigurður Stetánsson.

Því næst skýrði forseti frá, að til sín væru komin þessi skjöl:

1. Bænarskrá frá Birni gullsmið Árnasyni á Ísafirði um 1000 kr. styrk til að fara utan og nema Xylographi.
2. Fundargjörðir úr Reykjavík.
3. Útdráttur úr gjörðabók sýslunefndarinnar í Kjósar- og Gullbringusýslu 21. maí um friðun á heiðarlöndum.
4. Fundargjörðir úr Strandasýslu.
5. Bænarskrá frá cand. theol. Hannesi Þorsteinssyni um 1200 króna árlegan styrk til að vinna að því að koma góðu skipulagi á landsskjalasafnið og semja skrá yfir það.
6. Erindi frá nokkrum þilskipaeigendum um breyting á farmannalögunum.
7. Bænarskrá um að stofnað verði aukalæknishjerað á sýslumótum Ísafjarðar og Strandasýslu.
8. Bænarskrá frá cand. Sigurði Magnússyni um 600 kr. styrk á ári til að nema dýralæknisfræði í Kaupmannahöfn.
9. Bænarskrá frá eigendum Stokkseyrar um 1000 kr. árl. styrk til að halda áfram sjógarðsbyggingu.
10. Bænarskrá um að afnumið sje 400 kr. árgjald, sem hvílir á Staðarpr.-kalli á Reykjanesi.

11. Bænarskrá frá prestinum að Sauðlauksdal, síra Jónasi Bjarnarsyni, um uppbót á nefndu brauði.
12. Fundargjörð úr Árnessýslu.

Kvaðst forseti mundu láta leggja skjöl þessi á lestrarsalinn.

Frv. til laga um viðauka við lög 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 91); 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGR.: 1. og 2. gr. samþ. í e. hlj., hvor um sig; 3. gr. samþ. með 16 atkv.; 4. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin álitin samþ. án atkvgr. Málinu vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Frv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 19. septbr. 1879 um kirkjugjald af húsum (C. 109); 2. umr.

Forseti fjekk samþykki deildarinnar til að einnig yrði rædd breyt.till. (C. 125), sem fram hafði verið lögð í byrjun fundarins, við frumv. þetta.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með þessa breytingartillögu, úr því á annað borð á að fara að breyta lögunum um kirkjugjald af húsum. Aðalástæðan til þess, að jeg hefi komið fram með þessa breyt.till. er sú, að mjer er kunnugt um, að það eru mörg hús í mínu kjördæmi, sem eigi eru beinlínis notuð við ábúð á jörðum, heldur sem verbúðir. Mörg af þeim eru góð hús, þó fá þeirra sjeu víst yfir 500 kr. virði. Ef nú ætti að greiða kirkjugjald af öllum þeim húsum, sem eru fullra 100 kr. virði, þá hlytu þessi hús að verða í þeirri tölu, sem greiða á kirkjugjald af. En innheimta og greiðsla kirkjugjalds af verbúðum þessum mundi verða töluverðum annmörkum bundin, þar sem verbúðir þessar eru margar í allmikilli fjarlægð frá eigendunum, enda hart að heimta slíkt gjald af verbúðum, sem ekki eru notaðar nema lítinn tíma ársins og sum ár alls ekki. Eptir breyt.till. minni yrði það engum vafa undirorpið, að ekki ætti að greiða neitt kirkjugjald af þessum húsum.

Landshöfðingi: Jeg fyrir mitt leyti hef ekkert að athuga við breytingartillögu h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.), og jeg skal bæta því við, að það hefir opt verið leiðinlegt í framkvæmdinni, að heimta inn kirkjugjöld af húsum, sem eru minna virði, en 500 kr. Það eru einkum gjöldin af þessum húsum, sem hingað til hefir orðið að taka lögtaki, t. d. hjer í Reykjavík. En það er hálfhvumleitt, að þurfa að taka lögtaki gjöld, sem ekki nema hærri upphæð, en svo sem 25 aurum. Jeg get því, sem sagt, mælt með breyt.till. þessari, enda er hún alveg samkvæm lögunum um húsaskatt. En jeg get ekki látið vera, að láta í ljósi undrun mína yfir því, að hús þau, sem h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) nefndi, skuli hingað til hafa sloppið undan kirkjugjaldinu, því eptir lögunum um kirkjugjald frá 19. septbr. 1879 eru engin takmörk sett, að neðan, fyrir greiðslu gjaldsins.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 109) við 1. gr. samþ. með 21 atkv.; 1. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 17 atkv.; 2. gr. samþ. með 18 atkv.; 3. gr. samþ. með 19 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr.. Frumv. vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Frv. til laga um breyting á tilskipun 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi (C. 119); 1. umr.

Flutningsm. (Jón Jónsson, 1. þm. N.-Múl.): Á síðasta þingi kom fram í þessari h. þd. frumv. um að auka vald sýslunefnda, einkum í fjármálum. Á þingmálafundum hefir það opt komið í ljós, að rjett væri að auka vald hrepps-

nefnda og sýslunefnda í ýmsum málum, einkum þó í fjármálum. Frumv. það, sem jeg hefi leyft mjer að bera hjer fram, stefnir í þessa átt. Auk þess, sem farið er fram á að veita sveitarstjórnum meira vald í fjármálum, þá er líka farið fram á að rýmka kosningarrjett og kjörgengi til sveitarstjórna. Það er líka stungið upp á í því frumv. að stytta tímann, er sveitarstjórar sitji að völdum. Með því geta gjaldendur því betur haft hönd í bagga með stjórnendum, losast því fyr við þá, ef þeir fara ráðlauslega með völd sín, eða framkvæmdir þeirra líka ekki á einhvern hátt. Þar sem nú frv. þetta fer fram á, að auka vald sveitarstjórna og hjeraðsstjórna, þá vona jeg, að það fái góðan byr hjer í deildinni, því hjer sitja vissulega margir, sem óska, að vald sveitarstjórna og hjeraðsstjórna verði meira en það nú er. Jeg skal geta þess, að jeg hefi í hyggju að óska þess, að frumv. þessu verði vísað til nefndar þeirrar, sem sett var í gær í málinu um þóknun handa hreppsnefndum; en jeg vil ekki gjöra það nú þegar, til þess að fleiri geti fengið tækifæri til að láta í ljósi álit sitt á málinu, sem gæti máske verið bendingar um ýms atriði til nefndar þeirrar, sem um málið tjallaði.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg efast ekki um, að h. flutningsm. (J. J., N.-Múl.) muni hafa komið fram með frv. þetta í góðum tilgangi. En jeg hygg að hann hafi ekki nægilega íhugað afleiðingar þess, og eigi er mjer ugglaust um, að hreppa- og sveitafjelögum sje ætlað í því of víðtækt skattálöguvald og fjárveitingavald, og gæti svo farið, að það yrði skaðlega vanbrúkað. Jeg skal benda á annað atriði, sem mjer þykir nokkuð viðsjárvert, og það er, að frv. fer fram á, að þeim mönnum, sem eptir núgildandi lögum eru ekki fullmyndugir, 21 árs, sje veittur kosningarrjettur og kjörgengi, því vanalega gjalda slíkir ekki til sveitar, og undantekning, ef þeir eru búandi. Að öðru leyti ætla jeg ekki að fara fleirum orðum um frv. að þessu sinni.

Flutningsmaður (Jón Jónsson, N.-Múl.): Jeg finn ekki ástæðu til að svara ræðu h. 1. þm. Árn. (Þ. G.), því að þótt hann gæti þess til, að frv. kynni að hafa óheppilegar afleiðingar, þá er það að eins spádómur, sem við erum báðir jafnfærir til að dæma um, hvort rætast muni. Að eins vil jeg leyfa mjer að óska þess, að máli þessu sje vísað til nefndar þeirrar, sem kosin hefir verið til að íhuga frv. um þóknun handa hreppsnefndaroddvitum.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt að vísa málinu til nefndarinnar í málinu um þóknun handa hreppsnefndarmönnum. Fyrstu umr. síðan frestað.

Frv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 121); 1. umr.

Flutningsm. (Jón Jónsson, þm. N.-Múl.): Vjer flutningsmenn höfum leyft oss að koma með þetta frv., af því að mál þetta hefir komið fram á ýmsum þingmálafundum og þar á meðal í kjördæmi því, sem jeg er kosinn fyrir. Hefir einkum verið lögð áherzla á það atriði, að söfnuðum gefist kostur á að velja um alla umsækjendur. Virðist mjer sú krafa vera svo eðlileg, sanngjörn og rjettlát, að jeg vona að frumv. þetta fái góðan byr í deildinni. Óska jeg að það fái að ganga til 2. umræðu.

Ólafur Ólafsson: Jeg álít, að með þessu frumv. sje breytt til bóta frá þeim prestakosningalögum, sem vjer nú höfum, því að í raun rjettri eru þau hvorki heilt nje hálft, hvorki fiskur nje fugl, hvorki hrá nje soðin. Jeg álít ekki heppilegt að skipta þannig, eins og nú er, veitingarvaldinu milli stjórnarinn-

ar og safnaðanna, að láta söfnuðinn halda í annan endann á veitingarvaldinu, en stjórnina í hinn,— að láta þau eins og spyrnast í iljar. Slíkt getur haft óheppilegar afleiðingar. Jeg get búizt við, að andmælendur muni koma fram, og gjöra ráð fyrir að söfnuðirnir muni vanbrúka þetta frelsi. En þeim spádómum kvíði jeg ekki að svo komnu, það er óþarfi að koma með þá spádóma meðan að söfnuðirnir hafa ekki vanbrúkað hið litla vald sitt meira en raun er enn þá á orðin. Að vísu skal jeg játa, að mögulegleiki er fyrir, að slíkt kunni að koma fyrir; en ekkert er það undir sólu, sem ekki er mögulegleiki fyrir, að verði vanbrúkað, svo að ekki er mikið gjörandi úr slíku, og jeg efast um, að nokkur sú stjórn hafi verið til, sem ekki megi segja um, að hún hafi vanbrúkað veitingarvald sitt optar eða sjaldnar. Það sem hjer er farið fram á, finnst mjer bæði frjálslegt og eðlilegt, og mjer finnst stjórnin mega vera ánægð með, að eiga að staðfesta veitinguna, þegar söfnuðirnir hafa greitt atkvæði um, hvern þeir vilja helzt af þeim, sem um prestakallið sækja. Á þann hátt verða það söfnuðirnir einir, sem eiga sök á því, hvernig kosningin tekst, en hafa enga aðra um að saka; þeir eiga líka mest í hættunni, ef illa tekst, og því bezt að lofa þeim að vera sem mest sjálfráðum. Mig minnir, að jeg hafi heyrt það borið fram, að eðlilegt væri, að stjórnin hefði hönd í bagga með prestsembættaveitinguna, af því að hún hefði umsjón með skólunum; en sú ástæða er ljettvæg, því að eflaust er það þó, að það er þjóðin, sem á skólana, og leggur fram fje til þeirra, með öðrum orðum, það er þjóðin sjálf, sem kostar úr sínum vasa nám embættismannaefna sinna; því er það eðlilegt, að það sje líka þjóðin sjálf, sem afhendi þeim embættin. Jeg vona að málið fái að ganga til 2. umr. og að deildin taki því vel, eins og það á skilið.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um fjárveitingar til búnaðarfjelaga (C. 121); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu og var það samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um nefnd til að íhuga og gjöra tillögur um breytingar á ferðum landpóstanna og um fjölgun þeirra (C. 121); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu og var það samþ.

Sjöundi fundur, fimmtudaginn 9. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi, nema Ol. Pálsson, þm. V.-Skapt.

Forseti skýrði frá að til sín væri komnar og yrðu lagðar fram á lestrarsal:

1. Fundargjörðir úr Eyjafjarðarsýslu.
2. —— — Suður-Múlasýslu.
3. —— — Dalasýslu.
4. Bænarskrá frá aukalækni Sigurði Sigurðssyni um, að Dalasýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu verði gjörð að sjerstöku læknishjeraði.
5. Bænarskrá frá stúdent Karli Nikulássyni um 600 kr. árlegan styrk til að nema dýralæknisfræði.

Frv. til laga um breyting á farmannalögum 22. marz 1890 (C. 124); 1. umr.

Flutningsm. (Jón Þórarinsson): Jeg býst við, að h. þingd.mönnum muni þykja lög þessi nokkuð ung og óreynd til þess að þeim sje þegar breytt, og það því fremur sem mörgum þótti þau góð rjettarbót, er þau fengust, enda skal jeg játa það, að ekki var vanþörf

á þeim að ýmsu leyti. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að agi á skipum hefir verið lakari hjá oss en öðrum þjóðum, og úr þessu bæta farmannalögin stórum, og að því leyti eru þau rjettarbót. Það er því af öðrum ástæðum, að menn hafa þó óskað breytingar á lögunum. Jeg tel víst, að h. þingdeildarmönnum muni kunnugt ávarp það, sem á lestrarsalnum liggur frá nokkrum þilskipaeigendum, og skal jeg því ekki þreyta deildina á að taka upp það, sem í því stendur. En jeg hygg að menn muni sannfærast af því um, að ákvæði laganna eru sumpart óhagkvæm fyrir íslenzk fiskiskip, og sumpart óframkvæmanleg. Jeg játa það, að gallar kunna að vera á frv., en jeg vona að þeir sjeu þó ekki meiri en svo, að vel megi ráða bót á þeim, og þann kost óska jeg að h. þingd. taki, en felli eigi frv. í heild sinni; því að hjer við Faxaflóa að minnsta kosti hygg jeg að það muni vera til bóta, sem frv. fer fram á. Skipaeigendur hafa alls eigi á móti farmannalögunum í heild sinni, heldur að eins einstökum atriðum þeirra, er þeir telja þilskipaútgerð til hindrunar, og þeim atriðum einum vilja þeir fá breytt.

Páll Briem: Mjer finnst frv. þetta mjög ísjárvert. Á síðasta þingi var talað um að farmannalögin skyldu og gilda fyrir íslenzk fiskiskip, en hjer er farið fram á að afnema gildi laganna að öllu leyti að því er fiskiskipin snertir. Þar sem h. flutningsm. (J. Þ.) vísaði til bænarskrárinnar, þá verð jeg að segja að jeg sje ekki í henni þær ástæður, að knýjandi nauðsyn sje að breyta lögunum; meira að segja, mjer sýnast sumar þeirra næsta lítilsvirði, t. d. sú, að ekki sje hægt að leggja skipverjum til fæði það, sem ákveðið er, eða matreiða það. Jeg hef einmitt heyrt austur í Rangárvallasýslu hjá manni, sem er vel kunnugur málinu, að sú ákvörðun mæltist mjög vel fyrir. Jeg vildi óska að h. flutningsm. (J. Þ.) tæki frv. aptur að þessu sinni, og lofi lögunum að sýna sig betur í reyndinni; það verður hægra að koma síðar með breytingar, þegar reynslan er komin í ljós. En að svo stöddu hygg jeg að þm. vanti þekkingu og reynslu til að breyta á þann hátt, er heppilegt sje.

Landshöfðingi: Á síðasta þingi kom fram efi um, hvort farmannalögin ættu einnig að ná til fiskiskipa eða eigi. Þá man jeg það, að sumir þingmenn gjörðu það að skilyrði fyrir fylgi sínu í málinu, að lögin næðu einnig til fiskiskipa. En síðan hef jeg þó orðið var við, að vandkvæði hafa verið talin á því, að lögunum væri beitt við fiskiskip, og að óánægja hefir komið fram yfir þeim. En mikið af þeirri óánægju mun vera sprottið af óvana og af því, að eigi hefir verið íhugað, hvert gagn lögin geta gjört. Hjer í frv. er eigi farið fram á að lögin sjeu numin úr gildi að því er snertir öll fiskiskip, heldur að eins þau fiskiskip, er hásetar á þeim gera sig sjálfir út að mat, og eiga meiri eða minni hluta afla síns í stað kaups, nema því að eins að eigandi eða útgerðarmaður skipsins æski annars, en það hygg jeg að á minni hluta fiskiskipanna muni hásetar sjálfir gjöra sig út að mat, en af því leiðir, að það verður einnig minni hluti þeirra sem yrði undanþeginn farmannalögunum, þótt frv. kæmist fram. En þótt svo sje, þá fer þó þetta frv. allt of langt. Eða hver ástæða getur verið til að undanþiggja háseta öllum skipsaga og skrásetning, þótt þeir gjöri sig sjálfir út að mat? Skrásetningin er mikilsverð.

Hjá lögreglustjóra liggur þá skýrsla yfir alla þá menn, sem á hvert skip eru ráðnir, og skipstjóri er þá skyldur til að gera grein fyrir þeim. Þetta er

mikil trygging fyrir hásetana. Eigi get jeg heldur sjeð, að það þurfi að vera lögum þessum til fyrirstöðu, þótt hásetar eigi hlut af afla sínum.

Jeg er á sama máli og h. flutningsm. að eins og frv. nú er, þá er það ekki vel fallið til þess, að það sje samþykkt, en ef það yrði lagað, þá sje jeg ekki ómögulegt, að þessi skip yrðu undanþegin vistráðabálki farmannalaganna, en ákvæðin í lögskráningarbálki og skipsagabálki álít jeg nauðsynlegt sje að nái til allra fiskiskipa.

Skúli Thoroddsen: Jeg er samdóma þeim sem talað hafa móti frv. þessu. Mjer skildist svo á ræðu hæstv. ldsh. að honum virtist ráð til, að eitthvað mætti nota úr frv. þessu, en jeg er eigi á því máli. Sjerstaklega legg jeg mikla áherzlu á, að vistráðabálkur farmannalaga gildi einnig fyrir þau skip, sem hjer er um að ræða, því að í honum felst mikil trygging fyrir sjómenn. Einnig er það auðsætt, að fyrirmælin í skipsagabálki farmannalaga eiga engu síður vel við fiskiskip en önnur skip; frv. myndi því, að minni hyggju, verða til ills eins, ef það næði fram að ganga, og af þessum ástæðum ræð jeg h. deild til að fella frv.

Flutningsm. (Jón Þórarinsson): Það eru ef til vill ekki góðar horfur fyrir frv. þessu, en jeg vona, að h. þingd. velji þó heldur þann kost, að laga frv. en skera það niður.

H. þm. Snæf. (P. Br.) lagði áherzlu á, að hjer væri farið fram á að nema úr gildi öll farmannalögin, en þetta er bláber misskilningur. Hjer er að eins farið fram á, að þau ein fiskiskip sjeu undanþegin þeim, þar sem hásetar sjálfir gera sig út að mat að meira eða minna leyti, og eiga meiri eða minni hluta afla síns í stað kaups, nema því að eins, að eigandi eða útgerðarmaður skipsins æski annars. Hver sem gerir út skip getur því, ef hann vill, eptir sem áður, verið undir verndarvæng þessara laga.

Þar sem hæstv. ldsh. og 1. þm. Eyfirð. (Sk. Th.) töldu svo mikla tryggingu í vistráðabálki og skrásetningu, þá skal jeg játa, að svo geti verið; en eigi þarf lög til að ná þessari tryggingu. Eigi þarf annað til þess en að útgerðarmenn geri samning við þá, sem þeir ráða á skip, eins og áður hefur viðgengizt. Þó játa jeg það, að farmannalögin eru að þessu leyti rjettarbót, en jeg álít, að alhægt sje að laga frv. svo, að þessi rjettarbót haldi sjer, að því er snertir skip þau, er hjer ræðir um. Verið getur, að erfitt sje að koma að breytingartillögu, og því mundi heppilegra, að nefnd væri sett í málið.

Það hefir verið tekið fram, að trygging sú, sem fólgin er í skipsráðningarbálki, mætti eigi missast, en þó er þess að gæta, að skipsráðningu hagar hjer öðru vísi til en annarsstaðar. Hjer ráða menn sig opt að eins í 1—2 vikur og sífelld mannaskipti verða því á skipunum, og stundum er komið fast að því, að skip ætli að leggja úr höfn þegar menn eru ráðnir á það. Þá getur það vel komið fyrir, að skipskráningarstjóri sje eigi við hendina, og getur af slíku orðið svo mikið tjón, að eigi er hægt að meta það til peninga. Það hefur komið fyrir optar en einu sinni á þeim stutta tíma, sem lögin hafa verið í gildi, að skip hafa orðið að bíða ekki nokkrar klukkustundir, heldur nokkra daga eptir því, að sýslumaðurinn hefði hentugleika til að lögskrá skipshöfn, eða jafnvel að eins einn mann á skip, þegar svo hefur staðið á. Auk þess getur einnar stundar bið inni á höfn hæglega orðið til þess, að skipin komist ekki á fiskileitir fyr en að heilum dögum liðnum, vegna logns, og getur hver maður sjeð, hvílíkt tjón getur orðið að því einmitt um þann tíma árs, sem

helzt er fiskivon. Jeg vil nú spyrja: Er það rjettlátt gagnvart skipseiganda og skipshöfninni, að láta þannig t. d. eina 16 menn bíða eptir lögskráningu eins manns? Nei, jeg er sannfærður um, að hver sem er nógu kunnugur fiskiveiðum vorum muni hiklaust vilja breyta svo óheppilegum lagaákvæðum, sem þessum; hann mundi vilja selja skipseiganda og skipshöfn í hendur meira vald í þessu efni en lögin gera.

Það sem h. þm. Snæf. (P. Br.) tók fram viðvíkjandi matnum, þá skal jeg að vísu játa, að það er gott fyrir austanmennina, að þeim sje tryggður góður matur, og getur ástæða hans að því leyti sýnzt glæsileg, en þó verð jeg að vekja athygli h. þm. á því, að það er næsta torvelt að fylgja ákvæðum laganna í þessu efni, og þótt þeim sje eigi að öllu fylgt, þá verð jeg að ætla, að sá skipseigandi hjer, sem mesta útgerð hefur, hafi eigi ætlað skipshöfnum sínum verra viðurværi en austanmenn munu venjast heima í sveit hjá sjer. Jeg veit, að þessi skipseigandi hefur mikið á móti farmannalögunum, en það er eigi af þeirri ástæðu, að hann bíði svo mikið tjón við það að verða að láta úti betri mat en áður, heldur er það töfin við skrásetninguna, auk annara tormerkja, sem áður eru tekin fram, sem honum eins og öðrum þykir mestum erfiðleikum bundið. Sú töf getur orðið þungur skattur, en sjávarútveg vorum er þannig háttað, að ekki er fært að leggja á hann þungar álögur, ef hann á að geta borið sig. En auk þess, sem nú er tekið fram, getur opt og einatt staðið svo á, að menn sjeu neyddir til að brjóta lögin; en um það blandast víst engum manni hugur, að þau lög, sem svo eru óheppileg, standi til bóta. Jeg skal þessu til sönnunar nefna eitt dæmi. Það ber opt við, að lögskrá þarf skipverja á fiskiskip, sem liggur við vesturland og fiskar þar, en útgerðarmaður á heima t. d. í Reykjavík, eða Hafnarfirði. Þeir menn, eða sá maður, sem þarf að lögskrá, verður þá að fara með einhverju öðru skipi vestur, náttúrlega ólögskráður, því að hann skal lögskrá þar sem skipið er o: það skip, sem hann ræðst á. Afleiðingin er því sú, að bæði það skip, sem flytur mennina eða manninn vestur, og eins hitt, sem maðurinn á að ráðast á, verða að fara inn á Ísafjörð til þess að framkvæma lögskráninguna, í stað þess að mannaskiptin gátu annars farið fram á næstu höfn eptir að skipin hittust. En hversu mikið getur það ekki kostað, að sigla inn á Ísafjörð, í stað þess að fara inn á einhvern vestfjarðanna? Það getur tafið bæði skipin viku eða meira.

Af þessum ástæðum vil jeg vona, að þótt frv. þetta kunni að vera ekki sem bezt úr garði gert, þá muni þó hinir h. þingd.m. vilja stuðla að því, að menn neyðist ekki til að búa 2 ár enn undir lögum, sem ómögulegt er að fylgja.

Páll Briem: Jeg mun hafa sagt, að það væri sama sem að undanþiggja öll íslenzk fiskiskip farmannalögunum, ef frv. þetta yrði samþykkt. Jeg játa, að þetta var ekki nákvæmlega rjett hjá mjer, en þó sje jeg ekki betur en að hver útgerðarmaður geti hvenær sem hann vill þegið skip sín undan lögunum, með því að láta háseta gjöra sig út með mat, enda fundust mjer allar ástæður h. flutningsmanns eiga við öll fiskiskip yfir höfuð. En þessar ástæður sýndust mjer allar af því sprottnar, að menn væru óvanir við að haga sjer eptir lögunum, en eigi benda á það, að þau væru í sjálfu sjer óframkvæmileg, eins og hann kvað þau vera. Jeg sje ekki betur en að útgjörðarmenn muni, er þeir fara að venjast við, engan skaða þurfa að hafa af skrásetningunni. Jeg mun greiða atkvæði móti frv. af því

að mjer sýnast lögin eigi nægilega reynd enn, nje ástæður h. flutningsmanns nægilega sterkar til þess að taka þær til greina.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er heldur á því að frv. þetta muni fremur sprottið af því, að lögin eru ung og menn óvanir að lifa undir þeim, en af verulegri nauðsyn. Jeg játa, að þau leggja nokkur ný gjöld á skipseigendur, en þau gefa þeim líka ekki litla tryggíng fyrir góðri reglu á þilskipum þeirra, sem hlýtur að vera mikilsvert. H. flutningsm. (J. Þ.) lagði mesta áherzluna á tjón það, er hlotizt gæti af því að þurfa að bíða eptir lögreglustjóra til að skrásetja menn. Sjálfsagt er það, að ekki er víst að lögreglustjóri sje jafnan við hendina hjer í Gullbringusýslu. En það út af fyrir sig getur þó varla verið fullnægjandi ástæða til þess að breyta lögunum. Jeg fæ ekki betur sjeð en að lögreglustjóri geti sett mann til að annast skrásetninguna fyrir sig, þegar hann er ekki sjálfur viðstaddur; það getur naumast verið það vandaverk, að ekki sje fleirum fyrir því trúandi en lögreglustjórum einum, og sje svo — sem jeg hygg að vera muni,—þá er ein af aðalástæðunum fyrir breytingunni horfin. Jeg hef sjeð það af öðru skjali því, er á lestrarsalnum liggur, um mál þetta, frá bænarskrárhöfundunum, að þeim þykja sektirnar, sem á háseta eiga að leggjast fyrir brot þeirra, þýðingarlitlar, fyrir þá sök að þeir sjeu optlega skuldugir útgjörðarmönnunum, svo að eigi sje hægt að taka sektirnar af kaupi hásetanna eins og lögin gjöri ráð fyrir, heldur leggist þær í raun rjettri á útgjörðarmennina sjálfa. Hjer kemur fram sýnishorn af gamla kaupmannabandinu, er bindur menn á klafa, og væri hart að ónýta lögin fyrir þá sök. Mjer sýnast lögin rjettlát og mikil rjettarbót fyrir skipseigendur, og þó einkum fyrir háseta. Enda sýnist óánægjan ekki mjög mikil með þau, þar sem ekki eru einu sinni nöfn allra skipseigenda hjer í grendinni undir bænarskránni. Hásetar hafa alls enga óánægju látið á sjer heyra, og virðist þó ætti að taka nokkurt tillit til þeirra, en skoða ekki málið frá hlið skipseigenda einna saman, ekki gildari ástæður en þeir hafa hjer fram fært fyrir breytingunum.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Jeg sje ekki ástæðu til að svara mörgu því sem nú hefur verið borið fram. En þar sem h. þm. Árn. (Þ. G.) segir það hægt fyrir lögreglustjóra að setja mann í sinn stað, til þess að skrásetja menn á skip, þá gleður mig að heyra, að hann veit það. En það þarf meira til en að lögreglustjóri geti gert það; hann þarf að gera það. En í sumar kom það fyrir, að sýslumaður var í þingaferð um það leyti sem þurfti að lögskrá á skip, og fyrir þá sök varð skipið að bíða í 4 daga með 16 menn. H. þm. taldi það undarlegt að bænarskrá skyldi koma að eins frá fáum skipseigendum, en eigi frá hásetum. En jeg skal gera þá athugasemd við þetta, að bænarskráin er þó frá öllum skipseigendum við Hafnarfjörð, að einum undanskildum, en hjer voru ýmsir af skipaeigendum á sjó úti og því ekki hægt að ná til þeirra. Að vísu stendur ekki heldur nafn helzta skipaeigandans hjer í Reykjavík undir bænarskránni; en jeg hef fengið þær upplýsingar frá honum, að honum sje mjög umhugað um að það fái framgang, sem hún fer fram á. Það er eðlilegt, þótt engin beiðni hafi komið frá hásetunum; þeir hafa aldrei beðið um nein farmannalög, og við megum líklega bíða nokkuð lengi eptir að þeir fari að halda fundi um þetta

mál. Að endingu legg jeg það til, að nefnd verði sett í málið, er umræðum um það er lokið.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg sje ekki að nauðsyn hafi borið til að skip það, er h. flutningsm. (J. Þ.) nefndi, lægi 4 daga um kyrrt í Hafnarfirði; því hefði verið innanhandar að fara til Reykjavíkur og láta lögskrá þar mann þann, sem það beið eptir að lögskráður yrði; og eigi sýnist mjer ástæða til að breyta lögunum sökum erfiðleika við lögskráningu á meðan engar tilraunir hafa verið gjörðar til að fá því framgengt, að lögreglustjóri setti mann til lögskráningar í sinn stað, þegar hann væri ekki viðlátinn. Jeg get vel trúað því, að skipaeigandi sá hjer í Reykjavík, er flutningsm. nefndi, vilji fá lögunum breytt, en það tel jeg ekki fullgilda sönnun fyrir því, að þau geti ekki verið góð, nje fullnægjandi ástæða til þess að menn hlaupi til að fara breyta þeim, þótt hann vilji að svo sje gjört. H. flutningsm. sagði, að lengi mundi mega bíða eptir því, að hásetar færu sjálfir fram á breytingu á lögunum, eða tryggingarlög handa sjer. En af hverju kemur það? Beint af því, að þeir standa yfir höfuð á lágu stigi. Ef þeir væru eins á veg komnir og verkamenn í öðrum löndum, þá væri alls eigi örvænt um að þeir ljetu til sín heyra, þótt bænir þeirra færu, ef til vill, ekki alveg í sömu átt sem skipseigenda.

Jónas Jónassen: Þótt farmannalögin sjeu ung, þá sýnist mjer það alls eigi rjett af h. deild, að hafna þessu frv.. því að jeg álít að mál þetta hafi svo mikla þýðingu, að það sje bein skylda deildarinnar, að taka það til íhugunar. Mjer er fullkunnugt um, að mikil óánægja er hjá skipseigendum yfir, að þurfa að búa undir lögunum eins og þau nú eru, og mjer sýnist ekki mega til minna mælast fyrir þeirra hönd, en að deildin setji nefnd í málið til að íhuga það. Jeg veit það, að stærsti fiskiskipaeigandinn hjer í bæ er mjög óánægður með ýms ákvæði laganna; og hví skyldi eigi vera rjett að breyta þessum ákvæðum, ef þörf gjörist, þótt þau sjeu ung? Jeg efast ekki um, að hægt væri að ná samkomulagi og leiða málið til lykta á hagkvæman hátt, ef skipuð væri nefnd af vel hæfum mönnum, er bæri sig saman við hlutaðeigendur. Jeg óska þess mikillega, að deildin sýndi þessum útgjörðarmönnum, sem hafa svo mikla þýðingu í fjelaginu, þá velvild og tilhliðrunarsemi, að setja nefnd í málinu.

Landshöfðingi: Jeg er orðinn leiður á því að heyra einlægt klifað á því, að Geir Zoëga sje óánægður með farmannalögin. Jeg vildi gjarnan líka fá að heyra, hvers vegna hann er óánægður með þau, og hvort þær ástæður hafa við neitt að styðjast. Jeg verð að segja það um útgjörðarmenn hjer í Reykjavík, að fyrir þá eru engin sjerleg vandræði að hlýða lögunum. Jeg get ekki vorkennt þeim, þótt það kosti þá fáeina aura, að fá skipverja sína lögskráða. Og jeg get heldur ekki sjeð, að nein vandkvæði þurfi að vera á lögskráning skipa fyrir utan Reykjavík, því, eins og h. þm. Árn. (Þ. G.) tók fram, er það innan handar fyrir lögreglustjóra eða skipseigendur að fá hjá amtmanni autoríseraðan mann til að lögskrá menn í fjarvist lögreglustjóra. Í öðru lagi er það tekið fram í 23. gr. farmannalaganna, að menn skuli lögskrá í því lögsagnarumdæmi, þar sem skipið þá liggur, en ekki þar sem það eða þeir eiga heima; þá hverfa að miklu erfiðleikar þeir, sem h. flutningsm. (J. Þ.) taldi á lögskráningunni, og sem hann byggði meðal annars á því, að skip yrðu stundum að sigla um langa leið til þess að geta fengið menn lögskráða, þegar þau

skiptu um menn á veiðitímanum. Inn á höfn munu þó skipin verða að fara hvort sem er, því að jeg þekki ekki að menn sjeu lögskráðir úr skipi í skip. Yfir höfuð sje jeg ekki ástæðu til að kvarta yfir lögunum, hve óhagkvæm þau sjeu, á meðan þau eru svo ung og lítt reynd. Mjer sýnist að menn ættu að bíða að minnsta kosti 2 ár enn, og sjá hvort eigi lærist að hlýða lögunum og beita þeim þannig, að allir málsaðilar geti verið ánægðir með þau, bæði skipseigendur, skipverjar og þeir, sem lögunum eiga að framfylgja.

Flutningsm. (Jón Þórarinsson): Jeg skal ekki tefja tímann með lengri þráttan um málið, en leyfi mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 13:9 atkv. Í hana voru kosnir:

Jón Þórarinsson	með	20 atkv.
Páll Briem	—	13 —
Skúli Thoroddsen	—	11 —

Fyrstu umr. frestað.

Frv. til laga um breyting á 3. gr. og 8. gr. í tilskipun 31. mai 1855 um eptirlaun (C. 122); 1. umr.

Flutningsm. (Árni Jónsson): Jeg sakna þess að eigi skuli vera hjer með á dagskrá í dag annað frv. náskylt þessu, er vjer höfum leyft oss að koma fram með; það hefði þó að mínu áliti átt bezt við að þau hefðu bæði fengið að fylgjast að. H. þingd. mun það kunnugt, að frv. samhljóða þessu var rætt hjer í deildinni á síðasta þingi, og að þá var sett nefnd í málið; er mjer óhætt að segja, að sú nefnd íhugaði það vel og rækilega. Átti h. 1. þm. Húnv. (E. Br.) mestan og beztan þátt í undirbúningi málsins og samningu frv.; hafa menn því allmikla tryggingu fyrir, að það komi nú inn á þing svo vel undirbúið, sem kostur er á. Jeg þarf varla að geta þess, að hjer er um áhugamál þjóðarinnar að ræða; þingmálafundirnir sýna bezt að svo er. Frv. fer fram á, að ljetta hina þungu eptirlaunabyrði, er á landsjóði hvílir; getur verið að sumum þyki oflangt farið í því efni, og því höfum vjer jafnframt komið fram með frv. um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk, og fái bæði þessi frv. framgang, þá verða uppgjafa-embættismenn ekki miklu ver settir en þeir nú eru, en allþungri byrði yrði ljett af landsjóði. Jeg er viss um, að h. þingd. er full-ljóst, hve mikið skarð eptirlaunin höggva í hinar litlu landstekjur vorar, og hvílíkur þrándur í götu þau hljóta að vera fyrir nytsömum framfarafyrirtækjum. Eins og jeg gat um, hefur mál þetta verið rætt á þingmálafundum í vor; auk þess munu sumir þingmenn hafa beina ósk frá kjósendum sínum um að fylgja máli þessu fram. En þótt sú skoðun muni vera nokkuð rík, að rjettast væri að nema af öll eptirlaun, þá þótti þó vænlegra, til þess að fá einhverju til vegar komið, að fara ekki svo langt, heldur láta sjer nægja með að fylgja frv. frá síðasta þingi. Á síðasta þingi komst mál þetta gegnum þessa deild; í Ed. var það sett í nefnd, en af því að áliðið var þingtímans, varð það eigi útrætt í þeirri deild, en engin þau mótmæli komu gegn því, að eigi megi vænta, að það fái framgang í báðum deildum. Jeg hygg, að ekki þurfi að færa margar ástæður fyrir því, að nauðsynlegt sje að taka mál þetta til íhugunar. Eins og kunnugt er hafa 60,000 kr. verið áætlaðar til eptirlauna á fjárhagstímabilinu, allt þangað til á síðustu fjárlögum. Á síðustu fjárlögum voru áætlaðar 90,000 kr. til eptirlauna og talið svo, sem eigi mundi af veita. Samkvæmt landsreikningunum 1888 voru eptirlaunin 35,800 kr. 37 a., en 1889 voru þau stigin upp í 41,070 kr.

83 a., höfðu þau þannig á einu ári hækkað um rúmar 5000 kr.; en þótt nokkuð sjerstaklega kunni að hafa staðið á það ár með eptirlaunahækkunina, þá er það þó auðsætt, að þau fara sívaxandi, því að bæði er það, að embættum fjölgar fremur en fækkar, og auk þess er einn flokkur embættismanna, lækuarnir, ekki enn komnir á eptirlaun, eins og síðar mun verða. Það er tilfinnanlegt fyrir vora litlu þjóð, að $^1/_{11}$—$^1/_{12}$ af öllum tekjum hennar skuli ganga til eptirlauna, og það því fremur, sem telja má laun embættismannanna fullsæmileg meðan þeir sitja í embættum. Það er því full ástæða til að ætla að embættismenn ættu eigi síður en aðrir, að geta sjeð sjer sjálfir farborða á elliárunum. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að frv. þetta fer alls eigi fram á að svipta þá menn eptirlaunarjetti, er nú sitja í embættum, heldur er ætlazt til, að þeir njóti eptirlauna eptir núgildandi reglum. Þegar svo er að farið, veit hver og einn, að hverju hann á að ganga undir eins og hann tekur við embætti sínu, og getur því þegar farið að búa sig undir þann tíma, er hann verður að sleppa embætti sínu. Að þessu sinni hef jeg ekki fleira að segja, og af því að málið var svo ýtarlega íhugað í nefnd á síðasta þingi, mun jeg ekki stinga upp á að nefnd sje sett í því nú.

Landshöfðingi: Jeg kannast við, að eins og nú stendur, sje von þótt mönnum finnist eptirlaunabyrðin nokkuð þung. En þó hygg jeg það að eins vera grýlu, að eptirlaunin muni fara sívaxandi. Frá því landið fjekk fjárforræði, hafa aldrei verið eins margir embættismenn á eptirlaunum og einmitt árið 1890, nje eptirlaun svo há sem þá. Það er ómögulegt að segja hvernig fara muni um tölu þeirra, sem eptirlauna njóta, en af því að eptirlaunamenn hafa aldrei verið eins margir síðan 1871, eins og nú, þá eru þó öll líkindi fyrir að þeim fækki heldur en fjölgi. Auk þess hefur verið girt fyrir, að eptirlaunabyrðin geti orðið eins þung framvegis sem að undanförnu. Menn muna, að á síðasta þingi voru laun hinna hæstlaunuðu embættismanna færð niður, og af því leiðir að þeim verða ekki heldur veitt eins há eptirlaun og tíðkazt hefir; mun því eptirlaunabyrðin lækka nokkuð fyrir þær sakir, þegar þau lög fara að verka; og víst má fullyrða það, að það er ástæðulítill ótti, að eptirlaunin fari hækkandi. En hvað sem því líður, þá sýnist mjer hjer eiga að gjöra of mikið stökk. Það er ekki svo að skilja, að jeg haldi því fast fram, að ekki megi í smáu nje stóru hreyfa við eptirlaunalögunum, eða að embættismenn eigi sjálfsagt að fá í eptirlaun $^2/_3$ af launum sínum, eptir 29 ára þjónustu. Það má ef til vill leiða rök að því, að það sje of mikið. Hitt frv., um ellistyrkinn, álít jeg ekki bæta úr þeim göllum, sem eru á þessu frv., heldur þvert á móti. Það getur verið hreinn og beinn óhagur fyrir embættismanninn, að vera skyldur til að taka af embættislaunum sínum til þess að kaupa sjer lífeyri fyrir, sem sje ef hann deyr, áður en hann á að njóta lífeyrisins; en ákvæðin um ellistyrkinn skil jeg ekki fullkomlega, þar sem upphæð hans er ýmist miðuð við 70 ára aldur, ýmist við það, þegar embættismaðurinn fer frá. H. þm. Mýr. (Á. J.) nefndi sjerstaklega læknana; en hvernig getur hann búizt við, að læknir með 1500 kr. launum geti, auk þess sem hann verður að leggja af mörkum til þess að sjá ekkju sinni fyrir lífsfje, einnig keypt sjálfum sjer ellistyrk? Jeg fæ því ekki betur sjeð, en að þvert sje á móti því að ellistyrksfrumvarpið bæti þetta frv. Jeg mæli alls eigi á móti einhverri

breytingu á eptirlaunalögunum, en jeg er hræddur um, að lög, sem gjöra jafn mikið stökk og frv. þetta, muni naumast fá framgang.

Flutningsm. (Árni Jónsson): Mjer þykir hið síðasta í ræðu hæstv. ldsh. ískyggilegast fyrir frv., er hann taldi litla staðfestingarvon þeim lögum, er gjörðu eins mikið stökk og frv. Mjer þótti líka miður fara að heyra það, að frv. um ellistyrk, sem einmitt átti að bæta upp þetta frv., skyldi ekki geta fallið honum í geð. En hitt gladdi mig að hæstv. ldsh. er þó eigi á móti einhverri breytingu á eptirlaunalögunum. Jeg legg ekki mikla áherzlu á það, hvort eptirlaunabyrðin muni aukast mikið fram úr þessu eða ekki, enda er eigi hægt að geta sjer til um það með neinni vissu; hitt er aðalatriðið, að hún þegar er of þung, eins og hún nú er, og oss er það mikið áhugamál að ljetta hana. Jeg vona því, að öll deildin og þingið í heild sinni leggist á eitt með að koma máli þessu í sem bezt horf og heillavænlegast. Það er auðvitað, að með launalögum, slíkum sem þessum, er ekki hægt að gjöra gagngjörða og skyndilega breyting. En eptir því sem þau eru seinna samin, eptir því koma þau seinna til framkvæmda. Jeg óska mikillega, að deildin leggist öll á eitt með að gjöra mál þetta svo vel úr garði, sem auðið er, og á þann hátt, að það verði til gagns fyrir komandi tíma.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Frv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, úr lögum (C. 125); 1. umr.

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Jeg skal strax taka það fram, að jeg býst ekki við, að það þurfi að halda langar varnarræður fyrir þessu frumvarpi, eða að nauðsynlegt sje, að koma með mikil meðmæli með málinu yfir höfuð að tala. Stefna tímans eða rjetttara sagt, áhugastefna alþingis í pólitískum málum yfirhöfuð, gjörir það að jeg vona, að mál þetta eflaust muni fá ljúfa áheyrn hjá hinni háttvirtu þingdeild. Mál þetta hefir komið áður inn á þing; það var borið upp hjer í deildinni á þinginu 1885, en í öðru formi en það kemur nú fram, og það er einmitt af því, að það kemur fram í öðru formi nú en þá, og með tilliti til þeirra andmæla, sem þá komu fram, einnig hvað aðalefni málsins snertir, að jeg vil leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir, sem snerta frv. frá almennu sjónarmiði.

Jeg skal þá fyrst fara nokkrum orðum um formið á frumvarpinu. Fyrirsögn frumvarpsins 1885 var: «Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, úr lögum«. En, eptir vandlega íhugun, höfum við flutningsmenn komizt að þeirri niðurstöðu, að bera ætti mál þetta upp á alþingi með fyrirsögninni: »Frumvarp til laga o. s. frv., en ekki »Frumvarp til stjórnarskipunarlaga« o. s. frv., eins og jeg gjörði í fyrstu 1885. En jeg vona, að hinum háttvirtu þingmönnum sje ekki fallið úr minni, hve fastlega landshöfðinginn 1885, sem og forseti deildarinnar, fylgdu því fram, að það væri rangt, að hafa þá fyrirsögn, sem nú er fyrir þessu frumvarpi, og skal jeg játa, að þeir að vísu þóttust hafa ýmsar ástæður fyrir sig að bera; en rjettar ástæður og rjetta skoðun höfðu þeir ekki að mínu áliti fyrir sig að bera, og skal jeg nú ítreka ástæðurnar fyrir mínum málstað, og þeirra, er mjer fylgja; því þetta er mjög svo áríðandi atriði og allrar íhugunar vert.

Að sjálfsögðu verður að flokka öll lagafrumvörp, sem komið geta til mála á alþingi, samkvæmt fyrirmælum stöðulaganna 2. jan. 1871 undir þetta tvennt: almenn mál og Íslands sjerstaklegu mál. Vjer viljum nú á hvorugan bóginn syndga. Vjer viljum ekki rýra löggjafarvald alþingis með því að skoða það sem almennt mál ríkisins, sem í raun og veru er sjerstaklegt mál Islands, og allrasízt megum vjer leyfa oss að ganga út fyrir stöðulögin, sem eru eins og bjarg í vegi fyrir oss, sem vjer ekki getum hreyft, með því, að draga inn á löggjafarsvæði alþingis, eða hinna sjerstaklegu mála Íslands, þau mál, sem eru almenn ríkismál eptir fyrirmælum stöðulaganna. Vjer viljum neyta þess rjettar, sem vjer höfum vissan og viðurkenndan, en alls ekki fara út fyrir hann. Hugsun mín í þessu efni er einföld og blátt áfram. Í 20. gr. þingskapanna stendur: »Lagafrumvörp, sem hafa inni að halda breytingar á stjórnarskránni eða viðbót við hana, skulu í fyrirsögninni vera nefnd sem frumvörp til stjórnarskipunlaga; sjeu þau eigi nefnd svo, vísar forseti þeim frá«. Þetta ákvæði þingskapanna álít jeg komi alveg heim við 1. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir: »Í öllum þeim málefnum, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, 3. gr., varða Ísland sjerstaklega, hefir landið stjórn sína og löggjöf út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu« o. s. frv. Jeg álít, sem sagt, — og því getur að ætlan minni enginn neitað — að ákvæðið í 20. gr. þingskapanna miði sig alveg við 1. gr. stjórnarskrárinnar, samanborna við 61. gr. hennar, sem segir meðal annars: »uppástungur, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp, bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi«. Þetta er allt samsvæðisákvarðanir, ef jeg má svo að orði kveða, sem skýlaust og skarpt ákveða og afmarka það löggjafarsvæði, sem alþingi er veitt með stöðulögunum; nei! sem viðurkennt er rjettara sagt með stöðulögunum.

Það eina ákvæði, sem ætti að geta verið á móti formi þessa frumvarps, er þá 2. gr. í »Ákvarðanir um stundarsakir«, en þar stendur: »Þangað til lög þau, sem getið er í 3. gr., koma út, skal hæstirjettur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland, fyrir afbrigði gegn stjórnarskránni, eptir þeim málsfærslu-reglum, sem gilda við tjeðan rjett«. Ef nú þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, kæmi í bága við þessa ákvörðun, þá yrði það að heita: »frumvarp til stjórnarskipunarlaga«. Ef staðfesting þessa frumvarps hefði það í för með sjer, að þetta ákvæði í ákvörðunum um stundarsakir 2. gr. yrði úr lögum numið, þá væri hjer um stjórnarskipunarlög að ræða. En þetta á sjer alls ekki stað. Það er sem sje ljóst, að afnám hæstarjettar sem æðsta dóms, sama sem málskotadóms (Appel-Instans) í íslenzkum málum stendur alveg fyrir utan þetta alveg sjerstaka ákvæði stjórnarskrárinnar og 20. gr. þingskapanna, en kemur á hinn bóginn alveg heim við ákvæði stöðulaganna. Því í 3. gr. þeirra, þar sem hin sjerstaklegu málefni Íslands eru talin upp, stendur: »þó verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar, sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum, án þess, að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því«. Það er að vísu satt. Hjer er það viðurkennt, að hæztirjettur heyri hinum sjerstaklegu málum til, en hjer er því jafnframt slegið föstu, að breyting á stöðu hæstarjettar sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum verði að

fara eptir sömu reglum, sem gilda um hin almennu mál ríkisins. Það er með öðrum orðum sagt, að hin lögformlega aðferð í tilbúningi þessara laga er öll hin sama, sem nefnd er í 2. gr. stöðulaganna, síðari málsgreininni, og sem segir, að um það, hvort Ísland eigi að hafa fulltrúa á ríkisþinginu, verði að eins ákveðið með lögum, sem bæði hið almenna löggjafarvald ríkisins og hið sjerstaklega löggjafarvald Íslands samþykki. Menn sjá þannig, að formspurning sú, sem hjer ræðir um, verður greið og ljós, að mínu áliti, ef menn að eins hafa sjer hugfast, að með stöðulögunum sje því slegið föstu, að ekki sje hægt að gjöra breytingu á stöðu hæstarjettar, nema með samþykki hins almenna löggjafarvalds, því af því leiði, að með þessu frumv. sje ekki farið fram á neina stjórnarskrárbreytingu, í hinum sjerstaklegu málum Íslands, og verði því ekki heimfært undir 61. gr. stjórnarskrárinnar, sem eingöngu miðar sig við þetta mál. Jeg held í öllu falli, svo jeg leggi sem minnsta áherzlu á skoðun mína, að það sje varlegra fyrir þingið, ef hjer gæti um nokkurt efamál verið að ræða, að kalla frumvarp þetta blátt áfram: »frumvarp til laga«, en ekki: »frumvarp til stjórnarskipunarlaga«. — Því ef þetta síðara form væri ranglega viðhaft, þá færi frumvarpið í bága við 3. gr. stöðulaganna, en það vildi jeg sízt að henti alþingi, sem jeg vil að sje fullkomlega »loyalt« gagnvart hinu almenna löggjafarvaldi. Þetta er mín síðasta og sterkasta ástæða fyrir því, að kalla frumvarpið ekki »frumvarp til stjórnarskipunarlaga«, og þá er ekki annað eptir, en að skoða það sem almennt lagafrumvarp. Hjer ræðir um, að fá einföld lög samþykkt af alþingi og einföld lög samþykkt af ríkisþinginu áður en þau verði lögð fyrir konung til staðfestingar. — Þegar maður nú því næst snýr sjer frá formhlið þessa máls og að aðalefni þess, þá sjer maður, að allt annað verður ofan á; þá sjer maður, að það er í fyllsta skilningi Íslands sjerstaklega mál. Löggjafarvaldinu hlýtur að vera skipt, eins og líka á sjer stað, milli konungs og alþingis, og framkvæmdarvaldið hlýtur eðlilega að vera eingöngu í höndum konungs, en dómsvaldið eptir eðli sínu Íslands mál eingöngu. Um þetta álít jeg óþarft að tala frekar. En af því áður hafa verið færðar ýmsar ástæður fyrir því og taldir ýmsir annmarkar á því, að dómsvaldið yrði fært að öllu leyti inn í landið, þá verð jeg enn að taka fátt eitt fram þessu viðvíkjandi. Það hefir komið fram sú kenning, að það væri sprottið af ýmigust og kala til Dana, að Íslendingar vildu afnema dómsvald hæstarjettar í íslenzkum málum. Þessa slæmu, já, jeg vil segja grátlegu setningu, að Íslendingar byggi sjálfstjórnar- og jafnrjettiskröfur sínar á kala til Dana og ýmigust á því, að standa í sambandi við þá og stjórn þeirra, vil jeg ekki láta ómótmælta. Jeg byggi ekki þetta mál á slíkum hvötum eða grundvelli. Þvert á móti. Jeg byggi það á allt öðrum grundvelli. Það mætti færa margar ástæður fyrir máli þessu, og fara mörgum orðum um þær; en jeg ætla að eins að fara nokkrum orðum um fáein atriði, sem allir geta þreifað á. Fyrst byggist þetta mál á fjarlægðinni milli Íslands og Danmerkur, og er það sama ástæðan, sem verkar á allar stjórnarkröfur Íslands. Vjer vitum, að það er hin fyrsta og helgasta skylda löggjafarvaldsins, að veita hverjum einstakling og öllum meðlimum þjóðfjelagsins sem hægastan og greiðastan og kostnaðarminnstan veg til að fá endileg úrslit þeirra mála, er snerta líf, eignir og persónuleg rjettindi þeirra. Þessi setning er viðurkennd um allan heim,

en henni verður aldrei fullnægt hjer á landi, meðan hið æðsta dómsvald í málum vorum er í 300 mílna fjarlægð frá oss, því þó vjer vildum ímynda oss, að vjer gætum beitt flugvjelum Edisons til málaskota frá Íslandi til Kaupmannahafnar, þá verður það þó ávallt náttúrunnar kalda og ósveigjanlega nauðsyn, sem gjörir alla viðleitni í að afnema fjarlægðina ómögulega. Fjarlægðin kostar bæði fje og tíma, og þessir tveir liðir eru hjer samfara. Menn segja, að það kosti ekki svo mikið, að skjóta sakamálum til hæstarjettar, að það sje frágangssök hvað kostnaðinn snertir, þegar miðað er við gjaldþol hins opinbera, en ekki sakamannsins sjálfs, og það kann að vera, að svo megi segja, en tímalengdin verður þó ávallt jafn ranglát og tilfinnanleg fyrir þann, sem sakborinn er; en hvað segja menn þá um einkamál? í þeim verður þó að minnsta kosti kostnaður og tímalengdin svo tilfinnanleg, að það nær engri átt. En það eru að eins fá slík mál, sem koma fyrir hæstarjett, segja menn. Það kann að vera, að svo sje, en skyldi það ekki einmitt geta verið að kenna ástandinu, eins og það nú er? Kostnaðurinn og tímalengdin við að skjóta slíkum málum til hæstarjettar, fælir eflaust marga frá, að gjöra það, og það er ekki hægt að segja, hvað margir eru útilokaðir frá, að leita rjettar síns, einmitt fyrir þetta ástand.

Þá skal jeg minnast á annað atriði, sem er bjargföst ástæða með þessu frumvarpi; það er tungumál vort, Íslenzkan. Rjettur íslenzkrar tungu sem þjóðarmáls, lagamáls og stjórnarmáls, getur aldrei orðið viðurkenndur gagnvart dönskunni, meðan Íslendingar neyðast til að skjóta dómsmálum sínum til til hæstarjettar í Kaupmannahöfn. Í sambandi við þetta get jeg ekki látið vera, að minnast á, að hin háttv. stjórn hefir með frumvarpi því, sem hún hefir lagt fyrir þetta þing um, að konungur staðfesti að eins hinn íslenzka texta laganna, á lofsverðan hátt mætt óskum þjóðarinnar á Íslandi, og alþingis. En samt hefir hún ekki með sínum bezta vilja getað leyst þennan knút, því að mál Íslendinga fyrir hæstarjetti, verða eigi að síður að dæmast á dönsku en ekki íslenzku tungumáli. En hvað þýðir það, að dæma ekki eptir lögum og dómsgögnum á þjóðmáli voru? Það þýðir það, að ómögulegt er, að dæma eptir lögum vorum! Það kann að vera, að laga megi hina dönsku útleggingu eptir frummálinu, íslenzkunni, en það verður þó aldrei hið íslenzka, heldur hið danska orð, sem dæmt verður eptir. Þetta bið jeg yður vel að athuga, góðir herrar!

Má jeg nú spyrja: er það ekki óþægilegt, tilfinnanlegt og særandi fyrir þjóðernistilfinningu og mannrjettinda hugmynd yðar, að maður, sem er sakborinn, fær leyfi til að vera í dómsal hæstarjettar, en skilur svo ekkert af því, sem þar færi fram? Íslenzkur bóndi t. a. m., sem mætir í hæstarjetti, veit ekki, ef hann skilur ekki dönsku, hvort hann gengur þaðan út sýkn eða sekur, þó hann hafi hlustað sjálfur á, meðan málið var fært og dómurinn var upp kveðinn. Þetta atriði hefir svo mikla þýðingu eitt út af fyrir sig, að engum mun blandast hugur um, að full nauðsyn sje til, að kippa annari eins óhæfu í lag, eins og þessi er. Er það nú hugsanlegt, að þetta verði með þeim hætti, að danskir dómarar í hæstarjetti fari almennt að leggja það á sig að læra þjóðtungu vora. Nei! þetta væri of mikil krafa. Auk þess er margt svo óvenjulega ólíkt í þjóðlífinu hjer og í Danmörku, að til þess verður ekki ætlazt, að danskir dómarar geti sett sig fullkomlega inn í hugsunarhátt og þjóðlíf vort; en allir vita, hvaða allsherjar-þýðingu allt þetta

hlýtur að hafa fyrir meðferð og úrslit málanna; tökum t. d. íþróttina. Hver hefir nokkurn tíma orðið svo mikill málarasnillingur, að hann hafi getað málað mann, eins og hann er í raun og veru, eins og »originalinn« er sjálfur, þó hann hafi hann fyrir augunum? Hvað þá ef hann hefir aldrei sjeð hann. Einmitt svona er ástatt með hina dönsku dómendur. Þeir hafa aldrei sjeð og aldrei þekkt íslenzkt þjóðlíf, hugsunarhátt, eða staðhætti o. s. frv.; það geta þeir einir dómendur gjört, sem fæddir eru og upp aldir á Íslandi. Þetta er ekki í minnsta máta sagt til að rýra hæfilegleika Dana í sjálfu sjer. Þvert á móti. Þetta eru nú þau aðalatriði, sem jeg helzt vildi drepa á. Að öðru leyti skal jeg að eins benda á það, að þetta frumvarp er að því leyti ólíkt frumvarpinu 1885, að í 2. gr. er farið fram á, að fá landsyfirrjettinn aukinn með 2 mönnum, launuðum eptir hinum nýju launalögum. Í þessu tilliti skal jeg taka það fram, að jeg veit, að það mun verða sagt, að er vjer höfum misst hæstarjett, þá höfum vjer 2 dómstóla. í staðinn fyrir 3 dómstóla. En þess er ekki væntandi af oss, uppástungumönnum, eins og það alls ekki á við þetta mál, að vjer komum nú þegar með tillögur um það, hvernig dómsvaldið á Íslandi yfir höfuð að tala skuli skipað framvegis. Það verður að bíða seinni tíma, að ákveða skipun dómsvaldsins í heild sinni hjer á landi, eptir að þessi breyting er á komin. Þangað til það verður gjört, vildum vjer að eins bæta úr skák, með því að bæta 2 dómurum við tölu þeirra dómara, sem nú eru í landsyfirrjetti, og þangað til öðru vísi verður ákveðið, verð jeg að álíta, að yfirrjettur landsins sje nægilega tryggður, ef hann er skipaður 5 dómendum. Á hinn bóginn er þess að gæta, að þessi dómendaaukning landsyfirdómsins er hin þýðingarmesta rjettarbót niður á við eða gagnvart hinum lægri dómstólum. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en að eins óska þess, að það fái að ganga til 2. umr., með þeirri athugas., að við flutningsm. munum fúsir til við 2. umr., að taka inn í 1. gr. frv. ákvæði, sem sýni, að það sje eigi tilgangur frv., að koma í bága við 2. gr. í »ákvörðunum um stundarsakir« í stjórnarskránni 5. jan. 1874, eða hreifa við því ákvæði.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins leyfa mjer að fara að eins fáum orðum um frv. H. flutningsm. (B. Sv.) gat þess, að frv. hefði komið fram á þingi 1885, en hann gat þess ekki, að það var þá fellt við 2. umr.

Þá var frv. nefnt »frumvarp til stjórnarskipunarlaga«, en nú »frumvarp til laga«, og fór h. flutningsm. mörgum orðum um þessa breytingu, en h. forseti hefir afgjört allan ágreining um fyrirsögn frumv., með því að taka það á dagskrá sem frumvarp til laga, og skal jeg því ekki tala meira um það atriði; en jeg fyrir mitt leyti legg áherzlu á þau orð h. flutningsm., að það sje ekki tilgangur frv., að hreyfa að neinu leyti við 2. gr. til bráðabirgða í stjórnarskránni.

Jeg lít á mál þetta á allt annan veg en h. flutningsm. Hann lítur á það sem skáld og tilfinningamaður, jeg sem »prosaisti« og hversdagslegur maður.

Það er einkum á tvennt að líta, þegar um málskot er að ræða; í fyrra lagi, að sem mest trygging sje fyrir rjettlátum úrslitum á seinasta stigi, og í öðru lagi að kostnaðurinn við að fá þá trygging verði ekki meiri en þörf er á. Jeg fyrir mitt leyti álít, að vjer fáum fullkomið rjettlæti með því að skjóta málum vorum til hæstarjettar, og það fyrirkomulag er oss kostnaðarlítið. Hæstirjettur gefur oss nægilega trygging fyrir rjettlátum dómum, því að í honum eru 13 hinir beztu lagamenn hjá þjóð, sem

er 2 miljónir, og jeg álít að þessir 13 menn gefi oss betri tryggingu en 5 menn af 70 þúsundum svo þjóðlegur get jeg ekki verið að vilja hafna þeirri trygging. Það er enn fremur mun ódýrara að nota hæstarjett, sem landssjóður þarf engu að kosta til, heldur en að bæta 2 dómurum með 3500 kr. launum við landsyfirdóminn.

Annað atriði, sem jeg legg mikla áherzlu á, er málaflutningur við hinn æðsta dómstól. Vjer getum aldrei gert oss von um að fá aðra eins málfærslumenn hjer á landi og þá, sem völ er á í Danmörku, og ber tvennt til þessa.

Hæstirjettur hefur svo mörg mál til meðferðar, að málfærslumenn fá góða æfingu, enda er þeim ríflega borgað, og veljast þar til þessa starfa hinir beztu menn, og gera það að lífsstarfi sínu. Hjer í Reykjavík koma að eins 40—50 mál á ári fyrir landsyfirdóminn og auk þess er málfærsla hjer svo illa borguð, að til þess veljast einungis ungir menn, sem yfirgefa það jafnskjótt og þeir eiga kost á betri embættum.

Mjer finnst það neyðarúrræði að kosta 5 menn til þess að dæma í 40—50 málum á ári, og jeg álít það mjög óráðlegt að hrapa að því að afnema þann hæstarjett, sem nú er; en það er fjarri mjer, og jeg álít það mjög ósæmilegt, að koma með nokkrar getsakir um, að frv. þetta stafi af kala til Dana, eins og h. flutningsm. (B. Sv.) drap á.

Hinar aðrar helztu ástæður, sem h. flutningsm. (B. Sv.) færði fram fyrir frv., voru: fjarlægð hæstarjettar í Danmörku, tímatöfin við það að skjóta málum sínum til hæstarjettar, og loks, að Danir gætu ekki haft eins góða þekkingu á íslenzkum málum eins og innlendur hæstirjettur.

Að því, er fjarlægðina snertir, þá má hún í þessu sambandi ekki mælast eptir mílnatali, heldur eptir því, hve langan tíma þarf til þess að koma málunum í kring. Nú eru samgöngur milli Íslands og Danmerkur orðnar svo greiðar, að fyrir menn í Þingeyjarsýslu, Ísafjarðarsýslu og í öðrum fjarlægum landsfjórðungum er það engu erfiðara að útvega sjer málfærslumenn í Höfn heldur en í Reykjavík. Þó að skjóta megi sakamálum til hæstarjettar, þá líður venjulega ekki lengri tími milli dóms í hæstarjetti og dóms í landsyfirrjetti, en milli dóms í landsyfirrjetti og dóms í hjeraði, en það er satt, að lög um stefnufrest í einkamálum til hæstarjettar gera málskotstímann þangað langað, og um þann langa tíma finnst mjer, að h. flutningsm. (B. Sv.) hefði ekki átt að tala, því að það er að mestu leyti honum sjálfum að kenna, að engin breyting hefur fengizt á því; hann hefur sjálfur með sinni alkunnu mælsku og ákafa barizt gegn því, að stefnufresturinn yrði styttur.

Mjer er óskiljanlegt, að danskir dómendur geti ekki sett sig fullkomlega inn í íslenzk mál, til þess að dæma í þeim. Það er gömul setning: *Quod non est in actis, non est in mundo.* Hver dómstóll sem er getur dæmt mál rjett, úr hvaða landi sem þau eru, ef þau eru vel undirbúin og málsgögnin vel þýdd. Auk þess er löggjöf vor í sakamálum mjög lík Dana. Á þingi 1885 sagði einn þingmaður, að sjer stæði á sama, af hvaða dómstóli hann væri dæmdur, hvort heldur hann væri íslenzkur, tyrkneskur eða rússneskur, ef hann að eins fengi rjettlátan dóm, og mjer liggur við að segja hið sama.

Flutningsm. (Benidikt Sveinsson): Jeg skal taka það fram, að það er rjett, sem hæstv. landshöfðingi sagði, að jeg setti mig móti því, að stefnufrestur yrði styttur til hæstarjettar. En hvers vegna gjörði jeg það? Það var af þeirri ofureinföldu ástæðu, að eptir því sem

stefnufresturinn hefði verið styttur, eptir því hefði einnig hlotizt að styttast undirbúningstími allra þeirra, sem vildu gæta rjetta síns við hæstarjett. Með öðrum orðum, það kák var að bæta sár með sári. Jeg ætla engan veginn og sízt að þessu sinni, að svara orði til orðs ræðu hæstv. landshöfðingja, heldur ekki er það ætlun mín að rýra í nokkru kosti dómara í Danmörku, nema að eins með tilliti dómstarfa í íslenzkum málum, því í þá átt hverfa kostir þeirra af sjálfu sjer. En eitt atriði var það í ræðu hæstv. landsh., sem jeg get ekki leitt þegjandi fram hjá mjer. Það var það, að hann lagði svo mikla áherzlu á, hvað Danir ættu ágæta málstærslumenn við hæstarjett. En þá vil jeg segja, að sjálf varnarræða hæstv. landshöfðingja fyrir ágæti hæstarjettar sýni og sanni, að það er þó að minnsta kosti einn af Íslands sonum til, sem er ágætur »procurator«, hæstv. landsh. sjálfur! Svo var vörn hans hans ágæt og snilldarleg fyrir hæstarjetti, þó sú varnarræða væri á veikum rökum, já, á bláþráðum byggð. Hann tilnefndi sínu máli til stuðnings meðal annars orð eins þingmanns, er hjer sat á þingi 1885 (Jón Ól. að mig minnir), að honum stæði á sama hvort hann væri dæmdur af Tyrkjanum, Rússum eða hvar í víðri veröldu, ef hann að eins fengi rjettan dóm, en vel að merkja með sama kostnaði og sama tíma. En það verður nú eptir af mjer, að geta skilið það, að Ameríkumenn t. d. geti dæmt eins vel um íslenzk mál, eins og íslenzkir innlendir lagamenn; lagaskilningur þeirra getur að vísu verið eins góður, og máske betri, en hæstv. landshöfðingi veit það eins vel eins og jeg, að dómar eru engu fremur komnir undir þekkingu á lögunum sjálfum, en á þeim factis eða atvikum og málavöxtum, sem heimfærast eiga rjettilega undir lögin. Hjer getur því eigi verið um það að ræða yfir höfuð, að Íslendingar eigi að elta hina beztu júrista um allan heim, heldur það, að þeir, sem menntuð þjóð, eigi að fá á sínu eigin tungumáli í sínu eigin landi dóma dæmda eptir rjettum skilningi á íslenzkum lögum og lífsatvikum; hinn hæstv. landshöfðingi getur eigi fremur en jeg sagt, hve miklum framförum Íslendingar geta náð, í þessa stefnu, ef þeir fá lagakennslu í landinu sjálfir og fara fyrir alvöru að leggja vísindalega stund á sín eigin lög og rjettarsögu að fornu og nýju. Hinn frægi háskólakennari Krieger sagði í minni áheyrn, að Íslendingar hefðu í fornöld verið sannkölluð lagaþjóð; en því geta þeir ekki orðið það enn? Jeg veit, að hinn hæstv. landsh. veit hví það er, að Íslendingar eru ekki lagafróðir nú, eins og þeir voru áður. Hann hlýtur að vita, að það er af því, að þeir hafa ekki tækifæri til að rannsaka sjálfir sín eigin lög, að þeim hefur verið meinað þetta um langan aldur. Vilji menn draga ályktun af því til ágætis hæstarjetti, að landsyfirdómurinn þyki ekki sem fullkomnastur, þá er sú ályktun röng. Menn gæta þess ekki, að staða yfirdómsins er ekki hin sama í íslenzkum málum, meðan hæstirjettur stendur yfir honum sem æðsti dómstóll, eins og hún yrði, ef hann væri endilegur dómstóll íslenzkra mála. Dómararnir eru menn, eins og aðrir, og geta orðið fyrir óhollum áhrifum, einkum hinir lægri af hinum æðri dómstólum. »Præjudicöt« hæstarjettar í Danmörku, hvort sem þau eru rjett eða röng, eru t. a. m. álitin, það veit hæstv. landshöfðingi mjög vel, bindandi fyrir hina lægri dómstóla. Hann hefur tekið fram allar mögulegar og ómögulegar ástæður fyrir ágæti og nauðsyn hæstarjettar, en þingd. dæmir síðar; hún vegur mínar ástæður móti

hans. Skal jeg svo eigi tala meira um þetta mál að þessu sinni. Jeg vil að eins bæta því við, með tilliti til hinnar snilldarlegu varnarræðu landshöfðingja, að það mun naumast vera svo mikið skáld, að hann sje ekki að nokkru leyti »prósaisti«, og naumast svo mikill »prósaisti«, að hann sje ekki að nokkru leyti skáld. Jeg held, að ef rjettilega væri skipt milli mín og hæstv. landshöfðingja, þá mundi koma dálítið af hvorutveggju í þessu tilliti í hlut hvors okkar um sig.

Málinu vísað til 2. umræðu með 21 atkv.

Frv. til laga um friðun á skógum, hrísi, mosa og lyngi (C. 122); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Það verður hátt fall fyrir hugi manna frá málinu, sem á undan var umrætt, og niður í lyngið og mosann á Íslandi. En jeg vona þó, að menn átti sig fljótt og veiti þessu máli athygli, því að málið er þess vert. Mörgum er eflaust kunnugra en mjer um ýms atriði, er að því lúta, þó að það hafi atvikazt svo, að jeg varð flutningsm. þess hjer á þinginu.

Um form lagafrumvarpsins má ef til vill margt segja. Jeg hef nú farið þá leiðina, að laga það sem mest eptir gildandi lögum um nokkur atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum. Og þótti mjer betur við eiga að þessi ákvæði væru gerð með heimildarlögum, heldur en að banna blátt áfram að eyða þeim jarðarafurðum, er hjer ræðir um. Enda gæti verið vafasamt, hvort það væri alstaðar á landi hjer í alla staði heppilegt.

»Ísland er að blása upp« hefur verið sagt, en engum blandast hugur um, að það er og mörg eyðileggingin af manna völdum. Þetta á frumv. þetta að nokkru leyti að koma í veg fyrir. Jeg vona því, að h. þingd. verði þessu frv. hlynnt og lofi því að ganga til 2. umr., en þó skal jeg ekkert hafa móti því, að nefnd verði skipuð í málið, ef deildinni sýnist svo.

Málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um fjárveitingar til búnaðarfjelaga (C. 121); ein umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Eins og þingd. er kunnugt, var á síðasta þingi sú breyting gjörð, að styrkur var veittur búnaðarfjelögum í stað sýslunefnda. Fjárlaganefndin gaf bending um úthlutun fjárins; mjer er eigi kunnugt um, að reglur hafi verið samdar fyrir úthlutun fjárins, en álít að það sje skylda löggjafarvaldsins, að gefa svo ákveðnar reglur, sem mögulegt er, um úthlutun fjárins.

Búnaðarfjelög hafa síðan fjölgað mjög, og er það gleðilegt. Hins vegar geta menn búizt við, að menn misbrúki þessa fjárveiting þingsins og sumir stofni fjelög til þess einungis að ná í landsjóðsstyrk, en fyrir það á að ætlun minni að byggja, og er því öll þörf ákveðinna reglna um úthlutun þessa styrks. Sýslunefndir og amtsráð hafa, að því er jeg veit, að eins gefið meðmæli með bónarbrjefum búnaðarfjelaganna, en eigi gefið að öðru leyti ákveðnar reglur fyrir útbýting styrksins. En þótt svo væri, að amtsráðin t. d. settu skilyrði fyrir þessum fjárstyrk, þá er óvíst, að þessi skilyrði yrðu eins um land allt, en það þurfa þau að vera til þess að samkvæmni og jöfnuður geti orðið á útbýting landstjórnarinnar á fje þessu. Mjer dettur ekki í hug að ámæla landstjórninni fyrir útbýting hennar á þessu fje, en þar sem sumum búnaðarfjelögum eru veittar frá 15—20 kr., þá verð jeg að álíta, að slík fjárveiting sje gagnslítil, og að þau

fjelög, sem ekki gjöra sig verðug meiri styrks, eigi í raun og veru enga viðurkenningu skilið frá því opinbera. Búnaðarfjelögin eiga að sýna, að þau sjeu meira en nafnið tómt, og þau ein á að verðlauna, af landsfje, sem vinna eitthvað til muna að búnaðarlegum framförum. Að öðru leyti óska jeg að nefnd verði kosin.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess, viðvíkjandi þeim reglum, sem h. flutningsm. (S. St.) gat um að fylgt hafi verið, við útbýtingu til búnaðarfjelaga, að jeg hefi ávallt farið eptir tillögum amtsráða, og hefur úthlutunin farið eptir því, hvað mikið unnið er í hverju fjelagi, bæði í norðuramtinu og einnig í suður- og vesturamtinu, en ekki eptir neinni fastri reglu. Jeg er því þakklátur flutningsm. (S. St.) þessa máls, fyrir að stinga upp á að nefnd verði sett í því. Vona jeg að nefndin hitti hið rjetta og að styrkurinn hjer eptir geri meira gagn en hingað til. Landstjórnin mun nákvæmlega fylgja þeim reglum, eins og um fje til barnaskóla.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan um nefnd samþ. í einu hlj. og kosnir:

Sigurður Stefánsson	með	21	atkv.
Gunnar Halldórsson	—	14	—
B. Sveinsson	—	13	—
Páll Ólafsson	—	12	—
Sveinn Eiríksson	—	12	—

Tillaga til þingsályktunar (C. 121) um nefnd viðv. ferðum landpóstanna og um fjölgun þeirra.

Viðaukatill. (C. 127) hafði verið útbýtt á fundinum og leyfði þingdeildin, að hún mætti koma til umræðu ásamt aðaltillögunni á þessum fundi.

Sigurður Gunnarsson: Jeg efast ekki um, að allir þingd.m. muni vera á einu máli um það, að samgöngumál vort er eitt af hinum lang-þýðingarmestu málum vorum. En þeir munu líka allir finna til þess, að þessu máli er enn í mörgum greinum mjög ábótavant; og einmitt af tilfinningunni fyrir því, sem ábótavant er, er það sprottið, að fjárlaganefndin hefur í hyggju, að ráða hinni háttvirtu þingdeild til að auka að mun fjárframlög til haganlegri og aukinna póstflutninga, á landi fyrst og fremst. En þar sem fjárlaganefndin sjálf hefur, eins og þingdeildarmenn munu geta rennt grun í, ærinn starfa, þá þótti henni eiga vel við, að skipuð yrði sjerstök nefnd til að íhuga og ræða þetta mál í ró og næði, og stinga upp á umbótum á því. Á þann hátt gæti þingd. á sínum tíma fengið tækifæri til að ákveða, hvort binda skyldi slíka fjárveitingu, sem hjer er um að ræða, vissum skilyrðum o. s. frv. Fjárlaganefndin álítur ekki nægja minna en 5 manna nefnd, og ef hún yrði skipuð mönnum úr öllum fjórðungum landsins, mætti búast við góðum árangri af starfi hennar yfir höfuð að tala, og sjerstaklega góðum leiðbeiningum fyrir fjárlaganefndina. Skal jeg svo eigi mæla fleira með tillögu þessari, í þeirri von, að þingdeildin skipi þá nefnd, sem stungið er upp á.

Landshöfðingi: Jeg hafði búizt við því, að einhver h. flutningsmanna þessar ar viðaukatillögu hefði staðið upp og gjört grein fyrir því, hvernig þeir hugsuðu sjer, að nefndin ætti að »íhuga reglur þær og fyrirskipanir, er póstmenn eiga að fara eptir í störfum sínum« — og í annan stað, hvort nefndin ætti að gera þetta sjer til skemmtunar eða til hvers. Því þeim mun þó vera kunnugt um, að eptir tilskipun um póstmál, 26. febr. 1872, hefir landshöfðinginn á Íslandi á hendi stjórn hinna íslenzku póstmála innanlands (1. gr.) og í 17. grein þessarar tilskipunar er það beinlínis tekið fram, undir hvers verksvið það heyri, sem hjer í viðaukatillögunni er talað um að íhuga. Í 17. gr. stendur: »Hlut-

»aðeigandi stjórnarráð, eða landshöfðingi »eptir undirlagi þess, sjer um tilhögun »á póstgöngunum og setur allar þær »reglugjörðir, sem útheimtast til þess, »að koma þessari tilskipun í verk«. Hjer er því beinlínis ákveðið, hvaða stjórnarvöldum er falið, að íhuga og setja þær reglur, sem hjer ræðir um, og það er hvergi nefnt í auglýsingunni, að þetta heyri undir verksvið þingsins.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg veit eigi, hvers verksvið það er, að íhuga þær reglur og fyrirskipanir, er snerta póstmenn og störf þeirra, ef það er eigi þingsins, þótt það eigi ekki fullnaðar atkvæði í því efni. Frumkvæðisrjettur þingsins er svo mikill, að það má víst skipta sjer af, hvernig þær reglur og fyrirskipanir eru, sem þessum starfsmönnum landsjóðs eru settar, og hvernig þeir rækja þær. Það er því alls ekki meiningin, að nefndin eigi að íhuga þetta sjer til skemmtunar, heldur er það meiningin, að hún íhugi, hvort ekki sje ýmislegt í póstmálaefnum, sem breytinga og umbóta þurfi. Jeg ímynda mjer, að ekkert geti verið því til fyrirstöðu, að nefndin íhugi þetta, enda ætti hún að geta gefið bæði landsstjórninni og þinginu góðar bendingar í þessu máli, því ýmislegt mun hafa breytzt í póstmálaefnum, síðan auglýsingin um póstmál var gefin út 1872. Þannig er nú mikið af póstflutningi flutt með strandferðaskipum; en þá voru engar strandferðir. Jeg hefi heyrt, að það hafi komið fyrir hjer i Reykjavík eigi alls fyrir löngu, meira að segja á þessu ári, að landpóstar hafi verið komnir hingað 1—3 dögum áður en póstskip var ferðbúið norður um land, og þó hafi landpósturinn eigi verið tekinn upp, fyrr en eptir að skipið var farið, svo að ekki var tækifæri til, að svara þeim brjefum með skipinu, er með landpóstinum komu, og er öllum auðsætt, hve illt og óhagfellt slíkt er. Það kann að vera, að nokkrar annir hafi verið á póststofunni þessa dagana, en þetta sýnir þó eitt með öðru, að eitthvað er hjer athugavert. Í annan stað er það fyrirskipað í auglýsingunni frá 1872, og póstmeistarinn skuli hafa póststofuna opna 8 stundir á dag í 14 daga fyrir og eptir komu póstanna, en þess á milli að eins 2 stundir á dag, og veit jeg dæmi til, að þetta hefur orðið óþægilegt. Ef það nú þykir ótilhlýðilegt, að nefnd af þingmönnum íhugi þetta mál, þá má greiða málinu veg á annan hátt, t. d. með fyrirspurn eða þingsályktun.

Sigurður Stefánsson: Við sem komum fram með þessa tillögu, vissum það vel, að við áttum ekki fullnaðaratkvæði í þessu máli, og þess vegna var það óþarfi fyrir hæstv. landshöfðingja, að taka svo óstinnt upp þessa tillögu vora, en vjer hugðumst hafa vald til, að stinga upp á nefnd í þingdeildinni, sem gæti gefið landsstjórninni bendingar um, hvað betur mætti fara í ýmsum póstmálum, því óskeikul er landsstjórnin ekki. Það er líka fleira, en þm. N.-Þing. (J. J.) tók fram, sem þyrfti að breyta í auglýsingunni um póstmál, því hvað góð, sem auglýsingin er, þá er hún eigi svo góð, að hún standi ekki til bóta. Þó hæstv. ldsh. hafi ímyndað sjer, að vjer, sem komið höfum með þessa tillögu, værum svo ófróðir, að vjer vissum ekki, undir hvers verksvið auglýsingin um póstmál heyrði, þá verð jeg fyrir mitt leyti að frábiðja mjer slíka fákunnáttu.

ATKVÆÐAGR.: Þingsályktunartillagan sjálf samþ. í einu hljóði. Viðaukatillagan sömuleiðis samþykkt.

Í nefndina voru kosnir:

Jens Pálsson	með	13	atkv.
Sigurður Gunnarsson	—	13	—
Olafur Ólafsson	—	11	—

Ólafur Briem með 10 atkv.
Jón Jónsson (þm. N.-Þing.) — 10 —

Áttundi fundur, föstudag 10. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi, nema þm. V.-Skaptf.

Forseti skýrði frá, að í nefndinni, sem skipuð var til að íhuga og gera breytingu á ferðum landpóstanna, væri kosinn formaður Sigurður Gunnarsson og skrifari Jens Pálsson, og í nefndinni um fjárveitingar til búnaðarfjelaga formaður Sigurður Stefánsson og skrifari Páll Ólafsson.

Formaður nefndarinnar um tilhögun á ferðum landpósta o. s. frv. (Sigurður Gunnarsson) óskaði leyfis deildarinnar til að bæta 2 mönnum við þá nefnd, og stakk upp á þeim Skúla Thoroddsen og Þorvarði Kjerúlf, er hann áleit heppilega fyrir kunnugleika sakir. Deildin samþykkti það í einu hljóði.

Forseti skýrði þá frá, að til sín væri komið:

1. Áskoranir úr Eyjafjarðarsýslu til alþingis um að nema úr gildi lög 11. júlí 1890 um styrktarsjóði handa alþýðufólki.
2. Bænarskrá frá stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum um 4000 kr. styrk á ári til nefnds skóla.

Frv. til laga um viðauka við lög 14. jan. 1876, um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 91); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Frv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 19. sept. 1879, um kirkjugjald af húsum (C. 127, 128); 3. umr.

Árni Jónsson: Jeg hef ásamt nokkrum öðrum leyft mjer að koma með breyt.till. við frv. þetta, til þess að fá meiri samræmi í það.

Við 2. umr. var það samþ., að fyrir utan kaupstaði og verzlunarstaði skuli gjalda kirkjugjald af þeim húsum einum, er sjeu meir en 500 kr. virði. Okkur uppástungumönnunum hefur nú ekki virzt ástæða til að hafa önnur ákvæði í þessu efni um hús í kaupstöðum og verzlunarstöðum. Þau hús, sem ekki eru 500 kr. virði, eru varla timburhús, heldur torfbæir, og getur kirkjugjald af þeim aldrei numið mikilli upphæð. Kirkjan verður, auk þess að kosta sjálf virðingu á þeim, og álítum við, að það svari tæplega kostnaði.

Hin breyt.till. er lítilfjörleg og snertir að eins fyrirsögn frv.; fannst okkur fara betur á að hafa hana eins og við höfum lagt til, þar eð hún við það verður styttri og svarar fullt svo vel til efnis frumv.

ATKVÆÐAGR.: Fyrri breyt.till. (C. 168) samþ. með 18 atkv., hin síðari með 17 atkv. Frumv. þannig breytt samþ. með 18 atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um afnám Maríu- og Pjeturslamba (C. 114); 2. umr.

Vegna óljósrar atkvæðagreiðslu var nafnakall viðhaft og sögðu

já:	*nei:*
Benedikt Sveinsson,	Páll Ólafsson,
Gunnar Halldórsson,	Sigurður Jensson,
Jón Jónss., N.-Múl.,	Árni Jónson,
Jón Jónss., N.-Þing.,	Eiríkur Briem,
Lárus Haldórsson,	Indriði Einarsson,
Ólafur Briem,	Jens Pálsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Þórarinsson,
Sveinn Eiríksson,	Jónas Jónassen,
Þorvarður Kjerúlf.	Ólafur Ólafsson,
	Páll Briem,
	Sigurð. Gunnarss.,
	Sigurður Stefánss.,
	Þorlákur Guðm.s.

Var frumv. þannig fellt.

Frv. til laga um breyting á kgsúrskurði 25. ág. 1853 viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju í Presthóla prestakalli (C. 116); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv., og vísað til 3. umr.

Frv. til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer lífeyri eptir 70 ára aldur (C. 121); 1. umr.

Flutningsm. (Árni Jónsson): Umræðurnar hjer í deildinni á síðasta þingi, um frv. um breytingu á eptirlaununum sýndu, hve náið samband er milli þess frumv. og þess, er hjer liggur fyrir. Það er varla hægt að tala um þetta án þess að fara út í einstök atriði þess, en það er eigi leyfilegt á þessu stigi málsins, þar sem þetta er fyrsta umr.

Það er kunnugt, að samhljóða frumv. kom fram á síðasta þingi, og var þá samþykkt hjer í deildinni og komst til efri deildar.

Í þessu máli koma eiginlega 2 aðalatriði til skoðunar. Annað er það, hvort það yfirhöfuð sje rjett, að löggjafarvaldið skyldi embættismenn til að tryggja sjer sjálfir ellistyrk; hitt er, hvort embættismenn hafi svo mikil laun, að þeir sjeu færir um að taka fje af launum sínum til þessa. Um þessi atriði var mikið rætt á síðasta þingi, og veit jeg, að h. þm. er það kunnugt. Vil jeg því ekki að svo stöddu fara mörgum orðum um það, en jeg ber það traust til h. þingdeildar, að hún muni hafa fullan vilja til að koma þessu máli í gott horf. Oss flutningsmönnum er það ekki á móti skapi, að nefnd verði þegar sett í málið, en vjer álítum það heppilegra, að frumv. gangi til 2. umræðu, svo að hin sama nefnd fjalli þá um þetta frumv. og frumv. um breytingu á eptirlaunum.

Indriði Einarsson: Mjer sýnist frv. þetta ekki koma fram á rjettum tíma; það getur varla tekizt til greina, nema því að eins, að um leið sje komið fram með almenna breytingu á launalögunum.

Síðan launalög voru samin, hefir yfir höfuð gengið á embættismannastjettina. Ýmsir skattar hafa lagzt á hana, svo sem tekjuskattur, húsagjald, kirkjugjald af húsum, tollur af kaffi, sykri og hækkunin á tóbakstollinum o. s. frv., og er óhætt að fullyrða, að allt þetta samlagt nemi 50—300 kr. á ári fyrir hvert embættismannsheimili, því að kirkjugjald nemur 3—10 kr., húsaskattur allt að 20 kr., sykur- og tóbakstollur 30—120 kr., tekjuskattur frá 5—175 kr. Ennfremur má fullyrða, að peningar hafa lækkað í gildi seinni árin. Menn geta reyndar sagt, að þannig fari ekki til lengdar, en reynslan sýnir þó, að svona hefir það gengið til þessa í síðustu 400 ár.

Kjör embættismanna hafa því versnað hin síðari árin, og þetta frv. miðar til þess að gera þau enn lakari.

Staða embættismanna hjer á landi er opt og að mörgu leyti engan veginn öfundsverð. Það sem þeir gera, mætir allopt öðruvísi undirtektum, en ef einhver annar gjörir það. Ef embættismaður t. d. skrifar góða ritgjörð, þá er það álitið eins og hann hafi gjört skyldu sína. En þegar einhver búfræðingur skrifar góða ritgjörð, þá er annað mál; þeir eru hafnir til skýjanna. Jeg álít það viðsjárvert að hlynna að þessari stefnu af þinginu, en það finnst mjer þetta frv. gera.

Eins og h. flutningsm. (Á. J.) benti á, er frumv. þetta náskylt eptirlaunafrv., og verður því ekki ýtarlega rætt, án þess að taka það með. Nái þessi frv. fram að ganga, verða eptirlaun hinna lægstu embættismanna ekki mikil. Jeg vil taka hjeraðslækna til dæmis. Þeir

hafa erfiða stöðu, og geta varla gegnt embætti í meira en 25 ár; þeir fá þá 300—400 kr. í eptirlaun, en frá þessari upphæð dregst svo ekkjupensíón og ellistyrkstillag, og nemur það til samans allt að 200 kr., og verður þá lítið eptir til að lifa af.

Embættismenn með 3,000 kr. launum fá eptir 30 ára þjónustu hjer um bil 1,100 kr. í eptirlaun. Frá þessu dregst ekkjupensíón og ellistyrksgjalds og verða þá ekki eptir nema 850 kr. Jeg vil ekki óska neinum h. flutningsmanna þess, að hann þurfi að lifa með fjölskyldu sinni í Reykjavík með 850 kr. á ári.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög, sem lækkuðu laun nokkurra hinna æðri embætta, og var það nokkur sparnaður fyrir landssjóð; finnst mjer því að svo stöddu engin ástæða til að samþykkja þetta frv.

Jeg skal ennfremur taka það fram, að fæstir embættismenn geta gert sjer von um að lifa þangað til þeir eru orðnir 70 ára. Fæstir komast í embætti fyrr en þeir eru hjer um bil þrítugir, og það er sannað »statistiskt« í Danmörku, að helmingur þrítugra manna er dáinn áður en þeir ná 58. aldursári fullu, og ber þeim þá enginn ellistyrkur fyrr en eptir að þeir eru dánir.

Það er einnig erfitt að gjöra áætlun um, hve hátt tillagið til ellistyrksins skuli vera, því föst innlög í banka og skuldabrjef gefa breytilegar rentur eptir ýmsum kringumstæðum. Rentan lækkar eptir því sem kapítal landsins vex og framfarir landsins aukast. Eptir nokkurn tíma þarf því kannske nýja niðurjöfnun til þess að maðurinn fái þann ellistyrk sem hann átti að hafa.

Jeg álít það yfir höfuð næsta óheppilegt, að alþingi gjöri nokkurn mann ósjálfráðan um það, hvernig hann vill fara með efni sín. Á síðasta þingi voru samþykkt lög um ellistyrk vinnufólks, og nú eru embættismenn teknir fyrir. Jeg hefði fremur búizt við, að tómthúsmenn og bændur yrðu teknir fyrst, enda álít jeg, að vel menntaðir embættismenn geti fullvel ráðið efnum sínum sjálfir, svo framarlega sem aðrir geta það.

Það er reyndar satt, að lög um ekkjustyrk gjöra embættismenn að vissu leyti ómynduga, enda þótti Ørsted þau lög óheppileg. Þau eru nú einu sinni til og menn eru farnir að venjast þeim, en allt um það er engin ástæða til að bæta gráu ofan á svart með þessu frv.

Jeg get ekki annað en álitið, að h. uppástungumönnum hafi gengið það til með frv., að þeim hafi þótt laun embættismanna of há, og hefði jeg fremur óskað, að þeir hefðu gengið beint fram og komið fram með frumv. til að lækka þau, í stað þess að fara þennan krók.

Jeg get ekki gefið frv. þessu atkv. mitt.

Ólafur Ólafsson: Jeg skal strax játa, að reikningsfærsla þm. Vestm. (I. E.) gat ekki sannfært mig um, að mál þetta væri óheppilega uppborið, yfir höfuð að tala, en jeg skal líka taka það fram, að jeg er ekki samþykkur þessu frumv. í öllum greinum þess, þó jeg hinsvegar verði að vera þeirrar skoðunar, að það sje rjett hugmynd, að gjöra embættismönnum vorum að skyldu, að gjöra eitthvað til að sjá sjer borgið í elli sinni. Það eru sjerstaklega tvö atriði í ræðu h. þm. Vestm. (I. E.), sem jeg vil minnast á. Hann vildi ekki láta embættismenn kaupa sjer ellistyrk, af því að kaffitollurinn, sykurtollurinn og tóbakstollurinn legðist svo þungt á þá; en jeg veit ekki, hvort það er almennt viðurkennt, að embættismenn brúki t. d. meira tóbak en alþýðumenn. Að minnsta kosti held jeg, að embættismaðurinn taki ekki meira í nefið en bóndinn. Yfir

höfuð að tala skildi jeg ekki þessa röksemdaleiðslu hans, því undarlegt mundi víst þykja, ef farið væri fram á, að leysa bændur undan lausafjárskattinum og ábúðarskattinum, af því margir af þeim eyða meira fje til þessarar munaðarvöru, síðan tollurinn var lagður á hana. Eða á það að vera meining orða h. þm. Vestm. (I. E.), að allir fái eptirlaun úr landssjóði, sem eyða fje í að kaupa tollaða vöru? Mjer sýnist að í þessu efni sje ástæðulaust að gjöra embættismönnum hærra undir höfðinu heldur en öllum almenningi. Hitt atriðið í ræðu hans, sem jeg vil minnast á, er það, að hann sagði að frumv. þetta væri sprottið af kala alþýðunnar til embættismannanna; að minnsta kosti vil jeg frábiðja þeim alþýðumönnum, sem jeg þekki, slíkar getsakir. Jeg veit heldur ekki betur, en að alþýðan yfir höfuð að tala virði mikils alla samvizkusama, nýta og dugandi embættismenn; að minnsta kosti er þetta mín reynsla. Eins og menn vita, er það nú mjög farið að tíðkast, að alþýðumenn kaupi sjer ellistyrk eða lífsábyrgð. Þetta þekkir h. þm. Reykv. (J. Jónassen) manna bezt, og á hann miklar þakkir skilið fyrir framkvæmdir sínar í því efni. Jeg get þá heldur ekki sjeð neitt á móti því, að embættismenn kaupi sjer ellistyrk, engu síður en alþýðumenn, því ef fátækir alþýðumenn geta gert það, þá ættu embættismenn með sómasamlegum launum að geta það engu síður. Þá tók sami þm. það einnig fram, að með þessu frumv. væri embættismaðurinn sviptur fjárforræði sínu. Þetta er svo lúaleg ástæða í móti frumv., að jeg er alveg hissa á því, að menn skuli ár eptir ár geta borið slíkt fram. Jeg álít engan veg eðlilegri, en þann, sem hjer er tekinn fram, til að ljetta af þjóðinni eptirlaunabyrðinni, sem hún fær ekki lengur risið undir. Þegar eptirlaunamál presta var fyrir þinginu, sagði einn mikilsvirtur þm. í þessari deild, sem ekki er hjer nú, að engum presti væri vorkunn að draga nokkuð saman, sjer til styrks í ellinni, meðan hann sæti í embætti. Jeg hef ekkert á móti því, að þetta hafi verið rjett sagt, en má jeg spyrja: Geta ekki aðrir embættismenn en prestarnir dregið neitt saman? Ef prestarnir geta gjört það, þá geta þeir embættismenn, sem betur eru launaðir, að mínu áliti gjört það líka. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að það sje bæði gott og sanngjarnt, að gjöra embættismönnum að skyldu, að gjöra meira en þeir hingað til hafa gjört, til að sjá sjer fyrir ellistyrk. En af því að þetta mál er mjög mikilsvert, þá vildi jeg helzt, að nefnd yrði sett, til að íhuga það. Þó vil jeg ekki stinga upp á nefnd strax, til þess að fleiri geti átt kost á, að láta í ljósi álit sitt um málið.

Eiríkur Briem: Það er eitt atriði í ræðu h. þm. Vestm. (I. E.), sem jeg vildi leiðrjetta. Það er misskilningur, að fje geti komið til útgjalda fyrir ellistyrk af eptirlaunum embættismannsins, því ellistyrkurinn kemur einmitt til afnota jafnframt og hann fer að fá eptirlaun.

Benedikt Sveinsson: Af því gjört er ráð fyrir að setja nefnd í þessu máli, þá skal jeg ekki vera fjölorður um það að þessu sinni. Jeg hef tekið til máls til þess, að lýsa yfir því nú þegar, að jeg er frumvarpi þessu gjörsamlega mótfallinn. Jeg get verið með þeim, sem vilja afnema öll eptirlaun embættismanna alveg eða vilja láta það vera komið undir sjerstökum lögum í hvert skipti, hvort embættismaður skuli hafa eptirlaun eða ekki, og þá hve mikil. Einkanlega get jeg vel fellt mig við þetta síðara. Jeg get vel verið með þessum mönnum, segi jeg, og það af því, að jeg álít, að ómögulegt sje að

dæma um það löngum tíma fyrirfram, hve há embættismannalaun skuli vera í þessu eður nokkru öðru landi. Það er ómögulegt að dæma um þetta, segi jeg, nema í sambandi við ásigkomulag þjóðmegunar og framfarastig þjóðfjelags þess, sem embættismennirnir lifa í og sjerílagi atvinnuvegi þess þjóðfjelags, því embættisatvinnan og þjóðaratvinnan yfir höfuð í hinum ýmsu greinum eru nákvæmlega samtengd. Jeg álít, að sem mest jafnvægi eigi að vera og hljóti að vera milli atvinnuveganna. Það er ekki hollt, að launin sjeu svo há, að allir vilji verða embættismenn og bóknámsmenn, en engir vilji vinna að og leggja sig eptir líkamlegum störfum. En það er heldur ekki heillavænlegt, að embættislaunin sjeu sett svo lág, að engir eða ekki nógu nýtir menn fáist í embættin. Eptir atvinnuvegum þjóðarinnar og sjerstaklegum atvikum á hverjum tíma á að haga embættislaununum, og það hlýtur að ráða þeim á hverju landi og þá einnig hjá oss. En hitt er alls ekki neitt verulegt atriði í mínum augum, hvort embættismenn fá eptirlaun eða ekki. Því þegar um eptirlaun er að ræða, þá hljóta menn að ganga út frá því, að embættislaunin sjeu svo há, að til þessi verði ætlazt, að embættismaðurinn geti af þeim safnað sjer og sínum, konu og börnum nægilegum forða til elliáranna.

Jeg er enginn apturhaldsmaður í þessu eptirlaunamáli, og jeg get vel sett mig inn í erfiðleika bændastjettarinnar. En jeg vil, sem sagt, að eptirlaunin fari eptir atvikum í hvert skipti. Og þar sem vjer því erum að bollaleggja eptirlaun fyrir komandi kynslóðir, embættismenn framtíðarinnar, þá vil jeg fara mjög varlega í það mál. En þessu frumvarpi er jeg aptur á móti mótfallinn frá rótum. Jeg er því alveg mótfallinn, að gjöra eptirkomandi embættismenn ómynduga og ófrjálsa að því, hvernig þeir verja embættislaunum sínum. H. þm. Rangv. (Ól. Ól.) sagði, að í þessu frv. væri ekki farið fram á, að gjöra embættismenn ómynduga og svipta þá eðlilegum fjárráðum; en þetta er ekki rjett. Jeg krefst þess af honum, að hann sýni og sanni, að hjer sje ekki um það að ræða, að gjöra embættismenn ómynduga gagnvart þeim hluta embættislaunanna, sem þessi þvingunarlög ná til. En jeg vil biðja hinn háttvirta þingmann í þessu tilliti að gæta þess, að honum tjáir ekki að byggja á því, sem maður á að sanna. Setjum nú svo, að hinn h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) hafi 200 kr. laun á mánuði úr landssjóði, og hefji þessar 200 kr. hjá landfógeta; má jeg nú spyrja: eru þessar 200 kr. þá ekki fullkomin og ótakmörkuð eign hans, eins og hvert annað fje, sem hann fær af öðrum atvinnuvegum, er hann stundar, eða lætur stunda, t. d. af landbúnaði eða sjáfarútvegi o. s. frv.? Er eignarrjettur hans að þessum 200 kr. í nokkru rýrari, en rjettur hans til annarar eignar hans? Þvert á móti. Ef nú ræningi fer að h. þm. á götunni þegar hann kemur frá landfógeta með þessi 200 kr. laun sín í vasanum, og tekur af þeim 10 kr., getur þá ræninginn forsvarað sig með því, að segja sem svo: Ja, það gjörði ekki mikið til, þó jeg tæki þessar 10 kr., því þær voru ekki þess eign, sem jeg tók þær frá? Nei. H. þm. Rangv. (Ól. Ól.) mun ekki líka þessi afsökun ræningjans. Jeg skil ekki í því, að hann geti verið mjer ósamdóma um það, þó jeg gangi út frá því, að embættismaðurinn eigi laun sín alveg, eins og hverja aðra eign sína. Það þurfa að vera jafnsterkar orsakir til að svipta hann þessu fje, eins og hverju öðru fje hans. Þegar nú ellistyrkslögin segðu við embættismanninn: þú skalt gjalda

þetta fje, hvort sem þú vilt eða ekki, og ef þú hlýðir ekki, þá verður það tekið lögtaki hjá þjer, hvað innibindur þetta »skal« þá annað, en að gjöra hann ómyndugan, eða svipta hann frjálsu fjárforræði hvað þenna hluta eigna hans snertir? Það er satt, hjer ræðir ekki um það, að svipta hann öllu fjárforræði. Með öðrum orðum: Mismunurinn er að eins quantitativ, en ekki qualitativ. En allt annað mál er það, aptur á hinn bóginn, hvort það geti þá ekki legið rík og rjettlát rök til þess, að löggjafarvaldið svipti embættismenn fjárforræði sínu á þann hátt, sem frv. fer fram á? Jú! Ef brýn fjelagsnauðsyn krefst þess, þá getur það verið forsvaranlegt frá löggjafans sjónarmiði, og það er því einmitt þetta, sem h. þm. á eptir að sanna, hvort það sje brýn fjelagsnauðsyn hjá oss, að semja nú lög, er svipti komandi embættismenn fjárforræði þeirra hvað vissan hluta embættislauna þeirra snertir.

Hvað kemur nú til þess, má jeg spyrja frá annari hlið skoðað, að h. þm. vill fara svona miskunnarlaust með embættismennina? Sjálfsagt virðist mjer að megi ráðgjöra, að honum þyki laun embættismannanna svo há. Hann gengur út frá því, að laun embættismanna á Íslandi sjeu svo mikil, að þeir geti lagt frá sjer lítinn skerf árlega, til að sjá sjer og sínum borgið í elli sinni. Og hver er svo nauðsynin til þess, að knýja þá til þessa með lögum? Hún byggist sjálfsagt á því, að embættismenn sjeu almennt ekki svo hyggnir, að þeir hirði um að sjá sjer og sínum borgið á ellidögum þeirra, ekki svo framsýnir, ekki svo skylduræknir gagnvart konu og börnum. Hvaðan er nú sú alda runnin, sem þessi skoðun byggist á? Hún hófst á síðasta þingi. Þá var byrjað á vinnumönnunum og vinnukonunum í landinu, með lögum um styrktarsjóði handa alþýðu; svo er milliliðunum sleppt: bændunum, handiðnamönnunum, borgurunum o. s. frv., en nú kemur röðin til embættismannanna. Frumkvöðlar frumvarps þessa segja, að mjer virðist, sem svo: Á vinnumönnunum og vinnukonunum verða lögin að hafa sterkar gætur, og því næst embættismönnunum, þessum eyðsluseggjum, sem eru svo vanhyggnir, að sóa öllum eigum sínum í cigara, kaffi, tóbak og brennivín o. s. frv., í stað þess, að sjá sjer og sínum fyrir ellistyrk. Jeg vil nú frábiðja allar slíkar getsakir hinum komandi embættismönnum; jeg álít það ósæmilegar getsakir gagnvart þeim, sem ættu þó að vera menntaðri en alþýðan, að þeir hafi ekki vit eða vilja á því af sjálfsdáðum, að sjá sjer, konum sínum og börnum fyrir ellistyrk. Jeg er alls óhræddur við þá hugsun, að afnema eptirlaunin. Ábyrgðin fellur eigi á börn embættismannanna einna, heldur á börn þjóðarinnar yfir höfuð að tala, því ef launin reynast of lítil, þá hljóta þau að hækka, en ef þau reynast nægileg, þá er öllum borgið. Að síðustu mótmæli jeg því svo kröptuglega, sem jeg get, að þingdeildin brjóti það sjálfstjórnar- og sjálfsábyrgðarlögmál, sem á að vera mælikvarði fyrir öllum gjörðum vorum, svo framarlega sem engin sönnuð þjóðarnauðsyn er til að brjóta eða beygja þetta lögmál.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): H. þm. Vestm. (I. E.) hefur komið með margt það í þessari jómfrúræðu sinni, er vekja mætti sundurlyndi í máli þessu, en eigi hirði jeg um að taka upp orð hans eða ganga inn á þá braut, sem hann virðist vilja leiða málið á. Jeg skal að eins geta þess, að jeg skil ekki í, hvernig h. þm. (I. E.) fer að bregða oss flutningsm. um, að vjer felum það á bak við frv. þetta, sem vjer látum

ekki koma greinilega í ljós. Hann verður að gæta þess, að hjer er um ekkert nýmæli að ræða. Þetta mál hefir áður verið hjer á þingi og þá í nefnd, og gengið gegnum þrjár umræður í þessari deild. Þá mæltu fáir móti því, ekki nema 2—3 menn, og fjarri var því að þeir gjörðu það með slíkum ofsa, sem h. þm. Vestm. (I. E.) gjörði, og eigi brugðu þeir flutningsmönnum frv. um undirferli. En það voru eigi vjer flutningsmenn einir, er fengum ákúrur hjá h. þm. (I. E.); hann bar upp á þjóðina, að hún bæri hlutdrægni og kala til embættismannanna[1]. Á slíkt get jeg alls eigi fallizt og verð að mótmæla því, að slík sje skoðun kjósenda minna eður almennings þar sem jeg þekki til. Mjer fannst yfir höfuð, að hin langa ræða h. þm. (I. E.) ekki eiga vel við á þessu stigi málsins, nje vera betri en frv. er í hans augum; slík ræða hefði átt betur við við 2. umræðu málsins, og til að svara henni nákvæmlega þyrfti að fara út í einstök atriði frv., en slíkt verður að geyma til 2. umræðu, og af þeirri ástæðu sleppi jeg einnig að athuga reikninga hans, en alls eigi af því, að þeir muni alls kostar rjettir og óyggjandi. H. þm. kvaðst eigi vilji óska oss þess, að þurfa að lifa á einum 850 kr. hjer í Reykjavík. En hjer virðist mjer koma mótsögn fram við það, sem h. 1. þm. Eyf. (B. Sv.) gjörði ráð fyrir, að embættismenn fari vel með efni sín, því gjöri þeir það, þá má búast við, að þeir safni meiru eða minna fje, og hafi því annað meira við að styðjast yfir höfuð, en eptirlaunin ein saman. Jeg vil ekki fara að kíta um embættismannalaun eða bera þau saman, en þó get jeg ekki sleppt því að benda á, að ekki eru eptirlaun prestanna há, og þó lifa einmitt sumir af þessum uppgjafaprestum, sem munu alls eigi hafa meir en 500 kr. eptirlaun á ári, hjer í Reykjavík, og jeg veit eigi betur en að þeir lifi fullgóðu lífi. Jeg efast alls eigi um, að þeir embættismenn, sem frv. á við, muni fara sparlega og skynsamlega með efni sín, og safni fje, og þá ætti þeim ekki að verða óhægra að komast hjer af en prestunum. En þar sem h. þm. taldi upp öll þau gjöld, sem á embættismönnum hvíla, þá virðist mjer það hafa litla þýðingu, og jeg fyrir mitt leyti get ekki farið að telja jafn nákvæmlega upp öll þau gjöld, sem á bændunum hvíla, svo sem refatoll, fátækraflutning, og þess konar, og ekki veit jeg til að bændur sjeu undanþegnir kaffi-, sykur- og tóbakstolli. Yfir höfuð verð jeg að álíta, að gjaldauki sá, sem h. þm. (I. E.) fór svo mörgum orðum um, muni tiltölulega leggjast líkt á bændur og embættismenn, og því muni hann ekki vera svo sterk ástæða gegn frv. þessu. Það getur verið, að sumum finnist óheppilegt að skylda menn til að sjá sjer farborða á elliárunum; en mín skoðun er, að það sje einmittt rjett að gjöra það, þegar ástæður benda til, að það sje þarflegt og gott. Hjer er ekki heldur um nein nýmæli að ræða; embættismenn hafa þegar að undanförnu verið skyldir að sjá ekkjum sínum fyrir lífeyri. Hafa allir þeir menn, sem slíkt hafa orðið að gjöra, verið sviptir fjárforræði? Englendingar eru taldir þjóð, sem vert sje að breyta eptir, og hafa þeir þó ellistyrkslög (superannuation), en eptirlaun eru þar engin veitt, nema með sjerstökum lögum. Það er ekki afar-þýðingarmikið, þótt vitnað sje til einstaks manns, er hafi sömu skoðun sem h. þm. (I. E.). Skoðun einstaklings er svo ónógur mælikvarði fyrir gildi hlutanna og skoðananna, og í þessu tilfelli hefir

1) Þm. (I. E.) hefur strykað yfir þessi orð í ræðu sinni. *Árni Jónsson.*

tilvitnunin því minna gildi, þar sem er að ræða um gamlan mann, þótt merkur væri, sem varla er við að búast að fullkomlega hafi getað sett sig inn í og getið sjer til um þá stefnubreyting og þjóðfjelagsbreyting, sem komin er fram á okkar tímum. H. þm. mun þó ekki neita því, að sú stefna er einmitt nú að ryðja sjer til rúms, að reyna að ráða bót á fátæktinni og fátækraþyngslunum með sams konar ráðum og hjer er bent á. Jeg veit að hann hefur kynnt sjer það, sem komið hefir fram í því máli á Þýzkalandi. Jeg tel það mjög óviðurkvæmilegt og jafnvel ósamboðið h. þm. að beina því að oss, að á bak við liggi hjá oss, að oss þyki launin of há. Hjer er alls eigi um það að ræða, að alþýðu þyki launin of há, heldur hitt, að eptirlaunin sjeu óeðlileg, eins og þau nú eru löguð, og það sjá allir, að það er tvennt ólíkt. Hún álítur í raun og veru, að ekki sje rjettlátt að jafnt gangi yfir þá embættismenn, er vel hafa og rækilega staðið í stöðu sinni, og hina, er gegnt hafa störfum miðlungi vel, en eytt því sem þeir hafa komizt yfir. Slíkum mönnum álítur þjóðin fulllaunað með embættislaununum, þótt hún ali þá eigi á eptir stundum um langan aldur á háum eptirlaunum. H. 2. þm. Eyfirð. (B. Sv.) beindi ræðu sinni í sömu átt. Hann sló um sig með því, að byrjað hefði verið á vinnumönnum og vinnukonum, en þaðan gjört hið stóra stökk upp til embættismannanna. Þetta þótti honum fjarstætt. En það var einmitt sama þingið, þingið í hitt eð fyrra, sem kom fram með þetta, þótt þá gengi eigi nema annað málið fram. Og þegar betur er að gætt, er stökkið ekki svo mikið, nema í augum h. þm., því hann mun eigi vilja telja embættismennina á næsta borði við vinnumennina, má ske af því að kaupmunurinn er svo fjarska mikill. H. þm. (B. Sv.) ber af komandi embættismönnunum, að þeir munu lifa í vellystingum, drekka vín og bjór, reykja vindla o. s. frv. Getur verið að það reynist dagsanna, en hægt er að spila úr efnum sínum á annan hátt en þann. Það væri æskilegt, ef embættismennirnir færu allir skynsamlega með efni sín, og söfnuðu til seinni áranna; en bæði hefur það sýnzt og heyrzt, að sumum þeirra veitti ekki af eptirlaununum.

Ólafur Ólafsson: Jeg ætla að svara fáum orðum. H. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) hjelt langa ræðu, en um hana ætla jeg að megi segja, eins og þar stendur, að í henni »sumt var gaman, sumt var þarft«.

Hann sagði: Hvers vegna er beinzt að embættismönnum? (Ben. Sv.: Næst á eptir vinnufólki). En svarið til þess er: Af því að það er þjóðarnauðsyn. Jeg ætla að biðja menn að misvirða ekki við mig, að jeg ber ekki í borðið til að herða á eptir orðum mínum. Hjer er um tvo málsparta að ræða; annar er alþýða, hinn er embættismennirnir. Alþýðan á að sjá fyrir sjer sjálf; hún á því að hugsa og sjá fyrir framtíð sinni, þegar vinnuþrek er þrotið, en embættismennirnir, þeir eiga og mega geta sagt eptir hinum núgildandi eptirlaunalögum: »Eg þarf ekki að vera kvíðandi fyrir framtíð minni; jeg þarf ekki að safna til elliáranna handa mjer; landið gerir það«. En er þetta nú ekki nokkuð svipað því að fara á sveitina, án þess jeg vilji bera það nánar saman? Þjóðin segir: »Jeg get ekki borið eptirlaunabyrðina ein; við verðum að hjálpast að«. Hvað er sanngjarnara en að þjóðin og embættismennirnir taki þannig höndum saman, meðan að nokkur eptirlaun eiga sjer stað? Þetta er engin harðneskja við embættisstjettina af hálfu þjóðarinnar. Þrátt fyrir hin kröptugu orð þm. (Ben. Sv.)

er jeg enn eigi sannfærður um, að embættismenn sjeu fyrir þessar sakir sviptir forræði fjár síns, að minnsta kosti ekki fremur en alþýðan, sem skylduð er til að leggja sjálfri sjer ellistyrk. Hinn h. ræðumaður (Ben. Sv.) kom með dæmi um ræningja og rændan mann. Í þessu sambandi ætti þá þjóðin að vera ræninginn, sem vill að embættismennirnirnir leggi nokkuð af launum sínum, eins og hún, sjer til ellistyrks, en embættismennirnir eru hinir rændu. (Ben. Sv.: Jeg skora á forseta að láta hafa rjett eptir). Það er ný kenning, að íslenzka þjóðin ræni embættismenn sína, ef það hefur verið meining orða hins h. þm. með dæminu sem hann tók; embættismennirnir hafa gott, sem alþýðan, af því, að tryggja sjer sjálfir framtíð sína og elli. Þegar embættismaðurinn er orðinn 70 ára að aldri, þá kemur þjóðin til hans og segir: »Hjerna eru nú krónurnar, sem jeg ljet draga af launum þínum meðan þú þjónaðir embætti; jeg hefi látið ávaxta þær og færi þjer þær nú með vöxtum. Fyrir þessa sök ertu nú ekki eins upp á menn kominn og þú hefðir verið ella«. Jeg sje engan ránskap í þessu og yfir höfuð enga harðneskju. Eptirlaunabyrðinni er með þessu skipt bæði á embættismennina sjálfa og þjóðina, og það álít jeg rjett og sanngjarnt. Þjóðin er komin að því að kikna undir byrðinni; svo búið má ekki standa; það verður að leita einhverra ráða, og það er gjört með þessu frv.

Jeg sting upp á 5 manna nefnd til að íhuga þetta mál.

Forseti: Beðið hefur verið um orðið, og hefir verið vani að leyfa þeim, sem hafa beðið um leyfi til að taka til máls áður en stungið hefir verið upp á að kjósa nefnd, að taka til máls, ef fáir eru, þótt þingsköpin mæli svo fyrir, að umræðum skuli hætt. Jeg skal lýsa yfir því áliti mínu, að heppilegra sje, að bíða með nefndarkosningu til 2. umr. Munu þá bæði frumvörpin verða á dagskrá sama dag.

Benidikt Sveinsson: Jeg ætla ekki að svara mörgu ræðu h. þm. Rangv. (Ól. Ól.). Jeg skal að eins taka það fram, að þm. Mýram. (Á. J.) hefur, líklega af misskilningi á orðum mínum, farið þeim orðum um hlutfallið milli vinnumanna og embættismanna landsins, sem mín orð gáfu alls eigi tilefni til. Jeg sagði að eins, að mjer þætti það kynlegt, að milliflokkarnir: bændur, húsmenn, borgarar, iðnaðarmenn o. s. frv. slyppu frá þessum merkilegu lögum, og mín ræða laut að því, að embættismönnum yrði því hlíft við að þessu sinni, að verða sviptir fjárforræði, og að verða settir á bekk með vinnumönnum og vinnukonum. Þm. Mýr. (Á. J.) ætlar auðsjáanlega, að embættismennirnir komizt á sveitina án þessara laga; en getur hann sannað, að embættismenn hafi með jafnaði valdið sveitarþyngslum? Jeg vonast eptir áreiðanlegum skýrslum um það frá honum á síðara stigi málsins. Dagsanna er það, að embættismenn eru í vissum skilningi vinnumenn þjóðarinnar; en sje það meining hans, að þeir sjeu það í sama skilningi, og að embættismenn standi því í sama sambandi við þjóðina, eins og vinnumenn og vinnukonur, þá verð jeg að segja, að jeg er honum alveg ósamdóma. Í þessu tilliti krefst jeg því sönnunar frá hans hálfu, og óska jafnframt, að hann ljeti heyra til sín, þegar hann talar.

Viðvíkjandi þm. Rangv. (Ól. Ól.) ætla jeg að taka það fram, að það er mjög óheppilegt, og tekur sig jafnan illa út, að ganga út frá því, sem maður á að sanna. (Ól. Ól.: Nei, var ekki). Hann nefndi þjóðarnauðsyn og sveitarsjóð, (Ól. Ól.: Nei!) og sjálfsagt vill hann byggja

skyldu embættismanna til að tryggja sjer lífeyri í ellinni á því, að þeir að öðrum kosti muni verða sveitinni til byrði. Þetta gæti nú verið góður grundvöllur, ef hræðsla þessi væri á rökum byggð, en það á þingm. þessi, eins og þm. Mýr. (Á. J.), eptir að sanna. Þm. (Ól. Ól.) sagði, að jeg hefði sagt, að þjóðin væri ræningi. Það hef jeg aldrei sagt, og hefur enginn fyrr leyft sjer svo að rangfæra orð mín. Hvort ræningi eða fógeti tekur úr buddunni minni, er hið sama fyrir budduna, en munur þó á að vera ræningi eða fógeti. Vil jeg því biðja þingmenn síðar að rangfæra eigi svo orð mín, en tek nú þetta sem óviljaverk af þm. Rangæinga; fyrir þm. Mýramanna álít jeg sízt vera ástæðu til að beina að mjer persónulegum getsökum, eins og mjer virtist hann gera, en alls óhræddur er jeg að mæta honum í þeim leik, ef hann bryddar á því optar. Hafi jeg í þessu tilliti misskilið h. þm. (Á. J.), þá falla þessi orð mín niður af sjálfu sjer. Skal jeg svo eigi tala frekar um þetta mál nú, en áskil mjer orðið síðar, ef þörf gjörist.

Forseti bar upp, hvort kjósa skyldi nefnd strax, og var það fellt.

Indriði Einarsson: Ýmsir þm. hafa hnýtt í ræðu mína. Það er fyrsta sinn, sem jeg tala á þingi, og má því vel vera, að ræða mín hafi verið ófullkomin, en »fáir eru smiðir í fyrsta sinn«. Jeg vil þó taka fram nokkur atriði; tveir þm. hafa talað um, að engin meining væri í að tala um tolla á kaffi, sykri, tóbaki o. s. frv., í sambandi við það, að álögur á embættismenn væri auknar, og að það sje málinu óviðkomandi; en jeg sje eigi neina ósamkvæmni í því og finnst mjer það koma málinu við, því þær álögur sem jeg nefndi voru ekki til, þegar launalögin voru samin. Þm. Mýr. (Á. J.) nefndi refatolla og sveitargjöld; en mjer kom eigi til hugar að tala um þau, enda eru þau eigi ljettari á embættismönnum en öðrum; hann tók og fram, að fjárforræði embættismanna væri þegar af þeim tekið; jeg hef sagt það sjálfur; en þó einu sinni sje gert rangt, þá er það ekki ástæða til að halda rangindunum áfram og gjöra þau aptur. »Þjóðinni þætti eptirlaunin of há«. Jeg hugsaði að embættismennirnir væru partur af þjóðinni? Þm. Mýr. (Á. J.) sagði, skildist mjer, að þjóðin væri svo hrædd um, að embættismennirnir færu á sveitina, ef þeir eigi sæi sjer fyrir ellistyrk. Sú hræðsla gæti gilt allan almenning, eigi síður en embættismennina. Svona lög gera rangt, því að eptirlaun þau, sem nú eru, eru eigi annað en viðurkenning fyrir því, að launin sjeu of lág. Meiningin með að lækka eptirlaunin er alveg sama í raun rjettri, sem að lækka launin.

Líti jeg á stöðu hjeraðslækna, þá kemur í ljós, að þeir verða af þessum 1500 kr. launum að borga 100 kr. í ekknasjóð og 100 kr. til þessa umrædda ellistyrks; og eru þá laun þeirra skert ekki svo lítið; enn fremur eiga læknar öðrum fremur útistandandi skuldir; jeg þekki hjeraðslækni, sem eptir 4 ára embættistíð átti í útistandandi skuldum 4000 krónur. Jeg skil ekki í þeirri viðleitni, að setja embættismennina andspænis þjóðinni, sem mótstöðumenn hennar; jeg skil ekki að embættismenn sjeu ekki meðlimir þjóðfjelagsins; eða að embættismaðurinn, sem gefur út allan tíma sinn í þarfir þjóðfjelagsins, sem hann lifir í, sje síður meðlimur þjóðar sinnar, en bóndinn, tómthúsmaðurinn, lausamaðurinn eða allur almenningur.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Jeg skal svara strax; jeg skil ekki hvers vegna h. ræðumaður (I. E.), er seinast talaði, hefur farið að taka svo ýtarlega

fram, að hann skildi ekki að embœttismennirnir væri ekki meðlimir þjóðarinnar, og álít jeg hann eigi hafa rjett til að leiða út úr orðum mínum, að hjer væri um tvo andvíga flokka að ræða. Jeg talaði einmitt um samband milli þessara flokka. Þegar borið er saman, hve mikið fje er lagt út til eptirlauna og til annars, þá má sjá, hver afstaða þjóðarinnar er við embættismenn sína. Árið 1889 voru 41000 kr. ætlaðar til eptirlauna, til strandferða 9000 kr., til búnaðarfjelaga um 10,000 kr. Þessar tölur tala fyrir sig sjálfar; þjóðin er því ekki andvíg, nje ósanngjörn, heldur vill hafa samræmi, vill gera meiri jöfnuð milli hvers fyrir sig. Eigi vill alþýðan að embættismennirnir geti ekki lifað hægu og rólegu lífi í ellinni, heldur þvert á móti, ef þeir hafa unnið vel og trúlega meðan þeir gegndu embættisstörfum. Það er áhugamál þjóðarinnar, að hver og einn fái starfa sinn sómalega og rjettlátlega launaðan, eptir verðleikum á meðan hann starfar fyrir þjóðina. En hvað er rjettlátt? Hvað er of hátt? Hvað er of lágt? Um þetta er ágreiningurinn. Sitt segir hver. Einn telur það of hátt, sem annar kallar of lágt, eins og þm. Vestm. (I. E.) sagði. En viljandi hef jeg eigi gefið tilefni til þessa misskilnings hans. Það sem okkur er kappsmál er það, að óskum þjóðarinnar sje sinnt, og því þetta mál rækilega tekið til íhugunar, og rannsakað, hvort þessar óskir þjóðarinnar sjeu á rökum byggðar og þess verðar, að þeim sje fullnægt, sem jeg fyrir mitt leyti dreg engan efa á. En ef þingdm. vilja koma málinu betur fyrir á annan hagkvæmari hátt, þá erum við flutningsm. þess fúsir, og væri þá nefnd heppilegust. Þess vil jeg að endingu geta, er h. þm. Eyf. (B. Sv.) sagði, að þm. Rangv. (Ól. Ól.) hefði haft eptir honum (þm. Eyf.) að þjóðin væri ræningi, þá var það rangheyrn af þm. Eyf. (B. Sv.), og hefir hann bæði misskilið þm. Rangv. (Ól. Ól.) og mig. Jeg vildi eigi tala persónulega, og var því óþarfi fyrir hann að fara í heitingar við mig, enda óttast jeg eigi stóryrði hans. Ef menn íhuga málið með ró og stillingu, þá er auðsætt, að embættismenn geta eigi eins vel stundað bú, ásamt embætti sínu, eins og bændur, sem eigi hafa öðru að sinna. Vona jeg svo að þingdeildarmenn sjeu búnir að heyra nóg um mál þetta að sinni, og óska, að það fái að ganga til 2. umr. þrátt fyrir þessi mótmæli.

2. umr. samþ. með 16 atkv.

Frv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 121); 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess, áður en gengið er til atkvæða í máli þessu, að jeg er mótfallinn báðum þeim stefnum, sem koma fram í frumv., bæði þeirri, að aukin sje tala atkvæðabærra manna við prestskosningar, og eins hinni, að söfnuðum sje heimilað að kjósa um alla umsækjendur. Að því er hið fyrra snertir, þá er farið fram á, »að öllum meðlimum þjóðkirkjunnar, sem heimili eiga í prestakallinu, og óspillt mannorð hafa, sje gefinn kostur á að greiða atkvæði við prestskosningu, ef þeir eru 21 árs, þegar kosningin fer fram, og hafa atkvæðisrjett á safnaðarfundum«. Þetta álít jeg mjög óheppileg ákvæði. Jeg álít ekki ástæðu til eða rjett að veita vinnumönnum eða lausamönnum rjett þennan; þessir menn eru miklu síður bundnir við prestakallið en bændur, og má því búast við, að þeir hafi og minni áhuga á velferðarmálum þess en bændurnir. Jeg sje ekki heldur, hvaða ástæða er að veita rjett þennan undir eins og menn eru 21 árs; hitt sýnist eðlilegra, að binda hann við 25 ára aldurinn.

Einnig er jeg mótfallinn því, að söfnuðunum sje veitt meira vald en þeir hafa nú, og það einmitt af þeirri reynslu, sem jeg hef, að vald þeirra sje fullmikið nú. Mitt álit er, að það ætti að reyna lögin óbreytt nokkru lengur, og sjá til, hvort mönnum lærist ekki að hagnýta sjer þau betur, en hingað til hefir átt sjer stað, eptir dómi skynberandi manna. En ef um breyting væri að ræða á þeim nú, þá hygg jeg að hún ætti að fara í gagnstæða átt því, sem frv. fer fram á.

Flutningsm. (Jón Jónss., þm. N.-Múl.): Það er að vísu óheppilegt fyrir málið, að hæstv. landsh. er því mótfallinn. En þrátt fyrir mótmæli hans get jeg ekki fallizt á það, að ekki sje ástæða til að veita vinnumönnum og lausamönnum hluttöku í prestakosningum; það er þó sannarlega mál, sem alla snertir, bæði æðri og lægri. Ef lausamenn og vinnumenn eru ekki bundnir við prestakall, þá má líka að nokkru leyti segja alveg hið sama um bændur; þeir eru ekki svo rígbundnir við sömu þúfuna, að þeir ekki bæði geti það og gjöri, að flytja sig úr einu prestakalli í annað. Það geta verið skiptar skoðanir um það, hvort söfnuðir hafa farið vel með kosningarvald sitt eða ekki, en varla mun það vera beinasti vegurinn til þess að bæta úr því, sem ábótavant er í því tilliti, að takmarka vald safnaðanna enn meir. Deilur þær og sundurlyndi, sem leitt hefir af prestakosningum, munu eflaust stundum hafa verið af því runnar, að söfnuðirnir hafa ekki fengið að velja um alla umsækjendur. Stundum hefir sá umsækjenda ekki komizt á kjörskrá, sem söfnuðurinn mundi einhuga hafa kosið, en þegar hann hefir verið skilinn frá, hafa deilur hafizt um hina, er eptir voru. Málið fjekk svo góðar undirtektir við 1. umr., að ekki er ástæða til að ætla annað, en að það fái að ganga til 3. umræðu, því jeg get ekki sjeð, að neitt hafi komið fram í því síðan, sem snúið hafi getað hugum h. þingd.

ATKVÆÐAGR.: 1. — 2. gr. samþ. með 15 atkv. hvor. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr. Málinu vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Álit yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1888 og 1889. Nefndarkosning.

Forseti stakk upp á að vísa málinu til nefndarinnar í landsreikningamálinu, og var það samþ. með 17 atkv.

Níundi fundur, laugardag 11. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi nema þm. V.-Skaptf. (O. P.).

Þm. Mýram. (Á. J.) afhenti forseta bænarskrá um aukalækni, er hann kvaðst vera flutningsmaður að frá kjósendum sínum í Álptanes- og Hraunhreppum; óskaði hann að henni yrði vísað til fjárlaganefndarinnar og var það samþ.

Forseti gat þess, að til sín væru komnar fundargjörðir úr Rangárvallasýslu.

Frv. til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun hjeraðsnefnda (C. 89, 140); 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer, samkvæmt 23. gr. þingskapanna, að fara þess á leit við h. forseta, að fyrri lið í viðaukatillögu h. þm. Rang. (Ól. Ol.) sje skipt við atkvæðagreiðsluna, annaðhvort í þrennt, þannig, að hver málsgrein sje borin sjer upp til atkv., eða í tvennt, þannig, að tvær fyrri málsgreinarnar sjeu bornar upp sjer og hin síðasta sjer, og mun jeg síðar, er jeg hefi heyrt útlistun h. uppástm. á tillögunni, færa ástæður fyrir beiðni minni.

Forseti: Jeg skal leyfa mjer að benda h. deild á, að prentvilla hefir slæðzt inn

í breyt.till.; þar stendur 1880, en á að vera 1890.

Ólafur Ólafsson: Það hafa hingað til orðið litlar umræður um frumv. þetta, kemur það sjálfsagt af því að h. deild þykja breytingar frumv. heppilegri en það, sem áður var. Þó hef jeg leyft mjer að koma fram með viðaukatill. við frumv., og skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um hana.

Eins og h. deild er kunnugt, þá eru í lögunum frá 27. febr. 1880 engin ákvæði um, hvenær hjeraðsfundur sje lögmætur. Af þessu hefir leitt, að sumir hafa álitið, að hjeraðsfundur væri lögmætur, ef á honum mættu 3 eða 5 menn, aðrir ef þar mætir 1/3 af öllum, sem mæta eiga, og enn aðrir eigi nema þar mæti helmingur þeirra. Þessar mismunandi skoðanir hafa komið fram af því, að glögg ákvæði hafa vantað. Hjer er bætt úr þessu, með því að taka það skýrt fram, að hjeraðsfundur sje lögmætur, þegar meira en helmingur presta og safnaðarfulltrúa samtals í því hjeraði eru á fundi. T. d. í því hjeraði, þar sem 20 prestar og safnaðarfulltrúar samtals ættu að mæta á hjeraðsfundi, þá væri hann lögmætur, ef 11 þeirra mættu; ella ekki. Jeg veit að í einu prófastsdæmi mættu að eins 5 menn á hjeraðsfundi, þar á meðal að eins 2 af hinum 6 þjónandi prestum prófastsdæmisins; en orsökin til þess, að hann var ekki betur sóttur, var sú, að vötn hömluðu mönnum frá að koma á hann. Þessi fundur var talinn lögmætur, og á honum rætt um mikilsvarðandi málefni og ályktun tekin í því. Sumir vildu síðar álíta fund þennan ólögmætan, en um það urðu deildar skoðanir. Jeg álít því þessa málsgrein viðaukatillögunnar til bóta.

Þá kemur annað atriði viðaukatillögunnar, að það mál sje samþykkt á hjeraðsfundi, sem hlotið hafi helming atkv. þeirra, sem greidd eru. Þessa ákvörðun tel jeg líka vera til bóta, því að hjer er sama um að segja, sem um hið fyrra, að einnig vantar ákvæði í lögin um þetta atriði; sumir álíta ályktanir hjeraðsfunda lögmætar, ef þær hafa verið samþykktar með helmingi atkv., en aðrir álíta að til þess þurfi 2/3 atkv. þeirra manna, sem á fundi eru. Síðari hluti málsgreinarinnar er að mestu tekinn úr lögunum 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og skipun hjeraðsnefnda og sóknarnefnda; hjer er að eins bætt inn í: »og á fundi eru«. Þetta er að eins sett til nánari ákvörðunar og skýringar. Hjer er því svo um búið, að til þess að breyting á sóknaskipun eða kirkjuflutningur geti farið fram, þá útheimtist í fyrsta lagi, að meira en helmingur hlutaðeigandi hjeraðsfundarmanna mæti á fundi, og í öðru lagi að meira en helmingur fundarmanna samþykki breytinguna, og þar á ofan er farið fram á, að meira en helmingur þeirra hjeraðsfundarmanna, sem málið sjerstaklega snertir, samþykki breytinguna. Hjer virðist mjer stórum tryggilegar um búið en áður var. Þannig væri, að ef breyting ætti að gjöra í prestakalli því, sem þrjár sóknir væru í, þá ætti að rjettu lagi að mæta á hjeraðsfundi presturinn og þrír safnaðarfulltrúar. Til þess nú að ályktunin yrði lögmæt, útheimtist fyrst og fremst að meira en helmingur allra fundarmanna greiddi atkvæði með breytingunni og auk þess þrír af þessum fjórum, sem málið sjerstaklega snerti. Þessu ákvæði, »sem á fundi eru«, er bætt við til að herða á mönnum að sækja hjeraðsfundi. Nú geta menn með vanrækslu drepið mikilsvarðandi mál, ef þeim þykir það betur eiga við, að fella það með því, að koma ekki á fund, en með því að greiða atkvæði gegn því. Móti þessu er þetta atriði viðaukatillögunnar stílað. Hjer er einmitt atriði í viðaukatillögunni,

sem ekki er í lögunum frá 27. febrúar 1880, það atriði, að safnaðarfulltrúum, sem hjeraðsfundi sækja, skuli greiða í ferðakostnað og fæðispeninga 2 kr. á dag. Mjer sýnist öll sanngirni mæla með því, að þeir, sem vinna í þarfir þjóðfjelagsins, fái starfa sinn borgaðan. Vjer vitum, að sýslunefndarmenn vinna ekki alveg ókeypis, og því skyldu þeir þá ekki eins fá endurgoldinn starfa sinn, sem vinna að andlegum þörfum manna, eins og þeir, sem að líkamsþörfunum starfa? sálin hefir þó ekki verið talin verri hluti mannsins, nje minni nauðsyn að sjá fyrir þörfum hennar en líkamans. Hjer er líka svo höglega farið í sakirnar, að ekki er þung byrði lögð á gjaldendur. Ef hjeraðsfundarmaður hefir um stuttan veg að fara, þá er og borgunin lítil, en ef hann hefir um langan veg að sækja fund, þá er hann og lengur að heiman, og því sanngjarnt, að hann fái hærra gjald. Hjer stendur að eins, að safnaðarfulltrúar skuli fá borgun, en prestar eigi; jeg skoða það sem embættisskyldu þeirra að sækja safnaðarfundi, skoða það sem hvert annað embættisverk, og að þeir eigi ekki að fá borgun fyrir það. — Að síðustu er gjört ráð fyrir, að sóknarnefndin jafni niður gjaldinu og innheimti það, og að þar sje farið eptir þeim reglum, sem settar eru í lögum frá 22. maí 1890 nr. 21.

Skal jeg svo ekki orðlengja þetta mál meira að sinni.

Landshöfðingi: Jeg hef lítið að athuga við viðaukatillöguna (C. 140), að því er snertir fyrstu málsgrein hennar.

Jeg álít það fremur til bóta, að tiltaka, hvað útheimtist til þess, að fundur sje lögmætur. Um aðra málsgreinina má segja, að hún sje ekki þörf, en að hún spilli ekki heldur. Fyrst ekkert er ákveðið í lögunum um, hvað útheimtist til þess að mál sje samþykkt á safnaðarfundi, þá er sjálfsagt, að ætlazt er til, að meiri hluti atkvæða skuli ráða úrslitum. Það er venja, þegar eigi er annað beint tekið fram, að afl ráði. En þegar kemur til seinni hluta viðaukatillögunnar, er jeg henni ekki eins samþykkur. Það er, eins og h. flutningsm. (Ól. Ol.) tók fram, sú breyting gjörð, að inn er skotið orðunum: »og eru á fundi«; en jafnframt kom hann með þá skýring á breytingartillögunni, að þar sem talað er um meiri hluta þeirra hjeraðsfundarmanna, er hlut eiga að máli, þá sje átt við meiri hluta hjeraðsnefndarmanna úr viðkomandi prestakalli eða sókn, að meiri hluti þeirra yrði að koma á fundinn að samþykkja breytinguna, ef hún ætti að ná gildi. Þetta get jeg ómögulega fengið út úr orðunum, eins og þau liggja hjer fyrir. Jeg álít það líka ópraktiska ákvörðua, að meiri hluti þeirra nefndarmanna, er málið varðar sjerstaklega, verði að vera því samþykkur. Í lögunum frá 27. febr. 1880 um skipun prestakalla er eitt atriði um breyting á sóknum; þar stendur í 4. gr.: »Nú vilja söfnuðir breyta skipun sókna eða brauða«. Þar er það gjört að skilyrði fyrir því, að málið komi fyrir hjeraðsfund, að söfnuðirnir vilji breytinguna. Hvernig er þá eiginlega hægt að hugsa sjer, að hjeraðsnefndarmennirnir þaðan, sem breytingarinnar er æskt, sjeu á móti málinu? því að líklegt er, að söfnuðurinn muni kjósa þá eina fyrir safnaðarfulltrúa, sem hann veit að muni fylgja sínu máli. Sama er um niðurlagning eða flutning kirkju, að tillagan um það verður að koma frá hlutaðeigandi söfnuði eðr söfnuðum. Það virðist því þarflaust, að setja þau ákvæði, að meiri hluti þeirra hjeraðsfundarmanna, sem málið sjerstaklega snertir, verði að greiða atkvæði með því. Hjer virðist ekki heldur farið fram á annað en að meiri hluti þeirra hjeraðsnefndarmanna,

sem á fundi eru, þurfi að vera málinu samþykkir. En þeir þurfa alls eigi að vera á fundi, og hvað verður þá um trygginguna, sem á að liggja í ákvæðinu? Ef um kirkjuniðurlagning er að ræða á hjeraðsfundi, og báðir mæta þar, hlutaðeigandi prestur og safnaðarfulltrúi, þá verða þeir báðir að vera breytingunni samþykkir, ef hún á fram að ganga; ef annar þeirra mætir, þá er hann líka meiri hluti, og ef hvorugur þeirra mætir, þá gjörir það ekki til. Mjer sýnist nægja þau ein ákvæði, að ákvarðanir þær, sem hjer ræðir um, sjeu gildar, ef meir en helmingur allra fundarmanna er þeim samþykkur, eða þá, eins og ákveðið er í lögunum um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, að meir hluti hjeraðsnefndar mæti á fundi, og meira en helmingur fundarmanna greiði atkvæði með málinu, þannig, að ef allir hjeraðsnefndarmenn mættu á fundi í því hjeraði, sem þeir væru 20, þá þyrftu 11 þeirra að greiða atkvæði með ákvörðun til þess að hún yrði gild. Þannig hef jeg skilið lögin og þannig hafa þau verið praktíseruð, enda er sú aðferð mjög einföld, er til framkvæmda kemur. Jeg hef því stungið upp á að skipta atkvæðagreiðslunni, til þess að hægt sje að fella þennan hluta tillögunnar, því að þannig lagaða getur h. deild ekki samþykkt hana, þótt eigi væri annars vegna, þá vegna málsins. Hjeraðsfundarmenn geta þó ekki aðrir verið en þeir, sem á hjeraðsfundi eru, og þá tæki það sig hálf óviðkunnanlega út, að tala um hjeraðsfundarmenn, sem eru á fundi, eins og líka væru hjeraðsfundarmenn, sem ekki væru á fundi; en hjeraðsnefndarmenn gætu þeir heitið, hvort sem þeir mættu á fundi eða eigi, og það eru þeir líka nefndir í lögunum.

Ólafur Ólafsson: Jeg hef ekki fengið aðrar athugasemdir frá hæstv. landsh. við breyt.till. mínar en þær, sem jeg bjóst við að fá. Skal jeg fara fám orðum um þær, og þá fyrst geta þess, að hjeraðsfundarmenn álít jeg alla þá, sem kosnir hafa verið á hjeraðsfund, jafnt fyrir það, þó þeir vanræki að koma þangað; alveg á sama hátt og hver sá er alþingismaður, sem á alþingi er kosinn, hvort sem hann situr á alþingi eða liggur sjúkur austur á Hrauni í Ölvesi. Hæstv. landsh. getur ekki fellt sig við orðin »eru á fundi«. Honum þykir yfir höfuð ekki þörf á að setja eins ramar skorður og jeg hefi leitazt við að gjöra gegn því, að sóknum sje breytt eða kirkjur fluttar að óvilja fleiri eða færri hlutaðeigenda. Jeg held það sje óhætt að segja, að dæmi sjeu til þess, að söfnuði hafi mjög greint á í þessu efni. Jeg gjörði ráð fyrir, að 4 menn mættu úr prestakalli, þar sem um breyting væri að ræða, á hjeraðsfundi, og að þrír af þessum fjórum væru á móti breytingunni, en að hún næði þó framgöngu af því, að meir en helmingur fundarmanna greiddi atkvæði með henni. Þetta sýnist mjer hvorki rjett nje sanngjarnt gagnvart hlutaðeigendum, því að búast má við, að margir fleiri í söfnuðinum en þeir einir, er á fundinum voru, væru óánægðir með úrslitin. Annað eins og þetta vil jeg ekki láta geta komið fyrir. Mæti enginn á fundinum, eins og hæstv. landsh. gjörði ráð fyrir, þá er málið fallið niður. *(Landsh.:* Nei.). Jú! Jeg skal setja dæmi, að leggja ætti niður tvær kirkjur og gjöra að einni, og að stórt vatnsfall væri á milli prestakallsins og fundarstaðarins, er ófært væri fundardaginn, svo að enginn úr prestakallinu kæmist á hjeraðsfundinn. Eigi að síður ættu aðrir fundarmenn að geta gjört út um málið án þess að hlutaðeigendum gæfist kostur á að leggja þar nokkuð til mála. Mjer finnst það mjög óeðlilegt að báðir málsaðilar fái ekki

að mæla og færa fram sókn og vörn, ef á þarf að halda. «Audiatur et altera pars«, hlýða skal á báða málsparta, sögðu Rómverjar, og það hlýtur að teljast enn þá rjett regla. Jeg er ekki sanntærður enn um, að tillaga mín sje ekki til bóta og vona jeg að margir fylgi mjer í því.

Landshöfðingi: Ágreiningurinn okkar á milli, uppástungum. og mín, er um það, hvernig eigi að skilja þessi orð: »eru á fundi«. Mjer er óskiljanlegt annað, en að þótt enginn mætti á fundi af hlutaðeigendum, af því ófær á væri til tálmunar, mjer er óskiljanlegt, segi jeg, annað, en að málið gæti samt sem áður orðið löglega samþykkt eptir hans eigin breytingartillögu, eða öllu heldur þrátt fyrir hana. Ef jeg ætti að skera úr málum, mundi jeg álíta breyting á sóknaskipun eður öðru slíku löglega samþykkt, ef hún að eins væri samþ. með meiri hluta atkvæða þeirra sem á fundi eru, þótt enginn væri á fundi úr hlutaðeigandi prestakalli.

Jeg hef í sjálfu sjer ekki í móti síðari lið viðaukatill. En jeg kenni í brjósti um söknarnefndirnar, er eiga að fara að jafna niður í tvennu lagi 2—10 kr., öðrum helmingnum eptir fólksfjölda, en hinum eptir efnum og ástæðum; en það skal jeg játa, að gjaldið kemur ekki þungt niður. Mjer þætti skemmtilegt, ef einhver h. þingd.m. vildi skýra álit sitt um það, hvort jeg skil þetta ranglega, en h. þm. (Ól. Ól.) rjett.

Ólafur Ólafsson: Í viðaukatillögunni stendur, að eigi megi gjöra breytingar á takmörkum sókna eða prestakalla, og eigi leggja niður kirkju eða færa úr stað, nema meiri hluti hjeraðsfundarmanna, þeirra sem hlut eiga að máli og eru á fundi, samþykki breytinguna. Það eru þessi orð: þeirra sem hlut eiga að máli og eru á fundi, sem jeg legg aðaláherzluna á. Til þess, að slík breyting, sem hjer ræðir um, geti öðlazt gildi, verða þeir hjeraðsfundarmenn, sem hlut eiga að máli, að vera á fundi. Jeg get ómögulega fellt mig við, að hjeraðsfundur taki ályktun í neinu máli, þegar þeir, sem hlut eiga að því máli, eigi eru viðstaddir. Að því er snertir þóknun til safnaðarfulltrúanna, skal jeg taka það fram aptur, að mjer sýnist ósanngjarnt, að t. d. þeir, sem teppast um lengri tíma á fundarstaðnum, fái eigi borgun fyrir ómak sitt og tímatöf. Það eru hvort sem er fleiri smágjöld lögð á almenning, og sum þeirra tæpast rjettlátari en þetta gjald.

Árni Jónsson: Jeg efast alls ekki um, að h. flutningsm. þessara viðaukatillaga (Ól. Ól.) hafi gengið gott eitt til að koma með þær. Því sjálfsagt er ýmislegt athugavert við lögin, sem mætti breyta til bóta. Fyrsta tillaga hans er um lögmæti hjeraðsfunda. Eptir því, sem orð haus og fleiri hafa fallið um það atriði, þá er síður en svo, að allir hjeraðsnefndarmenn hafi mætt á öllum hjeraðsfundum. Samt sem áður getur verið álitamál um tillögu hans í þessu efni. Ýmislegt mætti gjöra gagnlegt á hjeraðsfundum, þó ekki mætti helmingur presta þeirra og safnaðarfulltrúa, er fundinn ættu að sækja. Eitt verkefni hjeraðstunda er t. d. það, að yfirfara kirkjureikninga og úrskurða þá. Það mál álít jeg mætti útkljá þótt ekki mættu nærri allir á fundinum. Fleiri mál, sem snerta safnaða og kirkjumál, mætti útkljá á hjeraðsfundum, þótt ekki mæti fullur helmingur hjeraðsnefndarmanna. Þar mætti grennslast eptir samkomulagi milli prests og safnaðar, barnauppfræðingu o. fl., og bera sig saman um ýmislegt það, er gæti verið kristilegu lífi til eflingar. Jeg er þess vegna í efa um, hvort þetta ákvæði er alls kostar heppilegt.

Að því, er snertir aðra málsgrein

hinnar fyrstu viðaukatillögu, um það, hvað til þess útheimtist, að mál verði samþykkt á hjeraðsfundi, þá er það sjálfsagt, eins og hæstv. landsh. tók fram, einfaldur meiri hluti, sem sker úr því. Síðari liður sömu málsgreinar finnst mjer ekki svo ljós, sem æskilegt væri; hann er ekki eins ljós eins og jeg ímynda mjer að h. flutningsm. sjálfur hafi ætlazt til. Jeg get heldur ekki skilið, að það sje ávallt öldungis nauðsynlegt, að þeir hjeraðsnefndarmenn, sem hlut eiga að einhverju máli, sem kemur til umræðu á fundinum, sjeu viðstaddir, því þeir, sem á fundinum eru, munu eiga kost á að kynna sjer málið, þar sem þeir hafa tillögur og óskir hlutaðeigenda, sem ætla má að hafi búið það lögformlega undir fundinn.

Að því er snertir borgun þá til safnaðarfulltrúanna, sem getur um í 2. tillögunni, þá er jeg henni að vísu eigi mótfallinn í sjálfu sjer, þó mjer finnist það ekki bera vott um mikinn áhuga á safnaðarmálum, að geta ekki mætt einu sinni á ári á slíkum fundi borgunarlaust. En mjer finnst greinin ekki ljóslega orðuð eins og hún er. Hvernig á að jafna þessu gjaldi niður? Hverjir eiga að greiða það? Þetta er ekki skýrt tekið fram, og það álít jeg óheppilegt.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd. Mjer skildist h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) beina því að mjer, að jeg hefði ekki viljað, að hjeraðsnefndarmenn, er hlut ættu að einhverju máli, mættu á þeim fundi, sem ræða ætti og útkljá þetta mál. Þetta hef jeg aldrei sagt, og það hefir heldur aldrei verið mín meining. Jeg hef að eins sagt, og segi enn, að eptir orðum sjálfs hans þurfi einmitt ekki meiri hluti þeirra hjeraðsnefndarmanna, sem hlut eiga að máli, að vera á fundinum, til þess að málið verði samþykkt. En jeg vil skjóta því til h. þm. Rangv. (Ól. Ól.), hvort hann vildi ekki breyta tillögunni þannig, að í staðinn fyrir: »nema meiri hluti hjeraðsfundarmanna þeirra, sem hlut eiga að máli og eru á fundi, samþykki tillöguna«, komi: »nema meiri hluti hjeraðsnefndarmanna þeirra, er hlut eiga að máli, sjeu á fundi og samþykki tillöguna«.

Sigurður Stefánsson: Umræður manna hafa hingað til mest snúizt um viðaukatillögur h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) við frumvarpið, en ekki um frumvarpið sjálft. Jeg ætla nú að taka það fram viðvíkjandi 1. gr. frumvarpsins sjálfs, að jeg sje ekki, að það sje neinn hagur við það, að breyta fundartímanum, eins og stjórnin stingur upp á. Það kann að vera, að það sje hagfelldara á einstöku stað, að hafa hjeraðsfundina í júnímánuði, heldur en í septembermánuði, en sumstaðar, og jafnvel víða, einkum í sjávarplássum, ætla jeg að júnímánuður sje jafnvel óhagfelldari til þessara fundarhalda, en septembermánuður. Sveitabændur hafa víst almennt eins mikið annríki í júnímánuði, eins og í septembermánuði.

Viðvíkjandi viðaukatillögunum er jeg á sama máli og hæstv. ldsh. um það, að það sje rangt, að segja, að hjeraðsfundarmaður sje sama sem hjeraðsnefndarmaður. Meðan sá, sem kosinn er á hjeraðsfund, er heima í hjeraði, er hann hjeraðsnefndarmaður, en þegar hann er á hjeraðsfundi, þá er hann hjeraðsfundarmaður. Eptir skilningi flutningsm. get jeg hugsað mjer, að hjeraðsnefndarmenn geti eyðilagt safnaðarmál, sem þeir væru sjálfir mótfallnir, með því að fara ekki á þann hjeraðsfund, sem taka ætti mál það til meðferðar, því þá fengjust engin úrslit á málinu, eptir hans skilningi.

Að því er snertir þóknunina til safn-

aðarfulltrúanna, þá hef jeg ekki mikið á móti tillögunni um hana í sjálfu sjer. Þeir, sem fara langa ferð á hjeraðsfund, eiga hana sjálfsagt skilið, en jeg kenni í brjósti um sóknarnefndirnar, sem eiga að niðurjafna og innheimta þetta gjald. Jeg hefði getað fellt mig betur við, ef stungið hefði verið upp á, að taka gjaldið af sveitarsjóði. Lögin frá 22. maí 1890 eru ekki svo vinsæl, að sóknarnefndirnar sjeu öfundsverðar af, að þurfa að beita þeim, þótt ekki sje bætt fleiri innheimtum á þær samkvæmt lögum þessum.

Að því er snertir þá hugsun, að þessi breyting miði til að vekja og glæða kirkju- og trúarlífið hjá oss, þá sje jeg ekki, að þessar tillögur hafi þann kost, fremur en þau lög, sem vjer nú höfum. Þetta er ekkert annað en kák allt saman, bæði frumvarpið og breytingartillögurnar. Fundirnir yrðu sóttir eins vel í september, eins og júní, og eins án endurgjalds eins og fyrir endurgjald, ef nokkur áhugi væri hjer á kirkjumálum meðal almennings, og ef kirkju- og trúarlífið væri ekki eins dauft og kalt, eins og það í raun og veru er. Það er leiðinlegt, að þurfa að segja þetta, en satt er það. Það þurfa önnur lög en þessi, til að vekja og glæða trúar- og kristindómslífið hjá oss.

Af þeim ástæðum, sem jeg nú hef tekið fram, greiði jeg atkvæði á móti frumvarpinu sjálfu og viðaukatillögunum.

Ólafur Ólafsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar um þetta mál mikið meira; þær eru orðnar nógu langar. H. þm. Ísf. (S. Stef.) tók það fram, að hann áliti rjett, að taka gjaldið til safnaðarfulltrúanna af sveitarsjóði. Sjálfsagt hefur hann sagt þetta í skopi, eins og til að gefa til kynna, að þeir kæmust þá a sveitina. En það verða þá fleiri en hjeraðsnefndarmenn, sem verða á sveit; það verður þá að telja sjálfa sýslunefndarmennina sem verandi á sveit, eptir þessu. Sami þm. sagði, að kristilegt trúarlíf mundi ekki vaxa mikið við þetta »kák«. Það er hægt, að kasta því fram, að þetta mál sje ekki annað kák, og eins mætti kasta þeirri spurningu að honum, hvort hinn pólitiski þroski þjóðarinnar mundi vaxa mikið við það, þótt verið væri að káka við stjórnarbótarkröfur og stjórnarbótarmál.

H. þm. Mýram. (Á. J.) skal jeg fáu svara. Mjer virtist hann fremur tala sem prófastur, heldur en sem þm. Hann vildi engin ákvæði setja um lögmæti hjeraðsfunda. Það get jeg vel skilið, að prófasti kæmi það ekki illa, þótt engin takmörk væru sett í þessu tilliti, þó jeg verði að játa, að jeg hefði sízt búizt við slíkum einveldisanda hjá honum. Þá minntist hann á, að það gæti verið óþægilegt, að mega ekki endurskoða kirkjureikningana á hjeraðsfundi, þótt ekki væri helmingur hjeraðsnefndarmanna viðstaddur. Jeg veit nú ekki betur en að búið sje að endurskoða kirkjureikningana fyrir hjeraðsfundi; að minnsta kosti er það svo, þar sem jeg þekki til.

Loks skal jeg játa, að síðari liður 2. málsgr. er ekki svo vel orðaður, sem vera bæri, og vil jeg fúslega breyta honum til næstu umræðu. Annars gladdi það mig mjög, að heyra síðustu orð h. landsh., því þau sannfærðu mig um, að skoðanir okkar eru ekki næsta ólíkar á þessu máli.

Árni Jónsson: Jeg held, að h. flutningsm. hafi ekki skilið orð mín rjett, eða tekið þau eins og jeg talaði þau. Jeg talaði eins og þingmaður, en ekki sem prófastur, enda þótt jeg sæi enga ástæðu til, að fastákveða, hvenær hjeraðsfundur væri lögmætur. Það er líka misheyrn og misskilningur hjá þm., að jeg hafi talað um endurskoðun kirkju-

reikninganna. Það stendur í lögunum um stjórn safnaðarmála, að hjeraðsfundirnir eigi að ræða reikningana og úrskurða þá, og að þetta eigi að gjöra á hverju ári. Þessu ákvæði laganna áleit jeg að mætti fullnægja, þótt ekki mætti helmingur hjeraðsnefndarmanna á fundi. Jeg get ekki verið samdóma h. þm. Ísf. (Sig. St.) um það, að ekki sje heppilegt, að færa til fundartímann, eins og gjört er í frumv. stjórnarinnar, því jeg ætla, að víðast muni júnímánuður vera heppilegri og hentugri til fundarhaldanna, heldur en septembermánuður. Svo er það fyrir norðan, og eins mun vera á suðurlandi. Jeg verð þess vegna að álíta, að frumv. sje til mikilla bóta í þessu tilliti.

ATKVÆÐAGR.: 1. og 2. gr. frv. samþ. með 17 atkv. hvor.

Viðaukatill. þm. Rangv. (C. 140).

1. gr. 1. liður samþ. með 14 atkv.
- — 2. — — — 15 —
- — 3. — tekinn aptur.

2. gr. viðaukatill. felld með 13:6 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 atkv.

Frumvarp til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum (C. 125, 144); 2. umr.

Flutningsm. (Benidikt Sveinsson): Með því að þetta er 2. umr., er samkv. 13. gr. þingskapanna, ekki um annað að ræða en hinar einstöku greinar frumv. Finn jeg ekki að svo stöddu ástæðu til að fara mörgum orðum um frv., fyrri en jeg heyri, hver mótmæli kunna að koma fram. Jeg skal að eins bæta því við, að jeg vona að h. þingd. taki viðaukatill. okkar (C. 144) vel, því eins og h. forseti tók fram, er í rauninni ekki annað í henni en það sem liggur í sjálfu frv. rjett út þýddu, en eigi að síður þótti oss vissara að taka það með berum orðum fram, sjer í lagi af því hæstv. landsh. lagði áherzlu á þetta atriði.

Páll Briem: Við 2. umr. skal tala um einstök atriði málsins.

Að því er snertir 1. grein, þá komu fram við 1. umr. tvær sundurleitar skoðanir. Önnur var skoðun hæstv. ldsh., sú skoðun, að hæstirjettur í Danmörku gæfi frekari tryggingu fyrir rjettlátum dómum, en yfirrjettur hjer á landi; hin var skoðun h. flutningsm. (B. Sv.), er lýsti fullu trausti á yfirrjetti hjer á landi. Jeg lýsi því yfir, að jeg hallast að hinni síðari skoðuninni; jeg ber fullt traust til landsyfirdómsins. Annars kemur mjer það undarlega fyrir, þetta traust h. flutningsm. (B. Sv.) og sömuleiðis 1. þm. Eyfirð. (Sk. Th.), því að um tvö síðustu ár hafa þeir sýnt hið megnasta vantraust á landsyfirdóminum og fundið öðrum það mjög til foráttu, er þeir hafa látið í ljósi traust sitt á landsyfirdóminum; en úr því að þeir hafa breytt skoðun sinni í þessu atriði, vonast jeg til að þeir sýni það framvegis, að þeir sjeu komnir til sannleikans viðurkenningar og haldi þá fast við þessa skoðun sína í öðrum atriðum.

Í 2. gr. frv. er farið fram á að bæta við 2 háum embættum í Reykjavík. Jeg verð að vera þessu atriði mótfallinn, og vil jeg mælast til, að h. forseti skipti atkvæðagreiðslu um 2. grein í 2 hluta.

Jeg minntist á það áðan, að h. flutningsmenn (B. Sv. og Sk. Th.) hafa báðir skipt skoðun í einu þýðingarmiklu atriði. En auk þess hefur annar flutningsm., h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.), skipt skoðun sinni skyndilega í öðru, breytt skoðun sinni frá því á fyrsta sumardag þangað til nú í júlí. Í ávarpi til kjósenda sinna talar h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) um hina þungu embættabyrði, er hvíli á þjóðinni, en nú kemur hann fram á

þingi með frv. til að fjölga embættum, bæta við embættabyrðina tveimur hálaunuðum embættum, án þess að nefna þetta á nafn í þessu góða ávarpi til kjósenda sinna. Og þetta kemur því undarlegar fyrir, sem embættabyrðin er svo afarmikið hrakin í orðum og smánuð, og því verð jeg að segja, að mjer finnst þetta líklega eptir reglunni: »Gott er að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri«. (*Forseti:* Meinar h. ræðum., að það sje regla flutningsm. að hafa tungur tvær?). Jeg sagði það ekki nema um þetta eina atriði, en jeg vil ekki segja allt, sem jeg meina. En svo að jeg snúi mjer að ávarpi þessu, þá eru í því ýms orðatiltæki, svo sem »embættisdjásn«, sem gott er að slá um sig með við kjósendur. (*Forseti:* Þetta er ekki umræða um málið).

Jeg álít þessi dæmi eiga vel við í umræðu um þetta mál, því þau sýna það samræmi, sem h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) sýnir, þegar hann talar við kjósendur sína og þegar hann kemur fram á þingi. Orð hans til kjósendanna styðja mitt mál, að óþarfi sje að fjölga þessum hálaunuðu embættum.

Hæstv. landsh. taldi hæstarjett rjettdæmari en yfirrjett, af því að svo margir sitji í hæstarjetti, og af því að lögfræðingar Dana sjeu svo góðir. En þeim mun færri mál, sem yfirrjetturinn hefir til meðferðar, því betur getur hann leyst starfa sinn af hendi; hæstirjettur hefir svo mörg mál, að hann getur nálega ekki undir þeim risið; þar verða dómendur að sitja í rjettinum nálega hvern dag kl. 9—2. Öðru máli er að gegna um yfirrjett, sem ekki hefir meira en svo sem 40—50 mál á ári. Það er ekkert ofverk fyrir hann að íhuga þau mál til fullnustu og dæma þau svo rjett, sem af honum verður krafizt.

Mjer finnst engin ástæða til að hafa 5 dómendur, til þess að dæma 40—50 mál á ári. Ef málum fjölgar síðar, er æfinlega tími til að fjölga dómendum.

Í 3. gr. frv. stendur tilvísun til stöðulaganna, og hefir það atriði síðan á síðasta þingi valdið megnum deilum. Báðir h. flutningsm. (B. Sv. og Sk. Th.) hafa sjálfir barizt gegn tilvísun til stöðulaganna, og annar þeirra (B. Sv.) hefir skrifað langt mál um þetta efni. (*B. Sv.*: Svo?). Jeg skal sýna h. þm. það, og þarf jeg eigi annað en sýna honum ritgjörð, sem jeg held á í hendinni. Jeg er og hef verið samþykkur þessari tilvísun, og er því ekki neina ósamkvæmni að finna hjá mjer, en báðir h. þm. Eyf. (B. Sv. og Sk. Th.) hafa með þessari tilvísun í frumv. tekið aptur ákærur sínar um landráð gegn mjer og öðrum.

Af því að tilvísunin til stöðulaganna er svo mikilsvarðandi atriði, óska jeg þess, að nafnakall verði við haft við atkvæðagreiðslu um þessa grein.

Skúli Thoroddsen: Það er hálfilla gert af h. þm. Snæf. (P. Briem), að neyða mig með ræðu sinni til að taka til máls, því að jeg er kvefaður og lasinn, en jeg vil ekki mótmælalaust taka móti hnútum þeim, sem hann hefur hent að mjer, og skal jeg því um leið nota tækifærið til að svara nokkrum orðum mótmælum þeim, er komu fram frá hæstv. landsh., við fyrstu umræðu þessa máls.

Jeg skal strax taka það fram, að jeg hef gerzt flutningsm. þessa frv. vegna þess, að það er mín grundvallarskoðun, sem allt af hefir þróazt meir og meir, að löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómsvaldið eigi að vera innlent, og vona jeg að allir sjeu mjer samdóma um þetta, að minnsta kosti í hjartanu, og sjái, að frv. þetta er í fullu samræmi við og nauðsynleg viðbót við stjórnarbótarkröfur vorar.

Við fyrstu umræðu þessa máls skild-

ist mjer eigi betur, en að hæstv. landshöfðingi vildi skoða þetta mál frá »kosmopolitisku« sjónarmiði, er hann sagði, að sig gilti einu, hvort hann væri dæmdur af tyrkneskum eða rússneskum dómstól o. s. frv.; en gagnvart þessari skoðun vil jeg taka það fram, að jeg skoða mál þetta eingöngu frá þjóðernislegu sjónarmiði, og jeg vil vona, að hvorki hæstv. landsh. nje öðrum takist að útbreiða kosmopolitiskar skoðanir í þessum þingsal, því að vjer sitjum hjer á íslenzkum þingi, og að eins velferð Íslands á að vera vor leiðarstjarna.

Aðalástæða hæstv. landsh. gegn frv. var, að því er mjer skildist, kostnaðurinn.

Það er mikið rjett, Íslendingar eru fátækir, og getur verið þægilegt að slá fram þeirri ástæðu gagnvart fátækri þjóð; en hæstv. landsh. gleymdi að minnast á, að landsmenn fá þó nokkuð í aðra hönd.

Það er töluverður kostnaður fyrir hið opinbera að skjóta málum til hæstarjettar, en aðalatriðið er þó, hve miklum mun málskostnaðurinn er meiri við hæstarjett fyrir einstaka menn, því að málfærsla er borguð þar miklu betur en hjer. Hæstv. landsh. áleit, að fyrir menn í fjarlægum sýslum væri eins hægt að fá málfærslumenn í Kaupmannahöfn eins og Reykjavík; en þessu verð jeg að mótmæla. Það er bæði meiri kostnaður, og einkanlega er málið því til fyrirstöðu. Það er mun hægra fyrir íslenzkan bónda að skrifa á íslenzku til einhvers málfærslumanns í Reykjavík, heldur en að skrifa á dönsku til Hafnar, auk þess sem hann ekkert veit til hvers hann eigi að snúa sjer þar.

Jeg get því ekki lagt mikla áherzlu á kostnaðinn, en hins vegar verð jeg líka að segja, að ef Íslendingar í þessu máli eða öðrum vilja sjálfir leggja á sig kostnað, þá er það þeirra eigin fje, sem gengur til þess, og jeg vil mótmæla þeirri aðferð, sem stjórnin hefir opt haft, að brúka kostnaðinn sem grýlur gegn ýmsum áhugamálum landsmanna.

Hæstv. landsh. áleit, að vjer hefðum meiri tryggingu fyrir rjettlátum dómum í Danmörku, af því að þar væri meðal fleiri manna að velja um dómendurna. Eptir þeim mælikvarða ættu Danir þá líklega að hafa sinn æðsta dómstól í Kína eða á Þýzkalandi! Jeg drep að eins á þetta, til að sýna, að ástæður hæstv. landsh. eiga ekki við mikil rök að styðjast, ef vel er að gáð.

Jeg skal því næst snúa mjer að h. þm. Snæf. (P. Br.). Hann beindi því að mjer, að jeg hefði áður ekki haft mikið traust á hlutdrægnisleysi yfirrjettarins í Reykjavík, og talaði mikið um ósamkvæmni okkar flutningsmanna, en hann verður að gá að, í hvaða sambandi jeg hef látið þessa skoðun í ljósi. Jeg hef sagt, að jeg áliti hann ekki heppilegan sem pólitiskan dómstól, og jeg er enn á sömu skoðun, og þetta er allt annað en að landsyfirrjetturinn sje hlutdrægur yfir höfuð.

Það var yfir höfuð að sjá svo, sem h. þm. Snæf. (P. Br.) fyndi, að hann væri ekki fastur á svellinu sjálfur, hvað samkvæmni og sannfæringarfestu snertir, og vildi því reyna að láta líta svo út í augum almennings, sem aðrir væru sjer ekki betri. Hann las enn fremur upp úr ávarpi mínu til kjósenda minna í Eyjafirði ummæli í þá átt, að jeg væri móthverfur óþörfum embættum, en h. þm. Snæf. (P. Br.) ljet sjer gleymast, að geta þess, í hvaða sambandi jeg sjerstaklega hafði þessi ummæli; þau eru sögð í sambandi við stjórnarskrárfrv. efri deildar, sem þm. Snæf. (P. Br.) hefur fellt sig svo vel við. Jeg tók það fram, að ef Íslendingar ættu að kosta

upp á, að setja hjer á stofn jarl eða landstjóra með ráðherrastjórn, þá yrði sú ráðherrastjórn að vera annað og meira en nafnið tómt, annað og meira en leikbrúða í hendi Danastjórnar; fyrir slík embættisdjásn, sem þingm. Snæf. vill troða upp á Íslendinga, er ekki gefandi eyris virði.

Loks reyndi h. þm. Snæf. (P. Br.) að sýna ósamkvæmni hjá mjer, að því er snertir tilvísunina til stöðulaganna, þar sem jeg hefi talið það ískyggilegt, að taka upp almenna tilvísun til stöðulaganna 2. jan. 1871 í stjórnarskrárfrumvarpið. En þm. Snæf. (P. Br.) athugar eða skilur eigi, að í þessu frv. er allt öðru máli að gegna. Í þessu efni dregur það engan dilk eptir sig, að taka upp tilvitnun til stöðulaganna, en það er nauðsynlegur vegur til að fá dómsvald hæstarjettar inn í landið, og undir þessa nauðsyn hika jeg eigi við að beygja mig; en þegar í stjórnarskrárfrv. er um tilvísun til stöðulaganna að ræða, þá er spurningin sú, hvort hin íslenzka þjóð eigi að leggja öll sín sjerstöku mál og landsrjettindi fyrir fætur löggjafarvaldsins danska; og í því efni hvorki vil jeg nje get verið eins lítilþægur fyrir þjóð mína, eins og h. þm. Snæf. (P. Br.).

Jeg hef ef til vill gleymt nokkrum atriðum, en vonast eptir að fá tækifæri til að tala frekar um frv. við 3. umr., ef mjer býður svo við að horfa.

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Jeg verð að játa, að þó öðrum kunni að finnast dúnalogn hjer í salnum, þá veit jeg nú ekki, hvaðan á mig stendur veðrið. Það má víst fullyrða, að h. sessunautur minn, þm. Snæf. (P. Br.), hafi algjörlega vikið út fyrir umræðuefni þessa máls, og jeg fæ ekki sjeð með mínum bezta vilja, skilið eða skynjað, hvernig önnur eins ræða, eins og hans, getur á nokkurn hátt leitt til rjettrar skoðunar og sannleikans í þessu máli. Jeg fæ ekki sjeð hina minnstu ástæðu til hjer að vera að ræða um stjórnarmál Íslands yfirhöfuð og það með illmælum, að því er mjer virðist, hálfgjörðum, en þetta hefir þó h. þm. Snæf. (P. Br.) gjört. Jeg skil nú hreint ekki í því, hvernig hann fer að gjöra sig sekan í svona augljóslega ástæðulausum ruglingi þessa máls saman við stjórnarskrármálið; svo mikið er hann þó búinn að gutla í því, að hann ætti að hleypa því fram hjá sjer í þessu máli. Allt þess konar frábið jeg mjer, þar sem það liggur alveg fyrir utan umræðu þessa máls. Hjer er sem sje alls ekki að ræða um þau sjerstaklegu málefni Íslands, löggjöf og stjórn, sem lögð eru undir verksvæði hins sjerstaka íslenzka löggjafarvalds; langt frá; heldur um löggjafarmál, sem eptir pósitívum fyrirmælum stöðulaganna einnig heyrir undir hið almenna danska löggjafarvald, og fyrir þessum pósitívu fyrirmælum hljótum vjer að beygja oss, en af þessu leiðir, að tilvitnunin í stöðulögin í hinum fyrnefnda flokk mála fær allt aðra þýðingu, en í þessu síðartalda máli, og af þessu leiðir aptur, að röksemd sú, sem þm. (P. Br.) þótti sjer í lófa lagða gegn mjer, fyrir sakir tilvitnunarinnar í stöðulögin í þessu máli, þó jeg mæli móti henni þegar um hin málin er að ræða, eður í hinni endurskoðuðu stjórnarskrá, eru töluð út í hött. — Að svo búnu ætla jeg að halda orðum mínum innan rjettra takmarka þessa máls. Jeg legg mesta áherzlu á það, að h. þm. (P. Br.) er á sama máli og jeg í aðalefninu og er honum mjög þakklátur fyrir það, með því jeg treysti því, að hann hafi talað í fullri alvöru. Hitt, að hann sagði mig hafa breytt skoðun minni, það skil jeg ekki. Hvernig getur hann sagt, að jeg hafi breytt skoðun minni? Lesi hann alþingistíð-

indin 1885; þar sjer hann í frumvarpsformi 1. gr. þessa frumv. alveg orðrjetta. Jeg get lesið hana upp úr alþingistíðindunum. Hver er nú munurinn á 1. gr. þessa frumvarps og því frumvarpi? Munurinn, er eins og allir sjá og heyra, enginn. Og í hverju getur svo hughvarf það verið fólgið, sem þm. (P. Br.) bregður mjer um? Sýni hann og sanni, að hann sjálfur hafi eigi breytt sinni skoðun meira en jeg síðan 1885! Sýni hann og, hvers vegna jeg hafi breytt skoðun minni. Jeg ætla eigi að ræða meira um athuganir h. þm. Snæf. (P. Br.) um 1. gr.; jeg kætist yfir því, að hann er með mjer í því efni. En svo kemur 2. gr.; þar stakk þm. Snæf. (P. Br.) upp á, að atkvæðagr. væri skipt. Þetta gjörði hann, lögfræðingurinn! eptir að umræðurnar voru byrjaðar; en þessi uppástunga hefir ekki heimild í þingsköpunum. Jeg vil benda á fyrirmæli þingskapanna í þessu tilliti. Í 23. gr., sbr. 36. gr., stendur, að uppástunga um að skipta atkvæðagreiðslunni um breytingaratkvæði skuli vera komin áður en umræður byrja. Allir h. herrar í þingsalnum eru vitni að því, að jeg var búinn að tala í málinu, þegar uppástungan kom fram, og þar að auki ræðir hjer ekki um breytingartillögu, heldur lagagrein í frumvarpi. Forseti á því ómögulegt með að taka uppástunguna til greina. (*Forseti:* Halda sjer við frumv.). Jeg held mjer við formspurning, sem snertir frumvarpið, og jeg mótmæli atkvæðagreiðslu um 2. gr. í tvennu lagi samkv. 36. gr. þingskap. Þegar til aðalefnisins kemur, þá tók þm. (P. Br.) fram, að kostnaðurinn við að bæta tveimur dómendum við landsyfirdóminn yrði svo mikill, að hann yrði landinu of þung byrði, og að nóg trygging væri fengin með þremur dómendum, og þeir hefðu svo langan tíma til að íhuga málin. Um hvorugt þetta er jeg h. þm. Snæf. (P. Br.) samdóma. Fjöldi dómendanna er, eins og jeg hefi áður sýnt, byggður á því, að fleiri dómendur skoða málin frá fleiri hliðum, að betur sjá augu en auga, á því, þess vegna, að betri trygging sje fólgin í betri og rækilegri íhugun, sem sprettur af því, að fleiri skoðanir á málunum komi fram. Mundu ekki verða kynlegar afleiðingar af því, ef maður gæti sett langan tíma á móts við yfirvegun fjölda dómenda? Þá yrði bezt að hafa t. a. m. einn einasta dómara, því fleiri dómarar geta ekki haft málsskjölin eins lengi og einn. Jeg veit, að h. þm. Snæf. (P. Br.) veit eins vel og jeg, að í öllum hinum menntaða heimi eru sömu skoðanir, ríkjandi sem jeg ber fram í þessu efni, að betra sje að hafa marga dómendur en fáa til tryggingar því að málin verði betur íhuguð. Jeg veit að þm. Snæf. (P. Br.) er langt hafinn yfir það, að miða tillögur sínar við persónulegt sjónarmið. — Viðvíkjandi 3. gr., þá hefi jeg áður skýrt frá, að jeg skil alls ekkert í því, hvers vegna þm. Snæf. (P. Br.) furðar sig svo mjög á tilvísun í stöðulögin í þessu máli. Það nægir að gleyma því ekki, að þetta mál eptir berum orðum stöðulaganna heyrir undir hluttöku hins almenna löggjafarvalds. Því, hvernig getur verið spursmál um, að tilvísunin sje óviðkomandi þessu máli, þó hún sje óviðkomandi hinum öðrum sjerstaklegu málefnum Íslands, sem eru hinu almenna löggjafarvaldi alveg óviðkomandi? Jeg vil biðja h. þm. (P. Br.) að segja mjer, hvort hann geti ekki verið mjer samdóma um þetta, sem hlýtur að vera hverjum skynberandi manni eins ljóst, sem les 3. gr. stöðulaganna, eins og sólin á loptinu. Ber mjer og h. þm. (P. Br.) ekki samt ærið á milli, þó við sjeum samdóma um það, sem ekkert ágreiningsefni getur verið? Ef hann leggur í þessa tilvitnun það, að jeg vilji

viðurkenna formlegt gildi stöðulaganna, þá er það fullkominn misskilningur af honum. Meira að segja: tilvitnun mín í stöðulögin inniheldur ekki einu sinni viðurkenningu um, að formsmeðferð þessa máls, sem 3. gr. stöðulaganna fyrirskipar, sje rjett og á rökum byggð, en í tilvitnun þeirri, sem þm. Snæf. (P. Br.) vill koma inn í stjórnarskrá Íslands, liggur, að hin sjerstöku landsrjettindi Íslands sjeu náðargjöf hins almenna löggjafarvalds Íslands. Að öðru leyti tek jeg það enn fram, að jeg er þakklátur þingmanninum fyrir það, að hann í aðalefni þessa máls er mjer samdóma. Það er nú á valdi þingsins, að sýna hvort það ekki vill tryggja dómgæzlu og dómstóla landsins sem bezt má verða, svo það geti verið þekkt fyrir það dómsvald gagnvart landsins börnum, sem það sækir eptir. Það er og verður auðvitað ómögulegt fyrir oss Íslendinga, að sækja fram á þeirri frelsis- og framfarabraut, sem allt stefnir að, ef sú bjalla skal jafnan klingja, að vjer fyrir fátæktar sakir ekki getum farið með frelsi vort í líkingu við aðrar siðaðar þjóðir, eður ef sú ástæða móti frelsi hennar, sem er það sama, er sífellt látinn klingja sem gild, að það sje svo mikill kostnaður, sem frelsinu sje samfara, að vjer getum ekki notið þess.

Páll Briem: Jeg ætla fyrst að snúa máli mínu að því, að þar sem 2. þm. Eyf. (B. Sv.) fór að lesa 23. gr., þá vildi jeg biðja hann að lesa næstu línu á undan því, er hann byrjaði að lesa. Jeg veit að jeg átti ekki heimtingu á, að atkvæðagreiðslu um 2. gr. verði skipt. Jeg mæltist að eins til þess við forseta, að hann vildi beita því valdi, er hann hann hefði, til að skipta atkvæðagreiðslunni um tvö sundurleit atriði í greininni, og jeg vil taka það fram, að forsetar hafa haft það fyrir reglu, að verða við slíkum tilmælum. En jeg vil eigi vera að fjölyrða um þetta, því að jeg ber það traust til forseta, að hann verði við sanngjörnum tilmælum.

H. þingm. hafa heyrt, hvernig andmælendur mínir hafa komizt í algjörð vandræði, þegar þeir hafa verið að skýra tilvísunina til stöðulaganna. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) vildi rjettlæta þessa skoðun með því, að þetta, nefnil. æðsta dómsvald í íslenzkum málum, lægi alveg fyrir utan löggjafarsvæði Íslands. Jeg veit eigi, hvernig á að fara að viðurkenna stöðulögin meira en með þessum orðum. *(Ben. Sv.*: Misskilningur). Þetta er enginn misskilningur. H. þm. (B. Sv.) hefir sjálfur sagt, að dómsvald í ísl. málum lægi fyrir utan löggjafarsvæði Íslands, það er að segja: að Íslendingar hefðu eigi neitt að skipta sjer af dómsvaldi í ísl. málum. En hvenær hafa Islendingar misst rjett til slíks? Með stöðulögunum, segir h. þm. (B. Sv.). Þetta sýnir bezt, út á hve hálan ís þm. (B. Sv.) er kominn; því að jeg vona, að allir sjái, að þetta er eigi rjett skoðun. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) aptur á móti sagði, að hann hefði með að taka upp tilvísunina beygt sig undir nauðsynina. Hann segist hafa álitið málið svo mikils virði, að hann hefði eigi horft í að taka upp þessa tilvísun til stöðulaganna, sem hann hefir í »Þjóðviljanum« talið landráð. Hann lýsir því yfir, að hann sjálfur hafi gjört sig sekan í landráðum, og sjer maður þá, að hann muni einnig vera kominn út á hálan ís. En þetta ætti að benda mönnum á, hvort tilvísunin á eigi að skoðast eins og jeg hef talið rjett vera. Hinn 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) vildi ekki kannast við mótsögnina hjá sjer nú í samanburði við það, sem hann sagði í »Þjóðviljanum« 12. okt. 1889. Nú þykist hann geta borið hið bezta traust til landsyfirdómsins, þó að hann þá hafi úthúðað honum

og ber það fyrir, að hann hafi í »Þjóðviljanum« verið að tala um hann sem »pólitiskan« dómstól; en ekki hjálpar þessi afsökun, því að í »Þjóðviljanum« segir hann, að hlutdrægni stjórnvöldu dómendanna í landsyfirdóminum komi af því, að dómendur muni sjá það sinn hag, að vera hlutdrægir. Það eru þá eigin hagsmunir, sem eru orsök til þess, að dómendur að hans áliti dæma ranga dóma, og getur þetta eigi alveg eins átt við önnur mál en »pólitísk« mál? Jú, sannarlega, og þó vill þm. (Sk. Th.) fjölga þessum mönnum og borga 7,000 kr. á ári fyrir þá. Hjer er nú samkvæmnin! Annars mun þm. (Sk. Th.) við 3. umr. reyna að snúa sjer út úr þessu; það var á honum að heyra, að hann þá ætlaði að halda heljarmikla ræðu.

Skúli Thóroddsen: Það er eiginlega engin ástæða til að svara hinni síðustu refsiræðu h. þm. Snæf. (P. Br.). Jeg skal þó taka enn einu sinni fram, að orð mín um landsyfirrjettinn áttu einungis við hann sem »pólitískan« dómstól, eins og þm. getur sjeð, ef hann eigi vill rangfæra orð mín eða slíta þau úr rjettu samanhengi. Jeg hef sagt, að hætt væri við, að yfirdómurinn yrði hlutdrægur á »pólitískum« æsingatímum, eins og reynslan hefir sýnt um dómstóla í Danmörku. Við »dependerum« af þeim dönsku í svo mörgu, og gæti þá ekki farið svo hjer eins og þar, ef landsyfirrjettur hefði töglin og hagldirnar, að hann drægi þá fremur taum þeirra, sem hafa völdin? Úr þessu gerir nú h. þm. Snæf. (P. Br.), að jeg álíti, að landsyfirrjetturinn verði hlutdrægur einnig í öðrum málum; en sýni hann, hvar jeg hefi sagt það; það getur hann eigi, og þetta eru því að eins útúrsnúningar, tilraun h. þm. (P. Br.) að draga aðra í sama saur, sem hann hefir lent í sjálfur í stjórnarskrármálinu. (*Forseti*: Ræðum. verður að gæta sín.) Jeg hefi nú sagt það, og vona að jeg þurfi eigi að endurtaka það. Annars getur það eigi annað en glatt mig, að h. þm. (P. Br.) hefir fyrir framan sig og les upp greinar eptir mig og ávarpið til kjósenda minna; það sýnir þó, að h. þm. (P. Br.) hefir dáleika á því litla, sem jeg hefi ritað, og jeg leyfi mjer að vona, að iðulegur lestur þess kunni að hafa betrandi áhrif á þekkingu og hugsunarhátt þingmannsins með tímanum. Hann las upp úr »ávarpinu« þau orð mín, að embættabyrðin hvíldi of þungt á þjóðinni, og reyndi að sýna ósamkvæmni hjá mjer. Jeg stend við þessi orð; en af þeim leiðir engan veginn, eins og hver maður sjer, að ekki megi taka upp nein ný embætti; jeg tek t. d. dýralæknisembættin. Nei, sannleikurinn er, að embættaskipunin hjer á landi er byggð á ramfölskum grundvelli; vjer höfum tekið hana að erfðum eins og fleira annað gott frá sambandinu við Dani; það þarf allt annað fyrirkomulag en nú er, ef embættaskipunin á að samsvara efnahag landsins. En h. þm. Snæf. (P. Br.) er vorkunn, þótt hann reyni að slá sjer upp á útúrdúrum frá málefninu, slíkar endalausar mótsagnir, sem öll framkoma hans í stjórnarskipunarmáli Íslands ber svo ljósan vott um, síðan hann gerðist frávillingur 1889.

Flutningsm. (Ben. Sveinss.): Jeg vil að eins taka það fram, að jeg vona, að hinar persónulegu umræður, sem farið hafa fram milli okkar flutningsm. og h. þm. Snæf. (P. Br.), sljófgi ekki áhuga og velvild h. þingd. á máli þessu nje öðrum málum. Slík orð eiga að vísu ekki vel við, en jeg ber það traust, að þau hafi ekki áhrif á h. þingmenn, og jeg vil enn taka það fram, að jeg met það mikils, að h. þm. Snæf. (P. Br.) er fylgjandi þessu máli í aðalefninu.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. (C. 123)

og viðaukattill. við hana (C. 144) samþ. með 21 atkv. hvor, 2. gr. samþ. með 14 atkv.; 3. gr. samþ. með 19:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Árni Jónsson,
Sigurður Jensson,	Jónas Jónassen,
Benedikt Sveinss.,	Olafur Briem.
Eiríkur Briem,	
Gunnar Halldórss.,	
Indriði Einarsson,	
Jens Pálsson,	
Jón Jónsson, N.-M.,	
Jón Jónsson, N.-Þ.,	
Jón Þórarinsson,	
Lárus Halldórsson,	
Olafur Olafsson,	
Páll Briem,	
Sigurður Gunnarss.,	
Sigurður Stefánsson,	
Skúli Thóroddsen,	
Sveinn Eiríksson,	
Þorlákur Guðmundss.,	
Þorvarður Kjerúlf.	

Málinu vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Frumv. til laga um friðun á skógum, hrísi, mosa og lyngi (C. 122, 142); 2. umr.

Jens Pálsson: Jeg hef leyft mjer að koma með breytingartill. (C. 142) við frv. og gengur hún í þá átt, að tryggja það, að hinir almennu hjeraðsfundir sjeu haldnir á þeim tíma, þegar vegir eru færir, veður bezt og mönnum hentugast að sækja fundina. Með þessu fær alþingi sinn löggjafarrjett og löggjafarvald á ákveðnu löggjafarsvæði í hendur sýslunefndum og kosningarbærum mönnum til alþingis, og þar sem hjer er um mikilvægan rjett og þýðingarmikið vald að ræða, verð jeg að ganga út frá því sem sjálfsögðu, að h. deild sje mjög annt um, að þessa rjettar og þessa valds verði neytt samkv. tilgangi hennar.

Nú er það augljóst, að ætlazt er til þess í frumv. þessu, að kosningarbærir menn til alþingis greiði atkv. um hinar væntanlegu samþykktir; en þá er líka að gjöra þeim sem hægast fyrir að neyta atkvæðisrjettar síns. Sje engin ávörðun sett um það, nær hjeraðsfundi skuli halda, getur svo farið, að slíkir fundir verði haldnir að vetrarlagi, og þá geta ill veður og ófærðir bannað mönnum að sækja fundi, og neyta atkvæðisrjettar síns.

Jeg álít þess vegna hagkvæmt að til taka, á hverjum árstíma fundinn skuli halda, eins og breyt.till. fer fram á; þá er veturinn undanskilinn, einnig aðalheyannatíminn og haustið, því að þá eru margir bundnir í ferðalögum og við ýmsar aðrar annir, svo sem rjettahöld. Jeg álít, að frumv. batni við breyt.till. þessa, ef hún kemst á, og því hef jeg komið með hana, og vona jeg að h. deild lofi henni að fylgja frv. til 3. umr., ef það kemst svo langt. En síðan jeg gjörði þessa breyt.till., hef jeg íhugað frv. ýtarlegar en áður, og komizt til þeirrar niðurstöðu, að það geti verið nokkuð varúðarvert. Það er sniðið eptir lögum 14. desember 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum. Þau lög hafa, — að minnsta kosti hjer við Faxaflóa, — reynzt gallagripir í framkvæmdinni, að því leyti, að samþykktir, sem hafa verið gerðar, hafa að áliti eigi fárra skynsamra manna gjört jeg vil segja meira ógagn en gagn. Jeg álít í sjálfu sjer viðurhlutamikið fyrir þingið að varpa frá sjer löggjafarvaldinu í jafnmikilvægu atriði og þessu, sem hjer ræðir um, því það er sannarlega mikilvægt, hvernig farið er með skóga, hrís, lyng og mosa, og því varúðarverðara er að gefa lög, sem framleiða samþykktir, er búast má við að verði miður en skyldi úr garði gjörðar. Mjer sýnist ekki vera í frumv. nóg trygging

fyrir því, að samþykktirnar verði heppilegar. Hjer er löggjafarvald fengið í hendur ekki að eins sýslunefndarmönnum, heldur og öllum almenningi, og þá vitanlega fjölda manna, sem eru alls ófærir til að fjalla um almenna löggjöf og opinber mál. Því getur svo farið, að fyrir áhrif slíkra manna verði gjörðar samþykktir, sem reynast allt annað en gagnlegar í framkvæmdinni. Jeg skal nefna Árnessýslu, því þar er jeg kunnugastur. Þar hagar svo til, að í nokkrum hluta hennar eru skógar, en meiri hlutinn er skóglaus, og í einni sveit þar eru sumir bændur neyddir til að nota skóginn til eldiviðar, því að þar fæst enginn mór. Þessi sveit gæti komizt í mestu vandræði, ef skógartak yrði með öllu bannað í Árnessýslu. En vel er hugsanlegt, að svo fari; ekki þarf annað, en að einhverjir öfgamenn, sem hrifnir væru af skógarfriðun, kæmu fram frumv. um algjörða undantekningarlausa friðun í sýslunefnd og smöluðu síðan mönnum saman á fund; þá gætu þeir komið fram samþykkt, þótt hún bæði væri óhagkvæm og ekki að almennings vilja, því að það er að eins tekið fram, að $^2/_3$ þeirra manna, sem á fundi eru, greiði atkvæði með samþykkt, til þess að hún geti náð lagagildi, en ekki tekið fram, hve margir af hjeraðsbúum, sem kosningarrjett hafa til alþingis, þurfi að koma á fundinn, til þess að greiða atkvæði um samþykkt, svo að dugi. Það getur því svo farið, að örfáir menn kring um fundarstaðinn ráði úrslitum, sjerílagi ef fundur er haldinn um vetur.

Jeg þykist nú hafa fært nokkur rök fyrir skoðun minni, að 3. gr. frumv. sje viðsjárverð, af því að í henni sje ekki fólgin nægileg og æskileg trygging fyrir hagkvæmum og sanngjörnum samþykkta-ákvæðum.

Jeg hef líka nokkuð að athuga við 4. gr. Þar er gjört ráð fyrir, að amtmaður geti synjað samþykkt staðfestingar, ef honum virðist hún á einhvern hátt ganga of nærri rjetti manna, eða koma í bága við grundvallarreglur laganna, en virðist honum slíkt ekki eiga sjer stað, á hann að sjálfsögðu að staðfesta samþykktina. Með þessum ákvæðum er mikill og jeg held of mikill vandi lagður á amtmennina. Þeir hafa ekki færi á að hlusta á umræður um samþykktina, hvorki í sýslunefnd, nje á almennum fundi. Hvaðan fá þeir þá vitneskju um allar ástæður, sem bornar eru fram með og móti samþykktarákvæðunum? Auk þess þarf hreint og beint staðlega þekkingu til þess að dæma um það, sem amtmönnunum er hjer ætlað að dæma um. Jeg skal koma með nýtt dæmi máli þessu til skýringar, frá síðasta hjeraðsfundi í Hafnarfirði. Á meðan samþykkt sú, er þar var gjörð, lá undir staðfestingu amtmanns, tóku nokkrir menn sig til og lýstu skriflega ástæðum sínum fyrir því, hversu tilfinnanlega samþykktin svipti þá atvinnufrelsi, svo að til vandræða gæti horft fyrir þá; en þá reis stærsta blað Íslands upp og fór hörðum orðum um aðferð þessa og kallaði hana óvandaða; en jeg verð að álíta, að menn þessir hafi verið í sínum fulla rjetti, og hafi gjört alveg rjett í því, að skýra amtmanni frá þeim sjerstöku atvikum, sem honum gat varla verið kunnugt um. *(Forseti:* Jeg verð að biðja h. þm. að halda sjer við frumv.).

Jeg alít að frv. þurfi gagngerðrar íhugunar við og breytingar við 3. umr. Væri máske heppilegast að setja þau ákvæði, að t. d. einn maður fyrir hverja tíu, sem kosningarrjett hafa til alþingis, væri sendur á hjeraðsfund, og að þessir kjörnu menn hefðu samþykktaratkvæði af almennings hálfu. Ef þessi breyting kæmist á við 3. umr., teldi jeg frumv.

betra. Af þessum ástæðum mun jeg nú greiða atkvæði móti 3. gr., en með því, að málið gangi til 3. umr.

Indriði Einarsson: Mjer líkar frumv. ekki allskostar í ýmsum greinum; þó er ekki svo að skilja, að jeg vilji ekki friða skóga, sje það að eins gjört á skynsamlegan hátt. En ísjárvert þykir mjer að gefa sýslunefndum vald til að friða hrís, lyng og mosa. Jeg hef hugsað, að mosi væri ekki svo þarfur, að ekki mætti rífa hann upp við og við. Um lyng veit jeg að það er ágætt til að, bæta lopt í húsum, og ef bannað yrði að rífa það, mundi það bann að minnsta kosti ekki verða til að bæta loptið í hýbýlum vorum. Það hefir naumast mikla þýðingu að friða mosann og allerfitt mundi að framfylgja þeim ákvæðum, er það ákvæðu. Enn fremur gæti bannið orðið mjög tilfinnanlegt fyrir einstaka bæi, þar sem varla er um annað eldsneyti að ræða. Jeg vil spyrja h. flutningsm. (J. Þ.), hvernig hann hugsi að þetta bann muni koma saman við sum byggingarbrjef. Ef einhver á rjett til eptir byggingarbrjefi að rífa hrís á ábúðarjörð sinni, þá skil jeg ekki, hvernig samþykkt á að geta svipt hann þesssum rjetti. Jeg skil varla í að þingd. geti samþykkt þetta frumv. Ef á að fara að friða, þá finnst mjer eðlilegast, að landsdrottnar friði sjálfir skóga sína, lyng, hrís og mosa. Allar slíkar ákvarðanir eiga heima í byggingarbrjefunum, en ekki í samþykktum, enda get jeg ekki skilið, að sýslunefndir og hjeraðsfundir eigi með að breyta byggingarbrjefum og ákvæðum þeirra, Mjer finnst friðun á mosa og lyngi ekki svo áríðandi, að ekki megi láta landsdrottna eina sjá fyrir því; það eru þó þeir, sem mestan hafa haginn af að skynsamlega sje að farið.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Jeg skal fyrst víkja að breyt.till. (C. 142) þeirri, sem fram er komin við 2. gr. þessa frumv. Jeg get ekki sjeð að sú breyting á frumv., sem þar er stungið upp á, sje til neinna bóta, heldur álít jeg að hún geti opt orðið til ógagns. Jeg vil ekki binda fundarhaldið við neinn ákveðinn tíma, heldur láta sýslunefnd hvers hjeraðs hafa alveg óbundnar hendur í því tilliti, því að sá tími, sem er hentugur til slíkra fundarhalda í einu hjeraðinu, getur verið mjög óhentugur í öðru. Ræð jeg því h. þingd. til að fella breytingartillöguna. Það hafa tveir h. þingd.m. talað á móti frv., en þeir hafa talað svo langt og þingd. menn eru orðnir þreyttir að sitja, svo jeg skal að eins minnast á fá atriði í ræðum þeirra.

H. þm. Dal. (J. P.) tók það fram, að það væri varhugavert að samþykkja heimildarlög eins og þessi, af því að önnur heimildarlög hefðu haft svo illar afleiðingar og óþægilegar, þar sem fiskiveiðasamþykktirnar við Faxaflóa hefðu gjört meira ógagn en gagn. En þó heimildarlög hafi haft óþægilegar afleiðingar í fiskiveiðamálinu, þá er alls ekki þar með sagt, að þetta frv. þurfi endilega að hafa slæmar afleiðingar. Hjer er nú heldur ekki um annað að ræða, en það, hvort alþingi eigi að leyfa það lengur að menn gangi eins og logi yfir akur og uppræti hvern vísi til skógarhríslu, sem kemur fram, eða hvort löggjafarvaldið eigi nú að fara að friða skógana og verja landið eyðileggingu, að svo miklu leyti sem í mannlegu valdi stendur. Það getur ef til vill verið efamál, hvort sú leið, sem hjer farin, er hin eina rjetta. Um tvær aðferðir getur auðvitað verið að ræða: annaðhvort að banna hreint og beint uppræting þessara viðartegunda, eða þá — eins og hjer er gert — að semja heimildarlög til að friða þær. Það kann, ef til vill, að vera hart, að banna

alla notkun skóga og lyngs allstaðar. Hjer er því ekki farið fram á það, heldur hitt, að veita hjeruðunum heimild til að friða skóginn að svo miklu leyti sem við verður komið. Auðvitað er það, að í heimildarlög yfir höfuð vantar að mestu trygging fyrir því, að samþykktirnar, sem þau heimila, verði allstaðar og í öllu heppilegar, en þó er tryggingin nokkur, þar sem samþykktirnar verða að fá staðfesting amtmanns til þess að geta öðlast lagagildi. H. þm. Dalam. (J. P.) kom fram með það, sem ástæðu móti frv., að sumstaðar þyrfti að rífa skóg til eldsneytis. En það er einmitt þetta, að brenna skóginum og lynginu, sem jeg vil láta alþingi varna með þessu frv. Þingmaðurinn færir því það fram sem ástæðu móti frv., sem var aðalhvötin til þess að það varð nokkurn tíma til. Það má víðast, ef ekki alstaðar, fá annað eldsneyti en skóginn, ef menn hefðu nenningu og dug í sjer til að bera sig eptir því. Það er miklu hægra fyrir menn að fara í skóginn og rífa hann. Það er engin fyrirhöfn.

Sami h. þm. fjekkst mikið um, að amtmaðurinn gæti ekki setið á sýslunefndafundum og hlustað á umræður manna, en af því myndi aptur leiða, að amtmenn ættu bágt með að leysa þann vanda, sem heimildarlög þessi settu þá í. Jeg get ekki sjeð að það hafi neina þýðingu að amtmaður hlaupi eptir umræðum sýslunefndarmanna á fundum. Honum er ekkert vald gefið með slíkum lögum sem þessum, annað en það, að sjá um, að samþykktir þær, er samdar kunna að verða, gangi ekki of nærri rjetti einstaklingsins; en til þess þarf hann ekki að þekkja annað en samþykktirnar sjálfar. En af því h. þm. Dal. (J. P.) mælti að nokkru leyti með frumv., þá veit jeg að hann hefur ekki gjört athugasemdir sínar við það til að spilla fyrir málinu. Jeg treysti því að hann sjái ráð til að breyta frumv. og bæta það til 3. umr., og skal jeg vera honum þakklátur fyrir það, eins og jeg einnig er honum þakklátur fyrir þær bendingar, sem hann þegar hefur gefið.

Það er allt öðru máli að gegna með h. þm. Vestm. (I. E.). Hann virtist vera frumv. mótfallinn frá rótum. En ástæður hans móti málinu voru, mjer liggur við að segja, svo barnalegar, að þær geta naumast spillt fyrir málinu. Hann vildi láta standa í byggingarbrjefum fyrir jörðum eitthvað um það, að leiguliðar mættu ekki rífa skóg eða lyng óhóflega á jörðinni, eða fara illa með landið í þessu tilliti. Þetta getur auðvitað hver sem vill gjört. En þrátt fyrir þetta vita allir, hvernig komið er skógum á Íslandi. Það dugir opt ekkert annað í þessu tilliti en algjörð friðunarlög. Þá talaði h. þm. um mosann. Þá skoðun, sem hann ljet í ljós um þýðingu mosans, hef jeg heyrt fram borna af fávísum mönnum, sem ekki er ætlazt til að beri skyn á slíka hluti. En það er undarlegt, að ætla sjer að berja það fram hjer í þingd., að mosinn sje óþarfur og þess vegna gjöri ekkert til þó hann sje rifinn upp. Veit hann það ekki, h. þm., að mosinn er byrjunin til gróðurs? Þegar mosinn rotnar, þá verður hann að mold, en upp af moldinni vex grasið. Jeg hefi þess vegna af ásettu ráði lagt áherzlu á það, að mosi yrði friðaður. Margir ónytjungar, sem aldrei nenna að safna að sjer eldivið, fara í land sitt eða annara og rífa upp mosann í eldinn. Þetta þykir þeim svo einstaklega hægt og fyrirhafnarlítið. Vill þingmaðurinn virkilega að ónytjungunum sje látið líðast þetta athæfi í stað þess að lofa eptirkomendunum að njóta þeirra gæða, sem mosinn er byrjunin og grundvöllurinn undir, þegar

tímar líða fram? Hvernig heldur h. þm. Vestm. (I. E.) að landið liti út nú, ef menn hefðu gjört sjer það að reglu, að rífa allt af upp allan mosa? Ætli hin gömlu hraun hefðu þá ekki annað útlit, en þau nú hafa? Í stað þess að þau eru nú grænt og gott haglendi, af því að mosinn var ekki rifinn, þá væru þau kolsvart grjót þann dag í dag, ef mosinn hefði ekki náð að rotna þar, og gras síðan sprottið upp af honum.

Loksins þótti sama h. þm. það ófært að banna að rífa upp lyngið, vegna þess að það væri öldungis ómissandi til að bæta loptið í hýbýlum manna. Jeg tók þetta fyrst eins og sagt í gamni af þingmanninum. Jeg held að benda megi á mörg önnur ráð til að bæta loptið. Það mun heldur ekki tíðkast víða að nota lyngið til loptbætis, enda er jeg ekki viss um að það sje svo hollt að brenna miklu lyngi inni í húsum, þar sem menn eru.

Báðir h. þm. (I. E. og J. P.) tóku það fram, að það væri víða illt að finna eldsneyti, og því væru menn neyddir til að brenna skógi og lyngi. Jeg held að það megi þó takast að finna eldivið miklu víðar en nú er gjört. En við lítum á málið yfir höfuð að tala frá mismunandi sjónarmiði, hinir h. þm. og jeg; samt vona jeg að þeir styðji að því, með öðrum h. þingd.m., að málið komist til 3. umr., og mætti þá, ef til vill, gjöra frumv. aðgengilegra í ýmsum atriðum.

Þorldkur Guðmundsson: Flutningsm. (J. Þ.) hefur vel haldið svörum uppi fyrir þetta mál; hann hefir sagt margt það sem jeg vildi sagt hafa. Jeg álít þetta mál meira vert en sumir aðrir, en tel óvíst að önnur aðferð verði fundin heppilegri til að koma því í viðunanlegt og nauðsynlegt horf. Eptir því sem mjer skildist, þá held jeg að þm. Dalam. (J. P.) sje málinu hlynntur, en ætla að hann setji þetta frv. í of náið samband við fiskiveiðasamþykktir, eins og þær hafa gefizt; en fiskigöngur eru allt annað; þær eru hulinn leyndardómur, jafnvel fyrir vísindamönnunum, hvað fróðir sem eru. En hjer er mál, sem öllum getur verið ljóst, sem vilja veita því eptirtekt. Það er bundið við staðarlega þekkingu. Ísland er að blása upp, en þess sorglegra er að menn víða eru samtaka óviðráðanlegum áhrifum náttúrunnar; að eins lyng og kvistir eptir víðast. Það er eigi annað en litlar leifar af hinum fornu birkiskógum landsins. Hvar sem rifið er upp lyng og mosi, þar verður flag eptir, og verður til sannarlegs uppblásturs og eyðileggingar í eiginlegum skilningi. Það hlýtur þó að vera svo, að löggjafarvaldið ekki megi horfa á og leiða hjá sjer ár eptir ár, að landið sje rifið upp allt; það virðist nauðsynlegt að vernda það litla sem eptir er, áður en allt verði gjört að flagi. Þm. Dal. (J. P.) kvaðst þekkja sveit, þar sem eigi væri annað til eldiviðar en skógur; jeg veit það er satt, mjer er það kunnugt, jeg er þar uppalinn, en játa verð jeg, að blóðugt hefir mjer fundizt að horfa á, hve þar var miskunnarlaust upprifið og brennt. En ef setja ætti almenn lög um þetta, þá skyldi mjer vænt um þykja, ef hann benti á betri veg og hagkvæmara fyrirkomulag en hjer er farið fram á, sem von væri til að bætti úr því ástandi, sem nú er, en gengi ekki of nærri rjetti hins einstaka. Þegar sú ástæða er borin fram, að eigi verði komizt af án skógar til eldiviðar, þá liggur sú spurning fyrir: Hverju á þá að brenna, þegar skógur er ekki lengur til? Því með þessu áframhaldi hverfur allur skógur víðast.

Þm. Vestm. (I. E.) hygg jeg að hafi talað af ókunnugleika, er hann kvað mosann óþarfan, og ætla jeg að hann sje fróðari á tölur en í búfræði eða

náttúrufræði og jarðfræði. Mosar mynda jarðveg, fyrst mold, síðan grassvörð, en á löngum tíma. Viðvíkjandi heilnæmi í húsum af lyngkrönsum, þá hefir flutn. maður hrakið orð hans nægilega. En jeg vil bæta því við: Með hverju á þá að bæta loptið í húsunum, þegar búið er að brenna upp lyngið allt? Að öðru leyti verð jeg að segja, að það eru fæstir sem ná í þetta góða heilnæmislyng, verða því að sýkjast eða deyja fyrir því af ólykt. Af áður sögðu sjest, að mál þetta er ekki lítilsvirði. Þm. Vestm. (I. E.) vill binda þetta við byggingarbrjefin, og láta landsdrottna mega ráða; en hjer kemur enn ókunnugleiki hans fram; landsdrottnar yrðu þá að vera allsstaðar viðstaddir, en slíkt er ekki mögulegt. Þeir hafa sumir gert það, nefnil. að banna skógarbrennslu og -rif í byggingarbrjefum, en það er þýðingarlaust. Jeg get ekki hugsað, að lög verði sett svo þröng, að einstakir menn fyrir það komizt í vandræði. Það þarf því almenn lög, sem sniðin verða eptir staðháttum og kringumstæðum.

Indriði Einarsson: Jeg ætla að svara fáu til um vanþekkingu mína á mosa, má vel vera að hún sje nokkur. Mosa er ekki brennt nema á einstöku stöðum þar sem ekki er annað til eldiviðar. Ef þessi friðun er svo nauðsynleg, því taka landsdrottnar hana þá ekki upp í byggingarbrjefin sem þeir gefa út? þeir hafa fullan rjett til þess. Ef leiguliðar eða aðrir taka samt lyng, hrís eða mosa, svo kæri jarðeigandinn þá fyrir það. Flutningsm. (J. Þ.) skyldi ekki, hvernig lyng bætir loptið. Jeg skal þá koma honum í skilninginn um það. Því er þá ekki brennt; en úr lyngi eru búnir til kransar og hengdir upp í herberginu, sem bæta skal loptið. Jeg get bent á menn, er segja, að ekkert sje betra en þessir kransar til loptbreinsunar; þeir draga sem sje að sjer vont lopt. Ef leiguliði hefur leyfi til að rífa lyng og mosa, þá get jeg eigi vel skilið, að sýslumaður geti bannað honum þess háttar afnot af jörðinni, þótt sýslan hafi gjört friðunarsamþykkt. Þannig rekast samþykktirnar á samninga einstakra manna. Ef landsdrottinn getur ekki gætt rjettar síns, þá getur eigi sýslunefnd fremur haft eptirlit með öllum. Vjer höfum fiskipólitik, og sjáum hvernig gengur með það; nú fáum vjer, ef þetta frv. öðlast gildi, skógapólitík, hrís-pólitík, lyng-pólitík og mosapólitík.

Jens Pálsson: Jeg ætla að eins með fám orðum að reyna að verja breytingartill. sem borin er fram af mjer í góðum tilgangi og til að bæta frv., en alls eigi af óvild við frv. Jeg get bezt sýnt fram á, að breyt.till. bæti, með því að sýna afleiðingarnar af því, ef hún kemst ekki að. En afleiðingin er sú, að verið getur að fundur verði haldinn í ófæru veðri og lítt færri færð, en þá fer eðlilega svo, að mjög fáir geta sótt fundinn, og varla aðrir en þeir, sem búa kringum fundarstaðinn, og það verða þeir, sem úrslitum ráða. Jeg álít að það hljóti að vera þinginu áhugamál, að um leið og það gefur öðrum mikilsvarðandi rjettindi, að tryggja þá um leið sem bezt hyggilega notkun þeirra og sanngjarna. En engin trygging er í því fólgin að innleiða í lögin mögulegleika til þess, að fundur verði haldinn á hverjum tíma árs sem vera skal. H. flutningsm. (J. Þ.) sagði, að menn ættu hægt með að skapa sjer rjett sjálfir til að nota skóg, hrís, lyng og mosa. Mikið rjett. Þessi setning hljómar fallega. En þessi rjettur getur orðið mjög misbrúkaður. Jeg veit hvað það er, þegar sveit eða sveitarhluti verður að beygja sig undir samþykkt, sem **nál.** hvert mannsbarn í sveitinni

er sannfært um að muni leiða ógæfu eða að minnsta kosti stórtjón yfir sveitina. Jeg vil að sveitir og hjeruð ráði sem mestu um sín eigin mál; en jeg vil að löggjafarstörf þeirra sjeu með viturlegu fyrirkomulagi, sem bezt tryggð gegn gjörræði, svo að atvinnufrelsinu sje sem bezt borgið. En í fiskiveiðasamþykktamálinu hef jeg sjeð sorgleg dæmi hins gagnstæða, dæmi þess að samþykktarvaldið hafi verið í höndum drukkinna manna, jeg segi ekki margra, en til voru þeir, og hafi h. flutningsm. (J. Þ.) verið á síðasta hjeraðsfundinum í Hafnarfirði, þá mun hann hafa sjeð þessi dæmi. Jeg heyrði ekki betur en h. flutningsm. (J. Þ.) drægi þá ályktun út úr fyrri ræðu minni, að jeg væri með takmarkalausu skógarhöggi. Nei, því fer fjarri. Jeg er frv. þessi hlynntur í sjálfu sjer; það er að eins aðferðin, sem höfð er til að ná markinu, sem mjer þykir viðsjárverð. Jeg er hræddur um að það verði bannað, sem ekki má banna, það bannað, er setja ætti skynsamlegar reglur um afnot þess. Þessi skoðun mín styrkist og einmitt við það, að líta til fiskiveiðasamþykktanna, og út á hvað þær hafa gengið. Þær hafa miklu meir gengið út á að banna algerlega veiðarfæri á vissum árstímum, en að setja skynsamlegar reglur fyrir notkun þeirra, og hætt er við, að líkt mundi fara hjer. Jeg er sannfærður um, að í þeirri sveit, sem jeg þekki bezt í Árnessýslu, Þingvallasveitinni, má nota skóg, ef skynsamlega er að farið, án þess að spilla honum; hann er þar svo mikill, að hann getur blómgazt, þrátt fyrir það, þótt hann sje höglega hagnýttur. H. flutningsm. (J. Þ.) þótti það lítilsvert fyrir amtmann, að fá að heyra ástæður og ummæli þeirra, er um samþykktagjörð fjalla, en jeg verð aptur á mót að ætla, að það sje einmitt mikilsvert fyrir staðfestingarvaldið, að heyra ástæður bornar fram með og móti því, sem það á að staðfesta. Honum er víst ekki ókunnugt, að umræður þær, sem komið hafa fram hjer á þingi, hafa síðar verið hafðar til lögskýringar. Skal jeg svo ekki fjölyrða þetta meir, en get þess að eins, að ef málið kemst til 3. umræðu, þá mun jeg leita liðs hjá h. þingd. með að koma fram breyt.till. við frv.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Umræður eru nú orðnar svo langar um þetta mál, að jeg vil ekki verða til að lengja þær stórum úr þessu. Jeg held satt að segja að það sje bara kerlingabók, sem h. þm. Vestm. (I. E.) tók fram um lyngkranzana. *(Indriði E.:* Úr kerlingabók?). Já, jeg hef sjaldan sjeð lyngkranza hangandi í húsum nema í Good-Templarahúsunum hjer og í Hafnarfirði, og hjelt jeg að þeir hefðu verið hengdir þar að eins til hátíðabrigðis, en ekki til þess að bæta loptið. Um breyt.till. verð jeg enn að ætla, að hún sje fremur til skaða en gagns. Jeg held að megi óhætt treysta sýslunefndunum til þess að velja sem haganlegastan stað og tíma til fundarins, og hverri sýslunefnd má þó vera kunnugt um, hve nær menn eiga hægast með að sækja fund í sínu hjeraði. Því álít jeg það óheppilegt, að binda hana nokkuð við borð, með því að setja tímaákvörðun inn í frv., sem gildi um land allt.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. (C. 122) samþ. með 18 atkv.; breyt.till. við 2. gr. felld með 12 : 8 atkv.; 2. gr. óbreytt samþ. með 15 atkv.; 3. gr. samþ. með 13 : 2 atkv.; 4.—5. gr. samþ. m. 17 atkv. hver; 6.—7. gr. samþ. m. 19 atkv. hver.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Tíundi fundur, mánudag 13. júlí á hád. Allir á fundi. Þm. V.-Skapt. (Ólafur Pálsson), er til þessa hafði verið veikur, tók nú sæti í deildinni.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komið og yrði framlagt á lestrarsalnum:

1. Bónarbrjef um, að uppgjafapresti Guðm. G. Sigurðssyni verði veittur 100—200 kr. eptirlaunastyrkur árlega úr landssjóði.
2. Fundarskýrsla úr Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 128); 1. umr.

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Sökum þess, að þetta mál er flutt fram í því formi frá hálfu vor flutningsmanna, sem öllum þingdeildarmönnum er svo kunnugt, og er orðið svo margrætt og margályktað, og sökum þess ennfremur, að það er mín hjartanleg sannfæring, að það sje heppilegast og heillavænlegast, að sem fæst óþörf og ónauðsynleg orð í þessu máli sjerstaklega ættu að fylla alþingistíðindin að þessu sinni, þá leyfi jeg mjer nú þegar að stinga upp á því að nefnd verði sett í þessu máli, og að hún verði skipuð 7 mönnum. Þessar uppástungur mínar bið jeg h. forseta að bera undir atkvæði þingm. og ef þær verða teknar til greina, þá óska jeg, að þessari umræðu verði, eins og lög gjöra ráð fyrir, frestað.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt var 7 manna nefnd, og 1. umr. frestað.

Í nefndina voru kosnir:

Benedikt Sveinsson	með	20	atkv.
Sigurður Stefánsson	—	16	—
Jens Pálsson	—	15	—
Skúli Thoroddsen	—	15	—
Sigurður Jensson	—	12	—
Sigurður Gunnarss.	—	12	—
Ólafur Olafsson	—	11	—

Frumv. til laga um strandferðir og vegi (C. 135); 1. umr.

Flutningsm. (Jens Pálsson): Af því að jeg er sannfærður um, að allir h. alþ.menn í þessari deild eru mjer samdóma um, að samgöngumálið er eitt hið mikilsverðasta velferðarmál og mesta áhugamál vort, þá hefi jeg leyft mjer, að bera fram frumvarp þetta hjer í háttv. deild.

Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum það, að greiðar og góðar samgöngur eru lífsskilyrði hverrar þjóðar, því þessi sannleiki er staðfestur af allri mannkynssögunni, og ekki sízt sögu hinna síðustu tíma. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að í góðum og greiðum samgöngum felst ekki einungis skilyrðið fyrir andlegum og líkamlegum framförum þjóðanna, heldur líka kraptur, sem hrindir og hlýtur að hrinda hverri þjóð fram til vaxandi framfara og þar með á hærra fullkomnunarstig bæði í líkamlegu og andlegu tilliti. Jeg geng þess vegna út frá því, að allir sjeu mjer samdóma um, að ekki megi vonast eptir miklum framförum í búnaði og verzlun hjer á landi, fyrr en samgöngur vorar eru komnar í betra horf en nú eru þær; enda getur varla orðið ágreiningur meðal vor um það, að góðar samgöngur sjeu eitt höfuðskilyrði fyrir verulegum framförum í búnaði, iðnaði og verzlun, og þar með vexti framleiðslunnar. En þar af leiðir, að velmegun einnar þjóðar er mjög undir samgöngunum komin. Hitt liggur nokkuð fjær, en er þó ómótmælanlegt, að ásigkomulag samgangnanna hefir mikilvæg bein og óbein áhrif á andlegt líf manna og þjóða, sem er eðlileg afleiðing af sambandinu milli hins materíella og andlega, og af því að menn þurfa ekki einungis á líkamlegum (materiel) viðskiptum að halda, heldur og andlegum viðskiptum, hugsanaviðskiptum í ræðum og ritum.

Það má telja víst, að þar sem samgöngur eru í góðu lagi, þar er líf í landi, þar eru framfarir á góðum vegi; en þar sem samgöngur aptur á móti eru seinar, ógreiðar, dýrar fyrir einstaklinginn, eða nærri ómögulegar, þar er ekki að eins búnaður á lágu stigi, iðnaður lítill og verzlun óhagfelld, og megun að því skapi rýr, heldur er þar og lítið andlegt líf, heldur andleg deyfð og rænuleysi.

Jeg skal nú með þessar almennu athugasemdir í huganum snúa mjer að samgöngunum, eins og þær eru hjer á landi. Það er sorglegt, að vita til þess, að þær eru að miklu leyti enn í sama horfinu, eins og fyrir mörgum hundruðum ára síðan. Jeg segi að miklu leyti, því þær eru það ekki að öllu leyti. Enn verða menn að flytja allar nauðsynjar sínar á hesti beggja megin hryggjar, og að því er flutninga á sjó snertir, verða þeir að fara fram á opnum bátum. Þessir flutningar eru afar-erfiðir og afar-dýrir. Jeg skal samt viðurkenna, að nokkrar framfarir hafa orðið í samgöngum vorum nú á seinustu árunum. Bæði hafa vegir batnað nokkuð, — en að eins einstakir kaflar, — og reglulegar en ónógar póstgöngur hafa komizt á. Sömuleiðis eru nú farnar nokkrar ferðir með ströndum fram, en þetta er svo ónógt, að jeg er lifandi sannfærður um, að svo búið má ekki standa. Að alþingi hafi í mörg ár fundið til samgönguvandræðanna hjer á landi, er augljóst af tilraunum þess til að bæta úr vandræðum þessum. Einkum hefir þingið þó hugsað um vegina hjer á landi, og þrisvar samþykkt lög um þá, — fyrst á ráðgjafarþinginu 1861, og síðan á löggjafarþingunum 1875 og 1887. — Þetta hafa verið lofsverðar tilraunir, til að bæta úr samgönguvandræðum hjer á landi; sjerstaklega skal jeg nefna aðgjörðir þingsins í þessu efni árið 1887; þá er borið upp það nýmæli, og lögleitt, að koma á akvegum hjer á landi; þá er fyrst ráðizt í að taka vagnhjólið í þjónustu flutninganna. En þessi vegalög frá 1887 eru þó að mínu áliti óheppileg, einkum vegna þeirrar ákvörðunar, að allir aðalpóstvegir skuli sitja í fyrirrúmi fyrir öllum öðrum vegum og gjörast akfærir og 6 álna breiðir, en það er landssjóði ofurefli, enda gagnstætt þeirri rjettu meginreglu, að leggja þar fyrst og fremst vegi, sem flutningsmagn er mest. Þótt jeg fyllilega viðurkenni hinn lofsverða tilgang þessara laga, sem bera af hinum eldri lögum að því leyti, að ætlazt er til þess, að Íslendingar fari að nota vagna til ferða og flutninga, þá er jeg þó sannfærður um, að lög þessi hafa að öðru leyti svo mikilvæga ókosti, að þau geta eigi náð tilganginum, eigi orðið til verulegra samgöngubóta fyrir allan almenning á landinu, og er aðalókosturinn sá, að ekki er tekið tilhlýðilegt tillit til þungavöruflutninganna, sem mestum vandræðum valda. Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, er þannig að skoða að vísu sem viðbót og áframhald vegalaganna frá 1887, en þó jafnframt sem töluverð breyting á þeim, og það einmitt stefnubreyting. Landsmenn hafa síðan 1887 hugsað og rætt mikið um þetta mál. Mönnum er nú orðið ljósara en áður, hve mikla þýðingu það hefir fyrir velmegun og framfarir þjóðarinnar, og menn finna nú miklu betur en þá, hvar skórinn kreppir að. Þjóðin þráir heitt umbætur á samgöngunum. Þjóðin mænir vonaraugum til alþingis, treystandi því, að því takist innan skamms, að koma á nauðsynlegum umbótum í þessu máli.

Það virðist ekki efasamt, að hver, sem lítur á náttúru þessa lands, á hnattstöðu þess, og á það, hvernig byggðum þess er skipað, hljóti að skoða hafið sem aðalsamgönguveg þess, og þetta

hefir þegar verið viðurkennt með strandferðunum hin síðustu ár; en reynslan hefir sýnt, að þær hafa ekki verið sniðnar svo eftir vorri þörf, sem æskilegt er og þörf er á. Af því mjer virðist það vera hafið, sem hlýtur að vera aðalsamgöngubraut landsins, þá hef jeg farið fram á það í þessu frumvarpi, að útvegað yrði gufuskip, hæfilega stórt, eingöngu til strandferða nokkra mánuði á ári. Þótt jeg verði að játa, að mjer fyrir mitt leyti virðist hjer stutt spor stigið, þá verð jeg þó að álíta, að sporið sje verulegt, og að með þessu verði mikil bót ráðin á því ástandi, sem nú er. Það er þá í fyrsta lagi fólgin í þessari tillögu um innlendar strandferðir veruleg viðbót við samgöngubætur þær, sem ákveðnar eru í vegalögunum frá 1887. Í öðru lagi er í þessu frumvarpi vikið frá stefnu vegalaganna að því leyti, að gengið er út frá því sem principi, að byrja aðal-flutningsbrautir þar, sem flutningamagnið er mest, því það sem mjer sjerilagi virðist, að verði að taka til greina við lagning flutningsbrauta, er þungavöruflutningurinn. Það eru mestu vandræði, hvað slíkir aðflutningar eru afardýrir. Jeg hefi hugsað rækilega um, hvað þeir mundu kosta landsmenn um land allt á hverju ári, og ætla jeg það ekki of hátt áætlað, að þeir kosti fram undir miljón kr. Vegalögin frá 1887 gjöra ráð fyrir, að aðalpóstvegir á landinu verði fastákveðnir og gjörðir akfærir, en þessir vegir verða ákaflega langir, sjálfsagt um 200 mílur danskar, og ef gjöra á akvegi á öllu þessu svæði, þá verður það afardýrt. Akfærir aðal-póstvegir, með brúm á ám og lækjum, verða tæplega lagðir fyrir minna en 5 miljónir króna, en mundu að líkindum kosta miklu meira. En jeg verð að álíta að svo risavaxinn tilkostnaður verði óbærilegur fyrir Ísland, að minnsta kosti þangað til búnaður allur hefir tekið stórkostlegum framförum í landinu. Jeg held, að það sje því rjettara og hyggilegra, að byrja aðflutningabrautir við sjó, og leggja þær upp eptir fjölbyggðustu hjeruðum landsins, en láta heldur bíða að gjöra póstvegina akfæra þar, sem þeir ekki falla saman við aðal-flutningabrautirnar, en liggja um þver hjeröð og yfir fjöll og hálsa.

Jeg hef því tekið upp í frumvarpið aðal-flutningabrautir sem nýjan vegaflokk, og ætlað landssjóði að kosta þær.

Í fljótu bragði getur svo virzt, sem landssjóði sje íþyngt með þessu, en svo er þó eigi, því aðalpóstvegir verða eptir þessu frumvarpi miklu ódýrri en áður, og vona jeg, að menn við nákvæmari yfirvegun hljóti að komast til þeirrar sannfæringar, að af þessu fyrirkomulagi leiði ekki þyngri útgjöld fyrir landssjóð, þegar fram líða stundir, en þau, sem gjöra má ráð fyrir eptir vegalögunum.

Að því er snertir fjallvegi, sýsluvegi og hreppavegi, þá eru ákvæði þessa frumvarps hjer um bil hin sömu, sem ákvæði vegalaganna um þessa vegi. Skal jeg svo ekki orðlengja meira um þetta mál, í því trausti, að hin háttv. þingdeild taki það til rækilegrar íhugunar og yfirvegunar. Þegar þessari umræðu er lokið, hefi jeg hugsað mjer, að stinga upp á nefnd í málinu, og vona jeg að háttvirtir þingdeildarmenn fallist á þá uppástungu; en kært er mjer að sem flestir vildu taka til máls, og láta í ljósi skoðanir sínar á málinu, til leiðbeiningar fyrir hina fyrirhuguðu nefnd, og til undirbúnings undir góð úrslit málsins.

Landshöfðingi: Eins og h. flutningsmaður (J. P.) tók fram í ræðu sinni, þá eru það 2 aðalatriði í þessu frv., sem gera mjög mikilsverða breytingu frá því, sem áður hefir verið, á samgöngumálum Íslands. Jeg get verið samþykkur h. flutningsm. að miklu leyti

um hinar almennu grundvallarreglur, sem hann sagði, að ætti að fara eptir í samgöngumálum vorum, í niðurröðun strandferðanna og fyrirkomulagi á vegagjörðum, en jeg get ekki fellt mig við það, hvernig hann hefur framkvæmt þessar grundvallarreglur í frv.

Í stað þess sem strandferðirnar nú standa í sambandi við Skotland og Danmörku, vill frv. afnema þetta samband og láta þær ganga út frá Reykjavík. Með þessu lagi get jeg ekki annað sjeð, en að allir vöruflutningar frá útlöndum með skipunum til annara hafna en Reykjavíkur sjeu afnumdir, því jeg get ekki gjört mjer von um, að dönsku póstskipin haldi áfram strandferðum, ef tillagið til þeirra úr landssjóði er numið burtu.

Afleiðingin af þessu yrði sú, að allir smærri kaupmenn, sem ekki hafa efni til að halda eigin skip, geta ekki fengið vörur frá útlöndum; enn fremur mundi þetta verða óheppilegt fyrir kaupfjelögin, sem allmikið hafa notað strandferðaskipin, einkum í fyrstu ferð þeirra á vorin, eptir því sem nákunnugur maður hefur sagt mjer.

Jeg sje ekki annað en að smákaupmenn verði að loka verzlunum sínum, ef þetta samband við útlönd verður afnumið, og kaupfjelögunum mundi það líka verða hnekkir, en reyndar ef til vill ekki alveg eins tilfinnanlegur. Jeg get hugsað mjer, að h. flutningsm. eigi von á miklu þakklæti stórkaupmannanna norðan og vestan, ef hann fær þessu framgengt. Það má að vísu segja að smákaupmenn geti fengið vörur sínar frá Reykjavík, en þeir fá þær ekki fyrir sama verð og þeir fengju þær fyrir beint frá útlöndum. Á þær hlýtur þó að leggjast flutningsgjald frá Reykjavík og líklega þar að auki útskipun og pakkhúsleiga.

Annað atriðið er peningaspursmálið og það er ekki minna vert. Jeg vona að menn fyrirgefi að jeg minnist á það, því að jeg man að á síðasta fundi var mjer gefin ráðning fyrir að jeg í öðru máli lagði áherzlu á peningaspursmálið. Getur h. flutningsm. sagt mjer, hvað það muni kosta, sem fyrirskipað er í 1. gr.?

Jeg er hræddur um, að hvorki hann nje aðrir geti það. Mjer finnst það ekki forsvaranlegt af fjárveitingarvaldinu, að leggja á landssjóð útgjöld, sem enginn getur vitað um, hvað mikil muni verða. Jeg vil ekki tala um það, að hjer er landsstjórninni fenginn lykillinn að landssjóðnum, og sagt: Gerið svo vel og opnið hann, það gerir ekkert hvað það kostar. Meðráðamaðurinn hefir að minnsta kosti ekki mikla þýðingu; það vantar allt aðhald. Jeg get því ekki verið samþykkur þeirri stefnu í strandferðum, sem 1. kafli frv. fer fram á. Eina ráðið er, sýnist mjer, að veita ákveðinn styrk einstökum manni eða fjelagi, sem vill annast strandferðirnar. Þá veit veitingarvaldið hvaða byrði það bindur landsjóðnum, og það skuldbindur sig þá ekki fyrir lengri tíma en eitt fjárhagstímabil. Það getur þá breytt samningunum, ef því sýnist svo, en þegar það er bundið með lögum, er erfiðara að koma breytingu á. Allir vita og, að slík fyrirtæki eru jafnan dýrari þegar þau eru í höndum hins opinbera en einstakra manna. Það er ekki heldur von, að landsstjórnin hafi eins gott vit á að leigja skip, gera það út, og haga ferðum þess sem haganlegast eptir vörumagni og flutningum. Öðru máli er að gegna um einstaka menn, er tækju þetta að sjer. Þeir hafa meiri hvatir til að setja sig inn í málið; það er eiginn hagur þeirra, sem knýr þá til þess.

2. kafli frumv. sýnist mjer síður athugaverður, en þó virðist mjer það

vafasamt, hvort landssjóður á að öllu leyti að taka að sjer að gera vegi handa fólki til kaupstaðaflutninga. Það er spursmál, hvort landssjóður muni geta risið undir því að búa til þessar »aðalflutningabrautir«; því að það getur verið vafasamt, hve margar og hve langar þær eigi að vera. Á þetta atriði legg jeg þó ekki neina sjerlega áherzlu.

Að öðru leyti er frv. þetta að mestu sniðið eptir núgildandi lögum, en eigi að síður mun nefnd, sem væntanlega verður sett í málið, þurfa að breyta ýmsu, eins og h. flutningsm. bjóst við.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Það gladdi mig að heyra að hæstv. landsh. var mjer samdóma um það, er jeg sagði um samgöngur yfir höfuð, og um frumreglu þá eður grundvallarstefnu, er jeg álít að rjettast sje að fylgja í samgöngumálum vorum. Af því má jeg gera mjer þá von, að hvað sem h. þingd. tekst að gera til að bæta samgöngurnar yfir höfuð, þá muni hæstv. landsh. verða hinn bezti stuðningsmaður þess, ef það kemur fram á þann hátt, sem honum þykir aðgengilegur. Aptur á móti geðjaðist hæstv. landsh. ekki að því, hvernig jeg vil koma þessari grundvallarstefnu eða princípi fram í frumvarpinu.

Hæstv. landsh. var mest mótfallinn 1. kafla frv. og færði ýmsar ástæður fram gegn honum, en þó sjer í lagi þá, að ef landssjóður tæki að sjer strandferðirnar, þá mundi það verða hnekkir fyrir verzlunina. Hann gekk út frá því sem sjálfsögðu, að allar strandferðir, svipaðar þeim, sem nú eru, yrðu að leggjast niður, ef frv. yrði að lögum; en jeg sje ekki, að frv. útiloki það, að lítilfjörlegur styrkur sje lagður fram til þess konar ferða, ef þörf þykir á. Hæstv. landsh. kvað smákaupmenn ekki mundu geta fengið vörur nema frá Reykjavík og mundu þá verða að loka búðum sínum, eða hætta að verzla, en jeg held að svo fari eigi, því bæði eru pöntunarfjelögin víða orðin svo sterk, að þau fá gufuskip frá útlöndum, og með þeim mundu smákaupmenn geta fengið vörur, og ekki mundi heldur vera ómögulegt fyrir þá, að vera fleiri í samlögum, til að fá seglskip. Jeg get annars ekki fallizt á, að smákaupmenn haldi uppi verzlunarkeppni við stórkaupmennina. Nei, það eru pöntunarfjelögin. Smákaupmenn hafa ekki bolmagn til að reisa rönd við auðmagni stórkaupmanna og geta ekki í samkeppninni farið lengra en þeir leyfa, en verða ella að gefast upp á miðri leið.

Það atriði, hve dýrar strandferðirnar yrðu fyrir landssjóð, og að kostnaðurinn er ótiltekinn, virðist mjer ekki eins hættulegt og hæstv. landsh. Hjer er ekki um sjerlega stórt að tefla. Frv. fer ekki fram á meira en að landssjóði sje gert að skyldu, að halda úti einu strandferðaskipi með farþegarúmi handa 100 manns og vörurúmi fyrir 50 smálestir. Jeg veit, að það getur verið nokkur munur á hæð skipsleigunnar, hún getur hækkað og lækkað, en sá munur verður naumast mjög mikill og kostnaðurinn aldrei afarmikill í samanburði við gagn það, sem skipið gæti og ætti að vinna. Um þetta hef jeg rækilega leitað álits eins manns, sem ber gott skyn á slíka hluti, hefur reynslu fyrir sjer um það, að hafa gufuskip í förum hjer við land og er sjerlega áreiðanlegur maður (kaupmaður Zöllner). Eptir hans upplýsingum mun kostnaðurinn við að leigja slíkt skip aldrei geta nálgast 100 þús. kr. Hann gerði áætlun um, að það mundi á ári nema 40—50 þús. kr. og kvað hann þá áætlun ríflega. Jeg sje því ekki að þetta fyrirtæki, sem þó hlýtur að gefa talsvert af sjer, þurfi að verða svo afardýrt, að það sje frágangssök að leggja út í það,

og ef landsmenn vilja kosta til þess, hví skyldi þeim þá ekki vera það leyfilegt?

Það gæti sjálfsagt að því leyti verið betra að semja við einstaka menn eða fjelög, að þá er upphæðin viss, sem greiða skal, en hitt er ekki víst, að strandferðirnar verði eins haganlegar, því að þó að alþingi búi til ferðaáætlun, þá er ekki sagt að sá einstaki maður eða fjelag vilji ganga að því að fylgja henni, af því að styrkurinn kynni að þykja eptir á of lítill. Ef þetta fyrirkomulag sem frv. fer fram á reyndist óhagkvæmt, þá sje jeg ekki að vandkvæði sjeu á því, að breyta lögunum, og varla mjög háskalegt að reyna það í 2—4 ár.

Mjer hefir gengið það til að koma fram með þessa tillögu, að jeg bjóst við því að hæfir menn mundu vekjast upp til þess að gjöra það að lífsstarfi sínu, að koma þessum ferðum svo upp, að koma þeim í svo gott lag, að þær bæru sig vel hvað kostnaðinn snertir, ef þær yrðu lögákveðnar.

Þá er að minnast á þá ástæðu hæstv. landsh., að strandferðirnar mundu verða dýrari með þessu fyrirkomulagi, af því að landsstjórnin þekkti ekki svo vel til þess konar mála. Því svara jeg þannig, að ætlast má til, að framkvæmdarstjórinn leggi kapp á að afla sjer hinnar nauðsynlegu þekkingar. Hann á sjálfur mikið í húfi eptir frv., þar sem ætlazt er til, að mest af launum hans liggi í prósentum af því er skipinu áskotnast.

Síðasta mótbára hæstv. landsh. var sú, að ekki væri ákveðið í frv. um tölu og lengd aðflutningabrauta. Jeg sje að þessu má hjálpa við með því, að taka þau ákvæði upp í lögin, enda hafði jeg gert það fyrst, en síðar sleppt því úr frv. Et 50 mílna langir akvegir kæmust á, þá mundu þeir gera stórmikið gagn, og er þó mikill munur á kostnaði við að gera þá, en þær 200 mílur (aðalpóstvegina), sem eptir lögunum frá 1887 eru nú lögákveðnar akbrautir.

Jeg vona að nefnd verði sett í málið, og mun ekki taka mjer nærri, þó ýmsum einstökum atriðum verði breytt, að eins að aðal-principinu sje haldið, því það er lifandi sannfæring mín, ávöxtur af fleiri ára umhugsun, að frv. styðjist við rjettara og hollara princip, en hingað til hefur verið fylgt í samgöngumálum vorum.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. að kjósa 5 manna nefnd; í hana voru kosnir:

Jens Pálsson	með 21	atkv.
Skúli Thoroddsen	— 13	—
Sigurður Stefánsson	— 10	—
Þorvarður Kjerúlf	— 10	—
Árni Jónsson	— 9	—

Fyrstu umr. síðan frestað.

Ellefti fundur, þriðjudag 14. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá að í nefndinni um frv. til stjórnarskipunarlaga væri kosinn formaður Benidikt Sveinsson og skrifari Sigurður Stefánsson, og í nefndinni um strandferðir og vegi formaður Jens Pálsson og skrifari Þorvarður Kjerúlf.

Forseti skýrði frá að til sín væri komið:

1. Útdráttur úr fundarbók sýslunefndarinnar í Árnessýslu um breytingar á póstgöngum í sýslunni.
2. Bænarskrá frá stjórnarnefnd alþýðu- og gagnfræðaskólans í Flensborg um fjárframlag til tjeðs skóla.
3. Framhaldsbænarskrá frá cand. med. Sigurði Magnússyni um styrk til dýralækninganáms.
4. Bænarskrá um lán til æðarvarps-ræktarfjelagsins á Breiðafirði og við Strandaflóa.
5. Fundargjörðir úr Snæfellsnessýslu.

6. Bænarskrár úr Snæfellsnessýslu um breytingar á ferðum strandferðaskipanna.

Frumvarp til laga um bann gegn eptirstæling frímerkja og annara póstgjaldsmiða (C. 144); 1. umr.

ATKVÆÐACR.: Málinu orðalaust vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Frv. til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 148, 151); 3. umr.

Flutningsm. (Ólafur Ólafson): Jeg finn eigi ástæðu til nú, að fara mörgum orðum um frumv. þetta. Breyting hefir verið gjörð á því, til að bæta úr göllum þeim, sem þóttu vera á viðaukatillögunni áður. Jeg stend því að eins upp til þess að láta í ljósi það álit mitt, að nóg sje þegar rætt um þetta mál. Það er svo á valdi h. deildar, hvort það verður fellt eða samþykkt í heild sinni.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg vil skjóta því til h. flutningsmanna breytingartillögunnar, hvort þeir vilji eigi taka hana aptur; því mjer virðist hún þýðingarlaus og ekki hæf til að verða samþykkt, þar sem hún er hjer um bil orðrjett upptekning úr lögunum; þar stendur: »Nema meiri hluti hjeraðsnefndarmanna þeirra, sem hlut eiga að máli, samþykki breytinguna á hjeraðsfundi«. En hjer í breyt.till. stendur: »nema meiri hluti hjeraðsnefndarmanna þeirra, sem hlut eiga að máli, sjeu á fundi og samþykki breytinguna«. Mjer skilst eigi betur, en þetta sje alveg sama ákvæðið, því að hjeraðsnefndarmenn geta því að eins samþykkt á hjeraðsfundi, að þeir sjeu á fundi. Ef þetta er ekki rjett skilið, þá vonast jeg eptir leiðrjettingu, en sje það rjett skilið, þá er meiningarlaust að vera að prenta sama lagaákvæðið því nær orðrjett upp úr lögunum.

Landshöfðingi: Jeg verð að vera samdóma h. þm. N.-Þing. (J. J.), er síðast talaði. Ágreiningurinn milli flutningsm. og þm. N.-Þing. (J. J.) er, hverjir sjeu rjettir hlutaðeigendur. Hjeraðsnefndarmenn þeir sem hlut eiga að máli, eru allir hjeraðsnefndarmenn úr því prófastsdæmi, sem hlut á að máli, og mál, er koma fyrir á hjeraðsfundi, snerta alla hjeraðsnefndarmenn jafnt, og þeir eru allir rjettir hlutaðeigendur, alveg eins og mál, sem rædd eru á alþingi, snerta alla alþingismenn. Þótt eitt mál á alþingi sje viðkomandi sjerstaklega einni sýslu, þá snertir það eigi að eins þingmann þeirrar sýslu, heldur alla þingmenn, og þeir eiga allir hlut að því máli. Jeg er að öllu leyti samdóma h. þm. N.-Þing. (J. J.) um, að breytingartillagan sje þýðingarlaus og að eigi sje vert að vera að prenta upp aptur gildandi lög.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 151) felld með 13:6 atkv.

Frumv. sjálft (C. 148) samþykkt með 13:5 og afgr. síðan til Ed.

Frv. til laga um sölu þjóðjarða (C. 114, 141); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Af því mál þetta hefur opt verið tekið til meðferðar á þingi og æfinlega fengið góðar undirtektir, þá virðist óþarfi að fjölyrða um það.

Það sem liggur til grundvallar hjá flutningsmönnunum fyrir því að vilja fá því framgengt, að leiguliði geti keypt ábýlisjörð sína, er það, að það er að áliti flestra manna beggja hagur. Fyrir seljanda er það hagur að því leyti, sem peningarnir sem fyrir jörðina koma eru að mörgu leyti haganlegri eign en jörðin, og umsjónin sjerstaklega hægri og kostnaðarminni, en þó jörðin sje

eigi seld fyrir hærra verð en svo, að 4% vextir af kaupverðinu samsvari eptirgjaldi hennar, þá er beinlínis hagur að því fyrir landssjóð, að því leyti sem hann græðir 1/6, sem umboðslaunin nú nema. Hvað leiguliðann áhrærir, þá er það hagur fyrir hann. Bæði er margur svo gerður, að hann vill heldur eiga jörð þá, sem hann býr á, en að hafa hana til leigu og vill síður leggja í þann kostnað sem hann getur eigi fengið bættan, er hann fer frá jörðinni, svo sem kostnað við húsa- og jarðabætur, og af þessu leiðir þá, að báðir, eigandinn og leiguliðinn, bíða óhag. En verði leiguliðinn eigandi, leggur hann miklu fúsari út í þann kostnað, sem hann sjer að hagur sinn muni vaxa af eða sem hann veit að hann muni fá borgaðan; þannig hefur eigandinn hvöt til að bæta eignarjörð sína, sem hann býr sjálfur á, miklu fremur en leiguliðinn ábýlisjörð sína. Aðaltilgangurinn með þessu frv., svo sem öllum hinum fyrri frumvörpum sama efnis, er sá, að fá löggjafarvaldið — þingið — til þess í eitt skipti fyrir öll, að veita stjórninni heimild að selja þjóðjarðir, í stað þess að það hefur hingað til gefið leyfi til að selja einstakar jarðir. Í þessu frv. er hverjum ábúanda veitur rjettur til að fá ábúðarjörð sína keypta, með lítilli undantekningu í 1. gr. frv. En eptir því sem hingað til hefur átt sjer stað, er undir náð komið, hvort jörðin er föl eða ekki; hafa enda eptir tillögum sumra átt að koma til álita persónulegir verðleikar, t. d. hvort ábúandinn hafi gert jarðabætur o. s. frv. En slíkt er mikill vandi að meta rjett, og sýnist heppilegra að vera laus við það.

Í þessu frv. er þeirri reglu fylgt, að jörðin sje virt af sýslunefnd og amtsráði; hitt sem áður var, að umboðsmaður meti jörðina, virðist eigi jafnheppilegt, því eiginn hagur getur haft áhrif á það mat; virðist heldur hlutverk hans vera það, að lýsa jörðinni. Matið á að vera byggt á því, að matsmenn sjeu óvilhallir.

Í öðru lagi er að tala um borgunarskilmálana. Í skilmálum þeim, sem hingað til hafa gilt um sölu þjóðjarða, er svo ákveðið, að nokkur hluti jarðarverðsins greiðist um leið og kaupin fullgerast, nokkur hlutinn á tilteknuu árabili, en sumt standi óborgað um óákveðinn tíma. En í þessu frv. er áskilið, að allt kaupverðið endurborgist á vissum áratíma. Jeg veit ekki betur og skil eigi annað en að heppilegra sje og haganlegra, að lán sje veitt með afborgun, heldur en með uppsögn með litlum fyrirvara. Getur vel komið fyrir, að þegar láni er uppsagt, að þá sje erfitt að greiða; það er hægra að svara minni upphæð árlega á löngum tíma, en mikilli í einu lagi með stuttum borgunarfresti. Mat það, á jörðunum, sem þetta frv. fer fram á, er engu ótryggilegra en áður hefur tíðkazt; þingið getur eins og nú stendur lítil önnur afskipti haft af því, en að kjósa nefnd til að segja álit sitt um það, og er þá vel hugsanlegt, að í þá nefnd sje eigi ávallt völ á þeim mönnum, er sjeu nógu gagnkunnugir öllum þeim jörðum, er um er að ræða til sölu. Og þó tillögur þeirrar nefndar sjeu bornar undir þingið til samþykktar, þá hagar svo til, að flestir þingmenn eiga mjög erfitt með að kynna sjer ásigkomulag jarðanna til hlítar, einkum er margar jarðir koma fyrir eins og nú; tefur það þingið ekki alllítið, sem hefur nógu öðru að gegna, og væri því gott fyrir það að losna við þau störf, sem vel má sjá fyrir á annan fulltryggilegan hátt.

Landshöfðingi: Jeg hefi hreyft því áður, þegar sams konar frv. og þetta

hefur verið til umræðu á alþingi, að jeg áliti það mjög vafasamt, hvort það gæti samrýmzt við 23. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir, að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi *neina* af jarðeignum landsins, nema slíkt sje með lagaboði ákveðið. Jeg ætla samt ekki í þetta skipti að fara að ítreka ástæðurnar fyrir þessari skoðun minni, en að eins benda h. þingdm. á þetta, svo það komi þeim ekki óvart, ef frv. skyldi stranda á þessu skeri.

Það, sem jeg að öðru leyti hefi sjerstaklega á móti þessu frumv., er það, að hver þjóðjarðarábúandi á, eptir því, heimting á, að fá ábúðarjörð sína keypta. Jeg á ómögulegt með að sjá, hvers vegna þjóðjarðalandsetar eiga að vera svo miklum mun rjetthærri en aðrir leiguliðar til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar. Þar við bætist, að eptir þessu ákvæði verður ekkert tillit haft til þess, hvernig landsetinn hefur setið jörðina, sem þó væri að minni hyggju alveg rjett. Jeg get ekki álitið það rjett, að hver trassinn sem kannske hefur nítt jörð sína niður eða ekki staðið í skilum með eptirgjald og því er byggt út, geti sagt: »Nú ætla jeg að kaupa ábýlisjörð mína,« og að landsstjórnin verði svo að vera skyld til, að selja honum hana, hvernig sem á stendur.

Ástæðan til þess, að það á að vera nauðsynlegt, að koma slíkum lögum fram, á að vera sú, að það sje svo mikið unnið við, að auka sjálfseign í landinu. En í fyrsta lagi er það alls ekki víst, að ábúandinn, sem kaupir jörðina, verði í raun og veru eigandi hennar, því það ber ekki sjaldan við, að annar maður stendur á baki landsetanum, og hefur hann að eins fyrir »lepp« til þess að ná sjálfur kaupum á jörðinni, og í öðru lagi er það svo, að þó hann kaupi jörðina í svipinn, þá getur sjálfsábúðinni brátt orðið lokið, annaðhvort af því, að kaupandinn flosnar upp af jörðinni, eða hann fellur frá á annan hátt, og jörðin kemst í annara manna hendur, ekki að tala um, að jörðin skiptist milli margra á skiptum eptir kaupandann. Líka hefur það verið tekið fram sem ástæða fyrir þessu máli, að þjóðjarðir væru vanalega illa setnar, en jeg mótmæli því kröptuglega, að nokkur hafi heimild til, að segja slíkt. Jeg held miklu fremur, að landssjóðsjarðir sjeu betur setnar, en aðrar leigujarðir, enda er það eðlilegt, þar sem engar jarðir eru byggðar með betri kjörum en þær, því í fyrsta lagi hafa þjóðjarðalandsetar lífstíðarábúð, og er það þeim hin mesta hvöt til, að gjöra sjer jarðirnar sem arðsamastar; í öðru lagi er leigumálinn miklu betri og aðgengilegri á þeim, en á öðrum jörðum. Aðrir ábúendur verða að greiða landskuld af leigujörðum sínum í fríðu, en af þjóðjörðum er hún greidd í peningum eptir meðalverði hvers árs. Loks hefur landssjóðsleiguliðinn fulla tryggingu fyrir því, að hann verði aðnjótandi allra þeirra hlunninda, sem leiguliðum eru heitin í lögum um ábúð jarða, svo sem að fá endurgjald fyrir jarðabætur og niðursetning á leigumálanum, ef ábýlisjörð hans verður fyrir skemmdum. Allt þetta hafa leiguliðar landssjóðs miklu meiri tryggingu fyrir, að fá endurgoldið, en leiguliðar annara landsdrottna. Jeg skil þess vegna ekki í, hversvegna landssjóður á að vera að selja eignir sínar; það verða að vera, að mínu áliti, sjerstakar ástæður til þess, svo sem peningaþurð í landssjóði, en eptir því, sem hagur landssjóðs stendur nú, þarf hann ekki að afla sjer peninga á þennan hátt. Jeg skil ekki, hvernig það getur verið svo slæmt, að landssjóður má eigi hafa höfuðstól sinn í eignum, sem eru svo mikils virði, að allir sem eiga peninga aflögum sækjast

eptir, að ná í þær. Það er fleira, sem jeg get ekki fellt mig við í þessu frv. Þannig virðist mjer það nokkuð sjerstaklegt, að eigandi selji jörð sína fyrir verð, sem hann sjálfur hefur ekkert að segja um, því ef frumv. þetta verður samþykkt, þá er það amtsráðið, eptir tillögum sýslunefndar, sem ákveður kaupverðið. Áður hefur það þó verið þingið, fyrir hönd eigandans, landssjóðs, er ákveðið hefir kaupverð þeirra jarða, sem falaðar hafa verið til kaups. Það stendur reyndar í þessu frumv., að landshöfðingi eigi að ákveða kaupverðið, en þegar betur er að gáð, þá hefur landsstjórnin ekki annað að gjöra, en að margfalda eptirgjald jarðarinnar, landskuld og leigu, með 25; það eru öll afskipti hennar af sölunni. Jeg held, að það sje varla dæmi til þess, að maður feli öðrum umráð yfir eignum sínum á þennan hátt. Eptir þeirri reynslu, sem fengizt hefur síðan 1875, að þingið fór að hafa þessi mál til meðferðar, mun niðurstaðan optast hafa orðið sú, að þingið hefur ekki tekið mjög mikið tillit til tillaga sýslunefnda um kaupverð jarða. Jeg vil ekki gjöra neinni sýslunefnd getsakir, en jeg vil segja, að það sje mannlegt, þó hún segði sem svo: Við skulum láta hann hafa jörðina fyrir þetta, sem hann býður, en ekki vera að skrúfa hana upp; landssjóður er nógu ríkur samt. Nábúasýslunefndin hefur látið landseta í sinni sýslu fá líka jörð fyrir þetta verð, og hvers vegna eigum við að heimta meira, en hún? Jeg segi að eins, að þetta geti hugsazt, enda hefur þingið hingað til, að mjer virðist, eigi tekið sjerlega mikið tillit til tillaga sýslunefnda í þjóðjarðasölumálum. Á þessu stigi málsins heyrir ekki til, að fara út í einstakar greinar frumv., og skal jeg því ekki tala frekar um málið að sinni.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Undirtektir hæstv. ldsh. undir mál þetta eru ekki álitlegar fyrir framgang þess. Viðvíkjandi fyrstu mótbáru hæstv. ldsh., að frv. mundi fara í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar, þá hefur þessu verið hreyft fyr, en ekki lögð svo mikil áherzla á það, að málið hafi ekki getað fengið framgang fyrir það á þingi; en spursmál er auðvitað um, hvort þetta atriði muni ekki geta orðið til fyrirstöðu, er um staðfesting laganna væri að ræða.

Jafnvel milli lögfræðinganna hefur verið ágreiningur um skilning á þessari umræddu grein stjórnarskrárinnar, og hvort að ekki væri eins mikil heimild til að selja allar þjóðjarðirnar í einu, eða gefa í einu leyfi til þess, eins og hins, að selja einstakar þeirra. Í Danmörku hefur það verið skilið svo, að grundvallarlögin heimiluðu þetta. Jeg skil því varla í, að þessi mótbára þurfi að verða frv. að fótakefli. Fyrir nokkrum árum kom líka fram frá hinum þáverandi landshöfðingja það álit, að stjórnin mundi ekki verða á móti slíku lagaboði. Nú verður það að bíða síns tíma, hvernig fer.

Viðvíkjandi því sem hæstv. landshöfðingi talaði um verðleika leiguliða til að kaupa jarðir sínar, þá byggði hann á allt öðrum grundvelli, að mjer virðist, en flutningsmenn frv. Eptir hans skoðun lítur svo út, sem þeir eigi að fá jarðirnar sem verðlaun eða í gustukaskyni, en vor skoðun er sú, að það sje beinlínis hagur fyrir landssjóð að selja jarðirnar, og að það sje ekki eptirsóknarvert fyrir hann að vera stærsti landsdrottinn á Íslandi. Sú var tíðin, að jarðir þóttu tryggasta eign og að menn lögðu auð sinn í þær; en nú er orðin töluverð breyting á þessu; nú eru mörg önnur tækifæri til að ávaxta fje sitt á fulltryggilegum stöðum og um-

svifaminna, en að verja því til jarðakaupa. Það er fátítt nú á dögum, að menn raki að sjer jörðum, og engum mun blandast hugur um, að það sje breyting til bóta, því að eptir því sem einstakir menn safna að sjer færri jörðum, eptir því er meiri trygging fyrir að sjálfseignarbændum fjölgi. Hæstv. ldsh. tók það fram, að engin trygging væri fyrir að jarðirnar hjeldust í eigu kaupenda, eða gengju í erfðir. Satt er það, að víst er það ekki, þótt líkindi sjeu fyrir því, en víst er það, að við sölu þjóðjarðanna vex bændaeign í landinu. Viðvíkjandi því sem hæstv. ldsh. sagði að yfir höfuð væri betri ábúð á þjóðjörðum en öðrum leigujörðum, þá mótmæli jeg því ekki, því að venjulega er þjóðjarðalandsetum gert að skyldu að vinna árlega einhverjar jarðabætur fremur en öðrum leiguliðum; leigumáli er að vísu yfir höfuð lægri á þjóðjörðum en öðrum leigujörðum; en vafasamt er þó, hvort þjóðjarðalandsetarnir komast betur út af eptirgjaldi sínu en aðrir, þegar alls er gætt. Leiguliðar á jörðum einstakra manna eiga optast kost á að greiða eptirgjaldið í því sem þeim er hægast, *(Landsh.:* Í fríðu); en leiguliðar á þjóðjörðum verða yfir höfuð að greiða það í peningum.

Viðvíkjandi því sem hæstv. ldsh. sagði að ábúendur á þjóðjörðum ættu hægra með að ná rjetti sínum til endurgjalds fyrir unnar jarðabætur um fram skyldu en aðrir leiguliðar, þá getur verið að svo sje, en engin frágangssök sýnist heldur fyrir aðra leiguliða að ná þeim rjetti, sem lögin heimila þeim. Hæstv. ldsh. kom fram með það, að mat sýslunefnda mundi ekki vera áreiðanlegt, *(Landsh.:* Jeg sagði það alls eigi), eða þá að minnsta kosti að þingið færi lítt eptir því. En mjer þykir hart að ætla, að þar sem margir óviðkomandi menn vinna að matinu, að það sje ekki eins rjett og mat eins manns, sem þar að auki er við málið riðinn, og þótt þingið hafi fremur hallazt að hærra matinu, þá er óvíst að það hafi verið rjettara fyrir það; að minnsta kosti hafa fremur fáar af jörðunum selzt fyrir það verð, sem þingið hefur gefið kost á þeim fyrir. Einn galli fylgir því fyrirkomulagi sem nú er. Þingið rennir alveg blint í sjóinn með það, hvort leiguliðarnir muni vilja kaupa jarðirnar fyrir það verð, sem það setur. En það er leiðinlegt að vera að búa til þau lög, sem allsendir er óvíst, hvort að notum verði.

Landshöfðingi: Það er að eins eitt atriði í ræðu h. þm. Skagf. (Ól. Br.), sem jeg skal leyfa mjer að taka nokkuð ýtarlegar fram, það er að segja hver ávinningur það væri fyrir þingið að sleppa við að vera hvað eptir annað að semja lög um þjóðjarðasölu. Jeg bjóst ekki við að þingið vildi ganga á undan stjórnarvöldum í landinu með því góða eptirdæmi að segja: »Þetta starf, sem mjer er falið í stjórnarskránni, að ákveða í hvert skipti með lögum, hvort selja skuli þjóðjörð, sem föluð er til kaups og með hverjum kostum, er svo leiðinlegt og svo vandasamt, að jeg verð að reyna að koma því af mjer«. Það er mikilsvarðandi þáttur í fjárforræði landsins, sem þingið ætti ekki að snara frá sjer að fjalla um.

Viðvíkjandi því, sem h. þm. (Ól. Br.) barði við, að erfitt væri fyrir þingið að fást við jarðasöluna, sökum ókunnugleika þess á þeim, þá er þess þó að gæta, að á þinginu situr einn maður eða fleiri úr hverri sýslu, og auk þess eru margir þessara manna kunnugir í fleiri sýslum en einni, enda ekki erfitt fyrir nefndir þær, sem fjalla um þjóðjarðasölu, að leita sjer upplýsinga hjá öðrum þingmönnum eða mönnum út í frá.

Árni Jónsson: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram gagnvart orðum hæstv. landsh., að ekki sitja æfinlega þingmenn úr hverri sýslu á þingi; þannig er nú stórt svæði, sem enginn þingmanna á heima á, nfl. Mýrasýsla, Dalasýsla og Snæfellsnesssýsla. (*Landsh.:* Þingmaðurinn er fullkunnugur í Mýrasýslu).

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Frumv. til laga um breyting á 3. gr. og 8. gr. í tilskip. 31. maí 1855 um eptirlaun (C. 122); 2. umræða.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Jeg efast ekki um, að allflestir h. þingdm. muni vilja styðja mál þetta, bæði vegna þeirra undirtekta, sem málið hefur fengið áður, og vegna sinnar eigin sannfæringar. Jeg efast því síður um þetta, sem margir þingmálafundir hafa tekið þetta mál til umræðu, eins og sjá má á fundargjörðunum, sem eru lagðar fram á lestrarsalnum, og sem bæði óska og skora á þingið að taka málið til meðferðar. Frá 13 kjördæmum eru tillögur beinlínis í þessa stefnu. Reyndar eru þær ekki allar samhljóða, því að hjer um bil helmingur þeirra fer þess á leit, að málinu sje haldið áfram í líka stefnu og á síðasta þingi, en margir vilja alveg afnema öll eptirlaun. Á sama hátt get jeg hugsað mjer, að skoðanir manna skiptist hjer á þingi, þar sem menn bæði vilja verða við óskum þjóðarinnar og hinsvegar einnig taka sanngjarnt tillit til hinna tilvonandi embættismanna.

Til þess því, að þessu verði sem bezt fyrir komið og á sem heppilegastan hátt fyrir málið sjálft, þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd, og óska jeg ennfremur, ef þetta verður samþykkt, að næsta máli á dagskrá verði vísað til hinnar sömu nefndar.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. í e. hlj.

Kosnir voru:

Árni Jónsson með 19 atkv.
Eiríkur Briem — 12 —
Indriði Einarsson — 12 —

Fleiri náðu ekki þriðjungi atkvæða. Við aðra kosningu fjekk Ólafur Ólafsson 13 atkv. Við þriðju kosningu náði enginn þriðjungi atkvæða, en við fjórðu kosningu hlaut Sigurður Gunnarsson 12 atkvæði.

2. umr. síðan frestað.

Frumv. til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer lífeyri eptir 70 ára aldur (C. 121); 2. umr.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að máli þessu verði vísað til nefndar þeirrar, er kosin var í hinu síðasta máli.

Samþykkt í e. h. og umr.frestað.

Frumv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka dags. 18. sept. 1885, 25. gr. (C. 128); 1. umr.

Flutningsmaður (Eiríkur Briem): Mál það, sem hjer liggur fyrir, er þess eðlis, að full nauðsyn er á, að það fái fram að ganga. Starf bankans hefur vaxið að mun síðan lögin voru samin og þess má vænta að þau fari framvegis vaxandi; er því mjög sanngjarnt, að laun þeirra, sem vinna í honum, verði hækkuð.

Af því þetta er 1. umr., skal jeg ekki fara út í einstök atriði, en að eins taka það fram, af því að jeg veit, að sumir hata misskilið orðin »1/5 af þúsundi«, að með þessu er meint 1/5 pro mille, en annars má vel seinna breyta því, og segja 1/5 kr. (eða 20 aurar) af hverjum 1000 krónum.

Sigurður Stefánsson: Jeg efast ekki um, að ástæður h. flutningsm. (Eir. Br.) fyrir því, að hækka launin, sjeu á rökum byggðar; en jeg hefði kunnað betur

við, að fleiri atriði viðvíkjandi bankanum hefði komið fram í frumv. þessu.

Bankinn hefur að vísu fullnægt mörgum þeim kröfum, sem til hans eru með rjettu gjörðar, en alls-ekki öllum. Þing og þjóð hafa hvað eptir annað fundið ýmislegt að bankanum og hinu núverandi fyrirkomulagi hans og óskað ýmsra breytinga í þessu efni. Þessar óskir landsmanna komu á síðasta þingi fram í þingsályktun þeirri, er þá var samþykkt og fór fram á allmiklar breytingar á fyrirkomulagi bankans, sem miðuðu allar til þess, að bankiun eða rjettara sagt bankastjórnin og landsstjórnin gjörðu það sem í þeirra valdi stæði til þess að bankinn samsvaraði þeim aðaltilgangi sínum, að gjöra peningaviðskiptin í landinu sem hægust og greiðust og styðja með því að framför atvinnuveganna. Eins og alkunnugt er, hefur honum mjög vaxið fiskur um hrygg síðan hann var stofnaður; hann hefur stórfje; en framkvæmdir hans hafa ekki aukizt að því skapi.

Það getur ekki verið aðaltilgangur bankans, að auðga einungis sjálfan sig; hann verður jafnframt sem bezt að fullnægja þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess að hann geti einnig auðgað aðra. Hann verður að styðja að því, að efla atvinnuvegi landsmanna með peningum sínum. »Peningarnir eru afl þeirra hluta, sem gjöra skal« hjer eins og annarsstaðar, og því er svo mikið undir því komið fyrir landsmenn og framfarir landsins, að þessi eina peningastofnun landsins sje sem auðveldust til afnota fyrir landsmenn. Landssjóður hefur stofnað bankann. Það er því eðlilegt, þó landsmenn vilji, að starf hans sje sem hagkvæmast fyrir sig, en svo finnst þeim ekki vera eins og nú stendur. Þeir eru óánægðir með, að hann skuli ekki standa í sambandi við útlenda banka, óánægðir með að hann skuli ekki hafa útibú, eins og ætlazt er til í lögunum og sem mundi ljetta landsmönnum hvað mest viðskipti við hann. Að vísu hefir framkvæmdarstjórnin gjört grein fyrir því, að það sje eigi hægt að svo stöddu, af því að fje vanti til þess; en haldi hann áfram að græða eins og hann hefur gjört hingað til, munu varla mörg ár líða áður hann verði fullfær um það. Ennfremur og einkanlega eru landsmenn óánægðir með það, að bankastörfin og sjer í lagi bankastjórnin skuli ár eptir ár vera höfð í hjáverkum. Þessi óánægja er mjög almenn, og er hún vafalaust sprottin af umhyggju fyrir bankanum og þrifum hans, og áhuga landsmanna á því, að hann komi að sem beztum notum. Það sýnist og sanngjörn krafa af hálfu landsmanna, að starfsmenn bankans vinni honum einum.

Jeg get því ekki fallizt á þetta frumv. eins og það liggur hjer fyrir. Þó er það ekki svo að skilja, að það sje af því, að jeg sje því mótfallinn að bókari bankans og fjehirðir fái launahækkun með vissum skilyrðum, heldur af hinu, að hjer þykir mjer of skammt farið. Jeg vil að fleira sje hnýtt við frv. þetta, svo að það geti orðið veruleg byrjun á þeim umbótum, sem landsmenn óska að verði á banka sínum, á þeim umbótum, sem margir h. þingd.m. munu hafa áskoranir frá kjósendum sínum um að framfylgja. En ef málið er þannig tekið fyrir, þá verður það svo umfangsmikið, að ekki mun veita af að setja nefnd í það, og mun jeg síðar, þegar umr. er lokið, stinga upp á að það sje gjört.

Flutningsmaður (Eiríkur Briem): Jeg fyrir mitt leyti er að mörgu leyti samþykkur h. 1. þm. Ísf. (Sig. St). í því, er hann tók fram um þýðingu bankans og störf hans, er ættu að fara vaxandi. Jeg get heldur ekki betur sjeð, en að þetta frumv. miði einmitt til þess, að flýta fyrir vaxandi störfum og

framförum bankans. Þetta frumv. er einmitt stuðningur í þá átt, að starfsmenn bankans þurfi ei að láta önnur störf draga sig frá honum; þeir þurfa að geta fengið svo mikil laun, að þeir geti lifað af þeim eingöngu. Störf bankans eru þegar orðin svo mikil, að þó þeir sjeu báðir færir menn, þá geta þeir ekki til lengdar gegnt þeim með öðrum störfum. En að því, er snertir hið annað, er hann talaði um fyrirkomulag bankans og breytingu á bankalögunum, þá vil jeg benda honum og öðrum h. þingd.m. á, hvort ekki mundi eiga betur við, að koma því fram á annan hátt, en í sambandi við þetta frumv. Að taka annað upp í þetta frumv., en hjer er gjört, gæti gefið tilefni til þess, að fyrirstaða gæti orðið á, að fá því framgengt, sem hjer ræðir um, og sem jeg ímynda mjer, að allir h. þingdm. sjeu samþykkir. Jeg vil þessvegna skjóta því til h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.), hvort honum fyndist ekki eiga betur við, að bera hinar aðrar tillögur sínar upp á annan hátt, annaðhvort í sjerstöku frumvarpi eða með þingsályktunartillögu. Í sambandi við þetta get jeg því eigi álitið, að þörf sje á að setja nefnd, að því er þetta mál snertir.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal játa, að það eru ýms atriði í þessu máli, sem ekki snerta beinlínis þetta frumvarp; en á hinn bóginn er þó ýmislegt, bankann áhrærandi, sem bera mætti upp í sambandi við það. Aptur er ýmislegt annað, sem gæti komið fram í þingsályktunarformi, eins og h. flutningsm. (E. B.) benti á. Jeg verð þessvegna enn að vera á því, að rjett sje, að setja nú nefnd, er taki að sjer allt málið, og beri síðan tillögur sínar fram, annaðhvort í sjerstöku frumvarpi, eða þingsályktunarformi eða þá hvorttveggja. Jeg sting þessvegna upp á, að kosin verði 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 19 atkvæðum og í hana kosnir:

Sigurður Stefánsson	með	20 atkv.
Eiríkur Briem	—	16 —
Skúli Thoroddsen	—	13 —
Jón Jónsson þm. N.-Þ.	—	12 —
Lárus Halldórsson	—	8 —

Fyrstu umr. síðan frestað.

Tólfti fundur, miðvikudaginn 15. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að í nefndinni um breytingar á 3. gr. og 8. gr. í tilsk. 31. maí 1855 um eptirlaun væri kosinn formaður Árni Jónsson og skrifari Eiríkur Briem, og í nefndinni um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 formaður Lárus Halldórsson og skrifari Sigurður Stefánsson.

Forseti skýrði enn fremur frá, að til sín væri komið:

1. Skjöl viðvíkjandi sölu silfurbergsnámanna í Helgustaðafjalli.
2. Bænarskrár um að Kálfafellssókn í Fljótshverfi verði gjörð að sjerstöku prestakalli.
3. Ályktanir hins ísl. kennarafjelags á aðalfundi þess 30. júní 1891.

Frumvarp til laga um heimild fyrir landstjórnina til að gera ráðstafanir viðvíkjandi sölu á ósútuðum aðfluttum húðum (C. 141); 1. umr.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Eins og öllum h. þm. er kunnugt, þá hefur brytt og bryddir við og við á slæmri veiki, nefnil. miltisbrandi, í kúm og sauðfje um síðustu ára tíma, og orsökin til hennar verið optast talin sú, að húðir hafa verið bleyttar í vatni, og skepnurnar drukkið af. Það er eigi langt

síðan að sótt þessi drap allar kýrnar á einum bæ í nálægu prestakalli. Og þar sem allar líkur eru til, að veiki þessi stafi af vatni, sem slíkar húðir hafa verið bleyttar í, og þar sem veikin hefir nú þegar sýnt sig mjög skæða víðsvegar, þá er ekki lítið varið í, ef menn gæti byggt fyrir hana á einhvern hátt með því, að kaupmenn gætu eigi skilyrðislaust flutt inn slíkar húðir.

Oss flutningsmönnum hefur komið til hugar, að leyfa oss að fara fram á, að löggjafarvaldið skerist í þetta, að landstjórnin megi gefa fastar reglur um hversu með skuli fara. Auðvitað yrði þeim eigi alstaðar komið við, en þó eflaust í helztu kaupstöðum; þar mætti vel fá því framgengt, að kaupmenn legði slíkar húðir í þann vökva, sem dýralækningaráðið tekur fram í brjefi sínu, sem prentað er í Stjórn.tíð.; væri slíkt auðgert í Reykjavík og öðrum stærri verzlunarstöðum. Væri það gert, þá mætti menn vera óhultari en ella bæði seljandi og kaupandi sjer í lagi. Fengist fastar reglur þessu viðvíkjandi, þá ætti að fela landstjórninni eptirlit og framkvæmdina, og má gjöra sjer góðar vonir um góðar undirtektir af hennar hálfu.

Þorlákur Guðmundsson: Eins og h. flutningsm. (J. J.) tók fram, er öllum sjáltsagt ljóst, að hjer er um þýðingarmikið atriði að ræða, þar sem miltisbruninn er, og það tjón, sem af honum er búið. En það er líka mikill vandi, að koma með reglur, er vel fari og við eigi bezt; að eigi verði gengið of nærri rjetti manna eða viðskiptalífi. Nú sem stendur eru engar reglur, en þó ætti þær að vera og þyrftu að vera, og þá svo, að löggjafarvaldið setti ýmsar varúðarreglur, sem segja fyrir hversu skyldi fara með skepnur dauðar úr sótt þessari, t. d. grafa þær allar eða innýfli þeirra o. fl. til varnar frekara tjóni. En ef setja ætti fastar reglur, þá gæti sumum mönnum ef til vill virzt ísjárvert, að veita landsstjórninni vald til að setja slíkar reglur, en jeg vona þó að menn sjái, að hjer þurfi eitthvað að gera, en hjer er eigi nema tvennt að gera; annaðhvort að banna algerlega allan aðflutning, eða þá að setja fastar reglur eða lög um að bleyta aðfluttar húðir í klórkalki eða einhverju því um líku, til að varna sóttnæmi. Innflutning má eigi banna á slíkum húðum, því svo mikil er skinna-ekla nú orðin í landinu, að án aðfluttra skinna geta menn eigi komizt af; landsmenn hafa ekki einu sinni skinn til skóklæða hjá sjálfum sjer, og sjómenn hafa ekki í sjóklæði til að geta dregizt á sjó út, nema frá kaupmanninum; þeir verða að kaupa það út úr búðinni. Nautpeningi í landinu fækkar, sauðfje og hross eru seld þúsundum saman út úr landinu; því kemur skinna-eklan; landsmenn selja sín skinn, til þess að mega til að fá banvæn skinn keypt aptur utanlands frá. Það er ekki hægt að reikna út það tjón, er af þessu leiðir, og er vonandi að h. þingd. taki vel móti máli þessu og verði því hlynnt; en af því mál þetta er yfirgripsmeira en í fljótu bragði kann að sýnast, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á að nefnd verði kosin til að íhuga það, þegar umræðum er lokið.

Jeg sakna hins hæstv. landshöfðingja, þar sem hann er eigi hjer nú, því miklu hefði mjer þótt skipta, hverjar hans undirtektir hefðu orðið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 12 atkv. Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn (C. 142); 1. umr.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen):

Af því að jeg er annar flutningsmanna þessa frv., þá stend jeg upp til að mæla nokkur orð fyrir því.

Í 45. gr. stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874 stendur: »Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal hið opinbera að því leyti styðja hana og vernda«. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um það, hvort þessi ákvæði stjórnarskrárinnar, hvort þessi vernd, sem hinni ev. lúthersku kirkju er stjórnlagalega tryggð, muni vera heppileg eður eigi; en víst er um það, að á seinni árum hafa heyrzt mismunandi eða misjafnar skoðanir um þetta, eigi að eins af hálfu leikmanna, heldur og frá klerkunum sjálfum. Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, fer nú eigi fram á að afnema þessa vernd, sem þjóðfjelagið lætur þjóðkirkjunni í tje samkvæmt ákvæðum 45. gr. stjórnarskrárinnar, heldur er það að eins tilgangur þessa litla frv. að fá því framgengt, að þessi vernd komi eigi fram í því formi, að einum eða öðrum af meðlimum þjóðfjelagsins verði hennar vegna gjört rangt til, og það er þessi stefna frumvarpsins, sem jeg þykist viss um, að fái góðar undirtektir í þessari þingdeild, sjerstaklega af því, að hjer í deildinni sitja svo margir prestar, sem sjálfsagt allir hafa það hugfast, að takmark kirkjunnar eigi á að vera það, að keppa eptir þessa heims gæðum, eða leitast við að gera menn sjer veraldlega skattskylda, heldur hitt, að safna andlegum fjársjóðum, er hvorki mölur nje ryð fær grandað.

En er vjer nú lítum á vernd þá, er hið opinbera veitir þjóðkirkjunni, þá er hún meðal annars fólgin í því, að landsjóður leggur fram tje til menntunarskóla handa prestaefnum, landssjóður lætur þjóðkirkjunni til afnota kirkjujarðirnar —; jeg skal taka það fram, að jeg álít kirkjujarðirnar eign landssjóðs, en ekki eign »institutionarinnar« kirkja, og getur því landssjóðurinn svipt kirkjuna afnotum þeirra, hvenær sem honum sýnist —, og loks leggur hið opinbera meðlimum þjóðfjelagsins ýmsar gjaldskyldur á herðar til verndar og viðhalds kirkju og kennilýðs.

En í 47. gr. stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874 er meðal annars svo ákveðið, að »enginn megi neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna«, og það var til þess að fullnægja þessari stjórnarskrárákvörðun, að lögin um utanþjóðkirkjumenn 19. febr. 1886 urðu til.

Í 16. gr. þessara laga er ákveðið, að »allir þeir menn sem eru í einhverju kirkjufjelagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, sem fengið hefir kgl. staðfesting samkv. 13. gr., skuli lausir við gjöld fyrir aukaverk, svo og offur, lambseldi, dagsverk, ljóstoll og lausafjártíund til kirkna og presta þjóðkirkjunnar«; en svo kemur hnúturinn: »en þeir sem ekki eru í neinu slíku kirkjufjelagi, eru aptur á móti ekki undanþegnir nokkru lögboðnu gjaldi til prests og kirkju«. Sumum kann að virðast, að með lögum þessum frá 19. febr. 1886 sje stigið allstórt stig; en jeg ætla þó auðvelt að sýna, að lögin ganga helzt til skammt. Eða hvaða ástæða er til þess að láta þá menn vera undanþegna gjaldfrelsinu, sem standa í kirkjufjelagi utan þjóðkirkjunnar, af þeirri ástæðu einni, að þeir eigi hafa fengið konunglega staðfestingu fyrir prest sinn? Og hvaða ástæða er til þess, að láta þá menn, sem ekki eru í neinu kirkjufjelagi, gjalda til prests og kirkju? Jeg ætla að skjóta því til hinna mörgu presta hjer á þingi, hvort þeim virðist það sanngjarnt, að hin evangelisk-lútherska kirkja taki gjöld af ýmsum, sem ekki eru í þjóðkirkjunni, og hvort þeim virðist það

vera samboðið þjóðkirkju vorri? Jeg geri við, að hinir háttvirtu geistlegu herrar muni svara mjer svo, að eptir hlutarins eðli eigi ekki aðrir að greiða til þjóðkirkjunnar, en þeir, sem í þjóðkirkjunni sjeu; en — bæta þeir við —, »þeir eru svo fáir, sem utan þjóðkirkjunnar standa«. En þá vil jeg spyrja þá, er svo hugsa og segja, hvort ranglætið verði þar fyrir betra, þótt það komi fram við fáa? Og þó að nú sem stendur sjeu fáir utanþjóðkirkjumenn, má þá eigi ætla, að hin ófrjálslegu lög eigi ef til vill með fram nokkurn þátt í því? Ef þeir fara úr þjóðkirkjunni þá verða þeir að borga eins fyrir því, og einmitt þessir fjötrar láta má ske þann dag í dag marga lafa í þjóðkirkjunni, sem eptir trú sinni og sannfæringu ekki eiga þar heima; en þeir segja sem svo, að úr því lögin neyði þá til að greiða öll gjöld til prests og kirkju, hvort sem er, þá geti þeir eins vel hangið í tölu þjóðkirkjumanna. En þegar svo er, að það er gjaldskyldan eða lagabandið, sem heldur mörgum í þjóðkirkjunni, hvort er þá þjóðkirkjuna að skoða sem samfjelag »trúaðra«? Hvort er það tóm varajátning eða sannfæring hjartans, sem halda á kirkjunni saman? Getur kirkjan verið þekkt fyrir að halda mönnum þannig í böndum? Stefna þessa frv. er sú, að hverjum sje í sjálfs vald sett, hvernig hann vill sjá trúarþörf sinni borgið, hvort hann trúarinnar vegna vill leggja á sig útgjöld eða eigi.

Frumv. þetta má því engan veginn skoðast sem árás á þjóðkirkjuna, enda hygg jeg, að þjóðkirkjan stæði eigi ver fyrir það, heldur betur, því að þá yrði eigi sagt, að það væri tóm játning varanna, heldur sannfæring hjartans, er hjeldi henni saman og uppbyggði hana. Þótt mál þetta sje ekki stórt og margbrotið, þá er margt sem athuga þarf þar að lútandi; sökum þessa og svo hins, að málið er nýtt á dagskrá, mun jeg leyfa mjer að stinga upp á að nefnd verði kosin til að íhuga það; en þó þykir mjer rjett, að gera eigi tillögu um nefndarkosningu strax, til þess, að mönnum gefist kostur á, að heyra skoðanir og tillögur hinnar h. þingd.

Ólafur Ólafsson: Jeg skal strax játa, að jeg er samþykkur þeirri hugmynd sem jeg ímynda mjer að liggi til grundvallar fyrir þessu frv., þeirri hugmynd, sem sje, að ef fleirum eða færri finnst þeir eigi getað lifað saman við söfnuði þjóðkirkjunnar eða notið þjónustu prests, að þeir þá skilji vel og sómasamlega við söfnuð og prest. En jeg get ekki verið samþykkur öllum atriðum frv. Jeg ætla eigi að vera langorður, en verð þó að koma við hinar einstöku greinar, enda þó að málið sje til fyrstu umræðu. Fyrst er sagt, að hver sem segi sig úr þjóðkirkjunni, skuli vera undanþeginn öllum gjöldum til prests og kirkju. Þetta er mjög fýsilegt og glæsilegt á að líta; en þó að þetta sje svona sætt í munni, þá grunar mig, að það muni reynast beiskt í maga. Akvæði þessu fylgja þeir agnúar, að við það er ekki unandi. Það er mikið frjálslega talað, að segja: »Ef þú vilt ekki vera í þjóðkirkjunni, lagsmaður, þá þarftu ekkert að borga hvorki presti nje kirkju». En svo frjálslegt sem þetta er, þá álít jeg mjög vafasamt, hvort heppilegt sje, að koma slíku ákvæði í lög. Það er ekkert spursmál um, að slíkt yrði vanbrúkað af mörgum manni, eptir öllu ástandi hjer á landi.

Jeg skal benda á eitt eða tvö dæmi, sem geta sýnt, hve óheppileg ákvæði frumv. eru, og sem sýna fram á að menn geta gengið úr þjóðkirkjunni eptir þessum lögum og muna ganga úr henni af allt öðru en heiðarlegum hvötum, af allt öðru en því, að sannfær-

ingu, frelsi eða samvizkufrelsi þeirra sje misboðið í þjóðkirkjunni; það má gera ráð fyrir, að manni renni í skap við sóknarprestinn sinn, og þá er ekkert annað nær fyrir hann að gjöra, en að segja svo við prest sinn: »Jeg á ekkert orðakast við þig, við skulum ekki fást um þetta meira, jeg fer úr þjóðkirkjunni«. Eigi prestur, eptir embættisskyldu sinni, að tala milli hjóna, þá getur maðurinn, eða konan, hvort sem sekt er, sagt: »Þú þarft ekki að vera að hafa fyrir því að prjedika iðrun og yfirbót yfir mjer, jeg ætla að ljetta af þjer því ómaki, jeg segi mig úr þjóðkirkjunni«. Tregðist einhver við að borga presti sínum lögskyld gjöld, og presturinn er ekki það góðmenni að gefa honum það upp eða skyldi verða svo ósvífinn að nefna að fá þau, þá getur hinn gjaldskyldi haft svarið á reiðum höndum: »Jeg ætla mjer ekki að þrefa um þetta lítilræði, jeg fer úr þjóðkirkjunni, og hvað hefurðu þá?« Hjer er engin regla eða ákvæði sett, nema að hver getur farið úr þjóðkirkjunni hvenær sem vill og fyrir hvað sem er og leyst sig með því um leið frá öllum skyldugjöldum til prests og kirkju og það meira að segja þó að hann hafi ekkert út á prestinn að setja í raun og sannleika og hafi í öllu sömu skoðanir sem þjóðkirkjan. Getur líka eigi komið fyrir, að utanþjóðkirkjumaður komi til prests og segi við hann: »Getur þú ekki jarðað fyrir mig barn, sem jeg missti hjerna um daginn?« Getur þá prestur neitað að gjöra það og sagt: »Nei, það geri jeg ekki, þú ert utanþjóðkirkjumaður?« Undir hvaða kirkjulögum eru þá þeir, sem eru utanþjóðkirkjumenn og hafa engan prest? Mega þeir jarða sjálfir konu sína og börn, sem rakka í túninu hjá sjer, án þess að láta prest kasta á rekunum; mega þeir skíra sjálfir, mega börn þeirra vera ófermd, mega þau verða heiðingjar, ef foreldrarnir vilja svo vera láta? Hvernig ætti að fara að í Grímsey, ef allir þar væru utanþjóðkirkjumenn og hefðu engan prest? Hvernig ættu þeir að fara að, þegar jarða ætti, skíra o. s. frv.? En svo er enn þá einn stór agnúinn við frv., og hann er sá, að þeir prestar, sem nú eru, eiga einskis í að missa af tekjum sínum. Þetta ákvæði getur skapað landssjóðnum mjög þunga byrði, þegar allt er eins óákveðið og skilyrðislaust, eins og í frumvarpinu. Það má nú gera ráð fyrir, að prestur í einni sókn fái með illum skilum tekjur sínar; hvað getur hann þá gert eða sagt? hann gæti sagt eptir frumvarpi þessu: »Farið þið nú úr þjóðkirkjunni, þá þurfið þið ekki að borga neitt prestgjald eptirleiðis, en jeg missi einkis í eptir lögunum; jeg fæ það úr landssjóðnum, því lögin segja, að jeg skuli einskis í missa í minni embættistíð, en jeg skal veita ykkur sömu prestsþjónustu eptirleiðis fyrir því».

Svona eru nú hin einstöku ákvæði frumvarpsins viðsjárverð; það er slysavon að þeim á báðar hliðar; þau freista fleiri en eins til vanbrúkunar.

Hvernig fer ennfremur, ef allur söfnuðurinn hjá einum presti segir sig úr þjóðkirkjunni, án þess að presturinn hafi þær sakir, að honum verði vikið frá embætt? Heldur hann ekki áfram að vera prestur, taka prestmötuna, hirða eptirgjaldið af kirkjujörðunum, og fær hann ekki þar að auki borgað í peningum úr landssjóði ígildi allra annara tekna af prestakallinu, sem hann hefir misst við það að söfnuðurinn sagði sig úr þjóðkirkjunni? Fær hann ekki allt þetta, má jeg spyrja ennfremur, þó að hann fari aldrei í hempuna, vinni ekkert embættisverk, vinni yfir höfuð að tala engum manni neitt gagn? Jú! eptir frumvarpinu er það þannig. En

slíkt ástand ættum vjer hvorki að skapa nje styðja. Eru slík lög eigi afleit?

Jeg fyrir mitt leyti er samþykkur hugmynd þessa frv., en hafna alveg formi þess; það þarf stórra umbóta við og því er jeg samþykkur fl.m. um, að kosin verði nefnd í mál þetta.

Lárus Halldórsson: Við flutningsm. höfum leyft okkur að koma fram með ofurlítið frv. til breytingar og viðauka á lögunum um utanþjóðkirkjumenn. Skal jeg leyfa mjer að fara fáum orðum um aðdragandann að þeim lögum.

Hann var sá, að nokkrum árum á undan því, að lögin komu út, hafði mikill hluti safnaðar eins sagt sig úr þjóðkirkjunni samkvæmt þeirri grein stjórnarskrárinnar, sem heimilar hverjum einum að þjóna guði eptir því sem honum þykir bezt við eiga eptir sannfæringu sinni. Þegar á eptir bundust þeir föstum kirkjufjelagsskap. Skömmu síðar ritaði þessi nýmyndaði söfnuður löggjafarvaldinu og æskti þess, að rjettindi sín yrðu ákveðin með lögum. Þetta mál kom fram á þingi 1881 og 1883, en komst eigi fram á þeim þingum, svo að það yrði að lögum. Það var fyrst á þingi 1885, að lög voru gefin um utanþjóðkirkjumenn, og má jeg fullyrða, að h. forseti þessarar deildar (Þ. B.) átti mestan og beztan þátt í, að þau komust á. Þessi lög voru, eptir því sem þá stóð á, nokkurn veginn viðunandi fyrir hlutaðeigendur, en helzt til skammt fara þau þó í sumum greinum. Það sem við flutningsmenn fórum fram á í frumv., er, að víkkað sje eða rýmkað gjaldfrelsi það, sem utanþjóðkirkjumönnum er veitt í lögunum frá 19. febr. 1886. Það sem okkur þykir einkum að ákvæðunum í 16. gr. laganna er tvennt. Í fyrsta lagi grípa þau ekki yfir allar gjaldagreinir; þar er ein tegund gjalda undanþegin, það er að segja jarðartíundin; hana verða allir að gjalda, hvort sem þeir eru í þjóðkirkjunni eða utan hennar, og jafnt, hvort sem þeir hafa autoriseraðan utanþjóðkirkjuprest eða ekki. Hitt atriðið tók h. samflutningsmaður minn (Sk. Th.) fram, að þeir, sem ekki eru í neinu kirkjufjelagi, eða í því kirkjufjelagi, sem hefir prest, er ekki hefir fengið konunglega staðfestingu, allir slíkir menn eru ekki undanþegnir neinum gjöldum til prests og kirkju.

Út af þessu síðara ákvæði má hugsa sjer, að kirkjufjelag myndaðist, og tæki sjer fyrir prest einhvern menntaðan mann, ef til vill guðfræðing, sem ekki hefði lokið námi; þá má búast við, að stjórnin vilji ekki ráða konungi til að staðfesta kosningu hans. Í því eina tilfelli, sem komið hefir fyrir, að söfnuður hafi myndazt hjer á landi utan þjóðkirkjunnar og ráðið sjer prest, stóð nokkuð sjerstaklega á, svo að þá þótti stjórninni ástæða til að staðfesta kosningu þess prests, þótt þjóðkirkjan varpaði honum frá sjer út á kaldan klakann — að jeg komist svo að orði — með konu og börn fyrir smá-afbrigði í venjum kirkjunnar. Þessi prestur hafði ekki það til saka unnið, að hann kenndi nokkuð gagnstætt kirkjutrúnni, eins og sumir þjóðkirkjuprestar hafa gjört, ekki lifði hann heldur hneykslanlegu lífi, eins og svo mýmargir prestar hafa gjört. Það mun ekki hafa stutt lítið að því, að stjórnin staðfesti lögin um utanþjóðkirkjumenn, að þessi eini söfnuður, sem jeg nefndi, hafði ráðið sjer prest, sem að vísu hafði verið svo ógæfusamur að baka sjer misþóknun þjóðkirkjunnar, en að öðru leyti hafði skilyrði fyrir að mega gegna embætti í henni. Þegar þannig stóð á, mun stjórninni hafa þótt hart að neita beiðni utanþjóðkirkjumanna. En eins er hægt að hugsa sjer, að utanþjóðkirkjusöfnuður tæki sjer fyrir

prest einhvern stúdent eða jafnvel einhvern menntaðan mann frá öðrum skólum en lærða skólanum, t. a. m. af Möðruvallaskólanum. Mundi stjórnin staðfesta kosningu slíks manns? Jeg held varla. En afleiðingin yrði sú, að söfnuðurinn yrði að greiða þjóðkirkjuprestinum öll lögskipuð gjöld.

Þá má og gjöra ráð fyrir mönnum, sem ekki hafa þjóðkirkjutrú, ef til vill ekki einu sinni játa kristna trú. Þessir menn mega segja sig úr þjóðkirkjunni. En er það viðurkvæmilegt, að presturinn geti sagt við þá: Þið megið fara úr þjóðkirkjunni, að því get jeg ekki gjört, þótt þið gjörið það; en gjaldið verðið þið að greiða eptir sem áður. Er það sæmilegt, að presturinn uppskeri þar, sem hann sáir ekki? Hjer á við gamla setningin: verður er verkamaður launanna; en hjer er um engin laun að ræða, því að ekkert er unnið, presturinn vinnur ekkert fyrir þessa menn. Þetta hefir þó komið fyrir á sjöunda ár, að prestur hafi tekið tekjur hjá söfnuði, sem ekki notaði þjónustu hans. Til þess að fyrirbyggja, að slíkt komi optar fyrir, höfum við komið með frv. Mínum söfnuði er borgið, og hans vegna þarf þess ekki með, nema að því er snertir jarðartíundina. Jeg segi það satt, mjer er það óskiljanlegt, að nokkur samvizkusamur þjóðkirkjuprestur vilji nýta gjald frá þeim mönnum, sem afneita ekki einu sinni þjóðkirkjutrúnni, heldur jafnvel allri kristinni trú. Mjer finnst þjóðkirkjumenn mættu verða fegnir að losast við alla slíka menn. Mjer finnst að þeir ættu að vilja opna dyrnar fyrir þeim og segja: þið spillið söfnuði vorum, vjer viljum ykkur ekki, þið getið farið; en vjer viljum ekki heldur peninga ykkar, vjer höfum þá trú, að þeim fylgi óblessun. Þannig ætti þjóðkirkjan að hugsa og breyta. Jeg játa, að koma má með mótbárur gegn þessu. Sumum þjóðkirkjuprestum þykir þetta viðurhlutamikið, að opna þannig dyrnar fyrir öllum, það sje eins og verið sje að gjöra gyllingar til þess að fá menn til að segja sig úr þjóðkirkjunni með því að losa þá jafnframt skilyrðislaust við að gjalda til hennar. Eigi að síður verð jeg að halda því fram, að í principinu sje það rjettast, að leyfa þeim að fara, sem ekki hafa þjóðkirkjutrú eða ekki vilja vera í þjóðkirkjunni, og losa þá undan öllum gjaldskyldum við hana; en jeg játa, að í framkvæmdinni gæti þetta orðið vanbrúkað, eins og h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) tók fram. Það gladdi mig að heyra, að þrátt fyrir mótmæli hans gegn frumv., þá var hann þó hlynntur principi þess, og svo vona jeg að allir h. þingdm. sjeu. Jeg skal lýsa því yfir, að jeg held ekki fast við orðin í frumv., jeg mun fúslega fallast á að þeim sje breytt, en það er princip þess, sem mjer er annt um; það er hið sama princip, sem kemur fram í grundvallarlögunum dönsku, þar sem ákveðið er, að þeir sem ekki eru í þjóðkirkjunni og ekki hafa viðurkenndan prest, skuli að vísu greiða gjald sitt, en ekki til þjóðkirkjunnar, heldur til skólanna. Jeg er fús að sameina mig við þá, sem þykir það varúðarvert að undanþiggja með öllu þá, sem úr þjóðkirkjunni ganga, frá þeim gjöldum, sem hvíla á meðlimum þjóðkirkjunnar, jeg er fús segi jeg, að sameina mig þeim með breytingu, er stefnir í sömu átt og grundvallarlög Dana. Jeg hef heyrt þá mótbáru gegn frumv., að gjöldin til prests og kirkju væru í raun og veru ekki kirkjuleg gjöld, heldur sama eðlis sem aðrar alþjóðlegar kvaðir, er löggjafarvaldið leggi á og leggur prestunum til framfæris, og því eigi allir að inna þau jafnt af hendi. Setjum svo, að þetta væri rjett skoðun. En væri það þá ekki jafnframt rjett, að undan-

skilja utanþjóðkirkjumenn þá, er prest hafa, af konungi staðfestan, öllum gjöldum til þjóðkirkjunnar? Jeg sje enga ástæðu til að losa þá við meginhluta gjaldanna, eins og lögin 19. febr. 1886 gjöra, en halda þó einu þeirra eptir. — Til þess að löggjöfin sje sjálfri sjer samkvæm, verður annaðhvort að stíga það fótmál aptur á bak, að svipta burtu því gjaldfrelsi, sem tilskilið er í lögum 19. febr. 1886, eða fullkomna það með að bæta við þessu eina gjaldi, sem þar er undanskilið.

H. þm. Rangv. (Ól. Ól.) kom með ýmisleg dæmi í ræðu sinni. Eitt var það, hvernig fara mundi, ef heill söfn-söfnuður, annaðhvort allur í einu eða einn og einn maður í senn, segði sig undan prestinum. Jeg veit ekki hvernig lögin og kirkjustjórnin skoðuðu það, en frá kristilegu sjónarmiði finnst mjer það eitt liggja fyrir, að presturinn hætti að vera prestur þess safnaðar. En ef allur söfnuðurinn yfirgefur prest sinn, þá mun presturinn varla vera góður eða geta staðið vel í stöðu sinni. En eru prestar bættari með það, þótt þeir sitji uppi með gjaldið, með mammon, en missi sálirnar?

H. þm. (Ól. Ól.) spurði, undir hvaða kirkjulögum þeir lifðu, er segðu sig úr þjóðkirkjunni, en ekki hafa neinn prest eða eru í neinum söfnuði. Það er auðsætt, að þeir lifa ekki undir neinum kirkjulegum lögum. Enn fremur spurði hann, hvernig færi með skírn slíkra manna. Jeg veit að h. þm. (Ól. Ól.) veit að þeir eru alls eigi skyldir til að láta skíra börn sín; það væri engin meining í að skylda þá til þess, það væri meira að segja vanbrúkun á því heilaga sakramenti, að skipa þeim manni að láta skíra barn sitt, sem ekki vill standa í neinum kristnum söfnuði og gæti gjarnan verið Tyrki eða heiðingi.

Eitt var það enn, sem h. þm. (Ól. Ól.) kom með, og sem jeg hefði alls eigi búizt við, að heyra af presti; hann sagði að það væri hugsanlegt, að prestur gjörði þann samning við sóknarmenn, er gjöld greiddust illa frá, að þeir skyldu segja sig úr þjóðkirkjunni, svo að hann gæti fengið gjöld þeirra greidd úr landssjóði. Þessa sömu setningu hef jeg líka heyrt utanþings, að það gæti verið gott t. d. fyrir prestinn hjer í Reykjavík, þar sem eru svo margir fátækir tómthúsmenn, að fá þá til að ganga úr þjóðkirkjunni og taka svo gjöld þeirra í einu lagi úr landssjóði. En slíkt ætla jeg ekki prestum vorum, því jeg álít, að það væri eigi að eins með öllu ósæmilegt, heldur jafnvel óærlegt. Þetta er ósæmilegt og slíkt athæfi ætla jeg ekki prestastjett vorri.

Jeg vil brýna það fyrir mönnum, að veita því eptirtekt, að ekki er hægt að banna neinum að segja sig úr þjóðkirkjunni, ef hann vill vinna það til að gjalda eptir sem áður gjöld sín til hennar. Meira að segja eptir núgildandi lögum ætla jeg að ekki sje hægt að banna manni að segja sig úr þjóðkirkjunni, þannig, að hann þurfi ekki að greiða gjöld sín til þjóðkirkjuprestsins, því að það er tekið fram í lögunum, að allir þeir menn, sem sjeu í einhverju kirkjufjelagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hafi eða forstöðumann, sem fengið hafi konunglega stafestingu, skuli lausir við gjöld til kirkna og presta þjóðkirkjunnar. Nú er hjer á landi slíkt kirkjufjelag, og það er ekki bundið við nein »geógrafisk« takmörk. Menn geta því gengið inn í þetta kirkjufjelag. þótt í fjarlægð sje. Þetta er hugsanlegur mögulegleiki, þótt slíkt væri vitanlega ópraktiskt og ekki nema nafnið tómt. En nóg yrði það til þess að losa menn undan gjöldum til þjóðkirkjunnar.

Við höfum komið með frumv. eins og

jeg hef þegar sagt, til þess að stuðla að því, að kirkjufjelög gætu myndazt án þess að þurfa að gjalda tvenn gjöld, þótt þau hefðu ekki autoriseraðan prest.

Forseti: Jeg vildi ekki hindra h. þm. (L. H.) í ræðu hans, en jeg heyrði ekki betur en að hann segði að hneykslisprestar væru mýmargir. Vitanlega hafa slíkir prestar verið til, en að segja að þeir sjeu mýmargir, er eigi rjett og er leiðinlegt að heyra hjer í þingsalnum. Jeg vona að h. þm. (L. H.) hafi orðið mismæli og að hann vilji leiðrjetta þetta mismæli sitt.

Lúrus Halldórsson: Þar sem jeg nefndi mýmarga, þá skal jeg leyfa mjer að koma með þá skýringu á því, að það var ekki meiningin að taka ætti orðin bókstaflega, að hneykslisprestarnir væru margir eins og mýið í lopti, heldur að þeir væru of margir, heilt kúgildi og meira en það, já, jeg gæti nafngreint marga slíka presta, ef jeg vildi. *(S. St.:* Gjöri h. þm. það).

Ólafur Ólafsson: Jeg get að mörgu leyti undirskrifað ræðu h. flutningsm. (L. H.), þótt jeg sje honum ekki allskostar samdóma í öllum atriðum. Eitt atriði í ræðu hans vil jeg sjerstaklega minnast á. H. þm. lagði áherzlu á, að verður væri verkamaðurinn launanna, en að sá sem ekki ynni ætti ekki heldur að fá laun. En jeg bið h. þm. (L. H.), að gæta þess, að eptir hans eigin frv. eru ætluð laun fyrir engin verk. Reyndar er farin dálítil krókleið til þess að ná þeim, þau eru sótt í landssjóð. Þetta þykir mjer ekki eiga við, annaðhvort vil jeg að prestar þeir, sem hjer ræðir um, fái engin laun, eða þeir sæki þau í vasa gjaldendanna. H. þm. (L. H.) tók yfir höfuð athugasemdir mínar fullt svo stranglega og jeg meinti þær og talaði. Jeg kom fram með dæmi mín til að vekja athygli á göllum frv., ekki til að spilla fyrir því, heldur til þess að verða mætti að það yrði því til bóta. Jeg veit ekki hvort prestar yrðu alveg eins lausir við utanþjóðkirkjumenn og h. þm. (L. H.) sýnist gjöra ráð fyrir. Jeg get gjört ráð fyrir, að ýmsir segi sig úr þjóðkirkjunni að eins til málamynda, annaðhvort af því að hiti hafi komið í þá við prest sinn eða af því að þeim þætti gott, að losa sig við gjöld til prests og kirkju, og jeg get líka gjört ráð fyrir því að sumir þessir menn kæmu til kirkju eptir sem áður. En þó að vjer þjóðkirkjuprestarnir sjeum máske vondir, þá mundum vjer samt trauðlega láta sóknarnefndirnar fara að kasta þeim á dyr útúr kirkjunum. Hverjir yrðu svo ávextirnir af lögum þessum? Víða einungis þeir, að smávaxnar sálir mundu hreyta því úr sjer, að þeir segðu sig úr þjóðkirkjunni einasta til að losna við gjöldin, en væru samt eptirleiðis í þjóðkirkjunni eptir sem áður í raun og veru.

Jeg skal játa það, að ekki er lagaskylda að láta skíra börn, en það veit jeg, að hjer á suðurlandi er það talin siðferðisleg skylda. Þeir geta mótmælt, sem aðra reynslu hafa. Þetta mál er annars svo þýðingarmikið og vandasamt, að jeg tel nauðsynlegt að nefnd sje skipuð í því.

Sigurður Stefánsson: Þar sem þetta er 1. umr. málsins, þá er ekki leyfilegt að fara út í einstök atriði þess, en jeg skal þegar í byrjun lýsa því yfir, að það er langt frá mjer, að jeg sje á móti því, að hver maður njóti fulls frelsis í þeim málum, sem snerta samvizku hans og sannfæringu, og að enginn skuli neins í missa af borgaralegum rjettindum sínum sakir trúarskoðana sinna. Að því leyti sem þetta kynni að vera tilgangur þessa frumv., þá er jeg því ekki mótfallinn. En hjer er það að athuga, hvort eins mikið gott muni leiða af frv., eins og vankvæðin eru, sem af því munu rísa. Jeg skyldi verða

manna síðastur til þess, að setja mig á móti enda algjörðum aðskilnaði ríkis og kirkju; kirkjan hefir að mínu áliti lítið grætt á því sambandi. Jeg skoða kirkjuna, það er kemur til trúar og kristindóms, sem kristilega kirkju í engu sambandi við tekjur hennar, jeg skoða hana ekki í sambandi við ljóstolla og tíundir o. s. frv. En á meðan kirkjan er í sambandi við ríkið og ríkið er að lögum skyldugt að vernda hana og styðja, þá má löggjafarvaldið ekki setja þau lög, sem, þó hægt fari, grafa ræturnar undan kirkjunni. Jeg segi reyndar ekki að þetta frumv. gjöri það beinlínis; en þó er hætt við, að verði það að lögum, að þau gefi tilefni til þess að vernd ríkisins verði meira í orði en á borði. Jeg get fallizt á það, að það sje ekki rjett, að sá maður, sem ekki hefir þjóðkirkjutrú, verði þó að gjalda til þjóðkirkjunnar, en það geta verið margar aðrar ástæður til þess, að menn segja sig úr þjóðkirkjunni en trúarlegar, og jeg vil ekki gefa tilefni til, að menn geti gjört það af ýmsum óhreinum og lúalegum hvötum, svo sem þeirri smásálarlegu ástæðu, að losa sig við gjöld til þjóðkirkjunnar, eða af öðrum ástæðum, sem ekki eru veglegri. Auðvitað líður kirkjan sem kristileg kirkja lítið við að missa slíka menn, en spursmálið er, hvort löggjafarvaldið getur þá staðið sig við að opna dyrnar, eins og hjer er gjört í þessu frumv. Ef hjer væri mikill ágreiningur um trúarefni, þá væri öðru máli að gegna; en jeg er viss um, að engir þeirra, sem alvarlega greinir á við þjóðkirkjuna um hin helgustu sannindi, mundu hika við að segja sig úr henni, þótt þeir þyrftu að gjalda til hennar eptir sem áður. Þar sem sannfæringin er kröptug og lifandi fyrir hverju sem er, þar er ekki horft í óveruleg fjárframlög. Jeg get vel hugsað mjer, að þetta frumv., verði það að lögum, verði til þess að lágthugsandi og lítilsigldar sálir leiðist til að skilja við þjóðkirkjuna bara til að losna við gjöldin, og það hygg jeg þó að ekki muni vera tilgangur flutningsmanna. Hjer er enn eitt spursmál, sem löggjafarvaldið á að athuga: Hver þörf er á þessum lögum hjer? Eru hjer margir, sem greinir á við þjóðkirkjuna, eða hefir lýst sjer megn óánægja með kenningar þjóðkirkjunnar, eða þykir mönnum almennt hún standa þjóðinni fyrir andlegum og líkamlegum þrifum? Jeg hef ekki orðið þess var. Sú eina hreifing hjer á landi í þá átt, að losa sig við þjóðkirkjuna, er, eins og menn vita, komin fram af allt öðrum hvötum. Aðdragandinn til fríkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði var ekki ágreiningur um trúarefni eða kenning þjóðkirkjunnar, nei, hann var eingöngu eða mestmegnis peningalegur. Þessi eini söfnuður, sem hefir sagt sig úr þjóðkirkjunni, gjörði það af því að honum þótti prestur sá, sem honum var skipaður, of gamall, þótt hann að öðru leyti væri hinn heiðarlegasti maður, og vildi ekki gjalda honum. Af þessu var það, að hann sagði sig úr þjóðkirkjunni, en ekki af því, að presturinn kenndi annarlega kenningu. Söfnuður þessi var svo heppinn að fá ágætan prest, en þrátt fyrir það hafa þó áhrif safnaðar þessa ekki orðið mikil, og ekki hafa aðrir fylgt dæmi hans. Þetta sýnir bezt, að engin sterk trúarnauðsyn hefir legið til grundvallar fyrir hreifingunni.

Þetta frumv. gefur mönnum töluverða hvöt til að losast frá lögboðnum gjöldum, og búast má við, að ýmsir leiðist af þessari hvöt, einkum af því, að sú skoðun er hjer býsna rík hjá mönnum, að þeir sjeu í raun og veru ræntir því, sem þeir verða að gjalda til almennra þarfa. Þar er skylda löggjafarvaldsins að hlynna að kirkjunni, á meðan sam-

band er milli ríkis og kirkju, og mjer þykir mikið unnið við það, að hún gjöri þeim hærra undir höfði, sem segja sig úr þjóðkirkjunni og mynda ákveðinn söfnuð, heldur en hinum, sem segja sig úr henni einn og einn á stangli og ekki mynda neinn söfnuð. Jeg tel það hag, en ekki neinn skaða fyrir þjóðkirkjuna, þótt söfnuður myndist utan hennar um einhver kirkjuleg eða trúarleg atriði; jeg tala ekki um svívirðilega söfnuði, eins og t. d. Mormónana. Jeg mundi miklu fremur gleðjast en hryggjast af því, ef þeir tímar kæmu, að menn vildu leggja meira en nú gjörist í sölurnar fyrir sannfæring sína, enda þótt hún væri að einhverju leyti andvíg þjóðkirkjunni eða kenningum hennar; slíkt mætti verða til að vekja kirkjuna af þeirri deyfð, sem óneitanlega nú er yfir henni. Þessi lög styðja ekkert að því. Eptir þessu frv. getur hver maður sagt sig úr þjóðkirkjunni einungis til þess að losast við gjöldin til hennar; en jeg álít ekki forsvaranlegt af löggjafarvaldinu, að leyfa slíkt, og gjöra með því þjóðkirkjuembættin svo varúðarverð og óviss, að enginn, sem annars á úrkostar, vilji gjörast þjónn kirkjunnar. Það má búast við, að ýmsir söfnuðir vildu beinlínis losna við presta sína, þótt þeir væru góðir — ekki að tala um hina »mýmörgu« hneykslispresta sem flutningsmaður var að dylgja um — meira að segja, það getur komið fyrir, að söfnuðurinn vilji losast við prest sinn einmitt af því, að hann er góður og samvizkusamur maður; persónuleg óvild getur orðið slíku valdandi, og einn mikilsmegandi maður er af einhverjum orsökum er prestinum móthverfur getur jafnvel dregið heilan söfnuð með sjer, einkum þegar hann hefir svo góðu vopni að beita, að sýna mönnum fram á, að þeir með því að skilja við prest og kirkju losist við öll gjöld. Slíkt er ekki svo óárennilegt agn fyrir mikinn fjölda manna.

Þegar lög eru búin til, verða menn að gæta að afleiðingum þeirra. Jeg hef nú þegar sýnt fram á afleiðingarnar af þessum lögum, og jeg vil enn spyrja: Hvar er sú vernd, er ríkið og löggjafarvaldið á að veita þjóðkirkjunni, ef svo er um hnútana búið, að vel getur komið fyrir, að sómaprestur standi uppi einn síns liðs og yfirgefinn af öllum söfnuði sínum, máske að eins fyrir þá sök að einstakir menn hafa ekki þolað umvandanir hans, eða samvizkusama embættisfærslu? En svona getur vel farið, ef þetta frumvarp verður að lögum. Oss sem nú erum prestar þjóðkirkjunnar er ekki hætta búin af lögum þessum. Vjer fáum tekjumissi okkar bættan úr landssjóði, jafnt óreglumennirnir og hinir. Frumv. opnar landssjóðinn upp á gátt fyrir oss, hve þunnskipaðir sem söfnuðir vorir kunna að verða og hve lítið sem vjer höfum að gjöra; en því gæti jeg trúað, að sumum bændum á þingi færi þá að finnast til um fjárreiðurnar. Þá gæti jeg búizt við, að ekki þætti þá veita af að setja nýja sparnaðarnefnd, enda væri það ekki nema eðlilegt; það væri leiðinlegt að sjá margar þúsundir kr. ganga til þeirra manna, sem ekkert gera og sem máske ekki hafa unnið nema fá ár eða jafnvel fáa mánuði eða vikur fyrir eptirlaunum sínum.

Hjer á þinginu hefur verið talað um eptirlaun og að þau væri of há, og þó er þar öðru máli að gegna. Þeirra njóta venjulega þeir menn, sem um langan tíma hafa unnið í þarfir þjóðarinnar, en prestar fengju laun sín úr landssjóði, kannske eptir einnar viku þjónustu. Þótt jeg telji vafasamt, að hægt verði að synda milli skers og báru í þessu máli eða laga þetta frv. svo að gagni komi, þá fellst jeg þó á

tillögu h. þm. Eyfirð. (Sk. Thor.), um að setja nefnd, því að eins og frv. er nú eru á því svo stórir agnúar, að jeg fyrir mitt leyti er því alveg mótfallinn.

H. þm. Eyfirð. (Sk. Thor.) bjóst við, að fyrst um sinn mundi ekki leiða miklar breytingar af lögunum. Þær geta þó orðið töluverðar, ef margir segja sig úr söfuðum; en það versta við þær er, að það munu ekki verða mikilsverðar byltingar, heldur að eins yfirborðs-byltingar, dagsverka- tíunda- og ljóstolla-byltingar, en engar andans byltingar, tómar byltingar, sem ekkert gott munu af sjer leiða, hvorki fyrir trúarlíf, kirkjulíf eða þjóðlíf vort.

Jens Pálsson: Það eru nú þegar orðnar langar umræður um þetta frv.; samt sem áður vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um innihald þess.

Væri þetta hreint og beint frumv. til laga um lögskipulegan aðskilnað ríkis og kirkju, þá hefði jeg getað skilið það, og jeg hefði fagnað slíku frumv., því jeg hallast að þeirri skoðun, að það sje hollast fyrir hið kristilega trúarlíf, að kirkjan sje sem frjálsust, ráði sem mestu í sínum eigin málefnum og taki sem mestan þátt í baráttunni fyrir tilveru sinni. En þetta lagafrumv. fer í allt aðra átt; það virðist ekki í neinu geta stutt að því, að efla og glæða kristilegt trúar- og fjelagslíf, heldur mundi það þvert á móti geta orðið til þess, að setja allt á tvístring í þjóðirkjunni, og gjöra þjóðkirkjuna, sem standandi sýnilegt fjelag, að engu, án þess það feli í sjer nokkra trygging fyrir nokkrum öðrum sýnilegum kristnum trúarfjelagsskap. Í þessu frumv. er það leyft hverjum einum, blátt áfram að segja sig úr þjóðkirkjunni, og hafi maður sagt sig úr henni, — það er ekki einu sinni ákveðið, hverjum og á hvern hátt eigi að tilkynna úrsögnina — þá er hann þar með laus við öll gjöld til prests og kirkju. Afleiðingin yrði eflaust sú, eins og h. 1. þm. Ísf. (S. St.) þegar hefir tekið fram, að fjöldinn, sem segir sig úr þjóðkirkjunni, gjörir það af peningalegum ástæðum, en ekki af trúarlegum ástæðum, eða af því, að hann greini á við kirkjuna í kenningu hennar. Það er satt, lögin geta að því leyti verið góð fyrir prestana, sem nú þjóna embættum í þjóðkirkjunni, að þeir geta átt von á, að fá nokkurn hluta launa sinna greiddan úr landssjóði, því að margur kann sá að verða sem hugsar sem svo: »Það er hagnaður fyrir mig og því rjettast, að jeg segi mig úr þjóðkirkjunni. Landsjóður borgar gjöld mín til prests og kirkju; en jeg get eins farið í kirkju og fengið prestinn minn til að gjöra prestsverk fyrir mig eptir sem áður«. Þannig getur margur sagt sig úr þjóðkirkjunni, en verið þó í henni í raun og veru eptir sem áður. Aptur geta aðrir sagt sig úr þjóðkirkjunni einnig í peningalega gróðaskyni, — og hætt síðan að rækja nokkurn guðsdýrkanfjelagsskap, án þess þeir hafi nokkrar æðri innri hvatir til þess. Ef á annað borð á að fara að gjöra breyting á því kirkjulega ástandi, sem nú er, þá kýs jeg fyrir mitt leyti, að fara beinni veg, en þann, sem hjer er farinn; en þessum viðsjárverða krókvegi get jeg ekki fylgt.

H. 1. þm. Ísf. (S. St.) tók að öðru leyti fram, hverjar afleiðingar þetta frumv. gæti haft, og er jeg honum samdóma í flestu því er hann tók fram í því tilliti. Sá skilningur hefur komið fram, að 45. gr. stjórnarskrárinnar samanborin við 47. gr. hennar gæfi þessu frumv. sjerstaklegan stuðning, en jeg held þvert á móti. 45. gr. segir: »Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal hið opinbera að því leyti styðja hana og vernda«.

Er það ekki einmitt hin evangeliska lúterska kirkja, sem nú er þjóðkirkja á Íslandi? Því neitar víst enginn. Hvernig getur þá »hið opinbera«, sem eptir stjórnarskránni á að styðja og vernda þessa kirkju, sagt sem svo við hvern sem vera skal: Gjörðu svo vel að fara úr hinni evangelisk-lútersku þjóðkirkju, jeg skal meira að segja gefa þjer verð laun (premíu) fyrir að fara? Ekki get jeg heldur sjeð, hvaða stuðning 47. gr. stjórnarskrárinnar getur gefið þessu frumv., því þar stendur, að »enginn megi neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu«, því þegar þessi gr. var samin, var gengið út frá því sem gefnu, að allir ættu að borga lögboðin gjöld til þjóðkirkjunnar; það getur því enginn ímissir borgaralegra rjettinda verið, þótt menn greiði gjöld til þjóðkirkjunnar. — Jeg fæ ekki skilið, að það geti verið samvizkusök, eða þröngvi samvizkufrelsi manna, að inna af hendi gjöld til alþjóðlegra stofnana, eins og þjóðkirkjan er. Jeg skal taka dæmi þessu til samanburðar. Vjer höfum aðrar alþjóðlegar stofnanir. Hinar æðri menntastofnanir, svo og latínuskólinn og Möðruvallaskólinn, eru alþjóðlegar stofnanir, þar sem þær eru kostaðar af landssjóði, sem vitanlega er samlagsfje allra landsmanna. Ef nú einhverjir landsmenn álíta, að á þessum skólum, t. d. latínuskólanum, sje kennt eitthvað það, sem þeir ekki álíta rjett að kenna, eða sonum sínum hagfellt að nema þar, þá ætti það að vera ímissir borgaralegra rjettinda þessara manna, að þurfa að styðja þessa skóla með fjárframlagi sínu til landssjóðs. Þá var eitt atriði í ræðu h. þm. Eyf. (Sk. Th.), sem jeg verð að minnast á. Hann kom með þá kenningu, að kirkjan væri ekki stofnun (institution), sem ætti nokkra eign, heldur ætti ríkið allt, sem talið væri kirkjueign. Jeg get ekki fallizt á þessa kenningu og mótmæli henni sem rangri. Jeg kannast við það, að kirkjan er eigi fullmyndug eigna sinna, en það skil jeg ekki, að hún eigi engar eignir. Að mínu áliti ber að skoða kirkjuna eins og ómyndugan mann, er hefir fjárráðamann. Ríkið er fjárráðamaður kirkjunnar. En sem yfirfjárráðandi kirkjunnar hefir ríkið engan siðferðislegan rjett til þess, að taka undir sig eignir hennar. Jeg segi ekki, að ríkið geti ekki, eins og nú stendur á, sölsað undir sig eignir kirkjunnar með því að beita hnefarjettinum (jus fortioris), og skilað kirkjunni blásnauðri af höndum sjer, en slíkt væri hvorki sanngjarnt nje rjettlátt, heldur hið gagnstæða. Jeg verð alvarlega að mótmæla slíkri skoðun, hvenær sem hún kemur fram, að ríkið geti sagt við kirkjuna: »Nú tek jeg allar eigur þínar, þú hefir þær eigi framar til afnota og ekkert í staðinn fyrir þær; svo vil jeg ekkert hafa framar með þig að sýsla; eigðu þig nú sjálf«. Jeg tek það upp aptur, að jeg mótmæli slíkri skoðun, því hún er gjörræðisfull og fullkomlega ranglát.

H. 2. þm. S.-Múl. (L. H.), sem fór hörðum og víðtækum orðum um það hjer í salnum, að í íslenzku kirkjunni væru ekki fáir hneykslisprestar, lýsti þó yfir því trausti sínu til prestanna, að þeir styrktu þetta mál, og að prestarnir yfir höfuð mundu ekki gefa hvöt til þess, að menn losuðu sig úr þjóðkirkjunni, til þess að þeir sjálfir gætu fengið laun sín úr landssjóði. Hvernig getur hann borið traust til slíkra presta, sem hann nefnir hneykslispresta? Mundu þeir fremur gjöra sjer samvizku af því en hinu, að vera til hneykslis söfnuðum sínum?

Af þeim ástæðum, sem jeg þegar hef

tekið fram, og fleirum, sem aðrir þingmenn hafa látið í ljósi, get jeg ekki fallizt á frv., það sem hjer liggur fyrir, eins og það enn er úr garði gjört; jeg get það ekki þrátt fyrir það, þó að jeg sje hlynntur sem allra mestu sannarlegu frelsi í kirkjulegum málum. Jeg er þó ekki á móti því, að sett verði nefnd í þessu máli, því ef hún gæti komið með annað betra frumv. til aðhlynningar og verndar kristnum utanþjóðkirkjusöfnuðum, sem upp kynnu að koma, þá gæti jeg gefið því frv. mitt atkvæði, því jeg vil í engu þrengja að slíkum mönnum, sem stofna sjerstakan söfnuð.

Lárus Halldórsson: Jeg skal ekki lengja mikið umræðurnar um þetta mál, en að eins leyfa mjer að minnast á fáein atriði í ræðum h. þingd.m., sem talað hafa um frumv. Jeg er þessum h. þingd.m. þakklátur fyrir það, að þeir eru málinu hlynntir, enda þótt þeir hafi fundið ástæðu til, að athuga ýmislegt við frumv., því, eins og jeg tók fram áðan, er jeg fús á að taka þeim breytingum, sem miða til þess að gjöra málið aðgengilegra.

Jeg held, að h. þm. Rangv. (Ól. Ol.) hafi misskilið mig, þar sem jeg talaði um barnaskírnina. Jeg sagði ekki, að þeir, sem væru í þjóðkirkjunni, væru ekki skyldir til, að láta skíra börn sín, en jeg sagði, að það væri ekki rjett, að neyða þá, sem væru utan þjóðkirkju, eða hefðu aðra trú, en hún, til að láta skíra börn sín.

H. 1. þm. Ísf. (S. St.) kastaði steini, sem reyndar ekki var stór, á utanþjóðkirkjusöfnuðinn fyrir austan, þar sem hann sagði, að hann hefði slitið sig frá þjóðkirkjunni einungis af peningalegri ástæðu. En ef svo hefði verið, þá hefðu þeir ekki byggt kostnaðarsama kirkju, eitthvert hið vandaðasta guðshús á Austurlandi, og borgað presti sínum há laun, allt frá sjálfum sjer. Nei. Það var önnur ástæða, en hin peningalega, sem knúði þá til, að segja skilið við þjóðkirkjuna. Ástæðan var sú, að veitingarvaldið vildi þröngva þeim til, að taka á móti presti, sem þeir ekki vildu hafa. Þessari hreyfingu utanþjóðkirkjumanna í Reyðarfirði má meðal annars telja það til gildis, að hún án alls efa hefir haft mikil áhrif á prestakosningarlögin. Jeg þori að segja, að hún hefir haft þau áhrif, að þjóðkirkjumenn hafa nú fengið þessi lög.

Þá tók h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) það fram, sem sorglegar afleiðingar, er þetta frumv. gæti haft, að svo gæti farið, að góður og vandaður prestur missti öll sín sóknarbörn og stæði eptir — jeg held hann hafi sagt — berstrípaður. Ja, þetta er hugsanlegur mögulegleiki, en ekki praktiskur mögulegleiki. Jeg held, að góður og vandaður prestur reyni að hafa annað tangarhald á söfnuði sínum, en peninganna.

H. þm. Dal. (J. P.) tók og ýmislegt fram móti þessu frumv., þótt hann væri hlynntur málinu í raun og veru. Hann tók það fram, að hann væri hlynntastur hreinum og beinum aðskilnaði milli ríkis og kirkju. Það þótti mjer vænt um að heyra, því það er jeg sjálfur fullkomlega, en úr því hann er hlynntur aðskilnaðinum, þá virðist mjer mótsögn í því, að vera ekki og með þessu frumv., því jeg verð að álíta, að einmitt þetta frumv. miði í svipaða átt og gæti í öllu falli orðið til þess, að hreinsa sorann út úr þjóðkirkjunni, með því að gefa þeim mönnum undir fótinn með að ganga úr henni, sem eru kristinni trú andstæðir og því góðra gjalda vert að verða af með.

Sami h. þm. vildi mótmæla því, að það væri skerðing á borgaralegum rjettindum manns, að þurfa að borga fje til þess kirkjufjelags, sem hann ekki væri

í, en jeg held því föstu, að 47. grein stjórnarskrárinnar styðji mitt mál, þar sem segir, að enginn megi neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, svo framarlega sem eignarrjettur og fjárforræði eru borgaraleg rjettindi. Dæmið, sem h. þm. tók af skólunum, skil jeg mikið vel, en jeg sje ekki, að það geti átt við, þar sem verið er að tala um kirkjuleg mál, því það snertir ekkert trúarbrögðin. Jeg veit ekki, hverjar muni vera skoðanir lögfræðinganna á þessu máli; en jeg þekki þó einn lögfræðing, sem er mjer samdóma um, að það sje skerðing á eignarrjettinum, að heimta, að maður borgi til þess fjelags, sem hann ekki er í. Þessi lögfræðingur er h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.). Því ef það er skerðing á eignarrjetti eða fjárforræði, að vera skyldaður til að leggja fje í sjóð, er maður fær að njóta góðs af í elli sinni, eins og hann hjelt fram við umræðu um annað mál hjer í deildinni, um að skylda embættismenn til að safna sjer ellistyrk, þá hlýtur það engu síður, heldur miklu fremur, að vera skerðing á eignarrjettinum og borgaralegum rjettindum, að skylda mann til, að leggja fje til kirkjufjelags, sem hann ekki vill vera í.

Þá beindi h. þm. Dal. (J. P.) því að mjer, að það væri undarlegt, að jeg, sem hefði talað um hneykslispresta hjer í þingsalnum, skyldi bera það traust til prestanna, að þeir færu ekki að gera akkorð við sóknarbörn sín um, að fara úr þjóðkirkjunni, til þess að þeir gætu fengið laun sín úr landssjóði. Hjer til er því fyrst að svara, að jeg talaði aldrei um og átti aldrei við prestana hjer í þingsalnum. Þessir hneykslisprestar, sem jeg er að tala um, eru auðvitað drykkjumennirnir í prestlegri stöðu. En jafnvel þeir geta að öðru leyti verið hinir heiðvirðustu og vönduðustu menn, og ekki ætlandi sú óviðurkvæmilega aðferð, að hvetja sóknarmenn sína til, að fara úr þjóðkirkjunni, til þess að þeir sjálfir gætu átt hægari aðgang að launum sínum úr landssjóði, því slíkt er ekki ætlandi öðrum en óvönduðum og óærlegum mönnum.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að nú verði skipuð 5 manna nefnd í þetta mál.

Jens Pálsson: Með leyfi h. forseta langar mig til, að gjöra eina stutta athugasemd. Mjer heyrðist h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) eigna mjer þau ummæli, að frumv. þetta, ef það yrði að lögum, eyðilegði trú og kristindóm. Jeg sagði það ekki; jeg veit, að kristindómurinn verður ekki deyddur með lögum. Jeg sagði að eins, að það gæti sett á tjá og tundur hinn sýnilega kristindómsfjelagsskap í landinu og tvístrað söfnuðunum.

ATKVÆÐAGR.: Fimm manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Lárus Halldórsson	með	19 atkv.
Skúli Thoroddsen	—	14 —
Ólafur Ólafsson	—	12 —
Sigurður Gunnarsson	—	11 —
og Sigurður Stefánsson	—	9 —

eptir hlutkesti milli hans, Árna Jónssonar og P. Briems, sem allir höfðu hlotið jöfn atkv. við kosninguna.

1. umr. síðan frestað.

Frumv. til laga um friðun á skógum, hrísi, mosa og lyngi (C. 122, 164); 3. umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Jeg og nokkrir aðrir þm. höfum leyft oss að koma með lítilfjörlega breytingartillögu (C. 164), sem er einungis í því fólgin, að ákveða með skýrum orðum, hve víðtæk lög þessi skuli vera, en í samræmi við þessa breytingu er einnig stungið upp á, að fyrirsögnin breytist.

Enn fremur er komið fram þingskjal 95 (C. 164) með annari breyt.till. frá nokkrum h. þingm. Jeg hef að vísu ekkert á móti því, að þær breytingar verði samþykktar, sem miða til þess, að gefa meiri tryggingu fyrir því, að ekki verði hrapað að samþykktum þeim, sem gert er ráð fyrir í frv., en mjer finnst það óþarflega mikil fyrirhöfn, að hafa tvöfaldar kosningar, þar sem að eins er um það að ræða, hvort friða skuli eða ekki.

Jeg skal enn fremur taka það fram, viðvíkjandi því atriði í breytingartill., að ekki megi halda samþykktarfundi frá 1. nóv.—1. apríl, að mjer finnst þessi tímaákvörðun ekki heppileg. Í sveitum getur veturinn verið heppilegur fundartími, en í sjávarsveitum er öðru máli að gegna, þar sem vertíð stendur yfir á þeim tíma. Jeg álít, að það sje bezt að láta sýslunefndir ráða, á hverjum tíma þær láti halda þessa fundi, og treysti því, að þær velji ekki óhentugan tíma. Jeg verð því að leggja móti þessu atriði og vonast til, að h. þingd. samþykki það ekki.

Jens Pálsson: Jeg skal í fám orðum skýra frá ástæðum okkar uppástungumanna fyrir breytingartill. (þingskj. 95). Eins og jeg tók fram við 1. umr., þá álít jeg, að þegar þingið gefur úr hendi sjer rjettinn til að gefa lög um svo mikilsvert málefni sem þetta er, þá sje það siðferðisleg skylda þess, að setja sem bezta tryggingu fyrir, að þessi rjettur verði notaður sem bezt, og jeg álít að þessi trygging verði meiri, ef farið er að eins og breyt.till. fer fram á; þá er síður hætt við gjörræði eða að menn hrapi að því, að gera samþykktir; þá má búast við, að kosnir verði hinir greindustu og beztu menn úr hverri sveit; auk þess er jeg sannfærður um, að ef kosinn er 1 maður fyrir hverja 10, þá muni þessir menn sækja fundi kappsamlegar en hver og einn, og er þá síður hætt við því, að menn úr nágrenni við fundarstaðinn fjölmenni fremur öðrum og komi þannig öllu fram, sem þeir vilja.

Jeg vil einnig leyfa mjer að benda á, að þó að þetta frv. eigi að eins við skóga o. s. frv., þá opnar þingið þó dyrnar með því að samþykkja þetta frv., svo að viðbúið er og eðlilegt, að hjeruðin reyni að ná fleiri málum í hendur sjer á líkan hátt. Nú er fyrir þinginu frv. til laga um samþykktir um hrossakynbætur. Síðar má búast við, að frumv. komi viðvíkjandi fjárrækt, selveiði, laxveiði, æðarrækt o. s. frv., og, með þessu fyrir augum, finnst mjer brýn nauðsyn til, að þingið setji sem bezta tryggingu fyrir heppilegri notkun þessara rjettinda.

H. flutningsm. (J. Þór.) minntist sjerstaklega á eitt atriði í breyt.till., nefnilega þann tíma, er fundirnir skulu haldnir á. Þetta atriði er alls ekki þýðingarlaust. Þó veturinn sje undanskilinn, er nægur tími til að halda fundi á. Hjer er ekki að ræða um svo brýna nauðsyn, að flýta málunum svo, að ekki megi vel nota einhvern af þeim mánuðum, sem hagkvæmastir eru. Breyt. till. fer að eins fram á, að girða fyrir það, að fundir sjeu haldnir um hávetur. Það er reyndar víðast minna að starfa á vetrum, en hins vegar getur þá farið svo, að bráðófært veður sje fundardaginn. Jeg álít, að þessi ákvæði sjeu gagnleg, og get að minnsta kosti ekki sjeð, að þau sjeu að neinu leyti skaðleg.

Ólafur Pálsson: Jeg skal ekki vera langorður um þetta mál. Jeg finn, að tilgangurinn með frv. er góður, en mjer finnst frumv. nokkuð umfangsmikið og hygg að hægt hefði verið að ná tilgangi þess með hægara móti. Jeg veit t. d., að í mínu kjördæmi var fyrir 9

árum tekið fyrir að friða skóg á einni jörð og hefir það tekizt vel. Önnur dæmi þekki jeg líka upp á það, að bændur hafa sjálfir bætt skóg mikið með því að hreinsa hann að kallurkum og takmarka brúkið árlega, hve mikið má taka. Það fyrirkomulag, sem frv. fer fram á, hefir töluverðan kostnað í för með sjer, og álít jeg, að hjá því megi komast og verði fullt eins affaragott, ef hver landsdrottinn gerir samning við sinn ábúanda. Nú er það orðið of seint að koma með breyt.tillögu við frv., en skyldi svo fara, að það kæmi hingað aptur frá efri deild, hef jeg í hyggju að koma fram með breyt.till.

Indriði Einarsson: Jeg vil leyfa mjer að mæla með breyt.till. með fáum orðum. Hún á að gefa tryggingu fyrir því, að samþykktir um friðun fái því að eins framgang, að það sje almennings vilji. Með tvöföldum kosningum verður það áunnið, að hinir beztu menn í sveitinni verði kosnir, og einnig það, að ekki er eins hætt við, að hinir nálægustu hreppar við fundarstaðinn hafi miklu meiri áhrif á kosningarnar en hinir fjarlægari.

Jeg álít, að breyt.till. sje frumv. til bóta, en yfir höfuð er jeg hræddur um, að ef frumv. verður samþykkt, að það verði notað til þess að þröngva kosti fátækra manna og gera þeim lífið erfiðara en áður.

Þorlákur Guðmundsson: Sje svo, að ákvæði þau, sem breyt.till. fer fram á, sjeu til batnaðar, og jeg skal ekki neita því, þá hefði jeg kunnað betur við að fara svo langt, að láta þau ná til allra svipaðra samþykkta, svo sem fiskiveiðasamþykkta, því jeg hygg, að ekki sje síður þörf á þeim, er til þeirra samþykkta tekur. Það er mitt álit, að það sje trygging fyrir heppilegum samþykktum, að kosnir sjeu samþykktarmenn, en auðvitað er það töluverð fyrirhöfn. Reyndar er það svo eptir þessari tillögu, að eptir því sem kjósendur eru fleiri í sveitinni, eptir því eru samþykktarmennirnir fleiri, og geta því stærri hrepparnir ráðið meiru en hinir.

Það kom enn fram í ræðu h. þm. Vestm. (Indriða Ein.), eins og við síðustu umræðu, að hann álítur að eitthvað verði menn þó að hafa til að brenna, en lyng og mosi vara ekki um aldur og æfi, og fyrr eða síðar hlýtur að verða að taka til annara úrræða. Þá talaði hann um heilnæmi það, er lyngkransar hefðu í för með sjer, en vjer þurfum ekki að leita lengra en til kirkjugarðsins hjerna í Reykjavík til þess að sjá, að lyng deyr fljótt og rotnar, nema einir. Beitilyng og lúsalyng rotnar skjótt, og eykur með því óheilnæmi, og verð jeg því að álíta þessa kenningu h. þm. Vestm. (I. E.) sem kerlingabók eins og h. flutningsm. frumv. (J. Þór.) sagði þá.

Að því er snertir þá ástæðu h. þm. Vestm. (I. Ein.), að fátæklingum muni verða gert erfiðara fyrir en nú er, þá svara jeg því, eins og við 1. umr. málsins, að svo fer fyrr eða síðar, ef ekki verður friðað, að skógar o. s. frv. eyðast gjörsamlega. Nú þegar eru skógar víða alveg horfnir eða svo aðfram komnir af fjárbeit og óskynsamlegri meðferð, að þeir geta aldrei náð sjer aptur, og munu ekki gera það meðan land byggist.

Ólafur Briem: Jeg vil leyfa mjer að taka undir með þeim, sem hafa mælt móti breyt.till. (95). Aðaltilgangur hennar er reyndar að tryggja, að ekki sjeu samþykkt einhver ákvæði, er sjeu vanhugsuð, eða komi í bága við það sem betur má fara, en jeg get ekki betur sjeð, en að nægileg trygging fyrir þessu sje í frumv. eins og það nú liggur fyrir, þar sem ákveðið er, að samþykki sýslunefnda útheimtist og auk þess amt-

mönnum lagt á herðar að gæta þess, að samþykktirnar gangi ekki of nærri rjetti manna. Mjer finnst það eiga vel við, þegar um þess háttar samþykktir er að ræða, að sem flestir eigi aðgang að því að láta skoðun sína í ljósi, því að það er opt málinu til bóta, að sem flestar skoðanir komi fram. Þó aldrei nema fljótfærnislegar eða vanhugsaðar breyt.till. kunni að fá framgang á hinum almennu samþykktarfundum, þá treysti jeg sýslunefndum og amtmönnum til að koma í veg fyrir að þær öðlist gildi.

Jeg get heldur ekki verið meðmæltur því atriði breyt.till., að ákveða vissan tíma árs til fundarhalds. Víða er svo ástatt, þar sem íslög eru mikil á vetrum, að veturinn er hinn heppilegasti fundartími. Það er að vísu satt, að á vetrum geta veður stundum hamlað, en hins vegar geta á hinum öðrum tímum árs, sem breyt.till. ætlar til fundarhalda, verið svo miklir vatnavextir, að þeir hamli engu síður en illviðri á vetrum.

Jeg mun því greiða atkvæði móti breyt.till.

Jón Jónsson, N.-Þing.: Þegar jeg fyrst sá þetta frumv., var jeg með sjálfum mjer hlynntur því, því að það er mín skoðun, að sjerhvað það, sem miðar til þess, að gefa hjeruðunum rjett til að skipa um sín eigin mál, sje mjög heppilegt og í rjetta átt. Eptir því sem jeg þekki til í ýmsum sveitum á landinu áleit jeg, að frumv. þetta ætti ekki við alstaðar, og bjóst við að það væri ekki tilgangur flutningsm., að það næði til alls landsins, eða að þær samþykktir, sem hjer er ráð fyrir gjört, skyldu komast á í hverju hjeraði; en eptir því sem jeg hef skilið umræðurnar um málið, einkum 2. umræðu, mun þetta þó vera tilgangurinn. Þegar jeg varð þessa var, kom hik á mig, og þess vegna setti jeg nafn mitt undir breyt.till. (95), því að mjer finnst að í henni liggi allmikil trygging fyrir því, að ekkert gjörræði geti komizt að við tilbúning samþykktanna; en jeg hygg, að það sje ekki fulltryggilega um búið í frumv. án þessarar till. Það getur reyndar verið, að aðferð þessi sje fyrirhafnarmeiri, eins og látið hefir verið í ljósi við þessa umr., en þeim mun betri tryggingu veitir hún, og er mikið í það varið, þar eð öll ákvæði um að friða eitthvað ganga æfinlega að einhverju leyti nærri persónulegum rjetti, athafnarrjetti einstakra manna, er þau óheimila að nota eða vinna eitthvað, sem áður var heimilt.

H. 2. þm. Árn. (Þ. G.) talaði um, að heppilegast hefði verið, að koma hinum sömu ákvörðunum að um fiskiveiðasamþykktir, og er það sennilegt, en það getur h. þm. Árn. (Þ. G.) sjálfur sjeð, að ekki gat átt við að setja það í þetta frumv.

H. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) áleit, að það væri heppilegast, að atkvæðisrjetturinn væri einfaldur, og mundu menn eiga hægast með að neyta rjettar síns á þann hátt. Jeg álít, að menn geti eins vel komið sínum skoðunum fram með því, að kjósa samþykktarmenn, eins og breytingartill. fer fram á. Jeg vil alvarlega óska, að breytingartill. verði samþ., því þótt jeg sje hlynntur öllum tillögum, sem veita hjeruðunum meiri rjett, þá er mjög óvíst, hvort jeg get gefið frumv. atkvæði mitt, án þessarar breyt.till.

Þorlákur Guðmundsson: Það getur vel verið, að hugsunin sje rjett í breyt.-till. 2. gr. Samt álít jeg að nægа tryggingu vanti fyrir að vel fari í framkvæmdinni. Fyrir þessu vantar skilyrðin; engin skilyrði eru sett fyrir, hve margir skuli mæta af hreppsbúum, til þess að kjörfundur sje löglegur, og hve mörg atkvæði skuli greiða hverjum kjörmanni; þetta gæti gengið í gegn með sárfáum

mönnum á fundi, bara að kjörstjórnin væri til staðar. Ákvæði um þetta vantar, en jeg ætla að þetta hefði stórmikla þýðingu, og gæti veitt verulega tryggíng fyrir, að þetta yrði til bóta.

Gunnar Halldórsson: Jeg ætla að geta þess, að þegar sams konar lög og þessi hafa verið hjer í deildinni, þá hef jeg verið þeim meðmæltur, því jeg álít að þau eigi það skilið, þar sem tilgangur þeirra er að auka hjeraðsfrelsi í þeim málum, sem snerta hvert hjerað sjerstaklega; jeg er því einnig meðmæltur þessu frumv., af því mjer getur ekki dulizt, að allt of mikið hefir víða verið gjört að verkum með að eyðileggja bæði skóga og smærra hrís, sem hefði þó getað verið mikil hlífð að fyrir vort hrjóstruga land, sem hefir eigi mikið að missa. En jeg get ekki annað en verið líka með breyt.till. á þingskj. 95; jeg fæ ekki betur sjeð, en að hún sje til bóta, því af tvöföldum kosningum leiðir það, að meira jafngildi verður milli hinna næstu og fjærstu hreppa. Næg reynsla er fyrir því, að hjeraðsfundir þeir, sem vjer höfum haft, hafa stundum naumlega náð tilgangi sínum að því leyti, að það hefði orðið ofan á, sem menn helzt hefðu óskað. Maður veit, að nærsveitisbúar eiga hægt með, að smala saman atkvæðunum, já, hverju einasta atkvæði, og verður afleiðingin stundum, að jafnvel bæði meiri og minni hlutinn eru ekki ánægðir með það, sem ofan á verður. H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) kvað eigi tryggínguna nægа með breyt.till. fyrir því að samþykktarmenn yrðu kosnir með nægilegum atkvæðum; en jeg ætla að engin hætta yrði búin fyrir því; mönnum getur varla blandazt hugur um það, að þegar um samþykktir er að ræða, þá er opt mikill áhugi manna, og þeir hugsa mikið um þau mál, sem undir samþykkt liggja. Hygg jeg því að fundir yrðu fullsæmilega vel sóttir, og atkvæðafjöldi fengizt nógur. Jeg fyrir mitt leyti vil mæla með breyt.till., að hún fái að komast að, og reynist hún vel, viðvíkjandi samþykktum um friðun skóga m. fl., væri hægt síðar að taka samslags ákvæði upp í lögin frá 1877 um fiskiveiðar.

Páll Briem: Jeg verð að segja sem mína skoðun viðvíkjandi breyt.till., að jeg er henni alveg mótfallinn af þeirri ástæðu, sem h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) tók fram, að tryggingin liggi í þeim lögum sjálfum, sem hjer er um að ræða. Jeg álít miklu betra, að þeir sem hlut eiga að máli, kjósendur, greiði atkvæði sjálfir, heldur en að þeir sendi fulltrúa. Nú er líka sú gamla regla að komast á t. d. í Englandi og Sviss og Ameríku, að leggja undir þjóðina sjálfa ýms mál, sem hún skuli greiða atkvæði um, en sem áður voru lögð undir fulltrúana, og hefir það reynzt að mörgu leyti miklu betra. Fulltrúar geta verið undirorpnir ýmsum áhrifum; þeir geta gjört sig seka í atkvæðabralli og þess konar, en það á sjer ekki stað, er kjósendur greiða sjálfir atkvæði. Þetta hefir sýnt sig, er menn hafa sjálfir sett reglur um nokkuð, sem á að gilda fyrir þá sjálfa, þá hafa menn verið svo viðkvæmir, að þeir hafa verið varkárari í reglum sínum en fulltrúarnir.

Það liggur því meiri trygging fyrir rjetti manna í frv., heldur en í breyt.till. Vildi jeg því óska, að hún yrði eigi samþ.

Flutningsm. (Jón Þórarinsson): Það er óþarfi fyrir mig, að fara mörgum orðum um mál þetta. H. þm. Snæf. (P. Br.) er búinn að taka fram, að betri trygging sje fólgin í frumv., heldur en í breyt.till. Menn hafa ekki að mjer heyrist á móti frumv. sjálfu, heldur að eins einstökum atriðum þess. Þm. V.-Skapt. (Ól. P.) fann t. d. mest að því, að því leyti sem það væri of umfangs-

mikið, en þar sem hann viðhefur orðið: umfangsmikill, þá er auðsjeð, að hann hefir villzt á frumv. og breyt.till. Frv. er ofur-blátt áfram og óbrotið, en vorkennt get jeg þm., þó að honum þyki breyt.till. umfangsmikil.

Jeg verð aptur að taka það fram, að ákvörðun breyt.till. um fundartímann er ástæðulaus og til engra bóta. Enda fjekk jeg nú á fundinum þá upplýsingu, að menn til sveita kjósi einmitt vetrartímann opt og einatt til að halda þá fundi á, er þeir vilji að sem fjölsóttastir sjeu. Það er með öðrum orðum hentugast, að láta alveg óbundið, á hverjum tíma árs fundirnir skuli haldnir. Jeg veit ekki, til hvers sýslunefndinni eða sýslumanni er trúandi, ef þeim er ekki trúandi til að velja þann fundartíma, sem bezt hentar hjeraðsbúum.

Jens Pálsson: Útaf því, sem h. þm. Árn. (Þ. G.) sagði í tilefni af breyt.till. þeirri, er hjer ræðir um, að sig furðaði á, að við ekki vildum koma slíkum breytingum á fiskisamþykktir líka, ætla jeg að svara nokkrum orðum.

Heimildarlögin til að gjöra fiskiveiðasamþykktir liggja nú ekki fyrir til meðferðar, heldur heimildarlög til skógarfriðunarsamþykkta, og því er það við þau, að vjer viljum koma að þessari breytingartillögu. En reynist þetta fyrirkomulag vel í framkvæmd þessara friðunarlaga, má telja líklegt, að fiskiveiðasamþykktarlögunum verði innan skamms breytt í sömu átt.

Þar sem h. þm. Snæf. (P. Br.) fullyrti, að í frumv. sjálfu lægi full trygging fyrir happasælli notkun þessa samþykktar-löggjafarvalds, þá er jeg honum alveg ósamdóma. Að vissa sje fyrir því, að slík lög verði vandvirknislega úr garði gjörð í sýslunefnd, sem situr á fundi í 1—3 daga, fæ jeg ekki skilið, þar sem vjer vitum, að hvert frumv. á þingi verður að fara í gegnum 3 umræður í hvorri deild til að verða að lögum, og þykja þó ýms lög, sem frá þinginu koma, fljótfærnislega úr garði gjörð, og jafnvel vanhugsuð. Tryggingin fyrir rjettlátri, sanngjarnri og haganlegri samþykktarlöggjöf á þá loks að vera fólgin í beinum atkvæðisrjetti þeirra manna um lögin, er kosningarrjett hafa til alþingis; og þessi trygging á að vera meiri og betri, eptir skoðun h. þm. Snæf. (P. Br.), með því fyrirkomulagi, að láta hvern mann eiga beinan atkvæðisrjett um lögin, en með því fyrirkomulagi, sem vjer höldum fram, að kjörnir menn (1 fyrir hverja 10) greiði atkvæði um þau. — En þessi skoðun getur ekki verið rjett, svo framarlega sem það er rjett, að menn, sem bezt eru að sjer, skynsamastir og hafa á sjer mest traust almennings, eru yfirhöfuð færari til að hafa gagnleg áhrif á almenn mál, en þeir, sem miður eru að sjer og óvitrari. — Að atkvæðabrellur komist fremur að, ef breyt.till. verða að lögum, er röng staðhæfing. Atkv.-smalanir þær, sem átt hafa sjer stað, þegar hjeraðsfundir í fiskiveiðamálum hafa verið fyrir hendi, geta verið næg sönnun fyrir þessu.

Það hefir verið tekið fram móti breyt.-till., að það fyrirkomulag, sem þar er haldið fram, sje dýrara. En það er einmitt ódýrara. Það er greinilega ódýrara, að kjósendur til alþingis verji fyrst degi eða stund úr degi til að sækja kjörfund heima í sveit sinni, og fari síðan tíundi hver maður á hjeraðsfund, heldur en að hver kjósandi til alþingis fari á hjeraðsfund.

Það felst alveg rjett hugsun í breytingartill.; einkum álít jeg þá hugsun, að kjósa samþykktarmenn, alveg rjetta frá löggjafarlegu sjónarmiði. Ef *þessi* samsetning löggjafarvaldsins um samþykktir, sem breyt.till. heldur fram, er borin saman við samsetning alþingis,

þá svarar sýslunefndin til efri deildar, hinir kosnu samþykktarmenn til neðri deildar, en hvorirtveggju, sýslunefndar- og samþykktarmenn til samans, samsvara þinginu í heild þess. Það er bersýnilega betra og tryggilegra þetta fyrirkomulag, sem vjer breytingartillögumenn höldum fram, og því vil jeg af alhuga ráða h. deild til að fallast á breytingartillögu vora.

Jón Jónsson (þm. N.-Þ.): Það var einstaklega falleg setning, er h. þm. Snæf. (P. Br.) talaði um almennan atkvæðisrjett. En þótt svo sje í Sviss og víðar, og það reynist þar hagfelt og gott, þá er öðru máli að gegna um Ísland, þar sem vegir eru illir, byggðir strjálar og samgöngur ógreiðar. Hjer getur slíkur atkvæðisrjettur eigi komið að haldi. Það er alkunnugt, að varla er mögulegt að fá menn til að sækja vel innanhreppsfund einu sinni eða tvisvar á ári. Það tekst ekki nema með duglegri »agitation« eða þá ef slík mál liggja fyrir, sem snerta einhvern persónulega, en slíkt kemur ekki opt fyrir. Og hvernig mundi það svo ganga, að fá flesta kjósendur til að mæta á einum stað í sýslu, þar sem flestir þyrftu um langan veg að sækja, og opt örðugan, eptir því sem víða hagar til?

H. þm. Árn. (Þ. G.) þótti breyt.till. ekki gefa nóga trygging fyrir því, að allir eða þá sem flestir taki þátt í samþykktunum, þar sem ekkert væri ákveðið um, hve margir þyrftu að mæta, til þess að kosning samþykktarmanna væri gild, og gæti því svo farið, að þeir yrðu kosnir með örfáum atkvæðum. Þetta getur nú verið mikið rjett, en þótt breyt.till. veiti ekki þá trygging, er honum þykir nægja, þá fer hún þó í þá áttina, því að hún veitir meiri tryggingu en frv. sjálft, og það virtist mjer hann játa, og af því leiðir, að jeg sje ekki betur, en hann hljóti að gefa breyt.till. atkv.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. (þingskj. 94) samþ. með 21 atkv.; breyt.till. við 2. gr. (þingskj. 95) felld með 12:10 atkv.; breyt.till. við fyrirsögn frv. (þingskj. 94) samþ. með 13 atkv. Frv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþ. með 13 samhljóða atkvæðum og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum (C. 151); 3. umr.

Páll Briem: Vjer erum 6 þingdm., sem höfum komið fram með breytingartillögu (sjá þingskjal 80) við 2. gr. frumv. Breyt.till. þessi er í því fólgin, að nema burt úr frumv. ákvæðið um að auka tölu dómenda í yfirdóminum um tvo, er hvor hafi 3,500 kr. að launum árlega. Vjer verðum að álíta, að ekki sje þörf að hafa fleiri dómendur í yfirrjetti, en nú er, enda þótt dómsvald hæstarjettar í íslenzkum málum verði afnumið. Ástæðurnar fyrir þessari skoðun minni hefi jeg þegar tekið fram við 2. umr. þessa máls, og sje enga þörf á að fara að ítreka þær nú.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg get ekki neitað því, að mig furðar á því, að þessi breyt.till. um að fella úr 2. gr. frumv. ákvæðið um, að auka 2 dómendum við tölu dómenda í yfirdómnum, skuli koma frá þingdm., sem í sannleika eru aðalmálinu hlynntir; sjer í lagi furðar mig á, að h. sessunautur minn (P. Br.) skuli vera hvatamaður þessarar breyt.tillögu, þar sem jeg veit, eptir orðum hans að dæma, að hann er máli þessu sjerstaklega hlynntur. Jeg get heldur ekki skilið, að uppástungumenn geti fært sannar og rjettar ástæður fyrir þessari breytingu. Jeg man það að vísu, að h. þm. Snæf. (P. Br.) tók það fram við 2. umr. þessa máls, að full trygging væri fyrir því, að frá

yfirdóminum kæmu vel hugsaðir, vandaðir og rjettlátir dómar, þótt dómendurnir væru ekki fleiri en 3, vegna þess, að þeir hefðu svo langan tíma til að hugsa um málin. Hann tók það fram, að 3 dómendur hefðu lengri og betri tíma, til að hugsa um málin, en 5 dómendur; á þessa skoðun get jeg ómögulega fallizt, því jeg verð að álíta að dómendafjöldinn sje byggður á hugsuninni í því fornkveðna, að betur sjá augu en auga, að því fleiri, sem dómendurnir eru, því fjölbreyttari skoðanir, því grandgæfilegri rannsókn og íhugun hljóti að koma fram á málunum, enda hlýtur hinn h. þm. að vita, að lagamenn geta bæði haft mismunandi þekkingu og mismunandi skoðanir á ýmsum sjerstökum greinum laganna og á ýmsum atriðum, sem niðurstaða málanna veltur á. Jeg verð þess vegna að halda því fast fram, að það sje ómögulegt, að landsyfirdómurinn geti verið jafnvel tryggður með 3 dómendum, eins og með 5. Og má jeg svo spyrja: Er ekki þessi meiri trygging svo mikils virði, að hún nemi þeirri fjárupphæð, sem aukning dómendanna hefir í för með sjer? Fjárupphæð þessi er einar 7000 kr. á ári, sem nemur 9 aura nefskatt, eða, ef hnitmiðað er niður, 9½ eyris gjaldi á hvern mann í landinu. En eins og h. þm. veit, þá er eigi gjöldum til landssjóðs og þá eigi þessum kostnaði jafnað þannig niður, heldur leggst hann að mestu leyti á hina efnaðri menn, sem hafa meira gjaldþol, og verður því eigi þungbær og svo sem ekki neitt á hinum fátæku. Og h. sessunautur minn (P. Br.) verður þó að játa, að það er hin helgasta skylda löggjafarvaldsins, að sjá fátæklingunum fyrir fullri tryggingu fyrir því, að þeir geti náð rjetti sínum, því fátæklingunum er eins tilfinnanlegt og sárt, að geta ekki notið rjettar síns, eins og hinum ríku. Hjer er því að ræða um smámuni eina í peningalegu tilliti, en um hina þýðingarmestu tryggingu að því er dómana snertir. Beri maður nú aptur á hinn bóginn þann kostnað, sem hjer ræðir um, saman við þann kostnað, sem landsmenn hafa af því, að skjóta málum sínum til hæstarjettar í Kaupmannahöfn, þá verður þar á enginn samjöfnuður. Hjer ræðir um kostnað, sem leggst jafnt á alla gjaldfæra landsmenn, en gagnvart hæstarjetti leggst hinn afarhái málskostnaður á einstaka menn, og opt fátæka menn, ef þeir annars vilja ráðast í að snara út slíku stórfje, segjum 500 til 1000 kr. Þessi samanburður á hinu mikla fje, sem leggst á einstaka, opt fátæka menn við málskot þeirra til hæstarjettar, og hið litla gjald, sem hjer ræðir um, og sem leggst á alla landsmenn, er fjarskalega þýðingarmikill í þessu máli. Skoði maður málið frá landsins sjónarmiði sem einni heild, þá sjer hver maður, að það er vel hugsanlegt, að jafnmikið fje gangi á ári til málaskota til hæstarjettar, eins og til þeirra tveggja dómenda, og þó svo væri ekki, þá er hjer sá fjarska munur, að kostnaðurinn eptir þessu frumv. gengur til landsins barna, en kostnaðinum gagnvart hæstarjetti er fleygt í sjóinn að því leyti til, að hann fer út úr landinu. Þetta, sem jeg nú hef tekið fram, er ekki talað móti h. þm. Snæf. (P. Br.), heldur til að hrekja ummæli hæstv. landsh. við 2. umr. hjer að lútandi.

Hæstv. landsh. er því miður ekki hjer í salnum í dag, en jeg verð samt að fara nokkrum orðum um þær mótbárur hans gegn þessu máli, sem jeg leiddi hjá mjer um daginn. Kostnaðurinn við málskotin til hæstarjettar hefir enn ekki verið skoðaður í botninn. Það má óhætt fullyrða, að það sje viðurkennt, að hann nemi í einkamálum frá 500—1000 kr. að meðaltali.

Í sakamálum er kostnaðurinn lítill, segja menn, ekki nema 50—100 kr. Er þetta lítill kostnaður? Já, það má segja, að hann sje lítill í samanburði við málskostnaðinn í einkamálum, en sá samanburður á hjer ekki við. Hjer á aðeins við, að tala um mismuninn á því, að verða að borga út 50—100 kr. og því, að þurfa ekki að borga þær út. Jeg hefi ekki verið við mörg sakamál riðinn, en það er mjer þó kunnugt, að það hefir verið svo gott sem bitinn og sopinn væri tekinn frá bláfátækri konu og börnum, til þess að greiða með sakmálskostnaðinn. Sje hinn ákærði dæmdur sýkn, þá fellur málskostnaðurinn fyrir hann niður, það er að segja hann leggst á landssjóðinn; en verði hann sekur, falli málskostnaðurinn þannig á sekan fátækling, sem ekki getur borgað, þá tekur ekki annað við fyrir honum en sveitin. Á þessum samanburði vona jeg að öllum geti orði ljós hinn afarmikli munur á kostnaði þeim sem hjer ræðir um, í hvaða átt sem litið er. En ef vjer nú sleppum kostnaðinum, þá hljóta þó allir að vera mjer samdóma um, hve miklu meiri trygging fyrir vönduðum og rjettlátum dómum í landinu sje fólgin í yfirdóminum með 5 dómendum, heldur en með 3, eins og jeg hefi áður tekið fram, og þessi trygging kemur fram, ekki einasta gagnvart fáum mönnum í landinu, heldur gagnvart öllum landsmönnum. Jeg skil ekki í þeirri hugsun hjá alþingi, að um leið og það vill fá þennan dýrgrip, dómsvaldið, inn í landið, þá skuli það ekki vilja tryggja dómsvaldið innan lands innan skynsamlegra takmarka. Ef 2. gr. frumv. verður samþykkt með þeirri breytingu, sem hjer er stungið upp á, þá gjöri jeg ráð fyrir, að kippt sje fótum undan þeirri von, sem jeg og margir aðrir hafa um framgang þessa máls, sem er fólgið í því, að fá trygga innlenda stofnun, sem fram yfir allar aðrar stofnanir getur stuðlað að því, að Íslendingar uni vel í sínu landi, því trygg og áreiðanleg dómgæzla er hinn stærsti dýrgripur hvers lands.

Þá neyðist jeg til að drepa á tvö atriði í ræðu hæstv. landsh. Hann sagði, að fólksfjöldinn í Danmörku væri meiri í samanburði við dómaratöluna í hæstarjetti, og væri í því fólgin betri og áreiðanlegri trygging fyrir rjettum dómum frá hæstarjetti, en frá tilsvarandi dómstól á Íslandi, þar sem mannfjöldinn er svo lítill, og þá dómendatalan tiltölulega minni. Jeg get nú ómögulega gengið inn á, að slík röksemdaleiðsla sje rjett eða sannfærandi. Jeg held, að náttúrulögmálið, eða ef menn heldur vilja viðhafa orðið: skaparinn, fylgi ekki þeirri reglu, að menn geti sett upp hlutfallsreglu milli mannfjöldans og hæfilegleika hinna einstöku, svo maður ætti að geta fundið með þríliðudæmi gáfur og atgjörvi einstaklinganna eptir fólkstali þjóðanna. Tökum t. d. Kínverja; þó að þeir sjeu ákaflega margir, mundi þá vera þar með gefið, að þar sjeu tiltölulega meiri og fleiri gáfaðir og viti bornir menn og yfir höfuð framúrskarandi einstaklingar? Jeg held einmitt þvert á móti, að Íslendingar standi vel að vígi, þegar ræðir um hæfilegleika þeirra frá guðs og náttúrunnar hendi. Jeg get þess vegna ekki gengið inn á þessa kenningu, og skal jeg láta mjer nægja, að benda á, til þess að sýna, hve afarljettvæg hún er fyrir þetta mál, að eptir henni ætti Danmörk hugsunarrjett að hafa sinn æðsta dómstól í öðru fjölmennara landi, en hún er sjálf.

Jeg get heldur ekki í þessu máli byggt neitt á æfingu málsfærslumanna við hæstarjett. Jeg veit, að þeir hafa margfalt fleiri mál að fjalla um, en málfærslumenn hjer geta nokkru sinni

haft, en það eru ekki íslenzk mál. Íslenzk mál hafa allt af frá því landsyfirrjetturinn var stofnaður verið margfalt fleiri fyrir honum árlega, en hæstarjetti. Þessvegna hafa málsfærslumenn við hæstarjett ekki meiri, heldur minni æfingu í að færa íslenzk mál, en málsfærslumenn við yfirrjettinn á Íslandi.

Þetta, sem jeg nú hefi tekið fram, snertir meira þau mótmæli, sem komu fram við 2. umr. af hendi hæstv. ldsh., en breytingartillöguna.

Loks skal jeg að eins minna á, að stjórnin hefir einlægt verið á þeirri skoðun, að það væri eðlilegt, að dómsvaldið flyttist algjörlega hjer inn í landið, og eptir frumvarpi því, sem h. stjórn hefir lagt fyrir alþingi í þetta sinn, um að hjer eptir verði að eins staðfestur hinn íslenzki texti laganna, kemst rjettur íslenzkrar tungu í það hásæti, sem hún hefir verið flæmd úr, þegar þetta er orðið að lögum, og eptir þeim lögum geta Islendingar ekki lengur notað hæstarjett nema til þess að vanvirða sína eigin tungu gegn lögum. Þannig hefir stjórnin rjett fram höndina einnig í þessu máli.

Skal jeg svo ekki halda lengri varnarræðu fyrir máli þessu, meðan ekki koma meiri og kröptugri mótmæli gegn því. Jeg vona, að h. þingdm. blandist ekki hugur um, að samþykkja frumv. eins og það er, breytingarlaust. Hjer gefst oss gott tækifæri til að sjá, hvernig hið almenna löggjafarvald lítur á landsrjettindi vor eptir stöðulögunum 2. jan. 1871.

— Með því að fundurinn hafði staðið lengi ($3^1/_2$ kl.st.) og fleiri höfðu óskað taka til máls, frestaði forseti umræðunum um þetta mál til næsta dags.

Þrettándi fundur, fimmtudag 16. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti tilkynnti, að í nefndinni um frv. til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn væri kosinn formaður Lárus Halldórsson og skrifari Skúli Thoroddsen.

Forseti gat þess, að til sín væri komið:

1. Bænarskrá frá stjórn náttúrufræðisfjelagsins um 400 kr. styrk.
2. Bænarskrá frá Dr. phil. Jóni Stefánssyni um styrk til að vinna að ensk-íslenzkri og íslenzk-enskri orðabók.

Frumv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í ísl. málum úr lögum (C. 151); frh. 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.tillagan (80, C. 151) felld með 12 móti 8 atkv. Frumv. samþ. óbreytt með 18 samhlj. atkv. og afgr. síðan til Ed.

Frumv. til laga um skaðabætur þeim til handa, er að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi, eða sætt hegningu eptir dómi, svo og um greiðslu málskostnaðar í sakamálum, þegar svo stendur á (C. 162); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg vona, að h. þingd. hafi kynnt sjer frv. þetta með ástæðum þess, eins og það kom frá stjórninni, því að hjer liggur að eins fyrir frumv. eins og Ed. samþykkti það, en ekki ástæður stjórnarinnar. Jeg er viss um, að h. þingd.m. játi, að full ástæða sje til að samþykkja slík lög hjer á landi.

Jeg skal geta þess, að frv. var samþykkt með öllum atkv. í Ed., og vona, að það fái líkar undirtektir hjer.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. h.

Frumv. til tala um þóknun til þeirra,

er bera vitni í opinberum málum (C. 163); 1. umr.

Skúli Thoroddsen: Jeg skal ekki neita því, að í frv. þessu kunni að vera falin nokkur rjettarbót, en mjer finnst það vera athugavert, þegar um þetta frv. er að ræða, að það getur bakað landssjóði töluverðan kostnað, en erfitt er reyndar að gera nokkurn veginn vissa áætlun um, hve miklu hann muni nema.

Það er kunnugt, að hjer á landi eru nú 18 lögsagnarumdæmi, og jeg held, að óhætt sje að gera ráð fyrir, að 20 opinber mál komi fyrir í hverju lögsagnarumdæmi á ári; auðvitað verða málin færri í sumum umdæmum, en líka fleiri í sumum, einkum þar sem er að ræða um brot á fiskiveiðasamþykktum og þesskonar. Ennfremur má gera ráð fyrir, að 4 vitni verði leidd í hverju máli að meðaltali, í sumum málum færri, í sumum fleiri; setjum, að hvert vitni fái á að gizka 2 kr. í borgun, og sum þeirra auk þess ferðakostnað, sem óhætt mun að gera að meðaltali 1 kr. fyrir hvert vitni. Þetta verða alls 4000—5000 kr. á ári, eða hjer um bil 9000 kr. kostnaður, sem leggst á landssjóð á fjárhagstímabilinu. Þess er reyndar að gæta, að frumv. gerir ekki ráð fyrir að borga öllum vitnum skilyrðislaust, heldur lætur það á valdi lögreglustjóranna; en mjer finnst þetta engin kostur við frv., og jeg get ekki fellt mig við þetta ákvæði. Eigi á annan borð að borga vitnum, þá álít jeg, að það eigi að skoðast sem hreinn og beinn rjettur vitnanna að fá þóknun fyrir að mæta, en ekki sem náð, er dómarinn veiti þeim. Jeg álít heldur ekki rjett, að láta það vera komið undir efnalegum kringumstæðum vitnanna, hvort þau fá borgun eða ekki; jeg álít, að efnamaðurinn hafi eins mikla heimtingu á borgun fyrir að mæta sem vitni eins og sá efnaminni. Það getur líka opt verið erfitt fyrir lögreglustjórann að dæma um, hvort kringumstæður vitnanna sjeu þannig, að þeim beri borgun eða ekki.

Jeg hef því í hyggju að koma síðar með breyt.till. við frumv., er gangi í þá átt, að öll vitni skuli fá borgun.

Landshöfðingi: Það sem jeg helzt hef að athuga við ræðu h. þm. Eyfirð. (Sk. Thor.) er það, sem hann talaði um kostnaðinn. Jeg held að ágizkun hans sje ekki rjett, að því er snertir tölu opinberra mála í hverju lögsagnarumdæmi. Í mjög mörgum umdæmum kemur ekkert opinbert mál fyrir árum saman, og í fáum eins mörg og h. þm. gizkaði á. Jeg man t. d. eptir því, aðmeðan jeg var assessor í landsyfirrjettinum, þ. e. í 15 ár, kom einungis 1 mál fyrir í einu lögsagnarumdæmi. Í sumum umdæmum, einkum í sjávarsveitum, koma reyndar fleiri mál fyrir, sjerílagi brot gegn fiskiveiðasamþykktum, eins og h. 1. þm. Eyfirð. tók fram, og það getur verið að málum fjölgi nokkuð, þar sem um lögreglusamþykktir er að ræða og brot gegn þeim, en í þesskonar málum eru lögregluþjónar venjulega hin helztu vitni. Jeg held því, að kostnaðurinn verði ekki nærri því eins mikill og h. þm. Eyf. (Sk. Thor.) ætlaðist á um. Jeg man, að þessi sama ástæða var tilfærð, þegar innleidd var borgun fyrir rjettarvitni, en reynslan hefir sýnt, að sá kostnaður hefir orðið miklu minni, en menn voru hræddir um.

Því getur enginn neitað — og það gerði h. 1. þm. Eyf. heldur ekki — að það er hart, að fátækir einyrkjar missi heilan dag til vitnaburðar án þóknunar. Hinsvegar hef jeg ekkert á móti því, að settar verði nákvæmari ákvarðanir um, hverjum skuli borga og hverjum ekki, en get ekki fallið frá því, að þetta

frumv., eða þessu líkt, sje nauðsynlegt.

Ólafur Briem: Jeg skal leyfa mjer lýsa því yfir, að jeg get ekki greitt atkv. með frumv. þessu, allra sízt eins og það liggur nú fyrir. Mjer finnst það mikið skoðunarmál, hvort það sje rjett, sem sagt er í ástæðunum fyrir þessu stjórnarfrumv., að brýna nauðsyn beri til að borga vitnum í opinberum málum. Mjer finnst margt mæla með því, að skoða vitnaskylduna eins og svo margar borgaralegar skyldur, sem hvíla á mönnum þjóðfjelagsins vegna, og þeim ber að leysa af hendi launalaust. Það eru svo mörg störf, sem menn verða að vinna borgunarlaust í þarfir þjóðfjelagsins. Sjerstaklega finnst mjer engin ástæða til að einskorða þessa borgun við vitnaburð í opinberum málum; mjer finnst öllu fremur ástæða til að leggja á menn þá byrði, að bera vitni án þóknunar í opinberum málum heldur en í málum einstakra manna. Það er ekki einungis tímatöfin og fyrirhöfnin, sem kemur hjer til álita, heldur öllu fremur önnur óþægindi, sem menn helzt vilja komast hjá, t. d. að vinna eið.

Mjer finnst meiri ástæða að innleiða borgun til vitna í málum einstakra manna. Það hefir verið tilfært sem ástæða móti þessu, að það gerði mönnum erfiðara fyrir að leita rjettar síns, og það er að vissu leyti satt, en hinsvegar leggja sumir menn málaferli svo í vana sinn, að það er óheppilegt að þeim sje gefið undir fótinn með því að undanþiggja þá þeirri skyldu að borga vitnunum.

Jeg er annars samdóma h. þm. Eyf. (Sk. Thor.), að ef frv. á að fá framgang, þá væri heppilegra að fá inn í það skýlausari ákvarðanir um, hverjum vitnum skuli borga. Jeg vona af frv. verði ekki samþykkt eins og það er nú úr garði gert.

Páll Briem: Jeg vil leyfa mjer að koma að eins með stutta athugasemd. H. þm. Eyf. (Sk. Thor.) talaði um, að frumv. þetta mundi baka landssjóði töluverðan kostnað. Jeg hafði ímyndað mjer, er jeg las frumv., að þessi kostnaður yrði að skoðast sem hver annar sakamálskostnaður, sem fyrst greiðist af opinberum sjóði og síðan af hinum dæmda, ef hann hefir efni til þess. Jeg vil leyfa mjer að leita álita hæstv. landsh. um þetta atriði.

Landshöfðingi: Mjer finnst þetta atriði ekki geta orðið misskilningi undirorpið. Það stendur beinlínis í frumv. að »borgun skal greiða úr hinum sama sjóði og sakamálskostnaður er goldinn úr«, það er að segja: vitnin eiga æfinlega að fá borgun úr landssjóði.

Páll Briem: Minn skilningur á þessu atriði byggist á því, að menn hafa rjett til að fá sakamálskostnað greiddan þegar í stað úr landssjóði, en landssjóðurinn hefir hins vegar rjett að fá kostnaðinn endurgoldinn af sakamanni, þegar hann er dæmdur, og ef efni hans leyfa. Að því er snertir þetta frv., finnst mjer því efamál, hvort landssjóður getur ekki aptur fengið kostnaðinn til vitnaborgunar af hinum dæmda, ef hann er fullefnaður, eins og annar kostnaður er heimtaður af honum.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhl. atkv.

Frumv. til laga um samþykktir um kynbætur hesta (C. 154); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Eitt af því fáa, sem flestum ef ekki öllum útlendingum, er ferðazt hafa hjer um land, kemur saman um, er, að hæla íslenzku hestunum, og er þetta því frem-

ur furðanlegt, sem ókunnugt er, að menn hafi nokkurn tíma, svo að nokkuð kveði að, reynt að bæta hestakynið. Að minnsta kosti hafa aldrei verið greidd verðlaun fyrir hestakynbætur úr verðlaunasjóði Kristjáns konungs 9., enda þótt það atriði sje sjerstaklega tekið fram í ákvörðunum um verðlaun úr þeim sjóði.

Í flestum sveitum, einkum þar sem hestafjöldi er mikill, hagar svo til, að stóð allt gengur hvað innan um annað, og er það því miklum erfiðleikum bundið, að sjá um, hvaða folar verði hafðir til undaneldis, það geta verið mestu gallagripir, glaseygðir og glámskjóttir.

Ráðið til að fyrirbyggja þetta er að gefa mönnum kost á að koma því á, að einungis fallegir folar sjeu hafðir til undaneldis. Menn gætu hugsað sjer fleiri aðferðir til þessa en eina; menn gætu t. d. strax valið úr fjöldanum og vanað þá, sem líkindi þættu til að gætu spillt kyninu, eða menn veldu þá aðferð að reisa skorður við því, að folar sem gætu spillt kyninu væru látnir ganga lausir í heimahögum eða á afrjettum. Jeg álít, að þessu verði haganlegast komið að með samþykktarlögum, en um það hefur opt verið ágreiningur á þingi, því að sumir hafa viljað láta gefa almenn lög í slíkum málum, enda getur vel verið, að mögulegt væri að koma því nokkurn veginn vel fyrir á þann hátt. Þó er það mitt álit, að í þessu máli, er hjer liggur fyrir, eigi samþykktarformið langtum betur við, því að það snertir ekki nærri öll hjeruð landsins. Jeg get heldur ekki sjeð, að mótbárur þær, er menn hafa komið fram með gegn samþykktum yfir höfuð, eigi hjer við, því að aðalmótbáran er, að samþykktir sjeu svo viðsjárverðar, af því að þær hindri duglega menn frá að reka atvinnuvegi sína eins og þeim lízt bezt og haganlegast, en hjer er ekki um þess konar að ræða. Í þessum samþykktum, sem þetta frv. gefur tilefni til, getur að eins verið að ræða um, að menn verði hindraðir frá að gera öðrum skaða með trassaskap sínum og sjervizku, á þann hátt sem jeg benti á.

Það getur verið, að sumum þingd.m. þyki frumv. ekki mikilsvert, en jeg vona að þeir vilji þó ekki vera þess valdandi, að öðrum, er hafa áhuga á því, verði fyrirmunað að koma lagfæringu á þá óreglu, sem að undanförnu hefir átt sjer stað í því tilliti.

Ólafur Ólafsson: Jeg er alveg samdóma h. flutnings.m. (Ól. Br.), að þess konar samþykktir geti gert töluvert gagn. Hafi jeg tekið rjett eptir, sagði hann, að hvergi hefðu verið gerðar samþykktir til að bæta hrossakyn, og hlýtur þetta að stafa af ókunnugleika hans. Mjer er kunnugt um, að í Árnessýslu voru fyrir fáum árum að tilhlutun sýslunefndarinnar samdar reglur í þessa átt, en mjer er ekki kunnugt, hvern árangur það hefir haft, því að jeg fluttist úr sýslunni skömmu síðar.

Hestakynbætur eru einkar þýðingarmiklar fyrir oss Íslendinga af 2 ástæðum. Fyrst og fremst eru hestar hin helztu samgöngumeðul vor Íslendinga, og verða það eptirleiðis, hvernig sem samgöngur annars kunna að breytast, og vegir að verða bættir. Í öðru lagi eru þeir víða og einkanlega í mínu kjördæmi (Rangárvallasýslu) ein hin helzta verzlunarvara.

Víða eru menn mjög svo trassafengnir með hestakynbætur, og skeyta ekkert um, undan hverjum folum er alið, en jeg hef þó í seinni tíð orðið var við, að margir menn, sem nokkuð hugsa, álíta að full þörf sje á að reisa skorður við því, að þetta gangi ekki eins og verið hefir hingað til. Jeg verð því að álíta, að samþykktir í þá átt, sem hjer

er farið fram á, mundu geta gjört verulegt gagn, að minnsta kosti í sumum hjeruðum, og að það mundi fara nærri óskum og skoðunum margra hinna betri manna í mörgum hjeruðum, að ögn væri stigið í þessa átt.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Jeg vil geta þess í tilefni af ræðu h. þm. Rangv. (Ól. Ól.), að það voru ekki mín orð, að engar samþykktir hafi verið gerðar í þá átt, að bæta hestakyn, heldur að engin tilraun hafi verið gerð, sem borið hafi verulegan árangur. Jeg veit t. d. að í mínu kjördæmi voru fyrir nokkrum árum samdar reglur af sýslunefndinni og fengu þær yfir höfuð góðar undirtektir, en af því að þá voru innan um einstakir menn, sem ekki hirtu um að hlýða þeim, höfðu þær engan árangur, því ekki var hægt að knýja þessa menn til að fylgja reglunum, og kólnaði svo smám saman áhugi manna á að berjast fyrir þessu máli.

Jón Þórarinsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að vekja máls á því, hvort ekki mundi heppilegra að semja fullkomin heimildarlög, sem eiga fyllilega við, í stað þess að vísa til eldri heimildarlaga. Jeg ímynda mjer, að sum ákvæði í fiskiveiðasamþykktarlögunum, t. d. um sektir, eigi ekki hjer við, þar sem um hestakynbætur er að ræða; jeg hef reyndar ekki haft tíma til að bera þau lög saman við þetta frumv., en vil að eins skjóta því til h. þingd., hvort ekki sje rjettara að semja hjer fullkomin ákvæði.

Sigurður Stefánsson: Jeg tek til máls, ekki vegna þess, að jeg sje mótfallinn hjeraðasmþykktum yfir höfuð, heldur af því að mjer virðist sem það muni verða ómögulegt að koma þeim að og færa sjer þær í nyt í þessu máli, sem hjer ræðir um, og jeg álít að það sje hefndargjöf til sýslunefndanna, að heimila þess konar samþykkt.

H. flutningsm. (Ól. Br.) tók fram, að þetta mál gæti einungis átt við í sumum hjeruðum á landinu, og erum við sammála í þessu. Það vill svo vel til, að við erum báðir ættaðir úr Skagafirði, einhverju hinu hestauðgasta hjeraði landsins, en eptir því sem jeg þekki til þar, hygg jeg að það mundi miklum vandkvæðum bundið, að gæta þess, að einungis hinir fallegustu folar væru hafðir til undaneldis. Jeg held að menn yrðu kannske að breyta alveg aðferðinni við hestahirðingu, yrðu að sitja yfir stóði sínu til að gæta þessa, og auk þess gæti ekkert gagn orðið að samþykktunum, nema hinar næstu sýslur gerðu sams konar ákvarðanir, því að stóð þeirra ganga saman á afrjettum.

H. flutningsm. (Ó. Br.) og h. þingm. Rangv. (Ól. Ól.) minntist á, að samþykktir hefðu verið gerðar í þessa átt, en án þess að bera nokkurn verulegan ávöxt, og sannar það, að þess konar samþykktir eru miklum erfiðleikum bundnar. Jeg er samdóma h. þm. G.-K. (J. Þór.), að það er mjög hæpið, að ákvæði þau, er standa í fiskiveiðasamþykktarlögunum, eigi við í þessum samþykktum; því að það er þó tvennt ólíkt, fiskiveiðar á opnum bátum og kynbætur hesta.

Það er reyndar nauðsynlegt að hafa góða hesta, en jeg held að kynbætur komist trauðlega á með því að heimila þær samþykktir, sem frv. fer fram á. Jeg er með því að gefa hjeruðum leyfi til að gera samþykktir í þeim málum, sem það getur átt við, en engan veginn í öllum mögulegum og ómögulegum málum, eins og mjer virðist nú vera orðin stefna margra h. þingm. Næsta stigið yrði kannske að gefa leyfi til að gera samþykktir um kynbætur á mönnum, því að víst er það, að það er ekki síður nauðsynlegt að hafa góða og hrausta menn í landi en góða hesta (!)

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal játa það, að tilgangur þessa frumv. er góður, en jeg er hræddur um, að miklir erfiðleikar verði á, að ná honum, að minnsta kosti þar, sem jeg þekki til. H. 1. þm. Ísf. (S. St.) hefur nú tekið fram mörg af þeim atriðum, sem jeg vildi hafa bent á, að væru þessu máli til fyrirstöðu. Jeg sje ekkert ráð til að koma fram þeim kynbótum, sem hjer ræðir um, annað en það, sem gjört er við sauðfje, þ. e. að skilja að gelda fölöldin strax, og jeg vildi spyrja h. flutningsm., hvort það sje meining hans, að verja eigi fje af sýslusjóði einnig til þessa? Annars get jeg yfir höfuð að tala ekki sjeð, að það, sem hjer er farið fram á, geti orðið framkvæmt á annan hátt en þann, sem jeg að framan hefi bent á.

Landshöfðingi: Jeg verð að taka undir með h. þm. G.-K. (J. Þ.) að því, er snertir formið á þessu frumv. Jeg álít, að það geti ekki komið til tals, að frumv. eins og þetta geti orðið að lögum. Jeg verð líka að segja með h. þm. Ísf. (S. St.), að jeg skil ekki, hvernig lög þau, sem vitnað er í, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, geti átt við samþykktir um kynbætur hesta. Jeg skal nefna t. d. 6. gr. í lögunum frá 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar, á opnum skipum. Hvað er það hjer í þessu máli, sem samsvarar því, sem þar er tekið fram? 6. gr. segir, hver þau atriði sjeu, sem áríðandi eru fyrir fiskiveiðar á opnum skipum í þeim hjeruðum, er samþykktin nær yfir, t. d. hver veiðarfæri og beitu skuli hafa við fiskiveiðar á hverjum stað og hverjum árstíma, hvort fiskilóðir og net megi liggja í sjó yfir nóttu o. s. frv. Hvaða *atriði* eru það hjer, sem samsvara þessu? Það vantar alveg að taka það fram hjer í frumv., um hver atriði megi gjöra samþykkt. Eptir þessu frumv. getur sýslunefnd sett inn í samþykktina hvað sem vera skal, hversu óþarflegt og kostnaðarsamt sem það er fyrir sýslubúa. Það getur hugsazt, að sýslunefnd vilji koma á sýslustóði eða því, sem Danir kalla »Stutteri«, sem væri ákaflega kostnaðarsamt. Merarkóngar, ef jeg má nota það orð, vilja kannske koma upp gæðingum með ærnum kostnaði úr sýslusjóði, en svo kunna að vera aðrir, sem vilja koma upp góðum kúm og góðu sauðfje. Loks skal jeg benda h. flutningsm. á það, að það er alveg þýðingarlaust, að koma á samþykktum, án þess að tiltaka um leið sektir fyrir brot á samþykktunum. En í lögunum frá 14. desbr. 1877 er engin grein, sem tiltekur sektir, er geti átt við þessar samþykktir, því 7. gr. þeirra laga er úr lögum numin með lögum 4. desbr. 1887. Yfir höfuð að tala dugar ekki að vitna í eldri lög, nema mögulegt sje, að heimfæra þau upp á það mál, sem verið er að semja lög um.

Flutningsm. (Ólafur Briem): Eptir því sem jeg skildi orð hæstv. landsh., þá voru það einkum tvö atriði í þessu máli, sem hann hafði á móti, en hann var ekki algjörlega á móti því, að settar væru reglur fyrir kynbótum hesta. Jeg sje nú ekki betur, en að hæglega megi lagfæra þetta frumv. til 2. umr. t. d. með því, að setja inn í það ákvarðanir um, hvaða reglur eigi heima í þessum samþykktum. Sömuleiðis má taka upp í frumv. reglur viðvíkjandi forminu með slíku sniði eins og í lögunum um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum. Jeg hefi þess vegna hugsað mjer, að koma með breytingartillögur við frumvarpið til 2. umr., ef það kemst svo langt, samkvæmt bendingum hæstv. landsh. Að því er snertir mótbárur h. þm. Árn. (Þ. G.), þá skil jeg ekki vel, að hverju leyti hann var á

móti því, að hægt væri að setja reglur fyrir kynbótum hesta, þar sem hann einmitt sjálfur tók fram eitt atriði þessara reglna, um folaldageldingu, sem jeg álít að væri mikið heppilegt og hægt að framkvæma. Jeg get ekki betur sjeð, en að það væri hægt, að hafa menn í sveitunum, sem hefðu eptirlit með því, að góðir graðhestar yrðu valdir til kynbóta, en aðrir folar væru ekki óvanaðir. Ef mönnum kemur saman um, að þetta megi gjöra, þá fellur af sjálfu sjer öll röksemdaleiðsla h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) um örðugleikann á að varna því, að stóð gangi saman, því þá gjörði það ekkert til, ef engir folar yrðu óvanaðir aðrir en þeir, sem álitast hæfir til undaneldis.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Frumv. til laga um skipun dýralækna á Íslandi (C. 77, 117); frh. 1. umr.

Framsögum. (J. Jónassen): Eins og h. þingdm. geta sjeð af nefndarálitinu, hefir oss nefndarmönnum komið saman um, að ráða h. þingd. til að samþykkja ekki frumvarp stjórnarinnar um stofnun dýralækna að sinni, heldur að ákveðið verði fje á fjárlögunum til styrktar þeim mönnum, sem sókt hafa um það, til að nema dýralækningar við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn. Í nefndarálitinu eru teknar fram ástæðurnar fyrir þessari skoðun vorri á málinu, og álít jeg þýðingarlaust, að taka þær upp aptur nú.

Úr því að nú bjóðast menn til að læra dýralækningar, þá lízt oss bezt á styrkja þá til þessa náms, til þess að vjer getum fengið íslenzka menn í dýralækningaembættin, þegar þau verða stofnuð. Ef þessi embætti væru stofnuð nú, þá mundi leiða þar af, að vjer ef til vill fengjum útlenda, sjálfsagt danska menn í embættin, og þeir kynnu þá að sitja þar mörg ár, öllum landsmönnum til óánægju, því tæplega mundu sækja aðrir danskir dýralæknar um þessi embætti, sem eiga að launast með einum 1200 kr., en einhverjir slóðar, sem enga praxis gætu fengið í Danmörku. Vjer höfum þess vegna stungið upp á, að styrkur verði veittur þessum 2 mönnum, af hverjum jeg þekki annan persónulega, sem sjerlega efnilegan mann. Annars er mjer kunnugt um, að það eru skiptar skoðanir um það hjer í deildinni, hvort við höfum tekið rjett í þetta mál, en það sem einkum vakti fyrir oss nefndarmönnum, var það, að oss þótti illa fara, ef vjer fengjum ekki dugandi og liðlega menn í dýralæknaembættin, en vonuðum, að þeir fengjust, ef styrktir væru efnilegir menn til dýralækninganáms. Það eina, sem við vorum hræddir um, var það, að þeir, sem hafa sótt um styrkinn, mundu taka umsóknina aptur vegna þess, að þeir hafa sókt um of lítið. Að svo mæltu skal jeg ekki fara fleirum orðum um nefndarálitið.

Landshöfðingi: Það gleður mig, að h. nefnd hefir þó verið stjórninni samdóma um, að nauðsyn beri til, að skipa dýralækna hjer á landi, en jeg get ekki sagt, að hið annað, sem nefndin hefir gjört og lagt til í þessu máli, sje eins mikið fagnaðarefni fyrir mig. Það sem stjórnin sjer í lagi vildi stuðla til með því, að stinga upp á, að stofna dýralæknaembætti, var einmitt það, að íslenzkir menn færu að leggja fyrir sig dýralækninganám. Stjórnin hlaut að búast við því, að engir vildu verða til, að leggja þetta nám fyrir sig, nema áður yrðu stofnuð embætti, sem menn gætu gjört sjer von um að komast í. Þar sem nefndin hefir gefið í skyn, að líkindi mundu verða til, að hingað mundu sækja útlendir dýralæknar, þá ímynda jeg mjer ekki, að til þess mundi koma, og sjerstaklega vil jeg frábiðja

stjórninni, að hún velji slóða í embætti þau, sem hún á að skipa. Jeg get heldur ekki neitað því, að mjer finnst óviðkunnanlegt, að þessi nefnd, sem skipuð var í dýralæknamálinu, skuli vera að gjöra ráð fyrir veiting á fjárlögunum; það er þó önnur nefnd, sem fjallar um þau. Ef nú fjárlaganefndin kemst að þeirri niðurstöðu, að veita ekkert fje til styrktar dýralæknaefnum, hvernig ætlar nefndin þá að fara að? Það væri kannske rjettast, að láta þetta frumv. bíða, þangað til fjárlaganefndin hefir lokið störfum sínum, og sjeð verður, hvernig hún tekur í styrkbeiðnirnar, því dýralækninganefndin vill þó víst ekki, að þingið hafni hvorutveggju, bæði styrkbeiðslunum og frumv. Jeg álít, að fyrst eigi að stofna embættin, til þess að von geti verið um, að Íslendingar leggi fyrir sig þetta nám, og jeg held, að engin ástæða sje til, að kvíða fyrir, að útlendingar muni hlaupa í kapp við innlenda menn um þessi embætti. Launin við þau verða ekki svo há, að þau verði sjerlega eptirsóknarverð fyrir útlendinga, einkum þegar það bætist við, að þeir verða að læra íslenzku og standast próf í henni áður en það gæti komið til tals, að veita þeim embættin. Jeg get fullvissað menn um, að stjórnin sækist ekki eptir því, að veita embætti hjer á landi útlendum mönnum. Það hefir nýlega staðið óveitt embætti hjer á landi sem stjórnin hefir ekki viljað veita, þótt danskur maður hafi sótt um það. Þessi ástæða h. nefndar móti frumv. stjórnarinnar er því í mínum augum ekki annað en grýla, sem jeg vona, að h. þingd. taki ekki mark á.

Árni Jónsson: Hæstv. landshöfðingi hefir skýrt og ljóst tekið fram, hver sje ástæðan til að fallast á frumv. Jeg vil og á sama hátt leggja frumv. liðsyrði, því jeg efast ekki um, að máli þessu verði þakklátlega tekið af þjóðinni. Eins og kunnugt er, hafa komið fram óskir, jafnvel áskoranir, frá ýmsum þingmálafundum um, að stofnað yrði hjer á landi dýralæknisembætti eitt eða tvö. Jeg átti því von á, að nefndin mundi ekki breyta aðalstefnunni í frv.; það hefir hún þó gjört, þar sem hún ræður frá frumv. að þessu sinni. En það er mín skoðun, að heppilegra sje að fylgja frumv., og með því nú þegar koma málinu í fast horf. En eptir till. nefndarinnar sýnist svo, sem það geti dregizt nokkuð enn. Það sem mest var máli þessu til fyrirstöðu á þinginu 1877, var kostnaðurinn. En nú ætla jeg, að eigi þurfi að búast við þeim andmælum. Það er öllum ljóst, hve mikils virði kvikfjárræktin, þessi annar aðalatvinnuvegur landsmanna, er, og það er skylt að verja nokkru fje til þess að vernda þennan atvinnuveg fyrir farsóttum og ýmsum kvillum, sem árlega gjöra mikinn skaða. Það getur því naumast verið skoðunarmál, að æskilegt væri að hafa einhverja þá menn, er bæru kennsl á algengustu fjenaðarsjúkdóma, er ganga hjer á landi, og væru færir um að leiðbeina og hjálpa í því efni. Jeg sje ekki, að betra spor verði stigið til þessa, en með því, að stofna dýralæknaembættin; þá er viss staða að að ganga fyrir þá, er vilja leggja þessa list fyrir sig. Þegar embættin eru komin á stofn, fást dýralæknar í þau, eins og sýnir sig á því, að nú þegar eru komnar óskir frá 2 námsmönnum um að fá styrk til að geta stundað dýralæknanám, sjálfsagt ekki í öðru skyni en að fá embætti.

En mjer sýnist óheppilegt að snúa málinu í það horf, sem nefndin gjörir, að fella niður stofnun embættanna, en veita eingöngu þennan styrk til umbeiðenda, því við höfum enga vissu fyrir, að þeir hverfi hingað heim aptur að afloknu námi. Annar þeirra hefir þegar

lokið námi á læknaskólanum og getur orðið læknir hvenær sem vill. Jeg er því eigi samdóma h. framsögum. um, að þeir sjeu vissir í hendi manns. Jeg vonast því eptir, að h. deild hneigist að frumv.; en ef eitthvað þætti að athuga við það, þá álít jeg það bezt með breyt.-till.

Þorlákur Guðmundsson: Það hafa ekki orðið góðar undirtektir, sem nefndin hefir fengið hjá þeim, sem talað hafa, hæstv. landsh. og h. þm. Mýram. (Á. J.). En hvað það snertir, er hæstv. landsh. minntist á, að tilgangur stjórnarinnar með frumv. væri eigi sá, að koma dönskum mönnum að, þá er það fyrst nú á þessari stundu, að við fáum að vita það; það er ekki nefnt í frumv. og ekki heldur í ástæðum stjórnarinnar fyrir því; annars hefðum við eflaust tekið það til íhugunar og eptirbreytni. Í öðru lagi gat hæstv. landsh. þess, að það væru ekki við, sem koma ættum með uppástungur um, hvernig fje sje varið í fjárlögunum; það vissum við vel, að við vorum ekki í fjárlaganefnd, en álitum okkur þó hafa rjett til að koma með uppástungur til fjárlaganefndarinnar, sem þingmenn. Eptir því sem kunnugur hefir sagt mjer, sem er framsögum. (J. J.) sjálfur, þá mun öðrum af þessum styrkbeiðendum eigi veita af 3 árum, en hinum eigi af minna en 5 eða 6 árum. Jeg held enginn óski eptir gamla tímanum, — jeg vil ekki segja Sturlungatímanum, en dönsku embættismanna-öldinni. Hvað hefir þjóðin verið að strekkja við, hvað hefir hún viljað með lagaskóla hjer, til lagakennslu í landinu? Hvað annað en að fá allt sem íslenzkast og þá embættismenn líka. Enginn mundi óska eptir að fá hina útlendu lækna eða sýslumenn. Vjer höfum líka haft útlenda dýralækna hjer, en á slæmum tíma, það skal jeg játa, þeir gátu verið nýtir í sinni stöðu fyrir því, en hjer er eigi til mikils af þeim að ætlast; því þeir hafa verið, eru og munu verða ókunnugir, ekki liðlegir til að tala við fólk, gengur illa með íslenzkuna, enda þótt þeir geti sloppið frá prófi. Jeg held jeg gefi lítið fyrir leiðbeiningar þeirra. Búfræðingarnir eru sagðir að gjöra lítið gagn, þó sigldir sjeu, hvað þá heldur þessir menn, útlendingar. Þeir eru ekki liprir til ferðalaga hjer á vetrum, með öllu óvanir slíku, og með því er þá sýnt, hvaða gagn þeir gjörðu. Mín hugsun er sú, að menn, sem tækju við dýralæknisembætti, þyrftu eða ættu ekki endilega að setjast að í Reykjavík, heldur ættu þeir að fá sjer jörð og fást við búskap, og á þann hátt ættu þeir fremur að geta orðið að liði. Af því sem áður er sagt um árafjölda þann, sem þessir styrkbeiðendur muni þurfa til náms síns, sýnist mjer eigi þörf á að stofna þetta embætti fyrr en á næsta fjárhagstímabili; álít jeg betra að draga stofnun þá, en flýta henni til þess, að þurfa að fá danska menn í þessi embætti, því auðsætt er það, að úr því embættið er komið, þá þarf embættismanninn í það; en hver ætti hann að verða nema útlendingur, meðan enginn íslenzkur er til? En mesta áherzluna legg jeg á það, að þekking á sjúkdómum og eðli húsdýra útbreiðist sem mest meðal alþýðu.

Árni Jónsson: Mjer virðist ekki ræða hins h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) hafa mikil rök við að styðjast. Hann lagði mesta áherzlu, á að ekki væri danskur embættismaður; en jeg legg mesta áherzlu á, að embættismaðurinn gegni störfum sínum með alúð, áhuga og samvizkusemi. Ef hann gjörir það, þá er mjer sama, hvaðan hann er. Jeg skil ekki vel samræmnina hjá hinni h. nefnd, þar sem hún segir, að nú um mörg undanfarin ár hafi ekki borið á verulegum farsóttum á kvikfjenaði o. s. frv.

og svo síðan: að ef slíkt bæri að, þá væri sjálfsagt, að fengnir yrði slíkir menn (dýralæknar), þó útlendir væri, til að ráða bót á því sem auðið væri; nefndin vill þó kveðja hingað útlenda lækna, þegar þörf er á, þótt þessi h. nefndarm. (Þ. G.) vilji nú ekkert með þá hafa. Svo segir nefndin, að á fyrirfarandi árum hafi að mun borið á miltisdrepi, en mun hafa von um, að bætur ráðist á því með húðafrv. En nú er einmitt sú sýki, miltisdrepið, sífellt að fara í vöxt, og mætti vel heita farsótt, svo að það væri jafnvel, eptir orðum h. nefndar, full ástæða til að fá útlendan dýralækni til að ráðgast við um þenna voðalega sjúkdóm. En þótt nú sem stendur gangi engin fjársýki um landið þá mætti þó, ætla jeg, muna eptir mjög algengri og almennri sýki, sem gjörir árlega vart við sig meir og minna; það er fjárpestin, bráðapestin. Jeg held hún mætti heita farsótt, því hún gengur árlega yfir mörg stór hjeruð og vinnur tjón, ekki nokkurra hundraða, heldur þúsunda króna tjón, sem enginn er nú til að gefa góð ráð við. Væri nú ekki kostandi upp á tilraun til að ráða bót á þessum vogesti, þótt ekki sje farsótt?

Jeg vil enn fremur benda á þá þýðingarmiklu ástæðu stjórnarinnar, sem snertir útflutning kvikfjár vors. Það segir svo í athugasemdunum: »Meðan enga dýralækningahjálp er að fá, er mjög hætt við, að þessi útflutningur verði stöðvaður með innflutningsbanni frá löndum þeim, sem fjeð er nú flutt til, undir eins og það frjettist eða kvisaðist, þótt ósatt reyndist, að næmur sjúkdómur á fje væri kominn upp, og reynslan hefur nógsamlega sýnt, að það er mjög örðugt að fá slíkt bann aptur kallað«. Hvernig fer, ef það kvisast gegnum kaupmennina, að næmur sjúkdómur sje komin upp hjer á landi? Þegar það verður bannað, að flytja út úr landinu fjenað, nema vottorð skynberandi manns sje fyrir góðu ástandi fjárins, hvað verður þá um þann hagnað, er menn hafa haft af að selja fje úr landinu? Það gæti vel farið svo, sem stjórnin segir, að þegar útflutningsbann er komið, þá verður ekki svo auðvelt að fá það aftekið. Mjer finnst því fyrir þetta eina, mikilvæga atriði öll þörf á dýralækni, og það sem fyrst, og álít undir þeim kringumstæðum ekki rjett að metast um það, hvort hann er danskur eða ekki, ef hann hefði próf og væri duglegur og skyldurækinn. Jeg legg það svo undir hina heiðruðu deild, hvernig hún vill með málið fara, en treysti henni til að sjá, hvort heppilegra er.

Jón Þórarinsson: Jeg ímynda mjer að allir h. þingd.m. sem því eru hlynntir að dýralæknaembætti sjeu stofnuð, og óska þess að í þau fáist nýtir menn, gjöri rjettast í að samþykkja frv. þetta. Hjer virðist mjer um tvo vegi að velja. Annar er sá, að stofna þegar embættin, þótt menn sjeu ekki til í þau nú sem stendur; hinn vegurinn er að bíða með stofnun embættanna fyrst um sinn, en leggja fram fje til styrktar þeim, sem vildu nema dýralækningafræði, og stofna þá fyrst embættin, er einhverjir slíkir menn hefðu lokið námi sínu. Að minnsta kosti eru það þessir vegir, sem bent hefur verið á hjer í þingdeildinni í dag. Jeg fyrir mitt leyti verð að ætla að nóg sje að stofna embættin og að þingið þurfi ekki að bera kvíðboga fyrir, að ekki muni bráðum fást íslenzkir menn í þau. Embættastofnunin mundi verða nægileg hvöt til þess, að einhverjir gæfu sig fram og færu að nema dýralækningafræði, því að jeg álít orð hæstv. landsh. nægja trygging fyrir þá menn fyrir því, að stjórnin muni geyma að veita dýralæknaembættin, þangað til

hæfir íslenzkir menn fást í þau. Sömuleiðis sýnist mjer rjett fyrir h. þingd. að láta ekki kvíðboga fyrir því, að embættin verði veitt útlendingum, aptra sjer frá að samþykkja frv., ef hún á annað borð álítur það þess vert, að það sje samþykkt. Þá gæti verið heppilegt, að í fjárlögunum væri ákveðin ein fjárupphæð handa þeim, sem vildu nema dýralækningafræði, og að þetta fje væri ekki veitt neinum tilteknum manni, heldur að landsstjórninni væri falið á hendur að veita það; þá gæti hún valið úr hina efnilegustu af umsækjendum, ef um fleiri er að velja; mjer þykir það of einskorðað, að binda fjárveitinguna einungis við þá tvo menn, sem nú þegar hafa sótt um styrkinn, því að þótt jeg efist ekki um að þeir sjeu báðir efnilegir, þá gæti svo farið, að síðar byðust betri kraptar.

Jeg tek það enn fram, að mjer sýnist rjettast að samþykkja frv. Sje það gjört, þá er minni ástæða til að veita námsstyrk, að minnsta kosti mætti hann vera lægri, þegar nemendur ættu víst embætti að afloknu námi, en ef þeir ættu það að eins í vændum, að fyrst yrði farið að skapa sjer embætti, er þeir hefðu lokið sjer af.

Þorlákur Guðmundsson: Meðal margs annars, sem h. þm. Mýram. (Á. J.) taldi til, þóttist hann finna mótsögn í nefndarálitinu. En það held jeg ekki sje, þegar vel er gáð að; það er allt annað að vilja fá hingað útlendan mann um stuttan tíma, ef bráða nauðsyn til bæri, eða vilja fá hingað útlendan mann í embætti, sem svo mætti búast við að sæti hjer alla æfi. Jeg hef litla trú á því, að þótt vjer fengjum hingað einhvern óvalinn dýralækni, að hann finni á stuttum tíma upp ráð við skæðum fjenaðarsjúkdómum, t. d. miltisbrandi eða fjárpest. H. þingd. er það kunnugt að leitað hefur verið til dýralækningaráðsins í Kaupmannahöfn, og það beðið að leggja ráð á, hvernig útbreiðslu miltisbrandsins yrði varnað. En svo er að sjá af brjefi dýralækningaráðsins, að það hafi engin óhult ráð þekkt gegn honum; það sýnist hafa vakað fyrir því, að eina ráðið væri að fyrirbyggja það, að sýkin kæmist inn í landið. Þingið hefur áður einu sinni gjört dálitla tilraun til þess, og veitt fje til að bráðapestin yrði rannsökuð, og reynt að finna ráð við henni. Að vísu var fjeð ekki mikið, sem veitt var, landlækni vorum voru veittar einar 400 kr. í því skyni, enda mun árangurinn af rannsóknum hans ekki heldur hafa orðið mikill, enda mun það sannast að segja að hann hafi í öðru sýnt meiri dugnað en í þeim rannsóknum sínum. Reyndar hygg jeg að líkt mundi fara, þótt vjer fengjum útlendan dýralækni, að hann mundi ekki á skömmum tíma finna ráð gegn bráðapestinni. H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) kvaðst málinu hlynntur, en ljet í ljósi nokkurn efa um, hverja leið skyldi fara. Honum þótti rjettast að fela landsstjórninni á hendur að ákveða, hverjum skyldi veita styrk til náms, svo að um sem flesta gæti verið að velja. En líklega verður fyrst um sinn ekki um marga að velja, svo að lítið væri unnið við það. Það er ekki ástæða fyrir marga að læra þessa fræði, þar sem embættin eru ekki nema tvö, sem hjer getur verið um að ræða að sinni.

Ef vjer nefndarmenn hefðum heyrt þá yfirlýsing, sem hæstv. landsh. gjörði í dag, þá mundum vjer líklega hafa aðhyllzt frv., að minnsta kosti segi jeg, að jeg fyrir mitt leyti get gengið inn á að það sje samþykkt, ef það er gjört með því skilyrði, að íslenzkir menn sjeu skipaðir í dýralækningaembættin.

Lárus Halldórsson: Jeg stend upp til að styðja þá, sem vilja að stjórnar-

frv. sje samþykkt óbreytt. Jeg verð að kannast við, að mjer þótti nefndarálitið næsta undarlegt, er jeg las það. Nefndin játar að nauðsyn beri til, að fastir dýralæknar sjeu skipaðir hjer á landi, og kannast við að þingið hefði átt að láta það vera eitt sitt fyrsta starf að styðja slíkt mál, en þó kemst hún að þeirri niðurstöðu, að ráða frá að samþykkja frumv. Jeg hef ekki glögglega heyrt fyr en nú við umræðurnar, hvað lá á bak við hjá h. nefndarmönnum; en eptir að þeir hafa heyrt yfirlýsing hæstv. landsh., þá sýnist mjer allur ágreiningur muni vera horfinn, og að vjer í fullu trausti til orða hæstv. landsh. getum samþykkt frv., jafnvel þótt vjer bærum eins mikinn kvíðboga og h. þm. Árn. (Þ. G.), ef embættin yrðu veitt dönskum mönnum. En jeg er samdóma h. þm. Mýr. (Á. J.) að ekki sje svo mikil áherzla leggjandi á, hverrar þjóðar maðurinn sje, hitt varði mestu að hann sje duglegur. Þar sem nefndarálitið segir, að ekki hafi um mörg undanfarandi ár borið á verulegum farsóttum í kvikfjenaði, svo að knýjandi nauðsyn sje til að dýralæknar sjeu fengnir, þá er þó ein innlend sótt og hefur verið mörg undanfarandi ár, sem leggur á oss einhvern allra þyngsta skattinn, sem vjer höfum að bera, og jeg hygg að það ætti að geta verið eitt af verkefnum dýralæknis, annaðhvort að finna meðul gegn þessari fjársýki, bráðafárinu, eða kenna mönnum þá meðferð á fjenaði, er hamlaði því að hún sýkti hann. Jeg hygg það verði meiri hvöt fyrir menn að gjöra dýralækningar að lífsstarfi sínu, ef embætti er þegar stofnað, og þar sem annar þeirra er um styrk hafa sótt til dýralækninganáms er kandidat frá læknaskólanum, þá mun hann ekki þurfa langan tíma til þess að verða fullnuma; mundi það því að líkindum verða oflangt fyrir hann að bíða, ef dýralæknaembætti yrðu ekki stofnuð fyr en með lögum á þingi 1893. Skal jeg svo ekki orðlengja þetta meir, en vona að frv. fái að ganga gegnum h. deild.

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Nefndarálit vort (C. 147) hefir ekki fengið mjög góðar undirtektir hjá h. deild. En jeg skal hugga hana með því, að eptir að jeg hefi heyrt hæstv. landsh. lýsa því yfir að meining stjórnarinnar sje að skipa íslenzka menn í dýralæknaembættin, þá hef jeg breytt skoðun minni. Jeg tek það upp aptur, að það sem jeg hafði mest á móti því að frv. væri þegar gjört að lögum, var það, að jeg var hræddur um að við mundum fá slóða í embættin, því að það liggur í augum uppi að enginn duglegur danskur dýralæknir mundi fara að sækja hjer um embætti með ekki hærri launum en 1200 kr. á ári; aptur á móti mátti vel búast við að einhver ónytjungurinn, sem lítið eða ekkert hefði að starfa í Danmörku, mundi taka slíku embætti fegins hendi, og jeg bjóst ekki við að stjórn in gæti neitað manni, sem tekið hefði próf, um það, ef hann sækti. En eptir að jeg hef fengið yfirlýsing hæstv. landsh., þá get jeg gengið inn á að frv. sje samþykkt, því aðaltilgangur okkar nefndarmanna með að ráða frá að frv. væri samþykkt að sinni, var sá, að stuðla að því að vjer á sínum tíma gætum fengið duglega innlenda dýralækna, en sporna gegn því, að við yrðum að sitja uppi með ónýta útlendinga.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að afhenda nokkrar þjóðjarðir í skiptum fyrir aðrar jarðir (C 101, 148); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg vona að nefndarálitið sje svo

ljóst, að ekki þurfi að svo stöddu að færa fram fleiri ástæður en í því er gjört. Ein ástæðan í nefndarálitinu (C 148) er sú, að skýrslur þær sem nefndin hafði til að fara eptir eru svo ógreinilegar og ónógar, að varla geti komið til tals að hægt sje að ráða til skiptanna á meðan ekki koma skýrari skýrslur. Ef um þjóðjarðasölu væri að ræða, þá væri ekki til að hugsa að þingið mundi samþykkja sölu þeirra, ef ekki væru greinilegri skýrslur fyrir höndum en hjer eru. Það hefir líka verið stefna þingsins að undanförnu, að hafa ekki makaskipti, nema þegar um embættisbústað er að ræða, en hjer er ekki því máli að skipta, presturinn hefir sína ábúðarjörð, og engin knýjandi ástæða sýnist fyrir hann að leggja meir undir sig en hann hefir.

Indriði Einarsson: Álit h. nefndar fer fram á að frv. sje fellt. Við þetta álit get jeg ekki fellt mig, því að mjer finnst full sanngirni í því, að veita prestinum það sem hann fer fram á. Jeg bið menn að taka vel eptir því, að allir sem um málið hafa fjallað, sýslunefnd, prófastur og stiptsyfirvöld, hafa mælt með því. Jeg álít, að ef sýslunefnd hefði þótt jarðaskiptin hættuleg, þá mundi hún hafa mælt móti þeim, en hin heiðraða nefnd í þessu máli hefir farið lengra í því að hugsa um hag almennings í Vestmannaeyjum en sjálf sýslunefndin, og hefir þó verið sagt hjer í salnum, að sýslunefndum mundi trúandi fyrir því að sjá um hagsmuni hjeraðs síns, en skýrsla hennar ber með sjer að jarðaskiptin muni hagkvæm fyrir alla málsaðila. Jeg skal og leyfa mjer að benda h. deild á, að presturinn býðst til að borga álag á kirkjujarðirnar, þegar hann skilar þeim, og að hann ennfremur býðst til að greiða landssjóði mismuninn á eptirgjaldi kirkjujarðanna og þeirra jarða, sem hann biður um; hann fer ekki fram á skiptin í hagnaðarskyni, heldur af því að jarðir þær sem hann vill fá liggja rjett við túngarðinn á prestsetrinu Ofanleyti, en kirkjujarðirnar eru lengra í burtu og því verra að hafa eptirlit með þeim. Rjett nýlega hefir verið tekið frá prestinum allt peningagjaldið úr landssjóði, og honum í stað þess lagðar út jarðir upp á landi, sem hann getur litið eptirlit haft með og hefir naumast full not af. Jeg álít það því sanngjarnt, þótt honum væri ívilnað í þessu. Þar sem nefndin áleit að hann gjörði oflítið úr ábúðarjörð sinni, þá er það ekki stórt prestsetur, sem ekki fóðrar meira en 3—4 kýr. Það er nauðsynlegt að prestsetrin sjeu einna beztar jarðir í sveitinni og ábúðin á prestsetrum er eitt hið hagnlegasta við laun prestanna; því sýnist mjer það vert, að hlynna að því, að bæta þau prestsetur, sem ekki verður sagt um að sjeu góð. Jeg trúi því ekki fyr en jeg sje, að h. deild vilji ekki fallast á jarðaskiptin, því að engin ástæða er til að ímynda sjer að meiri fyrirhöfn verði við þessar nýju landssjóðsjarðir, en hinar gömlu. Ekki eru heldur líkindi fyrir afgjaldslækkun til landssjóðs, því að presturinn býðst til að borga mismuninn á afgjöldunum; ekki eru heldur líkindi til að presturinn eigi erfiðara með að greiða þessa 21 alin árlega, en fátækir þjóðjarðalandsetar. Mjer finnst það einkennilegt, að h. nefnd skuli ganga þvert ofan í álit umboðsmanns, sýslunefndar, prófasts og stiptsyfirvalda, og vona jeg því að h. deild skoði vandlega hug sinn áður en hún hafnar þessu frv.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Það er að nokkru leyti eðlilegt að h. þm. Vestm. (I. E.) mælti á móti nefndarálitinu. En hann skoðaði málið einungis frá sjónarmiði prestsins, en ekki frá sjónarmiði allra eyjarbúa. En eins

og h. þm. veit, er ekki rjett að skoða nokkurt mál einungis frá einni hlið. Hjer hefir ekkert sýslunefndarálit verið lagt fram, heldur að eins skýrsla frá sýslumanni og hún fremur snubbótt, *(I. E.:* hann er æfinlega vanur að skrifa stutt); að því getur nefndin ekki gjört. H. þm. færði það til styrktar máli sínu, að landssjóður gæti engan skaða haft af skiptunum, en nefndin áleit annað; hún sá með vissu, að jarðir landssjóðsins voru lægra leigðar að tiltölu en kirkjujarðirnar, og hún getur vel búizt við, að síðar verði hægt að leigja þær með hærri leigu en nú er; ef hvert hundrað í landssjóðsjörðunum væri leigt eins hátt og hvert hundrað í prestsjörðunum, þá mundi mismunurin geta orðið allt að 70 álnum, eða 50 álnum meiri en milligjöfin er nú ráðgjörð. Eins og jeg gat um áðan, hafði nefndin mjög ónógar skýrslur við að styðjast. Það virðist því engin ástæða að hrapa að málinu, hitt ráðlegra að bíða betri upplýsinga í því. Það lítur líka fremur út að ekki sje brýn nauðsyn fyrir prestinn að stækka bújörð sína, því að í brauðamatinu 1854 segir að túnið á Ofanleyti fóðri 4 kýr, en í skýrslunum er þar talið 3 kúa tún, svo að næst sýnist liggja að reyna að bæta það tún sem nú heyrir prestsetrinu til, áður en meiru er viðbætt. H. þm. (I. E.) þótti undarlegt að nefndin skyldi hafa á móti skiptunum, þar sem umboðsmaður, prófastur og stiptsyfirvöld hefðu verið þeim meðmælt. En hvað segir prófastur? Hann segist vera ókunnugur á eyjunum, enda er það eðlilegt, því að hann er ungur og fyrir skömmu orðinn prófastur. Sú ástæða er því ekki sterk. Það er satt að prestinum hafa verið lagðar út nokkrar jarðir upp á landi; þessar jarðir þótti h. þm. (I. E.) erfitt fyrir prestinn að nota. Það er auðvitað að erfitt mundi verða fyrir hann að leggja þær undir prestsetrið, og erfitt fyrir prestinn að búa á þeim. En viðskipti eru svo mikil milli lands og eyja og samgöngur, að alhægt er fyrir prestinn að hafa umboðsmann sinn þar. Það er ekki erfiðara fyrir hann en aðra, sem eiga að heimta jarðaafgjöld í fjarlægð. H. þm. þótti bújörð prestsins í Vestmannaeyjum lítilfjörleg, og jeg skal játa það, að ekki er hægt að hafa stórt landbú á henni; þó er hún bezta jörðin á eyjunum. En þess er að gæta, að hún er ekki aðalhlunnindi brauðsins, heldur er það sjáfarútvegurinn og ýms hlunnindi af honum og fuglveiði, sem presturinn nýtur.

Jeg vona að h. deild skiljist, að engin þörf sje að hrapa að máli þessu og að hyggilegast muni að láta það bíða að þessu sinni.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 15: 3 atkv.

Frv. til laga um sölu silfurbergsnámanna í Helgustaðafjalli (C. 83, 155); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Lárus Halldórsson): Eins og h. deild sjer á nefndaráliti voru (C. 155), þá höfum vjer nefndarmenn ekki getað orðið stjórninni samdóma um, að nauðsyn beri til að selja silfurbergsnámana. Það er tekið fram í ástæðunum fyrir stjórnarfrv., að eptir að landssjóður var orðinn einkaeigandi námanna, var leitað álits hjá prófessor Johnstrup um það, hvort tiltækilegra mundi að landssjóður ljeti vinna mánana, eða þeir væru seldir á leigu, og niðurstaðan varð sú, að eigi væri hugsandi til að selja námana á leigu, að minnsta kosti ekki fyrst um sinn. Síðan hafa verið gjörðar tvær tilraunir til að vinna námana, helzt til reynslu og til að sjá hver árangurinn yrði. Útgjöldin við þetta hafa með sölukostnaðinum orðið um 3428 kr. 54 a., en tekj-

urnar af sölu silfurbergsins hafa verið 4140 kr. 42 a. Ágóðinn hefir þannig orðið rúmar 700 kr. En við þetta er það að athuga, eins og stjórnin líka tekur fram, að nokkur hluti af þessum kostnaði, eða 4—500 kr., eru útgjöld eitt skipti fyrir öll, er því eigi mundu koma fyrir við námugröptinn framvegis. Hvernig þessi kostnaður hefir komið út verður ekki nærri fullkomlega sjeð, því að reikningarnir eru óljósir, og næg fylgisköl við þá vanta. Þó skal jeg geta þess að í reikningnum yfir annan námugröptinn, sem herra Tryggvi Gunnarsson stóð fyrir, sje jeg að reiknað er til útgjalda 30 kr. fyrir ferð Björns Sigurðssonar frá Seyðisfirði til Eskifjarðar til þess að líta eptir og skipa fyrir um vinnu í námunum. Ef fleiri gjaldpóstar eru líkir þessu, að kaupa mann af Seyðisfirði til að hafa eptirlit með námuvinnunni, í stað þess að fá hann á Eskifirði, þar sem eflaust hefði mátt fá fullfæran mann til þess, þá er ekki að furða þótt reikningurinn sje hár, og hærri en þurft hefði að vera. Yfir höfuð er vandamál að sjá hvort rjettara sje í peningalegu tilliti, að selja námana, eða láta þá óselda. En það er allsendis óvíst, að námarnir seljist; ekkert tilboð hefir komið um að kaupa þá. Johnstrup heldur að þeir geti selst fyrir 10—15000 kr., en stjórnin vill selja þá fyrir 18000 kr. Enn er eins að gæta sem getur hafa haft áhrif á sölu silfurbergsins við þessar tvær litlu tilraunir, og það er að Tulinius kaupmaður hefir átt eldri byrgðir af silfurbergi, og komið fram sem keppinautur landssjóðs í bæði skiptin, sem tilraunirnar hafa verið gjörðar, bæði 1882 og 1885, því að hans byrgðir hafa verið jafnhliða á markaðinum. En svo er að sjá af skýrslu Johnstrups, sem þessi keppinautur sje að hverfa úr sögunni; hann segir, að það silfurberg, sem komið hafi frá Tuliniusi á markaðinn 1889, hafi verið síðustu leifar hans, og að það muni verði upp gengið eptir 1—2 ár og markaðurinn verða tómur af silfurbergi, enda hefir komið eptirspurn eptir silfurbergi frá náttúrufræðingafundi í Heidelbergi 1889, þar sem skorað er á stjórnina þýzku að leita til dönsku stjórnarinnar með þetta þrennt: Í fyrsta lagi að fá að vita með vissu, hvenær silfurbergs megi vænta. Annar pósturinn er dálítið merkilegur, hann er um það, hvort það muni ekki flýta fyrir leiðangri (Expedition) til Íslands, ef þýzkir sjónaukasmiðir (optikere) skuldbyndu sig til að kaupa eitthvað ákveðið af því silfurbergi, sem unnið yrði. Í þriðja lagi, hvort ekki mundi verða hægt að fá silfurberg ódýrara en Johnstrup hefði sett það.

Þar sem þessu er nú þannig varið, að markaðurinn er tómur, en sjónaukasmiðir geta ekki komizt af án silfurbergs, þá sýnist mjer varúðarvert að fleygja frá sjer þessu, sem hvergi er til annarsstaðar svo menn viti, og sem sjónaukasmiðir geta ekki án verið. Að vísu er ekki hægt að segja með vissu, hvað mikið muni vera eptir af silfurberginu. Við tilraunir þær, sem gjörðar hafa verið til að vinna silfurbergið, virðist að vísu svo sem það fari minnkandi; en það er ekki að marka, því að eins og herra Þorvaldur Thoroddsen tekur fram í skýrslu sinni, hafa að eins verið grafnar holur niður á fáum stöðum, og segir hann, að undarlegt sje, hafi bezta silfurbergið einmitt fundizt í holum þessum.

Söluverðið á silfurberginu hefir verið mjög mismunandi. Eptir skýrslu frá Struer, starfsmanni við kemiska laboratoríið í Kaupmannahöfn — en hann er sá sem haft hefir á hendi sölu á silfurberginu — hefir því verið skipt í þrjá flokka. Bezta tegundin hefir selzt fyr-

ir um 50 kr. pundið, og jeg efast ekki um að eptirleiðis mætti fá hærra verð fyrir það, ef haganlega væri að farið. Nr. tvö hefir aptur selzt fyrir 7—10 krónur pundið. Jeg bið h. deildarmenn að leiðrjetta það, sem í nefndarálitinu stendur, hraungraptaraðferð; það á að vera brunngraptaraðferð.

Jeg vona að h. deild fallist á ástæður okkar nefndarmanna fyrir því, að ráða ekki til að selja námana að svo stöddu, því að vjer höfum fyrst borið þær fram eptir að vjer höfðum íhugað málið vandlega.

Landshöfðingi: Eins og h. þingdm. er kunnugt, þá er tilefnið til þessa frv. það, að frá yfirskoðunarmönnunum hafa opt komið fyrirspurnir um, hvort nokkur gangskör hefði verið gjörð að því, að gjöra námana arðberandi fyrir landssjóð, og svar stjórnarinnar hefir verið það, að eigi þætti ráðlegt, að kosta fje til að vinna námana, þar sem mjög torvelt væri að vinna úr þeim og mjög óvíst, hvort sá kostnaður fengizt endurgoldinn með sölu á því silfurbergi, sem kynni að vinnast úr námanum. Fyrir þessar sakir áleit stjórnin ekki annað fært en annaðhvort að láta námana liggja óhreyfða og þá arðlausa eða selja þá. Það er ekki nema um það tvennt að gera. Hver sem skoðar silfurbergsnámann í Helgafelli, honum getur eigi blandazt hugur um, að varla er kostandi miklu fje upp á hann. Jeg hef einusinni skoðað hann; jeg er ekki jarðfræðingur, jeg játa það, en ekki hefði jeg viljað leggja til að þingið kostaði þar gröpt, jafnvel ekki á þann hátt, sem Þorv. Thoroddsen leggur til. Það verður eigi sagt, að það sje beinlínis tjón fyrir landssjóð, þótt náminn standi ónotaður, en útlendir náttúrufræðingar, vísindamenn og optíkar standa á stjórninni að fá silfurberg keypt og það fyrir mjög svo lágt verð. En það er eigi hægt fyrir stjórnina, að fullnægja þessum mönnum, því þótt, eins og segir í ástæðunum, stofnað yrði til graptar í námanum, þá er engin trygging fyrir, að kostnaður sá, sem til þess gengi, fengist borgaður.

Ef þingið vill ekki selja námann og fellir þetta frv., þá er ekki um annað að gjöra en annaðhvort að láta hann standa ónotaðan, eða þá veita fje til að byrja á ný einhvern gröpt. Er þar þó kafað blint í sjó, og vafasamt, hvort þar finnst nokkurt notandi silfurberg innra í fjallinu.

Í nefndarálitinu er lagt til, að taka lítið af berginu í senn, því að þá sje vinnukostnaður og lítill. Slíkt er þó ómögulegt að sameina. Vinnukostnaðurinn borgar sig því síður, sem minna er grafið, og yfir höfuð verður ekki gjört ráð fyrir, að kostnaður og arður standi ávallt í rjettu hlutfalli hvor við annan. Mest líkindi eru ef til vill til þess, að ef aðferð þeirri, sem Thoroddsen stingur upp á, væri fylgt, þá næðist mest af silfurbergi, en þá er eptir að vita, og um það getur enginn sagt með vissu, hve breið eða þykk silfurbergsæðin er, og hve mikið er í henni af hinu gagnsæja, gallalausa silfurbergi, sem er hið eina, er selst fyrir viðunanlegt verð. Þingið hefir það vitaskuld á valdi sínu, hvort það vill veita fje til áframhaldanda graptar eða ekki, og ef menn vildu afla sjer þekkingar um, hve miklu kostnaðurinn við gröpt eptir uppástungu Thoroddsens mundi nema, þá mætti bíða með fjárveiting til graptarins til næsta þings, og útvega þangað til allar nauðsynlegar upplýsingar.

Tilgangur stjórnarinnar með þessu frv. er að eins sá, að láta ekki námann liggja arðlausan, reyna að fá aptur handa landssjóði það fje, sem hann á í námanum. Ef alþingi ekki vill fallast á það, þá er það á valdi þess

hvernig með náma þennan verður farið; sumir álíta hann eins og kjörgrip, en jeg get ekki verið á því máli.

Framsögumaður (Lárus Halldórsson): Jeg ætla að fara nokkrum athugasemdum um ræðu hæstv. landsh. Hann endaði ræðu sína með því, að sumir álitu námana sem kjörgrip, en sjer gæti eigi fundizt það; það mundi enginn, sem þangað kæmi, geta orðið neitt hrifinn af því. Jeg hef víst komið optar í þenna náma, en hæstv. landsh., og jeg hef reyndar ekki orðið neitt hrifinn af því. En jeg ætla að hver sem hugleiðir, að hjer er sá eini staður, sem menn enn vita af í veröldu, þar er hreint og gallalaust silfurberg finnst, muni þó hljóta að telja þennan náma sem kjörgrip þjóðar vorrar, sem ef til vill getur gefið henni talsverðan arð, ef náminn er unninn af menning og kunnáttu. Nefndin hefir sagt, að það sje vandi að segja um, hvort rjettara sje í peningalegu tilliti, að selja eða eigi. Menn geta sagt, eins og hæstv. landsh., að það sje ólíklegt, að það borgi sig að vinna námann; en mjer finnst eins mega segja, að það sje líklegt, þar sem sjónaukasmiðir geta ekki án þessa silfurbergs verið, og það fæst ekki annarstaðar.

Yrði náminn unninn á þann hátt, sem Þorv. Thoroddsen leggur til, þá er auðvitað eigi hægt að segja með vissu, hve mikið mundi kosta að sprengja frá berg, það, sem er fyrir framan námann; það kostaði auðvitað talsvert fje; en eptir það yrði líka námagröpturinn fyrirhafnar- og kostnaðarminni.

Þar sem hæstv. landsh. sagði, að útlendir náttúrufræðingar og vísindamenn standi á stjórninni og vilji fá silfurberg, þá finnst mjer vjer eigi þurfum að taka oss það nærri; getum heldur ekki að því gert; en mjer finnst að þá ætti því minni hvöt að vera fyrir oss að selja. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að vjer ættum ekki að selja silfurbergsnáma vora, heldur kosta til vinnu í þeim. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Páll Briem: Jeg fyrir mitt leyti verð að vera stjórninni þakklátur fyrir þetta frv., því leiðinlegt er að sjá góða eign arðlausa ár eptir ár, og einkum þar sem jeg verð að álíta, að þingmönnum eigi að vera annt um hag landsins, og þeim sje ekki kunnugt um, að hve miklu leyti nauðsynlegt væri, að eignin stæði arðlaus. Jeg skil vel, að stjórninni gengur það til með að selja þessa eign, að fá fyrir hana peninga, til þess þó að hafa eitthvert gagn af henni; fyrir þetta er jeg henni þakklátur, að hún hefir borið það fram, því fyrir það verður þingmönnum ljóst og skiljanlegt, hvernig þeir eiga að líta á þessa eign. Jeg fyrir mitt leyti hef þá skoðun, að ekki sje rjett að selja þessa náma að sinni, og ef frv. þetta væri fellt, þá væri gott, að stjórnin leitaði upplýsinga um kostnaðinn við að vinna bergið, og þá fyrst gætu þingmenn vel athugað, hvort rjett væri að selja námann eða eigi.

Jeg óska að frv. verði fellt.

Landshöfðingi: Það er eitt atriði, sem jeg vildi vekja athygli á í ræðu h. þm. Snæf. (P. Br.), sem sje það, að ef þingið ætlast til að stjórnin útvegi upplýsingar til að leita á næsta þingi veitingar fyrir graptarkostnaðinum, þá kostar það líka peninga. Það gæti jafnvel verið nauðsynlegt að fá verkfræðing eða »ingenieur« til að skoða námann og gjöra áætlun um kostnaðinn við graptaraðferð Thoroddsens, og það yrði ekki svo lítill kostnaður. Stjórnin getur því ekki lagt út í slíkt, nema hún fengi til þess áskorun frá þinginu, sem þá hefði í sjer fólgna heimild til að greiða þann kostnað, sem rannsóknin hefði í för með sjer, úr landssjóði.

Framsögumaður (Lárus Halldórsson): Jeg stend upp að eins út af því, að hæstv. landsh. talaði um að það mundi þurfa að fá útlendan »ingenieur« til að áætla kostnaðinn við námugröpt þann, er Þorv. Thoroddsen hefir stungið upp á. Jeg álít að þess mundi eigi þurfa, heldur mundu verkhyggnir menn, íslenzkir, fara nærri um þetta, svo nær, að við mætti hlíta.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Fjórtándi fundur, föstudag 17. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komið:

1. Skoðunargjörð á Staðarbyggðarmýrum.
2. Skjöl viðvíkjandi sameiningu Austur-Skaptafellssýslu við Norður- og Austurumdæmið.
3. Þingmálafundargjörðir úr Ólafsvík.
4. Ýmisleg skjöl viðvíkjandi Arnarstapaumboðsreikningum.

Frumv. til viðaukalaga við lög um brúargjörð á Ölvesá 3. maí 1889 (C. 165); 1. umr.

Landshöfðingi: Eins og h. þingdeild er kunnugt, hefur stjórnin gert samning við kaupfjelagsstjóra Tryggva Gunnarsson, um að byggja brú á Ölvesá, samkvæmt lögum 3. maí 1889. Undir eins og lögin voru gefin út, gaf stjórnin út auglýsingu og skoraði á menn að gefa sig fram og kveða upp um, fyrir hve mikið verð þeir vildu byggja brúna, og gera áætlun um hana. Það var þá tilgangur stjórnarinnar að hafa fasta brú, ef mögulegt væri, en ekki hengibrú, því að fastar brýr eru stöðugri og tryggari, að minnsta kosti þar sem um svo mikla lengd er að ræða sem á Ölvesárbrúnni, og sem mun nema einum 250 fetum. Við hengibrýr er um tvöfalda hreifingu að ræða, bæði lengdarhreifing við yfirferðina og hreifing til beggja hliða vegna vinds. Báðar þessar hreifingar hljóta með tímanum að valda dálitlu sliti á hengibrúm, en lengdarhreifingin gerir ekki nærri eins mikinn skaða og hliðarhreifingin, sem kemur af sveiflum brúarinnar til hliðanna.

Stjórnin gat ekki fengið neinn mann til að leggja fasta brú á ána fyrir 60,000 kr., eins og ákveðið var í lögunum. Lægsta tilboð var 65,000 kr. og hin kringum 70,000 kr., en af því að stjórnin vissi, að mönnum var það mikið áhugamál að brúin kæmist á, þá neyddist hún til að ganga að hinu eina tilboði, sem ekki fór fram úr 60,000 kr., en það var frá herra Tryggva Gunnarssyni, sem bauðst til að leggja hengibrú yfir ána. Þetta tilboð hans var byggt á áætlun frá stóru brúargjörðar»firma« í Newcastle (Vaughan et Co.). Þessi áætlun var nákvæmlega rannsökuð af verkfræðingum í Kaupmannahöfn og þótti þeim þá sem brúin myndi verða nægilega trygg; síðar kom þó upp efasemd um, hvort þetta fyrirkomulag brúarinnar mundi verða nægilega tryggilegt. Svo hagar nefnilega til á Selfossi, þar sem brúin er, að þar er vindasamt, og þjóta opt kastvindar fyrir öxlina á Ingólfsfjalli, og standa á hliðina á brúnni, en þeir vindar eru viðsjárverðastir; ekki svo að svo að skilja, að nein hætta sje á því, að þeir kasti brúnni af, en þeir auka slitið við hliðarsveiflurnar. Til að fyrirbyggja þetta hefur mönnum nú hugkvæmzt að festa 2 hliðarstrengi hvoru megin frá brúnni á ská á land upp að vestanverðu, og mundi það draga mikið úr hliðarhreifingunni. Brúarstæðinu hagar þannig við vesturenda brúarinnar, að að norðanverðu er klettur svo hár, að ekki

þarf annað en festa járnakkeri í hann og festa svo strengina við þau, en að sunnanverðu er lægra, og verður því að hlaða þar dálitla stöpla úr grjóti og cementi.

Ef þingið veitir þennan styrk, þá er meiningin að undirbúa allt í sumar, bæði stöpla og akkeri, en strengina er ekki hægt að fá fyrri en að ári, en það er vandalaust að festa strengina, þegar hitt er allt undirbúið. Það er nauðsynlegt að fá fjeð nú, því að annars þyrfti víst að fá ingeniör hingað seinna.

Kostnaðurinn við stöplana verður 550—600 kr.; ekki er hægt að segja um það nákvæmar, því að það er komið undir verði á cementinu. Strengirnir kosta ekki meira en 70 £, og hefur enda verið boðið að selja þá fyrir 65 £ flutta á brúarstaðinn. Að líkindum verður kostnaðurinn ekki meiri en 1800 kr., en mjer hefur þótt vissara að biðja um allt að 2000 kr., af því að það getur orðið dálítill kostnaður við að koma strengjunum fyrir.

Jeg fyrir mitt leyti vil mæla með að þingið veiti þennan styrk. Það er ekki svo að skilja, að það sje ekki hættulaust að fara yfir brúna, þó að þessir strengir sjeu ekki hafðir, en þegar norðanstormur er eða landnorðan, þá getur hliðarhristingurinn orðið óþægilegur og hrætt hesta. Auk þess slitnar brúin seinna með þessu fyrirkomulagi. Jeg vona því að h. þingd. taki vel undir málið.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að kaupa jörð handa Tröllatungu prestakalli í Strandaprófastsdæmi (C. 176); 1. umr.

Flutningsmaður (Páll Ólafsson): Það er ekki farið fram á nein stórræði í þessu frv. Með lögum 2. nóv. 1885 var gerð töluverð breyting á prestallaskipun í vestanverðri Húnavatnssýslu og í Strandasýslu sunnanverðri; þar voru 3 sóknir, sem eru strandlengja nálægt 2 þingmannaleiðir á lengd, gerðar að einu prestakalli, en prestinum gert að skyldu að sitja í miðju brauðinu, en það er í Kollafirði. Í Kollafirði eru fáar jarðir, er mikla kosti hafa, og af þeim ekki um aðra að ræða en Fell, er hugsanlegt væri að fá fyrir prestsetur, því að hinar eru svo miklar hlunnindajarðir, að ekki getur verið umtalsmál, verðsins vegna, að ná þeim í eigu prestakallsins, eða til ábúðar prestinum. Presti þeim, sem kom að hinu nýstofnaða brauði tókst að fá byggingu fyrir jörðinni Felli fyrst um sinn um óákveðinn tíma. Að jörðu þessari eru 6 eigendur, sem bæði þurfa og vilja selja eignina. Var því ekki ekki annað fyrirsjáanlegt en annaðhvort að presturinn yrði að kaupa jörðina sjáltur, eða þegar minnst vonum varði að víkja af jörðinni þegar, nema honum verði tryggð ábúðin með því að kaupa jörðina. Kirkjujarðir er prestur gæti notað til ábúðar eru engar í þeirri sókn, sem fyrirskipað er, að prestur skuli búa í, og er því ekki nema um tvennt að gjöra, annað það að reyna að fá makaskipti á Felli og einhverri kirkjujörð brauðsins; en þá er ekki nema um eina jörð að ræða, og eru allir hlutaðeigendur því mótfallnir að henni verði fargað, því að hún er ein af hinum beztu hlunnindalausum jörðum í Strandasýslu og afgjald hennar prestinum jafngott og peningar. Hin aðferðin er, að landssjóður leggi fram peninga til að kaupa jörð handa prestinum, móti því að tillagið til brauðsins minnki að því skapi, er svarar til rentunnar af þessum peningum. Jeg fyrir mitt leyti kýs þessa aðferð fremur en hina, að selja góða jörð undan presta-

kallinu, en við því má búast, ef presturinn fær ekki að halda jörð þeirri, er hann situr á, að menn reyni annaðhvort að makaskipta á kirkjujörð, og sú aðferð hefur þinginu hingað til ekki þótt góð, eða að menn fara að brjótast í að breyta aptur þeirri prestakallaskipun, sem nú er, og er það heldur ekki heppilegt, þar sem allir hafa hingað til unað þessu nýja fyrirkomulagi vel.

Þessi jörð, sem um er að ræða, er einkar-vel löguð til embættisbústaðar, stór jörð, en þó mjög hæg, og óvíða eru jarðir betur lagaðar til grasræktar en þessi er. 10 hundr. af jörðinni er kirkjueign og hefur þeirra aldrei verið gætt við sölu jarðarinnar, en eigendur hinna 50 hundr. hafa lofað að selja hvert hundr. fyrir 50 kr. og það er mjög lágt verð, og kemur það að nokkru leyti af því, að eigendurnir vilja hlynna að því, að presturinn nái í jörðina.

Þetta fjárframlag, sem farið er fram á, er ekki bein útgjöld fyrir landssjóð; hann tapar engu á því. Hann leggur að eins út í eitt skipti fyrir öll 2500 kr., en sleppur við að greiða árlegar rentur af þessari hinni sömu upphæð. Að minni hyggju verður uppbótin til Tröllatunguprestakalls aldrei lögð út í jörðum; að vísu á einhvern tíma í framtíðinni að leggja 200 kr. á ári frá Prestbakkaprestakalli, en ekki stendur svo á, að vel hagi til að leggja fram jarðir upp í þetta gjald, og láta það ganga til Tröllatunguprestakalls, því að þær jarðir, sem um getur verið að ræða, liggja langtum betur við öðru prestakalli í öðru prófastsdæmi.

Stiptsyfirvöldin hafa falið mjer á hendur að bera mál þetta fram fyrir h. þingd., og lánað mjer þau skjöl, er snerta málið. Jeg vil leyfa mjer að afhenda forseta þessi skjöl, svo að þau geti legið frammi á lestrarsalnum og menn kynnt sjer þau, svo enginn þurfi að greiða atkvæði um það í blindni. Jeg vona að h. þingd. vísi málinu til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Frumv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að gjöra ráðstafanir viðvíkjandi sölu á ósútuðum, aðfluttum húðum (C. 141); 2. umr.

Flutningsmaður (J. Jónassen): Jeg skal að þessu sinni ekki fara mörgum orðum um frumv. þetta, en að eins geta þess, að það vill svo sjerstaklega til, að um sama leyti sem vjer Íslendingar erum að reyna að sporna við því, að útlendar húðir geri skaða, eru menn á Þýzkalandi og í Danmörku að gera tilraunir í sömu stefnu. Núna með síðustu ferð sendi Íslendingavinurinn Dr. Krabbe mjer blöð, sem teknar eru í umræður manna á Þýzkalandi um þetta mál. Eptir því, sem menn hafa komizt að raun um þar, er hættan mest með húðir frá Ameríku, Kína og Austur-Indlandi. Menn hafa margvíslega reynt að »desinficera« húðirnar, en hefur ekki tekizt að finna nein meðul, sem með áreiðanlegri vissu drepi bakteríur þær, sem valda miltisbrandi, án þess að skemma húðirnar um leið. Í niðurlagi greinarinnar er ráðið til að bleyta húðirnar í vissum vökva, sem jeg ekki skal fara fleirum orðum um að þessu sinni.

Í Danmörku fer miltisbruninn allt af í vöxt, og mun vera í ráði að skora þar á stjórnina að finna einhver ráð til að fyrirbyggja þetta, annaðhvort banna innflutning eða að seljendur verði að gefa sig undir sjerstakar reglur. Ef bakteríurnar leynast í hárunum á húðunum, eins og margt virðist mæla með, þá er mjög erfitt að gera þær óskaðlegar. Þorvarður læknir Kjerúlf hefur

sagt mjer dæmi, sem mælir með þessu; það var flutt ósútuð húð á hesti, en hann klóraði sjer þar sem húðin hafði legið á honum, og rjett á eptir sýktist hann af miltisbrandi og drapst.

Jeg treysti því, að landsstjórnin muni gera allt, sem í hennar valdi stendur, til að verða við tilmælum alþingis í þessu máli, því fremur sem málið er á dagskrá annara landa nú, og mikið rætt í hinu keisaralega heilbrigðisráði á Þýzkalandi.

Jón Jónsson, þm. N.-Þing: Jeg vil að eins leyfa mjer að spyrja, hvernig h. flutningsmenn hugsa sjer, að þessar reglur geti verið. Mjer skildist á ræðu h. flutningsm. (J. Jónass.), að ekki væri enn fundið neitt ráð til að »desinficera« húðir, án þess að ónýta skinnið, en ef það ráð er ekki fundið, hvernig á landsstjórnin þá að fara að því að gefa út reglur? Jeg vil óska upplýsinga um þetta, því að atkvæði mitt í þessu máli er að nokkru leyti komið undir því, hvernig þessu verður svarað.

Flutningsmaður (J. Jónassen): Þó að mönnum hafi enn ekki tekizt að finna áreiðanlegt og óbrigðult meðal til að drepa bakteríur í húðunum, þá er mikils um vert að finna ráð til að minnka skaðnæmi húðanna. (Jón Jónss.: Hvað kostar það?). Það kostar ekki mikið, því að helzt er ráðlegt að bleyta húðirnar í vökva, sem saman stendur af 1 hluta klórkalks og 3 hlutum vatns. Annað meðal er líka til, sem er mjög ódýrt.

Það er auðvitað, að hjer á landi er það mjög erfitt að gera allar húðir óskaðlegar með þessum vökva, en það getur þó verið, að landsstjórninni takist með aðstoð heilbrigðisráðsins að búa til reglur, sem geti bætt nokkuð úr því, sem nú er, enda er það áhugamál fyrir marga.

Jón Jónsson, þm. N.-Þing.: Þetta svar h. flutningsm. (J. Jónassen) var alls eigi fullnægjandi í mínum augum. Án þess, að jeg vantreysti landsstjórninni, þá get jeg ekki ætlað, að hún geti fundið ráð, sem vísindin ekki hafa getað fundið enn, til þess að gjöra þessar útlendu húðir ósaknæmar, og get jeg því eigi ætlað, að þetta frumv. hafi mikla þýðingu, þótt það verði að lögum. Aptur veit jeg til þess, að einn kaupmaður hjer á landi hefir auglýst, að hann seldi húðir, sem hann ábyrgðist að væru ósaknæmar. Þess vegna álít jeg rjettast, að gefin væru út lög, sem ekki leyfðu, að flytja hingað eða selja aðrar húðir, en þessar. Það yrði lítill eða ekki mjög tilfinnanlegur kostnaður fyrir almenning, þar sem munurinn á verði slíkra húða og annara ábyrgðarlausra og ef til vill skaðlegra húða, er ekki mjög mikill. Þær kunna að vera þriðjungi dýrari. Jeg get að eins um þetta, án þess að jeg vilji fullyrða, að áreiðanleg tryggíng sje fyrir því, að þær húðir, sem þessi kaupmaður býður, sjeu ósaknæmar.

Landshöfðingi: Eins og h. þingdm. mun vera kunnugt af stjórnartíðindunum, hefi jeg beðið stjórnina í Kaupmannahöfn, að leita upplýsinga um það hjá heilbrigðisráðinu fyrir dýralækningar, hvort gjöra mætti ósútaðar útlendar húðir, sem hingað flytjast til landsins, hættulausar og ósaknæmar til notkunar, og hefir heilbrigðisráðið svarað, að gjöra mætti slíkar húðir hættulitlar með því, að fyrirskipa, að öll ósútuð skinn eða húðir, sem inn eru fluttar, skuli látnar liggja einn dag í klórkalksuppleysingu, eða eins og h. flutningsm. (J. Jónassen) sagði, í legi, þar sem væri 1 partur klórkalk og 3 partar vatn. En stjórnin álítur ómögulegt, að hafa nægilegt eptirlit með, að reglum, sem settar væru hjer að lútandi, yrði fylgt, því þótt bann kæmi frá stjórninni um, að selja ekki

hjer á landi aðrar húðir en þær, sem legið hefðu svo og svo lengi í þannig tilbúnum legi, þá væri ómögulegt, að hafa svo nægilegt eptirlit með, að því banni væri hlýtt, og þess vegna hefir stjórnin eigi sjeð sjer fært, að leggja fyrir þingið frumv. um þetta efni. En þar sem nú þessu máli hefir verið hreyft og brjef um það birt í stjórnartíðindunum, þá verð jeg að vona, að það geti orðið til þess, að gjöra menn varasamari með þessa vöru. Menn hljóta að sjá af því, sem skrifað hefir verið um málið, hve hættulegt það er, að leggja húðirnar í polla, þar sem vatnið er kyrrt. En að banna algjörlega innflutning á útlendum húðum get jeg með engu móti álitið tiltækilegt, og að bannað sje, að flytja húðir frá vissum tilteknum stöðum, t. d. frá Asíu og Ameríku, álít jeg alveg þýðingarlaust, því það er æfinlega hægt að segja, að þær húðir, sem flytjast hingað, sjeu ekki frá þessum heimsálfum, og ómögulegt er, að sjá á húðunum, hvaðan þær eru. Þó dettur mjer ekki í hug, að vera á móti þessu frumv., því það getur verið gott fyrir landsstjórnina, ef síðar kynnu að finnast önnur tryggileg meðöl, en nú eru þekkt, að hafa heimild til, að setja reglur, sem menn væru skyldugir til að fylgja við notkun þessa meðals, og að ákveða sektir, ef út af þeim væri brugðið.

Þorlákur Guðmundsson: H. þingdm. hafa sjálfsagt sjeð, að það er prentvilla hjer í frumv. Jeg þarf ekki að benda á hana, því jeg veit að allir hafa tekið eptir henni. Það er sjálfsagt vafasamt, hvort nokkurt fulltryggilegt meðal sje til, til að gjöra útlendar húðir ósaknæmar. Eins og hæstv. landsh. tók fram, hefir dýralækningaráðið í Kaupmannahöfn, eins og sjest í stjórnartíðindunum, bent á meðal, sem það álítur nokkurn veginn tryggilegt, ef því verður við komið. Hitt ráðið, sem heilbrigðisráðið bendir á, að bleyta skinnin í straumhörðu vatni, getur sjálfsagt verið gott, en kemur ekki að liði þar, sem ekkert straumhart vatn er nálægt. Það mætti líka sjálfsagt með eins góðum árangri leysa húðirnar upp í sjerstöku íláti með þessari klórkalksuppleysingu, sem heilbrigðisráðið og h. flutningsmaður hafa getið um. Þótt nú ekki verði settar eptir þessu frumv. fulltryggjandi reglur fyrir því, hvernig drepa eigi sóttnæmið í þessum húðum, þá álít jeg þó, að setja megi reglur, sem sjeu betri en engar, einkanlega í kaupstöðum landsins, og verð jeg því að vera með því, að þetta frumv. verði samþ. H. þm. N.-Þing. (J. J.) sagði, að einn kaupmaður hefði lofað, að selja hjer húðir, sem væru óskaðlegar og hættulausar, en jeg sje ekki, að nein trygging sje í því, þó einn kaupmaður lofi þessu. Það getur enginn ábyrgzt það með honum, að þetta verði fulltryggjandi.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpsgreinin samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagr. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um líkskoðun (C. 176); 1. umr.

Jónas Jónassen: Landsstjórnin á þakkir skilið fyrir, að hafa komið fram með þetta frumv. Þó get jeg ekki neitað því, að mjer virðist sumt í þessu frv. ekki vera sniðið eptir því, sem tilhagar hjer hjá oss. Eptir því, sem stendur í ástæðunum fyrir stjórnarfrv., mun það að mestu leyti byggt á lögum 29. marz 1878, sem gilda fyrir Færeyjar. Það er því eigi að furða, þótt það sje ærið margt í þessu frumv., sem eigi á svo vel við hjer hjá oss, og álít jeg því, að breyta verði frumvarpinu, ef mikið af því á að verða annað en pappírsgagn. Það er ekki leyfilegt að fara út í ein-

stakar greinir frumv. á þessu stigi málsins, og skal jeg því geyma til 2. umr. að tala ýtarlega um það. Það er gott að fá lög um líkskoðun, því það eru engin lagaákvæði til um það efni hjer hjá oss. Sjer í lagi er þó heppilegt, að hafa ákveðnar reglur um, hvað gjöra skuli, þegar dauðann ber hastarlega að og grunur liggur á að ekki sje allt með felldu. En það er eigi lítið ómak fyrir lækna og aðra líkskoðunarmenn, að gefa öll þessi dánarvottorð, enda virðist mjer alveg óþarfi, að gefa slík vottorð í hverju einstöku tilfelli. Jeg skal taka t. d., að þegar 70—80 ára gömul sveitakerling, sem lengi hefir verið veik, deyr, þá virðist undarlegt, að þurfa að gefa vottorð um, að hún sje dáin. Að öðru leyti líkar mjer margt vel í frumv., sem jeg vil ekki missa.

Landshöfðingi: Það gladdi mig, að heyra, að h. þm. Reykv. (J. Jónassen) var ánægður með, að stjórnin kom fram með þetta frumv. Hann kvaðst þó ekki vera ánægður með mörg einstök ákvæði þess, en ef mörg af þessum ákvæðum, sem hann ekki er ánægður með, eru ekki meiri eða óaðgengilegri en þau, sem hann nefndi, þá er jeg ekki hræddur um, að frumv. í heild sinni mæti miklum mótmælum í þessari h. þingd. Jeg sje ekki, hvaða erfiðleikar geta verið á því fyrir lækna og líkskoðunarmenn, að gefa dánarvottorð, þar sem læknar ekki þurfa að ferðast meira en 1 mílu frá heimilum sínum til líkskoðunar, og líkskoðunarmenn eru í hverjum hreppi. Annars hlakka jeg til að sjá, í hvaða tilfellum h. þm. vill gjöra undantekningar með dánarvottorðin. Þetta fær maður að heyra við 2. umr., og er þá ekki langt að bíða. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki fremur láta kviksetja 70—80 ára gamalmenni, en hverja aðra menn. Jeg get heldur ekki sjeð, að það sje rjett, að hafa á móti þessu frumv. fyrir það, þótt það sje sniðið eptir lögum, sem gilda hjá Færeyingum í þessu efni, því vjer getum lært margt af Færeyingum, og margt er líkt hjá þeim og oss.

Sigurður Stefánsson: Jeg neita því ekki, að þetta frumv. sje borið upp í góðum tilgangi, en jeg verð að taka undir með h. þm. Reykv. (J. Jónassen) í því, að margt sje athugavert við það. Já, það er að mínu áliti ekki margt, heldur allt, sem er athugavert við þetta frumv. Það er einkum tvennt, sem hjer ræðir um, að fyrirbyggja, að menn verði kviksettir, og að menn verði grafnir, er grunur liggur á um dauða þeirra, án þess að líkskoðun hafi fram farið. En þau ákvæði, sem miða til, að fyrirbyggja þetta tvennt, eru að mínu áliti næsta ófullnægjandi og þýðingarlítil. Læknar eru eptir þessu frv. skyldir til, að skoða lík, sem ekki eru lengra frá þeim en eina mílu. Lengra hefir landsstjórnin ekki treyst sjer að fara með læknana, en 1 mílu. Allir, sem búa lengra frá lækni, verða að hlíta annari líkskoðun, en læknanna, og þó er hún sú eina tryggilega, því hvað ætli alþýðumenn, Pjetur eða Páll, sem gjörðir eru líkskoðunarmenn, hafi meira vit á því, hvort menn eru dánir, eða hvernig þeir hafa dáið, en sjálfir vandamenn hins látna, sem eru umhverfis líkið? Jeg skal líka benda á það, sem flestir h. þingdm. munu vera mjer samdóma um, að það á illa við hugsunarhátt vor Íslendinga, að hleypa hverjum inn til að skoða lík frænda þeirra og vina. Jeg sje heldur ekki, að nein trygging sje fyrir því, að hinir og þessir líkskoðunarmenn hafi betur vit á, að dæma um, hvort maður sje dáinn, eptir þeim reglum, sem þeim er ætlað að fara eptir, en hverjum öðrum, enda veit jeg ekki betur, en að það sje álit lækna, að ekkert áreiðanlegt

dauðamerki sje til, nema rotnunin. Reglurnar, sem gefa á líkskoðunarmönnunum, verða víst heldur ekki sá leyndardómur, að aðrir megi ekki þekkja þær. Sú leiðbeining, sem þær veita, er ekki fremur fyrir líkskoðunarmenn, en alla yfir höfuð. Þar sem nú þessir líkskoðunarmenn hljóta að gefa dánarvottorð um langflest dauðsföll, þá er að mínu áliti lítil trygging fyrir því, að menn verði ekki kviksettir, auk þess sem þessi ráðstöfun hlyti að hafa óþarflega mikinn kostnað í för með sjer. Hitt atriðið, að fyrirbyggja það, að þeir verði eigi jarðaðir áður en líkskoðun hefir fram farið, er grunur leikur á um, að ekki hafi dáið af náttúrlegum orsökum, getur haft nokkura þýðingu, en jeg veit ekki betur en að hver maður, að minnsta kosti hver prestur áliti það skyldu sína, að fyrirbyggja, að slík lík verði jörðuð, áður en læknar hafa skoðað þau. Það hefir enda komið fyrir mig á prestskaparárum mínum, þó þau sjeu ekki orðin mörg, að jeg hefi neitað að jarða barn, af því að grunur ljek á um dauðaorsökina. Jeg tilkynnti þetta sýslumanni og lækni, og lækninum datt ekki hug, að neita að koma. Jeg held, að hjer á landi sje yfir höfuð að tala ekki hrapað að því, að grafa lík.

Það sem hjer ræðir um, að gjöra að lögum, getur átt vel við í stórum bæjum og öðrum löndum, en uppi í sveitum hjer á landi eiga flest af þessum ákvæðum ekki við, og fá eða engin af þeim verða framkvæmd, eptir því sem hjer til hagar. Þó þess vegna að tilgangur frumv. sje góður, þá dugar það ekki, úr því honum verður ekki náð. Þótt þetta frumv. því verði gjört að lögum, þá verða þessi lög aldrei annað en pappírslög.

Landshöfðingi: Nú hefir þó verið kveðinn upp reglulegur dómur yfir þessu frumv., en jeg get ekki sjeð, að þessi dómur sje á rökum byggður. H. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) sagði, að það væri tvennt sem þessi lög ættu að fyrirbyggja, það er að segja það, að menn yrðu kviksettir, og það, að menn, sem dæju vofeiflega, yrðu ekki grafnir fyrr en dauðaorsökin hefði verið nægilega rannsökuð. H. þm. (Sig. Stef.) fann enga tryggingu fyrir því í ákvæðum frumv., að menn yrðu ekki kviksettir, en jeg verð að vera alveg á móti þeirri skoðun. Jeg get ekki annað en álitið, að skynsamir bændur hljóti að hafa betur vit á, hvort maður er dauður eða ekki, en konur og börn eða einhverjir aðrir vandamenn hins látna. Aðrir sjá opt og tíðum ekki líkið, nema ef vera skyldi sá, sem smíðar utan um það. Það væri líka skrítið, ef það, sem á sjer stað, ekki einungis hjá Færeyingum og Dönum í þessu tilliti, heldur líka hjá Englendingum, gæti ekki líka átt við hjer. Á Englandi er einmitt höfð líkskoðun lík því, sem hjer er um að ræða, og þar eru ekki heimtuð læknisvottorð um, að menn sjeu dauðir, heldur láta menn sjer nægja vottorð líkskoðunarmanna.

Að því, er hitt atriðið snertir, að það sje nóg trygging fyrir því, að þeir sem deyja vofeiflega, verði ekki jarðaðir of fljótt, að prestar skoði lík slíkra manna, þá verð jeg að segja, að jeg þekki ekki þá reglu, að prestar skoði almennt lík hjer á landi. Jeg veit ekki til, að það sje skylda þeirra, og þeir munu heldur ekki gjöra það. Þeir munu almennt ekki sjá hina dauðu, en kistur þeirra sjá þeir, þegar þeir koma til að jarðsyngja þá. Það getur líka verið, að mönnum sje ráðinn bani, án þess, að neitt kvisist um það, svo það er eigi nóg, þótt prestar eða aðrir skoði einstök lík, þar sem eitthvað kvisast um dauðaorsökina. Full trygging fæst ekki fyrr, en búið er að innleiða almenna líkskoðun. Jeg veit heldur ekki til, að

sú skoðun sje svo rótgróin hjer á landi, að vinir og vandamenn hinna látnu vilji eigi leyfa óviðkomandi mönnum, að sjá lík þeirra; en ef svo er, hvernig geta þá prestarnir fremur en aðrir, fengið að skoða líkin? Jeg þekki sem sagt ekki þessa skoðun. Jeg er þvert á móti orðinn þess var, að menn vilji sýna öðrum lík náunga sinna, áður en þeir eru grafnir. Það getur verið, að það sje ekki heppilegt, að lögbjóða líkskoðun hjer á landi, en á síðustu árunum hafa þó komið fram raddir hjá þjóðinni einmitt um það, að nauðsynlegt væri, að innleiða hjer líkskoðun, og þess vegna hefir stjórnin líka álitið sjer skylt, að bera þetta frumv. upp. Geti h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) samið betra frumv. í þessa átt, þá komi hann með það; jeg skal ekkert hafa á móti því, ef hann getur fundið betri og tryggilegri ráð, til að fyrirbyggja það, sem hjer ræðir um, en stjórninni hefir tekizt að finna.

Sigurður Stefánsson: Það mátti búast við því, að jeg og hæstv. landsh. mundum ekki verða samdóma í þessu máli. Mjer virðist hann leggja of mikla áherzlu á útnefning vissra líkskoðunarmanna. Hann sagði, að til þessa yrðu valdir skynsamir bændur, en jeg skal minna á það, að skynsamir menn og konur geta líka fundizt á kotbæjum, enda á hinum afskekktustu, er munu yfir höfuð hafa fullt eins mikið vit á, að dæma um það, hvort menn í raun og veru eru dauðir, eins og þessir lögskipuðu líkskoðunarmenn; því að það getur þó ekki verið meining hæstv. landsh., að útnefning amtsins veiti þessum líkskoðunarmönnum meiri þekking en fólk hefir flest á algengustu dauðamerkjum. Íslendingar eru heldur ekki svo ólíkir öðrum mönnum, að þeir vilji kviksetja náunga sína, og það er ólíklegt, að allir vilji ekki ganga úr skugga um, að vinir þeirra og vandamenn sjeu dauðir, áður en þeir eru jarðaðir. Auk þess er það venja hjer á landi, að jarða ekki menn fyrr en 7 eða 8 dögum eptir, að þeir eru dánir, og á vetrum dregst jarðsetning opt miklu lengur, vegna veðra. Yfir höfuð að tala sje jeg ekki, að hæstv. landsh. hafi hrakið mótbárur mínar gegn þessu frumv. Jeg hefi aldrei neitað því, að vjer gætum lært af öðrum þjóðum, og að sumt geti verið líkt hjá þeim og oss, en jeg sagði, að það væri svo margt hjá stórþjóðunum, sem ekki getur átt við hjá oss. Þetta hefir og í öðrum málum opt heyrzt hjer í þingsalnum, frá fulltrúa stjórnarinnar, þegar ræða hefir verið um rjett þjóðar vorrar. Jeg held því föstu, að lög, sem ekki geta tryggt það, sem þau eiga að tryggja, eru þýðingarlaus. Hæstv. landshöfðingi sagði, að jeg skyldi koma með betra frumv. um þetta efni, ef jeg gæti, en jeg vil leyfa mjer að spyrja, hvernig getur hann ætlazt til þess af óvöldum neðri deildar þingmönnum, að þeir gjöri betur, en hinn skarpvitri landshöfðingi sjálfur og öll h. stjórn? en með þessu frumv. hefir bæði hann og stjórnin sýnt, hve erfitt eða rjettara sagt ómögulegt er að setja lög um þetta mál, svo að nokkru verulegu gagni komi hjer á landi. Jeg álít það mikið gott, að gefnar væru út reglur fyrir dauðamerkjum, og jeg álít jafnvel, að þær ættu að vera á hverju heimili; en jeg get ekki sjeð, að til þess að fá þær útgefnar, þurfi stóran lagabálk.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að benda h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) á eitt. Hann segir, að það sje engin meiri trygging í líkskoðun tveggja skynsamra bænda, heldur en t. d. í því, að kona hins dána skoði líkið. Jeg get þó ekki betur sjeð, og það vona jeg að allir verði mjer samdóma um, að þegar skoðun tveggja skynsamra manna bætist

við skoðun konunnar, þá hljóti líkskoðunin að verða enn tryggilegri en líkskoðun konunnar einnar, hversu vitiborinn sem hún er. H. þm. segir, að yfir líkum standi vinir og vandamenn hinna látnu. Jeg neita því ekki, að svo muni optast vera. En vjer þekkjum líka allir þau ummæli, sem stundum eru höfð um sveitarómaga, t. d. sveitarkerlingar; hafa ekki stundum heyrzt orð eins og þessi: »Jeg held, að það gjöri ekki til, þó hún hrökkvi upp af, hún er búin að vera okkur nógu lengi til þyngsla.« Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en jeg spyr einu sinni enn: Hvers vegna getum við ekki sett reglur í þessu efni, eins og aðrar siðaðar þjóðir, og hversvegna skyldi það, sem álízt tryggilegt í stórlöndunum, eins og t. d. á Englandi, ekki líka geti álitizt tryggilegt hjá oss?

Jón Jónsson (N.-Þ.): Jeg get lýst yfir því áliti mínu, að jeg er frv. þessu hlynntur í aðalefni þess, en nokkur þau ákvæði eru í því, sem jeg er hræddur um að verði töluvert umsvifasöm, þegar til framkvæmda kemur. Jeg vil því leggja það til, að nefnd sje sett í málið, því jeg get búizt við að henni mundi heppnast að laga þær misfellur, sem mjer þykja nú vera á frv., svo að það yrði aðgengilegra en það nú er, að minnsta kosti frá mínu sjónarmiði.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. með 13 atkv. og í hana kosnir:

Jónas Jónassen með 16 atkv.
Sigurður Stefánsson með 14 atkv.

En 11 atkvæði fengu þeir hvor, Jón Jónsson N.-Þ. og Þorvarður Kjerúlf, var þá varpað hlutkesti og kom upp hlutur Kjerúlfs og varð hann þannig 3. nefndarmaðurinn.

Frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. 178); 1. umr.

Sigurður Jensson: Jeg hef álitið mjer skylt að skoða nákvæmlega þetta frv. En jeg hefi ekki fundið nokkuð í því, sem mjer virðist til bóta fram yfir helgidagalög þau, sem vjer nú höfum. Þvert á móti: hjer er margt sem jeg kann ekki við; það er undir eins fyrirsögn frv.: »um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar«. Það hefði mátt búast við að lög með þessari fyrirsögn stefndu að því að tryggja friðinn á helgidögum kirkjunnar, en svo er eigi; þau takmarka hann. Þau leyfa t. d. að hafa veizlur og samdrykkjur og aðra hávaðasama fundi á almennum veitingastöðum eptir miðaptan á helgidögum, og sömuleiðis vinnu, þó hún hafi skarkala í för með sjer, eptir miðaptan. Jeg get hugsað mjer, að þessi síðari ákvörðun sje hin eina rjettarbót í þessum lögum, sem gengur í augun á þeim, sem vilja gjöra hvíldardaginn að vinnudegi. En þessi rjettarbót er fjarska lítilfjörleg, því jeg get ekki ætlað að nokkur fari að nota þetta leyfi til að byrja vinnu eptir kl. 6 á helgidögum, nema mikið liggi við. En í núgildandi lögum er einmitt það leyft, að vinna á helgidögum flesta þá vinnu, sem helzt kemur fyrir hjer á landi, þegar nauðsyn ber til og mikið liggur við. Jeg sje því, að því er helgidagavinnu snertir, ekkert nýtt í frv., nema ef vera skyldi leyfið til að vinna það verk, sem miðar til að bjarga þeim, sem í háska eru staddir, en það munu menn þykjast hafa leyfi til að gjöra undir núgildandi lögum. Jeg ímynda mjer, að ef þau lög eru til, sem banna að bjarga mönnum úr háska á helgidögum, þá sjeu þau svo vel geymd og falin, að íslenzk alþýða hefir ekki hugmynd um að þau sjeu til. En ef engin lög eru til, sem banna þetta, til hvers er þá að vera að taka upp í lög ákvarðanir um það, að það sje nú leyfilegt, semallir með heilbrigðri skyn-

semi hafa einlægt vitað, að er ekki einungis leyfilegt, heldur bein skylda hvers manns? Jeg get ekki skilið, hví menn skyldu vilja samþykkja þessi lög. Þau innleiða engan meiri eða betri frið en verið hefir á helgidögum, nema ef vera skyldi á veitingastöðunum; þar er mönnum eptir þessum lögum leyft að sitja í friði og neyta áfengra drykkja allan helgidaginn, að minnsta kosti til miðaptans, þegar samdrykkjurnar mega byrja. Ef frv. hefði miðað til þess að fækka helgidögum kirkjunnar, þá hefði jeg skilið, að það hefði getað fengið formælendur í þessari deild; en þar sem það miðar einungis til þess, að leyfa vínveitingar á veitingastöðum og auka slark, hávaða og drykkjuskap á helgidögunum, þá get jeg ekki hugsað mjer að neinn í þessari deild mæli fram með því, að samþykkja það.

Landshöfðingi: Jeg held að h. þm. (S. J.) hafi ekki lesið frv. rækilega, að *minnsta kosti* ekki ástæðurnar fyrir því. Ef hann hefði gjört það, hefði hann ekki þurft að koma með þær mörgu spurningar um, hversvegna þetta og þetta væri í því, og hvaða ástæða væri til að koma með þetta frv. Aðalástæðan var sú, að koma á frjálsara fyrirkomulagi með notkun helgidagsins, og búa til lög, sem hægt væri að framfylgja. En það verður varla sagt um eldri lögin, að það sje hægt.

Eins og tekið er fram í ástæðum fyrir frumv., þá er í frv. leyfð utanbæjarvinna á helgidögum, ef hún hafi ekki í för með sjer skarkala, eða trufli guðsþjónustuna, svo sem heyvinna og fiskveiði; áður var þetta leyft, ef nauðsyn krefði, en það var svo óákveðið, að rjettara þótti að hafa skýrari ákvæði um það og ótvíræðari. Það gat allt af orðið ágreiningur um það, hvenær nauðsynlegt sje að vinna t. d. að heyþurki á sunnudögum eða ekki, hvenær sje svo mikil óþurkatíð, að hún heimili sunnudaga vinnuna og hvenær ekki. Tilgangurinn er sá, að gefa hverjum t. d. frjálst, hvort hann vilji fara til kirkju á helgidegi eða ekki, eða nota helgina á annan hátt, en fyrirbyggja þó hávaða og truflun á guðsþjónustunni. Þessarar reglu virðist ekki fullkomlega gætt í helgidagalögunum.

Það er annars undarlegt, að frumv. skuli strax mæta þessum undirtektum hjer í deild, þar sem það var samþykkt með öllum atkvæðum í efri deild. En verið getur að það standi í nokkru sambandi við það, að stjettaskipun er hjer önnur en í hinni deildinni. H. þm. þótti það kostur ef fækkað væri helgidögum og þá þar af leiðandi messudögum. (*S. J.*: Nei, en jeg sagðist geta skilið í því).

Í frv. er að vísu ekki bannað að selja áfenga drykki á helgidögum, en jeg álít að ekki sje sjerleg nauðsyn eða *til mikilla bóta* að setja ströng lög um það. Mjer sýnist ekki ástæða til að skerða svo persónulegt frelsi manna, að þeir megi ekki taka sjer í staupinu eins á sunnudögum og á mánudögum eða þriðjudögum, ef þeir á annað borð vilja það. Enda mun ekki mikil hætta á, að drykkjuskapur mundi aukast við það. Sú meðvitund er komin inn hjá þjóðinni og styrkist óðum, að það sje ósæmilegt að drekka, og þessi meðvitund mun reynast sterkari vörn gegn ofdrykkjunni en ströng helgidagalög. Jeg held því fram, að það sje rjett, að landsmenn megi frjálslegar nota sunnudaginn en þeir mega eptir núgildandi lögum, og jeg álít það bót að fá lög, sem hægt er að framfylgja, í stað laga, sem ekki er hægt að framfylgja fullkomlega, eða að minnsta kosti ákaflega erfitt.

Jeg skal benda h. þm. (S. J.) á, að þessi lög eiga að koma í stað þeirra

laga, sem nú gilda, og því hefir orðið að taka margt upp í þau, sem ekki er nýtt, t. d. um að ekki megi halda markaði á helgidögum.

Stjórnin hefir gjört sitt til með því að leggja þetta frv. fyrir þingið, og það er á þess ábyrgð, hvað það gjörir við það.

Páll Briem: Jeg er mjög þakklátur stjórninni fyrir það, að hún hefir komið fram með þetta frv., og jeg er sömuleiðis þakkláttur h. efri deild fyrir það, að hún hefir samþykkt það með svo miklu fylgi. Jeg álít frv. mikla rjettarbót. Það er mjög erfitt að framfylgja hinum núgildandi helgidagalögum og opt næsta torvelt að hegna fyrir brot gegn þeim. Jeg vona svo góðs til hinna mörgu presta í deildinni, að þeir veiti þessu frv. fylgi sitt. Mjer sýnist það nægileg trygging fyrir helgi hvíldardagsins, að guðsþjónustan sje vernduð, svo að hún verði ekki trufluð. En ef prestarnir vildu ganga lengra, þá er beinast fyrir þá að reyna að hafa þau áhrif á söfnuði sína, að þeir haldi hvíldardaginn heilagan fram yfir það sem lögin strangt tekið heimta, og það er jeg viss um, að margir þeirra vilja gjöra. Þar sem h. þm. Barðstr. (S. J.) fann það til, að frv. leyfði almennar skemmtanir á helgikveldum, en hvað getur verið á móti því, ef skemmtanirnar fara siðlega fram, eins og ávallt ætti að vera? Og jeg get ekki betur sjeð, en að margt fari fram á sunnudögum nú, sem miklu síður ætti að eiga sjer stað, en skemmtanir á sunnudagskveldi, og jeg veit ekki betur en prestar hafi einmitt nú tekið þátt í almennum skemmtunum á sunnudagskveldum, en vel að gæta þar sem ágóðanum af skemmtuninni að vísu hefir verið varið til kirkjulegra þarfa; jeg veit ekki betur en að prestar hafi tekið þátt í tombóluhaldi eptir messu, í þeim tilgangi að kaupa orgel í kirkju fyrir ágóðann, og jeg álít slíkar samkomur alls ekki ósæmilegar. Eins og hæstv. ldsh. tók fram, er opt næsta örðugt að leysa úr því, hvort einhver vinna sje nauðsynleg eða ónauðsynleg á helgidegi.

Þau ákvæði, sem nú á að fara eptir, eru óákveðin, og það svo, að þó að einhver vinni það, sem hann sjálfur álítur mjög nauðsynlegt, þá á hann ætíð á hættu að lögreglustjórinn komi og höfði opinbert mál gegn honum. Lögreglustjórarnir eru iðulega í vafa um, hvort þeir eigi að láta til sín taka eða eigi, og þessvegna er þeim vorkunn á, þótt þeir framfylgi eigi slíkum vafalögum. Það er mun hægra að framfylgja lögunum, þegar ákveðnar reglur eru að fara eptir, og það reglur, sem menn geta framfylgt. Jeg skora því á h. deild, og einkum prestana, að þeir sýni það frjálslyndi, að samþykkja þetta frumv.

Lárus Halldórsson: H. þm. Snæf. (P. Br.) hóf mál sitt með því að lýsa frá sínu sjónarmiði yfir þakklæti til stjórnarinnar fyrir þetta frv. og til h. efri deildar, fyrir að hafa samþykkt það. Jeg aptur á móti frá mínu sjónarmiði — og jeg treysti því að það verði eins víðtækt bæði í h. deild, og meðal alþýðu á Íslandi — lýsi því yfir, að jeg finn enga ástæðu til, að þakka stjórninni nje h. Ed., heldur furðar mig stórlega, að þetta frv. skyldi koma fram. Jeg kynnti mjer frv. rækilega og bar það vandlega saman við helgidagatilskipun vora, sem jeg veit ekki til að kvartað hafi verið yfir. Jeg sje ekki, hver ástæða það hefir verið fyrir stjórnina, að bera oss svo fyrir brjósti sjer, að koma með frv., þrátt fyrir það, þótt engin rödd hefði heyrzt opinberlega hvorki í blöðunum nje á annan hátt um, að það væri nauðsynlegt. *(Landsh.:* Utanþjóðkirkjumenn!).

En jeg hef litið í ástæður stjórnarinnar fyrir frv. og þær byrja þannig: »það hefur um langan tíma þótt vafasamt, hvort hin gildandi helgidagalög væri hentug«. Hverjum hefur þótt þetta »vafasamt«, hafa það verið prestarnir? hefur það verið alþýðan? eða hefur það verið stjórnin og landshöfðingi? Því næst stendur í ástæðunum: »Má nú án efa fullyrða, að þau sjeu svo langt frá hæfi nútímans og eigi svo illa við í ýmsu tilliti hjer á landi, að endurskoðun á þeim megi telja mjög æskilega, ef ekki nauðsynlega«. Hvaðan kemur þessi fullyrðing? mjer lá nærri við að segja: »Hvaðan kennir þef þennan?« Ef þetta mætti fullyrða svo skýlaust, þá væri mjög undarlegt, ef engin rödd í þá átt hefði heyrzt í tímaritum vorum eða á mannfundum. Það er enn fremur sagt, að helgidagalöggjöfin eigi ekki við nútímann. Hvaða nútími er það? Jeg held það sje einhver sá nútími, sem frá kristilegu sjónarmiði sje hvorki hollt nje skylt að taka tillit til. Jeg sje í ástæðunum fyrir frv., að það er sniðið eptir dönskum helgidagalögum. Það getur vel verið, að þau sjeu sniðin eptir nútímanum þar og þeim andastefnum, sem þar eru ríkjandi. En er okkur Íslendingum skylt að fylgja þessum danska nútíma? Jeg segi: guði sje lof, að við gjörum það ekki. Það er sjálfsagt samkvæmt nútíðarandanum í Danmörku og innleitt hingað þaðan, að hafa kirkjur fyrir söngskemmtanir, eins og nú í kvöld á að vera hjer í dómkirkjunni. Jeg játa það, að jeg tala með nokkrum hita um þetta, og jeg játa að mjer varð hermt við, er jeg sá frv. þetta, og þar sem h. þm. Snæf. (P. Br.) skoraði á h. deild og einkum á oss prestana, að sýna það frjálslyndi að samþykkja þetta frv., þá verð jeg að lýsa því yfir, að jeg get ekki orðið við þessari áskorun hans. Á meðan engin ástæða er að halda, að þetta mál sje runnið frá hjartarótum hinnar íslenzku þjóðar, þá sje jeg enga ástæðu til, að vera svo frjáslyndur að samþykkja það.

Ein ástæða formælenda hefur verið sú, að ómögulegt sje að framfylgja helgidagatilskip., en jeg hef ekki heyrt á umræðunum, í hverju það er ómögulegt. Það er tekið fram í ástæðum stjórnarinnar, að það sje alkunnugt, að lögreglustjórum hætti meira eða minna við að láta það ekki til sín taka, þó brotið sje á móti lögum þessum. En hver á að passa lögreglustjórana og sjá um að þeir gæti skyldu sinnar? Á ekki stjórnin að gera það? Og á hún ekki einmitt í tilefni af þessu að brýna fyrir þeim að gæta hennar framvegis, hafi þeir gjört það sljólega hingað til? Jeg veit að sumir lögreglustjórar láta lítt til sín taka með að halda uppi helgidagalögunum, meira að segja þeir brjóta þau sjálfir. *(Ben. Sv.:* Því gera þeir það?). Þeir um það.

Hæstv. landsh. mun hafa tekið það fram, að ástæður fyrir frv. þessu væru þrjár. Sú fyrsta væri sú, að koma á lögum, sem hægt væri að fylgja, í stað laga, sem ekki væri framfylgt. Önnur sú, að lofa ætti hverjum að vera frjálsum, hvort hann færi í kirkju eða ekki, en það er og svo eptir núgildandi lögum eða ef það er ekki, þá skal jeg kannast við, að helgidagalögin eru stórkostlega brotin. *(Landsh.:* H. þingm. hermir ekki rjett orð mín; hann sleppir því sem jeg bætti við). Getur verið að hann hafi bætt við einhverju, en þessi orð sem jeg tilfærði, talaði hæstv. landsh.; jeg skrifaði þau hjá mjer í því hann talaði þau.

Ein af hinum stórkostlegustu breytingum, sem frumv. þetta gjörir frá því sem nú er, og sem á að þröngva inn í miðvitund þjóðarinnar með þessum lög-

um, er sú, að það á að verða leyfilegt eptir þeim að hafa »knæpur« opnar um land allt á sunnudögum. Þetta kalla jeg stórkostlega breytingu. Það er undarlegt að stjórnin vill nú þröngva þessu inn í meðvitund þjóðarinnar einmitt þegar sú meðvitund er að vakna og styrkjast, eins og hæstv. landsh. tók fram, að drykkjuskapur sje ósæmilegur. Að vísu kvaðst hæstv. landsh. ekki hræddur um, að ákvæði frumv. mundu auka drykkjuskap; en jeg ber ekki það traust til siðferðislegs þreks þjóðar minnar, að þetta — mjer liggur við að segja — agn verði henni ekki of vaxið og hún láti það ekki ginna sig. Reynslan sýnir, að því fleiri tækifæri, sem eru til drykkjaskapar, því meiri er freistingin.

Hæstv. landsh. sagði, að forlög þessara laga væru á valdi deildarinnar, en að stjórnin hafi gjört sitt til. Já, hún hefur sannarlega gjört sitt til. Af heitum áhuga fyrir velferð þjóðar minnar, af heitum áhuga fyrir kristilegri trú, en af engum kala til stjórnarinnar, er það, að jeg vona að h. deild samþykki ekki þetta frumv., að minnsta kosti ekki eins og það er nú.

Þá er að minnast á það atriði, sem snertir helgidagavinnuna.

Jeg held það sje ríkjandi í meðvitund alls sveitalýðs — jeg er nú orðinn lítt kunnugur í kaupstöðunum — að óviðurkvæmilegt sje að vinna ónauðsynlega vinnu á helgidögum, og á meðan þjóð vor metur meira þetta boð: Sex daga skaltu verk þitt vinna, en stefnu þá sem kemur fram í helgidagalögum Dana, á meðan er ekki þörf á að innleiða þessi lög bræðraþjóðar vorrar hjá oss.

Páll Briem: Jeg ætla að geta þess viðvíkjandi því, er h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) sagði, að engin óánægja sje hjá þjóðinni með helgidagalögjöfina, þá unnst mjer hún þó opt hafa komið fram, þótt hún ekki hafi komið fram á almennum fundum; eða ætli hún geti ekki verið, þó hún komi ekki fram á almennum fundum? Jeg held heldur, að það sje af því, að þau eru almennt brotin, að óánægjan með þau hefur ekki komið fram á almennum fundum, og þess vegna hafa menn ekki fundið til, hversu lögin eru óhaganleg. Þannig er það kunnugt, að áður hafa menn mjög opt riðið út, og út úr því hefur orðið drykkjuslark. Er þetta betri brúkun sunnudagsins, en mega sitja heima og starfa eitt eða annað þarft, ef svo sýnist, eða skemmta sjer við almennar skemmtanir? Það dugir á hinn bóginn ekki að segja, að fólk skuli ekki hafa skemmtanir, því þá verður því það, að grípa til hinna vondu skemmtana, og ekki er það betra. Nei, bezt er að hafa lög, sem fylgt verður; á því er enginn vafi. Ef menn vilja halda helgina meir en frumv. beinlínis heimtar, þá er bezt að það komi af kenningum prestanna. Jeg skil ekki í því, að prestarnir skuli vantreysta sjer svo, að þeir skuli vilja hafa lögreglustjóra og laganna sverð til að hjálpa sjer móti söfnuðum sínum. Jeg fæ ekki sjeð, að í þessu frv. sje neitt ósæmilegt leyft; jeg held einmitt, að helgin verði notuð betur en áður, ef frv. yrði að lögum, því þeim lögum gætu lögreglustjórar beitt, og það, sem á vantaði, gætu prestarnir bætt úr. Þar sem jeg er með þessu frv., þá er það alveg eins mikið af því, að jeg vil styðja trú og kristindóm.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi heyrt ýms digurmæli, jeg vil ekki segja ögranir, til okkar prestanna út af þessu frv. Jeg verð samt að vera móti frv., því jeg get ekki sjeð, að það yrði nein rjettarbót, þótt það yrði að lögum. Jeg sje að í þessu frumv. er leyft undantekningarlaust það, sem í núgildandi

lögum er leyft með undantekningum. Ef það á að taka það frá þessu frjálslyndislega sjónarmiði, sem formælendur frumv. eru sífellt að klifa á, þá langar mig til að heyra, í sambandi við hvers konar frelsi þeir skoða það, hvort það er þjóðfrelsi, kirkjulegt frelsi, safnaðafrelsi eða hvað? *(Landsh.:* Persónulegt frelsi). Jæja, látum svo vera, að hjer sje sjónarmiðið persónulegt frelsi. En sjeu hin núgildandi lög móti persónulegu frelsi, þá vil jeg spyrja, ef þetta frumv. yrði að lögum, hvort þau lög gæti þá ekki leitt til persónulegs ófrelsis? Þeir húsbændur gætu fundizt, sem ef þetta frumv. yrði að lögum, mundu telja sjer leyfilegt að nota sunnudaginn til hverrar vinnu sem er, og enda telja hjúum sínum trú um að þau væru skyld að vinna sunnudagana sem hina virku daga. Hvað er líklegra en þeir segðu við hjúin sín: Farið þið nú út að slá, hirða, skera torf, róa, eða hvað sem er. En hvað er þá orðið enda úr hinu persónulega frelsi hjúanna, þegar þau verða að vinna á helgidögunum sem hinum virku? Það má telja vinnuhjúin lagalega varnarlaus móti þessu, því varla þarf að búast við, að hjúin sjeu almennt svo fróð, að geta borið fyrir sig, að þetta sje móti anda laganna, eða að húsbóndanum sje með þeim ekki gefið leyfi til að skipa hjúinu vinnu á sunnudegi, og þó svo væri, þá getur húsbóndinn æfinlega á móti borið fyrir sig, að það sje sjer þó ekki bannað. Eitt hef jeg enn ekki heyrt, nefnilega það, hvaða gagn þjóðin mundi hafa af þessum lögum. Græðir hún svo mikið á þessari ófriðun helgidaganna, eða mun þetta frumvarp, ef það verður að lögum, hrinda þjóðinni mikið áfram í andlegum og verklegum framförum? Þessu ættu formælendur frv. að svara. Væri um eitthvert sjerlegt gagn að ræða með þessu frumv., þá hefði jeg fyrst skilið tilganginn. Flutningsmenn segja sjálfir, að ekki sje unnið neitt meira, því menn fari eins til kirkju fyrir þessum lögum; hvað er þá grætt, fyrst þeim er ekki ætlað neitt að vinna? Eptir núgildandi lögum er leyft að starfa að allri nauðsynlegri vinnu á helgum dögum; jeg sje því ekki, að þetta frumv. þurfi. Það er opt vitnað til Englands, og minnzt á velfarnan Englendinga, hve ríkir þeir sjeu, hve ráðsvinnir o. s. frv., til uppörvunar til að breyta eptir þeim, en nú heyrist ekki vitnað til Englendinga; því má nú ekki gera það? Þeir mundu líklega ekki í þessu tilliti eptirbreytnisverðir? Ekki hefur samt heyrzt, að helgihaldið hafi staðið þeim fyrir þrifum, og halda þó fáar þjóðir víst eins stranglega helgan hvíldardaginn, en þeir hafa grætt fyrir það þótt þeir ekki vinni á helgidögum kirkjunnar eða leyfi vinnu, getað orðið hin auðugasta þjóð heimsins. Jeg þykist ekki vilja ófrelsi, en jeg get ekki verið með til þess, sem leitt gæti til meira ófrelsis en nú á sjer stað.

H. þm. Snæf. (P. Br.) bar fyrir sig, að helgidagalögin, sem nú væru, væri svo almennt brotin; en á þá að bæta úr ólöghlýðni manna með því að láta undan henni og gjöra brotin lögleg? Hann sagði og, að ef frumv. yrði að lögum, þá yrði það gott fyrir lögreglustjóra, þá gætu þeir beitt lögunum, en prestarnir fengi meira að gera og reyna sig; en prestar hafa nóg að gjöra, þótt ekki sjeu þeir þjónar lögreglunnar á helgum dögum. Þetta frumv. leyfir alla vinnu alla daga jafnt, gjörir sunnudögum jafn hátt undir höfði, sem öðrum dögum, og þetta á að valda almannafriði á helgum dögum, veita ró og frið, en slíkt ágæti finnst mjer það ekki bera með sjer. Jeg sje því enga rjett-

arbót fengna með því, heldur þvert á móti, töluverða apturför frá því sem nú er.

Jón Jónsson (þm. N.-Múl.): Af því jeg er einn af þeim, sem ekki vilja samþykkja frv. þetta, þá stend jeg upp til að gera grein fyrir, hvers vegna jeg er á móti því. Jeg skal fyrir fram geta þess að mjer dettur ekki í hug að mæla í móti þessu frumv. frá kirkjulegu sjónarmiði, enda er búið að tala svo margt móti frumvarpinu frá því sjónarmiði, að eigi er þörf á því frekar, það er frá borgaralegu sjónarmiði sem jeg hef á móti frumv. Það sem jeg hef fyrst og fremst á móti því er það, að mjer sýnist, ef það verður að lögum, að vinnuhörðum húsbændum sje veitt allt of mikið vald til að þrengja vinnuhjúum til vinnu á sunnudögum, og mundi það verða til þess, að vekja úlfúð og sundurlyndi milli húsbænda og hjúa, sem jeg álít mjög óheppilegt. Hinn h. þm. Snæf. (P. Br.) sagði, að það væri engin von til að þjóðin bæði um breytingu á helgidagalögunum, því á þeim lögum, sem almennt væru brotin, bæðu menn ekki um breytingu, því mönnum stæði á sama, hvort þau væru til eða eigi. Jeg vil benda h. þm. Snæf. (P. Br.) á lausamannalögin. Jeg þekki engin lög, sem eins almennt eru brotin, bæði af alþýðunni, hreppstjórunum, sýslumönnunum og öllum sem hlut eiga að máli, og þó koma almennar óskir frá landsmönnum um að lausamannalögin verði afnumin. Það er því nokkuð í lausu lopti byggt hjá h. þm. Snæf. (P. Br.), að aldrei sje beðið um breytingu á þeim lögum sem opt eru brotin. Jeg hef enga óánægju heyrt með helgidagalög vor. Jeg veit ekki betur en að allt fari vel á milli húsbænda og hjúa út af helgidagavinnu; ef á liggur, þá vinna hjúin fúsu geði fyrir húsbændur sína, þó helgur dagur sje, og þess munu enda dæmi, að húsbændur borgi hjúum sjerstaklega helgidagavinnu. Við Austfirðingarnir þykjumst geta unnið svo mikið sem vjer viljum á sunnudögum, þó þessi helgidagalög gildi sem nú eru, og unum því vel, að hafa 7. daginn fyrir hvíldardag, nema þá undir einhverjum sjerstökum kringumstæðum. Jeg vil því ekki samþykkja þetta frv. eins og jeg áður sagði, til þess að gefa hörðum og ósanngjörnum húsbændum vopn í hendur til þess að — mjer liggur við að segja — kúga vinnuhjú sín til vinnu á sunnudögum.

Annað sem jeg hef á móti frumv., er það, að jeg held, ef það yrði að lögum, þá væri það beinasti vegurinn til að auka drykkjuskap, einkum í kaupstöðum, þar sem er aðaluppspretta drykkjuskaparins hjer á landi, eins og allir vita. Jeg held það sje öllum ljóst, að það að opna veitingahús um miðaptan á hverjum sunnudegi, yrði til þess að vinnufólk og lausamenn í kaupstöðunum hneigðust miklu meira að drykkjuskap en áður. Ætli þeim, sem standa þá iðjulausir á torginu, yrði það ekki að labba inn á veitingahús til að fá sjer hressingu? Og svo smá-vendust þeir á drykkjuskap, og jeg vil ekki með atkvæði mínu stuðla til þess, að drykkjuskapur aukist í landinu. Af þessum ástæðum er jeg frv. alveg mótfallinn og óska að það nái ekki lengra fram að ganga.

Landshöfðingi: Jeg ætla að fara fáum orðum um lestur h. þm. S.-Múl. (L. H.) úr ástæðum stjórnarinnar og spurningum hans því viðvíkjandi. Hann spurði, hvaðan stjórninni kæmi, að helgidagalögin þættu ekki hentug, að þau væru ekki við hæfi nútímans og ættu í ýmsu tilliti illa við hjer á landi. En til þess liggur það svar, að stjórnin hefir þekkingu sína á þessu frá reynslunni, byggir hana á því, að hún veit,

að lögunum er ekki hlýtt, og ekki framfylgt. Jeg skal nefna sem dæmi bannið á móti utanbæjarvinnu, er því víða hlýtt? eða yfir höfuð bann gegn ónauðsynlegri vinnu. Jeg efast um, að til sjeu mörg heimili á landinu, þar sem engin utanbæjarvinna eða ónauðsynleg vinna er höfð um hönd á helgidögum. Einmitt vegna þess, að ýms ákvæði í hinni núgildandi löggjöf landsins ríða í bága við þarfir nútímans og hugsunarhátt manna, er lögreglustjórninni ekki auðið að framfylgja þeim, án þess að þröngva um of persónulegu frelsi manna. Jeg held líka, að það eigi í alla staði betur við að vinna á sunnu- og helgidegi eitthvað þarft, heldur en að sofa í kirkjunni eða slæpast milli bæja.

Jeg vil einnig taka það fram, að með þessu frumv. er ekki meiri breyting gjörð en það, að það sem að eins er leyft í hinni núgildandi helgidagalöggjöf með ákveðnum skilyrðum og takmörkunum, er gefið að öllu leyti frjálst í þessu frumv. Í núgildandi helgidagalögum er vinna leyfð, ef nauðsyn er; það má róa, hirða hey o. s. frv., ef nauðsyn ber til. En hver á að segja, hvenær nauðsyn sje eða hvenær mikið liggi við? Bóndinn eða sá sem vill vinna eða láta vinna, þykist geta dæmt bezt um það sjálfur, hvenær honum sje áríðandi að nota helgidag til heyþurrkunar eða til sjóróðra, og honum getur því orðið að spyrja: hvaða vit hefir presturinn, eða lögreglustjórinn á því, hvenær nauðsyn sje og hvenær ekki? Hvað á þá að gjöra við lög, sem ekki er mögulegt að framfylgja, eins og helgidagalög vor nú eru? Af því þeim er ekki og getur ekki orðið hlýtt, þá á að afnema þau, en setja önnur, sem hlýða má og beita.

Ekki er það heldur sjáanlegt, að frv. þetta, þótt það yrði að lögum, skerði neitt persónulegt frelsi vinnuhjúa. Það er tekið fram í frumv., að ákvæði frv. gjöri enga breytingu á skyldu vinnuhjúa að vinna á helgidögum, leggi enga nýja byrði á þau í því efni. Slíkt er komið undir frjálsum samningum milli húsbóndans og vinnuhjúsins.

Hvað það snertir, að húsbændurnir muni kúga vinnuhjúin, sem h. þm. N.-Múl. (J. J.) virtist hræðast, þá er mjer spurn, hvort nú muni kúga annað meir, húsbændurnir hjúin eða hjúin húsbændurna? Jeg held heldur, að nú kúgi vinnuhjúin húsbændurna.

Líka hefir því verið slegið fram, að það væri nýstárleg regla, ef það ætti að afnema öll þau lög, sem ekki væri hlýtt, eða ekki væru að allra skapi. Það er mikið satt, að það getur ekki komið til að afnema sakalög, sem byggð eru á almennum og algildum grundvallarreglum, þó þeim sje ekki hlýtt eins og vera ber, en öðru máli er að gegna með lögreglulög, þau verða að vera löguð eptir því, hvernig til hagar á hverjum stað og eptir hugsunarhætti manna, þar sem þau eiga að gilda, og komi það í ljós, að einhver gildandi lögreglulög eru mjög óvinsæl og erfitt að framfylgja þeim, þá álít jeg sjálfsagt rjett, að breyta þeim eða afnema þau.

Jens Pálsson: Það er búið að ræða svo mikið um frumv. þetta, að ekki virðist þörf á við að bæta. Þó ætla jeg að gjöra grein fyrir uppástungu, sem jeg vil koma með þessu máli viðvikjandi. Jeg álít, að hin núgildandi helgidagalöggjöf sje í mörgum greinum góð, en játa þó, að hún hefir verulega galla; vil jeg því ekki forsvara hana sem fullkomna, en álít, að gild ástæða sje til að breyta henni í nokkrum greinum; en þar með segi jeg ekki að þetta frumv. sje svo gott, að það sje vel ráðið, að fallast á það breytingalaust. Jeg ætla að fara fám orðum um nokkur

atriði þess, því til sönnunar, að gallar sjeu á því, og að það þurfi umbóta.

Það hefir verið tekið ljóslega fram hjer í deildinni, enda ber frumv. sjálft það með sjer, að tilgangur þess sje sá, að friða helgihald og guðsþjónustu manna, en láta menn sem frjálsasta um það, á hvern hátt menn vildu nota helgidagana, og samkvæmt því er öll almenn vinna leyfð á helgum dögum; því hefir líka verið haldið fram, að með frumv. þessu gæti ekki orðið þröngvað ótilhlýðilega persónulegu frelsi þeirra manna, er vildu verja helgum dögum til hvíldar frá daglegri vinnu og til ytri guðsdýrkunar, að eigi væri hætt við, að t. d. húsbændur gætu kúgað hjú sín til vinnu. — Getur verið að húsbændur yfir höfuð að tala ljetu það ógjört, jeg skal ekki spá í þær eyður. En jeg vil benda á, að til eru atvinnuveitendur og atvinnuþiggjendur. Ötull og stöndugur atvinnuveitandi gæti sagt við atvinnu þiggjanda, sem hefði atvinnu þörf og launa: «ef þú ekki vilt vinna hjá mjer alla daga jafnt, eins helgidaga sem aðra, þá getur þú farið; vinnu hjá mjer færðu þá ekki, og mátt fyrir mjer sitja iðjulaus heima«. Eigi nú þessi maður lífsframdrátt sinn og sinna undir þessari atvinnu, þá verður hann að beygja sig fyrir þessu valdboði vinnuveitandans; hversu hjartanlega sem hann og konu hans langar til að njóta helgidaganna sem hvíldardaga, og verja þeim til guðsdýrkunar á heimilinu eða í guðshúsi, þá verður vilji þeirra að lúta í lægra haldi. — Í þessu og svipuðum tilfellum gefa þessi helgidagalög, sem í frumv. þessu birtast, tilefni til svo sárrar skerðingar á persónulegu frelsi, til þeirrar ósanngirni og harðneskju, sem samvizka mín bannar mjer að afsaka eða rjettlæta.

Enn fremur eru bönnuð kaup og sala á helgum dögum. Kaupmönnum er alveg bannað að selja jafnvel fyrir luktum dyrum eins nauðsynjavörur sem aðrar. Nú má vel hugsa sjer, að komið geti fyrir, að fátækur maður leggi saman við aðra á báti sjóveg til kaupstaðar til að fá eitthvað handa börnum og konu, er bíða svöng heima, og að hann teppist, og beri upp á helgan dag, er hann kemst til kaupstaðarins; eptir lögunum verður maðurinn að bíða eptir bráðanauðsynjum til næsta dags. En fyrir þessa bið getur hann misst af hagstæðum byr, og svo þegar hann loks hefir fengið úrlausn hjá kaupmanni, þá getur opt svo borið við, að hann teppist aptur og börn og kona verði að líða skort, áður en hann kemst heim. Nú skyldu menn ætla að í þessum sama verzlunarstað eða bæ mætti ekki selja ónauðsynlega vöru á nokkrum sölustað; en það er þó eigi svo, eptir því, sem jeg skil frumv. þetta; því sje veitingahús í verzlunarstaðnum, þá skilst mjer, að þar megi selja gestum vínföng, þótt á helgidegi sje; vínsala er þannig leyfð á helgum dögum eptir frumv. þessu, að því er mjer skilst; og sje sá skilningur rjettur, þá er í frumv. nauðsynjasala lögbönnuð á helgum dögum, en skaðleg sala, vínsala, lögleyfð. — En slíkt virðist mjer hvorki sanngjarnt nje rjettlátt; mjer finnst það ranglátt.

Það hefir verið sagt, að menn gætu notað sunnudaginn til útreiða, og að af því gæti leitt drykkjuskap, því menn gætu haft með sjer vínföng og drukkið sig drukkna. Jeg mótmæli þessu ekki. En hitt er líka víst, að menn geta riðið út, eða lypt sjer upp á hesti sjer til hressingar, hvíldar og hreifingar, án þess að flytja með sjer og drekka áfengisdrykki, og munu slíkar útreiðar, sem lausar eru við drykkjuskap vera ein hin hollasta og mest hressandi skemmtun fyrir kyrsetumenn. En jeg efast um, að ungir skrifstofusveinar, búðar-

sveinar eða iðnaðarsveinar hafi með jafnaði peningaráð til að kaupa sjer hesta til útreiðar; hjer í Reykjavík t. d. munu því þess háttar unglingar annaðhvort vera heima hjá sjer á helgum dögum, eða eigrandi á götunum. Þeir eru máske niðurbældir af hreyfingarleysi og leiðir yfir sjálfum sjer; þeir eru þurfandi fyrir einhverja upplífgun, og er hana er ekki hægt að fá, þá get jeg ekki betur sjeð, en að lög, sem leyfa vínveitingamönnum að selja vínföng á helgum dögum, gefi þessum mönnum tilefni til hættulegrar freistingar. »Knæpan« stendur þeim ávallt opin, freistingin liggur við borðið, opinn aðgangur fyrir þá til þess að verja máske aleigu sinni sjer til skaðvænnar dægrastyttingar; þeir geta sannarlega freistazt til að fá sjer einn og einn bjór fyrsta misserið, annað misserið helmingi meira, þriðja misserið enn meira, þar til þeir að lokum eru sokknir niður í syndaflóð drykkjuskaparins. Jeg segi ekki, að frumv. þetta, þótt það yrði að lögum, hljóti að eyðileggja nokkurn mann, en meðan það er sannfæring mín, að það geti gefið, ef ekki beint þá óbeint tilefni til þess, að einhver sonurinn eða einhverjir synirnir, sem eru von og yndi föður og móður, verði ofdrykkjumenn og þar með foreldranna hugraun og sorg, að fleiri eða færri landsins synir glati gæfu sinni, — þá get jeg ekki gefið því óbreyttu atkvæði mitt. Um helgidagalöggjöf vora, sem nú gildir, hef jeg það álit, að henni þurfi að breyta og hana að bæta; vil jeg því ekki, að þetta mál falli; þótt gallar sjeu á frv. þessu, sem laga þarf, þá virðist mjer það í sumum atriðum gott og heppilegt, og vil því ekki að h. þingd. gangi fram hjá því, án þess að íhuga þa rækilega. Fyrir því leyfi jeg mjer að stinga upp á, að nefnd verði sett til að íhuga málið, og að hún verði skipuð 3 mönnum.

Lárus Halldórsson: Það eru þegar orðnar miklar umr. um þetta mál, og mun jeg ekki lengja þær mikið að þessu sinni. Þegar hæstv. landsh. tók fram í síðustu ræðu mína, gat jeg ekki áttað mig á, hvað hann meinti. Jeg var þá að lá stjórninni, að hún hefði komið með frumv. þetta, án þess að raddir hefðu heyrzt frá almenningi um þörf á því. En nú held jeg að hann hafi nefnt utanþjóðkirkjumenn í sambandi við frv. okkar um þá. En þar er allt öðru máli að gegna; það er til einn söfnuður á Íslandi, sem heitir utanþjóðkirkjumenn, og það er farið fram á rjettarbót handa þessum söfnuði. Í öðru lagi hafði einn fjórðungur landsins, Vestfirðingafjórðungur, lýst því yfir að hann áliti þörf á þessari rjettarbót. (*Landsh.:* Allur Vestfirðingafjórðungur?). Það var víst mikill hluti hans. Það er líka nokkur munur með frumv., sem eru komin fram eptir »privat initiativ« þingmanna og stjórnarfrumv. Þingmennirnir fara ekki einungis eptir röddum þeim, sem koma fram í blöðunum, heldur og eptir tali við menn, og eptir því verða þeir að nokkru að haga sjer. Nú hef jeg talað við svo marga um utanþjóðkirkjumálið, og veit svo skoðanir þeirra, að það er ekki alveg út í bláinn eða að ástæðulausu, að við komum með frv.

Hæstv. landsh. sagði, að kunnugt væri, að helgidagalöggjöfinni væri ekki hlýtt, og í sama strenginn tók sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu. Jeg þekki ekki þessa óhlýðni við þau; á Austurlandi held jeg að ekki sjeu mikil brögð að því; og þótt lögin væru nokkuð brotin, þá endurtek jeg það, hvaða ástæða var fyrir stjórnina að fara að breyta þeim? Er ekki meiri ástæða fyrir hana, að vera árvakrari í að gæta þess, að þau sjeu ekki brotin? Hæstv. landsh. kvaðst efast um, að til væri nokkurt heimili á Íslandi, þar sem utanbæjarvinna væri ekki unnin á helgidögum. En jeg tek

það fram, að eptir er að skýra, hvað utanbæjarvinna sje, en hvernig sem orðið er skýrt, þá mun hún ekki skilyrðislaust bönnuð í núgildandi lögum. Að vísu er sagt í tilskipuninni frá 28. marz 1855 um helgidagahald á Íslandi, í 2. gr., að enginn skuli á helgidögum vinna utanbæjarvinnu, en síðar í sömu grein er aptur dregið úr þessu banni, og margs konar utanbæjarvinna leyfð; þar er talað um þá vinnu, er lýtur beinlínis að heimilisstörfum og hún undan þegin banninu, t. a. m. að bera vatn, þjóna skepnum og margt fleira, og lögin banna þetta því alls eigi. H. þm. Snæf. (P. Br.) talaði um, að það væri eðlilegt að óánægjan með helgidagalögin lýsti sjer ekki, af því að þau væru svo almennt brotin. Jeg tek það fram enn, að jeg þekki hvorugt. Það getur verið að svo sje í kauptúnum, og jeg hef heyrt síðan jeg kom hingað til Reykjavíkur, að stjórnarfrumv. þyki harla gott, því að það sje leiðinlegt fyrir menn hjer, að geta ekki komið inn á veitingastað á helgidegi og fengið sjer hressingu, og að það væri einnig leiðinlegt fyrir útlenda sjómenn, sem fengju landgönguleyfi á sunnudögum, að geta ekki heldur stytt sjer stundir á veitingastöðum. Þessi óánægja með strangleik helgidagalaganna mun vera helzt hjá kaupstaðabúum og útlendum sjómannalýð, en ekki hjá hinum vandaða og menntaða íslenzka bændalýð.

H. þm. Snæf. (P. Br.) var að tala um útreiðartúra á sunnudögum, og var eins og hann gjörði ráð fyrir að þeir mundu minnka, ef þetta frumv. yrði að lögum. Jeg veit ekki á hverju hann byggir þessa von sína, því að því fleiri tækifæri sem gefin eru til að drekka, því meira má búast við að verði drukkið og slarkað. Sú »logik« stenzt ekki fyrir dómi reynslunnar, að bezt sje að gefa allt frjálst, og öllum ótakmarkað leyfi til að drekka.

Jeg skal svo ekki tala fleira um þetta mál, en er alveg mótfallinn því, að nefnd sje sett í því, og teldi það æskilegast, að það væri þegar fellt frá umræðum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal játa að mjer líkar ekki frv. þetta, en samt sem áður er jeg ekki einn af þeim, sem alveg er á móti því; mjer sýnist það hafa ýmsa kosti, og hygg að mætti lagfæra það svo að það gæti orðið til bóta. Jeg geng ekki út frá því að það muni auka drykkjuskap í landinu, í öllu falli að knæpum muni ekki fjölga fyrir það. Ekkert er heldur hægra en að nema burt úr frv. með brtill. það ákvæði, að mönnum sje heimilt að sitja á veitingastöðum og drekka allan daginn á helgidögum; jeg sje enga nauðsyn á að lofa því að standa. En jeg verð að játa það, að helgidagalögin eru opt brotin hjer á suðurlandi og að þau eru að mörgu leyti vafasöm. Jeg veit til að opt hefir orðið að leita úrskurðar amtmanns í vafatilfellum, t. d. hvort ætti að sekta menn fyrir beitutekju á helgidögum, fyrir það að þeir hefðu komið of seint að á helgidagsmorgni, eða jafnvel hefðu verið við fiskþurk á helgidegi. Jeg held það verði að grípa til annara úrræða til að halda við guðrækni og kirkjurækni, en þeirra, að halda mönnum fjötruðum fornum viðjum. Jeg held ekki heldur að þetta frv. sje skaðlegt gagnvart hjúunum; það verður varla sagt um alla húsbændur, að þeir sjeu húsbændur á sínu heimili, þannig að þeir haldi þar þeirri reglu, sem vera þyrfti og ætti. Það mun vera víða svo ástatt, að ekkert er hætt við að hjúin ljetu húsbændur sína kúga sig til vinnu á helgidögum. Jeg sje ekki heldur, að þau heimili mundu verða

hjúasæl, þar sem þeirri reglu væri beitt, að hjúin væru látin vinna á helgidögum móti vilja þeirra. Jeg treysti prestunum í þessari deild fullkomlega til þess að þeir sýni þessu frv. þó þá virðingu að leyfa að nefnd sje sett í því. Að minnsta kosti sýnist mjer eins mikil ástæða til að skipa nefnd í þessu máli eins og í öðru máli, sem nýlega var þó haft svo mikið við; jeg á við frv. um utanþjóðkirkjumenn.

Benidikt Sveinsson: Það er reyndar synd að lengja umræðurnar í þessu máli meira en orðið er, en mjer finnst þó ástæða til að tala fáein orð frá almennu sjónarmiði. Mjer virðist sem h. þingd. hafi skipzt í 2 flokka í þessu máli.

Í öðrum flokkinum eru mestmegnis prestar, og þessi geistlegi flokkur andæfir frumv. af alefli; hinn flokkurinn, hinn verzlegi, vill mæla fram með frv. Prestarnir álíta, að nýmæli þau, er frv. fer fram á, muni rýra trúrækni og guðrækni hjer á landi, það er að segja hina ytri, því að jeg get ekki samrýmt það við umræður prestanna í öðru máli hjer í deildinni, að þeir álíti, að það muni skerða hina sannarlegu guðrækni. Mjer dettur í hug ræða, sem jeg hef lesið einhvern tíma, eptir þýzkan prest; hann segist efast um, að nokkur haldi sunnudaginn helgari en fátækur bóndi, sem vinnur á akrinum fyrir sjer og sínum, ef hann að eins gerir það með kristilegu hugarfari og sannarlegri elsku í brjósti sínu til guðs og náungans. Jeg ímynda mjer, að þetta sje einnig skoðun prestanna hjer í þingdeildinni.

Jeg vil ekki gera þeim neinar getsakir, heldur leggja hinn bezta skilning í tillögur þeirra í þessu máli, en jeg get ekki samrýmt það við þær skoðanir, sem komu fram hjá sumum þeirra í utanþjóðkirkjumálinu og mjer virðist því, að flokkur þeirra í þessu máli sje lögðóttur. Ef þeir eru svo hræddir um, að þetta frumv. rýri hina ytri guðrækni, hvers vegna höfðu þeir hinir sömu ekkert á móti því, að þeir, sem ekki vildu fylgja hinum ytri siðum kirkjunnar, segðu sig úr þjóðkirkjunni? Í hvaða sambandi standa þeir nú, sem segja sig úr þjóðkirkjunni, við helgidagatilskipunina? Eru þeir ekki háðir lagareglum? Það er hart fyrir þá að láta það sem eptir þeirra skoðun er kredda, hindra sig frá sómasamlegri og gagnlegri vinnu. Að vísu mega menn vinna innan vissra takmarka, en þessi takmörk munu reynast svo þröng, að innan þeirra er ekki hægt að vinna öll þau verk, sem frá sjónarmiði einstaklinganna eru nauðsynleg, þótt þau sjeu það ekki eptir þeim mælikvarða, sem lögreglustjórarnir verða að leggja á þau, ef þeir eigi að fylgja bókstaf hinna gildandi laga.

Jeg skoða mótmælin gegn því, að hægt sje að vinna nauðsynlega vinnu á helgidögum eptir núgildandi helgidagalögum, sem þau sjeu sögð frá almennu sjónarmiði, en menn verða að gæta þess, að annað er nauðsynlegt eptir almennum mælikvarða, annað eptir mælikvarða einstaklingsins. Sú skoðun hefur verið látin í ljósi, að helgidagalög okkar sjeu ekki hagkvæm og að þeim sje ekki fylgt. Jeg er hræddur um, og jeg get staðhæft, að þeim sje ekki fylgt bókstaflega, þar sem jeg þekki til. Jeg hef sem lögreglustjóri ekki treyst mjer til að fylgja þeim bókstaflega. Jeg veit meira að segja um einn mjög heiðarlegan prófast, að hann ljet hirða hey allan sunnudaginn, þó ekki væri um neina óþurkatíð að ræða, og jeg þekki fleiri dæmi í líka átt. Jeg hef sjálfur sagt við hjúin mín, að ef lesið sje guðsorð eða farið til kirkju á sunnudögum, þá sje það í rauninni

kredda að vinna ekki eins þá daga, en að þau auðvitað sjeu ekki skyldug til þess, sízt nema fyrir sjerstaka borgun.

Jeg hygg að það sje satt, að það sje erfitt að framfylgja helgidagalögunum, sem nú eru, og jeg hygg að flestir lögreglustjórar muni viðurkenna að þeir álíti það ekki rjett að höfða opinber lögreglumál út úr öllum brotum gegn öllum bókstaflegum helgidagalögunum, en það er kannske of mikil vægð af þeim. En ef ekki er hægt að fylgja lögunum, þá segja sumir að rjettara sje að breyta þeim, heldur en að láta þau halda sjer eins og þau eru. Þetta getur þó verið vafamál, því aðrir geta fært fram svolátandi ástæðu, að þó að lögin sjeu brotin, þá sjeu þau nokkurt apturhald frá meiri og stærri brotum og því nokkur vörn fyrir sunnudagahelgina. Þetta geta þeir sagt, sem hafa skarpa tilfinningu fyrir því, að það sje boð frá himnum, að vinna ekkert á sunnudögum, og þeir geta enda sagt meira, og sagt að lögunum megi ekki breyta af því, að það espi menn upp til að slá strik yfir þann mun, sem er á sunnudögum og rúmhelgum dögum.

Báðir málspartar geta haft nokkuð til síns máls, og því fremur furðar það mig, að svo virðist sem h. þingd. vilji taka sjer þetta frumv. svo ljett, að þeir vilji ekki setja nefnd í það. Mjer finnst full ástæða til að skipa nefnd, og jeg hygg, að það muni ganga lengri tími til að ræða málið án nefndar, því að hún gæti dregið fram fleiri sjónarmið og ef til vill sameinað bæði hið borgaralega og hið prestlega sjónarmið í þessu máli.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkv.gr., og sögðu

já:	*nei:*
Ben. Sveinsson,	Páll Ólafsson,
Gunnar Halldórsson,	Sigurður Jensson,
Indriði Einarsson,	Árni Jónsson,
Jens Pálsson,	Eiríkur Briem,
Jón Jónss., N.-þing.	Jón Jónss., N.-M.
Jón Þórarinsson,	J. Jónassen,
Ólafur Briem,	Lárus Halldórsson,
Ólafur Ólafsson,	Ólafur Pálsson,
Skúli Thoroddsen,	Páll Briem,
Þorl. Guðmundsson,	Sigurður Gunnarss.
Þorvarður Kjerúlf.	Sigurður Stefánss.,
	Sveinn Eiríksson.

Síðan var frv. sjálft fellt frá 2. umr. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 nafngreindra þingmanna (Páls Briem, Benid. Sveinssonar, Ól. Briem, Jóns Jónssonar N.-Þing., Skúla Thoroddsen, Jóns Jónssonar N.-Múl.), og sögðu

já:	*nei:*
Ben. Sveinsson,	Páll Ólafsson,
Gunnar Halldórsson,	Sigurður Jensson,
Jens Pálsson,	Árni Jónsson,
Jón Jónss., N.-Þing.,	Eiríkur Briem,
J. Jónassen,	Indriði Einarsson,
Olafur Briem,	Jón Jónss. N.-M.,
Ólafur Ólafsson,	Jón Þórarinsson,
Páll Briem,	Lárus Halldórss.,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Pálsson,
Þorl. Guðmundsson,	Sigurður Gunnarss.
Þorvarður Kjerúlf.	Sigurður Stefánss.,
	Sveinn Eiríksson.

Fimmtándi fundur, laugardag 18. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komið:

1. Áskorun frá bæjarstjórn Reykjavíkur til alþingismanns Reykvíkinga um að annast um að lagt verði fyrir alþingi frv. til laga um rýmkun lögsagnar-umdæmis Reykjavíkur.
2. Bænarskrá til alþingis um uppbót úr landssjóði til handa Stóruvallaprestakalli.

Frumv. til laga um sölu þjóðjarða (C. 114, 141); 2. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Eins og nefndarálitið (C. 141) ber með sjer, þá vill nefndin ráða h. þingd. til að samþykkja frumv., þó með nokkrum breytingum.

Við fyrstu grein er ekki nema orðabreyting, og við hana er ekkert að athuga.

En við 2. gr., viðvíkjandi ákvæðunum um verðið, sem jarðirnar skuli seljast fyrir, er það að athuga, að í frv. er söluverðið fastákveðið við eptirgjald jarðarinnar, en í nefndarálitinu er komið með þá breytingartillögu, að verðið sje ekki í öllum tilfellum fastbundið við leigumálann og að landsstjórnin hafi leyfi til að víkja frá, ef svo sýnist rjettara. T. d. ef jörð lægi vel við jarðabótum eða máske ef hægt væri með lítilli fyrirhöfn að koma þar upp æðarvarpi, þá gæti hugsazt, að hún væri ekki eins hátt metin til eptirgjalds, eins og hún gæti verið mikilsvirði með hliðsjón til þeirra endurbóta, er hún gæti tekið. 3. breytingartillagan er viðvíkjandi borgunarskilmálunum. Í frv. er gert ráð fyrir að borgaður sje $^1/_{10}$ jarðarverðsins; en með því móti mætti líta svo á, að jörðin væri ekki fullkomið veð fyrir $^9/_{10}$ verðsins, einkum ef hún lægi undir skemmdum eða gengi af sjer af náttúrunnar völdum. Aðrar skemmdir, fyrir vanræktar sakir, ætti ekki að þurfa að óttast. Því að um leið og gefið er út skuldabrjef fyrir eptirstöðvum söluverðsins, þá verða settir hinir sömu skilmálar eins og við lán úr opinberum sjóðum, t. d. að veðeigandi vanræki ekki að halda jörðinni við eða bæta hana. Nefndin hefir því gert þá breytingartillögu við þetta ákvæði frumv., að hækka söluverðið úr $^1/_{10}$ upp í $^1/_5$ af jarðarverðinu. Í frv. er svo ákveðið, að þar sem margbýli er á jörð og ekkert af býlunum nær 50 kr. að eptirgjaldi, þá megi selja einum ábúanda jörðina alla; en nefndin áleit, að þetta gæti komið í bága við rjett hinna leiguliðanna, og leggur það því til, að þessu ákvæði sje sleppt, enda er hætt við, að það ábýli, sem ekki nemur 50 kr. eptirgjaldi, sje naumast lífvænlegt fyrir mann, sem hefur fyrir fjölskyldu að sjá.

Indriði Einarsson: Jeg ætla að leyfa mjer að bera upp þá spurningu, hvort h. nefnd mundi ekki vera fáanleg til að setja í 1. gr. þá viðbót, að ef jörðin sje skógarjörð, þá skuli hún ekki seljast. Eins og jeg álít rjett, að selja jarðir sem landssjóður á yfir höfuð að tala, eins ætla jeg að það sje skylda, sem hvílir á landinu í heild sinni, að viðhalda skógum, og að landssjóður ætti ekki aðrar jarðeignir að eiga en skógarlönd, og það gæti hann bezt með því að sleppa þeim ekki úr sinni eigu. Í öðrum löndum eru þjóðjarðir seldar til mikils ágóða fyrir ríkissjóðinn, en þar eru skógarjarðir ekki seldar, því skógar hafa mikla þýðingu fyrir loptslagið; þar sem skógar eru, þar verður heitara, og jarðargróðinn vex betur, og því eru þar ekki skógarjarðir seldar, með því þær eru öruggari fyrir skemmdum en ef einstakir menn ætti þær. Jeg vildi að eins spyrja hina h. nefnd, hvort hún vildi eigi bæta þessu við, svo að landssjóður geti haldið skógarjörðunum eptir og átt þær.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Jeg ætla að eins að geta þess, út af fyrirspurn h. þm. Vestm. (I. E.), að þetta kom ekki til athugunar í nefndinni, en samt tel jeg víst, að nefndin mundi fús á að taka það til íhugunar og bera sig saman við hinn h. ræðumann, og ef henni fyndist ástæða til að taka þessa uppástungu til greina, þá er hægt að koma með breyt.till. um það til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefndarinnar (C. 141) við 1. gr. samþ. í e. hlj.; 1. gr. þannig breytt samþ. með 20 atkv.; breyt. við 2. gr. samþ. með 18 atkv.; 2. gr. þannig breytt samþ. með 21 atkv.; breyt. við 3. gr. samþ. með 15:5 atkv., 3. gr. þannig breytt samþ. með 20 atkv.; 4. gr. frv. (C. 114) samþ. óbr. með 19 atkv.; breyt. við 5. gr. samþ. með 17 atkv.; 5. gr. þannig breytt samþ. með 17 atkv.; 6. gr. frv. samþ. óbr. með 19 atkv.; 7. gr. frv. samþ. með 18 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Frumv. til laga um breytingu á tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi (C. 119, 152); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Við nefndarmenn höfum fengið þetta frv. til meðferðar, og þótt við sjeum sannfærðir um, að sveitarstjórnarlögin þyrftu í sumum greinum breytingar við, þá gat okkur ekki dulizt, að frv. þetta er svo lagað, að við gátum ekki samþykkt það; breytingar þær, er það fer fram á eru ekki svo hagkvæmar, að við viljum ráða hinni h. þingd. til að samþykkja þær.

Frumvarp þetta gjörir tvær stórkostlegar breytingar á sveitastjórnarlögunum; snertir önnur þeirra kosningarrjett og kjörgengi í sveitarnefnd, en hin fjárforræði sveitar- og sýslunefnda.

Ákvæði þess um fyrra atriðið eru svo víðtæk, að eptir þeim gæti ráðið kosningu sá hluti manna, sem í hverju sveitarfjelagi er hinn fjölmennasti en litlar eða engar byrðar ber fyrir fjelagið, svo sem vinnumenn og vinnukonur, og þeir hinir sömu náð kosningu, og þannig hinir óráðnustu bæði að aldri og reynslu, eins og segir í ástæðum nefndarinnar, haft á hendi hin mest varðandi mál sveitarinnar. Eptir voru áliti er sveitarstjórn svo mikilsverð, að hana ættu að hafa á hendi hinir reyndustu og greindustu menn í sveit hverri. En eptir þessu ákvæði frumv. eru það vinnumenn og vinnukonur, sem flest er af, sem gætu ráðið kosningum, og að því leyti getum vjer ekki fallizt á breytinguna á kjörgengi og kosningarrjetti.

Í öðru lagi rýmkar þetta frv. mjög að mun fjárveitingarvald hreppsnefnda; nefndin er ekki á móti töluverðri rýmkun, en á svona takmarkalitla rýmkun gat hún ekki fallizt. Eins og h. þingd. veit, kom jeg ásamt öðrum h. þingmönnum 1889 með frumv., er fór fram á nokkra rýmkun á fjárforræði sveitastjórna, en munurinn á því frumv. og þessu var sá, að það voru gjaldendur sjálfir, sem áttu að samþykkja útgjöldin. En eptir þessu frumv. má hreppsnefndin greiða gjöld úr sveitarsjóðnum eptir eigin vild, hvað sem gjaldendur segja. Þetta þótti oss nefndarmönnum of langt farið. Samt hefðum vjer ef til vill reynt að laga frumv. þetta, ef ekki stæði nú sjerstaklega á með sveitarstjórn vora. Eins og kunnugt er, þá er mikil breyting á henni orðin frá því sem áður var. Sú skipun amtsráðanna, sem nú er að komast á, veitir að voru áliti meiri trygging en áður fyrir því, að bæði sveitar- og sýslunefndir muni hjer eptir hafa frjálsari hendur en áður yfir fjárhag sínum. Þar sem nú þessi breyting er ekki svo bráðnauðsynleg, að hún ekki megi dragast um næstu tvö eða þrjú ár, þá var það álit nefndarinnar, að láta reynsluna sýna, hvort breytingin á skipun amtsráðanna ekki muni gjöra þessa breyting á hinum núgildandi sveitarstjórnarlögum óþarfa. Vjer játum með flutningsmanni frumv., hve lítið eða takmarkað vald sýslunefnda opt hefur verið, þegar til amtsráðanna kom, en þetta er síður að ótt-

ast hjer eptir, því að nú má bera það traust til amtsráðanna, að þau í engu vilji þröngva kosti sveita- eða sýslufjelaga, heldur muni beita valdi sínu þeim til hins bezta. Þessar eru nú aðalbreytingarnar, sem gerðar eru með frumv. þessu á sveitarstjórnarlögunum sem nú gilda, og hygg jeg að ekki þurfi frekar móti þeim að mæla. Jeg skal taka það fram, að við nefndarmenn vorum ekki mjög mótfallnir stefnu þessa frumv., heldur af því, að við vildum vita, hvort ekki mætti takast, að málinu yrði eins vel eða betur borgið með því fyrirkomulagi, sem þegar er fengið.

Jón Jónsson (þm. M.-Múl.): Það hefir líklega lítið að þýða, að hafa langar umræður um þetta mál, því svo lítur út af nefndarálitinu, að frumv. sje fyrirfram dæmt til dauða, þar sem nefndin hefir algjörlega ráðið frá að aðhyllast það. En af því jeg flutti frumv. þetta nú á þing, vildi jeg leyfa mjer að mæla því nokkur varnaryrði.

Jeg játa það, að jeg kom ekki fram með það í því skyni, að það yrði samþykkt breytingalaust, heldur í því trausti, að hjer sætu margir þeir menn, er vildu auka og efla hjeraðafrelsið, og vald sveita- og sýslustjórna. Eins og h. framsögumaður (Sig. Stef.) tók fram, eru tvö aðalatriði í frumv. þessu: að rýmka að mun kosningarrjettinn, og auka að mun vald sveita- og sýslustjórna í fjármálum.

Þessari stefnu segir h. nefnd, að minnsta kosti í öðru orðinu, að hún sje hlynnt, en þó ræður hún til að skera frumv. svona niður þegar í stað. Jeg gat búizt við, að h. nefnd vildi takmarka kosningarrjettinn, takmarka fjárveitingavald sveitarstjórna, t. d. með því, að engir hefðu kosningarrjett nema þeir sem gjalda til sveitar, eða máske að eins þeir, sem tíunduðu, að sveitarstjórnir mættu eigi leggja stór útgjöld á gjaldendur, nema meiri hluti gjaldenda hefði samþykkt það á almennum fundi, og inn á þess háttar takmarkanir skyldi jeg fúslega hafa gengið, því þær væru þó eitt spor í áttina, sem jeg álít að eigi að stefna. Jeg var enda sjálfur að hugsa um að koma með takmarkanir á frumv. í þessa átt, en jeg bjóst við, að skoðanirnar yrðu svo skiptar um það, hvernig þessar takmarkanir ættu að vera, einn mundi vilja hafa þetta, annar hitt. Jeg vildi því geyma það nefnd þeirri, sem um málið fjallaði, að koma með þessar takmarkanir.

Viðvíkjandi þessu fyrra aðalatriði málsins, þá vil jeg taka það fram, að það er í mesta lagi ranglátt, að láta vinnufólk og búlausa menn hafa þá skyldu að borga til sveitar, en ekki þau rjettindi, að mega svo mikið sem kjósa, og því síður vera í hreppsnefndinni, sem ákvarðar gjaldabyrðina, sem þessir búlausu menn bera opt talsverðan hluta af.

H. framsögum. (Sig. Stef.) sagði, að eptir þessu gætu vinnukonur komizt í hreppsnefndir. En það var ekki mín meining; jeg skoðaði það svo, að ef kvennfólk ætti að öðlast kosningarrjett, þá yrði að taka það fram í lögunum, að þau næðu jafnt til karla og kvenna; eptir núgildandi lögum hefir kvennfólk ekki almennt kosningarrjett.

Viðvíkjandi hinu aðalatriði frumv., um fjárveitingarvald sveitarstjórna, þá vil jeg taka það fram, að jeg skil ekki að það geti nokkrum blandazt hugur um það, að það er þó meira örfandi fyrir sveitarstjórnir, að gangast fyrir góðum og nytsömum fyrirtækjum í sveit sinni, ef þær þurfa eigi undir högg að sækja, upp fyrir sig, um leyfi til að leggja nauðsynleg útgjöld á hreppinn til þessara fyrirtækja. Jeg bið h. þingdm. líka að gæta þess, að í þeim fjármálum, sem

hættast er við að sveitarstjórnir misbrúki fjármálarjett sinn, stendur vald sýslunefnda óhaggað. Það er í þeim málum, þar sveitarstjórnirnar leggja á gjöld, sem kemur á eptirkomendurna að borga. — Það eru að eins 2 liðir af þeim 7 liðum í sveitarstjórnarlögunum, sem ákveða í hverjum málum hreppsnefnd þurfi samþykki sýslunefndar, sem farið er fram á í frumv. að falli úr gildi. Um hin önnur atriði, sem frumv. fer fram á að breyta í núgildandi lögum, t. d. um að sýslunefndarmaður sitji eigi í amtsráði eða hreppsnefndarmaður í sýslunefnd, ætla jeg ekki að deila, enda hefir nefndin eigi komið fram með neinar ástæður fyrir því, hvers vegna þær breytingar sjeu ekki heppilegar. Hún hefir að eins sagt, að þau ákvæði væru óhagkvæm; en hvers vegna, það hefir hún ekki sagt. Jeg fæ ekki sjeð, að heppilegt sje t. d. að eintómir hreppsnefndaroddvitar sætu í sýslunefndinni, eða að sami maðurinn sje bæði hreppsstjóri, hreppsnefndaroddviti og sýslunefndarmaður, eins og opt kemur fyrir. Jeg vil taka t. d., hvernig það mundi koma sjer í máli um útsvarskæru. Er rjetti gjaldandans borgið með því, að sá hreppsnefndaroddviti situr í sýslunefndinni, sem sjálfur hefir verið með að leggja útsvarið á kærandann, og neitað að taka kæru hans til greina í hreppsnefndinni? því það er öllum ljóst, að í öllum sjerstökum málum fyrir hreppinn og ekki sízt í útsvarsmálum ræður opt mest, hvað sýslunefndarmaðurinn úr hreppnum leggur til, af því að aðra sýslunefndarmenn skortir þekkingu á högum manna í hreppnum. Aðalástæða h. nefndar er sú, að amtsráðin sjeu nú svo miklu frjálslegar skipuð en áður. Jeg skal fúslega játa það, að amtsráðin eru nú stórum frjálslegar skipuð en áður, en að því er til hreppsnefndar kemur, þá efast jeg um, að amtsráð hafi svo mikil áhrif á hana eða fjárveiting hennar, af þeirri ástæðu, að þær heyra ekki undir amtsráðin; en játa skal jeg það, að amtsráðin hafa sjálfsagt nokkur áhrif á sýslunefndir. Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að fara frekari orðum þetta mál að sinni, en vildi leyfa mjer að óska þess, að frumv. fengi að ganga til 2. umr., svo að jeg gæti komið mjer saman um breytingar á því við þá, sem hlynntir eru stefnu þess, en vilja ekki ganga eins langt eins og frv. gjörir.

Framsögum. (Sigurður Stefánsson): Jeg hef fátt eitt að athuga við ræðu h. ræðumanns, er nú settist niður (J. J.). Hann talaði um að hart væri, að allir eða flestir gjaldendur hefðu ekki atkvæðisrjett; jeg játa að svo er, en jeg þekki ekki til að slíkt eigi sjer stað, sízt almennt; á vesturlandi veit jeg ekki betur en vinnufólk sje, víðasthvar, undan þegið öllum sveitargjöldum; þar er ekki lagt á nokkurn vinnumann og allra sízt á vinnukonur. (*Ýmsir:* Svo?). Það kann að vera á Austurlandi, að vinnufólkið beri aðalbyrðar sveitarfjelaganna! En þótt svo væri, þá er engin ástæða til að veita þeim kosningarrjett og kjörgengi; þeir eru á leiðinni til að verða búendur, og þá um leið kjósendur, það eru hvort sem er ekki mörg ár, sem þeir gjalda, áður en þeir verða aðnjótendur rjettindanna. Enn er líka sú ástæða á móti kjörgengi og kosningarrjetti vinnumanna, að þeir eru stopulir í hreppnum, eitt ár eru þeir í þessum hrepp, annað ár í hinum o. s. frv. Álít jeg því alls ekki sanngjarnt að láta þá slíka menn ráða kosningum; þetta kom líka fram hjá nefndinni. Það var satt: jeg talaði ekki um breytingu þá, er frumv. gjörir á kjörgengi í sýslunefndir og amtsráð. Það er tekið fram í nefndarálitinu, þar sem sagt er, að takmarkanir frumv. geti orðið til að útiloka hina

beztu og hæfustu menn frá að sitja í sýslunefnd og amtsráði. Vjer höfum ekki svo mörgum færum mönnum á að skipa, að við megum við því, að missa af þeim til margra áríðandi starfa, og er það hart að mega ekki velja þessa fáu góðu menn í hreppsnefnd, af því það verði að kjósa þá í sýslunefnd, eða mega ekki kjósa þá í sýslunefnd, af því þeir eigi að kjósast í amtsráð. Að tómir hreppsnefndaroddvitar sætu í sýslunefnd væri óheppilegt, get jeg ekki sjeð. Það yrði þó ekki nema einn úr hverjum hreppi og væri næsta ólíklegt að hann rjeði svo miklu þar, eða sýslunefndin væri svo ókunnug, að hann kæmi fram hlutdrægum ályktunum. Þótt sýslur sjeu stórar á Íslandi, þekkja sýslunefndarmenn allvel til um hvervetna í sýslunni. Ísafjarðarsýsla er víst ein stærsta og strjálbyggðasta sýslan á landinu, en þó hygg jeg að allur fjöldi sýslunefndarmanna þekki, hvernig til hagar í flestum hreppum hennar. Ályktanir sýslunefnda munu og sjaldnast ranglátar af því, að sýslunefndir sjeu ókunnugar málavöxtum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta að þessu sinni, og ekki heldur gjöra að kappsmáli, hvort málið gengur til 2. umr. eða ekki; getur og verið að flutningsm. geti komið með breytingar til bóta, en mjer finnst ekki liggja á nú. Það er ekki rjett hjá flutningsm. (J. J.), að amtsráðin hafi ekki áhrif á sveitarnefndirnar. Jeg hygg að amtsráð, sýslunefnd og hreppsnefnd hafi áhrif hvað á annað. Viti hreppsnefndir af frjálslyndri sýslunefnd yfir sjer, þá ráðast þær í fleira en ella, en ef sýslunefnd er ófrjálslynd og sje amtsráðið apturhaldssamt eða ófrjálslynt, þá kynokar sýslunefndin sjer fremur við að gjöra þær ályktanir, er hún annars mundi gjöra; mönnum er svo varið, að þeir vilja síður að gjörðir þeirra sjeu ónýttar hvað eptir annað. Hinn æðsti liður sveitarstjórnarinnar hefir því að mínu áliti mikil áhrif á hina lægstu, hvort að er til góðs eða ills fyrir þjóðfjelagið.

Jón Jónsson, þm. N.-Múl.: Jeg get tekið undir með h. framsögum. (Sig. St.), að mjer er þetta ekkert kappsmál, enda álít jeg það heppilegast, að hvorki þetta mál nje önnur sjeu barin fram með miklu kappi á þinginu. Jeg ætla að eins að leyfa mjer að gjöra fáeinar athugasemdir við ræðu h. framsögum. (Sig. Stef.). Hann áleit ekki heppilegt að gefa vinnumönnum þennan rjett á þeim aldri, sem frumv. tiltekur, því að þeir væru á leiðinni til að verða bændur, og auk þess óstöðugir við sveitarfjelögin, flyttu einatt úr einum hrepp í annan. Að því er þetta atriði snertir má segja hið sama um ýmsa bændur, sem t. d. ekki hafa bygging nema til tveggja, þriggja, fjögra eða fimm ára og flytjast frá einni jörð á aðra. — Þar sem bændur í hreppnum, sem opt eru sjálfseignarbændur, eiga uppkomna syni, sem eru hjá þeim, eru opt lögð töluverð gjöld á þessa bændasyni, og er það þá víst ekki hægt að neita því, að þeir sjeu eins fastir við sveitarfjelagið eins og bændur sem hafa lauslega, fárra ára byggingu.

H. framsögum. áleit það skaða fyrir sveitarfjelagið, ef sami maðurinn, sem annars hefði hæfilegleika til þess, gæti ekki verið bæði í hreppsnefnd, sýslunefnd og amtsráði, en jeg held, að það sje almenn skoðun, að það sje ekki sem heppilegast í hærri liðum landsstjórnarinnar, að sami maðurinn fáist við mörg og margvísleg störf. Og því skyldi það ekki vera jafnóheppilegt í hinum lægri liðum landsstjórnarinnar? Miklu fremur álít jeg heppilegt, svo framarlega, sem kostur er á því, að venja sem flesta menn við sveitarstjórn-

arstörf, í staðinn fyrir að demba því öllu upp á einn mann. Við það venjast menn við að hugsa um sveitarmálefni og skýra fyrir sjer margt, sem að þeim lýtur. — Og jeg byggi hiklaust á þeirri von, að sá tími fari að minnsta kosti í hönd hjer á Íslandi, að fleiri en 1 maður verði í hverju sveitarfjelagi, sem hæfur sje til að vera í sveitarstjórn.

H. framsögum. (Sig. Stef.) áleit, að margir sýslunefndarmenn mundu þekkja eins vel til um hagi manna í öðrum hreppum, eins og hreppsbúar sjálfir, en þessi þekking þeirra hlýtur þó venjulega að vera mest byggð á orðrómi og umtali, þar sem hreppsbúar sjálfir þekkja hag hvers einstaks hreppsbúa fremur af eigin reynd.

Jeg legg mikla áherzlu á það, eins og jeg tók áðan fram, að gjaldendum sje veitt fjárforræði. Það liggur í augum uppi, að góð fyrirtæki í sveitunum, sem mikið fje þarf til, komast síður á, ef menn eiga það undir högg að sækja, hvort sýslunefnd gefi samþykki sitt til þess. Jeg álít að það sje heppilegra, að hreppsnefndir leggi samþykki sitt á þess konar í samráðum við hreppsbúa, því að þær eru betur til þess hæfar en sýslunefndir. Jeg hygg að bezt fari á því, að þeir sem stjórna og þeir sem stjórnað er, hafi sem mest saman að sælda, því góð samvinna milli þeirra er undirstaða hverrar góðrar stjórnar.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um frumv. þetta, en óska að h. þingd. leyfi því að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 : 2 atkv.

Frumv. til laga um þóknun handa hreppsnefndarmönnum (C. 115, 152); frh. 2. umr.

Framsögum. (Sig. Stefánsson): Viðvíkjandi þessu frumv. vorum vjer nefndarmenn allir á eitt sáttir um, að rjett sje að veita þeim þóknun, sem vinna að sveitarstjórn. Breytingar þær, sem vjer förum fram á að gjörðar sjeu á frumv., eru mjög litlar.

Þeir, sem hafa reynt það að vera í sveitarstjórn í stórum hreppum, vita, hve mikil fyrirhöfn og ómak það er, og að það þarf töluverða og margvíslega þekkingu til að geta staðið vel í þessari stöðu. Sú stefna er nú að ryðja sjer til rúms, að leggja mönnum ekki opinber störf á herðar, án þess að þeim sje greidd þóknun fyrir það, og sýnist mjer hið sama eiga við í þessu máli.

Ólafur Ólafsson: Jeg stend upp einungis til þess að beina lítilli fyrirspurn til h. nefndar, sem hefir fjallað um þetta mál. Það eru nokkur orð í breytingartill., sem jeg ímynda mjer að geti valdið nokkrum misskilningi; þó að þetta sje 1. umr. málsins, finnst mjer ekkert móti því að fara út í þetta einstaka atriði í nefndarálitinu. Jeg á við orðin: »sem gjaldheimtu hafa á hendi fyrir sveitarsjóðinn«. Meinar h. nefnd, að gjalda megi 4% af öllu því fje, sem jafnað er niður í þarfir sveitarinnar? Í þeim sveitum, sem jeg þekki, hefir oddvitinn á hendi gjaldkerastörf, en ekki gengur nærri allt fje sveitarinnar gegn um hans hendur, heldur gefur hann ávísun upp á hina og þessa upp á mikið af því fje, sem hann á að greiða í sveitarinnar þarfir. Venjulega heimtir hann ekki annað fje inn beinlínis en það, sem hann verður að borga sýslumanni á manntalsþingum fyrir sveitina, t. d. sýsluvegagjald o. s. frv. Á nú oddvitinn að fá 4% af því einu, sem gengur gegn um hans hendur, eða af öllu, t. d. því, sem gengur til ómagaframfærslu? Jeg álít að það þurfi að taka þetta atriði skýrt fram, því að það getur valdið misskilningi.

Framsögum. (Sig. Stefánsson): Jeg

skal játa, að það var ástæða til, að koma fram með þessa athugasemd, þó að með þessu sje reyndar farið út í einstakt atriði við 1. umr.

Jeg þykist vita, að h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) hefir tekið eptir því, að sagt er í till., að »ábyrgjast skal hann ef hann þiggur þóknunina, að sveitarsjóðurinn missi einskis í, af þeim tekjum »o. s. frv. Af þessu er auðsjeð, að meint eru öll gjöld. Hann verður að bera ábyrgð á öllu, og hann stendur sem sá, er allir eiga aðgang að, sem hafa viðskipti við sveitarsjóðinn. Auk þess veit jeg ekki betur en að það sje mikið að færast úr móð, að (oddviti) gjaldkeri gefi ávísun upp á aðra bændur, heldur er það venjulega haft svo, þar sem jeg þekki til, að allt er skrifað inn í reikning hjá gjaldkera, en hann borgar svo út. Það er líka vandkvæðum bundið, að gefa ávísun upp á vissa menn í sveitinni, því að sá sem fær ávísunina getur sagt sem svo: jeg vil ekki hafa nein skuldaskipti við þennan mann; jeg vil eiga aðgang að gjaldkera. Þetta hefir opt komið fyrir, þar sem jeg þekki til; þegar hreppsnefndin hefir lagt einum gjaldenda út hjá öðrum, t. d. ómaga meðlög, þá hefir sá, sem meðlagið átti að taka, annaðhvort ekki þótzt fá það, eða ekki viljað eiga neitt við þann, er ávísað var hjá, og heimtað svo meðlagið af oddvitanum, sem svo hefir orðið að láta undan og ná sjálfur gjaldinu hjá hinum er greiða átti.

Annars mætti vel orða þetta glöggvar, en mjer finnst það þó varla geta valdið misskilningi, eins og það er nú.

Ólafur Ólafsson: Jeg er h. framsögum. (Sig. Stef.) þakklátur fyrir svar hans, og mjer datt fyrirfram í hug, að svarið mundi hljóða á þessa leið, en einmitt af því, að þannig var svarað, vil jeg spyrja, hvort þetta getur ekki orðið nokkuð hátt gjald fyrir stórar sveitir.

Jeg vil taka t. d. Holtamannahrepp, sem jeg er kunnugur. Það er stór hreppur, og upphæð þess fjár, sem oddviti hefir til meðferðar, nemur þar um 6,000 kr. á ári. Ef gjaldkeri fær 4% af þessu fje, verður það ekki svo lítið. Að vísu getur það verið mjer þægilegt persónulega, því að jeg er gjaldkeri hreppsins nú sem stendur, en jeg tel það efamál, hvort bændum kæmi það eins vel. Jeg efast um, hvort rjett sje að bæta svo háu gjaldi á fátæka sveit. Gjaldþol hreppanna fer öldungis ekki eptir stærð þeirra eða búendatölu. Í þessum hreppi, sem jeg nefndi, eru t. d. rúmir 140 búendur, en þó er hreppurinn fátækur.

Indriði Einarsson: Jeg vil leyfa mjer að fara út í eitt einstakt atriði eins og hinir aðrir h. ræðumenn, og nefna nokkrar tölur þessu til skýringar. Sveitarstjórnargjöld á öllu landinu eru hjer um bil 300—400 þús. kr. á ári. Hreppar eru c. 180, launin til hreppsnefndaroddvita geta þess vegna aldrei farið fram úr 9000 kr., og næðu þeirri upphæð víst aldrei nokkurn tíma; 4% innheimtulaun af tekjum sveitasjóðanna gætu orðið í það allra hæsta 12—16000 kr., og mundu aldrei ná lægri upphæðinni.

Þorlákur Guðmundsson: Þetta er raunar frh. 1. umr. og má því ekki fara út í einstök atriði málsins, en af því að hinir aðrir h. ræðumenn hafa gjört það, vil jeg einnig leyfa mjer það.

Jeg er samdóma h. nefnd, að það sje sanngjarnt, að oddvitar fái nokkra þóknun fyrir starfa sinn, og jeg álít, að það sje heppilegt, að upphæðin fari bæði eptir stærð hreppanna og öðrum kringumstæðum, en jeg er einnig samdóma h. þm. Rangv. (Ól. Ól.), að það sje at-

hugavert að leggja svona mikið gjald á sveitirnar, ekki af því að þóknunin sje svo há í sjálfu sjer, heldur vegna þess, að það verður erfið byrði fyrir gjaldendur.

Jeg vil ekki efast um, að reikningur h. þm. Vestm. (Indr. Ein.) sje rjettur, en þó held jeg að tölur hans reynist of háar, þegar til framkvæmdanna kemur. Eins og h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) tók fram, er það venjulega siður til sveita, að gjaldkeri gefi ávísun, og innheimtir hann þá ekki beinlínis það fje, og ætti því ekki heldur að hafa innheimtulaun af því. Í sjáfarsveitum mun aðferðin önnur, eins og h. framsögumaður (Sig. Stef.) sagði; þar gengur mest gegn um kaupstaðarreikninga.

Jeg hef dálitla reynslu í sveitarstjórnarmálum og jeg fellst á orð h. framsögum. (Sig. Stef.), að innheimtan er opt erfiðleikum bundin. Það eru ekki altjend þeir fátækustu, sem eru tregastir að gjalda, heldur eru það opt miðlungsmennirnir, sem eru óskilvísastir. Gjöldin til sveitarsjóðs verða að hækka, ef þessi innheimtulaun komast á, og verða því hinir skilvísu að borga nokkuð fyrir hina óskilvísu. Hins vegar hafa menn lögtak við hendina og því ættu menn að beita meira en gjört er, og þá þyrfti ekki að innleiða þessi innheimtulaun, enda hygg jeg þau varúðarverð.

Framsögum. (Sig. Stefánsson): Mjer finnst að h. ræðumenn hafi ekki tekið nægilega tillit til þess, sem er aðalatriðið í breytingartill., en það er, að þetta innheimtugjald er komið undir samþykki hreppsbúa sjálfra. Þess vegna getur þetta ekki verið fráfælandi, því að ef hreppsbúar sjá sjer ekki fært, að greiða þessi laun, þá gefa þeir ekki samþykki sitt til þess, en hitt er spursmál, hvort það er heppilegt að samþykkja það ekki. Innheimtulaunin eru virkilega ekki of há, 4% er ekki of mikið fyrir að innheimta og standa ábyrgð á öllum sveitargjöldum.

Jeg get fallizt á orð h. þm. Árn. (Þ. Guðm.), að margir eru óskilamennirnir, og skilamennirnir verða opt og tíðum að borga fyrir þá. Sveitagjöld eru opt látin standa ógreidd ár eptir ár, en ekki er eins hætt við þessu, ef þetta frumv. yrði að lögum. Þá mundi gjaldkeri ekki láta dragast ár frá ári að heimta inn gjöldin, heldur ganga harðara eptir og grípa heldur til lögtaks. Menn eiga aðganginn að honum einum og hann verður að standa ábyrgð á fje hreppsins, ef hann tekur móti þóknun. Þessi ákvæði eru einmitt til þess að hindra óskilsemi og láta óskilamönnunum ekki líðast að draga of lengi að borga. Sveitarnefndin í heild sinni hugsar sem svo, að hvern þeirra muni ekki mikið um að borga lítilræði, sem ekki fæst inn. Hún veigrar sjer við að taka lögtaki, því að af því geti leitt, að fátæklingar flosni upp. Öðru máli er að gegna um einn einasta innheimtumann; hann munar meira um að borga úr eigin vasa en marga.

Jeg er að svo stöddu ekki við búinn að rannsaka reikninga h. þm. Vestm. (Indr. Ein.), en efast ekki um að þeir sjeu rjettir. Það munu allir játa, að störfin við innheimtu sveitargjalda sjeu mikil, og innheimtan erfið, og ef allir eru sammála um, að ekki sje rjett að láta einstaka menn starfa að þessu ár eptir ár fyrir ekkert, þá er varla hægt að finna lægra gjald en hjer er tiltekið, því að 4% er ekki mikið og þessi upphæð rennur þó aptur í vasa eins af hreppsbúum. Auðvitað getur upphæðin orðið nokkuð mikil í stórum hreppum, en þar er fyrirhöfnin við innheimtuna líka mikil, ef allt á að fara vel, og hjer sannast einnig, »að verður er verkamaður launanna«. Þessi innheimtulaun

fara einnig eptir því, hvað tekjur sveitanna eru miklar.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um stofnun ullarverksmiðju (C. 183); 1. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal geta þess, að h. deild mun kannast við að frumv. þetta er ekki alveg nýmæli hjer á þingi. H. þingd.-menn munu muna, að h. þm. N.-Þing. (J. J.) bar fram á síðasta þingi frv., sem að mestu var samhljóða þessu frumv. Þá var nefnd sett í málið og sú nefnd rjeð til að samþykkja frumv., að vísu með nokkrum breytingum, og það er þetta frv. með breytingum nefndarinnar, sem vjer flutningsm. höfum kosið að bera fram fyrir h. deild. Málið stendur því á sama stigi og það stóð á þingi 1889, eptir að það kom úr nefnd í neðri deild. Þetta mál var samþykkt með miklum atkvæðafjölda í deildinni, að vísu með nokkurri breytingu frá því, að nefndin hafði fjallað um það. Þessari breytingu höfum vjer sleppt, því að hún gekk í þá átt að heimta svo gífurlega hátt veð fyrir láninu, að slíkt var frágangssök, og sama sem að fella frumv. Það er auðvitað, að ríkur maður — og aðrir en ríkir menn munu ekki ráðast í þetta fyrirtæki — fer ekki að taka lánið og því síður lætur hann það hvetja sig til þess, að leggja fram sjálfur margfalt meira fje, en láninu nemur, ef svo mikil trygging er heimtuð, að hann geri sjer beinlínis skaða með því að taka lánið og setja þvílíka tryggingu. Einnig munu hinir háttv. þingdeildarmenn muna eptir því, að þó að frv. ætti fremur góðum byr að sæta í Nd. að þessu undanskildu, þá átti það ekki sama láni að fagna þegar það kom í efri deild; þar var það fellt með 10 atkv. mót 1 frá annari umræðu. Þessi afdrif málsins hafa þó ekki haft þau áhrif á þjóðina, að hún hafi viljað láta málið falla niður. Í stað þess að að eins einn þingm. bar málið fram 1889, þá eru nú 3 kjördæmi landsins, N.-Þing., S.-Þing. og Eyjafj., sem óska þess með eindregnum áhuga að málið sje tekið upp aptur. Það lítur svo út, segi jeg, sem alþýðu á Íslandi hafi ekki getað skilizt, að mótbárurnar gegn málinu hafi verið á góðum rökum byggðar. Á þessu stigi málsins á ekki við að fara að rifja upp þessar mótbárur; það er of snemmt. Jeg vil að eins biðja hina h. deild að íhuga málið svo rækilega sem framast er unnt, því hvað sem um það verður sagt, og hvað hræðilegar grýlur sem upphugsaðar kunna að verða gegn frumvarpi þessu, þá felur það þó í sjer hið stórkostlegasta þjóðmenningar- og fjárframleiðslumál fyrir land vort. Það er þó t. a. m. íhugunarvert, svo jeg drepi að eins á eitt atriði, hvernig þessi fátæka þjóð getur staðið sig við að senda út úr landinu óunna ull fyrir $1^1/_2$ miljón kr. ár eptir ár og kynslóð eptir kynslóð, og kaupa hana aptur unna, opt á tíðum tífalt dýrari. Það er þó umhugsunarvert, segi jeg, hvernig Íslendingar, jafn fátæk þjóð, getur staðið sig við önnur eins fádæmi, eða rjettara einsdæmi og þetta er meðal allra menntaða þjóða.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en sting upp á að 5 manna nefnd sje sett í það, og jeg efast ekki um að í þessa nefnd verði kosnir hinir færustu menn, sem geti gefið og fengið hinar mestu upplýsingar sem kostur er á, meiri og betri upplýsingar en jeg nú á þessu stigi get og vil leggja fram.

ATKVÆÐAGR.: Fimm manna nefnd samþ. og í hana voru kosnir:

Benidikt Sveinsson með 18 atkv.
Gunnar Halldórsson — 12 —

Jón Jónsson þm. N.-Þing. með 10 atkv.
Sigurður Stefánsson — 9 —

Þá höfðu þeir Eir. Briem og Skúli Thoroddsen fengið 7 atkv. hvor; var því kosið aptur um 1 nefndarmanninn og hlaut þá kosningu
Skúli Thoroddsen með 11 atkv.

Frumv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 179); 1. umr.

Páll Briem: Á síðasta alþingi kom fram frumv. líkt því, sem nú er komið frá h. Ed. Það var sett í nefnd í þessari deild og rjeð hún að vísu til, að fella það í það skipti, af því að hún treysti sjer ekki til, að koma með neina aðaltillögu í málinu, en allt fyrir það var það viðurkennt, að tilgangur frv. væri góður, þar sem það miðar til að gjöra mönnum hægara fyrir, að neyta kosningarrjettar síns. Allir h. þingdm. vita, hversu erfitt það er, að sækja kjörfundi fyrir fátæka menn, sem búa langt frá kjörstaðnum, og munu allir kannast við, að það hafi mikla þýðingu, að bæta úr þessum erfiðleikum. Jeg álít því skyldu h. þingd., að íhuga þetta mál sem rækilegast, og legg jeg það því til, að sett verði 3 manna nefnd í málinu, þegar þessari umræðu er nú lokið.

Ólafur Ólafsson: Þetta er stórkostlegt mál, sem hefur mjög mikla þýðingu fyrir þjóðina, þar sem hjer ræðir um einhvern hinn helgasta rjett hennar, þann rjett, að ráða því, hverjir fjalla skuli um hin helgustu málefni hennar. En af hvaða rótum er þetta frv. runnið? Er það fram komið af þjóðarnauðsyn, eða af beiðni og tilhlutun almennings? Mjer vitanlega er það ekki komið til af neinu þessu. Það hefur engin rödd komið fram frá alþjóð Íslands, sem æskt hefur þess, að kjörstöðum yrði fjölgað. Það kann að vera, að þessu máli hafi verið hreyft á stöku stað, en jeg hefi hvergi fundið, að þessa hafi verið farið á leit á þingmálafundum þjóðarinnar. Jeg hefi þvert á móti heyrt hina beztu menn meðal almennings segja, að það bæri vott um pólitiskan dauða, pólitiska doðasótt og svefn hjá þjóðinni, að menn teldu eptir sjer að koma saman á almennan fund í sýslu hverri einu sinni á 6 árum. Um hvað annað bæri það líka vott, ef menn nenntu ekki að koma saman á einum stað einu sinni á 6 árum, til að ræða málefni þjóðarinnar og kjósa fulltrúa hennar? Hitt skal jeg játa, að það er hægra, að koma saman á kjörfund í hverjum hreppi, og að því leyti getur tilgangur frumv. verið góður, en jeg tel efasamt, að þessi kostur sje nægilegur til að víkja frá því, sem hingað til hefur verið í lögum um þetta efni. En hefur þetta fyrirkomulag, sem hjer ræðir um, þá enga galla, enga ókosti í sjer fólgna? Jú, það hefur að mínu áliti marga ókosti, og skal jeg nú sem fljótast líta á, hverjir þeir eru. Eptir þessu frv. fæ jeg eigi betur sjeð, en að hver hreppur yrði kjördæmi fyrir sig, og hlyti það fyrirkomulag að leiða til þess, sem allir þekkja og vita, að nefnt er hreppapólitik. Að vilja gjöra mönnum svona hægt fyrir, að sækja kjörfundi, verður eigi til annars, en að framleiða pólitiska leti, því þegar ekkert er að gjöra, og engin er fyrirhöfnin, þá færist mók yfir menn, og afleiðingin verður sundrung þess pólitiska fjelagslífs, sem á að vera ríkjandi hjá þjóðinni. Menn fara að bauka hver í sínu horni, og það er hægt að sjá fyrir afleiðingarnar af því. Menn hafa aldrei nema gott af, að koma saman úr hverjum hreppi í hverri sýslu á einum og sama stað, og það miklu optar, en hingað til hefur viðgengizt. Slíkar samkomur hljóta að örfa samheldni og efla

samtök í framfaramálum þjóðarinnar, glæða allt fjelagslífið og örfa menn til að taka höndum saman í nauðsynjamálum lands og þjóðar. Allt, sem miðar til þess, að halda mönnum saman, er þjóðinni hollt og gott, eins og hitt er óhollt og skaðlegt, sem veldur samtakaleysi og tvístring í þjóðfjelaginu. Jeg gæti ímyndað mjer, að margir yrðu þessu frumv. vel sinnandi, ef vissa væri fyrir því, að það gæti orðið til þess, að þjóðin fengi betri þingmenn, en hægt er að fá eptir núgildandi lögum, en í mínum augum er alls engin vissa fyrir þessu, þótt þetta frumv. verði að lögum. Það geta orðið eins margir alþingiskandídatar, eins og hrepparnir eru margir. Jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að í hinum núgildandi kosningalögum sje miklu meiri trygging fyrir því, að góðir og hæfir menn fáist á þing, en eptir þessu fyrirkomulagi, sem hjer er stungið upp á, því þegar kjörstjórn og kjörstaður er í hverjum hreppi, þá er miklu hættara við atkvæðabrellum, en nú er.

Jeg álít þá kjörstjórn miklu betri og tryggilegri, sem skipuð er sýslumanni hjeraðsins og 2 beztu mönnum sýslunnar, en þær kjörstjórnir, sem eiga að verða eptir þessu frumv. Jeg skal játa það, að þetta mál snertir ekkert heilan flokk manna hjer á alþingi; þessi flokkur er hinir konungkjörnu þingmenn. Þeim má standa á sama um þetta mál, því þeir þurfa ekki að gjöra þjóðinni reikningsskap sinnar ráðsmennsku, þeir þurfa ekki að skýra skoðanir sínar fyrir almenningi og þeir þurfa ekki að leggja eyrun við óskum, röddum og kveinstöfum þjóðarinnar, að minnsta kosti ekki á sama hátt og hinir þjóðkjörnu þingmenn. Þeim má að mörgu leyti standa á sama, hvernig kosningarlögunum er fyrirkomið; í því efni hrína engir örðugleikar á þeim. En þetta mál hefur svo mikla þýðingu fyrir þjóðina, að jeg vil, að það verði vandlega rætt og íhugað hjer á þingi, og þess vegna vil jeg halla mjer að þeirri uppástungu, sem fram hefir komið, um að setja nefnd í málinu, en jeg álít, að ekki veiti af 5 manna nefnd, því jeg álít málið þess vert, að það verði rannsakað út í yztu æsar.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd 5 manna samþ. og í hana kosnir:

Ólafur Ólafsson	með	14	atkv.
Páll Briem	—	12	—
Lárus Halldórsson	—	9	—
Jón Jónsson N.-Þing.	—	8	—
Jón Jónsson N.-Múl.	—	8	—

Fyrstu umr. síðan frestað.

Frumv. til laga um breytingu á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 182); 1. umr.

Lárus Halldórsson: Frv. það til laga um breytingu á prestakallalögunum frá 27. febr. 1880, að því er snertir prestakallaskipun í Mýraprófastsdæmi, sem hjer liggur fyrir, er komið til alþingis frá stjórninni, og hefir Ed. aðhyllzt það óbreytt, eins og það var sent hingað. Jeg skal strax taka það fram, að jeg finn ekki næga ástæðu til að fallast á frv. þetta. Eins og kunnugt er, voru lögin um skipun prestakalla frá 27. febr. 1880 samin og samþykkt á alþingi 1879 eptir mjög vandlegan undirbúning á hjeraðsfundum um allt land, þar sem prófastur og allir prestar og auk þess 1 kjörinn maður úr hverri sókn mættu, til þess að ræða og undirbúa málið undir alþingi. Nú skyldu menn ætla, að öllum þessum mönnum og alþingi hefði tekizt að skipa prestaköllunum svo haganlega á þessum litla hólma, að eigi þyrfti að vera að breyta þeim aptur á hverju þingi. En það er ekki að sjá að þetta hafi tekizt, þar sem lögum þessum hefir á hverju þingi verið breytt meira og

minna, svo að að því virðist reka, að prestakallaskipunin komizt aptur í sama horf, eins og hún áður var. Þar, sem það verður sannað með ljósum og gildum ástæðum, að brýna nauðsyn beri til, að breyta þessum lögum, þar virðist mjer sjálfsagt, að gjöra það, en ástæðurnar verða þá að vera skýlausar og ómótmælanlegar. Þegar nú leita skal að ástæðunum fyrir breytingu á þeirri skipun prestakalla í Mýraprófastsdæmi, sem hjer ræðir um, þá verður að leita þeirra í stærð prestakallanna og þar af leiðandi erfiðleikum að þjóna þeim eptir prestakallalögunum frá 27. febr. 1880. Það eru 3 prestaköll, sem hjer ræðir um. Eitt af þeim er, eptir því, sem stendur í ástæðunum fyrir stjórnarfrumv., 5 mílna langt. Það á að vera ómögulegt fyrir prest, að þjóna þessu prestakalli! Ómögulegt fyrir söfnuð, að nota prestinn í því prestakalli, sem er 5 mílur á lengd!! Jeg þekki mörg prestaköll, sem eru miklu lengri. Jeg skal nefna t. d. Hofsprestakall í Vopnafirði, sem mjer er kunnugt. Það er 2 þingmannaleiðir á lengd! Prestssetrið Hof er í miðju prestakallinu, og er þingmannaleið frá því út á hvern enda þess. Þá held jeg að ætti að vera ómögulegt, að þjóna því. — Annað prestakallið er talið 4 mílur á breidd og lengd. Mikil skelfing! Presturinn í þessu prestakalli getur farið á hvern bæ, sem vera skal í því, og þó komið heim aptur að kveldi. Hann getur meira að segja hringriðið það á einum sólarhing. — Stærð þriðja prestakallsins er ekki greinilega tiltekin, en þess er getið, að leiðin til annexíunnar sje óhæfilega löng og erfið. Annexían heitir Hjörsey, og það á að vera svo miklum erfiðleikum bundið, að þjóna henni, vegna þess, að það verði að fara þangað á fjörum. Ætli að það verði ekki að fara þangað á fjörum, hvaðan sem því verður þjónað? Jeg er að vísu ekki kunnugur í þessum hluta landsins, en af því, sem tekið er fram í ástæðunum fyrir stjórnarfrumv., sje jeg enga ástæðu til, að breyta prestakallaskipuninni í þessu prófastsdæmi. Ein ástæðan til að gjöra þessa breytingu á að vera sú, að mikil óánægja sje með skipun þá, sem ákveðin er með lögunum frá 1880. Ja, ef landsstjórnin og kirkjustjórnin ætlar að breyta prestaköllunum á landinu allsstaðar þar, sem einhver óánægja á sjer stað með skipun þeirra, þá verður þess ekki langt að bíða, að prestakallalögin verði upphafin og prestaköllin jafnvel fleiri, en áður.

Landshöfðingi: H. þm. sem nú settist niður, gat þess, að hann væri ókunnugur í þessu prófastsdæmi, sem hann var að ræða um, og hann sýndi það líka í ræðu sinni. Maður, sem er að tala um, að hringríða megi á einum sólarhring allt Borgarprestakall, eins og það á að vera eptir prestakallalögunum frá 27. febr. 1880, hann sýnir, að hann þekkir ekki mikið til landslagsins í þessum hluta landsins. Hjer er ekki að eins byggt á því, hve langt og breitt prestakallið er, heldur og á því, hvernig vegirnir eru, sem um það liggja. Því hefur lengi verið viðbrugðið, hve Mýrarnar vœru illar yfirferðar. Það eru kannske hvergi á landinu eins margar torfærur á jafn stóru svæði, eins og eru í Mýrasýslu og Hnappadalssýslu, því auk þess, sem vegir eru þar illir yfirferðar, þá eru þar margar og straumharðar ár, sem opt er ómögulegt að komast yfir, svo sem Langá, Álptá, Hvítá og Haffjarðará. Engum, sem kunnugur er í Mýra- og Hnappadalssýslu, mun þess vegna blandast hugur um, að prestakallaskipunin í þessum sýslum, eptir prestakallalögunum 1880, sje í alla staði óheppileg. Sá, sem jeg ímynda mjer, að hljóti að vera

allra manna kunnugastur landsháttum í þessum hjeruðum, er prófasturinn í Mýrasýslu, og hann hefur skýrt svo frá, að fyrirkomulag það á prestaköllunum í þessu prófastsdæmi, sem ráðgjört er í lögunum frá 1880, sje alveg óaðgengilegt, bæði fyrir presta og söfnuði. Sum af þessum prestaköllum segir hann að verði svo erfið, að prestarnir hljóti að verða uppslitnir eptir 10 ára þjónustu. Sjerstaklega segir hann, að sjer taki sárt, ef Álptártungusókn verði sameinuð Borgarprestakalli, því þá sjái hann engan mögulegleika til þess, að hann núverandi prestur geti haldið út að þjóna því í 10 ár. Jeg verð nú að halda, að prófasturinn í Mýrasýslu sje færari að dæma um þetta mál, en maður austan úr Múlasýslu, einkum þegar maður heyrir, að hann gefur aðrar eins upplýsingar um prestakall, sem er í sama landsfjórðungi og hann, eins og hann gjörði áðan, þar sem hann sagði, að »radius« í allar áttir út frá »centro« í Hofsprestakalli í Vopnafirði væri 5 mílur. Annars vill svo vel til, að það eru fleiri þm. í þessari h. deild, sem eru kunnugir í þeim hluta landsins, sem hjer ræðir um, sjerstaklega vona jeg, að h. þm. Mýram. (Á. J.) geti gefið góðar upplýsingar i þessu máli.

Lárus Halldórsson: Af því að hæstv. landsh. tók það óstinnt upp fyrir þm. austan úr S.-Múlasýslu, að hann skyldi vera að sletta sjer fram í þetta mál, þar sem hann mundi vanta kunnugleik í því, þá skal jeg þó leyfa mjer að taka það fram, að hann er þm. alls landsins, að hann á atkvæðisrjett í þessu máli, og að honum er eigi síður skylt að skipta sjer af því en öðrum þingmönnum.

Jeg skal þegar taka það fram, að mjer er þetta mál ekkert kappsmál; en jeg skal þó benda á, á hvern rekspöl prestakallamálið er komið hjá oss; það er hvað eptir annað verið að breyta skipun prestakallanna, og hvað eptir annað má landssjóður láta af mörkum 4—500 kr. á ári hverju eða missa þær. Hæstv. landsh. sagði að það væri ekki vegalengdin ein sem eptir væri að fara, þegar verið væri að dæma um, hve lengi væri verið að fara þann og þann spölinn, heldur yrði líka að taka tillit til þess, hvort vegurinn væri torfær eða ekki. Það er sjálfsagt, að tillit verður að taka til þess, en undarlegt var það, að honum þótti fjarstætt að segja að prestur gæti farið 4—5 mílur á sólarhring. (*Landsh.:* Jeg sagði á Mýrunum). Hæstv. landsh. var að tala um stórár á þessu svæði, sem gætu orðið ófærar, og það er einnig tekið fram í ástæðunum fyrir frv. En hæstv. landsh. mun vita það, að flestar ár á Íslandi geta orðið ófærar. Jeg skal nefna til dæmis á Jökuldal fyrir austan; þar falla margar smá-ár ofan úr fjöllum; þessar ár eru stórgrýttar og straumharðar, og geta því opt orðið ófærar í vöxtum, þótt vatnsmegin þeirra sje ekki mikið. Varla mundi þó nokkrum detta í hug að skipta Jökuldal svo í prestaköll, að presturinn í hverju þeirra hefði yfir enga þessa á að fara.

Brauðaskipunin frá 1880 *á hinum* hjer um ræddu prestaköllum er óreynd enn; í gær sagði hæstv. landsh. í öðru máli, sem þá var til umræðu, að stjórnin byggði á reynslunni; en því vill hún þá ekki líka bíða við í þessu máli og byggja á reynslunni? Hví eigi byggja á reynslunni hjer? Jeg veit, að prestinum í Hítarnesi er ekkert annt um þessa skipting, og mun þó verkahringur hans verða engu óerfiðari en hinna prestanna, komist hún ekki á. Jeg stend við það að þingmannaleið sje frá Hofi í fjórar áttir út á enda prestakallsins, hvort heldur farið er að Mælifelli, Melum, Strandhöfn eða Fagradal. En hæstv. landsh. rangfærði orð mín er

hann kvað mig hafa sagt að »radius« út frá »centro« í Hofsprestakalli væri ein þingmannaleið, því að þá ætti að vera þingmannaleið eptir öllum strykum kompássins, en það sagði jeg aldrei. Jeg hygg að enginn h. deildarmanna sje mjer kunnugri í Hofsprestakalli, og jeg skora á hvern þeirra sem getur að vefengja það, sem jeg segi um vegalengdir þar.

Árni Jónsson: Jeg skal leyfa mjer að gjöra fáeinar athugasemdir við þetta mál, og koma með nokkrar leiðrjettingar við ræðu h. þm. S.-Múl. (L. H.). Jeg get vel viðurkennt með h. þm. (L. H.) að það er ekki skemmtilegt að þurfa hvað eptir annað að fást við breytingar á prestakallalögunum, og æskilegt væri að þetta þyrfti ekki að koma fyrir. En nauðsyn brýtur lög, og h. þm. viðurkenndi sjálfur, að hann væri ekki á móti breytingum, þar sem þeirra væri brýn þörf. En hann skýrði ekki frá, hvenær eða hvar hann áliti þessa brýnu þörf vera. Þó hygg jeg að hann muni telja brýna þörf breytinga þar, sem prestakall er svo víðlent, að það er nær ókleytt yfirferðar. Í öðru lagi hygg jeg, að honum muni þykja brýn þörf á breytingum þar, sem prestsþjónusta er svo erfið, að ekki er hægt að gegna henni til fullnustu, annaðhvort af því að kirkjur sjeu svo margar í prestakallinu, að prestur geti ekki messað í hverri, nema mjög sjaldan, eða af því, að það sje svo mannmargt, að störf fyrir það hlaðist um of á prestinn. Í þessu máli etast jeg því ekki um, að h. þm. (L. H.) og h. deild í heild sinni muni líta á þessar tvær ástæður og íhuga vandlega, áður en hún fellir frumv., hvort þær eru ekki hjer til staðar, annaðhvort önnur þeirra eða báðar. Það er að nokkru tekið fram í ástæðum stjórnarinnar fyrir frv., hverjir örðugleikar sjeu á að þjóna þessum prestaköllum, ef sú breyting verði gjörð, sem prestakallaskipunarlögin gjöra ráð fyrir, því að þá verður að fækka prestaköllunum um eitt; nú eru þau 4, Borgarprestakall, Staðarhraun, Miklaholt og Hítarnesþing, en þau eiga að verða að eins 3, og sóknirnar úr fjórða prestakallinu leggjast þá til þessara þriggja sem annexíur. Jeg verð því að ætla, að h. þm. (L. H.), sem bæði mun vilja að prestar sjeu til og að þeir gjöri gagn og efli manndáð, menntun og góða siði, kærleika, kristindóm, jeg verð að ætla, segi jeg, að hann muni vilja stuðla að því, að prestar sjeu heldur fleiri en færri, og að verkahringur þeirra sje ekki gjörður svo erfiður, að þeim sje gjört ómögulegt að vinna nærri fullt gagn í honum.

H. þm. (L. H.) talaði mikið um vegalengd og að hún væri ekki svo mikil í þessum prestaköllum; en jeg segi fyrir mig, jeg vil heldur fara tvær þingmannaleiðir á einum stað, þar sem vegir eru góðir, en eina á öðrum, þar sem þeir eru vondir; sú vegalengd er eigi sambærileg, nema tekið sje til greina hvernig vegirnir eru.

H. þm. (L. H.) sagði, að það mætti »hringríða Borgarprestakall á sólarhring«. En jeg vil bjóða honum upp á að gjöra það á tveim sólarhringum, og er jeg þó viss um, að hann kemst ekki alla leið á þeim tíma, nema hann sje því meiri göngumaður, því að þar er víða ómögulegt að koma hesti við um hásumar. Þar háttar víða svo til, að alls eigi er hægt að fara ríðandi, heldur verður að ganga og láta hestinn byltast um og brölta fram úr þessum alkunnu útmýrakeldum. Svo má geta þess, að einn bærinn, Knararnes, er umflotinn af sjó, og ekki hægt að komast þangað landveg, nema þegar haganlega stendur á sjáfarföllum. Auk þess er prestakallið meir en 4 mílur á lengd fyrir prestinn, þegar hann þarf

að fara um það, því að þess er að gæta, að hann getur ekki farið eptir beinni línu frá einum enda þess til annars, heldur verður að fara nær því mílukrók upp að Langárfossi, til þess að komast yfir Langá, og svo ofan að sjó aptur, því að nú fer hvorki nokkur prestur nje annar þá leið, er Þórhalli prestur í Ferjubakkaþingum á næstliðinni öld fór, sem sagt er að hafi riðið Langá um stórstraumsfjöru undan Leirulæk. Það er því alveg byggt í lausu lopti, að hægt sje að fara kringum Borgarprestakall á sólarhring, og það þótt því sje sleppt, að Álptártunga bætist við prestakallið. En ef svo verður, þá aukast þó torfærurnar, því að leiðin þangað liggur um örgustu mýrarflóa, og að eins einstöku skógarholt að hvílast á. Jeg er ekki eins kunnugur örðugleikunum á því að þjóna Kolbeinsstaðasókn frá Miklaholti, en efast ekki um, að ástæðurnar sjeu eins rjettar þar og að því er Borg snertir; að minnsta kosti veit jeg, að þar er yfir tvær stórár að fara. Og þótt sá prestur, sem nú þjónar brauðinu, hafi ekki látið í ljósi, að hann væri á móti sameiningunni, þá er hann naumast svo heilsugóður, að hann geti lengur þjónað brauðinu, ef sameiningin fer fram. Það er mikið álitamál fyrir þingið, hvort það sje rjett að gjöra brauðin svo örðug, að að eins ungir og hraustir menn geti þjónað þeim, sem svo verða eptir nokkur ár annaðhvort að reyna að komast burtu eða slíta sjálfum sjer og kröptum sínum fyrir örlög fram, vegna erfiðleikanna. Jeg skal annars lýsa því yfir, að hjer er um ekkert sjerlegt kappsmál að ræða fyrir mjer. En jeg skal leyfa mjer að benda h. deild á, að eptir því sem prestakallalögin eru skilin nú, og hafa verið framkvæmd, þá hefir þingið hjer að eins um fjárspursmálið að fjalla og annað ekki, því að ef um ekkert fjárspursmál hefði verið hjer að ræða fyrir landssjóð, þá hefði þessi breyting getað komizt á, án þess það hefði komið til þingsins kasta. Jeg bendi á þetta, til þess að menn beini ræðum sínum meira að því spursmálinu, sem fyrir þinginu liggur, en þeir hafa hingað til gjört. Eptir lögunum um skipun prestakalla á að gjalda 500 kr. frá Staðarhrauni og 400 kr. frá Miklaholti. Nú munu allir kunnugir menn verða að játa, að Miklaholtsprestakalli hefir stórum hnignað, síðan lögin um skipun prestakalla voru samin, og að sú hnignun hafi verið svo mikil, að eigi geti komið til mála, að greiða nokkuð þaðan, eins og er, og spursmál, hvort það er eigi nokkuð hátt, að borga 400 kr. fyrir Kolbeinsstaðasókn. Aptur á móti man árgjaldið frá Staðarhrauni vera hæfilegt eins og nú stendur. Hjer verður því að eins spursmál um 500 kr. En nú er þess að gæta, að í Staðarhraunsprestakalli situr uppgjafaprestur, sem nýtur $^1/_3$ af tekjum brauðsins, og segir í ástæðunum fyrir frumv., að ekki verði nú sem stendur fært að greiða meira en 400 kr. frá Staðarhraunsprestakalli. En ef eigi þyrfti að borga uppgjafaprestinum, mætti árgjaldið vera miklu meira, og jafnvel þessar 900 kr. Jeg bið h. deild því að athuga vel, hvort nokkur ógjörningur sje að ganga inn á það sem stjórnarfrumv. fer fram á, þar sem af annari hálfu er um lítinn tekjuhalla að ræða fyrir landssjóð og það ef til vill eigi nema til bráðabyrgða, en af hinni hálfunni betur sjeð fyrir þörfum hlutaðeigandi safnaða. Jeg skal benda h. deild á, að skýrslur um það, hvernig menn líta á málið heima í hjeraði, bæði frá prófastinum og öðrum, munu verða útvegaðar og lagðar fram á lestrarsalinn; vona jeg að h. þm. geti þá betur áttað sig á, hvort ekki sje full ástæða til að kippa þessu í liðinn, og það muni borga

sig, þótt landssjóður verði fyrir halla í bráð. Jeg hygg að fáir h. þm. sjeu svo kunnugir á þessum stöðum, að þeir muni treysta sjer til að fella fullnaðardóm í málinu að svo stöddu, og að þeir mættu verða fegnir, að fá þær upplýsingar, sem unnt er, og því vona jeg, að þeir vilji bíða eptir skýrslum þeim, sem jeg gat um og kynna sjer þær, áður en þeir kveða upp endilegan dóm yfir frumv., og í trausti til þessa vona jeg að það fái að ganga til 2. umr.

Páll Ólafsson: Jeg er einn af þeim, sem þykir mál þetta dálítið athugavert. Jeg er nokkuð kunnugur á því svæði, sem hjer ræðir um, því að jeg hef ferðazt um það þvert og endilangt. Svæðið er víðáttumikið; það nær vestan frá Straumfjarðará suður til Borgarfjarðar og mikið af því illt yfirferðar. Þeir sem eru ókunnugir hafa það ef til vill mest á móti frumv., að tekjur landssjóðs rýrni, ef það fær framgang; og það er að því leyti eðlilegt, að mörgum mun þykja lítið verða úr niðurlagning Hítarnesprestakalls, eins af hinum tekjumestu brauðum á landinu, ef upp úr henni fást einar 4—500 kr. En mjer þykir það og athugavert við frumv., að jeg efast um að nokkurt af hinum sameinuðu brauðum, eins og þau eru ákveðin í prestakallalögunum, verði eins víðáttumikið, eins og Hítarnesbrauðið er nú, og þó hefir fyrir ekki mjög löngu síðan þjónað því roskinn maður milli 10 og 20 ár og var þó engan veginn uppgefinn er hann hætti. Erfiðast mun Miklaholtsbrauðið verða, og menn hafa gjört mikið úr Haffjarðará, sem farartálma á prestsleiðinni, en á henni og víða í prestakallinu eru fjöruvöð og þau stytta stundum drjúgum leið. Jeg er samdóma h. þm. Mýram. (Á. J.) um, að sveitum í Miklaholtsprestakalli hafi farið svo aptur á síðari árum, að árgjaldið þaðan sje of hátt og það þætti mjer tiltökumál að lækka. Af því að ýmsir h. þingdm. eru máli þessu ókunnugir, en þeir sem kunnugir eru finna ýmislegt athugavert við frumv., sumt er mæli með því og sumt móti því, þá sting jeg upp á, að þriggja manna nefnd sje skipuð til að íhuga það.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosn. felld með 12 atkv.

Indriði Einarsson: H. þm. Mýram. (Á. J.) sagði áðan, að Miklaholtsprestakall yrði svo erfitt, að prestur mundi ekki halda lengi út að þjóna því. Það vill svo til, að jeg hef fyrir skömmu talað við prest þann, sem nú þjónar brauðinu, og það í tveggja votta viðurvist, þótt þeir sjeu ekki viðstaddir nú, og lýsti hann því hiklaust yfir, að hann kærði sig ekkert um breyting þá, sem frumv. vill koma á. Hið nýja prestakall hans verður einar 5 mílur á lengd, getur verið að það verði með erfiðari brauðum hjer á landi, en þó er það ekki sjaldgæft, að prestaköll sjeu 5 mílur á lengd. Jeg veit ekki betur, en að h. sessunautur minn þjóni kalli, sem er 12—14 mílur á lengd. Það hefir verið talað um, að tvær stórár væru á svæði því, sem hjer er talað um, Hítará og Haffjarðará. Jeg er að vísu ekki gagnkunnugur þar fyrir vestan, en þó hef jeg farið yfir ár þessar í einhverri hinni mestu rigningatíð. Jeg reið yfir þær hiklaust og á undan fylgdarmanni mínum; aptur þótti mjer Langá óálitlegri og ósýnna að hún væri fær yfirferðar, er jeg kom að henni. Jeg álít þessar ár engar stórár, en veit að þær geta þó orðið ófærar, eins og svo mýmargar ár hjer á landi. Víst er það, að í því hjeraði, sem jeg ólst upp í, mundu þær ekki hafa verið kallaðar hættuvatnsföll.

Jón Jónsson, þm. N.-Þ.: Það hefir á margan hátt verið lýst landsháttum og örðugleikum við brauð þessi og skal

jeg leiða hjá mjer að bæta við það, þótt jeg sje nokkuð kunnugur þar um slóðir. Mjer dettur ekki í hug að rengja, að vegalengd er nokkuð mikil um þau, og víða er þar allillt yfirferðar. En um það ætla jeg ekki að ræða, heldur hvernig málið lítur út, þegar það er skoðað frá almennu sjónarmiði. Það hefir verið drepið á, að breytingarnar á prestaköllunum samkvæmt prestaskipunarlögunum þættu víða mjög óheppilegar, og því hefðu menn viljað og vildu enn víða fá nýjum breytingum á komið. En það er ýmislegt athugavert við þessa breytingagirni. Það hefir opt verið sagt — og jeg er því alveg samdóma —, að til þess að breyta nýjum lögum þyrftu að vera knýjandi ástæður, og að þau tilfelli gætu að eins komið örsjaldan fyrir, er rjettlættu slíka aðferð. Þessi lög, sem hjer ræðir um, eru ný og ekki einu sinni komin til framkvæmda á þeim stöðum, sem hjer er um að ræða í frumv.; um þau gildir því sú regla, sem jeg færði til áðan. Mjer þykir það nærri því djarft af landsstjórninni og kirkjustjórninni að gera það, sem hjer hefir verið gjört, að setja prest í brauð og baka landssjóði með því tekjumissi. Mjer þykir undarlegt, á hve mörgum stöðum hefir komið upp þessi kvilli eða veiki eða hvað jeg á að kalla það, að vilja koma öllu aptur í gamla horfið með brauðaskipun, koma því í það horf, er var áður en lögin um skipun prestakalla voru gefin út. Það lítur út eins og verið hafi að gamni sínu að sameina brauðin rjett til að geta aðgreint þau aptur og kippt þeim í sama horfið sem fyr; en eins ber þó vel að gæta við þennan leik: landssjóður fær með því móti ekki það, sem hann samkvæmt lögunum á að fá í afgjald af brauðinu, en verður að borga þar, sem hann á að borga, hann verður að halda áfram að að borga tillögin til brauða þeirra, er tillög eiga að fá. H. þm. Mýram. (Á. J.) sagði, að hjer væri einkum að líta á fjárspursmálið, en frá mínu sjónarmiði er ekki einkum á það að líta, heldur á þennan »pólitiska« hringsnúning, að vilja allt af fá á komið nýjum og nýjum breytingum. Hvert þing verður að fjalla um þessi brauðamál, og með þessu frumv. munum við á þingi í ár ekki hafa bitið úr nálinni með brauðabreytingamálin. Í dag var býtt út einu þess konar frumv.; á lestrarsalnum liggja skjöl um brauð í Múlasýslu, sem fara í líka stefnu, og gott ef við eigum ekki von á meiru. Jeg er þessari stefnu alveg mótfallinn, og það einkum þegar vjer höfum svo litla reynslu fyrir oss enn. Það getur verið alveg rjett, að leggja áherzlu á það, þegar prestaköll eru svo stór og erfið, að óhægt er að þjóna þeim. En ef á að heimfæra þessa ástæðu til prestanna, þá má og heimfæra hana og það ekki síður til læknanna, og ef þeir hafa ekki stærra svæði til yfirferðar en prestar, hve miklu mætti þá breyta frá því sem nú er? Læknar eru þó frá mínu sjónarmiði alveg eins nauðsynlegir og prestar. Læknar hafa meiri ferðalög en prestar; aðalferðalög prestanna eru á annexíurnar, þar sem þær eru, og til að skíra börn og húsvitja, ef þeir á annað borð gjöra það, og til þessa geta þeir optast nær valið sjer veður og færi. Öðru máli er að gegna um lækna; þeir mega ekki bíða eptir góðu veðri, heldur verða að fara út í hvaða veður sem er og hversu sem færð er. Enn hefir það verið talið sem ástæða með frumv. þessu, að fátækt hafi svo mjög aukizt síðan lögin voru samin í Miklaholtsprestakalli, að eigi sje nú fært að gjalda frá því. En má jeg spyrja: hefir þessi fátækt komið upp síðan prestur sá, er þar er nú, sótti um brauðið, eða hafa erfiðleikarnir aukizt við Borgarprestakall síðan prest-

urinn þar sótti um það? Jeg segi nei; þeir vissu báðir, að hverju var að ganga og sóttu þó. Það liggur ekki einu sinni fyrir, að allir hlutaðeigandi prestar eða söfnuðir óski þess, sem frumv. fer fram á. Að vísu virðist prófastur vera málinu hlynntur, og sumir af hlutaðeigandi prestum munu ekkert hafa á móti því; að minnsta kosti væri það eðlilegt og líklegt, að hinn setti prestur á Staðarhrauni væri því ekki mótfallinn. Sumir söfnuðir eru með sundurskiptingunni, en aðrir á móti henni. — Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni, en lýsi að eins yfir því, að jeg vona að h. þingdm. skoði alvarlega huga sinn áður en þeir hrapa að því að breyta óreyndum lögum. —

Landshöfðingi: Af því að ýmsir hafa lagt áherzlu á það, að það væri óheppilegt, að vera að breyta lögum, áður en þau væru komin í krapt, áður en reynsla væri fengin fyrir, að þau væru óhentug, þá skal jeg benda á, að þetta hefir þegar átt sjer stað einmitt með lögin frá 1880 um skipun prestakalla. Það er ekki langt á að minnast, að breytt var skipun prestakallanna í vesturhluta Húnavatnssýslu og við Hrútafjörð. Þar þótti sú sameining, sem ráðgjörð var í prestakallalögunum, óhafandi. Alveg hið sama á sjer stað hjer, því menn sjá, að ef það fyrirkomulag kemst á, sem prestakallalögin ráðgjöra, þá hljóti að leiða illt af því. Aðalatriðið í þessu máli frá landsjóðsins hálfu eru þessara 500 kr. tekjumissir, sem leiðir af skiptingu brauðanna, en mjer finnst 500 kr. tekjumissir á ári ekki geta komizt í samjöfnuð við það tjón, sem af því leiddi, að söfnuðirnir fengju ónóga og örðuga prestþjónustu. Það dugir ekki, eins og sumum h. þingdm. hættir við, að vera að tala um það, að prestarnir gjöri ekki skyldu sína, að þeir vanræki húsvitjanir, vanræki uppfræðslu barna o. s. frv. Það verður þó að minnsta kosti að líta á það, hvort þeim, með stærð prestakallanna, ekki er gjört ómögulegt, að fullnægja þeim kröfum, sem til þeirra eru gjörðar.

Þar sem ýmsir h. þm. ennfremur hafa lagt áherzlu á það, hvort brauðaskipun sú, sem hjer ræðir um, sje geðfelld prestum þeim, sem hlut eiga að máli eða ekki, þá verð jeg fyrir mitt leyti að leggja aðaláherzluna á það, hvort söfnuðirnir með henni geti fengið þá prestþjónustu, sem þeir geti verið ánægðir með og sem þeir eiga heimtingu á. Það er vitanlegt, að flestir eða allir þeir söfnuðir, sem hlut eiga hjer að máli, eru óánægðir með hina lögboðnu brauðaskipun, og það er aðalatriðið, að þessi óánægja þeirra er á góðum og gildum rökum byggð. Það er meira í það varið, að kirkjulegum þörfum safnaðauna verði fullnægt, en að landssjóður græði 500 kr. á ári.

Árni Jónsson: Það er öldungis rjett, eins og jeg tók áður fram, að það sem eiginlega er að athuga við þetta frv., er það, að afgjaldið af þessum prestaköllum til landssjóðs lækkar um 500 kr. eptir því sem frv. fer fram á; að landssjóður líður þannig 500 kr. skaða. En ef menn sjá einhvern annan útveg til að koma þessari brauðaskipun í viðunanlegt horf, þannig, að landssjóður bíði minni skaða við það, og þörfum safnaðanna sje samt fullnægt, skal jeg alls ekki vera á móti því. En jeg verð að halda því fram, að menn sjeu heldur bráðir á sjer, ef þeir fella strax frv. þetta, áður en þeir hafa kynnt sjer skjöl þau, málinu viðvíkjandi, sem lögð verða fram á lestrarsalinn. Menn hafa að sönnu komið fram með margar og skemmtilegar ástæður á móti frv., en jeg hygg þó að skjöl málsins skýri það sannara og betur.

Hítarnesþingin eru mjög erfitt prestakall. Jeg þekkti vel hinn háaldraða, háæruverðuga embættisbróður okkar, sem þm. Strm. vitnaði til, og sem þjónaði þeim með miklum ötulleik í 12 ár. En þótt hann þá væri hniginn á efri aldur, var hann hraustmenni og atgerfismaður og hygg eg að ekki mundu margir verða honum fremri að starfsemi og skyldurækni, þótt yngri sjeu. Það liggur og í augum uppi, að erfiðleikarnir eyða mjög og slíta kröptunum, þótt segja megi, ef til vill, að þeir sjeu eigi ókleyfir ungum og hraustum mönnum.

H. þm. Vestm. (I. E.) kvaðst hafa átt tal við Miklaholtsprest í 2 votta viðurvist. Jeg get sagt hið sama, að jeg hef átt tal við hann um þetta mál, reyndar án þess að hafa votta við, og skildi jeg hann svo, sem hann þættist varla fær um, heilsubrests vegna, að þjóna Miklaholtsbrauði, eins og það nú er, og má þá geta nærri, hvort hann sje betur fær um, að þjóna því prestakalli eins og það verður eptir sameininguna. Það er og mörgum kunnugt, að heilsufar hans er ekki gott.

Þar sem h. sami þm. (I. E.) minntist á vesturför sína, hygg jeg að marga muni reka minni til einmitt þessarar vesturfarar, að þeim fjelögum hafi þótt ærnir þröskuldir á veginum, hvort sem þeir voru nefndir Haffjarðará eða Straumfjarðará, getur verið að hann hafi verið hraustari fylgdarmanninum og riðið þær óhikað, en Langá var víst óálitleg fyrir þá, því þar um var svo kveðið:

»Hvar mun hann nú á?
hann liggur við Langá«.

Jeg get eigi fallizt á þau ummæli h. þm. N.-Þing. (J. J.), að læknar hafi jafnan meiri ferðalög heldur en prestar í víðlendum og fjölmennum prestaköllum (*J. J.:* Svo?); á þessu svæði munu læknar ferðast minna heldur en prestar, enda er miklum erfiðleikum bundið fyrir þessar sveitir að ná í læknishjálp, eins og bænarskrá sú sýnir, um nýjan lækni, er frá þeim er komin til þingsins.

Sem sagt, þetta mál er eiginlega fjárspursmál, og jeg álít alla þingmenn svo samvizkusama og rjettláta, að þeir vilji ekki fella þetta frv. frá 2. umræðu, áður en þeir hafa kynnt sjer þau skjöl, sem til eru þessu viðvíkjandi, og sem jeg get fullvissað þá um, að eru svo skýr og greinileg, að þeir fá betri þekkingu á málinu, en þeir hafa enn fengið frá andmælendunum.

Jón Jónsson þm. N.-Þing.: Mjer datt ekki í hug að nokkur mundi vefengja það, að læknar hefðu meiri og erfiðari ferðalög hjer á landi heldur en prestar, því að það er svo bersýnilegur sannleiki. Læknarnir hafa langtum stærri hjeruð heldur en prestar, og þeir verða alltaf að flýta sjer, fara ferðir sínar hvernig sem viðrar og hvernig sem færð er. En aptur á móti geta prestar venjulega sætt tækifæri, — að eins í því eina tilfelli þurfa þeir að bregða við, þá er þeir eru sóttir til að sakramenta mann á banasænginni eða skíra dauðvona börn. En læknarnir mega aldrei bíða, þeir verða að fara strax, hvernig sem á stendur.

Jeg get ekki skilið að nokkur geti efazt um þennan sannleika.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 8 nafngreindra þm. og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
Árni Jónsson,	Ben. Sveinsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Halldórss.
Jens Pálsson,	Indriði Einarsson,
J. Jónassen,	Jón Jónss. þm. N.-M.
Ól. Ólafsson,	Jón Jónss. þm. N.-Þ.

Páll Briem
Sigurður Gunnarss.
Sig. Stefánsson
Sveinn Eiríksson,
Lárus Halldórsson,
Ól. Briem,
Ól. Pálsson,
Skúli Thoroddsen,
Þorl. Guðmundsson,
Þorv. Kjerúlf.

Sextándi fundur, mánudag 20. júlí á hád. Allir á fundi nema þm. Reykv. (J. Jónassen), sem var veikur.

Forseti skýrði frá að í nefndinni um breyt. á lögum um kosningar til alþingis væri kosinn formaður Páll Briem og skrifari Lárus Halldórsson.

Forseti gat þess að til sín væru komnar 2 bænarskrár:

1. Frá Sigurði Eiríkssyni, smið, um styrk til að halda áfram skipasmíði.
2. Frá sjera Jens Pálssyni um að veittur verði fjárstyrkur af landssjóði til verklegs laxaklaks í Dalasýslu.

Frumv. til laga um skipun dýralækna á Íslandi (C. 77, 147, 195); 2. umr.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Eptir þeim undirtektum, sem frv. þetta fjekk við 1. umr., þá má ætla að h. þingd. sje málinu hlynnt. Þótt það eptir orðum hæstv. ldsh. sje ekki líklegt, að útlendir dýralæknar verði skipaðir hjer á landi, þá höfum við 2 komið fram með breyt.till. (C. 195), í þá átt, að ekki skuli skipa menn í embættin fyrr en ísl. menn sjeu til í þau, því að oss þótti tryggilegra að taka það fram með berum orðum. Hinar aðrar breytingar eru ekki stórvægilegar og snerta dagpeninga dýralækna og að ferðakostnaður skuli goldinn eptir hinum sömu reglum, hvort sem hið opinbera eða einstakir menn eiga að borga hann, og finnst mjer, að með þessu móti fáist meira samræmi. Mjer finnst einnig sanngirni mæla með því, að setja dagpeningana niður úr 4 kr. í 3 kr., því að það má gera ráð fyrir, að þeim mun fleiri leiti dýralæknanna, sem það er ódýrara, en eptir því sem fleiri leita þeirra, eptir því er starf þeirra þýðingarmeira fyrir þjóðfjelagið og gagnlegra.

Landshöfðingi: Jeg hef ekkert að athuga við hina síðari breytingartillögu (við 3. gr.), en finnst hin fyrri vera hálfóviðkunnanleg, því að eptir núgildandi lögum, þar á meðal stjórnarskránni, hafa allir þeir, sem kunna málið og hafa innfæddra rjett, jafnan aðgang til embætta hjer á landi.

Jeg segi fyrir mig, að mjer mundi þykja það mjög óviðkunnanlegt, ef samþykkt væru í Danmörku lög með líkum ákvæðum, að því er snertir Íslendinga og breyt.till. fer fram á með tilliti til Dana. Jeg held að h. þingdeild geti reitt sig á, að Danir muni ekki sækja um þessi embætti, og að það mundi því síður verða hrapað að því að veita þeim þau.

Jeg hef einungis bent á þetta, en jeg vil ekki fullyrða að þessi ákvörðun, ef hún verður samþykkt, verði því til fyrirstöðu, að lögin nái staðfestingu.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Það sem hæstv. landsh. hafði að athuga við breyt.till. er máske rjett frá almennu sjónarmiði, en hinsvegar get jeg ekki fundið í ástæðunum fyrir stjórnarfrv. hvað hafi vakað fyrir stjórninni, því að hún hefir þó hlotið að vita, að hjer á landi eru nú engir þeir menn, er gætu tekizt þessi embætti á hendur, og að fleiri ár er þess að bíða. Hún hefir þá líklega að eins gert það til þess, að hafa embættin til. Það er auðvitað ómögulegt að fortaka, að Danir sæki um embætti þessi, en almenningi mundi vera lítið um það gefið. Sjálfsagt geta íslenzkir menn líka orðið að litlu liði, en þó eru meiri líkindi til

að þeir geri meira gagn, þar sem þeir eru vanari landsháttum öllum, og mundu því vera þýðingarmeiri og vinsælli.

Indriði Einarsson: Eins og hæstv. landsh. tók fram er það viðsjárvert að samþykkja þessa breyt.till., því að það gæti orðið til þess, að lögum þessum yrði synjað staðfestingar. Það kemur sýnist mjer í bága við lög Dana um rjett innborinna manna frá fyrri öld, en þeir skoða innfæddrarjettarlög sín sem grundvallarlög.

Jeg held að menn megi reiða sig á það, sem hæstv. landsh. hefir sagt viðvíkjandi þessu atriði, að Íslendingar mundu verða teknir fram yfir Dani, en á hinn bóginn skil jeg ekki að það sje svo miklu verra, að hafa danska dýralækna en íslenzka, ef nauðsyn ber til, því að skepnurnar skilja jafnt dönsku og íslenzku.

Landshöfðingi: Út úr ummælum h. þm. Árnes. (Þ. G.) skal jeg geta þess, að sá var tilgangur stjórnarinnar með frv. þessu, að hvetja menn til að leggja stund á dýralækningafræði. Hún áleit, að trauðlega mundi nokkur gera það, ef hann gæti ekki gert sjer neina von um embætti síðar. Jeg er kannske ekki minna á móti því að hafa útlendinga í embættum hjer, en h. þm. Árn. (Þ. G.), en jeg get náttúrlega ekki alveg fullyrt að dýralæknisembætti verði aldrei veitt útlendum manni, því bæði er jeg dauðlegur, eins og aðrir, og svo getur margt skipazt öðruvísi á fáum árum.

Árni Jónsson: Jeg ætla einungis að tala fáein orð til þess að styðja tillögur hæstv. landsh. Jeg ímynda mjer, að h. þm. sje kunnugt, að komnar eru áskoranir frá fleiri kjördæmum um stofnun dýralæknisembætta, en víst vissu menn þar, að ekki væri kostur á neinum íslenzkum dýralækni.

Það hefir verið ósk sumra t. a. m. Suður-Þingeyinga, að stofna einungis eitt embætti með nokkurn veginn ríflegum launum, og bjuggust menn við að þessi maður gæti svo kennt út frá sjer og aukið þekkingu á dýralækningum. Mjer finnst því alls ekki nauðsynlegt að aðhyllast breyt.till. og álít óvíst hún fari að óskum þjóðarinnar.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg er hæstv. landsh. þakklátur fyrir ummæli hans, en ekki get jeg verið honum og h. þm. Vestm. (I. E.) samdóma um það, að breyt.till. geti orðið til þess, að lögin nái ekki staðfestingu, og mjer finnst hún alls ekki óþörf, því að ef enginn Íslendingur skyldi sækja um embættin, en danskur maður, þá finnst mjer, að ekki væri hægt að neita honum um það, mjer finnst það nokkuð óvanalegt.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal einungis leyfa mjer að taka það fram, að jeg get ekki skilið, að þessi ákvæði, sem breyt.till. fer fram á, geti orðið því til fyrirstöðu, að lögin verði staðfest, því að í þessu liggur alls ekki, að ekki megi veita embættin hæfum dönskum manni, heldur einungis að það skuli draga að veita þau þangað til völ sje á Íslendingum í þau. Það er alls ekki bannað að taka danskan mann fram yfir íslenzkan, ef hann er betur til þess hæfur. Jeg get hugsað mjer, að ef einhver danskur maður vildi gera dýralækningar á Íslandi að lífsstarfi sínu, og hefði ferðazt hjer um lengri tíma og kynnzt vel landsháttum, með öllu því er að praktiskum dýralækningum lýtur hjer á landi, þá mundu Íslendingar að öllum líkindum heldur kjósa hann, en einhvern lítt reyndan Íslending, því að auðvitað er bezt að fá þá menn, sem bæði hafa góða almenna þekkingu og einnig sjerstaklega þekkingu á háttum hjer á landi. Þótt jeg yfir höfuð sje móti því, að hafa útlendinga í slíkum

embættum hjer, get jeg þó vel hugsað mjer einstök tilfelli, þar sem þetta geti verið heppilegt.

Landshöfðingi: Jeg vil geta þess, að jeg fullyrti ekki, að þessi ákvæði breyt.-till. yrði því til fyrirstöðu, að lögin yrðu samþykkt, heldur sagði jeg, að jeg væri hræddur um, að það gæti orðið til ásteytingar. Einmitt orð h. þm. Eyf. (B. Sv.) sýndu, að í þessu ákvæði liggur engin trygging. Það hindrar að eins, að dýralæknar verði skipaðir um hin fyrstu 3 ár að minnsta kosti, en ef stjórninni væri þetta áhugamál, þá gæti hún að þeim tíma liðnum komið að dönskum dýralæknum. Jeg vil ennfremur spyrja, hvað er meint með »íslenzkur maður«? Er það maður, sem er fæddur á Íslandi? Það væri þó hart, ef maður, sem hefir alizt upp á Íslandi og er gagnkunnugur íslenzkum háttum, væri útilokaður, einungis af því að hann væri fæddur erlendis og foreldrarnir ekki íslenzkir. Mjer finnst þingið varla geta verið þekkt fyrir að senda það þannig orðað frá sjer.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. (C. 77) samþykkt með 17 : 1 atkv.; viðaukatill. við 1. gr. felld með 15 : 5 atkv.; 2. grein samþykkt með 19 atkv.; fyrri breytingartill. við 3. gr. samþ. með 16 atkv.; síðari breyt.till. við 3. gr. samþ. með 17 atkv.; 3.—4. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 19 atkv. hvor; 5. gr. samþ. með 20 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 19 atkv.

Frumv. til laga um bann gegn eptirstæling frímerkja og annara póstgjaldsmiða (C. 144); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 17 atkv. og vísað til 3. umr. með 16 atkv.

Frumv. til laga um skaðabœtur þeim til handa, er að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi eða sætt hegningu eptir dómi o. s. frv. (C. 162); 2. umr.

Skúli Thoroddsen: Frumv. þetta er lagt fyrir þingið af stjórninni. Stefna þess er sú, að þeir, sem að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi o. s. frv., geti fengið skaðabætur af hinu opinbera. Það er sama stefnan, sem hefur rutt sjer til rúms í Danmörku, Þýzkalandi og víðar hin síðustu árin, og er hún í sjálfu sjer rjett og lofsverð.

Ef frumv. þetta verður að lögum, þá hefur það sjálfsagt þó nokkurn kostnað fyrir landssjóð í för með sjer. Það er reyndar ekki mögulegt að gizka á með nokkurri vissu, hvað mikill kostnaðurinn verði, en jeg ímynda mjer, að hann geti varla orðið svo mikill, að það þurfi að fæla menn frá að samþykkja frv., en hjer er um rjettlætiskröfu að ræða. Það er sanngjarnt, að landssjóður bæti mönnum upp það tjón og halla, er þeir verða fyrir með gæzluvarðhaldi að ósekju, eður ef þeir að ósekju hafa sætt hegningu eptir dómi; enda get jeg hugsað, að lög þessi kynnu ef til vill að fá praktiska þýðingu, t. d. í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem ungir og ötulir lögreglustjórar eru að sýna sig á fyrsta sprettinum, og ýmist taka menn til banda eða slá utan um þá kassa, svo sem sögur hafa nýlega af farið.

Að öðru leyti skal jeg geta þess, að mjer finnst frágangur h. efri deildar á frv. þessu ekki eins góður og æskilegt hefði verið og vænta mátti. Jeg skal t. d. benda á málið í 2. gr. frv.; þar stendur: »Rjettur til skaðabóta fellur »niður, ef maður hefur sjálfur með »framferði sínu verið þess valdandi, að »varðhaldi var beitt. Þó getur dómar»inn dæmt honum tiltölulega minni »bætur«. Minni bætur en ekki neitt! Þetta er miður heppilega orðað, þó að meiningin reyndar skiljist.

Jeg vil einnig leyfa mjer að vekja

athygli h. þingd. á enn einu atriði í frv. Þar er sagt, að skaðabótakröfum megi koma fram annaðhvort með sjerstakri einkamáls-lögsókn í hjeraði, eða við landsyfirrjettinn. Væri ekki rjettara að reyna að koma því svo fyrir, að skaðabótakröfunni yrði fram komið einungis við yfirrjettinn í þeim tilfellum, sem ræðir um í 3. gr. frumvarpsins? Ef skaðabótakrafan kemur fram fyrir undirrjett, í hjeraði, þá verður að skipa setudómara, þar eð málið varðar rannsóknardómarann, af því að landssjóður getur átt aðgang að honum með skaðabæturnar, og getur það bakað landssjóði töluverðan kostnað, ef skipa þarf setudómara.

Jeg hef sem sagt einungis vakið máls á þessu, en hef ekki enn haft tíma til að hugsa svo nákvæmlega um þetta atriði, að jeg að svo stöddu geti komið með ákveðna breytingartillögu. Vil jeg því stinga upp á því, að sett sje 3 manna nefnd í málið, þegar umræðum er lokið.

Landshöfðingi: Jeg hef ekkert sjerlegt að athuga við ræðu h. þm. Eyf. (Sk. Thor.), og jeg get ekki sjeð að það geti orðið frumv. til farartálma, þó að breytingar þær, sem hann benti á, verði samþykktar.

Jeg sje ekkert á móti því, að skaðabótakröfum sje áfrýjað til landsyfirrjettarins, þegar úrskurður hefur verið felldur í hjeraði, en þegar svo er ekki, skil jeg ekki, hvernig eða í hvaða formi eigi að koma henni fyrir yfirrjettinn. Annars efast jeg ekki um, ef nefnd verður kosin, að henni muni takast að laga frumv. þannig, að það geti orðið öllum að skapi.

ATKVÆÐAGR.: 3 manna nefnd samþ. í e. hlj. Kosnir voru:

Skúli Thoroddsen með 20 atkv.
Benidikt Sveinsson — 19 —
Páll Briem með 18 atkv.

Fyrstu umr. síðan frestað.

Frumv. til laga um þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum málum (C. 163, 185, 202); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. (C. 185) samþ. með 15 atkv.; 1. gr. með breyt. samþ. með 19 atkv.; breyt. till. við 2. gr. (C. 202) samþ. í e. hlj. 2. gr. með breyt. samþ. í einu hlj.

Vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Frumv. til viðaukalaga við lög um brúargjörð á Ölvesá 3. maí 1889 (C. 165); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1888 og 1889 (C. 189); fyrri umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og sjest á nefndarálitinu, eru tillögur þær, sem nefndin leyfir sjer að bera fram, út af áliti yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1888 og 1889, hvorki margar nje þýðingarmiklar.

Að því er snertir 1. till., um að fækkað verði býlum á jörðum landssjóðs í Vestur-Skaptafellssýslu, jafnóðum og tækifæri býðst, skal þess getið, að ldsh. hefur, út af áliti yfirskoðunarmanna, tekið það fram í svörum sínum, að hann væri samdóma yfirskoðunarmönnunum í þessu efni, og að landsstjórnin hafi næst undanfarin ár haft sjer hugfast, að fækka býlum á jörðum þessum, jafnóðum sem tækifæri byðist. Það má þess vegna búast við því, að þessari stefnu verði framhaldið, en allt fyrir það áleit nefndin mál þetta svo áríðandi, að rjett væri, að þingið lýsti áliti sínu á því, til enn meira aðhalds fyrir stjórnina og umboðsvaldið.

2 næstu till. eru um fylgiskjöl, sem yfirskoðunarmennirnir og nefndin álítur, að fylgja eigi landsreikningnum árlega. Hin fyrri till. er um það, að aðalreikningur yfir viðskipti íslenzku og dönsku póststjórnarinnar fylgi árlega landsreikningnum. Í svari landsh. upp á athugasemd yfirskoðunarmannanna, þessu viðvíkjandi, er það tekið fram, að þessi reikningur hafi verið sendur frá skrifstofu landsh. til póstmeistarans, til þess að hann væri látinn fylgja póstreikningunum, en yfirskoðunarmennirnir hafa ekki vitað neitt um það, og ekki haft hann undir hendi. Aptur er þess að geta, viðvíkjandi hinni till., að skýrsla um allar reiknings-ábyrgðir, sem úrskurðaðar eru á hverju ári, fylgi landsreikningnum framvegis, að það var síður fram að árinu 1880, að þessi skýrsla fylgdi landsreikningnum, en síðan hefur þessi síður lagzt niður, og landsh. hefir í svörum sínum upp á athugasemdir yfirskoðunarmanna talið tormerki á, að fullnægja ósk þeirra í þessu efni, og hefur hann skírskotað til álits hins umboðslega endurskoðanda. Nefndin getur samt sem áður ekki fallizt á, að ekki sje gjörlegt, að fullnægja þessari ósk, og leggur það því til, að þingið samþykki einnig þessa till.

4. till. er um það, að afgjaldaskrár umboðsjarða sjeu árlega prófaðar á manntalsþingum. Það lítur ekki út fyrir, að þessari reglu hafi verið vel fylgt, og yfirskoðunarmennirnir taka það fram, að reynslan hafi sýnt, að jafnvel hinum umboðslega endurskoðanda hafi veitt erfitt, að sjá um, að allar skýrslur gjaldheimtumanna væru rjettar, og hata þeir bent á, að einmitt þeirri reglu sje fylgt í norður- og austuramtinu, að prófa skýrslurnar um afgjöld umboðsjarða í því amti á manntalsþingum. Það virðast heldur ekki vera þeir erfiðleikar á því, að afhenda sýslumanni skýrslur þessar fyrir þingaferðir.

5. till. er um það, að gengið verði ríkt eptir því, að afborganir af skuld nokkurra hreppa í Snæfellsnessýslu sjeu greiddar á rjettum gjalddaga. Af láni þessu, sem er hátt á 4. þús. kr., á að borga árlega 6% af höfuðstólnum, en reikningarnir bera það með sjer, að þessar afborganir hafa ekki verið greiddar að fullu, og að sleppt hefur verið að reikna vexti af vanborguðum afborgunum, frá því að þær komu í gjalddaga. Hvorki yfirskoðunarmennirnir nje nefndin geta þó sjeð neina ástæðu til þessa, enda þótt landsh. hafi skýrt svo frá, að full-erfitt sje að ná hinum áskildu 6% af höfuðstólnum, vegna hins bágborna ástands almennings í þessari sýslu. Jafnframt vill landsh. rjettlæta þessi afbrigði með því, að vafi geti leikið á, hvort sá dagur, þegar fjeð er greitt til sýslumanns, eða sá dagur, þegar það er greitt í landssjóð eða ríkissjóð, eigi að skoðast sem borgunardagur. En bæði yfirskoðunarmönnum, og eins nefndinni, virðist, að vextir hætti, þegar lántakendur greiða þá borgun, er sýslumaður tekur gilda. Það virðist heldur ekki standa á miklu, þótt vextirnir kæmu ekki inn í landssjóð, fyrr en eptir nokkurn frest.

6. till. fer fram á, að gjaldheimtumönnum landssjóðs verði gjört að skyldu, að senda ávísanir upp í landssjóðstekjur til landsh. svo snemma, að hann geti komið þeim til ráðgjafans með síðustu póstskipsferð á hverju ári, nema því að eins, að ávísunin eigi að ganga upp í tekjur, er síðar falla í gjalddaga, en þá sje hún afgreidd sem fyrst eptir árslok. Við endurskoðun landsreikninganna að undanförnu hefir það komið fram, að talsvert hefir verið útistandandi af landssjóðstekjum í hver árslok,

og orsökin til þessa liggur einkum í því, að mikið af tekjunum er borgað með ávísunum til Kaupmannahafnar, en ávísanirnar koma seint á árinu til gjaldheimtumanna frá kaupmönnum; svo eru þær lengi á leiðinni út, og loks eru þær stundum ekki borgaðar út, fyr en eptir 3 mánaða frest. Afleiðingin af þessu er sú, að tekjurnar komast ekki inn í landsreikninginn fyrir þann tíma, sem honum á að vera lokið, og ekki fyr en 3 mánuðum seinna, eða í marzlok. Það má að vísu segja, að þessi dráttur hafi ekki mikla þýðingu, og að landssjóður líði eigi baga við hann, þar sem þessar upphæðir gangi upp í skuld landssjóðs við ríkissjóðinn, sem hann ekki taki neinar rentur af. En regla sú, er tillagan fer fram á, miðar til þess, að gjöra landsreikninginn hreinan, og láta ekki aðrar eptirstöðvar standa í reikningnum en þær, sem eru hjá reikningshöldurunum. Það virðist heldur engum erfiðleikum bundið, að fá gjaldheimtumenn til að fylgja þessari reglu, en þó henni verði fylgt sem aðalreglu, þá má samt ætíð búast við nokkrum eptirstöðvum hjá gjaldheimtumönnum, því ýmsar tekjur, svo sem tolltekjur og ýmsar aukatekjur, tilfalla landssjóði seint á árinu, og jafnvel til ársloka.

Auk þessara till., sem nefndin hefir borið upp, þá eru enn nokkur atriði, sem yfirskoðunarmenn benda á í athugasemdum sínum, og sem nefndin fjellst á, að væru á rökum byggð. Þó fannst nefndinni eigi taka því, að koma fram með ákveðnar till. um þessi atriði; þannig áleit nefndin æskilegt og gott, að því yrði framgengt, sem yfirskoðunarmenn leggja til í till. sínum við landsreikninginn fyrir árið 1888, undir tölul. 2., 3., 4. og 5., en af því till. þessar snerta að eins formið á landsreikningnum, og landsh. hefur að miklu leyti gengið inn á álit yfirskoðunarmanna í því efni, þá varð nefndin að búast við, að fullkomlega mundi verða tekið tillit til þessa, þótt hún bæri það ekki upp í tillöguformi. Við 4. tölul. í tekjubálki landsreikningsins fyrir árið 1889 koma yfirskoðunarmennirnir fram með þá till., að þó skuldir Fensmarks sjeu felldar burt úr reikningnum sem ófáanlegar, þá gjöri alþingi með berum orðum þann fyrirvara, að skuldin sje þar fyrir ekki uppgefin. Nefndin fann heldur enga ástæðu til að koma með ákveðna till. um þetta atriði, þar sem landsh. í svörum sínum tekur það fram, að það sje vitaskuld, að þó skuld Fensmarks sje felld úr eptirstöðvum sem ófáanleg, þá sje ekki þar í fólgin uppgjöf á skuldinni. Þessu verður nefndin að vera alveg samdóma. Þar sem yfirskoðunarmenn koma með þá till. undir tölul. 20, að alþingi feli landsh., að skora á gjaldheimtumenn landssjóðs, að innheimta tekjur hans í tækan tíma, og borga þær samkv. reglugjörðinni 13. febr. 1873 undir eins, og þær eru heimtar saman, þá komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að ekki væri þörf á, að brýna nú sjerstaklega fyrir gjaldheimtumönnum landssjóðs, að hegða sjer eptir reglugjörð þessari. Nefndinni virðist ekki eiga við, að brýna þetta fyrir þeim gjaldheimtumönnum, sem æfinlega standa í skilum við landssjóð, að því er unnt er, og hún treystir landsstjórninni til að brýna fyrirmæli reglugjörðarinnar fyrir þeim, sem kunna að gjöra sig seka í vanskilum.

Landshöfðingi: Jeg er þakklátur h. nefnd og yfirskoðunarmönnum fyrir það, hve mjúkum höndum hefur verið tekið á landsreikningunum, og jeg get ekki sjeð neitt sjerlegt á móti því, að fallast á tillögur h. nefndar.

En það er þó fátt eitt, sem jeg vildi leyfa mjer að benda á. Það er í fyrsta

lagi að segja um 1.—5. gr. nefndarálitsins, að þar sem nefndin álítur að eigi sje nein þörf að taka tillögur yfirskoðunarmanna um þau atriði, sem minnzt er á í þessum greinum, upp í þingsályktun, þá hygg jeg, að það sje hættulaust, að minnsta kosti mun jeg á meðan jeg sem landsreikningana taka fullkomið tillit til þessara tillaga.

Að því er kemur til 1. tillögu nefndarinnar, þá er nú þegar byrjað á að framfylgja því er hún fer fram á, sem er, að fækka býlum á þeim umboðsjörðum í Vestur-Skaptafellssýslu, er margir búa á fáum hundr. á sömu jörð, eins og jeg veit að h. þm. Skaptf. (Ól. P.) getur vottað, og mun sömu stefnu verða haldið áfram framvegis í því efni.

2. tillagan er heldur ekki neitt nýtt. Yfirskoðunarmennirnir hafa ávallt fengið að láni póstreikninginn hjá hinum umboðslega endurskoðanda, þegar þeir hafa yfirskoðað landsreikninginn, en aðalviðskiptareikningurinn milli dönsku og íslenzku póststjórnarinnar er ávallt með póstreikningnum sem fylgiskjal. Að yfirskoðunarmennirnir hafa ekki fengið aðalviðskiptareikninginn fyrir 1889, hlýtur að koma af því, að þeir hafa ekki gengið eptir honum, en til þess að slíkt komi ekki fyrir optar, er jeg fús á að láta eptirrit af aðalviðskiptareikningnum fylgja landsreikningnum framvegis sjerstaklega.

3. till. er nokkuð brotasöm, jeg játa það, eins og hinn umboðslegi endurskoðandi hefur tekið fram í skýrslunni, sem prentuð er aptan við svör landshöfðingja, en jeg vil þó ekki beinlínis vera henni mótfallinn; að eins vil jeg taka það fram, að það getur verið álitamál, hvað langt skýrslan skuli ná, hvort taka eigi upp í hana allar úrskurðaðar ábyrgðir undir eins og úrskurðirnir eru felldir, eða að eins þær reikningsábyrgðir, sem komnar eru í gjalddaga. En ábyrgðin kemur ekki í gjalddaga undir eins og úrskurðurinn er kveðinn upp; það verður að ætla tíma til þess, að úrskurðurinn komist til reikningshaldara, svo að hann geti kynnt sjer úrskurðinn og síðan komið ábyrgðinni til landfógeta. Reyndar mun verða »praktiskast«, að taka allar ábyrgðir, sem úrskurðaðar eru; en þá má ekki líta svo á, sem það votti um skort á skilvísi, þegar reikningsábyrgðir standa ógreiddar hjá einhverjum reikningshaldara. Slíkar skýrslur yrðu mjög langar, jeg sje það, og svo yrðu aptur að koma athugasemdir við skýrslurnar í hvert skipti sem úrskurði væri breytt, þegar svo ber undir, að reikningshaldari kemur fram með nýjar og betri upplýsingar, er sýna, að úrskurðurinn sje ekki rjettur. Þetta tek jeg ekki fram til að hafa á móti till., en jeg hef heldur skorazt undan henni af því, jeg álít mjög erfitt að fullnægja henni.

Viðvíkjandi 4. tölul. ætla jeg að taka það fram, að jeg get ekki verið eins vel samþykkur h. nefnd um það, er þar ræðir um, eins og um áður talin atriði. Jeg fyrir mitt leyti fæ ekki sjeð að hin minnsta trygging sje að prófun afgjaldsskráa á manntalsþingum. Það er að vísu engin útlát að senda afgjaldsskrár á manntalsþing, til prófunar, en það er engin trygging. Það koma ekki allir landsetar á manntalsþing, og ef þeir eru ekki á þingi, þá er ekki hægt að spyrja þá og fá upplýsingar hjá þeim um, hvort þetta sje rjett afgjald eða eigi, sem afgjaldsskráin tilgreinir. Hin bezta trygging fyrir því, að afgjaldaskrárnar sjeu rjettar, er í því fólgin, að hinn umboðslegi endurskoðandi hefur eptirrit af öllum byggingarbrjefum fyrir þjóðjörðum og getur borið þau saman við afgjaldsskrárnar, og þá álít jeg, að meiri og fyllri trygging fáist ekki.

Að því er snertir lán til nokkurra hreppa í Snæfellsnessýslu, þá skal jeg geta þess, að renturnar af skuld þessari eru borgaðar upp í topp til ársloka 1890, en af afborgunum eru enn nokkrar eptirstöðvar. Það hefur reynzt mjög erfitt hingað til, að ná inn rentum og afborgunum af lánum til Snæfellsnessýslu, hvort heldur eru kornlán eða hallærislán, og þess vegna hefur ekki þótt taka því, að heimta dráttarvexti ofan á allt hitt. Þetta hefur mest átt rót sína í illu árferði og örbyrgð sýslubúa; en nú er árferði er farið að skána og fjárhagur manna farinn að færast í betra horf, er vonandi að innheimtan verði greiðari, og mun þá ekki verða veitt nein tilslökun hvorki með dráttarvexti nje annað.

Að því er snertir síðustu tillöguna, þá sje jeg fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að gjaldheimtumönnum sje gjört að skyldu að borga gjöld sín svo tímanlega, að þau ávallt komist inn í landsreikninginn. Erfiðleikarnir hafa einkum verið þeir, að fá gjaldheimtumennina til að senda ávísanir, sem þeir nota til að greiða með gjöld sín, svo tímanlega, að þær komist inn í landsreikninginn, því til þess þurfa þær að vera komnar til ráðgjafans fyrir nýár. Þetta er samt engin vorkunn að því er snertir þau gjöld, sem falla í gjalddaga á manntalsþingum og yfir höfuð að tala heldur ekki með tollgjöld, því allur þorri þeirra fellur í gjalddaga fyrri hluta ársins; það er að eins lítið eitt sem er flutt inn til landsins svo seint, að ekki verði greitt gjald af þeim með ávísun svo tímanlega sem tillagan heimtar. Jeg hef fundið að því við sýslumenn, þegar þeir hafa borgað gjöld með ávísunum, gefnum út talsvert eptir nýár næsta ár, t. a. m. í eptirfarandi marzmánuði, og hefur það einkum átt sjer stað úr Múlasýslunum og Þingeyjarsýslu. Eins og tillagan upprunalega kom frá yfirskoðunarmönnunum þótti mjer hún of ströng, en með þeim viðauka, sem jeg stakk upp á í svörum mínum og sem h. nefnd hefir aðhyllzt, get jeg verið henni samþykkur. Gjaldheimtumönnum hlýtur að vera innan handar að heimta ávísanir frá kaupmönnunum í tæka tíð; þeim getur ekki staðið á miklu að draga að gefa þær út, og ef svo gjaldheimtumennirnir geyma það gull og silfur og seðla, sem gelzt þeim, og borga það í jarðabókarsjóð, til að saldera með reikninga sína, þá virðist ekki ókleyft að leysa allar greiðslur svo tímanlega af hendi, að þær geti komizt inn í landsreikninginn fyrir hlutaðeigandi ár.

Ólafur Pálsson: Það er einungis einn töluliður í tillögum h. yfirskoðunarmanna, sem jeg ætla að fara fáum orðum um. Jeg er á sama máli og h. nefnd, að mjög æskilegt væri að býlum fækkaði í Vestur-Skaptafellssýslu og að jarðir væru sem minnst bútaðar í sundur; en það er hægra ort en gjört; þrengsli eru svo mikil, að menn eiga torvelt með að koma sjer niður, og efnaskorturinn þrengir líka að, svo að menn hafa átt miklu óhægra með að fá eignir sínar seldar og komast til Ameríku, eða annara hjeraða, en úr öðrum hjeruðum landsins, enda eru og miklu meiri örðugleikar á að komast þaðan, en úr flestum öðrum hjeruðum. Menn eiga jafnvel fullerfitt með að geta flutt sig í önnur hjeruð auk heldur til útlanda. Síðan jeg tók við umboðinu 1878, hafa einir tveir af ábúendum umboðsjarðanna farið til Ameríku, og aðrir tveir hafa flutt sig austur í Múlasýslu. Þó hefir ábúendum fækkað um 19 á þjóðjörðunum síðan 1878, meir hefir ekki verið hægt að fækka þeim.

Jeg skal nefna sem dæmi þess, hve torvelt er að halda við fábýli í Vestur-

Skaptafellsýslu, að dugnaðarmaður einn bætti við sig jörð, og ætlaði að hafa hana með sinni jörð, en innan skamms tók hann mann inn á hana, því hann sá, að hann gat ekki brúkað hana til hlítar. Annað dæmi er það, að maður keypti þjóðjörð, og bjó fyrst einn á henni, en innan skamms var svo komið, að ábúendurnir voru orðnir tveir og stóð jafnvel til í vor þeir yrðu þrír, þótt að vísu sje útlit fyrir að þeim muni fækka aptur, vegna þess tveir eru nýdánir. Það má ekki fella þungan stein á landstjórnina og umboðsmann fyrir margbýlin, því jeg veit til, að það hefir verið gjört, sem auðið hefir verið, að fækka þeim.

Húsmönnum fjölgaði mjög eptir harðindaárin 1867—68 og þá varð fyrirrennari minn að grafa út jarðirnar til þess þá að þær stæðu ekki í eyði, og ekki hægt að kippa því í lag á stuttum tíma, einkum þegar efni vanta fyrir menn að flytja sig burt af landi eða í aðrar sýslur, og sömuleiðis til að hjálpa þeim til þess, hvað góður sem viljinn væri, en eins og jeg hefi sagt, er það mjög erfitt að fækka mikið býlum, nema mannfækkun komi, og þess óska jeg ekki.

Mjer fyrir mitt leyti er sama, þótt afgjaldaskýrslur sjeu gefnar á manntalsþingum, en jeg sje ekki mikið gagn að þeim. Jeg veit til þess að á einu manntalsþingi mætti að eins 1/4 hreppsbænda, ekki alls fyrir löngu, og hvað á sýslumaður að gjöra þegar svo á stendur? Á hann að láta sjer nægja að fá viðurkenning þeirra leiguliða einna, sem á manntalsþinginu mæta, eða á hann að senda með skýrslurnar út um hreppinn til allra þeirra, sem ekki hafa komið á þing?

Auk þess muna líklega ekki allir hvað þeir eiga að gjalda, og verða þeir því að hafa með sjer byggingarbrjef sín á manntalsþingið, ef þeir eiga að vera vissir í sinni sök.

Indriði Einarsson: Jeg skal leyfa mjer að fara fáum orðum um tvo töluliði í tillögum h. nefndar. Fyrst skal jeg þá leyfa mjer að minnast á 4. tölulið í tillögunum um, að afgjaldaskrár umboðsjarða sjeu árlega prófaðar á manntalsþingum. Það hefir verið venja í Norður- og Austurumdæminu, að afgjaldaskrárnar kæmu fram á manntalsþingunum, og sýslumenn skrifuðu upp á þær, að þær væru rjettar. En ekki hefir það þó verið venja, þegar sýslumaðurinn hefir jafnframt verið umboðsmaður, og varla mun meining nefndarinnar hjer heldur vera, að fara fram á það, og skal jeg skjóta því til h. nefndar, hvort svo hafi verið. Í þeirri skýrslu mundi að minnsta kosti sárlítil trygging, því að vilji menn ganga út frá því, að sýslumaður mundi leyfa sjer að gefa ranga skýrslu, þá gæti hann eins vottað, að hún hafi reynzt rjett á manntalsþingi, þó hún hefði ekki verið lögð fram þar.

Jeg hef orðið þess var að ekki hefir verið hægt að koma á sömu reglu í Skaptafellssýslu, sem í Norður- og Austurumdæminu. Meðan reikningarnir lágu undir rannsókn endurskoðunar-skrifstofunnar í Kaupmannahöfn, þá heimtaði hún þessa trygging, en gaf það upp aptur, því að umboðsmennirnir í Skaptafellssýslu gáfu þær upplýsingar, að sýslumaðurinn þar byrjaði svo snemma að þinga, að afgjaldaskrárnar væru ekki til, eða þótt þær væru til, þá gætu þær breyzt svo mikið til fardaga, að ekki væri eptir þeim farandi. Jeg tók málið upp síðar hjer á landi, en það fór á sömu leið, og varð að falla niður. Annarstaðar t. d. í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði mundi það fullframkvæmanlegt, að fá skýrslur þessar. Hinn umboðslegi endurskoðari fær jafn-

an eptirrit af byggingarbrjefunum, þegar þjóðjarðir eru byggðar og getur borið þau saman við afgjaldaskrárnar; það eru því næsta lítil líkindi til, af afgjaldaskrár verði falsaðar, ef jeg má leyfa mjer að viðhafa það orð.

Það hefir komið eitt einasta tilfelli fyrir þau ár, sem jeg hef verið endurskoðari, að afgjaldaskrá bæri ekki saman við byggingarbrjef, en það reyndist svo, að afgjaldaskráin eptir áskript sýslumanns reyndist röng, reyndar skakkaði þar ekki nema um einar 3 krónur, en áteiknun sýslumannsins reyndist röng að síðustu.

Jeg er samdóma hæstv. ldsh., að það hafi litla þýðing, þótt þessi töluliður verði samþykktur, en verði hann samþykktur, þá ætti þetta helzt ekki að ná til þeirra sýslumanna, sem jafnframt eru umboðsmenn.

Annað atriðið, sem jeg ætlaði að minnast á, er 3. töluliður í tillögunum, um að skýrsla um allar reikningsábyrgðir, sem úrskurðaðar eru á hverju ári, fylgi landsreikningnum framvegis. Jeg vildi heldur óska þess, að þessi liður yrði ekki samþykktur, því að þessi skýrsla er ekki lítið verk. Til þess að semja hana verður nefnilega að ganga í gegnum alla úrskurði hins liðna árs, og þeir munu að líkindum verða um 1000 talsins, og liggur það í augum uppi að slíkt er ærin tímatöf. Ennfremur verður að taka tillit til þeirra breytinga, sem gjörðar eru á eldri úrskurðum, því að slíkar breytingar koma fyrir, þótt þær sjeu ekki tíðar. Jeg ímynda mjer að samning þessarar skýrslu yrði að lenda á hinum umboðslega endurskoðanda, sem hefir öll skjölin undir hendi. En hann virðist, eptir því, sem jeg þekki til, hafa töluvert að starfa, einkum nú eptir að lögin um toll af kaffi og sykri eru komin í gildi. Auk þess er eptir skikkunarbrjefi hans ekki ætlazt til, að hann gefi þess konar skýrslur. Eptir því sem jeg þekki til, þá koma þessar ábyrgðir fram í jarðabókarsjóðsreikningnum. Hann er skýrslan yfir þær. Getur verið að einhver upphæð sje borguð inn í aðalfjárhirzluna, en hún kemur þá fram í landsreikningnum á fylgiskjalinu yfir óvissar tekjur. Sú skýrsla, sem nú er gefin, er allgreinileg; hún telur allar tekjur, sem landssjóður hefir fengið, og öll gjöld, sem hann á að borga, og jeg efast um, hvort yfirskoðunarmennirnir eiga að sjá um að meira sje gjört.

Páll Briem: Það eru nokkur atriði í athugasemdum yfirskoðunarmannanna, sem h. nefnd hefir ekki þótt ástæða til að taka upp í tillögu til þingsályktunar, og samkvæmt orðum hæstv. ldsh. get jeg fellt mig við það. Ef því verður fullnægt, sem hæstv. ldsh. tók fram, þá verður landsreikningurinn frá formsins hlið vel úr garði gjörður, og að ýmsu leyti hægri fyrir þingmenn og yfirskoðunarmenn, að átta sig á. Jeg tek það fram, að jeg er þakklátur hæstv. ldsh. fyrir það, hvernig hann hefir tekið athugasemdum yfirskoðunarmannanna, bæði fyrir hið fyrra fjárhagstímabil og þetta yfirstandandi. Þar sem hæstv. landsh. tók það fram, að landstjórnin óskaði og hefði leitazt við að fá því framgengt, að býlum fækkaði í Vestur-Skaptafellssýslu, þá skal jeg geta þess, að meiningin með fyrstu tillögu nefndarinnar mun ekki vera önnur en sú, að þingið einnig ljeti í ljósi, að því sama væri þar haldið fram, sem landstjórnin hefði byrjað á; því að öll þörf er á, að býlunum sje fækkað, og það er, eins og hæstv. ldsh. tók fram, nærri furða, hvernig menn geta framfleytt lífinu á smábýlum þeim, sem þar eru. Þótt sumir landsdrottnar sjeu svo skammsýnir að búta sundur jarðir sínar, til þess að hafa meira upp úr þeim

í svipinn, þá ætti landstjórnin ekki að ganga á undan öðrum í því, heldur þvert á móti leitast við að sjá um, að hver heimilisfaðir hefði svo stórt jarðnæði, að hægt væri á sómasamlegan hátt að framfleyta á því fjölskyldu. Að því er afgjaldaskrárnar snertir, þá hefir það, eins og þegar er tekið fram, verið regla í Norður- og Austurumdæminu, að þær væru prófaðar á manntalsþingum. Þetta er góð regla, og mæti leiguliði ekki á manntalsþingum, þá gefur hann til kynna með því, að hann treysti því að afgjaldaskráin sje rjett samin, að því er hann snertir. Við höfum ekki komið með þessa tillögu af því, að við byggjumst við, að eptirgjaldsskrár mundu verða falsaðar, eins og h. þm. Vestm. (I. E.) komst að orði, heldur af því að okkur þótti þessi aðferð tryggilegri ekki að eins fyrir landssjóð, heldur og fyrir leiguliða, sem þá fá að heyra, hverja skýrslu umboðsmaðurinn gefur landstjórninni. Viðvíkjandi því, sem h. þm. Vestm. (I. E.) vildi ekki að þessari reglu væru fylgt, þar sem sýslumaðurinn jafnframt væri umboðsmaður, þá má jeg þó fullyrða, að þessari reglu hefir verið fylgt í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og er þó sýslumaðurinn þar einnig umboðsmaður.

Eins og jeg tók fram áðan, þá er formið á landsreikningnum yfir höfuð gott, að eins er því ábótavant að því er snertir reikningsábyrgðir; með þeim geta yfirskoðunarmennirnir ekki haft fullt eptirlit, eins og nú stendur. Auðvitað má trúa því, sem endurskoðarinn segir um þær, en misgáningur getur átt sjer stað, og betur munu yfirskoðunarmennirnir kunna við, að sjá þær með eigin augum. Jarðabókarreikningurinn er ekki svo skýr, að yfirskoðunarmennirnir geti verið vissir í sinni sök. Því verð jeg að æskja þess, að 3. töluliður í tillögunum verði samþykktur.

H. þm. Vestm. (I. E.) sagði, að til þess að semja skýrsluna yrði að ganga í gegnum alla reikningsúrskurði, sem felldir hefðu verið á árinu. En það má teikna hjá sjer jafnóðum og úrskurðirnir eru felldir, hverjar eru reikningsábyrgðirnar. Á þann hátt verður fyrirhöfnin bæði í sjálfu sjer minni og skiptist jafnt niður á allt árið, og þá mundi alls eigi erfitt að semja skýrsluna.

Ólafur Briem: Viðvíkjandi afgjaldaskrám umboðsmanna skal jeg geta þess, að hvorki mjer nje meðnefndarmönnum mínum þótti þetta þýðingarmikið atriði, en þó hef jeg ekki getað sjeð af umræðunum, að það sje vafningamikið nje með öllu þýðingarlaust. Hæstv. ldsh. sagði, að hinn umboðslegi endurskoðari fengi eptirrit af öllum byggingarbrjefunum; það er nú gott; en betra væri þó að það sæist svart á hvítu, að ekkert byggingarbjefanna fjelli úr, þannig að hann sæi það ekki, því að jeg verð þó að telja vottorð sýslumanns enn fullkomnari sönnun þess, að umboðsmaður hafi ekki látið farast fyrir, að senda öll slík eptirrit. Í þessu finnst mjer engin tortryggni falin eða vefenging. Þess er líka að gæta, að vottorðin hljóða ekki eingöngu um afgjald jarðanna, heldur er þess einnig getið í vottorðunum, ef á þjóðjörð hafa fallizt til aukatekjur t. d. hvalreki eða annað þess konar happ. Að öðrum kosti gæti endurskoðarinn ekki haft trygging fyrir, að umboðsmaður hefði sent skýrslu um það í tíma.

Viðvíkjandi skuld nokkurra hreppa í Snæfellsnessýslu er þess að geta, að þótt nefndin væri á því, að hjer ætti að gilda hin sama regla sem annarstaðar um dráttarvexti, þá var ekki meining hennar að þessi regla skyldi ná til þess tíma, sem liðinn er, heldur að eins að henni yrði fylgt framvegis, því að bæði er sú upphæð, sem um er

að ræða, ekki mikil — hjer um bil 40 kr. — og í öðru lagi hefir ekki áður komið fram nein athugasemd gegn þeirri aðferð við útreikning vaxtanna, sem höfð hefir verið að undanförnu.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd viðvíkjandi 15. gr. 3. tölulið í reikningnum 1889. Jeg álít að það sem þar er talað um, eigi ekki að koma til umræðu nú, heldur heyri undir reikningslagafrumv. Eigi að síður skal jeg geta þess þegar, að jeg er því atriði ekki fullkomlega samþykkur.

Ef það er meining h. framsögum. (Ól. Br.) að skýrslur um aukatekjur umboða, hvalreka og önnur höpp sjeu prófaðar á manntalsþingum ásamt afgjaldsskránum, þá er tillagan í 4. tölulið ekki nákvæmlega orðuð og væri ástæða til að hafa hana skýrari.

Indriði Einarsson: Jeg ætla að gjöra örstutta athugasemd við ræðu h. framsögum. (Ól. Br.); hann sagði, að það þyrfti að prófa afgjaldaskrárnar á manntalsþingum, til þess að ganga úr skugga um, hvaða aukatekjur umboðsjörðum hefði hlotnazt. En jeg held að þessa sje ekki þörf, því að umboðsmaðurinn getur fengið sjerstakt vottorð hjá sýslumanni um þær, enda er slíkt venja.

Jeg skal koma með dálitla leiðrjettingu við það, sem jeg sagði áðan, að í þau 12 ár, sem jeg hefði verið endurskoðandi, hefði það að eins komið einu sinni fyrir, að skýrslu sýslumanns og umboðsmanns hefði ekki borið saman; þetta er rjett, en munurinn voru að eins 33 aurar, sem sýslumaður sagði afgjaldið hærra en umboðsmaður, en, eins og jeg gat um áðan, reyndist skýrsla umboðsmanns rjett. Þetta er hið eina dæmi um ágreining, sem jeg man eptir.

Framsögum. (Ólafur Briem): Nefndinni var það kunnugt, að þar sem það er venja að prófa afgjaldaskrár á manntalsþingum, þá er jafnframt ritað á þær vottorð um aukatekjur, ef þær hafa til fallizt, og því fannst nefndinni ekki þörf á að tilgreina þær sjerstaklega. H. þm. Vestm. (I. E.) gaf þá upplýsingu að sýslumenn væru vanir að gefa sjerstakt vottorð um slíkar aukatekjur; en til þess að slíkt vottorð geti verið fulltryggt, finnst mjer þurfa að það sje byggt á því, sem upplýsist á manntalsþingi, því að ekki er víst, að sýslumaður sje svo kunnugur, að hann geti gefið áreiðanlegt vottorð, nema hann taki skýrslu hlutaðeigandi leiguliða. Jeg vil því að nefndin taki til íhugunar, hvort ekki sje ástæða tll að gjöra bót í þá átt, að þessi skýrsla sje tekin um leið og afgjaldaskráin er prófuð.

ATKVÆÐAGR.: 1. till. samþ. með 20 atkv.; 2. og 3. till. samþ. með 19 atkv. hvor; 4. till. samþ. með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
Árni Jónsson,	Gunnar Halldórss.,
Bened. Sveinsson,	Jens Pálsson,
Eiríkur Briem,	Jón Þórarinsson,
Jón Jónss., þm. N.-M.,	Olafur Pálsson,
Jón Jónss., þm. N.-Þ.,	Skúli Thoroddsen,
Lárus Halldórsson,	Sveinn Eiríksson,
Olafur Briem,	Þorl. Guðmundss.,
Ólafur Ólafsson,	
Páll Briem,	
Sigurður Gunnarsson,	
Sigurður Stefánsson,	
Þorvarður Kjerúlf.	

Indriði Einarsson greiddi ekki atkv., en var talinn með meiri hlutanum; 5. og 6. till. samþ. í eina hlj. hvor.

Tillögunum vísað til síðari umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 121, 147, 185); 3. umr.

Flutningsm. (Jón Jónsson, þm. N.-Múl.):

Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frumv., það hefir fengið svo góðan byr í þessari h. þingd., að jeg vona að það verði samþ., og það því fremur, sem við flutningsm. ásamt fleirum h. þingdm. höfum komið fram með breytingartill., sem miða til, að gjöra frumv. aðgengilegra, en það áður þótti vera. Það hafði af vangá fallið úr hinu upphaflega frumv., að þeir sem um brauðin sæktu, yrðu að hafa fullnægt hinum almennu skilyrðum fyrir því, að geta haft á hendi prestsembætti í þjóðkirkjunni. Úr þessari vangá vildum við flutningsmenn breytingartillögunnar bæta, með breytingunni við 1. gr. frumv. Sömuleiðis höfum við lagt það til að orðin: »ef þeir eru 21 árs« falli burt, en í þess stað komi: »Ef þeir eru komnir til lögaldurs«. Það er stungið upp á þessari breytingu til þess, að takmarka kosningarrjettinn, sem í augum sumra þingdm. er of rúmur eptir sjálfu frv. Aptur hafa aðrir 6 h. þingdm. komið með breyt.till. í sömu átt og breyt.till. vor, er jeg nefndi síðast, en þeir vilja þar að auki láta breyta orðunum í frv.: sem »heimili« eiga í prestakallinu, og setja í þess stað: sem »búsettir« eru í prestakallinu. Við flutningsm. höfum að vísu ekki mikið við þessa breytingu að athuga, en vildum heldur orða frv. eins og við höfum gjört, af því vjer þóttumst vita, að þjóðin og landstjórnin skildu orðið »búsettur« sitt á hvern veg. Þessir 6 h. þingdm. hafa að líkindum álitið heppilegra, að hafa þetta eins og er í hinum gildandi lögum um hluttöku safnaða í veitingu brauða. Okkur þótti aptur á móti rjettara, að breyta orðum hinna gildandi laga að þessu leyti, þar sem óvissa er hjer á landi um þýðingu orðsins »búsettur«. Jeg vona þess vegna að breytingartill. vorri verði vel tekið hjer i h. þingd.

Skúli Thoroddsen: Af því að jeg, ásamt 5 öðrum h. þingdm. hefi komið með breyt.till. (C. 147) við 1. gr. frv., sem fer í svipaða átt eins og breyt.till. sú, sem h. flutningsm. nú gat um, þá skal jeg gjöra þá athugasemd, að þegar vjer komum fram með breytingartill. þessa, þá vissum vjer eigi, að h. flutningsmenn frumv. mundu bera fram breytingartill. þá, sem nú liggur fyrir. Í öðru lagi skal jeg geta þess, að þegar vjer gjörðum breyt.till. um að orða síðasta kaflann í 1. gr. frumv. eins og gjört er í lögunum um hluttöku safnaða í veitingu brauða 8. jan. 1886, þá vakti það engan veginn fyrir oss, að spilla fyrir málinu, heldur þvert á móti, að gjöra það aðgengilegra til samþykktar fyrir h. þingd. og fyrir landsstjórnina. Það vakti og fyrir mjer, er jeg skrifaði undir breyt.till. vor 6 þingdm., að ef aðgangurinn til að taka þátt í kosningu presta yrði of breiður, þá gæti svo farið, að söfnuðirnir misstu meira en þeir græddu við lögin, þar sem lögin um hluttöku safnaða í veitingu brauða frá 8. jan. 1886 kveða svo á í 9. gr., að að minnsta kosti helmingur safnaðarlima þeirra í prestakallinu, er kosningarrjett hafa, verði að taka þátt í kosningunni, og umsækjandi hljóti að minnsta kosti helming atkvæða þeirra, sem greidd hafa verið, til þess að kosningin geti verið gild. Ef þess vegna ekki mæta á kosningarfundi svo margir safnaðarlimir, sem jeg nefndi — og við því er því hættara, sem fleiri hafa kosningarrjett —, þá er hluttökurjettur safnaðarins til að veita brauðið genginn úr greipum safnaðarins til landsstjórnarinnar. Það er einmitt þetta, sem jeg er hræddur við, og sem jeg vil forðast sem mest. Það mætti kannske segja, að breyta mætti 3. gr. laganna á þann hátt að ákveða, að endurkosning skuli fram fara, et ekki mæta nógu margir á kosningarfundi eða enginn umsækj-

anda fær næga tölu atkvæða. En við það er að athuga, að vegna strjálbyggðar landsins hefði þessi aðferð of mikinn drátt í för með sjer fyrir veitingu prestakallsins. Annars hefir það ekki opt komið fyrir, að prestskosning hafi orðið ólögmæt, þannig, að hluttökurjettur safnaðarins hafi gengið honum úr greipum og til landsstjórnarinnar. En þó eru þessa dæmi og skal jeg því til sönnunar skírskota til landshöfðingjabrjefs 24. jan. 1889 um ólögmæti prestskosningar í Kirkjubæjarprestakalli í Hróarstungu. Með brjefi þessu veitir landshöfðingi brauðið Einari Jónssyni á Miklabæ, og munu allir viðurkenna, að sú veiting hafi farið vel og að sá hafi hlotið embættið, sem í alla staði var vel til þess fallinn. En samt sem áður get jeg ekki neitað því, að þessi úrskurður landshöfðingja hneykslaði mig stórlega, af því að landshöfðingi veitti brauðið einmitt þeim umsækjanda, sem fengið hafði langfæst atkvæði hjá söfnuðinum. Þennan úrskurð lagði landshöfðingi á málið, af því að nokkrir kjósendur í prestakallinu, sem ekki höfðu nennt að mæta á kosningarfundinum, lýstu yfir óánægju sinni með kosninguna og álitu, að hún hefði ekki farið sem bezt fram. En eptir sjálfum lögunum um hluttöku safnaða í veitingu brauða (9. gr.) á þó landshöfðingi við veitingu þess prestakalls, þar sem kosning hefir orðið ólögmæt, að »taka tillit til þeirra óska, er hafa komið fram af hálfu safnaðanna«, og hvar koma óskirnar betur fram en á kosningarfundinum? Sem sagt, það er af hræðslu við það, að opt geti komið fyrir, að veitingarrjetturinn gangi undan söfnuðunum og til landsstjórnarinnar, að jeg vil ekki að kosningarrjetturinn sje í bráð gjörður rýmri en nú er. Breyt.till. h. flutningsmanna gengur í sömu átt og þessi breyt.till. vor, þar sem hún bindur kosningarrjettinn við lögaldur. Við það er ekki annað að athuga en það, að ef lögaldurstakmarkinu verður breytt, þá breytist líka tala þeirra, er rjett hafa til að kjósa presta.

Það er rjett, sem h. flutningsm. (J. J. þm. N.-Múl.) tók fram um orðið »búseta«. Það getur verið og hefir verið ágreiningur um, hvernig skilja eigi það orð; en jeg hygg þó, að ef lög 8. jan. 1886 hefðu að eins viljað veita bændum atkvæðisrjett, þá mundi í lögunum hafa verið notað orðið: »búendur«, en eigi »búsettir«. Að svo mæltu skal jeg ekki fara fleiri orðum um málið, en að eins óska þess, að h. þingd. samþykki breyt.-till. vor 6 þingdm. á 73. þingskj.

Sigurður Jensson: Jeg sje, að nokkrir h. þm. hafa beðið um nafnakall, en jeg kann ekki við að greiða atkvæði á móti frumv., nema jeg gjöri áður grein fyrir, af hverju jeg gjöri það. Mjer finnst nokkuð athugavert við þetta frumv., ef það verður að lögum, og skal jeg með fáum orðum skýra frá því. Jeg áliti alveg rjettlátt og eðlilegt, að söfnuðirnir rjeði sjálfir presta sína án nokkurra afskipta landsstjórnarinnar, ef söfnuðirnir launuðu prestum sínum algjörlega af eigin fje; en það er öllum vitanlegt, að þetta er ekki svo, heldur hafa prestar að miklu leyti laun sín af jarðaábúð og jarðaafgjöldum eða úr landssjóði, en þetta er ekki eign eins einstaks safnaðar, heldur er það eign þjóðfjelagsins. Enn fremur er það athugavert, að þessu almenna fje er ekki skipt jafnt milli allra safnaða, heldur mjög misjafnt. Brauðin eru mjög misjöfn að tekjum, ekki af því að sumir söfnuðir gjaldi prestum sínum meira en aðrir, heldur af því hinum opinberu eignum er svo misjafnt úthlutað; og í þessu er ekki svo sem ætti að vera farið eptir því, hve erfið prestsþjónustan er í prestaköllunum, heldur þvert á móti. Vjer vitum og, að opt er hægt brauð vel

launað, og að miklu optar er erfitt brauð illa launað. Afleiðingin af þessum lögum verður sú, að söfnuðirnir í góðu og hægu brauðunum fá þau rjettindi fram yfir alla aðra söfnuði, að mega velja úr prestunum. Það er óhætt að gjöra ráð fyrir að þeir verði jafnan flestir, sem sækja um góðu brauðin, en hin lakari eða þau brauð, sem eru bæði erfið og í tiltölu við örðugleikana illa launuð, um þau munu ekki sækja aðrir en þeir, sem ekki geta fengið annað, þeir sem standa hinum að baki í dugnaði og að hæfilegleikum. En nú verðum vjer allir að játa, að hvergi er fremur þörf á duglegum prestum en í erfiðum brauðum. Mjer finnst þetta ekki rjettlátt, jeg tala ekki um gagnvart prestunum, heldur og gagnvart söfnuðunum. Ef veitingarvaldið á eingöngu að vera hjá söfnuðunum, en takast alveg frá kirkju- og landsstjórninni, þá finnst mjer það ekki rjett, nema jafnað verði um leið rjettlátlega þeim styrk, sem einstakir söfnuðir fá til að borga prestum sínum. Það má gjöra ráð fyrir, ef frumv. þetta yrði að lögum, þá standi það nokkurn tíma, því líklega er ekki ætlazt til, að það sje að eins fyrir stuttan tíma. Ef þá þessi lög stæðu í langan tíma, þá færu söfnuðirnir að skoða þetta landsfje sem sína eign, sem þó ekki er, og yrði þá óvinsælla, að fara að jafna á milli þeirra. Mjer sýnist þetta athugavert, og vona að fleiri þingmenn verði mjer samdóma um það. Jeg vil taka til dæmis, ef til þess kæmi, að farið væri að búa til læknakosningalög — það gæti hugsazt og væri ekkert óeðlilegt að menn fengju að kjósa sjer lækni, eins og þeir fá að kjósa sjer prest, — þá mundum vjer ekki fara svo að, að gefa einu hjeraðinu 500 kr., öðru 1000 kr., hinu þriðja 1500 kr., og segja svo við hjeraðsbúa: »Nú getið þið útvegað yður sjálfir lækni, hvern sem þið viljið og getið fengið«. Ef gjörður væri munur á launununum, þá væri það þannig, að tekið væri tillit til þess, að sum hjeruðin eru erfiðari en sum. Eins finnst mjer ætti að vera með prestaköllin; ef það á að verða svo eptirleiðis, að landsstjórnin hafi engin afskipti af veitingu brauðanna, þá er nauðsynlegt að jafna betur milli safnaðanna þeim styrk, sem þeir fá til að launa prestum sínum.

Flutningsm. (*Jón Jónsson*, þm. N.-Múl.): Jeg hef ekki margt að athuga við ræðu h. þm. Barðstr. (S. J.). Mjer virðist hann skoða þetta mál sem peningaspursmál, og fyrst hann getur eigi skoðað það öðruvísi, þá er ekkert hægt að tala um það efni við hann. Okkur flutningsmönnum frumv. datt ekki í hug að skoða það sem peningaspursmál. Við höfðum að eins það í huga, að söfnuðirnir gætu fengið að kjósa þá presta, sem væru þeim mest að skapi. Jeg fæ ekki sjeð, að það sje ástæða til að neita mönnum í betri brauðum um að geta valið um alla þá presta, sem þeim bjóðast og sem þeir sjálfir vilja, þó að til sjeu brauð, sem fáir prestar sækja um. Jeg ætla ekki að þræta um það, hvort söfnuðir launi prestum sínum að mestu eða öllu leyti. En jeg hjelt, að öllum sem nokkað hafa hugsað um það mundi ekki geta dulizt það, að söfnuðirnir launi þó prestum að mestu leyti. Því þó sumt af launununum komi úr landssjóði, þá mun flestum koma saman um, að þau laun sjeu þó upphaflega borguð af söfnuðunum. Vitanlega eru til einstaka prestatekjur, sem ekki koma beinlínis frá prestaköllunum, en um það getur verið mismunandi skoðun, hvort eignir þær, sem þessar tekjur eru af, sjeu eign þjóðfjelagsins eða kirkjunnar.

H. 1. þm. Eyf. sagði, að orðið búsettur þýddi að sinni meiningu sama og að vera heimilisfastur í hreppnum, því þegar talað væri um bændur, þá væri

jafnan sagt búandi menn, en ekki búsettir. Mjer virðist því h. þm. (Sk. Th.) leggja sama skilning í orðið búsettur, eins og við flutningsm. frumv. vildum að í það væri lagður. Jeg get því ekki skilið, að honum sje kappsmál að halda fram breytingaratkv., sem eptir hans skilningi hefir sömu þýðingu, en er tvíræðlegar orðað en frumv.

Sigurður Jensson: Jeg þarf ekki að svara mörgu ræðu h. þm., er niður var að setjast (J. J.); hann fór ekki svo mikið út í það sem jeg talaði um. Hann sagðist ekki skoða þetta mál sem peningaspursmál, og hneykslaðist á því, að jeg skyldi skoða það svo; jeg skal ekki þræta við hann um það, en jeg verð að álíta, að honum hefði verið þörf að hugsa þetta mál ítarlegar, og þar með þá hlið málsins, sem jeg benti á, áður en hann fór að gefa lög um þetta. Hvort sem það kemur sjer vel eða illa, álít jeg það skyldu mína að benda á það, sem mjer finnst athugavert við þetta eða önnur mál, og verður þingmaðurinn að sætta sig við það, þó jeg verði ekki alveg samdóma honum.

Flutningsm. (*Jón Jónsson*, þm. N.-Múl.): Jeg ætla einungis að lýsa yfir því, að jeg finn ekki ástæðu til að svara ræðu h. þm. Barðstr. (S. J.).

Landshöfðingi: Jeg ætla einungis að láta í ljósi, að jeg er fullkomlega samdóma h. þm. Barðstr. (S. J.) um, að hinir einstöku söfnuðir geti ekki átt heimting á að fá að vera einráðir um prestakosningar, meðan þeir ekki launa presta sína að öllu leyti. Prestar eru ekki starfsmenn einstakra safnaða, heldur alls þjóðfjelagsins. Það tjáir ekki, úr því kirkjustjórnin hefir eptirlit með prestum, að hún ráði ekki nokkru um, hvort sá fær embætti, sem hún álítur hæfan eða ekki; þótt hún ráði ekki alveg, þá hlýtur hún að hafa rjett til að undanskilja þá eða þann, sem hún álítur óhæfan.

Jeg held líka, að hún hafi eigi neitt vanbrúkað þann rjett svo, að nauðsyn beri til að draga hann úr höndum henni, og mætti vel benda á, að söfnuðir hafa ekki farið betur með það vald í þessu efni, sem þeim hefir verið veitt, þó þeim þyki það lítið. Að öðru leyti get jeg ekki annað en getið þess, að mjer sýnist ekki betur, en að h. deild sje allmjög mislagðar hendur, að því er snertir meðferð hennar á kirkjulegum málefnum, þar sem jeg sje ekki betur, en hún hafi fyrir tveim dögum síðan greitt atkvæði fyrir því, að nokkrir söfnuðir skyldu verða sviptir allri hlutdeild í að ákveða, hvaða presta þeir ættu að hafa (söfnuðir á Mýrunum), en í dag vill hún veita söfnuðum ótakmarkaðan rjett og fullkomið vald í þessu efni.

Skúli Thoroddsen: Ræða hæstv. landsh. gaf mjer tilefni til að taka til máls. Hann sagði, eins og alveg er rjett, að prestarnir væru að nokkru leyti starfsmenn þjóðfjelagsins, og að landsstjórnin ætti því að hafa eptirlit með þeim. En af þessari eptirlitskyldu leiðir, að minni hyggju, alls eigi, að landshöfðingi þurfi að vera móthverfur frumv. því, sem hjer er um að ræða. Landsstjórnin getur, þótt frumv. þetta yrði að lögum, fyllilega fullnægt eptirlitsskyldu sinni; hún hefir eptir sem áður allt hið sama vald gagnvart prestunum, sem nú er; hún getur áminnt þá, sektað þá, vikið þeim frá embætti um stundar sakir, og enda fyrir fullt og allt. Hæstv. landsh. talaði um, að landsstjórnin yrði að hafa veitingarvaldið í höndum, til þess að sjá um, að embættið yrði veitt hæfum en ekki óhæfum manni; en jeg get ekki sjeð, hvar þessi orð hæstv. landsh. eiga við, þar sem lands-

stjórninni eigi verða boðnir aðrir umsækjendur en þeir, er fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir að hafa prestsþjónustu á hendi í þjóðkirkjunni; og hvað getur hún heimtað meira? Mjer finnst og, að landsstjórninni hafi ekki æfinlega farið svo hönduglega að útbýta þessum bitlingum, að ákjósanlegt sje, að hún hafi veitingarvaldið í höndum sjer, frekar en frumv. þetta gjörir ráð fyrir, enda er sambandinu milli prests og safnaða þannig háttað, að ekkert er eðlilegra, en að söfnuðir hafi fullan rjett til að kjósa presta sína. Hæstv. landsh. þótti deildinni mislagðar hendur, er hún vildi nú gefa söfnuðum ótakmarkað vald til að kjósa presta sína, en hefði rjett nýlega svipt 3 söfnuði atkvæðisrjetti um það, hverja presta þeir skyldu fá; en jeg sje ekki betur en þótt deildin vildi að 3 en ekki 4 prestaköll væru á svæði því í Mýrasýslu, sem ræðir um í stjórnarfrumv. því, sem h. deild felldi og hæstv. landshöfðingi mun hafa átt við, jeg sje ekki betur, segi jeg, en að þessir söfnuðir hafi eptir sem áður sama atkvæðisrjett um prestskosningu hjá sjer sem aðrir söfnuðir á Íslandi og deildin sje sjálfri sjer alveg samkvæm, þótt hún felldi áðurnefnt stjórnarfrumv., en aðhyllist frumv. það um prestakosningu, sem hjer liggur fyrir. (*Landsh.:* Jeg skil ekki). Jeg hjelt, að jeg þyrfti ekki að skýra þetta ljósara, því að mjer finnst það liggja í augum uppi, að hver þessara safnaða hefir sama rjett til að kjósa sjer prest, þegar til kemur, sem aðrir söfnuðir. Jeg get ekki skýrt þetta betur, og skilning get jeg ekki gefið. — Jeg fylgi fram þessu frumv. af því, að jeg álít eðlilegt, að söfnuðir hafi þann rjett, sem frumv. heimilar þeim, og að hann sje betur kominn í þeirra höndum, en í höndum landsstjórnarinnar.

Viðvíkjandi því, sem h. þm. Barðstr. (S. J.) sagði, er það að vísu satt, að prestaköllin eru misjöfn, en jeg fæ eigi sjeð, hvað það kemur þessu máli við. Það er á valdi þingsins að jafna prestaköllin, og jeg hefi ekki neitt á móti, þótt það gjörði það; sá var og sjerstaklega tilgangur laganna um skipun prestakalla 1880, þótt nú virðist svo, sem margir vilji algjörlega umturna þeim, og koma öllu í sama horfið sem áður var.

Jeg get annars eigi látið vera í sambandi við þetta mál, að lýsa því yfir, að mig furðar stórlega, hve natin hin háttv. stjórn er í því, að hlaupa eptir alls konar hreppavilja, t. d. um breyting prestakalla; en hins vegar hef jeg eigi orðið var við, að stjórnin hafi látið sjer annt um, að leggja fyrir þingið frumv. til þess að fullnægja þeim almennings óskum, sem ár eptir ár koma fram á almennum mannfundum í flestum hjeruðum landsins, og sem landinu horfa til framfara; og virðist mjer í þessu lýsa sjer lítil samkvæmni hjá h. stjórn.

Ólafur Ólafsson: Mig furðaði á, að hæstv. landsh. kvaðst samdóma h. þm. Barðstr. (S. J.). (*Landsh.:* Jeg sagðist vera honum samdóma í einu atriði). Það get jeg betur skilið, að hæstv. landsh. hafi ekki verið samdóma öllu, er h. þm. (S. J.) sagði, því að mjer fannst ræða hans byggð á mjög veikum grundvelli. Hann vildi ekki, að veitingarvaldið væri selt söfnuðunum í hendur, í fyrsta lagi af því, að þá mundu engir prestar fást í rýrðarbrauðin, og í öðru lagi af því, að söfnuðirnir launi ekki prestum sínum. Jeg veit ekki betur en að mörg brauð hafi staðið laus og standi laus, þótt stjórnin veiti þau, enda útvegar hún ekki presta í brauðin, og eins mun verða eptirleiðis. Jeg veit ekki til, að stjórnin hafi sýnt af sjer aðra eða meiri rögg, er rýr brauð hafa verið og eru

laus, en þá, að láta næstu presta þjóna þeim, hún getur engan sent nauðugan í þau, þó hún vildi. Þetta mundi verða eins eptirleiðis, þó að veitingarvaldið kæmist frekar en nú er í höndur safnaðanna. Þessi ástæða h. þm. Barðstr. (S. J.) hefir þá ekki hina minnstu þýðingu. En hvað hitt atriðið snertir, þá mun mega segja, að yfir höfuð launi söfnuðir prestum sínum; að minnsta kosti er eitt víst, að ekki gjörir stjórnin það. Það eru söfnuðirnir, sem gjalda prestunum dagsverk, lambsfóður, tíundir og fyrir aukaverk, en stjórnin ekki.

Hæstv. landsh. sagði, að stjórnin hefði ekki eða aldrei misbrúkaði veitingarvald sitt. Jeg skal ekkert um það segja, ekki áfella hana og heldur ekki afsaka; það er henni gott, ef hún hefir góða samvizku. En eitt þori jeg að fullyrða, og það er það, að fyrir hefir komið optar en einu sinni og optar en tvisvar, að stjórnin hefir sent söfnuðum þá presta, sem söfnuðirnir alls ekki vildu; og hvað meira er, að stjórnin hefir ekki gjört þetta í blindni, heldur hefir henni verið vel kunnugt um það. En það vita allir, hvílíka þýðingu það hefir fyrir safnaðar- og trúarlíf, að presturinn sje söfnuðinum kærkominn. Trúar- og safnaðarlífið hjer á landi er ekki svo blómlegt, að eigi sje þörf á að hlynna að því með öllu móti, og það verður að álítast skylda vor, að stíga hvert það spor, sem því getur verið til eflingar. Að minnsta kosti ætla jeg að prestar og ekki síst prófastar skilji það.

Landshöfðingi: Jeg skal stuttlega gjöra grein fyrir, að hverju leyti mjer finnst h. deild mislagðar hendur, er hún skammtar söfnuðum rjett til að kjósa sjer presta. Það getur verið, að jeg hafi talað óljóst, en meining mín var sú, að eptir þeim málalokum, sem urðu hjer í deildinni á laugardaginn, um frv. um brauðaskipun á Mýrunum, þá verði í Álptatungusókn skipaður prestur, sem ekki var þar áður og sem söfnuðurinn þar á engan kost á að greiða atkvæði um, hvort hann vilji hann eða ekki. Sama er að segja um Kolbeinsstaðasókn og Staðarhraunssókn; í öllum þessum þrem sóknum hefir h. deild svipt sóknarmenn færi á að láta uppi vilja sinn og ósk um presta sína. Þetta meinti jeg með því, er jeg sagði, að deildin hefði á laugardaginn svipt söfnuði atkvæðisrjetti um prestakosningar, og mun jeg geta staðið við það. Jeg býst ekki við, að h. þm. Eyf. (Sk. Th.) skilji þetta á sama hátt og jeg, og þar sem hann brá mjer um, að það væri af skilningsleysi mínu, að jeg áliti, að deildin hefði sýnt ósamkvæmni, þá skal jeg ekki keppa um skilning við hann, en jeg tek þetta fram gagnvart öðrum h. deildarm.

Jeg tek það fram út af orðum h. þm. Rangv. (Ól. Ól.), að jeg er samþykkur h. þm. Barðst. (S. J.) í því atriði, að á meðan prestunum er ekki launað að öllu leyti af söfnuðunum, þá eigi ekki heldur fullkominn kosningarrjettur prestanna að vera í höndum safnaðanna á meðan. Annað sagði jeg ekki um ræðu h. þm. (S. J.); jeg sagði ekkert um, hvort jeg væri honum samþykkur í öðrum atriðum hennar eða ekki.

Páll Briem: Jeg vil einungis leyfa mjer að mótmæla nokkrum orðum, sem voru töluð hjer í salnum rjett áðan. H. 1. þm. Eyf. (S. Th.) brigzlaði stjórninni um, að hún hlypi of mjög eptir hreppavilja, en í þessu var ekki um annað að ræða en vilja hlutaðeigandi safnaða um brauðaskipun. Jeg fyrir mitt leyti er stjórninni þakklátur, ef hún gerir sjer það að reglu að fylgja áliti manna í sveitum í þeim málum, er þá varða, og jeg vil mótmæla því, að það sje rjett að ámæla stjórninni, ef hún gerir þetta. (*Sk. Thor.:* Jeg talaði um ósamkvæmni stjórnarinnar).

Mjer finnst miklu fremur ástæða til að álasa henni, ef hún tæki ekkert tillit til vilja sveitarbúa í þess konar málum. Ef stjórnin gerir sjer það að reglu, að taka tillit til vilja sveitarmanna í þeim málum, er mest snerta þá sjálfa, þá álít jeg að hún sje komin á þann rekspöl, að hún muni síðar taka tillit til vilja hjeraðsmanna í hjeraðsmálum og landsmanna í landsmálum.

Lárus Halldórsson: Það situr kannske ekki á mjer, sem er utanþjóðkirkjuprestur, að skipta mjer af þessu máli, en það er þó sjerstaklega eitt atriði í ræðu hæstv. landsh., sem jeg vildi leyfa mjer að fara nokkrum orðum um. Mjer fannst hann ámæla h. þingd. fyrir framkomu hennar í einu máli á síðasta fundi, í máli sem hæstv. landsh. að líkindum hefur fallið illa að var fellt. Mjer fannst hann tala um ósamkvæmni í framkomu þingd.m., en jeg held, að hún sje ekki til nema í hugsun hæstv. landsh.

Það er að sjá sem hæstv. landsh. taki nú svo sárt til safnaðanna og sje svo feykilega annt um að þeir megi ráða, hvaða presta þeir fái, en jeg hygg, að veitingarvaldinu hafi eigi ávallt verið svona sárt um vilja safnaðanna; eru ekki nein dæmi til þess, að veitingarvaldið hafi misbeitt valdi sínu til að koma prestum að þvert á móti vilja safnaðanna? (*Landsh.:* Það er bezt að nefna þessi dæmi). Jeg skal nefna Breiðdalsdæmið og Þingmúladæmið, enda vöktu þær veitingar megna óánægju, og jeg held jeg megi fullyrða, að kærur hafi komið hingað suður út úr veitingu Heydala í Breiðdal. Jeg skal segja nokkuð nákvæmar frá veitingunni á Þingmúla og Hallormsstað, því að hún er svo ný, og hún er orsök þess, að hugir manna þar um slóðir eru í svo mikilli ólgu, að hin mikils megandi kirkjustjórn getur ef til vill átt fullt í fangi með að bæla hana niður. Jeg vil einnig nefna sem dæmi veitinguna á Hofi í Vopnafirði og Hólmum í Reyðarfirði.

Presturinn í Þingmúla andaðist síðastliðið haust, en um sama leyti og átti að veita brauðið dó presturinn í Vallanesi. (*Forseti:* Þetta kemur ekki eiginlega málinu við). Jeg tilnefni þessi dæmi til þess að sýna, að full nauðsyn sje til, að frumv. verði samþykkt, en jeg skal fara fljótt yfir sögu: um brauðið sóttu 3 prestar, nefnilega Magnús Blöndal, sem brauðið var veitt, Jón Bjarnason, faðir Magnúsar Blöndal, og hinn 3. var Þórarinn Þórarinsson, sem var mörgum þar eystra kunnur, og sem margir þar munu hafa óskað að fengi brauðið, en veitingarvaldið strykaði hann út. Þegar þessu var lokið tók faðirinn aptur umsóknina gegn syni sínum. Eptir mínum skilningi hefði nú átt að setja hinn 3. umsækjanda inn í stað hans; þetta var þó ekki gert, heldur var söfnuðunum gefinn kostur á að segja, hvort þeir vildu heldur hafa Magnús Blöndal eða engan, eptir reglunni sem gildir, þegar að eins einn prestur sækir. Skriðdælingar svöruðu því svo, að þeir kysu hann, ef hann yrði ekki prestur annars safnaðar en þeirra einna, Skógamenn sögðust ekki vilja hafa hann, en síðar hef jeg lesið í Ísafold, að brauðið væri veitt samkvæmt yfirlýsingu safnaðanna. Jeg vona, að h. þingd.m. sjái, að þessi orð: samkvæmt yfirlýsingu safnaðanna, eru í öllu falli ekki rjett.

Ef nokkuð er eðlilegur rjettur safnaðanna, þá er það þetta, að þeir fái að kjósa presta sína. Ef menn vilja halda saman þjóðkirkjunni, þá finnst mjer athugavert að varna söfnuðunum þessa rjettar, því annars geta þeir sagt sig úr þjóðkirkjunni og skilið við hana.

Landshöfðingi: Allt þetta mál um

veitingar á ýmsum brauðum kemur reyndar ekki því máli við, sem liggur fyrir, en jeg neyðist til að bera hönd fyrir höfuð veitingarvaldsins. Þar sem hinn h. þm. S.-Múlas. (L. H.) átaldi veitingarvaldið svo harðlega fyrir veitinguna á Þingmúla nú í vor, þá skal jeg geta þess, að einn af umsækjendum þeim, sem hann nefndi, hef jeg ekki heyrt nefndan sem sækjanda fyr en nú, og hef aldrei sjeð neitt umsóknarbrjef frá honum. Hinir 3 umsækjendur um brauðið voru þessir: Magnús Blöndal, sjera Jón Bjarnason faðir hans, og sjera Jón Jónsson á Hofi á Skagaströnd. Að sjera Þórarinn Þórarinsson hafi verið strykaður út er því tilhæfulaust, og jeg vil frábiðja mjer þá sögusögn, en h. þingd.m. geta dæmt um, hvort það hafi verið hneyksli að stryka sjera Jón Jónsson út, sem einu sinni var prestur að Kvíabekk. Sjera Jón Bjarnason tók heldur ekki sína umsókn til baka fyrir veitingarvaldinu, en það getur verið, að hann hafi gert það fyrir prófasti eða söfnuði. Veitingarvaldinu var því ekki auðið að setja annan umsækjanda í hans stað.

Að því er snertir hitt dæmið, Heydali í Breiðdal, þá er að vísu satt, að þar var strykaður út sómaprestur, sjera Guttormur á Stöð, en það var vegna þess, að hann var nýbúinn að fá Stöð eptir eindregnum meðmælum safnaðarins, og það hefur hingað til verið regla að láta presta ekki hlaupa úr brauði eptir 1 eða 2 ár, kannske til að bola aðra heiðvirða presta frá. Veitingarvaldið hefur ekki viljað kannast við, að brauðin væru handa prestunum, heldur prestarnir handa brauðunum.

Jeg vísa því á bug, þó einn af söfnuðunum (Þingmúla söfnuður) hafi sagzt vilja hafa sjerstakan prest fyrir sig, því að söfnuðirnir hafa ekki leyfi til að setja skilyrði, sem koma í bága við gildandi lög, en gildandi lög segja, að Þingmúlasöfnuður eigi að hafa prest saman við Hallormsstaða- og Vallaness söfnuði. Auk þess mæla prestakosningarlögin svo fyrir, að þegar að eins 1 umsækjandi er um brauð, þá skuli leitað tillögu safnaðanna um, hvort þeir vilji heldur hafa hann, eða að nágrannaprestar þjóni brauðinu fyrst um sinn, en eptir því sem mjer hefir verið skýrt frá, er það mjög erfitt fyrir nágrannapresta að þjóna Þingmúlasöfnuði.

Lárus Halldórsson: Mjer þykir það leitt, að jeg hef nefnt rangan mann, en mjer var sagt þannig frá fyrir austan. Að öðru leyti er nafnið ekki aðalatriðið, heldur hitt, að yfirlýsing safnaðanna fór í gagnstæða átt við það sem sagt var í Ísafold, að veitingin væri á byggð.

Að því er snertir veitinguna á Heydölum í Breiðdal, þá mátti vel nefna sjera Benidikt Eyjólfsson, sem margir í söfnuðinum hefðu gjarnan viljað fá, en hæstv. landsh. nefndi einungis sjera Guttorm Vigfússon. Jeg vil einnig taka það fram — en jeg ábyrgist það ekki, því það er annara sögusögn — að einn af þeim prestum, sem þá voru í kjöri fjekk þann vitnisburð frá kirkjustjórninni, að hann hefði ekki átt því láni að fagna að geta komið sjer saman við sína sóknarmenn.

Að því er annað snertir en nafn þessa eina umsækjanda um Þingmúla, finn jeg enga ástæðu til að taka neitt aptur, einkum þegar jeg lít á veitinguna á Hofi og Hólmum og enda fleiri brauðum.

Landshöfðingi: Jeg verð að leggja áherzlu á það, að h. þm. S.-Múlas. (L. H.) sagði, að við veitinguna á Þingmála og Hallormsstað hefði veitingarvaldið strykað út þann mann, sem hefði verið mörgum í söfnuðinum kunnur

og sem margir hefðu óskað að yrði prestur þeirra, og hafði það til að sanna, að veitingarvaldið hefði misbeitt valdi sínu. Jeg verð að leggja áherzlu á, að þessi áburður sje tilhæfulaus.

Að því er snertir veitinguna á Hofi og Hólmum, þá eru þær eldri en prestakosningarlögin og koma því alls ekki þessu máli við. Ef leita ætti langt aptur eptir öldinni, mundi líklega hver þm. geta komið með dæmi upp á veitingar, sem einhverjir hefðu verið óánœgðir með, máske af einhverjum ástæðum, sem snertir þá persónulega.

ATKVÆÐAGR.: 1. Breyt.till. (þingskjal 112) samþ. með 15 atkv.; 2. breyt. till. (þingskj. 73) samþ. með 14 atkv.

Frv. sjálft með áorðnum breytingum samþ. með 17 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 nafngreindra þm., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Árni Jónsson,	Eiríkur Briem,
Gunnar Halldórss.,	Indriði Einarsson,
Jens Pálsson,	Jón Þórarinsson.
Jón Jónss. N.-Þing.,	
Jón Jónss. N.-Múl.,	
Lárus Halldórsson,	
Olafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Olafur Pálsson,	
Páll Briem,	
Sigurður Gunnarss.,	
Sigurður Stefánss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Eiríksson,	
Þorl. Guðmundss.,	
Þorvarður Kjerúlf.	

Frv. síðan sent Ed.

Seytjándi fundur, þriðjudaginn 21. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi nema þm. Rvík. (J. Jónassen), 2. þm. N.-Múl. (Þorvarður Kjerúlf), er báðir voru veikir, og þm. Snæf. (P. Briem), er hafði tilkynnt forföll.

Forseti tilkynnti, að í nefndinni um frv. til laga um skaðabætur þeim til handa, er að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi eða sætt hegningu eptir dómi, væri kosinn formaður Benidikt Sveinsson og skrifari Páll Briem.

Enn fremur skýrði forseti frá að til sín væri kominn uppdráttur af Keflavík, sem lagður yrði á lestrarsalinn.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar (við Vogavík; C. 192); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Jeg óska þess að eins, að málið fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar (við Ingólfshöfða; C. 192); 1. umr.

Flutningsmaður (Sveinn Eiríksson): Jeg hefi leyft mjer, að koma fram með frumv. þetta í því trausti, að h. þingd. taki því vel. Eins og kunnugt er, kom jeg fram með þingsályktunartill. á þinginu 1886 um, að mæld yrði uppsigling og skipalega við Ingólfshöfða. Síðan hefi jeg gjört mjer mikið far um, að kynna mjer sem bezt landið og sjóinn umhverfis Ingólfshöfða, og hefi jeg haft með mjer hina beztu og kunnugustu menn í Öræfum, sem næst búa Ingólfshöfða. Viðvíkjandi djúpi í Kárahöfn er vafalaust hverju skipi, hversu stórt sem það annars kynni að vera, óhætt þar, því jeg hefi komizt að því, að þegar 30 faðma undan landi er 10 faðma dýpi, og botninn er þar vel sljettur og fastur. Logn er þar má heita á hverri átt sem er. Jeg hefi verið staddur þar í hvassviðri og jafnvel í illviðri, en samt var logn á hinni fyrirhuguðu skipa-

legu, og það langt út fyrir hana. Sömuleiðis hefi jeg átt tal við kaupmenn á Papós og Eyrarbakka og á fleiri verzlunarstöðum sunnanlands, og hafa þeir allir gefið von um, að þeir mundu senda þangað skip, að minnsta kosti til lausakaupa, svo framarlega sem þessi staður yrði löggiltur til verzlunar. Kæmist á verzlun og uppsigling við Ingólfshöfða, hlyti það að verða til hins mesta hagræðis fyrir Skaptafellssýslur, sjer í lagi fyrir þá, sem búa vestan til í austursýslunni og austan til í vestursýslunni. Jeg vona, að jeg þurfi ekki að mæla fleira með þessu frumv., en vona, að h. þingd. taki því vel og lofi því fyrst og fremst að ganga til 2. umr.

Ólafur Pálsson: Af því jeg hefi verið með, að koma frv. þessu inn á þingið, skal jeg leyfa mjer að fara fáum orðum um málið.

Árið 1867 tókst jeg ferð á hendur austur í Papós. Það var um það leyti sem verið var að löggilda þann verzlunarstað, og man jeg þá eptir, að menn sögðu þar eystra, að það hefði verið engu síður hægt, að löggilda verzlunarstað við Ingólfshöfða, eins og í Papós. Hefi jeg síðar gjört mjer far um, að kynna mjer þennan stað. Þegar jeg reið þangað út var svo mikið brim fyrir landi, að menn sögðu, að ekki væri gott að sjá þá, hve hæfur þessi staður væri til uppsiglingar. Jeg gat samt sem áður ekki sjeð betur, en að þar hlyti hverju skipi að vera óhætt að liggja. Það er vík inn í höfðann að framan og gengur höfðinn fram bæði að austan og vestan við hana, og gat jeg ekki betur sjeð, en að þar væri eins góð skipalega eins og í Reykjavík. En hvort hafa má hús undir höfðanum, þori jeg ekki vel að segja um; jeg veitti því ekki svo nákvæmlega eptirtekt, en jeg ætla, að þar megi lenda í hverri átt, sem er. Hvað mig áhrærir, get jeg ekki sjeð neitt á móti því, að við Ingólfshöfða væri löggiltur verzlunarstaður. Það er ekki langt síðan, að löggilt var Vík í Skaptafellssýslu, og ætluðu þá margir, að sú löggilding mundi ekki verða til mikils gagns, þar sem enginn mundi nota hana til verzlunar, en raunin hefur orðið önnur, og löggilding Víkur hefur orðið til ómetanlegs gagns fyrir marga. Sama mun koma fram, ef samþykkt verður, að löggilda verzlunarstað við Ingólfshöfða. Kæmist þar á fót verzlun, mundi það verða til ómetanlegs gagns og hagræðis fyrir Fljótshverfinga og Öræfinga o. fl., því það er ólíkt fyrir þá, að sækja til verzlunar að Ingólfshöfða, eða austur á Papós og vestur á Eyrarbakka, eða Vík, því þó nokkrar ár sjeu á leiðinni til Ingólfshöfða, þá eru þær þó ekkert á við ár eins og t. d. Jökulsá á Breiðamerkursandi o. fl. Jeg skil ekki, að h. þingd.m. geti staðið á móti því, að löggilda þennan stað. Jeg man eptir því, þegar jeg var að berjast fyrir því, að Víkin yrði löggilt, þá lá við sjálft, að menn álitu, að jeg væri ekki með öllu viti. Nú er það búið að sýna sig, að það var full ástæða til, að fá hana löggilta, og er ekki ólíklegt, að sama komi í ljós, ef Ingólfshöfði verður löggiltur.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að leyfa mjer, að beina þeirri spurningu til h. flutningsm. (Sv. E.), hvernig kaupstaðarstæði er við Ingólfshöfða, því eins og h. flutningsm. er kunnugt, þarf ekki að fá þennan stað löggiltan til lausakaupa, heldur til að mega reisa þar verzlunarhús. Jeg er eigi kunnugur í kring um Ingólfshöfða, en eptir uppdrætti Íslands að dæma virðast liggja að honum eyðisandar með mörgum og stórum ósum. Jeg vildi gjarnan fá að vita, hvort landið undir höfðanum er

eins vel fallið til að reisa þar á verzlunarhús, eins og sjórinn er til uppsiglingar, eptir lýsingu h. flutningsm.

Flutningsmaður (Sveinn Eiríksson): Jeg skal vera fljótur að svara þessari spurningu hæstv. landsh. Það mun óvíða eins hentugt land til að reisa á hús, eins og einmitt við Ingólfshöfða. Þar hagar svo til, að austan undir höfðanum er grastorfa all-stór, og flæðir að eins upp undir hana. Á grastorfu þessari er ágætt að byggja hús, því þar eru klappir undir niðri, og getur torfan því ekki blásið upp. Að því, er snertir ósana, þá er uppdrátturinn villandi í því tilliti. Það má varla heita að sjeu neinir. Þeir sem eru, eru ósköp litlir og gjöra engan farartálma nema ef vera kynni, ef hlaup kemur í Skeiðará. Jeg skal að eins bæta því við það, sem jeg hefi áður sagt um skipaleguna við Ingólfshöfða, að ef skip lægi þar í brimi og landsunnanátt, þá getur skeð, að ekki sje gott, að skipa upp að austanverðu við höfðann, en þá er aptur vestan megin, einkum sunnan undir, í Kárahöfn, sem jeg hefi nefnt sjerstaklega í frumv., eins kyrrt, eins og í húsi væri, og hefur það ekki litla þýðingu, er ferma skal og afferma skip. (*Landshöfðingi:* Er langt til bæja frá höfðanum?). Ekki getur það heitið. Það er að eins klukkutíma ferð, þegar farið er lestagang.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Frv. til laga um breyting á brauðaskipun í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi (C. 192); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Jeg þykist vita, að allir h. þm. hafi litið á bænarskrá frá Kálfafellssóknarmönnum á lestrarsalnum, og sjeð þar ástæðurnar fyrir óskum þeirrar sóknar. Jeg ætla því ekki að gera annað nú, en að skýra ástæður þessar betur, og leyfi jeg mjer að lesa upp þar að lútandi álit prófastsins, sem er svo látandi: »Samkvæmt ósk sóknarnefndarinnar í Kálfafellssókn læt jeg hjer með upp það álit mitt, að jeg tel prestsþjónustu þá, sem presturinn á Prestsbakka getur veitt söfnuðinum í Kálfafellssókn, engan veginn næga til þess, að fullnægja þörfum sóknarmanna«. Jeg get sagt það til dæmis, að jeg held mjer sje óhætt að segja, að jeg þori, eins og hver annar, að ríða út í vötn, en að því er Hverfisfljót snertir, hef jeg og fleiri snúið aptur við það; það liggur á milli tjeðra sókna. Hjer um árið var talað um það á sýslufundi, hvort ekki mætti koma ferju á það, en það áleizt ómögulegt; í fljót þetta koma jökulhlaup og það iðulega, og tel jeg það iðulega bráðófært. Að því er vegalengd milli Prestbakka og Kálfafellssóknar snertir, þá er ekki ofmikið í lagt, að það sje 4 mílur, og þegar farið er að Núpstað frá vestustu bæjum í Prestbakka sókn, mun vegalengdin vera á að gizka 7 mílur. Fyrir sunnan er Landbrot, þar rennur Skaptá, sem opt er ófær, og sömuleiðis Geirlandsá og fleiri vatnsföll, er öll eða flest geta orðið ófær, og opt er svo, að ómögulegt er að ná í prest. Það er ekki langt síðan sækja átti lækni til konu fyrir dauðanum, en sex menn urðu frá að snúa, og mátti því sjúklingurinn deyja drottni sínum fyrir honum. Hefði ferju orðið komið á, þá hefði ekkert verið að segja, og þá hefði mjer ekki dottið í hug að bera þetta frv. fram, en af því svo er, sem nú hefir verið sagt, og engum kunnugum getur dulizt, hvílík nauðsyn ber til þessa, og eins og þeir h. þm., sem jeg veit, að hafa lesið bænarskrána, geta sjeð, á hve sanngjörnum ástæðum bænarskráin er byggð, þá hef jeg þá von, að hin h. deild sinni þessu máli, og leyfi jeg

mjer að mælast til, að það fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 10 : 10 atkv.

Frumv. til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu (C. 192); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Jeg kom með þetta frv. fram á seinasta þingi, 1889, en þá var það fellt. En nú er þó nokkuð örðuvísi ástatt, því síðan hafa jarðirnar gengið af sjer stöðugt, og vona jeg því að h. þingd. líti nú öðruvísi á mál þetta, og lofi því af fá framgang. Jeg vil taka til dæmis, að ein bændaeign hefir staðið nú í 8 ár í eyði, hún er metin 9,8 hdr. og verður hann að gjalda af henni að meðaltali 5 kr. á ári. En þó er hann fluttur af þessari jörð og á þjóðjörð; af þjóðjörðum vil jeg nefna: Odda metinn 9,8 hdr.; Sligjar 4,6; Eystri-Lyngar er 9,2, og Klauf, sem er 7,9. Af Eystri-Lyngum er eigi eptir nema flóð, sem næst dállítið úr með bátum. Sömuleiðis er á Sligjar ekki eptir nema fjara. Þessir menn verða þó að borga, samkvæmt byggingarbrjefum sínum, fátækratíund og ábúðarskatt, og getur slíkt álitizt rjett, að gjalda jafnt eptir, þó jörðin sje naumast eða alls ekki byggileg, eins og þegar hún var í góðu standi? Ein jörð er enn, sem fátækur maður bjó á, og er fluttur af henni, því í bænum var ekki vært fyrir sandi; jörð þessi er þó talin að dýrleika 7,5 hdr.; þó verður hann samt að borga eptir þessu mati til sveitar. Þetta eru nú allt jarðir, sem í auðn liggja, og ábúendur hafa flúið frá. En margar aðrar gæti jeg nefnt, sem ekki eru hálfgildi við það, sem þær hafa áður verið, en eru þó byggðar; þó er borguð af þeim tíund, sem í góðu standi væri, sem mjer getur ekki fundizt rjettlátt. Af öllu þessu framan sögðu get jeg ekki skilið, að menn geti verið á móti þessu frv. Það var að vísu sagt um árið, að ekki munaði mikið um svo lítil gjöld, en fátæka munar um allt, tíundin skiptist þó í 3 staði: af bændaeignum preststíund, fátækratíund og kirkjutíund, og 4. ábúðarskattur; þó smátt sje í hvern staðinn, þá munar þó um það til samans. Nú er verið að selja þjóðjarðir; nefndin fer eptir hundraðatali, en hvað á að gera þar, sem ekkert er varið í hundraðið, svo sem jeg hefi sýnt að eigi heima um nokkrar jarðir af mörgum í Vestur-Skaptafellssýslu? Jeg vona því fastlega, að frv. þetta fái að ganga til 2. umræðu.

Árni Jónsson: Það er sjerstaklega eitt atriði í ræðu h. flutningsm. (Ó. P.), sem jeg vil leyfa mjer að gera athugasemd við. Hann sagði, að nefndin í þjóðjarðasölumálinu hefði farið eptir hundraðatali jarðar þeirrar, er ábúandi vill fá til kaups, en það er ekki rjett. Nefndin hefir að eins skrifað hjá sjer jarðamatið til hliðsjónar, en ekki tekið annað tillit til þess. Hún hefir, eins og mun sýna sig, sjerstaklega farið eptir mati umboðsmannsins með þessar jarðir í Skaptafellssýslunum, en ekki eptir mati sýslunefndanna, sem engar lýsingar hafa gefið af jörðunum, og matið þær svo kringilega lágt, að ekki verður annað sjeð, en það sje rjett út í bláinn, eins og þm. mun gefast kostur á að sjá, þá er nefnd þessi hefir lokið störfum sínum. Að öðru leyti er kunnugt, að frv. þetta átti örðugt uppdráttar árið 1889 og að viðbúið var að það kæmist ekki af hjer í deildinni. En nú hygg jeg þó, að það eigi vart betri byr fyrir höndum, nema því verði breytt; það vona jeg að hinn h. flutningsm. (O. P.) geti sjeð; því það liggur í augum uppi, að kostnaðurinn, sem þessu fylgir, er nú miklu meiri en þá (1889), sem

deildin vildi þó ekki ganga að. Það urðu miklar umræður þá einkum út af því, að mörgum þótti skoðunarmál, hvort gera skyldi þetta jarðamat, vegna þess, að þótt jarðir þessar sjeu miklum áföllum undirorpnar eitt árið, þá gæti þær gróið upp hitt árið. Mundi því sækja enn í sama horfið, að jarðirnar yrðu misjafnt metnar, þar sem eigi er hægt að reikna út, hvernig þær verða næstu árin. Þetta sýnir sig á jörðunum í Rangárvallasýslu. Nú segir flutningsm. þær sjeu farnar að gróa upp. H. flutningsm. (Ó. P.) lagði áherzlu á, að þessir fátæku menn, er hann til nefndi, yrðu hart úti með að borga fátækratíund, en vonandi er að hreppsnefndir sjái um, að jafna það eða bæta upp, t. d. með því, að miða aukaútsvar eða sveitagjöld þeirra við halla þennan, þannig að þessi gjöld væri sanngjarnlega lág, eptir því sem tíundin þætti ósanngjarnlega há. Jarðamatið frá 1861, sem nú er 30 ára, þykir yfir höfuð mjög misjafnt, af því að jarðir hafa breytzt og eru nú í öðru áliti og gildi en þá var; en ef fara ætti að breyta mati einstakra jarða, þá mundi þurfa að endurskoða jarðamatið yfir höfuð; því víðar mundi koma fram líkar kvartanir og nú úr þessari átt; þótt ekki væri kannske eins miklar skemmdir um að ræða, þá kæmi eitthvað annað, og því finnst mjer hæpið að frv. þetta eins og það nú er sje heppilegt; það gæti vel dregið dilk á eptir sjer. Ennfremur er kostnaðurinn við matsmennina of hár; það er þó ábætir fyrir landssjóð og mun frv. ekki eiga greiðari gang fyrir það. Þetta vona jeg að hinn h. flutningsm. sjái sjálfur.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Jeg skal játa, að jeg kann að hafa farið frekt í að segja, að nefndin hafi lagt hundraðatalið til grundvallar, en þótt jeg nefndi ekki fleiri jarðir en jeg gerði, þá eru samt fleiri til, því að eyðilegging jarða er orðin mjög almenn í Skaptafellssýslu. Það væri engin rjettsýni, ef nefndin vildi ekki líta á þetta mál. Það eru langt um fleiri jarðir í Skaptafellssýslu en í Rangárvallasýslu, sem hafa orðið fyrir tjóni og eyðileggingu, en hvernig fór þó þar? Jeg er viss um, að margir bændur í Skaptafellssýslu mundu verða fegnir að flytja á jarðirnar í Rangárvallasýslu, sem urðu fyrir sandfokinu. Það er auðsjeð, að það er af ókunnugleika, að menn eru mótfallnir þessu frumv. H. þm. Mýr. (Á. J.) ætti að koma austur í Skaptafellssýslu, skoða landið og sjá hvernig þar er umhorfs. Þá mundi hann öðruvísi tala en nú; ábúendurna munar um hvert smáræðið; þá munar um 50 aura, 75 aura og 1 krónu. Ef h. þm. Mýr. (Á. J.) væri prestur í Skaptafellssýslu, mundi hann vilja fá preststíundina, og varla gera sig ánægðan með að fá hana borgaða í sandi, sem reyndar er nóg af. Landssjóður mundi heldur ekki gera sig ánægðan með þann gjaldeyri.

Árni Jónsson: Mig minnir ekki betur en að h. flutningsm. (Ól. Pálss.) segði á síðasta þingi, að engin prests- eða kirkjutíund væri goldin af þessum jörðum *(Ól. Pálss.:* Hún er ekki goldin enn); ef jeg væri prestur þar fyrir austan, þá mundi jeg ekki heimta tíund fram yfir það sem lög leyfa.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 11 atkv.

Frumv. til laga um eyðing svartbakseggja (C. 187); 1. umr.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Þetta frv., sem vjer 3 þm. þeirra kjördæma, sem liggja kringum Breiðafjörð, höfum sameinað oss um að koma fram með, á stoð sína í þeim almenna og mikla áhuga, sem fyrir nokkru er vaknaður

við Breiðafjörð á því, að hlynna sem bezt að æðarvarpsrækt. Mjer var sent til flutnings frumv. frá ábúendum æðarvarpsjarða þar, sem var mjög samhljóða þessu frv. í anda og stefnu. Þetta skjal hefir legið á lestrarsalnum, og vona jeg að h. þingdeildarmenn hafi kynnt sjer það. Þar eru færðar ítarlegar og rækilegar ástæður fyrir málinu, og má ljóslega sjá af þeim, hvernig stendur á óskum manna þar vestra eptir slíkum lögum. Það er tekið fram í ástæðunum, að það sje alls ekki erfitt að hlýða þessum lögum, að það sje ekki erfitt að leita að svartbakseggjum og finna þau, en það er líka tekið fram hvað geri frv. þetta svo nauðsynlegt. Svartbakurinn hefir þar vestra lengi verið álitinn versti vargur í varpi, og lengi þekktur að því að drepa æðarungana, en frostaveturinn mikla 1880—81 tók hann upp á því, knúður af ætaleysi, að leggjast líka á fullorðnu fuglana, og þessu mun hann hafa haldið áfram síðan, einkum í hörðum vetrum. Það er auðsætt, hvílíkt tjón þetta muni vera. Á síðari árum hefir verið leitazt við að eyða fullorðnum svartbökum, og hefir Æðarræktarfjelagið einkum gengizt fyrir því. Að vísu hefir töluvert orðið ágengt fyrir því með eyðingu svartbaks, en »stemma skal á að upptökum, ekki að ósi«, og til þess að eyða svartbaknum verður að eyða viðkomunni. Jeg minntist á það stuttlega, að ekki væri erfitt að fullnægja þessu frv. og eyða öllum svartbakseggjum; til þess að rökstyðja þessi ummæli vil jeg taka það fram, að svartbakurinn verpir því nær eingöngu einmitt í varplöndum og í hólmum og skerjum kringum varplönd, og engin tormerki hafa verið talin á, að ná í eggin til að eyða þeim. Það eru ekki heldur með frumv. þessu lögð ný bönd eða nauðung á menn, því í reglum, sem amtmaðurinn í Vesturamtinu hefir samþykkt um eyðing varga og gripfugla í varplöndum, er í 1. gr. lögð sú skylda á menn, að eyða svartbakseggjum, og þetta ákvæði var einmitt sett samkvæmt óskum sjálfra varpeigandanna. Enn fremur skal jeg geta þess, að menn hafa gert prívat-samþykkt til að eyða svartbakseggjum, og þessi samþykkt er undirskrifuð af 41 varpbónda, sem hafa skuldbundið sig til að greiða 1 kr. í sekt fyrir hvern uppkominn unga; en það gefur betra aðhald, að hafa sjerstök lög um þetta, en prívatsamþykkt. Sem sagt, áskorun sú með mörgum undirskriptum með frv. því, sem hjer var sent, og yfirlýsing Hafliða í Svefneyjum fyrir hönd Vestureyinga sýnir, að þetta mál er mjög mikið áhugamál fyrir æðarræktarmenn á Breiðafirði. Vona jeg að h. deild veiti því góðar viðtökur og leyfi því að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um sölu þjóðjarða (C. 198); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg skal að eins geta þess, að við 2. umr. hreifði h. þm. Vestm. (I. E.) því, hvort nefndinni þætti ekki ástæða til að koma með breytingu við 1. gr. frv. og gera þá undantekingu, að ekki mætti selja skógarjarðir landssjóðs; en eptir að nefndin hafði borið sig saman við h. þm. Vestm. (I. E.), þá kom henni saman um, að ekki væri ástæða til að koma með þessa breytingu, því að landssjóður á fáar sem engar skógarjarðir.

Sigurður Stefánsson: Áður en þetta frumv. fer úr deildinni, vil jeg gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Hingað til hef jeg ekki verið mótfallinn þessu frv., en með því að kynna mjer rækilega öll atriði, sem að því lúta, hef jeg kom-

izt að þeirri niðurstöðu, einkum eptir að hafa setið í þjóðjarðasölunni á þessu þingi, að ekki sje vert að hrapa svo mjög að þessari almennu þjóðjarðasölu. Væri þetta sá eini vegur til að veita landsmönnum aðgang að því að kaupa þjóðjarðir, þá mundi jeg ekki greiða atkvæði móti frumv. þessu, en nú er það kunnugt, að landsmenn geta fengið keyptar þjóðjarðir á annan hátt, og þingið hefir hingað til ekki sýnt neina ósanngirni í þjóðjarðasölunni.

Sú spurning liggur og fyrir, hvort landssjóður eða kaupandi vinnur við þetta almenna framboð. Skoðað frá almennu sjónarmiði gæti verið ástæða til að bjóða jarðirnar fram með almennu framboði, ef landssjóður væri í peningavandræðum, en sú ástæða er ekki fyrir hendi. Jeg er ekki á móti því, að jarðir landssjóðs sjeu seldar með sanngjörnu verði, en jeg er hræddur um, að ekki sje auðvelt eða alls kostar hyggilegt að setja fastákveðnar reglur fyrir þessari almennu sölu jarðanna, og gjöra allar þjóðjarðir í einu falar með sömu skilmálum. Jeg held það sje ekki að bera sýslunefndirnar út á hræsibrekkur, þó jeg segi, að mat þeirra sje stundum næsta fjarri öllum sanni; skal og því til sönnunar nefna matið á jörðunum í Skaptafellssýslu, sem vjer þjóðjarðasölunefndin höfum haft til meðferðar; jeg held jeg megi fullyrða að við nefndarmenn höfum sem maður segir hrist höfuðið yfir matinu á nærri hverri jörð þar; svo fráleitt var það. Jeg er hræddur um, að sala þjóðjarðanna samkvæmt ákvæðum frumv. mundi stundum fremur til skaða fyrir landssjóð, að minnsta kosti í bráð, en eins og jeg álít, að landssjóður eigi ekki að setja neitt frábolunarverð á jarðir sínar, þegar kaupendur bjóðast, eins verð jeg að telja það skyldu þingsins, að láta þær ekki af hendi fyrir miklu minna verð en þær samkvæmt sanngjörnum leigumála eru verðar. Enn er annað atriði, sem kemur til greina. Það getur verið bein skylda þingsins, að selja alls ekki sumar þjóðjarðir. Jeg skal nefna eitt dæmi úr Vesturamtinu; það er jörðin Ólafsvík, sem nú er beðið um til kaups, en sem jeg vona að allir h. þingdm. sjeu samdóma um, að varúðarvert væri að selja.

H. deild veit, hvernig þar hefir verið ástatt að undanförnu. Kaupmaður einn hefir haft hana leigða um mörg ár að undanförnu og allir leiguliðar þar voru þá kúgaðir þar, og það mun ekki ofsögum sagt, þótt sagt sje, að mikið af þeirri andlegu og líkamlegu eymd, sem þar hefir drottnað, stafi af þessari kúgun. Síðan jörðin losnaði úr ábúð þessa kaupmanns, hefir landssjóður byggt hana með miklu betri kostum og allt hefir lifnað þar við. Mjer er kunnugt um þetta, því jeg kom þangað nýlega. Menn minntust þar með harmi og gremju á drottnun kaupmannsins, en litu nú glaðir og vongóðir á framtíðina. Þeim þótti eins og óveðri væri ljett af, en komið væri sólskin og sumarblíða. Nú vil jeg spyrja: Er það rjett að selja þess konar jarðir, ef undir því er komin heill og velmegun margra manna? Sjerstaklega vil jeg taka það fram, að yrði þetta frumv. að lögum, mundi svo fara, að ýmsar jarðir seldust fyrir lægra verð en löggjafarvaldið mundi hafa óskað. Menn mundu sælast eptir að kaupa jarðirnar, þegar þær standa sem lægst, þegar hart væri í ári og umboðsmenn ættu erfitt með að byggja þær og yrðu því að færa niður afgjald þeirra, en slíkt lagast þó venjulega aptur og jarðirnar hækka í verði, þegar í ári batnar, þótt þær falli um stund, eins og vjer nú sjáum dæmi til.

Jeg vona að h. deild skoði ekki svo, sem jeg í sjálfu sjer sje mótfallinn þjóð-

jarðasölunni, heldur að mjer líki ekki þessi aðferð við hana. Jeg vil ekki að þingið varpi frá sjer öllum afskiptum af þjóðjarðasölunni framvegis, heldur að það fylgi uppteknum sið, að selja jarðirnar með sjerstökum lögum og sjerstökum skilmálum, eptir því sem við á þegar um þær er beðið.

Ekki veitir þetta frumv. heldur neina sjerstaka trygging fyrir því, að sjálfseignarbændur fjölgi; þegar margar jarðir eru á boðstólum, þá er hætt við, að einstakir ríkismenn sölsi undir sig beztu jarðirnar. Svo fór það, þegar stólsjarðirnar voru seldar forðum daga.

Af þessum ástæðum get jeg ekki greitt atkv. með frv.

Landshöfðingi: Jeg hef að eins litlu að bæta við það, sem h. þm. Ísf. (Sig. Stef.) talaði móti þjóðjarðasölunni.

Hann talaði mest um, hvað hún gæti orðið óaðgengileg fyrir landssjóð, en eins og frumv. nú er orðað, þá er það ekki heldur mikil rjettarbót fyrir þjóðjarðalandsetana og mun nú alls ekki ná tilgangi flutningsm., því þó 1. gr. mæli svo fyrir, að hver landseti á þjóðjörð eigi rjett á að fá ábúðarjörð sína keypta, þá segir svo í 7. gr.: »Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir sem með þarf um sölu þjóðjarða, ákveður kaupverð« o. s. frv. Eptir 2. gr. frumv. má hann ekki setja þetta kaupverð lægra en svo, að það samsvari 25-földu eptirgjaldinu, en hann má setja það hærra; en hvað hátt? Ekkert er tiltekið um það. Það er því í raun og veru undir honum komið, hvort þjóðjarðarlandseti getur náð kaupi á ábúðarjörð sinni.

Með þessum ákvæðum, sem fela landshöfðingja fullnaðarúrslit um sölu þjóðjarða, er ekki orðið mikið úr 23. gr. stjórnarskrárinnar, og mun frv. þannig lagað varla geta samrýmzt henni.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt með 10 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson,	Páll Ólafsson,
Bened. Sveinsson,	Sigurður Jensson,
Gunnar Halldórss.,	Eiríkur Briem,
Indriði Einarsson,	Jens Pálsson,
Jón Jónss., þm. N.-M.,	Lárus Halldórsson,
Jón Jónss., þm. N.-Þ.,	Ólafur Ólafsson,
Jón Þórarinsson,	Olafur Pálsson,
Ólafur Briem,	Sigurður Stefánss.,
Sigurður Gunnarss.,	Sveinn Eiríksson,
Skúli Thoroddsen,	Þorl. Guðmundss.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 70, 196); frh. 1. umr.

Framsögum. (Eiríkur Briem): Þar sem þetta er 1. umr. málsins, þá verður ekki farið út í hinar einstöku greinir, og vil jeg því einungis mælast til að frumv. sje vísað til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að gjöra ráðstafanir viðvíkjandi sölu á ósútuðum aðfluttum húðum (C. 141, 205); 3. umr.

Sigurður Stefánsson: Breyt.till. þær, sem vjer höfum leyft oss að koma fram með, eru í raun og veru ekki annað en umritun á frumv.; oss fannst það þannig orðað, að h. deild gæti naumast verið þekkt fyrir að láta það fara frá sjer með því máli, sem á því var. Hjer er ekki um efnisbreytingar að ræða, og vona jeg því, að h. deild greiði atkv. með till.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg sje, að þessar breytingar eru frumv. til bóta og er jeg því fús á að greiða atkvæði með þeim.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. báðar samþ. í e. hlj. og frumv. þannig breytt sömul. Afgreitt síðan til Ed.

Frumv. til laga um að landsstjórninni

veitist heimild til að kaupa jörð handa Tröllatunguprestakalli í Strandaprófastsdæmi (C. 176); 2. umr.

Framsögum. (Páll Ólafsson): Jeg hef litlu að bæta við það, sem jeg sagði máli þessu til skýringar, er það var hjer til 1. umr. Jeg vona að það fái að ganga hjeðan og til Ed., og vona jeg þetta því fremur, sem ekki er farið fram á annað en að landssjóður leggi út í einu 2,500 kr., í stað þess að gjalda rentur af þessum höfuðstól árlega. Hjer er því um engin bein útgjöld að ræða fyrir landssjóð. Eins og jeg tók fram um daginn er heldur ekki hægt að leggja prestakallinu út jarðir svo nálægt, að presturinn geti sjálfur veitt þeim umsjón, en jeg býst þó við, að umsjónin verði að hvíla á þeim, sem jarðirnar verða útlagðar. Að vísu á að leggja 200 kr. frá Prestbakkaprestakall við næstu prestaskipti og má búast við, að þær verði lagðar út í jörðum, en það liggur miklu betur við, að leggja þær jarðir, sem um er að gjöra, til annars prestakalls en Tröllatunguprestakalls, nefnilega til Hvamms í Norðurárdal.

ATKVÆÐAGR.: Báðar frumvarpsgreinarnar samþ., með 16 atkv. hvor; málinu vísað til 3. umr. með 16 atkv.

Átjándi fundur, miðvikudag 22. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi nema þm. Rvík. (J. Jónassen) er var veikur, og 2. þm. Gullbr. og Kjósars. (J. Þ.), er hafði tilkynnt forföll.

Forseti skýrði frá, að til sín væri komin bænarskrá um aukalækni á Eyrarbakka. Enn fremur skýrði hann frá, að í nefndinni um frv. til laga um líkskoðun væri kosinn formaður J. Jónassen og skrifari Þ. Kjerúlf.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889 (C. 188); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og nefndarálitið ber með sjer, hefir nefndin ekki fundið ástæðu til að koma með neinar breytingar við frv. stjórnarinnar. Nefndin ræður þessv egna h. þingd. til, að samþykkja frv. óbreytt, og sje jeg því ekki ástæðu til, að taka neitt fram sjerstaklega, málinu viðvíkjandi.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1888 og 1889 (C. 188); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Það er sama að segja um þetta frv., eins og það, sem var fyrst á dagskránni, að þó nefndin hafi komið fram með nokkrar breytingar við það, þá verða umræðurnar um þær að bíða til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1888 og 1889 (C. 203); síðari umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Það var eitt atriði í nefndarálitinu um þetta mál, sem ekki kom til umræðu síðast, en sem jeg vildi leyfa mjer að drepa á nú. Í athugasemdum sínum við landsreikninginn 1889 undir 28. tölul. hafa yfirskoðunarmenn hreift því, hvort ekki væri ástæða til, að hækka brunabótatrygging landsbókasafnsins upp úr 50,000 kr. En þegar reikningslaganefndin fór að íhuga þess till., þá fannst henni liggja nær, að fjárlaganefndin tæki þetta atriði til íhugunar, og vísaði því þess vegna til hennar. Í fjárlagafrv. fyrir árin 1892 og 1893 er ákveðið brunabótagjald fyrir safnið 200 kr. Ef nú fjárlaganefndinni finnst ástæða til, að hækka tryggínguna, þá kemur

hún auðvitað fram í áliti nefndarinnar um fjárlagafrv.

Landshöfðingi: Það var eitt atriði í áliti h. nefndar, sem jeg gat um við fyrri umr. þessa máls, en áleit að öðru leyti rjett, að geyma mjer að tala um, af því það heyrir fremur undir umr. um reikningslagafrv. En nú urðu engar umr. um þetta frv., og verð jeg því að minnast á það í sambandi við þetta mál.

Það atriði, sem jeg á hjer við, snertir athugasemdir yfirskoðunarmanna við landsreikninginn 1889, 15. gr. 3.

Eins og h. þingdm. er kunnugt, var með fjáraukalögum 10. októbr. 1879 fyrir árin 1878 og 1879 veitt 9000 kr. lán til vatnsveitinga á Staðarbyggðarmýrum. Lán þetta var tekið af eigendum jarða þeirra, sem mýrarnar heyrðu til. En jarðir þær, sem hlut áttu í Staðarbyggðarmýrum, voru allar landssjóðseignir, nema tvær, Kroppur og Kristsnes. Lánið átti að ávaxtast og endurborgast með 6% á ári í 28 ár, og skyldi lánið, að því er þjóðjarðirnar snertir, endurborgast með hækkuðum jarðarafgjöldum, jafnóðum og þær losnuðu úr ábúð. Nú hafa allar þessar jarðir losnað úr ábúð, nema Munkaþverá. Nú var í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887 ákveðið, að af láni til Staðarbyggðarmýra skyldu greiðast að eins 4% á ári í leigur, af hinni upphaflegu upphæð, og hið sama er ákveðið í fjárlögunum fyrir árin 1888 og 1889. Aptur er það tekið fram í núgildandi fjárlögum, fyrir árin 1890 og 1891, að þessir 4% eigi að vera bæði upp í vexti og afborgun af láninu. Nú hafa yfirskoðunarmenn landsreikninganna farið fram á, að þetta ákvæði hinna núgildandi fjárlaga snerti einnig árin 1886—1889, og sje jeg ekki, að neitt geti verið á móti því. Eins og jeg gat um áðan, hvíldi lánið að mestu á þjóðjörðum, en einnig á tveimur öðrum jörðum, Kroppi og Kristnesi. Lánið til Kropps er þegar, eins og kunnugt er, fallið burt sem ófáanlegt, og að því er þjóðjörðina Munkaþverá snertir, þá hefir afgjaldið af henni enn eigi orðið hækkað, af því hún hefir eigi losnað úr ábúð. En þar sem yfirskoðunarmenn taka það fram, í athugasemdum sínum við landsreikninginn 1889, að að eins komi til athugunar, að þessir 4% greiðist bæði sem vextir og afborgun að eins af láninu til Kristness, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að þetta ákvæði ætti einnig að snerta Munkaþverá. Hið upphaflega lán til Kristness var 800 kr., og í árslok 1885 var höfuðstóllinn orðinn 713 kr. 34 aur., og afborgun eptir því árin 1886—1889 sú upphæð, sem 32 kr. (o: 4% af 800 kr.) eru meira en 4% renta af 713 kr. 34 a., eða 14 kr. 73 aur. Lánið til Munkaþverár var upphaflega 666 kr. 66 aur., og höfuðstóllinn í árslok 1885 594 kr. 44 aur. Nú hafa á hverju af árunum 1886—1889 verið borgaðar 26 kr. 67 aur. í rentu af Munkaþverárláninu, en það er meira en 4% af höfuðstólnun, eins og hann var í árslok 1885. Það sem borgað hefir verið árin 1886—1889 fram yfir vextina, nemur 12 kr. 27 aur. Þess vegna vil jeg skjóta því til h. nefndar, hvort hún vilji ekki gjöra uppástungu um, að í staðinn fyrir 14 kr. 73 aur. komi 14 kr. 73 a. + 12 kr. 27 a. = 27 kr. Það hefir auðvitað litla fjárhagslega þýðingu, hvort skuldin, sem hvílir á þjóðjörðinni Munkaþverá, er talin í árslok 1885 kr. 594,44 eða kr. 582,17; en það hefir reikningslega þýðingu, þar sem framvegis ber eptir fjárlögum að telja þá 4%, sem greiðast af Munkaþverárláninu, eins og það var upprunalega, bæði sem vexti og afborgun. Annars er enginn ágreiningur um málið, í heild sinni, milli mín og h. nefndar.

Páll Briem: Jeg skal að eins geta þess, að það, sem gjörði, að vjer yfirskoðununarmenn tókum ekki Munkaþverá með, var það, að hún var þjóðeign. Þar á móti þótti okkur sjerstaklega áríðandi, að koma þessari breytingu að, að því er Kristsnes snerti. En eins og hæstv. ldsh. tók fram, er það reikningslega rjett, að fara á sama hátt með lánið til Munkaþverár, þótt oss fyndist það hafa minni þýðingu.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg fyrir mitt leyti er fullkomlega samdóma hæstv. landsh. og þori líka fyrir nefndarinnar hönd að segja, að hún muni einnig fallast á, að það sje meiri samkvæmni í reikningsfærslunni með því, að láta sömu reglu gilda um Munkaþverá, sem um Kristsnes, af því svo sjerstaklega stendur á með þessa þjóðjörð, að hún hefir eigi losnað úr ábúð síðan lánið var veitt, en þar af hefir aptur leitt, að hinu ákveðna árgjaldi hefir ekki orðið breytt í hækkað jarðarafgjald, að því er Munkaþverá snertir. Ástæðan til þess að nefndin kom ekki með tillögu í þá átt, að árgjaldið af láninu til þessarar jarðar yrði fært til reiknings, sumpart sem vextir og sumpart sem afborgun, var sú, að nefndin áleit, að þetta gæti ekki haft áhrif á viðskipti landssjóðs við hlutaðeigandi ábúanda. Það er öðru máli að gegna um Kristsnes, sem er legatsjörð Jóns Sigurðssonar. Þegar þessi jörð væri eptir áliti yfirskoðunarmanna að rúmum 56 árum liðnum orðin skuldlaus, gætu umráðendur jarðarinnar neitað allri frekari borgun, enda þótt skuldin stæði með fullri upphæð í landsreikningnum. En viðvíkjandi Munkaþverá getur aldrei orðið neinn ágreiningur milli landsjóðs og annara, því hverri reikningsaðferð sem fylgt er, í þessu efni, þá er upphæðin hin sama, sem núverandi ábúandi verður að svara, sem sje 4% af hinu upphaflega láni. En þegar jörðin losnar úr ábúð, er það undir umboðsstjórninni komið, hve mikið jörðin hækkar að eptirgjaldi. Þótt mjer því finnist þetta ekki eins áríðandi í tilliti til Munkaþverár eins og Kristsness, þá er jeg alls ekki á móti því, að meiri samkvæmni verði í reikningsfærslunni með því fyrirkomulagi, sem hæstv. landshöfðingi stakk upp á, og mun nefndin fús á að koma með breytingartill. um þetta atriði við næstu, 2. umr., um samþykkt á landsreikningunum.

ATKVÆÐAGR.: Tillögurnar samþykktar í e. h. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um bann gegn eptirstæling frímerkja og annara póstgjaldsmiða (C. 144); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 16. atkv. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum málum (C. 203, 206, 213); 3. umr.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að biðja h. forseta, að bera undir h. þingd., hvort þingskjal 129 ekki megi koma til umr. nú þegar með frv.

— Það var samþykkt í e. hlj.

Landshöfðingi: Breytingin, er tillaga þessi fer fram á (C. 213), er ekki stór. Það sem vakti fyrir mjer við að bera hana upp, var það, að jeg kann ekki við, að veita þóknun hvernig sem á stendur, hvort sem óskað er þóknunar eða ekki; jeg get ímyndað mjer, að margur yrði til, sem ekki vildi taka við þóknun fyrir að bera vitni. Svo eru enn breyt.till. frá 6 þm., sem eru talsvert yfirgripsmiklar (C. 206). Það eru einkum 2 atriði, er þar er farið fram á að breyta. Annað atriðið er það, að þóknunin til vitna í saka- og

lögreglumálum sje undir sömu reglu sem annar málskotnaður í sakamálum, þannig að þóknunin sje greidd fyrirfram úr landssjóði, gegn endurgjaldi hjá þeim, sem dæmdur kynni að verða í málskostnað með endilegum dómi. Jeg er nú ekki svo mikið á móti þessu. En þeirri breytingu, að einnig skuli borga vitnum í einkamálum, er jeg mótfallinn. Jeg hygg að sú breyting sje viðsjárverð. Það gæti orðið annað en lítið gjald á þeim, sem vitni verða að leiða. Það mun sjaldnast vera, að menn leiði vitni að gamni sínu; þeir geta orðið neyddir til þess af mótparti sínum; menn geta auðveldlega orðið tilneyddir að leiða vitni fyrir ástæðulausar neitanir mótpartsins. Þótt hann fái málskostnað endurgoldinn hjá mótparti sínum, þá fær hann þóknunina til vitnanna aldrei endurgoldna. Það getur orðið erfitt fyrir mann, sem á að standa fyrir máli sínu, að gjöld leggjast á hann, án þess að hann geti fengið þau endurgoldin, þótt hann hafi góðan málstað, og hins vegar getur sá seki miklu fremur freistazt til, að koma sem mest með ástæðulausar neitanir, af því hann verður að borga, ef málið fellur á hann. Af þessum ástæðum get jeg ekki annað en verið heldur á móti þessari breyt. Jeg tek það og fram, að stjórnin sá ekki ástæðu til, að fara lengra en ákveða vitnum í opinberum málum þóknun; hún vildi ekki taka einkamál með af þessum ástæðum, sem jeg hef tilfært. Mjer finnst líka mega bíða við og sjá hvernig gengur í framkvæmdinni með þetta frv., verði það að lögum, án þess að teygja það nú þegar til einkamála; væri ætíð hægt að taka einkamál inn undir sömu lög, ef vel þætti gefast með hin opinberu mál.

Ólafur Briem: Eins og hæstv. ldsh. tók fram, þá eru í breyt.till. okkar eiginlega að eins 2 breytingar fólgnar þótt þær birtist undir 4 tölul. Önnur breytingin er sú, að borgunin til vitnanna í sakamálum og almennum lögreglumálum sje greidd á sama hátt sem annar málskostnaður til bráðabirgða úr landssjóði, gegn endurgjaldi hjá þeim, sem dæmdur verður til að greiða málskostnaðinn, og með því hæstv. landsh. sá ekkert á móti því, þá vona jeg, að h. deild verði því ekki heldur mótfallin. Viðvíkjandi því, að sömu reglu sje fylgt með öll mál, einkamál jafnt sem opinber mál, þá vildi hæstv. landsh. eigi fallast á það, en eins og jeg gat um við 2. umr. þá get jeg ekki sjeð ástæðu til að gera undantekningu með einkamál. Fyrirhöfn vitnanna að mæta fyrir dómi er alveg hin sama í einkamálum og opinberum málum, og gagnvart þeim, sem leita rjettar síns, þá er sá örðugleiki við að ná honum, fyrir þessa kostnaðarauknингu, ekki svo þýðingarmikill. Þóknun til vitna getur þó naumast orðið nema að eins lítill partur af málskostnaðinum í heild sinni. Þar að auki er það sjaldgæft, að mjög mörg vitni sje leidd í einkamálum, nema því að eins, að þau rjettindi, sem um er að ræða, sje næsta mikilsvarðandi. En þá er síður hætt við, að málsaðilar telji eptir sjer, þó að þeir þurfi nokkru talsverðu til að kosta. Enn fremur mætti segja alveg hið sama um allan annan málskostnað yfir höfuð, að þar í væri fólgin takmörkun fyrir menn að ná rjetti sínum. Málum yfir höfuð fylgir optast talsverður kostnaður, en sá kostnaðarauki út af fyrir sig, sem hjer er spurning um, virðist ekki svo sjerlega ísjárverður. Eitt var það enn, sem hæstv. landsh. benti á, sem sje það, að þessi kostnaður hljóti í öllum tilfellum eingöngu að lenda á þeim, sem krefst vitnaleiðslu, en jeg fæ ekki sjeð að við því sje nein hætta. Þegar dómur er upp kveðinn, þá kemur

þessi kostnaðarauki til skoðunar, og þótt sá málsaðili, sem hefir góðan málsstað og því á að fá málskostnað sjer tildæmdan frá mótparti sínum, fái ekki þóknunina til vitnanna beinlínis eða sjerstaklega endurgolda, þá hlýtur hún að verða ásamt öðrum málskostnaði fólgin í þeirri upphæð, sem dómurinn ákveður að annar málsaðilinn skuli borga hinum.

Landshöfðingi: Jeg verð að taka það fram, að í einkamálum sje jeg ekki, að dómarinn hafi heimild til að ákveða málsaðila uppbót fyrir þóknun til vitna. Það hæsta, sem málsaðili getur heimtað sjer dæmt, er skaðlaus málskostnaður, en þegar svo er, þá álít jeg að dómarinn hafi ekki heimild til að taka tillit til vitnaborgunar. Það er hart, að maður, sem höfðað er mál á móti ástæðulaust, og neyðist til að leiða kannske mörg vitni til að verjast málssókninni, ekki skuli geta fengið þann kostnað endurgoldinn, þó hann vinni málið, og sama er að segja, þegar maður neyðist til að höfða rjett mál, þá er það líka hart, að gera honum sem erfiðast að koma sínu máli fram, með gjaldi til vitna. Hann getur átt langt að sækja þau, og þurft opt að leiða vitni, og það mörg vitni í hvert sinn; þetta getur orðið honum annað en lítill kostnaður og örðugleiki við að ná rjetti sínum. Ekki heldur get jeg verið samdóma h. þm. Skagf. (Ól. Br.) um, að í fáum einkamálum sje mörg vitni leidd, því það kemur opt fyrir, og vil jeg taka til dæmis landamerkjamál.

Jeg get af tilgreindum ástæðum ekki verið með 2. tölulið, það er að segja viðbótinni við 2. gr., og vil jeg leggja til, að hún verði ekki samþykkt.

Páll Briem: Jeg ætla að eins að fara fám orðum um 3. tölulið í breyt. till. frá 6 h. þm. (C. 206).

Þar sem hæstv. landsh. mælti á móti því, sem þar er tekið fram, að í einkamálum skuli gjaldið til vitnanna greitt af þeim, sem krefst vitnaleiðslu, þá hlýtur það að vera eins hjer og um aðrar rjettargjörðir, að sá sem krefst gjörðarinnar verður og að borga hana. Dómarinn getur ekki á því stigi málsins, er vitnaleiðslunnar er krafizt, myndað sjer svo ljósa hugmynd um málið, að hann þá þegar geti ákveðið, hvor málsaðilinn eigi að borga vitnaleiðsluna. Það er því óhjákvæmilegt, að sá, sem vitnaleiðslu krefst, verði að minnsta kosti í bráðina að borga kostnaðinn af henni. Hjer er heldur ekki farið fram á annað meira. Þessi kostnaður hlýtur að skoðast sem annar málskostnaður og dómarinn verður því að taka tillit til hans við dóm sinn, er hann ákveður málskostnaðarupphæðina. Þar sem hæstv. landsh. tók það dæmi, að málsaðili neyði hinn aðila með neitun sinni til að leiða fram vitni og auki honum kostnað og fyrirhöfn með því, þá finnst mjer full ástæða til að ætla, að hver dómstóll muni vera svo sanngjarn, að sjá til að hann bíði ekki halla af þessu. Þegar um veðskuldakröfur er að ræða, verður optlega sá sem tapar málinu að borga allan þann kostnað eptir reikningi, sem af því leiðir. Sama er um þennan kostnað við vitnaleiðslu; það er hægt að gefa nákvæman reikning fyrir honum.

Skúli Thoroddsen: Jeg ætla að leyfa mjer að koma með stutta athugasemd við viðaukatillöguna við 2. gr. frumv. Það er að sönnu rjett hjá h. þm. Snæf. (P. Br.), að það er sjálfsagt, að borgun greiðist fyrir fram fyrir öll rjettarverk af þeim, sem krefst þeirra; en jeg fæ ekki betur sjeð, en að viðaukatillagan við 2. gr., eins og fyrri partur hennar er orðaður, verði þýðingarlítil, nema meiningin sje sú, að beiðandi vitnaleiðslu skuli inna vitnagjaldið af hendi fyrir

fullt og fast, án þess að eiga heimtingu á endurgjaldi, þótt hann vinni málið við endanlegan dóm.

Ólafur Briem: Jeg leyfi mjer algjörlega að neita því, sem h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) sagði, því að ef þessi ákvörðun er þýðingarlaus, þá eru líka mörg ákvæði í gildandi lögum þýðingarlaus, t. d. í lögunum um borgun til hreppstjóra o. s. frv., og í aukatekjureglugjörðinni er beinlínis tekið fram, að sá skuli borga, sem krefst, en svo tilheyrir það ekki lögunum, heldur dómaranum að ákveða í hverju einstöku máli, hvort málsaðili, sem neyðist til að leiða fram vitni, eigi að fá kostnað sinn endurborgaðan af þeim, sem neyðir hann til þess.

Út af orðum hæstv. landsh. skal jeg taka það fram, að það var ekki meining mín, og jeg held jeg hafi heldur ekki sagt það, að í einkamálum þyrfti ekki að leiða mörg vitni. Mín meining var sú, að mikil vitnaleiðsla kæmi ekki fyrir í einkamálum, nema þegar um mikið væri að tefla, því að þá borgar það sig að leiða fram mörg vitni, en annars ekki. Það getur t. d. komið fyrir í landamerkjamálum, en þar er líka opt um mikil rjettindi að ræða. Það getur verið rjett hjá hæstv. landsh., að heppilegra væri að láta þetta ákvæði bíða fyrst um sinn, en jeg held, að þá megi segja hið sama um málið í heild sinni, en mjer sýnist meira samræmi, að taka allt málið fyrir, en vera ekki að búta það í sundur.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er að nokkru leyti samdóma hæstv. landsh., að það fari optast svo í einkamálum, að þó maður vinni og fái sjer dæmdan málskostnað, þá verði maður naumast fullkomlega skaðlaus af sinni fyrirhöfn. Það kemur ekki sjaldan fyrir, að þrætugjarnir menn neyði aðra í mál að ástæðulausu, en sjaldan munu þeir fá svo mikinn málskostnað, að þeir fái, þegar á allt er litið, borgaða fyrirhöfn sína og tímatöf. Rjettargangurinn hjer á landi er svo flókinn, að það er ekki vert að vera að gjöra hann erfiðari einstökum mönnum en hann nú er, með auknum kostnaði, sem eptir þessu gæti orðið mikill.

Jeg skal ekki þrætast um það, hvort dómari eigi að taka tillit til vitnaleiðslukostnaðar, einkum þareð lögfræðingarnir hjer í deildinni virðast ekki að vera á einu máli í þessu efni. Jeg veit að í ýmsum landaþrætumálum hefir málskostnaðinum verið skipt á milli beggja málsparta, stundum að helmingi, stundum að þriðja parti, eða á annan hátt, en sjaldnast mun við þá skipting hafa nógsamlega verið litið á, hvor málspartanna hafi haft mest fyrir því að leiða vitni. Jeg hef heyrt góðan lagamann álíta það góða meginreglu, að þó að annar málsparta tapi, þá væri ekki rjett að láta allan málskostnað falla á hann þrátt fyrir það, enda væri hjer, það er í landaþrætumálum, um sjerstakan rjettargang að ræða, þar sem menn gætu orðið knúðir til að fara í mál eða jafnvel skyldir til að lenda í þrætum.

Páll Briem: Jeg gat vel skilið í því, að hæstv. landsh. vakti efasemd um, hver ætti að greiða borgun til vitna, en mig furðar mjög að heyra þá setning hjá h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.), að þar sem þessi sömu orð standi í öðrum lögum, þar eigi að skilja þau öðruvísi. *(Sk. Th.:* Sagði jeg það?). Já. En þess konar lagaskýring getur eigi staðizt.

En í þessu máli eru mest um varðandi þau atriði, sem h. þm. Árn. (Þ. G.) tók fram: á að auka kostnað við málsóknir með því að borga vitnum, eða á að leggja það á vitnið eins og aðra borgaralega skyldu að bera vitni endur-

gjaldslaust? Þar sem h. þingm. (Þ. G.) minntist á landamerkjamál, þá finnst mjer rjettast að láta málskostnaðinn lenda á þeim, sem í málinu eiga, því svo má álíta sem þeir einir eigi í slíkum málum, sem nokkur efni hafa til umráða, og jeg sje ekki ástæðu til, að almenningur sje að vinna kauplaust fyrir þessa menn, sem eru landeigendur.

Jón Jónsson, þm. N.-Múl.: Jeg er á sama máli og hæstv. landsh. um það, að ef þessi breyt.till. verður samþ., þá verður það tilfinnanlegur hnekkir fyrir þá, sem þurfa að ná rjetti sínum. Eins og h. þm. Árn. (Þ. G.) tók fram, þá er ekki æfinlega svo, að þeim sem mál vinnur sje dæmdur málskostnaður og því síður svo hár málskostnaður, að hann fái endurgoldinn þann kostnað og fyrirhöfn, sem hann hefir haft af málinu. Auk þess finnst mjer lögfræðingarnir hjer í deildinni ekki vera á eitt sáttir með það, hvort málsvinnandinn eigi að fá dæmdan sjer þann nýja kostnað, sem eptir breyt.till., verði hún samþ., leiðir af vitnaleiðslu fyrir hann.

H. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) sagði, að þessi kostnaður væri venjulega lítill, en jeg veit af eigin reynslu, að hann getur verið mikill, hann getur verið svo hundruðum króna skiptir, og það getur verið tilfinnanlegt fyrir fjelítinn mann, að þurfa að leggja þetta út fyrir fram, eða verða af rjetti sínum að öðrum kosti. Það er almenn skoðun hjá alþýðu, að allmikið fje þurfi til þess að leggja út í mál, og þeir einir geti náð rjetti sínum, sem ætíð hafa nóga peninga, en erfiðara verður það þó hjer eptir en verið hefir, ef þessi breyting nær fram að ganga, því með því að samþykkja hana, er stigið stórt stig til þess að efnamennirnir einir geti komið fram málum sínum, en fátækir ekki, þó þeir hafi jafngóðan málsstað og hinir efnaðri.

Landshöfðingi: Það er samanburður á 2. og 3. tölulið breyt.till, sem kemur mjer til að halda þeirri skoðun fram, að gjaldið fyrir vitnaleiðsluna eigi að greiðast fyrir fullt og allt af þeim, sem hennar krefst.

Í öðrum tölulið breyt.till. stendur: »Í sakamálum og almennum lögreglumálum skal borgun greidd fyrirfram úr landssjóði gegn endurgjaldi hjá þeim, sem dæmdur verður í málskostnað með endilegum dómi«, en í 3. tölulið breyt.till. stendur: »Í einkamálum skal gjaldið greitt af þeim, sem krefst vitnaleiðslunnar«. Því er ekki einnig þar bætt við, að taka skuli tillit til þessa, þegar málskostnaður er ákveðinn? Þessi munur, sem gjörður er á þóknun til vitna í sakamálum og einkamálum, gjörir það, að jeg skil svo, að átt sje við endilega greiðslu í einkamálum, en fyrirframgreiðslu í sakamálum.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 6 þm. (C. 206) við 1. gr. samþ. með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson,	Páll Ólafsson,
Eiríkur Briem,	Sigurður Jensson,
Gunnar Halldórss.,	Benedikt Sveinsson,
Jens Pálsson,	Indriði Einarsson,
Jón Jónss. N.-Þing.,	Jón Jónss. N.-Múl.,
Olafur Briem,	Lárus Halldórsson,
Ólafur Ólafsson,	Sigurður Gunnarss.,
Ólafur Pálsson,	Skúli Thoroddsen,
Páll Briem,	Sveinn Eiríksson,
Sigurður Stefánss.,	Þorl. Guðmundss.,
Þorvarður Kjerúlf.	

Breyt.till. landsh. (C. 213) við 1. gr. samþ. í e. hlj.; breyt.till. 6 þm. við 2. gr. samþ. með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og greiddu hinir sömu atkv. með og móti eins og við næsta nafnakall á undan; breyt.till. við fyrir-

sögn frumv. samþ. með 14 atkv. Frv. með áorðnum breyt. fellt með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson,	Páll Ólafsson,
Eiríkur Briem,	Sigurður Jensson,
Gunnar Halldórsson,	Benedikt Sveinss.,
Jens Pálsson,	Indriði Einarsson,
Olafur Briem,	Jón Jónss., N.-Múl.,
Ólafur Ólafsson,	Jón Jónss., N.-Þing.,
Ólafur Pálsson,	Lárus Halldórss.,
Páll Briem,	Sig. Gunnarsson,
Sigurður Stefánsson,	Skúli Thoroddsen,
Þorvarður Kjerúlf,	Sveinn Eiríksson,
	Þorl. Guðmundss.

Frumv. laga til um lausamenn (C. 114, 201); frh. 1. umr.

Flutningsm. (Þorl. Guðmundsson): Eins og h. deild er kunnugt, var kosin nefnd til að íhuga frumv. þetta og síðar var öðru skyldu frumv. vísað til hinnar sömu nefndar. Þessi nefnd komst að þeirri niðurstöðu, að ráða frá því, að samþykkja þessi tvö frumv., en í stað þeirra samdi hún nýtt frumv., sem fer í aðra stefnu; og af því svo er komið, þá tökum vjer flutningsmenn frumv. aptur.

Frumv. til laga um afnám vistarskyldunnar og um heimilisfang verkmanna (C. 202, 201); 1. umr.

Framsögum. (Skúli Thoroddsen): Eins og h. deild er kunnugt, fjekk nefnd sú, sem samið hefir frumv. það, sem hjer liggur fyrir, tvö frumv. til íhugunar; þessi frumv. stefndu bæði að því, að gjöra mönnum hægra fyrir að komast í lausamennsku en nú er. Annað þeirra fór fram á, að hverjum manni, sem er 21 árs að aldri, skyldi vera heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því, að fá lausamennskuleyfi hjá hreppsnefnd sinni eða bæjarstjórn. Fyrir þetta leyfi áttu karlmenn að borga 1 kr., en kvennmenn 50 aura. Hitt frumv. vildi heimila hverjum manni sem væri 25 ára að aldri að leysa sig undan vistarskyldunni, með því að fá sjer leyfisbrjef hjá lögreglustjóranum. Fyrir þetta leyfisbrjef átti karlmaðurinn að borga 10 kr., en kvennmaður 5 kr.

Nefndin hefir íhugað bæði þessi frv. rækilega og kom henni saman um, að í hvorugu þessu frumv. væri farið eins langt og þær raddir hefðu óskað, er heyrzt hefðu frá þjóðinni, því að þessar raddir hafa eigi að eins farið fram á það, að mönnum væri gjört auðveldara að fá sjer lausamennskuleyfi en nú er, heldur hefir þjóðin óskað, að vistarskyldan væri úr lögum numin. Jeg hef gengið í gegnum fundarskýrslur þær, frá ýmsum kjördæmum landsins, sem á lestrarsalnum liggja, og hef jeg sjeð af þeim, að í 11 kjördæmum er beinlínis skorað á þingið, að fá vistarskyldubandið úr lögum numið; aptur hafa 3 kjördæmi — (Húnavatnss. og Múlas.) — látið í ljósi, að æskilegt væri, að svo langt yrði ekki gengið, að minnsta kosti ekki á þessu þingi. Í tveimur kjördæmum sem þingmálafundarskýrslur hafa sent til þingsins, er ekkert minnzt á þetta mál, og frá 4 kjördæmum hafa engar skýrslur komið. Af þessu yfirliti er það ljóst, að meiri partur landsmanna óskar þess, að vistarskyldan sje afnumin. Þessu máli hefir og verið hreyft í blöðum vorum og tímaritum og hefir þar verið ýtarlega tekið fram, hvað mælti með því og móti. Allar þessar röksemdaleiðslur þykist jeg vita, að h. deildarmönnum eru kunnar og þarf jeg því ekki að vera langorður; skal jeg því að eins lauslega drepa á fátt eitt af því, sem borið hefir verið fram með og móti.

Sumir bera kvíðboga fyrir því, að ef vistarskyldan væri numin úr lögum, þá mundi verða erfitt fyrir bændur að

fá nægan vinnukrapt til að yrkja jarðir sínar, einkum sveitabændur; þeir bera kvíðboga fyrir því, að fólk muni þyrpast að sjónum, sjer í lagi karlmennirnir, og að sveitabændur muni þá standa uppi ráðalausir. En þessi mótbára held jeg að hafi ekki við mikið að styðjast. Jeg hygg þvert á móti, að reynslan mundi sýna, að þótt vistarskyldan væri úr lögum numin, mundi fjöldi manna ráðast í ársvist eins eptir sem áður. *(B. Sv.:* Því þá?). Af því að þeir, sem í lausamennsku færu, — og þeir yrðu náttúrlega nokkrir — mundu brátt reka sig á, að það kostar töluvert, að hafa í sig og á, þeir mundu þá betur læra að meta, hvað fæðið kostar. Ef vistarskyldan væri úr lögum numin, þá mundu bændur eiga hægra með að fá hentugan vinnukrapt. Það er, sem kunnugt er, víða óþarfi að hafa eins marga ársmenn og nú er gjört; og svo má að orði kveða, sem vinnumenn á sumum heimilum sjeu ómagar á vetrum. Þegar vistarskyldan væri úr lögum numin, þá gætu bændur tekið kaupamenn á sumrum og ráðið sjer svo menn eptir þörfum aðra árstíma, en þyrftu ekki að sitja uppi með þá þann tíma, sem þeir hafa þeirra enga þörf. Sumir hafa það á móti afnámi vistarskyldunnar, að minna mundi verða unnið í landinu, en nú er, og að ýmsir mundu leggjast í leti og ómennsku og eigi nenna að vinna meira en svo, sem þeir þyrftu minnst, til að geta framfleytt lífinu. En þessi mótbára held jeg að sje heldur ekki á sterkum rökum byggð.

Bændur munu að sjálfsögðu helzt velja sjer þá menn, sem duglegastir eru, og lögin munu þannig einmitt verða til þess, að skapa rjettan mælikvarða fyrir launum dugnaðarmannanna og ódugnaðarmannanna. Ársvistin hefur leitt og leiðir til þess, að kaupgjaldið er nokkuð jafnt og dugnaðmaðurinn ber sjaldnast eins mikið úr býtum, eins og hann á skilið, þótt hann verði opt að taka upp á sig verkin fyrir slóðana. En letingjar og slóðar munu fá að sjá, að ef vistarskyldan er numin úr lögum, þá verða þeir að leggja fram alla krapta sína til að vinna fyrir sjer. Það er því ástæða til að ætla, að afnám vistarskyldunnar leiði til þess, að meira verði unnið í landinu, en nú er. Enn er eitt atriði í þessu máli, sem kom til umtals í nefndinni. Menn hafa kviðið fyrir því, að sumir myndu leggjast í betl og flakk, ef þeir væru ekki skyldir að ráðast í ársvist; og kom sú tillaga fram í nefndinni, að til að fyrirbyggja þetta mundi heppilegt, um leið og vistarskyldan væri leyst, að alþingi semdi lög, sem legði hegning við betli og flakki. En niðurstaðan varð þó sú, að rjettast mundi að bíða með það til næsta þings, og sjá, hver afleiðingin yrði ef vistarskyldan yrði leyst. Ef svo liti út, að bændur ætluðu að láta jeta sig út á húsganginn, væri nógur tími til að búa þau lög til þá. Sumir nefndarmenn vildu í lengstu lög forðast að setja strangar ákvarðanir um betl og flakk, af því þær mundu hnekkja hinni alkunnu gestrisni vorri, sem jeg álít þjóð vorri til sóma, ef hún er innan skynsamlegra takmarka.

Jeg skal að lokum drepa á meginatriðin í frumv. því, sem hjer liggur fyrir. Frv. fer fram á, að hver megi ráða sig til vistar svo stuttan tíma, sem hann vill. Aptur duldist nefndinni eigi, að nauðsynlegt væri, að hver maður hefði fast ársheimili, til þess að hreppsnefndum og öðrum, sem gjaldheimtu hafa, væri eigi gert of örðugt fyrir með innheimtu gjalda, og höfum vjer einnig í því skyni sett í frumv. þau ákvæði, að húsbóndinn sje skyldur til að inna

öll lögboðin gjöld af hendi fyrir hönd þeirra verkamanna, er hjá honum eiga ársheimili.

Jeg het þá ekki fleira að athuga að svo stöddu, en vil að eins geta þess, að nefndinni hefur ekki dulizt, að ýmislegt kynni að vera athugavert í frumv., og er hún fús til að taka á móti breytingum, er stuðla til að bæta frv., ef þær að eins ekki raska aðaltilgangi þess.

Sigurður Gunnarsson: H. nefnd, sem skipuð var í lausamannafrumvörpin tvö, þar sem annað var fyrir skemmstu tekið út af dagskrá, en hitt tekið aptur af flutningsmönnum, hefur komið með nýtt frumv., sem fer fram á algjört afnám vistarskyldunnar. Það er nú auðvitað ekkert út á það að setja í sjálfu sjer, að nefndin hefir komið með nýtt frumv.; en að öðru leyti álít jeg það, sem frumv. þetta fer fram á, mjög íhugunarvert, þar sem í því er farið fram á algjörða breytingu á því fyrirkomulagi, sem um langan aldur hefur átt sjer stað í landinu, hvað vistarráð snertir, og sje því skylda h. þingd., að hrapa ekki að neinu í þessu efni. Til þess því að allt verði gert til að íhuga mál þetta sem bezt, þá leyfi jeg mjer að leggja það til, að nefnd verði sett í málið og hún skipuð 5 mönnum.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld.

Sveinn Eiríksson: Jeg vona að h. deild taki það ekki svo, að jeg sje á móti því að rýmka um alþýðufrelsi yfir höfuð, þó jeg geti eigi fellt mig við frumv. það, er hjer liggur fyrir, í öllum þess atriðum. Jeg ímynda mjer að með því að gefa svona lög, geti komið fyrir, að þau alls ekki nái sínum góða tilgangi. Með því það er 1. umr. málsins á því ekki við að fara út í einstakar greinar frumv., ætla jeg því að tala lítið eitt um frv. í heild sinni. Vil leyfa mjer að taka sjerstaklega til dæmi: að vinnumaður eða vinnukona fari frá heimili sínu og segi við húsráðanda: Jeg ætla nú að bregða mjer burt um tíma og leita mjer betri atvinnu, skal jeg borga þau gjöld, er mjer samkvæmt lögum ber að greiða, þegar jeg kem aptur. Svo fer hann eða hún, en kemur ef til vill aldrei aptur. Að ætla nú húsráðandanum, að ganga í ábyrgð og taka upp á sig að borga fyrir þetta fólk, það held jeg að sje varla gjörlegt. Jeg vil að vísu eigi gjöra ráð fyrir að verkamenn almennt mundu viljandi leitast við að skjóta sjer undan hinum lögboðnu skyldum, en það er, eins og jeg áður hefi tekið fram, að mörg ófyrirsjáanleg atvik geti leitt að því. Maður vill máske leita atvinnu í öðru hjeraði, fer af stað, en verður veikur á leiðinni og máske upp úr því aumingi alla æfi; hver á þá að borga fyrir hann, á húsráðandi að borga? Mjer getur ómögulega fundizt það sanngjarnt. Ef þessu frumv. verður ekki breytt, frá því sem það er nú, þá get jeg ómögulega gefið mitt atkvæði með því.

ATKVÆKAGB.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. til þingsályktunar um, að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð (C. 185); hvernig ræða skuli.

Forseti stingur upp á að málið verði rætt við eina umr.

Jens Pálsson: Jeg skal lýsa yfir því, að við flutningsmenn erum samþykkir því, að ein umræða sje nægileg.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ.

Frumv. til þingsályktunar un brúargjörð á Þjórsá (C. 187); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. að hafa eina umr. um það mál.

Nítjándi fundur, fimmtudag 23. júlí á hád. Allir á fundi, nema þm. Reykvík. (J. Jónassen), sem var veikur.

Forseti skýrði frá, að sjer hefði verið tilkynnt, að í nefndinni sem kosin var í frv. til laga um ullarverksmiðju, væri kosinn formaður Benidikt Sveinsson og skrifari Skúli Thoroddsen.

Enn fremur skýrði forseti frá, að til sín væri komin bænarskrá frá Ásgeiri Blöndal lækni um styrk til utanferðar.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands (C. 128, 206); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg lýsti því yfir þegar við byrjun þessarar umr., að jeg áliti bezt til fallið, að sem fæstar óþarfar og ónauðsynlegar ræður um þetta mál fylltu alþingistíðindin. Samkvæmt þessu finn jeg enga ástæðu til vegna mín og nefndarinnar að fjölyrða um málið að svo stöddu.

Þetta mál er orðið svo marghugsað, rætt og ályktað, og þar að auki álít jeg nefndarálitið svo skilmerkilega úr garði gert, að það þurfi ekki frekari skýringar við. Jeg treysti því að mál þetta eigi í hverju einasta fulltrúasæti hjer í salnum ötulan og einlægan talsmann, og jeg treysti því, að engum blandist hugur um, að fylgja þessu máli með bróðurlegri eindrægni, áhuga og staðföstum vilja.

Af því að engar knýjandi hvatir eru til, að fara fleirum orðum um þetta mál að sinni, vil jeg að svo stöddu einungis óska að málið verði látið ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. að við höfðu nafnakalli, eptir ósk 6 nafngreindra þm., og sögðu *allir* þm., sem á fundi voru, *já*.

Frumv. til laga um skipun dýralækna á Íslandi (C. 203); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt í e. hlj., og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Keflavík (C. 204); 1. umr.

Flutningsm. (Jón Þórarinsson): Jeg hef leyft mjer að koma fram með þetta frv. samkvæmt tilmælum allmargra manna í nágrenni við verzlunarstað þenna, og hafa ástæður þessara manna verið til sýnis á lestrarsalnum, og vona jeg, að h. þm. hafi kynnt sjer þær. Það er reyndar kunnugt, að í þessum verzlunarstað eru nægilega margar verzlanir, en vegna samkeppninnar hafa menn þó álitið heppilegt, að verzlunum yrði fjölgað þar; en nú stendur svo á, að verzlunarlóðin er svo uppfyllt af húsum, að erfitt væri að byggja hús handa nýjum verzlunum, og enda gætu fleiri annmarkar verið á því. Á bak við þessi tilmæli hlutaðeiganda liggur auðvitað sú hugsun, að með því að stækka verzlunarlóðina gefist mönnum kostur á, nú eða síðar, að stofna þar nýjar verzlanir. Kunnugir munu játa, að þetta svæði, sem tilnefnt er, að Vatnsnessteini, sje einkar- heppilegt; reyndar er Keflavíkurhöfn fremur slæm, en þetta svæði, sem hjer er um að ræða, er hið hentugasta til lendinga og uppskipunar. Þar er lítil vík, sem heitir Vatnsnesbás, og er þar aðdjúpt og mætti enda búa þar til bryggju, sem hafskip gætu lagzt upp að, og er það ekki lítill kostur.

Lík tilmæli og þessi hafa áður komið fram á þingi, og hafa fengið góðar undirtektir, og vona jeg, að hið sama verði ofan á nú. Jeg finn ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en

óska að frumv. fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um samþykktir um kynbætur hesta (C. 154, 195); 2. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Jeg hef leyft mjer að koma með breyt.- og viðaukatill. (C. 195) við frumv. þetta, samkvæmt bendingum hæstv. landsh. við 1. umr. Eins og h. þm. sjá, lúta þær sumpart að aðferðinni, sem hafa skuli við samning samþykktanna, og eru þau ákvæði að miklu leyti samkvæm ástæðunum í lögum um fiskiveiðar á opnum skipum. Ein grein tiltekur nákvæmar þau atriði, sem gera megi slíkar samþykktir um.

Jeg ætla, að engum geti dulizt, að hjer á landi, þar sem kvikfjárræktin er hinn helzti atvinnuvegur, sjeu kynbætur á búpeningi einkar mikilsverðar, enda hefir og hin síðari ár, samfara framförum með húsabætur og jarðabætur, kviknað töluverður áhugi hjá mönnum á kynbótum, einkum á sauðfje, meðfram auðvitað vegna hinnar góðu sölu á sauðfje nú um tíma.

Sauðfje og nautpeningur hefir nákvæma hirðingu á vetrum, og er því hægra fyrir einstaka menn, að bæta kyn þessa penings, og samtök ekki óumflýjanleg, enda þótt þau gætu verið til mikils góðs. Öðru máli er að gegna um hesta, einkum í þjettbýlum sveitum, þar sem mörg hross eru. Þar er það lítt mögulegt fyrir einstaka menn, að vinna nokkuð verulegt að kynbótum, vegna þess, að stóð af mörgum bæjum ganga saman bæði í heimahögum og á afrjettum. Eigi nokkuð verulegt að verða ágengt, þá eru samtök óumflýjanlega nauðsynleg, og í þessu efni er einkar áríðandi, að allir sjeu með; ef einn eða fáeinir menn skerast úr leik, þá verða notin af samtökunum lítil sem engin. Til þess að sporna við því, að einstakir menn geti af kæruleysi eða hirðuleysi ónýtt samtökin, hefur mjer hugsazt þetta ráð, að koma á heimildarlögum um samþykktir, og mætti þá beita þeim gegn einstökum mönnum.

Við 1. umr. málsins komu fram nokkrar mótbárur gegn frumv. Það var t. d. sagt, að þessi lög væru óþörf; en mjer finnst það hafa töluverða þýðingu, ef þau gætu greitt mönnum veg til að gjöra þeim hægra fyrir að bæta hestakyn sitt. Það er auðvitað ekki eins beinn arður af hestum eins og af sauðfje eða nautpeningi, en hestaræktin hefur einnig mikla þýðingu fyrir oss. Þó jeg sleppi reiðhestum, sem eru bæði til gagns og gamans, þá vita þó allir, að mikill munur er á áburðarhestum, að því er snertir úthald, holdafar og fleiri kosti, og fer það ekki lítið eptir kyninu; jeg held það sje óhætt að fullyrða, að 2 góðir áburðarhestar sje betri en 3 ljelegir. Í sumum sveitum er auk þessa ekki svo lítill beinlínis arður af hestasölu til útlanda. Það getur satt verið, að það sje ekki svo mjög eptirsóknarvert að hafa mikinn hestafjölda, en ekki er hægt að neita því, að í sumum sveitum hefir það orðið hyggnum búhöldum töluverður gróðavegur. Reyndar er það gamall talsháttur, að »það sje ekki vit að gangast fyrir lit«, en þó vita allir, að það skiptir miklu um þá hesta, sem eru seldir út úr landinu, hvernig þeir eru litir, svo að það fást enda 5—10 kr. meira fyrir einlita hesta en aðra, en með kynbótum má ráða miklu um hestalitinn, eins og aðra eiginlegleika.

Þeirri mótbáru hefir einnig verið hreyft, að ekki væri mögulegt, að framkvæma slíkar samþykktir. Reyndar get jeg ekki skilið, af hverju það ætti

að vera ómögulegt, en reynslan verður að sýna, hvort sýslunefndirnar vilja hagnýta sjer heimild þá, sem lög þessi veita þeim, en mikil líkindi eru til þess, að sumar sýslunefndir að minnsta kosti láti ekki þessa heimild ónotaða, þar sem það er vitanlegt, að í nokkrum sýslum hafa sýslunefndirnar enda í lagaleysi reynt að semja reglur um þetta efni, en það hefir strandað á mótþróa einstakra manna. Auðvitað gildir það um öll heimildarlög, að þau geta því að eins orðið að notum, að hlutaðeigendur vilji nota þau, til að semja þær ályktanir sem til er ætlazt. Jeg get eigi betur sjeð, en að hin litla reynsla, sem fengin er í þessu máli, bendi á, að lögin muni í sumum hjeruðum verða notuð, og mjer finnst að menn eigi ekkert í hættu með að samþykkja frumv., þar sem það getur ekki á neinn hátt komið í bága við hag annnara hjeraða, þar sem slíkar samþykktir eiga ekki við.

Jeg vona því að h. þingm., sem eru úr þeim hjeruðum, ekki síður en aðrir, lofi málinu að fá framgang.

ATKVÆÐAGR.: 1. viðaukatill. við 1. gr. samþ. með 18 atkv.; 1. gr. með viðauka samþ. með 18 atkv.; 2. breyt. till., við 2. gr., að 2. gr. falli burt samþ. með 18 atkv.; 3.—9. breyt.till., ný 2.—8. gr., samþ. hver um sig með 16—19 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frumv. til viðaukalaga við lög um brúargjörð á Ölvesá 3. maí 1889 (C. 165); 3. umr.

Árni Jónsson: Jeg efast ekki um að allir h. þingdm. sjeu ófúsir á að veita fje úr landssjóði, nema þeir sjái fulla ástæðu til þess og brýna þörf. Jeg skal játa það, að í þessu frv. er ekki um mikla fjárupphæð að ræða, ekki nema 2000 kr., og það í eitt skipti fyrir öll. En það er eins með þetta tillag eins og önnur tillög úr landssjóði, þótt ekki sje það meira, að það er skylda vor, og jeg efast ekki um að það sje vilji vor allra, að gjöra oss grein fyrir, hvort nauðsynlegt sje að veita þessar 2000 kr. nú þegar, og hvort þær muni koma að tilætluðum notum, og hvort eigi sje annað brýnna og betra við þær að gjöra. Jeg játa það, að þessu máli er svo varið, að bæði mjer og líklega flestum öðrum h. þingdm. mun erfitt að gjöra sjer ljósa grein fyrir því; til þess útheimtist, ef vel ætti að vera, verkfræðings-kunnátta. Þó skal jeg leitast við að skýra málið að því leyti sem mjer er unnt. Hæstv. landsh. tók það fram við 1. umr. málsins, að jafnframt því sem stjórnin leitaðist við að fá sem lægst tilboð um að smíða brúna, þá hefði hún og leitazt við, að fá hana sem traustasta og vandaðasta að allri gerð, og því hefði hún fyrst leitazt við að fá smíðaða fasta brú, en af því að það fjekkst ekki gjört fyrir 60,000 kr., hallaðist hún að því að láta smíða hengibrú. Gagnkunnugur maður hefir sagt mjer, að verkfræðingur stjórnarinnar Windfeldt- Hansen hafi gjört sjer mikið far um að brúin væri sem traustast gjörð, og sjálfur gjört teikningar af henni og sett skilyrðin fyrir smíðinu, svo nákvæmlega, að hinn enski brúarsmiður Vaughan varð að hitta hann, bera sig saman við hann og jafna þau atriði, er þá áður greindi á um. Þá kom það að vísu upp að Vaughan hafði smíðan margar brýr, en W. Hansen fáar eða engar. Eptir þessum undirbúningi má þó ætla, að allt hafi verið fulltryggilega útbúið í fyrstu, og að brúarsmiðurinn enski hafi verið fullfær til að leysa verk sitt vel og vandlega af hendi, og haft fullt vit á hvað til þess heyrði. En þá nefnd

enginn að þessa hliðarstrengi þyrfti til að tryggja brúna. Meira að segja kvað Vaughan hafa þótt helzt til mikið borið í brúna, þar sem eigi væri um járnbrautarlestir að ræða, er yfir brúna þyrftu að fara, heldur að eins hestalestir.

Eins og hæstv. landsh. tók fram hefir þó síðar vaknað efasemd hjá stjórninni um það, hvort brúin mundi nógu sterk. En hvernig hefir þessi efasemd getað vaknað hjá stjórninni, og hversvegna hefir hún vaknað? Það er torsjeð, því að ætla má þó, að Windfeldt-Hansen hafi talið hana nógu sterka. Hæstv. landsh. tók sjerstaklega fram tvær ástæður fyrir því, að stjórnin teldi strengina nauðsynlega. Önnur var sú, að skjálfti kæmi á brúna, við umferð yfir hana, og að þessi skjálfti orsakaði hreyfing á brúna eptir lengdinni. Hin ástæðan var sú, að stormar, einkum norðanstormar, kæmu til leiðar hliðarhreyfing á brúna, og var hann hræddur um, að þessar tvöföldu hreyfingar mundu olla töluverðu sliti á brúnni.

Það er ekki gott fyrir mig eður aðra, að gjöra glöggva grein fyrir því, hvort verkfræðingur stjórnarinnar viti ljóslega, um hve sterk veður sje þar að ræða, eða hvort þau muni svo sterk, að tengslanna þurfi þegar í stað. Þó verð jeg fremur að ætla, að honum hafi ekki verið það fullljóst, og að óhætt muni að bíða með strengina þangað til brúin er fullgjörð, og vita, hvað reynslan sýnir um slit á henni af veðrum. Hæstv. landsh. gat þess líka, að brúnni væri ekki hætta búin, þótt það drægist að setja strengina á hana, en hann kvað það mundu haganlegra og ódýrara að setja þá nú á, meðan verkfræðingurinn væri hjer. En jeg sje ekki svo brýna þörf á, að flýta þessu fyrir þá sök, því að jeg vona að tillaga sú, sem hjer er á dagskrá í dag, um að rannsakað verði brúarstæði á Þjórsá, fái framgang, og þá mun verða fenginn verkfræðingur, til þess starfa; gæti hann um leið skoðað brúna á Ölvesá, og mundi hann þá eiga hægra með að dæma um, en nú er hægt, hvort þörf væri á strengjum til að tryggja brúna. Jeg efast líka um að þessir strengir við annan enda brúarinnar verði svo nægir til að forða skjálfta á henni, að ekki þurfi aðra strengi við hinn endann. Brúin er það bákn, 50 tons eða 100000 pd., að hún fýkur ekki af fyrst um sinn, þótt hún sje ekki reyrð niður með strengjum, og jeg hygg að þótt veður sjeu sterk undir Ingólfsjalli, þá muni óhætt að treysta því, að brúin bíði ekki skaða af þeim, fyrst um sinn, og líklega aldrei. Því leyfi jeg mjer, að skjóta því til h. deildar, hvort ekki muni rjettara að fresta þessari fjárveitingu, þangað til betri upplýsingar hafa fengizt, og raun er komin á, hvort hennar sje þörf.

Landshöfðingi: Mjer fannst h. þm. (Á. J.), sem nú settist niður, byggja ástæður sínar á móti þessu máli á talsverðum misskilningi. Hann var að tala um, að brúin hlyti að vera full-sterk, eða jafnvel óþarflega sterk. Það hefir víst enginn borið á móti því, að brúin væri sterk, að minnsta kosti hef jeg aldrei sagt, að hún væri ekki nógu sterk. Það hefur víst heldur engum dottið í hug, að brúin mundi fjúka af, þótt hliðarstrengir væru ekki settir á hana. Meiningin með hliðarstrengjunum er alls ekki sú, að gjöra brúna sterkari, svo að hún beri meira, heldur að gjöra hana endingarbetri, verja hana fyrir sliti með því að koma í veg fyrir, að hinir einstöku partar hennar núist og slitni í samskeytunum við sveiflun hennar af hliðarvindum. Þótt brúin sje, eins og h. þm. (Á. J.) tók fram, mjög þung, þá verður einnig að gá að því, að hún er

líka mjög löng; hún er 250 fet á lengd, og á svo miklu hafi þarf ekki mjög mikinn vind til þess að sveifla svo langri brú fram og aptur. Það er ekki stjórnin sjálf, sem hefur fundið upp á þessum viðbæti við brúna, heldur verkfræðingar þeir, sem hún hefur haft sjer til ráðaneytis, sjerstaklega sá, sem stjórnin hefur nú, til þess að líta eptir verkinu. H. þm. (Á. J.) sagði, að það gæti ekki orðið nein hætta, þótt það drægist, að setja þessa hliðarstrengi, og skal jeg játa, að hættan er ekki mikil, en það getur orðið margfalt dýrara, að koma þeim á, ef það verður látið dragast þangað til seinna, að styrkja brúna á þennan hátt, því, eins og jeg tók fram við 1. umr., verður þetta ekki gjört seinna, nema því að eins, að sjerstakur verkfræðingur komi til að gjöra það. H. þm. (Á. J.) sagði að vísu, að eptir þingsályktunartillögu þeirri, um brúargjörð á Þjórsá, sem kæmi til umr. í dag, mætti sjálfsagt gjöra ráð fyrir, að hingað yrði innan skamms sendur verkfræðingur, til að skoða þá á, en hjer til er því að svara, að í fyrsta lagi er ekki búið að samþykkja þessa þingsályktunartillögu hjer á þinginu, og í öðru lagi verður það, ef til vill, óþarfi, að senda hingað verkfræðing, þótt hún verði samþykkt, þar sem jeg hefi lagt fyrir verkfræðing þann, sem nú í sumar hefur umsjón með brúargjörðinni á Ölvesá, að skoða vandlega og velja brúarstæði á Þjórsá, svo hann geti verið undir það búinn, að gjöra teikningu af brúnni og áætlun yfir brúarkostnaðinn næstkomandi vetur.

Það er auðvitað, að jeg get ekki talað með neinni verulegri þekkingu um þetta brúarmál, en þegar um það er að ræða, að gjöra brú, sem ekki á að slitna neitt verulega á tugum ára, eða jafnvel í hundrað ár, þá get jeg þó hugsað mjer, að ekki sje hægt að segja, eptir t. d. 2 ár: Svona mikið hefur brúin slitnað á þessum árum; nú er víst bezt að fara að setja á hana hliðarstrengina. Það er líkt um þetta, eins og vatnið, sem holar steininn; það mun ekki hægt að segja, að svo og svo mikið hafi það holað hann á þessum og þessum tíma, heldur verður eyðing steinsins smátt og smátt.

Úr því nú h. alþing hefur samþykkt, að gjöra þetta stórvirki, þá get jeg líka hugsað mjer, að því sje annt um, að þessi fyrsta stóra brú, sem það leggur svo mikinn kostnað í, verði traust og varanleg. Að öðru leyti er það auðvitað á valdi þingsins, hvað það gjörir í þessu efni. Stjórnin er búin að gera sitt, svo það verður á ábyrgð þingsins, ef illt leiðir af þeim sparnaði, sem h. þm. Mýram. (Á. J.) leggur til að viðhafa í þessu efni.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal lýsa yfir því sem sannfæringu minni, að ummæli hæstv. landsh. í þessu máli eru á gildum rökum byggð. Jeg ætla ekki að byggja á öðru en því, að brúin sje sterk gagnvart þeim þunga, sem leggst ofan á hana, bæði af snjó og umferð um hana.

En það er ekki nóg, þótt brúin sje styrk að þessu leyti, því það er einmitt hliðarslátturinn, sem mest reynir á brýr og veldur þeim hættu og skemmdum. Jeg hefi lesið svo mikið í ritum um brúargjörðir í útlöndum, að jeg hefi sannfærzt um, að það eru einmitt hinir snöggu vindar, sem Danir kalla »Vindstöd«, og hvirfilbyljir, sem mest reyna á brýrnar, sjer í lagi þær, sem gefa eptir af sjálfum sjer, svo sem allar vírbrýr. Hræringin á brúnum fram og aptur er svo mikil, að það er alveg ómögulegt, að reikna út, hver áreynslan getur orðið. Þar sem þessi brú er 250 fet eða 125 álnir á lengd, en breidd hennar að eins 4 álnir, þá er mjer al-

veg óskiljanlegt, hvernig hún á að geta staðizt móti sterkum og snöggum vindum, án þess að verða fyrir mjög mikilli áreynslu, hliðarstagalaus eða hliðarstagalítil. Ef þessi skoðun er á rökum byggð, hvað á maður þá á hættu, ef maður neitar því, sem hjer er farið fram á, til að forða brúnni við sliti og ef til vill gjörsamlegri eyðileggingu, hver á að bera ábyrgðina, sem af þessu kann að fljóta, eptir að þingið hefur neitað, að leggja það fje til, sem þeir, er vit hafa á, telja nauðsynlegt til að gjöra brúna styrka fyrir árásum náttúrunnar? Sjálfsagt alþingi sjálft. Hjer er þar að auki ekki um mikið fje að ræða í samanburði við það, að eiga það á hættu, að brúin misheppnist. Jeg vildi sjá, hve nær sá dagur rennur upp, að þjóðin ræðst í fleiri stórvirki eins og þetta, ef þetta fyrsta brúarstórvirki misheppnast og verður landi og þjóð til skaða og vanza.

Árni Jónsson: Hæstv. landsh. byrjaði ræðu sína á því, að jeg hefði byggt mótmæli mín gegn máli þessu á misskilningi. Hann hefur þá tekið orð mín öðru vísi, en jeg þykist hafa talað þau. Jeg sagði ekki, að hann hefði sagt, að brúin væri ekki nógu sterk, en jeg sagði sjálfur, að jeg áliti, að hún hlyti að vera nógu sterk, þar sem bæði Hansen verkfræðingur, sem fyrst mældi brúarstæðið, og eins hinn enski verkfræðingur, sem hefur látið smíða brúna, hafa sagt, að hún væri nógu sterk, eins og fyrst var til ætlazt að hafa hana. Að því er snertir þennan nýja verkfræðing stjórnarinnar, þá þekki jeg hann ekki, en heyrt hefi jeg, að hann væri lítt líklegur til dugnaðar og framkvæmda. Hann hefur því líklega ekki verið heppilega valinn, þessi ungi maður. Það er talað um, að setja hliðarstrengi öðru megin árinnar, við annan brúarsporðinn, en jeg get hugsað mjer, að maður geti átt von á einhverjum hirðgæðing og verkfræðing næsta ár, sem segi, að strengi þurfi nú líka hinum megin, enda er ekki ólíklegt, að brúin slitni báðum megin, ef slingur kemur á hana, eins og það heldur ekki er ólíklegt, að tognað geti á strengjunum, ef áreynslan verður mikil, og verður þá lítið gagn að þeim. Viðvíkjandi því, hvað það verði á ábyrgð þingsins, ef brúin fer illa, þá er það sjálfsagt, að það getur verið áhætta fyrir þingið, að hafna þessu verki, og er því hjer úr vöndu að ráða; en jeg get ekki neitað því, að mjer finnst það hefði verið tilhlýðilegt og æskilegt, að stjórnin hefði lagt fram betri upplýsingar um þetta mál, enda gat það ekki verið erfitt, þar sem verkfræðingarnir eru hjer í nánd.

Það er engan veginn svo að skilja, að jeg efist um það, sem hæstv. landsh. hefur sagt í þessu máli frá hans sjónarmiði, en hitt tel jeg víst, að ef þingið síðast hefði verið svo hyggið, að fela landsh. brúargjörðina, þá hefðu varla komið fram eptirbænir um þetta fje.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 14:6 atkv., og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um að landstjórninni veitist heimild til að kaupa jörð handa Tröllatunguprestakalli í Strandaprófastsdæmi (C. 176); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. orðalaust með 17 atkv. og sent Ed.

Tillaga til þingsályktunar um að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð (C. 185); ein umr.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Mál það, sem þingsályktunin hljóðar um, mun öllum í h. þingd. kunnugt, þar sem þingsályktun um sama efni hefur verið til meðferðar á nokkrum alþingum áður. Tel jeg því víst, að öllum sje ljóst,

hve mikil nauðsyn sje á því að fá mælda uppsiglingu á Hvammsfjörð.

Það er mjög þýðingarmikið mál þetta, fyrst og fremst fyrir Dalasýslu. Dalasýsla á og hefur ætíð átt örðugt til aðdrátta. Þar er að eins eitt kauptún, sem risið hefur á síðustu árum, en liggur illa við fyrir alla hreppa sýslunnar að tveim undanskildum. Verzlunarvörur sækja því flestir sýslubúar annaðhvort til Stykkishólms, Borðeyrar eða Borgarness, og til fiskifanga verða þeir að sækja annaðhvort undir Jökul eða til Ísafjarðardjúps, og er hvorutveggja leiðin erfið og löng. Aptur á móti liggur Hvammsfjörður einkarhaganlega við aðdráttum, liggur að öllum hreppum sýslunnar að undanteknum tveimur, (Skarðsströnd og Saurbæ). Af þessu er auðsætt, hve ákaflega þýðingarmikið það er, að Hvammsfjörður verði sem allra fyrst mældur upp. Það er fagurt að sjá fjörðinn skínandi bjartan og án efa skipgengan liggja inn að flestum sveitum sýslunnar, en hörmulegt að vita hann ónotaðan ár eptir ár, og hjeraðsbúa eiga mjög erfitt með vöruflutninga að sjer og frá, — og það án efa alveg að óþörfu, sem mundi koma í ljós, ef fjörðurinn væri mældur. Þegar af þessum ástæðum vona jeg að h. þingd. blandist ekki hugur um að samþykkja þingsályktunartillögu þessa. En mál þetta hefur ekki að eins þýðingu fyrir Dalasýslu, heldur einnig mikla þýðingu fyrir Strandasýslu, Húnavatnssýslu og jafnvel allan vesturhluta norðurlands.

Það er fullkunnugt, að hafís lokar á stundum norðurströnd landsins fyrir allri sigling, og er ísinn ekki hvað sízt þrálátur á Húnaflóa; en þegar hafís lokar Húnaflóa, þá er hægast að sækja til Hvammsfjarðar úr Stranda- og Húnavatnssýslu; á þeirri leið eru engir miklir erfiðleikar og hún er eigi mjög löng. Af þessu má sjá, að hagurinn yrði mjög mikill af því, ef fjörðurinn yrði mældur upp og reyndist hæfur til uppsiglinga.

Það er eigi undarlegt, þótt menn ítreki bænir sínar og áskoranir um svo mikið velferðar- og áhugamál, og von að menn sjeu óþolinmóðir, og uni illa langri bið eptir úrlausn úr þessu. Það má ekki misvirða það, þegar svona stendur á, þótt menn komi nokkuð opt fram með bænir sínar; það er ekki hneykslanlegt, að áhugamál sje ítrekað.

Jeg fulltreysti því, að h. deild sje máli þessu fylgjandi, og vona að þingsályktun þessi verði samþ.

ATKVÆÐAGR.: Þingsálykt. samþ. í e. hlj. og send Ed.

Tillaga til þingsályktunar um brúargjörð á Þjórsá (C. 187); ein umr.

Flutningsm. (*Ólafur Ólafsson*): Jeg held jeg megi fullyrða, að mál þetta sje mesta áhugamál allra þeirra manna, sem búa fyrir austan Þjórsá og eiga yfir hana að sækja. Jeg ætla ekki að fara að rekja sögu þessa máls, frá því að því fyrst var hreyft og þangað til nú; jeg ætla heldur ekki að tala um að þessu sinni, hve erfitt mál þetta hefir átt uppdráttar, hve ljettvægar mótbárur hafa komið móti því og hve skynsömum mönnum hefir tíðum missýnzt í því og þeir eigi getað litið rjett á jafnknýjandi ástæður, sem það hefir við að styðjast. Það er satt, að eigi tjáir að sakast um orðinn hlut, en þó get jeg ekki dulizt þess, að úr því farið var að brúa aðra af stóránum, þá hefði betur átt við að brúa Þjórsá en Ölvesá, án þess jeg vilji í minnsta máta draga úr nauðsyn þess; yfir Þjórsá er miklu meiri umferð en Ölvesá; jeg hygg, að ekki muni of djúpt tekið í árinni, þó að jeg segi, að vera muni nú um það bil þriðjungi meiri umferð um hana en ytri ána.

Þar að auki verður Þjórsá opt alveg ófær fjalls og fjöru á milli, þegar fært er yfir Ölvesá. Um það vitna og geta vitnað allir, sem nokkuð þekkja til. Þjórsá er sannarlega þröskuldur fyrir framförum hjeraðanna fyrir austan hana. Samgöngumál þar eru í slæmu ástandi. Í sýslunni er enginn kaupstaður, um landið eru vegir lítt færir, fyrir öllum öllum ströndum brim og hafnleysi. Sá næsti kaupstaður, sem menn austan Þjórsár geta sótt til, er Eyrarbakki, og þangað eiga þeir að sækja fyrst um illa vegi og síðan yfir Þjórsá opt ófæra eða lítt færa. Það verður ekki láð, þótt mönnum verði þungt í skapi, þegar þeir fara að spretta af og búast til að reka hesta sína í ána, stundum með jakaferð og flugi, vor, vetur og haust, og hugsa til þess, að löggjafarvaldið stendur með krepta knefa yfir þeim, sem fara illa með skepnur, en hlífir þó ekki skepnunum fyrir hinni hörmulegustu og um leið hættulegustu meðferð, sem ófær vötn valda. Þessi aðferð er eitthvað svipuð aðferð liðinna alda, þeirra alda, sem vjer brennimerkjum með einkenni siðleysis, menntunarleysis og mannúðarleysis. Vjer fáum að eins að sjá og finna reykinn af rjettunum, vjer sjáum gufuskipin þjóta og bruna með landi fram hlaðin alls konar gæðum, færandi einhverja blessun í aðra skækla landsins; en vjer höfum ekki neina hlutdeild í þessu og höfum því ekki beinlínis gagn af því.

Oss þykir mikils um vert, að sjá skipin þjóta með nauðsynjarnar manna á milli, en þykir þó sárt að hafa ekki aðra hlutdeild í því en leggja til fje án nokkurs gagns fyrir sjálfa oss; vjer erum fúsir að styðja að voru leyti strandferðir og samgöngur á sjó með fjártillögum, en vjer teljum þó að vjer eigum rjett á, að njóta einhvers beinlínis hagnaðar í notum þess, að þetta allt fer sem menn segja fyrir ofan garð og neðan hjá oss. Vesturland, Norðurland og Austurland hefir óneitanlega mikið gagn af gufuskipaferðunum, en vjer förum á mis allra þeirra gæða og höfum ekkert í staðinn. Vjer höfum þó gildar kröfur; vjer höfum lagalegar kröfur, sanngirniskröfur og rjettlætiskröfur. Það er ekki svo lítilsvert tjón, sem Þjórsá getur valdið, fyrir utan allan þann ógreiða, sem hún sífellt bakar mönnum. Jeg vil taka til dæmis, þegar stórir rekstrar teppast við hana; það getur þó orðið meinlegt í meira lagi. Jeg man eptir því, að jeg fór einu sinni yfir hana um Jónsmessu, sem ekki er talinn versti tími ársins, og horfði á, að 20 hestar voru reknir út í hana, og lítið vantaði á að þeir færust allir í henni, og hefði þá verið haust eða vetur, þá hefði enginn af þeim komizt lifandi af. Það mun líka varla koma sá vetur, að ekki heyrist um það talað, að bæði menn og skepnur komizt í opinn dauðann í á þessari, auk þess sem það er vanalegt, að hross farist í henni, einkum á vorin, er hross eru grönn, en vöxtur og flug í ánni.

Eins og allt horfir nú orðið við, þá er ekki um það lengur að tala, hvort áin verði brúuð, heldur hvenær hún verði það.

Að vjer ekki komum nú á þessu þingi með frumv. til laga um brúargjörð á Þjórsá, kemur til af því, að það eru deildar skoðanir um brúarstæðið. Nú sem stendur er um þrjú brúarstæði að ræða. Eitt brúarstæðið hefir Hansen bent á, annað Hovdenak og hið þriðja Tryggvi Gunnarsson. Af því nú er hjer útlendur verkfræðingur, þá sýnist vera auðsætt að njóta tilsagnar hans og ráða, meðan hann er hjer, og ekki færi betur á, að senda eptir verkfræðingi til útlanda seinna. Jeg veit, að h. deild minnist þeirra orða hæstv. lands-

höfðingja, að verkfræðingur þessi mundi látinn skoða brúarstæðið og gjöra í vetur áætlun um kostnaðinn, ef tillaga þessi verður samþykkt. Jeg vona því einnig velvildar h. deildar, að hún taki máli þessu vel.

Það eru eiginlega tvö atriði, sem tillagan fer fram á; annað er það, að rannsakað sje brúarstæðið og gjörð áætlun um kostnaðinn, og hitt, að stjórnin leggi fyrir næsta þing frumv. til laga um brúargjörðina. Þetta er ekki neitt ísjárvert, þótt því verði framgengt. Verði fjárhagurinn góður, þá er engin hætta, en et hann verður ekki góður, þá má treysta því, að þingið leggi ekki of þunga byrði á landssjóðinn. Það er þýðingarlaust að fella nú þetta síðara atriði, því enda þótt stjórnin fái ekki að leggja þetta frumv. fyrir þingið, þá má eiga víst, að það verður lagt fyrir þingið af einhverjum, sem hjer verður þá á þingi austan Þjórsár.

Jón Jónsson, þm. N.-Þing.: Jeg stend ekki upp til að mæla á móti tillögu þessari í heild sinni, þvert á móti er jeg henni hlynntur, en jeg stend upp til að minna h. deild á nokkuð, sem hjer fór fram fyrir 4 árum og var líks eðlis. Það er leitt, að hæstv. landsh. skuli ekki vera viðstaddur hjer í deild nú, því að jeg hefði líka viljað lofa honum að heyra það. Jeg vildi minna á það, að á þingi 1887 kom jeg ásamt nokkrum fleirum með tillögu um, að mæld væri og skoðuð brúarstæði á nokkrum vötnum á Norður- og Austurlandi. Í tillögunni var ekki farið fram á, að brýr væru byggðar yfir vötn þessi, heldur að eins að rannsakað væri, hvar tiltækilegast mundi að brúa þau. Þessi tillaga var samþykkt með atkvæðafjölda og hæstv. landsh. tók henni vel, að öðru en því, að í fyrstu var farið fram á, að það yrði gjört næsta ár; á því taldi hann vandkvæði; var þessu þá breytt þannig, að það var látið ákveðið, hvenær það skyldi gjört. Vjer flutningsmenn gjörðum oss ánægða með þetta, af því að vjer treystum því, að það mundi verða gjört svo fljótt, sem kostur væri á. En svo kom þing saman 1889, að ekki var farið að athuga brúarstæðin; það sumar mun þó hafa verið rannsakað brúarstæði á Blöndu og Hjeraðsvötnunum, en óskoðuð var Jökulsá í Axarfirði og Lagarfljót. Af »privat« samtali við hæstv. landsh., fengum við að vita, að ekki mundi verða hægt að koma við skoðunargjörð á þessum vötnum það sumar, því að vegfræðinginn skorti tíma til þess. En í tilefni af sama samtali gjörðum vjer oss góða von um, að skoðunargjörð mundi fara fram sumarið 1890, einkum er fje var veitt á fjárlögunum til þess að útvega vegfræðing. Á þetta vildi jeg minna h. deild í sambandi við þessa tillögu sem hjer liggur fyrir, því að mjer finnst það liggja fyrst fyrir, að sú rannsókn fari fram, sem ákveðin var 1887. En jeg tek það fram, að þótt jeg haldi þessu fram, þá er langt frá að jeg sje á móti að rannsakað sje brúarstæði á Þjórsá; og jeg er því einmitt meðmæltur.

Síðara hluta tillögunnar, að skorað sje á stjórnina að leggja fyrir næsta þing frumv. til laga um brúargjörð á Þjórsá, er jeg ekki eins hlynntur, því að þrátt fyrir það, þótt knýjandi ástæður muni vera til að fá brú á Þjórsá, þá mun það vera fullt eins nauðsynlegt með Jökulsá; hún er aldrei reið, skiptir í sundur fjölbyggðu hjeraði, já, meira að segja, hún skiptir prestakalli. Eptir áliti kunnugra manna er tiltölulega ódýrt að brúa hana, og það einmitt nálægt alfaravegi. En þegar um það er að ræða, að landssjóður taki að sjer að brúa stórár landsins —, sem jeg og flestir aðra vona að hann gjöri — þá

þarf að taka tillit til, hver brúin muni gjöra tiltölulega mest gagn í samanburði við kostnaðinn við byggingu hennar. Þetta virðist mjer eiga að vega, þegar úr því á að ráða, á hvaða brúm skuli byrja. Efast jeg þá ekki um, að brúargjörð yfir Jökulsá mundi látinn sitja í fyrirrúmi fyrir brúargjörð yfir Þjórsá. Jeg get því ekki greitt atkvæði með tillögunni í heild sinni, ekki af því að jeg vilji ekki að brú sje lögð yfir Þjórsá, heldur af því, að jeg er hræddur um, að landssjóður sje ekki fær um að taka slíkt stórfyrirtæki, að brúa báðar þessar ár í einu. Jeg hefði helzt kosið, að h. forseta þóknaðist að skipta tillögunni í tvennt við atkvæðagreiðsluna; mun jeg þá greiða atkvæði með fyrra lið hennar, en móti síðara liðnum.

Flutningsm. (Ólafur Ólafsson): Jeg kann ekki almennilega við þá ástæðu h. þm. N.-Þing. (J. J.), að stjórnin megi ekki leggja fyrir þingið frumv. um brúargjörð á Þjórsá, þó að aðrar ár þurfi einnig að brúa. Jeg hef ekki mælt á móti því, að brýr væru lagðar á aðrar ár; þvert á móti mundi jeg mæla með því, að sem flestar ár yrðu brúaðar. Vona jeg að h. deild felli ekki tillöguna af þeim ástæðum, sem h. þm. N.-Þing. (J. J.) tók fram.

Jón Jónsson, þm. N.-Þing.: Jeg þóttist taka það skýrt fram, að hverju leyti tillagan kemur í bága við það, sem jeg hjelt fram; hún kemur það að því leyti, að jeg býst ekki við, að landssjóður geti ráðizt í að brúa nema eina á í senn, og þá er það auðsætt, að um leið og samþykkt er, að brú sje lögð yfir Þjórsá, þá er um leið lagt á móti brú á Jökulsá; þótt það sje ekki beinlínis gjört, þá samt óbeinlínis. Þetta er svo auðsætt, að það er eitt af því, sem maður segir um: »hvert barn skilur það«.

Páll Briem: Jeg segi fyrir mitt leyti, að þótt jeg greiði atkvæði með þessari tillögu um brúargjörð á Þjórsá, þá er langt frá að jeg með því greiði atkvæði móti brú á Jökulsá í Axarfirði. Jeg mundi samþykkja sams konar tillögu um brú á hana; meira að segja, ef þessi tillaga fær framgang, þá mun jeg heldur hlynntari brúargjörð á Jökulsá. Eins og brúargjörðin á Ölvesá er hinn bezti stuðningur fyrir sams konar mál, eins mundi brúargjörð á Þjórsá verða; en það er undir fjárhag landsins komið, hve fljótt verður hægt að koma brúnum upp.

Flutningsm. (Ólafur Ólafsson): Mjer sýnist síðara atriði tillögunnar ekki hafa eins mikla þýðingu, eins og h. þm. N.-Þing. (J. J.) lætur í veðri vaka að það muni hafa. Það er að eins farið fram á, að stjórnin leggi fyrir næsta þing frumv. um brúargjörð á Þjórsá. Standi fjárhagur landsins illa, þá mun þingið ekki ráðast í brúargjörðina, en ef hann stendur vel, þá má á sama standa, hvort frumv. kemur frá stjórninni eða hlutaðeigandi þingmönnum, því að víst er það, að þetta mál mun koma inn á hvert þing, þangað til það vinnur sigur; það er vaknaður sá áhugi manna á því fyrir austan, að engin hætta er á, að hann muni dofna. En mjer finnst það eðlilegra, að stjórnin leggi fram frumv. en þingmenn, því að það er viðurkennt, að eitt helzta hlutverk stjórnar sje að semja lagafrumv. og leggja þau fyrir þing. Jeg segi ekki, að þeir þingmenn, er á næsta þingi muni sitja fyrir hlutaðeigandi hjeruð, verði ekki færir um að semja slíkt frumv.; jeg treysti þeim fullvel til þess, en jeg segi, að mjer þyki eðlilegast að stjórnin leggi það fyrir þingið.

Þorlákur Guðmundsson: Það er að eins lítil athugasemd, sem jeg ætlaði að gjöra, en fjarri mjer að fara í kappræður út af þessu máli. En jeg tel það

kost, að stjórnin leggi frumv. fyrir þingið fremur en þingmenn, því að gjöra má ráð fyrir, að með frumv. stjórnarinnar fylgi áætlun og upplýsingar um kostnaðinn og að málið verði yfir höfuð betur undirbúið, ef það kemur frá stjórninni, en það getur orðið, ef það kemur frá þingmönnum. Stjórnin á sjerstaklega hægt með þetta, er maður, sem vit hefir á, hefir skoðað brúarstæðið, og gjört teikningar sínar og áætlanir. Þetta var sú eina athugasemd, sem jeg ætlaði að gjöra.

Ólafur Briem: Jeg tek undir með h. þm. N.-Þing. (J. J.), að síðari liður tillögunnar, um, að stjórnin leggi fyrir næsta alþingi frumv. til laga um brúgjörð á Þjórsá, eigi ekki sem bezt við, eða sje sem heppilegastur frá þingsins hlið. Að vísu er jeg samdóma h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) um, að tillögur um stórkostleg nytsemdarfyrirtæki, eins og það, sem hjer ræðir um, ættu heldur að koma frá landsstjórninni en einstökum þingmönnum, en þær ættu þá að koma beint frá stjórninni, án þess hún þyrfti að frá hvöt til þess frá þinginu. Áskoranir fá alþingi til stjórnarinnar um, að leggja fyrir þingið lagafrumvörp, finnst mjer þó helzt eiga við, er um vandasama og umfangsmikla lagasetningu er að ræða, þar sem einstakir þingmenn mundu eiga erfitt með að semja slík lög. En þegar um jafnvandalitla lagasetningu er að ræða og þetta, þá álít jeg það alveg eins tryggilegt, að láta ráðast, hvort stjórnin vill af sjálfsdáðum bera fram málið á næsta þingi. Jeg sje enga trygging í að málið verði betur undir búið, þótt það komi frá stjórninni, en frá þingmönnum; því að fyrri liður tillögunnar tryggir það, að allar nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi verði lagðar fyrir þingið. Jeg skal bæta því við, að jeg álít eins og h. þm. N.-Þing. (J. J.) heppilegt, að við atkvæðagreiðsluna verði hinir tveir liðir tillögunnar bornir upp sinn í hvoru lagi.

ATKVÆÐAGR.: 1. liður till. samþ. í e. hlj.; 2. liður felldur með 14 : 6 atkv. Tillagan þannig breytt afgreidd til Ed.

Tuttugasti fundur, föstudaginn 24. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um að íslenzk lög verði eptirleiðis að eins gefin á íslenzku (C. 199); 1. umr.

Benidikt Sveinsson: Jeg er viss um að h. þingd. er mjer samdóma um það, að frumv. þetta er ekki mikið fyrirferðar á pappírnum, en jeg er líka viss um að hún er mjer samdóma um, að það er hið þýðingarmesta frumv., sem frá stjórninni hefur komið til alþingis. Frá mínu sjónarmiði er það sannarlega fárra augnablika vert, að íhuga, hvað þetta frv. hefur í sjer fólgið; að þetta frumv. sje þýðingarmikið má sjá þegar af því, að það hefir verið verkefni alþingis í meira en heilan mannsaldur, og jafnan verið hið mesta áhugamál þess. Menn munu minnast þess, að hið ráðgefandi alþingi sendi í fyrsta sinn 1847 bænarskrá til konungs um það, að hinn íslenzki texti laganna yrði staðfestur af konungi, og svo var þessi bæn aptur árið 1849 ítrekuð, en eins og sjest af konunglegri auglýsing 1859 var henni loksins veitt áheyrn. Vjer sjáum það þannig, að það var fyrst eptir 12 ár, að sú viðurkenning hinna sjálfsögðustu þjóðernisrjettinda vorra fjekkst, að íslenzk tunga skyldi birtast sem lagamál á Íslandi, en þó að eins við hliðina á hinum danska texta laganna. En nú sjáum vjer, að eptir þessu frumv. muni morgunroði hins fyrsta dags á árinu 1892 breiða ljóma sinn

yfir íslenzka tungu í öndvegissæti hennar sem lagamál, Íslands í sönnum og rjettum skilningi, öndvegissæti, sem hún bæði eptir guðs og manna lögum hefir einlægt með rjettu átt alein og ekki við hliðina á öðru tungumáli.

Í þessu frumv. liggur þá sá lærdómur fólginn, að eptir 44 ára baráttu er íslenzk tunga fyrst viðurkennd sem lagamál Íslands. Þetta er ákaflega þýðingarmikið atriði, því einmitt þetta sýnir svo ljóst og ómótmælanlega, hve viðurkenning helgustu þjóðrjettinda vorra gengur tregum og þunglamalegum fetum. — Það þarf sannarlega lífseiga þjóð til að standast slíkan andróður og láta ekki letjast eða þreytast.

En þetta er nú skuggahlið þessa máls og við hana vil jeg ekki lengur dvelja eða rekja hana út í æsar. Að vísu veit jeg mikið vel, að þetta ástand, niðurlæging hinnar íslenzku tungu, hefir rótfest marga og margvíslega þyrna í þjóðlífi voru og hugsunarhætti, en þessum þyrnum mætum vjer fulltrúar þjóðarinnar í öðrum málum, þar sem oss gefst bæði hvöt og tækifæri til að uppræta þá úr akri þjóðlífs vors, og því ættum vjer ekki að gleyma! Þetta hef jeg álitið skyldu mína og ómaksins vert að benda á.

En þetta mál hefur líka ljóshlið. Í fyrsta lagi er það, sem enginn má gleyma, að hjer kemur fram órækur vottur um, hve mikið vald og kraptur liggur í sannleikanum. Vjer sjáum á þessum máli, að sannleikurinn ryður sjer smátt og smátt til rúms, þrátt fyrir allar mótspyrnur og hindranir, svo framarlega sem menn fylgja honum með innilegri sannfæring, föstum vilja og jeg vil segja heitu hjarta, því þá hefur hann svo mikið afl, að sigurinn er viss. Mjer detta í þessu sambandi í hug orð eins skálds, hins heimsfræga Björnstjerne Björnssonar. Hann segir á þá leið: að sú þjóð, sem þekkir sitt hlutverk, er hið sterkasta afl, sem allt sigrar, hátt og lágt, þótt það mæti tálmunum um skemri eða lengri tíma. En þessi íhugun, jeg bið menn að taka vel eptir því, hún bendir á allt annað, en að láta þá fávizku-hugsun, mjer liggur næst að segja kúgunarhugsun, festa rætur, að líta svo á, að stjórnin í Danmörku sje eins og jarðfastur klettur og óbifanlegt bjarg, að það sje það sama, að ætla sjer að beygja stjórnina, eins og menn ætluðu sjer að velta Snæfellsjökli. Slík hugsun sje fjarri mjer og öllum mönnum! Mundi ekki sæmilegra að skoða hana eins og siðferðislagt vald, sem lætur sig beygja af afli sannleikans og nauðsyn tímans. Hún er þá líka á hinn bóginn það vald, sem að eins lætur beygjast og laðast eptir þörfum vorum og kröfum, þegar vjer látum ekki þreytast að bera þær án afláts fram með nægum og yfirgnæfandi ástæðum, einlægum vilja, og—jeg vil þá líka segja — með heitu hjarta.

Að svo mæltu hika jeg mjer ekki við að lýsa yfir þakklátsemi fyrir það, að þetta frumv. kemur frá Danastjórn, og það gjöri jeg bæði fyrir mína hönd og allra Íslendinga, og um leið og í sambandi við þetta vil jeg einnig lýsa yfir því trausti mínu, að stjórnin sjái og viðurkenni þær hugsunarrjettu og sjálfsögðu afleiðingar af þessu frumv., sjer í lagi gagnvart íslenzkum dómstólum og íslenzkri lagakennslu.

Jeg vona, að h. deild sje mjer samdóma um allt þetta. Jeg get mikið vel verið þakklátur hinni h. stjórn fyrir þessa rjettarbót, þótt hún komi seint. Jeg hef að eins yfir höfuð viljað benda á þá »injuriam temporum«, sem þetta mál, eins og önnur mest umvarðandi þjóðmál vor, hafa orðið að búa undir, og þá lærdóma og reynslu, sem vjer getum fært oss í nyt af þessu máli oss

til sigursældar framvegis. Jeg álít svo ekki þörf á að fara frekari orðum um þetta mál að sinni, en vil að eins leyfa mjer að vænta þess, að það gangi hiklaust til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um rjett kvenna til að njóta kennslu á menntunarstofnunum landsins og um aðgang þeirra að embættum (C. 144); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Ólafsson): Jeg býst við að mönnum þyki mál þetta vera nýmæli; jeg er samþykkur því, að það er nýmæli, en það er þesskonar nýmæli, sem jeg vona, að finni hlýja og einbeitta talsmenn hjer í hinni h. þingd.; það er nýmæli, sem samboðið er stefnu, anda og kröfu nútímans. Sá, sem skapaði karl og konu, gaf þeim báðum jafnan rjett til að taka þátt í störfum lífsins. En vjer karlmennirnir höfum svipt systur vorar þeim rjetti. Það hefur gengið líkt eins og vjer hefðum bæði kunnað og fylgt trúlega þessu fornkveðna: »Vjer einir höfum valdið strangt«. Það má að vísu ef til vill búast við, að upp rísi ýmsir Faraóar, sem vilja bægja konunum burtför úr þrældómslandinu, en vonandi er þá, að til verði eitthvert »Rauðahaf«, sem þeir fái að lenda í. Hamingjunni sje lof, að flestar þjóðir eiga nú orðið sitt »Rauðahaf«, þar sem þeir að minnsta kosti vökna í tærnar, sem ekki vilja losa um hina gömlu harðstjórnarhnúta fortíðarinnar. Menn eru að hrópa um frelsi: stjórnfrelsi, kirkjufrelsi, atvinnufrelsi o. s. frv., en þegar vjer karlmennirnir biðjum, þá biðjum vjer fyrir oss sjálfa, fyrir konunum biðjum vjer ekki, til þeirra munum vjer ekki annað en það, að halda fyrir þeim því sem vjer sjálfir þráum, biðjum um og viljum fá. Vjer höfum haldið fyrir helmingi mannkynsins hjer á landi hinum dýrmætustu rjettindum. Vjer biðjum um framfarir, um leið og vjer erum slagbrandur, sem meinar konum fósturjarðarinnar að hafa gagn af hæfilegleikum sínum. Verum sjálfum oss samkvæmir; um leið og vjer biðjum þá, sem oss eru meiri máttar, um meira frelsi, þá miðlum og veitum þeim frelsi, sem oss eru minni máttar. Gefum kvennfólkinu kost á að nota þá hæfilegleika og krapta, sem Guð hefur gefið þeim, og meinum ekki fósturjörðu vorri að hafa það gagn, sem mögulegt er, af göfuglyndum, menntuðum og framkvæmdasömum konum. Opnum nú helgidóm vísindanna fyrir konum vorum. Látum þær skipa með oss öndvegi, þær eru til þess bornar af Guði. Jeg skal ekki fara langt út í mál þetta að sinni, en einungis bæta því við, að kvennfólkið á helgan rjett á að fá þetta, sem hjer er farið fram á. Með þessu frumv. er þó ekki meiningin sú, að hver einasti kvennmaður skuli verða lærður maður, eins og ekki er heldur ætlazt til, þegar talað er um rjett karlmanna til náms og embætta, heldur er meiningin sú, að hverri konu, sem finnur hjá sjer hvöt og hæfilegleika, standi opinn og greiður vegur til náms og embætta. Af því að mál þetta þarf að íhugast vel og rækilega, þá vil jeg að afloknum umræðum leyfa mjer að stinga upp á, að sett verði nefnd í málið og að hún verði skipuð 5 mönnum; og með því að þau mál, sem næst koma á eptir, eru sams konar og þetta, þá vildi jeg leyfa mjer að mælast til, að einnig þau yrðu falin hinni sömu nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd 5 manna samþ. með 20 atkv., og voru þessir kosnir:

Ólafur Olafsson	með 18 atkv.
Skúli Thoroddsen	— 18 —
Jens Pálsson	— 11 —

Jón Jónsson þm. N.-M. með 9 atkv.
Sigurður Stefánsson — 9 —
Fyrstu umr. síðan frestað.

Frumv. til laga um kjörgengi kvenna (C. 145); 1. umr.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Eins og kunnugt er, var það nýmæli í lög leitt 12. maí 1882, að »ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem standa fyrir búi, eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skuli hafa kosningarrjett, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn og á safnaðarfundum, ef þær eru 25 ára og fullnægja að öðru leyti öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum rjettindum«. Þetta litla frumv. fer nú ekki fram á annað, en að konur þessar hafi ekki einungis kosningarrjett, heldur einnig kjörgengi. Má vera, að sumir kunni að hreifa þeim mótmælum, að konur hafi eigi til þessa notað þenna dýrmæta rjett, kosningarrjettinn, svo vel sem æskilegt hefði verið; en jeg ætla þó, að þessi mótbára hafi eigi sem fyllst rök við að styðjast, því að þegar dæma skal um það, hvort konur hafi notað kosningarrjettinn vel eða illa þessi fáu ár, er þær hafa haft hann, þá má ekki eingöngu líta á tölu þeirra, er gefið hafa atkvæði, heldur verður jafnframt að hafa það hugfast, hve tiltölulega fáar konur hafa kosningarrjettinn, og kunnugt er, að konur hafa neytt rjettar síns í mörgum hreppum og bæjarfjelögum nokkuð. Það á heldur ekki illa við, þegar ræða er um það, hvernig konur hafi notað rjett sinn, að bera það saman við það, hvernig vjer, karlmennirnir, höfum notað og notum rjett vorn. Hve opt eru ekki kosningarfundir lítt sóttir og fáskipaðir af oss, karlmönnunum? Og þó höfum vjer karlmennirnir notið kosningarrjettarins í fleiri ára tugi, en kvennfólkið ekki í fullan einn tug ára. Jeg tek þetta fram til þess að sýna, að það er himinhrópandi ranglæti, að konur sjeu mældar á annan mælikvarða en karlmenn, eða hluttaka þeirra í opinberum málum mæld eptir annari mælisnúru, en þegar um karlmenn ræðir.

Alþingi hefur nú með lögunum frá 12. maí 1882 stigið fyrsta sporið; það hefur viðurkennt, að konur hafi hæfileika, eins og vjer karlmennirnir, og að þær geti gjört sjer glögga og skynsamlega hugmynd um kosningar og önnur almenn málefni, en frá því að viðurkenna kosningarrjettinn er fjarskalega stutt stig til kjörgengis.

Það er og, að eg hygg, engum efa bundið, að konur geti gegnt hreppsnefndarstörfum, bæjarstjórnarstörfum o. s. frv. eins vel og karlmenn. Það hefir opt vakað fyrir mjer, að það væri einmitt gott, að fá sumar af vorum rosknu og ráðsettu ekkjum, sem búa góðu búi sínu, og eru ef til vill sveitar sinnar prýði, það hefir, segi jeg, vakað fyrir mjer, að það væri gott og gagnlegt, að fá þær til þess, að taka þátt í sveitarstjórn vorri. En þó að vjer veitum þessum fáu konum, sem hjer er um að ræða, kjörgengi, þá þarf enginn að óttast, að vjer fengjum strax eintóma hreppsnefndarmenn eða bæjarstjóra í pilsi; það myndu að líkindum verða ein eða tvær konur í sumum hreppum og í flestum ef til vill engar; en hitt er aðalatriðið þessa máls, að vjer eigi sviptum sjálfa oss og aðra þeim góðu kröptum, er nú kunna að liggja faldir og ónotaðir, af því að konum er synjað kjörgengis.

Í fátækramálum kemur til greina uppeldi fátækra, munaðarlausra barna, og ætla jeg, að umsjón og umönnun fyrir slíku ljeti engum betur en góðri konu, ráðsettri og skynsamri. Það er því hjartanleg sannfæring mín, að ef

konur vorar fengi þennan rjett, sem þeim og vissulega ber, þar sem þær bera jafnan hluta af gjaldabyrðinni sem karlmenn, þá mundi þar af leiða einungis gott. Álít jeg svo að ekki þurfi að fara um þetta málefni fleiri orðum að svo stöddu, en leyfi mjer að endingu að láta í ljós þá ósk mína, að þetta mál verði falið nefnd þeirri, er kosin var í málinu næst á undan, sem náskylt er þessu máli.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til nefndarinnar í næsta máli á undan.

Fyrstu umr. frestað.

Frv. til laga um sjereign og myndugleika giptra kvennu (C. 145); 1. umr.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Þetta mál er annars eðlis og enn þýðingarmeira, að mínu álíti, fyrir konur, en hin tvö málin, sem rædd voru næst á undan. Jeg gjöri ráð fyrir, að flestir h. þingdm. hafi sjer konur festar, og það góðar og skynsamar konur, sem þeir opt hafi leitað ráða til og fengið holl ráð af. En hafa þeir íhugað, í hverri stöðu giptar konur eru hjer hjá oss? Konan er að lögum sett svo í þjóðfjelaginu, að hún er ekki myndug í fjármálum. Vjer karlmennirnir höfum, að því leyti sett hana við hliðina á barninu. Hún getur ekki gjört samninga, er sjeu bindandi fyrir sjálfa hana, eða fjelagsbú hennar og bónda hennar. Það er auðvitað, að þar, sem hjónabandið er gott, og eins og það á að vera, þar er þetta rjettarleysi eigi svo mjög tilfinnanlegt fyrir konuna, en lögin eru ekki sköpuð fyrir hina góðu, heldur einkum og sjer í lagi fyrir hina vondu. Jeg veit, að flestir h. þingdm. þekkja fleiri en eitt dæmi þess, að kona eða stúlka, sem hefir verið vel efnuð, er hún gekk í hjónaband, hefir eptir fá ár staðið uppi sem öreigi, af því að bóndi hennar hefir sólundað öllum eigum hennar. Það er vitaskuld, að núgildandi lög heimila hjónum, að gjöra hjúskaparmála sín í milli, og má með honum ákveða, að konan skuli hafa sjereign; en konan, sem á þennan hátt öðlast sjereign, er allt fyrir það ekki bær um, að ráða sjálf eignum sínum, heldur verður hún að hafa sjerstakan fjárhaldsmann. Það eru nú einkum tvö aðalatriði, sem þetta frv. fer fram á, að breyting sje á gjör. Annað er það, að giptar konur geti haft það sem sjereign, er þær eiga á giptingardegi sínum, eða þeim síðar kann að áskotnast við arf eður gjöf. Hitt atriðið er það, að giptar konur verði hálfmyndugar og fullmyndugar í fjármálum á sama aldri og karlmenn, þ. e. hálfmyndugar 18 ára og fullmyndugar 25 ára. Bæði þessi atriði eru þýðingarmikil fyrir konurnar, en jeg skal játa, að þegar við flutningsm. vorum að semja frv., þá vorum við í vafa um, hve langt vjer áttum að ganga, að því er sjereignina snertir. Það er í lögum fyrir Danmörku talið sjereign, sem konur fá að gjöf, eptir að hjónabandið er inngengið, og eins það, sem þær fá við sjálfstæða atvinnu, er þær kunna að reka. Það getur verið spursmál um, hvort ekki sje rjett, að taka þetta til greina í þessu frv. Við urðum samt ásáttir um, að sleppa því, enda gjörðum við ráð fyrir, að mál þetta, sem yfir höfuð er svo þýðingarmikið, þar sem það er hið fyrsta mál, sem kemur inn á þing í þessa átt, yrði rætt og íhugað í nefnd, sem gæti lagað það og bætt. Einhverjir kunna kannske að segja, að hjer sje gengið of langt, þar sem gert er ráð fyrir, að gipta konan hafi sjereign, sem stundum getur auðvitað numið miklu, en ekki er heimilt, án samþykkis hennar, að ganga að þessum eigum, til lúkningar skulda, er á fjelagsbúinu hvíla, heldur

verður bóndinn að bera þær allar á baki. Þetta kunna menn að segja, að sje rangt, og að rjettur bóndans sje settur hjer lægra, en rjettur konunnar; en það er aðgætandi, að bóndanum er ætlað, að hafa öll ráð yfir fjelagsbúinu, svo hvað vegur upp á móti öðru.

Finn jeg svo ekki ástæðu til, að mæla meira með frumv. að svo stöddu, en leyfi mjer að eins að óska þess, að einnig þessu frv. verði vísað til nefndarinnar, sem sett var í málinu um rjett kvenna til að njóta kennslu á menntunarstofnunum landsins og aðgang þeirra að embættum.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til sömu nefndar, sem í næstu málum á undan.

Frumv. til fjáraukalaga 1888 og 1889 (C. 188); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og h. deild mun sjá, hefir nefndin lagt það til, að frv. verði samþykkt óbreytt, enda hef jeg lítið að athuga við það. Einungis skal jeg minnast á fáein atriði.

Fyrra atriðið er það, að útgáfan af »Lovsamling for Island« hefir orðið rúmum 700 kr. dýrari en gert var ráð fyrir. Í fjárlögunum fyrir árin 1886 og 1887 voru veittar 2000 kr. hvort árið til útgáfunnar; var þá gert ráð fyrir, að gefið væri út á ári 40 arka bindi, og svo var gert fyrra árið, en síðara árið var gefið út 57 arka bindi, og af því stafar þessi aukakostnaður. Mjer sýnist það óheppilegt, að einskorða arkatölu hvers bindis, og leggur nefndin því til, að þessi fjárveiting verði sam þykkt.

Hitt atriðið, er jeg ætla að minnast á, eru 3000 kr., sem varið hefir verið til vegabóta fram yfir fjárveitingu þingsins. Jeg vil geta þess, að 3000 kr. voru ætlaðar til þess að útvega vegfræðing árið 1888, en ekkert varið af því og spörust því þær 3000 kr., en í sjálfu sjer gaf það enga heimild til að verja þeim til vegabóta. Nefndin kemst svo að orði, að henni þyki þessari upphæð hafa verið vel varið, og skal jeg skýra nokkuð betur, hvers vegna henni farast þannig orð. Svo stóð á, að haustið 1887 var lagður vegur frá Reykjavík upp að Svínahrauni og vantaði þá þessar 3000 kr., sem hjer ræðir um, til að ljúka við veginn, og af því veður var gott um haustið og hentugt til vegabóta, má ætla að vegurinn hafi orðið ódýrari en ella, og það mundi því ekki hafa borgað sig að eiga þessar 3000 kr. í sjóði, en veginn ekki fullgerðan.

Jeg skal að eins minnast stuttlega á 3. gr., viðvíkjandi póstflutningum. Kostnaðurinn við þá hefir ár eptir ár orðið hærri en áætlað hefir verið í fjárlögunum, en af því þar er að eins um áætlun að ræða, sýnist ekki ástæða til annars en að samþykkja þá aukafjárveitingu, sem þar er farið fram á.

Viðvíkjandi 4. gr. vil jeg geta þess, að eins og h. deild er kunnugt varð ágreiningur um það 1889, að hve miklu leyti það væri lagaskylda að bæta prestinum á Hólmum tekjumissi þann, sem hann hafði orðið fyrir, af því að margir í söfnuði hans höfðu sagt sig úr þjóðkirkjunni, og eru nú lausir við að greiða honum öll prestgjöld nema fasteignartíund.

Nefndin sá sjer ekki til neins, að hrófla við þessu máli nú, heldur tók þá niðurstöðu góða og gilda, sem þá varð, og leggur til, að uppbótin sje borguð.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 20 atkv.; 2. gr. samþ. með 21 atkv.; 3. gr. samþ. í. e. hlj.; 4. gr. samþ. með 19 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um samþykkt á lands-

reikningnum fyrir 1888 og 1889 (C. 36, 188, 221); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og jeg tók fram við 1. umr. eru það að eins 2 breytingar, sem nefndin hefir stungið upp á, þótt þær sjeu liðaðar sundur í 7 töluliði. Fyrri breytingin snertir Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð. Fyrverandi umboðsmaður þar, Árni Thorlacius, skuldaði árið 1889 1880 kr. 41 a. Þessa skuld borgaði hann til fulls, og voru 759 kr. 5 a. af því tekið í reikningseptirstöðvar, en 1121 kr. 36 a. talið með óvissum tekjum. Þegar yfirskoðunarmenn landsreikninganna fóru að gá að, fundu þeir að tekjur af fasteign, sem eptirstöðvarnar stöfuðu af, voru vantaldar um 40 kr. 30 a., en óvissu tekjurnar oftaldar um jafnmikið. Til þess að leiðrjetta þetta hefir nefndin komið með þá breyt.till., undir staflið a., að færa tekjur af fasteignum landssjóðs upp um 40 kr. 30 a., en óvissu tekjurnar og eptirstöðvar landssjóðs við árslok 1889 niður um sömu upphæð.

Hin breyt.till. við kemur árgjaldi af legatsjörðinni Kristnesi upp í lánið til Staðarbyggðarmýra, og af því hæstv. landsh. stakk upp á, að höfð væri sama aðferð með árgjaldið af Munkaþverá, þá hefir nefndin komið fram með breytingartillögu í þá átt. Í stað þess að nefndin í áliti sínu fór fram á, að í landsreikningnum yrði að eins tekin til greina afborgun af láninu handa Kristnesi, leggur hún nú til, að árgjaldið af Munkaþverá verði einnig liðað sundur í vexti og afborgun.

Um leið og nefndin því óskar, að þessi breytingartill. á þingskjali 17 verði samþykkt, þá tekur hún aptur 3., 4., 5. og 6. breyt.till. sína í nefndarálitinu.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. í nefndarál. (C. 189) samþ. í e. hlj.; 2. samþ. með 19 atkv.; allar 4 br.till. á þingskj. 171 (C. 221) samþ. í e. hlj.; og 7. br.till. í nefndarál. (C. 189) sömul.

Tekjubálkurinn þannig breyttur samþ. allur í e. hlj. og gjaldabálkurinn sömuleiðis.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 70, 196, 219); 2. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Eins og sjá má af nefndarálitinu, hefir nefndin leyft sjer að koma með nokkrar breytingar á frumv.

Að því er þá fyrst snertir 2. gr. B. 3. um fje til að byggja steingarð við hegningarhúsið, þá hefir nefndin sjálf litið á girðinguna, sem á að endurbyggja, og að hennar áliti er girðingin ekki svo hrörleg, að nú þegar sje þörf á endurbyggingu, en hún er á sama máli og frv., að þegar til þess kemur, þá sje rjettara að gera girðinguna úr steini en úr timbri.

Við C. 5. b. hefir nefndin ekkert að athuga, því að hún telur það nauðsynlegt að bæta veginn frá brúnni á Ölvesá að aðalpóstveginum.

Til útgáfu Stjórnartíðindanna o. fl. vill nefndin veita þá aukafjárveiting, sem farið er fram á. Þá kemur í 3. gr. um fje til tímakennslu í lærða skólanum 588 kr. 60 a. Þessu fje var varið til að borga tímakennsluna að eins fram að nýári 1890, en því er heitið í athugasemdunum við frumvarpið, að landshöfðingi muni gefa upplýsingar um, hvað hún hefði kostað frá nýári til júníloka, og það hefir hann gert í brjefi, sem hann ritaði nefndinni, og eptir því hefir hún kostað rjettar 180 kr., eða öll samtals 768 kr. 60 a., og af þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í ástæðunum fyrir stjórnarfrv., vill nefndin mæla með, að fje þetta sje veitt. Hjer er um alveg sjerstök atvik að ræða. Þau

veikindi, er voru því valdandi, að hlutaðeigandi embættismaður gat ekki gegnt störfum sínum, voru þannig, að frá hálfu hins opinbera var ástæða til að veita honum hvíld frá störfum sínum, svo að hann gæti náð bata, og gefa honum hvöt til að leggja ekki svo mikið að sjer, að það væri heilsubót hans til fyrirstöðu.

Um 2. lið í 3. gr.: viðgjörð á gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, er það að segja, að hjer er um skemmdir að ræða, sem hætt er við að færist í vöxt, ef ekki er skjótlega ráðin bót á þeim. Nefndin vill því mæla með, að það fje sje veitt, sem beðið er um til viðgjörðarinnar.

Nefndin er og með því, að prestinum í Sauðlauksdal sje veitt sjerstök uppbót á brauðið, eins og hann hefir sótt um; svo stendur á, að þegar hann fyrir 12 árum sótti um brauðið, var honum gefin von um uppbót af fje því, sem ætlað var til uppbótar fátækum prestaköllum. Prestakall þetta er tekjurýrt og uppgjafaprestur í brauðinu; ef brauðið hefði losnað ári seinna, þá hefði orðið að greiða uppgjafaprestinum eptirlaun úr landssjóði, í stað þess sem hann nú fær þau af brauðinu sjálfu. Presturinn í Sauðlauksdal hefir allt af notið þessarar uppbótar, en nú vildi svo til, að upphæð sú, sem á fjárlögunum var ætluð til uppbótar fátækum prestaköllum, var svo lítil, að þessi prestur gat enga uppbót fengið. Orsökin til þess, að bráðabyrgðauppbótin varð of lítil að þessu sinni, var sú, að það hafði verið venja, að lækka hana um 500 kr. á ári. Hingað til hafði það dugað, því að þeim brauðum fór alltaf fækkandi, sem prestakallalögin 27. febr. 1880 eigi náðu til og sem því þurftu að njóta hennar, en nú eru þessi prestaköll orðin svo fá, að ekki er við því að búast, að slíkt prestakall losni á hverju ári, og svo fór nú, að ekkert þeirra losnaði. Það hefir eflaust ekki verið tilgangur stjórnarinnar, þegar hún samdi fjárlagafrv., er lagt var fyrir þingið 1889, nje heldur þingsins, er það samþykkti upphæð þessa, að breyta eða færa niður þær uppbætur, sem veittar hafa verið að undanförnu, heldur hefir verið við því búizt, að á fjárhagstímabilinu mundi þeim brauðum fækka, sem uppbót væri veitt; en, eins og jeg sagði áðan, varð það ekki. Þess vegna vill nefndin mæla fram með, að þessi fjárupphæð verði veitt.

Í 4. gr. er að ræða um 86 kr. og 40 a. endurborgun á aðflutningsgjaldi af áfengum drykkjum. Eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir stjórnarfrumv., þá er þetta gjald greitt af Brama-lífselexír, sem Túlinius kaupmaður á Eskifirði hafði flutt til landsins á árunum 1881—1887. 1886 úrskurðaði stjórnarráðið, að ekki skyldi taka aðflutningsgjald af þessari vöru. Út af því hefir Túlinius kaupmaður krafizt endurborgunar á gjaldinu. Nefndinni virtist ástæða til, að hann fengi endurborgað það eitt, sem hann hefir greitt eptir að úrskurður stjórnarráðsins fjell, og hefir hinn umboðslegi endurskoðari gefið þá upplýsingu, að það væri 7 kr. 65 au.; því hefir nefndin lagt það til, að þessar 7 kr. 65 a. væru settar í staðinn fyrir 86 kr. 40 a., sem farið er fram á í stjórnarfrumv.

Þá er enn viðaukatillaga við frumv. þetta frá 2. þm. Ísf. (G. H.) um 3000 kr. styrk ttl gufubáts á Faxaflóa. Viðvíkjandi þessari tillögu get jeg ekki komið með neina fullkomna upplýsingu frá fjárlaganefndinni, hvernig hún muni taka henni, en eptir yfirlýsingu ýmsra fjárlaganefndarmanna mun hún vera tillögunni hlynnt, en hitt er annað mál, hvort hún leggur til, að einmitt þessi

upphæð verði veitt, sem hjer er farið fram á.

Landshöfðingi: Jeg ætla að gjöra fáeinar athugasemdir við tillögur h. nefndar, sem jeg yfir höfuð að tala get fallizt á.

Viðvíkjandi því, sem h. nefnd segir um 1. tölulið 2. greinar, þá er jeg henni þó ekki fullkomlega samdóma. H. nefnd játar, að skíðgarðurinn kring um hegningarhúsið sje hrörlegur. Nefndin játar og, að hún sje samdóma um það, að þegar gjört sje við hann, þá sje rjettara að byggja hann úr steini en úr timbri, en nefndin segir að viðgjörðin geti beðið í 2 ár enn. Þetta þykir mjer mjög efasamt. Úr því skíðgarðurinn er orðinn hrörlegur, þá er jeg hræddur um að hann geti ekki staðið án aðgjörðar í 2 ár, og hvað er þá unnið við að bíða þessi tvö ár með að byggja steingarðinn, annað en að verða að kosta upp á bráðabyrgðaraðgjörð við skíðgarðinn? Ef jeg hefði vissu fyrir, að skíðgarðurinn gæti staðið aðgjörðarlaus í 2 ár, þá hefði jeg ekkert á móti tillögum nefndarinnar, en af því að bæjarfógeti og smiðir, sem skoðað hafa skíðgarðinn með honum, álíta, að hann geti ekki staðið án aðgjörðar, og hafa jafnvel beðið um að fje væri sett inn á fjáraukalögin í því skyni, svo að aðgjörðin geti farið fram þegar í haust, þá vil jeg ekki rengja þá, því að jeg hef ekki eins gott vit á þessu eins og þeir. Jeg tek það enn fram, að geti garðurinn ekki staðin án viðgjörðar í 2 ár, þá er betra að vera ekki að lappa upp á hann nú.

Að öðru leyti er jeg h. nefnd þakklátur fyrir undirtektir hennar undir fjárbeiðni stjórnarinnar að því er snertir C, 5. b, fjárveitinguna til vegarins frá Ölvesárbrúnni upp að Ingólfsfjalli; þó skal jeg taka það fram, að upphæð sú, sem beðið er um af stjórnarinnar hálfu, er að eins áætlun. Skoðun á veginum fór fram um vetur, og var ómögulegt, að hún yrði nákvæm. Jeg vona, að h. fjárlaganefnd líti svo á, að ekki sje tilætlazt að hætta undir eins og þessar 5000 kr. eru eyddar, þótt veginum væri ekki lokið, heldur að bæta megi því fje við, sem þarf til að fullgjöra veginn. Það hefir verið viðurkennt af reikningslaganefndinni, að því er Mosfellsheiðar veginn snertir, að það sje sparnaður að fullgjöra vegi í einu.

Að öðru leyti hef jeg ekkert að athuga við till. h. nefndar. Jeg vil mæla með því, að prestinum í Sauðlauksdal sje veitt sú upphæð, sem farið hefir verið fram á, enda stendur það í sambandi við það, að í fjárlagafrumv. er honum einnig ætluð sama upphæð fyrir næsta fjárhagstímabil. Alveg eins stendur á með annað brauð, nefnilega Skarðsþing; af því brauði verður að gjalda eptirlaun handa uppgjafapresti, af því hann fjekk lausn frá embætti fyrir 1880, en ef hann hefði fengið hana eptir 1880, hefðu eptirlaunin lent á landssjóði. Í þessu brauði er að vísu enginn prestur nú sem stendur og engin beiðni hefir komið þaðan enn um uppbót.

Gunnar Halldórsson: Það er meðfram fyrir tilmæli manna í nefndinni og meðfram fyrir eigin hvöt, að jeg kem með þessa viðaukatillögu (C. 219), því að jeg er málinu hlynntur. Eins og kunnugt er, er gufubáturinn »Faxi« kominn hingað til að greiða samgöngur og ljetta undir með flutningum bæði á vörum o. fl. við Faxaflóa. Þetta er orðið fyrir tilstilli fárra manna eða máske að eins eins manns, sem hafa vogað að leggja út peninga og þá ekki litla til þess að kaupa bátinn. Það má ef til vill segja, að þeir hafi ekki verið beðnir að gjöra það, en það er víst óhætt að segja, að þeir hafi keypt bátinn í þeirri von, að hjeraðsbúar mundu taka honum með þökkum og nota hann, þeg-

ar hingað kæmi. Þingið hefir fyrr og síðar verið hlynnt þeim samgöngum, sem hjer er um að ræða, og svo vona jeg að enn verði. Jeg efast ekki um, að h. deild gjöri það, sem í hennar valdi stendur til að styðja þetta fyrirtæki, þótt það sje byrjað af einstökum mönnum, sem hafa viljað vinna gagn með því. Jeg vona að deildin styðji að því, að það verði ekki of dýrt og þungbært fyrir þá, að halda því fram svo að gagni megi koma. Mjer dettur ekki í hug að ætlazt til, að þessi styrkur sje veittur nema með ákveðnum skilyrðum, og ekki nema hjeraðsbúar og landshöfðingi, sem að líkindum mun út borga styrkinn, álíti að báturinn eigi það skilið. Jeg ímynda mjer, að styrkveitingin hljóti að verða bundin við það, að skipseigendur gefi út ferðaáætlun og setji fastan flutningstaxta. Jeg hef talað við aðalútgjörðarmann skipsins og hann hefir sagt mjer, að hann hafi gjört boð bæði suður með sjó og vestur og beðið menn að skýra sjer frá, hverja ferðaáætlun þeir álíti hentugasta. Jeg efast ekki um, að ef báturinn og útgjörðarmenn hans reynast eins og menn með sanngirni geta heimtað, þá muni h. deild veita þetta fje, svo að þeir þá geti orðið þess aðnjótandi. Það má að vísu segja, að báturinn hafi komið svo seint, að hann komi ekki að nærri fullum notum í þetta sinn; en frá mínu sjónarmiði mælir þetta einmitt með að veita styrkinn. Kostnaðurinn er mikill þetta fyrsta sinn, en ágóði tiltölulega lítill einmitt af því, hvað seint hann kom. Mjer sýnist að hlynna eigi að slíkum fyrirtækjum, sem flestir munu viðurkenna að sjeu óumflýjanlega nauðsynleg landinu til framfara, og að þau hafi aldrei jafnmikla þörf á styrk eins og í byrjuninni.

Framsögum. (Eiríkur Briem): Jeg skal taka það fram, út af ummælum hæstv. landsh. um aðgjörðir nefndarinnar að því er snertir garðinn við hegningarhúsið, að það er mikið rjett, að sjálfsagt væri að leggja nú þegar fje til þessa verks, ef miklum kostnaði þyrfti að verja til að gjöra nú þegar við girðinguna. En það er einmitt álit nefndarinnar, að garðurinn geti vel staðið 2 ár enn, eða jafnvel lengur, án þess neinu verulegu væri kostað honum til viðhalds. En þó svo kynni að fara, að setja þyrfti einn eða tvo staura honum til styrktar, þá gæti það aldrei kostað svo mikið, að það næmi rentunum af því, sem hjer er farið fram á að veita. Og þó nú veitt yrði fje á þessu ári, þá er ekki unnt að garðurinn geti orðið byggður nú í ár, því ekki verður grjót dregið að fyr en í vetur, enda er kostnaðarminnst að afla grjótsins að vetrinum til. Það virðist því ekki undir neinum kringumstæðum hægt, að byrja garðbygginguna fyr en næsta sumar, og er því að minnsta kosti engin þörf á, að taka þessa upphæð í fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár.

Þar sem hæstv. landsh. tók það fram, að upphæð sú, 5,000 kr., sem ætlaðar eru til vegagjörðar, er sameinar Ölvesárbrúna við aðalpóstveginn, væri að eins áætluð, þá er það vitaskuld, að svo er, en þó upphæðin sje að eins áætluð, þá er þó vonandi að hún verði nokkurn veginn nægileg til þessarar vegagjörðar.

Þar sem hæstv. landsh. nefndi Skarðsþingaprestakallið í sambandi við uppbótina til prestsins í Sauðlauksdal, þá er það rjett, að hjer stendur líkt á, að því leyti, að uppgjafaprestar eru í báðum, sem njóta eptirlauna af tekjum þeirra. En aðgætandi er, að það stendur að öðru leyti allt öðruvísi á með Skarðsþingin en Sauðlauksdal, því sá prestur, sem nú sækir um Skarðsþingin, veit fyrirfram, að hverju hann gengur, en sjera Jónas Bjarnarson vissi það ekki,

er hann sótti um Sauðlauksdal. Hann fjekk loforð um uppbótina, er hann sótti um brauðið, og hefir líka notið hennar í 12 ár. Það virðist því í mesta máta ósanngjarnt, að svipta hann nú þessari uppbót; en með prest þann, sem kemur í Skarðsþingin, er, sem sagt, allt öðru máli að gegna.

Jens Pálsson: Jeg vildi leyfa mjer, að fara nokkrum orðum um breytingartillöguna á 167. þingskjali (C. 219), þar sem farið er fram á 3000 kr. styrk til gufuskipsferða á Faxaflóa nú í sumar. Jeg veit, að breyt.till. þessi er fram komin af virðingarverðum framfarahug og löngun til að styðja þann litla vísi til greiðari samgangna um Faxaflóa, sem fram er kominn af hendi einkum eins mikils metins framfaramanns hjer í Reykjavík. Það vita allir, hve mjer, engu síður en öðrum, er annt um samgöngubætur hjer við flóann, sem annarsstaðar á landinu. Samt sem áður get jeg ekki neitað því, að mjer finnst tillaga þessi all-djarfmannleg, mjer liggur við að segja ógætileg. Fyrirtæki þetta er, eins og menn vita, að eins nýbyrjað, og bátur sá, sem ræðir um, má heita óreyndur, nema í logni. Í fyrstu ferðinni, sem hann fór hjer um flóann, reyndist hann ágjöfull, og var þó enginn stormur, heldur að eins litlar öldur af útrænu. Síðan hefir báturinn að vísu verið nokkuð bættur, en óreynt er, hvort hann verður að tilætluðum notum, eða hvort hann getur farið um flóann í stormi, eða þegar eitthvað er að sjó eða veðri. Þegar tillagan kemur fram um, að veita styrkinn alveg skilyrðislaust, þá virðist mjer efamál, að h. þingd. geti gengið að henni. Mjer virðist efasamt, hvort þingið getur varið það gagnvart þjóðinni, að veita svo mikinn styrk, þó báturinn gangi ekki nema svo sem tveggja mánaða tíma að sumrinu, eða reynist óhæfur til að ganga um flóann fram eptir haustinu. Mjer virðist því nauðsynlegt, að sett sjeu skilyrði fyrir styrkveitingunni. Jeg vona, að h. þingd. taki ekki orð mín svo, að jeg vilji spilla fyrir gufubátsferðum um flóann, því það er mjer, eins og mörgum öðrum, hjartanlegt áhugamál, að þær komist á, og, eins og öllum er vitanlegt, hef jeg tekið þátt í tilraun til að koma slíkum ferðum á, en jafnframt ætíð álitið, að skip, sem til þeirra væri notandi, yrði að vera sjóskip gott og vel annesjafært.

Jeg skal eigi dylja það, að jeg lít til þessa skips milli vonar og ótta; óttast, að það sje ekki gott sjóskip, en vona, að það reynist betur en útlit þess, byggingarlag og stærð, að mínu áliti, bendir á.

En þótt bátur sá, sem hjer ræðir um, sje óreyndur og óálitlegur, þá er fyrirtæki þess manns, sem mest hefir gengið fram í að útvega hann, dugnaðarlegt og djarfmannlegt, og þótt báturinn reynist eigi sem beztur, og þótt eigandinn neyðist til að skipta honum fyrir annan betri, þá hefir hann sýnt mikinn dugnað, viðurkenningarverðan dugnað. Jeg er, sem sagt, ekki á móti nokkurri styrkveitingu til þessa fyrirtækis, en jeg álít, að binda eigi styrkveitinguna skilyrðum, t. d. þeim, að báturinn gangi eptir ákveðinni ferðaáætlun, og um vissan tíma, t. d. 4 mánuði, eða til októbermánaðarloka.

Jeg vildi þess vegna mega sameina mig við h. flutningsm. og fleiri h. þingdm. um, að koma fram með aðra till. um styrk til þessa fyrirtækis með einhverjum vissum sanngjörnum skilyrðum.

Gunnar Halldórsson: Jeg verð að segja, að mjer fannst næstum því nóg um, þegar h. þm. Dalam. (J. P.) fórust þau orð um breyt.till. þessa, að hún væri ógætileg; þau ummæli fæ jeg ekki skilið, á hverju hann byggir. Mjer skildist hann vilja veita styrk til þess-

ara gufubátsferða, en með vissum skilyrðum. Jeg hefi heldur aldrei ætlazt til annars, en að styrkurinn yrði veittur með skilyrðum. En, eins og jeg tók fram, áleit jeg gott, að landsstjórnin hefði leyfi frá þinginu til að styrkja þessar gufubátsferðir að nokkru, ef hún áliti þær þess verðar. Jeg hafði t. d. ímyndað mjer, þótt ekki sje það tekið fram í breyt.till., að styrkur veittist tiltölulega fyrir hverja ferð, sem gufubáturinn færi samkvæmt þeim samningum eða áætlun, sem hann hefði undirgengizt, líkt og gjört var hjá okkur fyrir vestan næstliðið sumar, þótt vjer að öðru leyti værum svo óheppnir, að geta ekki notið þess styrks, sem oss var ætlaður einnig þetta sumar. Jeg get ekki ætlað, að nokkur áliti, að þeir menn, sem útvegað hafa þennan gufubát og fyrirfram lagt út mjög mikla peninga, hafi haft nokkurn annan tilgang, en þann, að gefa mönnum kost á því samgöngumeðali hjer á flóanum, sem bæði þeir og aðrir munu viðurkenna að sje það eina tiltækilega, og jeg trúi ekki öðru en að flestir h. þingdm. vilji styrkja jafnduglega og framtaksama menn, eins og þá, sem rutt hafa brautina fyrir jafn-nauðsynlegt málefni, eins og samgöngurnar eru hjer við flóann.

Jens Pálsson: Það er að heyra á ræðu h. flutningsm. breyt.till. (G. H.), að hann hafi skilið orð mín svo, sem jeg væri á móti því, að slíkt fyrirtæki sem þetta væri sæmt nokkrum styrk. Það var alls ekki mín meining, og lá heldur ekki í orðum mínum, en jeg fann að breytingartillögunni, eins og hún kom fram, því eptir henni á að veita styrkinn hvort sem gufubáturinn reynist vel eða illa, hvort sem hann fer margar ferðir eða fáar. Jeg vil, að styrkurinn sje bundinn að minnsta kosti því skilyrði, að báturinn reynist hæfur til ferða og flutninga um Faxaflóa, því þó fyrirtæki þessa dugnaðarmanns og þeirra annara er með honum standa að bátnum sje djarfmannlegt dugnaðarmerki að því leyti, sem þeir hafa lagt út fje í bátinn, þá er það út af fyrir sig eigi nóg í mínum augum til þess, að fyrirtæki þessu sje þegar veittur ríflegur styrkur; það þurfa jafnframt að vera líkur til þess, að fyrirtækið komi að verulegu gagni; því það stoðar þó ekki út af fyrir sig að kaupa gufubát; báturinn þarf að duga. Jeg gjöri ekki kröfu til hróss fyrir það að kaupa eitthvert verktæri, þó dýrt sje, ef verkfærið ekki dugar til þess, sem það á að duga til. Annars vil jeg af heilum hug óska þess, að gufubátur sá, sem hjer ræðir um, geti komið að notum, og jeg er ekki úrkula vonar um, að nokkurt gagn megi af honum verða, þótt jeg álíti hann ekki hentuglega valinn til að fara um jafn-breiðan flóa og Faxaflói er. Loks vil jeg vísa frá mjer því, sem mjer skildist liggja í orðum h. 2. þm. Ísf. (G. H.), að jeg vilji ekki unna þeim dugnaðarmanni, eða dugnaðarmönnum, sem hjer eiga hlut að máli, þessa styrks. Þvert á móti. Jeg skyldi vera manna fúsastur til að styðja að því, að þeir fengju ekki 3,000, heldur jafnvel tvisvar sinnum 3,000 kr. styrk, ef jeg væri sannfærður um, að gufubáturinn væri vel fallinn til að leysa af hendi það ætlunarverk, sem gufubátur á Faxaflóa þarf að vinna og á að vinna, og jeg væri viss um, að hann kæmi að tilætluðum, verulegum almennum notum.

Þorlákur Guðmundsson: Svo mikið, sem jeg heiðra þá dugnaðarmenn, sem hjer eiga hlut að máli, þá verð jeg samt að hallazt að skoðun h. þm. Dal. (J. P.) á því, að ógjörlegt sje, að veita styrkinn svona óákveðið og án allra skilyrða, sjerstaklega undir þeim kring-

umstæðum, sem hjer eru fyrir hendi, en jeg greiði atkvæði með breyt.till. í þetta sinn, í þeirri von, að skilyrðið fyrir styrkveitingunni verði sett inn í frumv. til 3. umr. Jeg álít, að þingið geti ekki verið þekkt fyrir, að veita styrkinn svona út í bláinn.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefnd. við 2. gr. samþ. með 16 atkv. Viðaukatill. við 2. gr. (C. 219) samþ. með 17 atkv.; 2. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 20 atkv.; 1. breyt.till. við 3. gr. samþ. með 13 atkv. samhljóða, 2. breyt.till. við 3. gr. felld með 12:10 atkv., að viðh. nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
B. Sveinsson,	Páll Ólafsson,
E. Briem,	Árni Jónsson,
Indriði Einarsson,	G. Halldórsson,
Jón Jónsson N.-M.	Jens Pálsson,
Jón Þórarinsson,	Jón Jónsson N.Þing.,
Jónas Jónassen,	Ólafur Briem,
Lárus Halldórsson,	Ól. Ólafsson,
P. Briem,	Ólafur Pálsson,
Sig. Gunnarsson,	Sig. Stefánsson,
Sveinn Eiríksson.	Skúli Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundsson,
	Þorvarður Kjerúlf.

Sigurður Jensson, þm. Barðstr., greiddi ekki atkvæði.

Fyrri liður 3. gr. var felldur með 13:9 atkv. Við þessa atkvæðagreiðslu var einnig viðhaft nafnakall og sögðu

já:	*nei:*
B. Sveinsson,	P. Ólafsson,
E. Briem,	Árni Jónsson,
Indr. Einarsson,	G. Halldórsson,
J. Jónsson N.-M.	Jens Pálsson,
J. Þórarinsson,	J. Jónsson N.-Þing.,
J. Jónassen,	Ól. Briem,
L. Halldórsson,	Ól. Ólafsson,
P. Briem,	Ól. Pálsson,
Sig. Gunnarsson.	Sig. Stefánsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Eiríksson,
	Þorl. Guðmundsson,
	Þorv. Kjerúlf.

Sigurður Jensson, þm. Barðstrendinga, greiddi ekki atkv.

Síðari liður 3. gr. samþ. með 18 atkv.; 3. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 18 atkv. Breyt.till. við 4. gr. samþ. með 19 atkv.; 1. gr. samþ. með 17 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Frumv. til laga um eyðing svartbakseggja (C. 187); 2. umr.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að það væri mikið áhugamál fyrir þá, sem búa á æðarvarpsjörðum vestra, að fá slík lög sem þessi. Þetta sýna bænarskrár þær, sem komið hafa til þingsins um þetta mál. Við 1. umr. leitaðist jeg við að rökstyðja það, að frv. þetta væri mjög þarflegt, gagnlegt og nauðsynlegt fyrir þá, sem njóta eiga góðs af því, þar sem það miðar til að tryggja þeim arð þess atvinnuvegs, sem borgar sig betur, en flestir aðrir. Jeg treysti því, að h. þingd.m. sjeu málinu hlynntir; en um einstakar greinir frv. skal jeg ekki tala, fyr en jeg heyri á umræðum manna, hvort þeir geta fellt sig við þær og málið í heild þess, eða ekki.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með meiri hluta atkv.; 2. gr. samþ. með 16 atkv.; 3. gr. samþ. með 19 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagreiðslu og málinu vísað til 3. umr. með 16 atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar (við Vogavík, C. 192); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 19 atkv. og vísað til 3. umr. í e. h.

Frumv. til laga um löggilding verzl-

unarstaðar (við Ingólfshöfða, C. 192); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. h. og vísað til 3. umr. sömuleiðis í e. h.

Frumv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 187); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Þetta frumv. er svo gamall gestur hjer og hefur verið svo margrætt áður, að jeg álít ekki þörf á að fara um það mörgum orðum að þessu sinni. Jeg vona að því verði tekið eins vel hjer í þessari deild og áður, og að engum blandist hugur um, að hin sama nauðsyn sje fyrir hendi sem áður hefir verið. Vona jeg að frumv. fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. h.

Tuttugasti og fyrsti fundur, laugardaginn 25. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi, nema 2. þm. N.-Múl. (Þ. Kjerúlf), sem var sjúkur.

Frumv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Keflavík (C. 204); 2. umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Við 1. umr. mætti mál þetta engum andmælum, og vona jeg þess vegna, að frumv. verði vísað til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpsgreinin samþ. í e. h., og vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka dags. 18. sept. 1885, 25. gr. (C. 128, 220); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Lárus Halldórsson): Þetta frumv. fer, eins og kunnugt er, fram á launahækkun handa tveimur starfsmönnum við landsbankann, bókara og fjehirði. Það er samhuga álit nefndarinnar, að það sje sanngjarnt, og jafn vel óhjákvæmlegt, að veita þessa launahækkun, þar sem störf þessara manna hafa aukizt svo feykilega, einkum síðan sparisjóður Reykjavíkur komst í samband við bankann. Við það hafa störfin við bankann aukizt um helming eða meira. En svo fannst meiri hluta nefndarinnar ástæða til að hækka einnig laun framkvæmdarstjórans. Eins og kunnugt er, hefur starf þetta hingað til verið sameinað öðru þýðingarmiklu starfi, þar sem einn af æðstu embættismönnum landsins hefur haft það á hendi, ásamt sínu eigin embætti, enda voru laun þau, sem upphaflega voru ákveðin framkvæmdarstjóranum, svo lág, að ekki mátti gjöra ráð fyrir, að hæfur maður fengist í þá stöðu út af fyrir sig. En eins og tekið er fram í nefndarálitinu, er þetta fyrirkomulag eitt af því, sem þótt hefur dálítið undarlegt. Það hefur vakið ekki litla óánægju hjá landsmönnum, að framkvæmdarstjórnin, þetta þýðingarmikla og umfangsmikla starf, skuli vera haft í hjáverkum með einhverju hinu hæst launaða embætti í landinu. Það verður heldur eigi annað álitið, en að forstöðumaður þessarar einu peningaverzlunar landsins hlyti að geta gegnt því betur og rækilegar, ef hann eigi þyrfti um annað að hugsa, og að því, er sjerstaklega snertir það embætti, sem þetta starf er bundið við, þá virðist það óviðfelldið, að sjálfur æðsti dómari landsins skuli hafa svona störf á hendi, auk þess, sem það er óviðfelldið, að dómari þessi skuli þurfa að víkja úr dómarasætinu í hvert sinn, sem mál, er snerta landsbankann, koma fyrir yfirdóminn. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um uppástungur nefndarinnar. Ástæður hennar fyrir tillögum sínum má sjá af nefndarálitinu. Jeg er sannfærður um, að meiri hluti h. þingd.m. er samdóma nefndinni í þessu máli. Að endingu

skal jeg benda á, að það er prentvilla í nefndarálitinu, þar sem stendur: Framkvæmdarstjóri landsbankans má aldrei hafa önnur embættisstörf á hendi. Orðið »önnur« á að falla burtu.

Eiríkur Briem: Eins og h. þingd. sjer, hefi jeg ekki getað orðið samdóma meðnefndarmönnum mínum um viðbótina, sem stungið er upp á við frumv., en af því þetta er frh. 1. umr., þá finn jeg ekki ástæðu til að fara frekara út í þetta atriði, en óska þess, að málið fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Frv. til laga um lækkun á fjárreiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi (C. 200); 1. umr.

Eiríkur Briem: Þó frumv. þetta sje ekki langt, þá er jeg samt hræddur um, að öllum h. þingd.m. sje ekki sem kunnugast um, hve sjerstaklega stendur á þessu máli. Jeg held því, að ástæða geti verið, til að kjósa 3 menn, til að íhuga og kynna sjer alla málavexti, er hjer að lúta, og leyfi jeg mjer því, að stinga upp á, að kosin verði 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. og í hana kosnir:

E. Briem með 16 atkv.
Ól. Briem — 8 —

og eptir ítrekaða kosning:

Páll Ólafsson með 8 atkv.

1. umr. síðan frestað.

Frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 200); 1. umr.

Árni Jónsson stakk upp á, að vísa þessu frumv. til nefndar, sem sett var í deildinni fyrir skömmu til að íhuga frv. til laga um kosningar til alþingis.

ATKVÆÐAGR.: Þessi uppástunga var samþ.

Frumv. til laga um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál (C. 199); 1. umr.

Skúli Thoroddsen: Eins og mál þetta var upphaflega, þegar það var lagt fyrir alþingi af stjórninni, virtist töluverð rjettarbót í því fólgin. Í stjórnarfrv. var lögreglustjóra veitt leyfi til þess í opinberum lögreglumálum, er hann hafði byrjað af eigin hvöt og þar sem um litla yfirsjón var að ræða, er framin var í fyrsta skipti, að útkljá málið með aðvörun, svo framarlega sem hinn ákærði eigi krefðist dóms í málinu. Sömuleiðis átti lögreglustjórinn að hafa rjett til að taka boði hins ákærða um, að gjalda hæfilegar sektir, til þess að sleppa hjá dómi, og máttu sektir þessar vera minni, en lög kveða á.

Í einstökum tilfellum mátti og fullnægja dómi í lögreglumáli eptir ráðstöfun lögreglustjórans, þegar hann hafði höfðað það af sjálfsdáðum, án þess samþykki amtmanns kæmi til. Allt þetta voru, þegar litið er til hinna ógreiðu samgangna hjer á landi, góðar rjettarbætur, þar sem hlutaðeigandi yfirvald ekki þurfti að leita samþykkis amtsins í hverju smá-skitiríi, ef jeg mætti svo segja. Það er heldur ekki annað en tímatöf, að því er mörg smálagabrot snertir, t. d. brot á fiskiveiðasamþykktum, brot á húsmanna- og lausamannalögum o. s. frv., að þurfa að leita til amtmanns, þegar ákærði býður fram sektir, því að jeg hygg, að úrskurður lögreglustjórans sje vanalega samþykktur af amtmanni. Jeg skal taka t. d., þegar verzlunarskip koma á einhverja höfn, og skipstjóri hefur vanrækt, að taka með sjer heilbrigðisskírteini, eða að láta danska konsúlinn í

útlöndum skrifa á skipsskjölin, þá ber lögreglustjóranum, sem kunnugt er, að sekta skipstjórann; en fyrir svo lítið lögbrot getur auðvitað eigi komið til mála, að kyrsetja skipið, svo að amtmaður verður í þessu tilfelli að samþykkja ráðstöfun lögreglustjóra.

En eins og frumv. þetta liggur nú fyrir, eptir að það hefur gengið í gegn um hreinsunareld h. Ed., get jeg ekki sjeð, að það hafi neina rjettarbót í sjer fólgna, því nú er lögreglustjórum að eins heimilað, að útkljá mál í einstökum tilfellum, er þau hafa risið af brotum gegn löggiltum lögreglusamþykktum; en, eins og menn vita, eru en ekki til neinar lögreglusamþykktir aðrar en þær, sem gilda fyrir kaupstaðina Reykjavík og Akureyri. Bæjarstjórnin á Ísafirði hefur enn ekki fundið ástæðu til að biðja um neina slíka lögreglusamþykkt. Það verður kannske seinna; en ekki held jeg að sumum þar vestra hafi litizt á sumar þær ákvarðanir, sem teknar hafa verið upp í þessar tvær lögreglusamþykktir, sem til eru. En það má öllum vera augljóst, að það hefir sára-litla þýðingu, að fá undanþágur með að leita samþykkis amtmanns að því er snertir þessar lögreglusamþykktir, þar sem bæjarfógetinn hjer í Reykjavík býr, svo að segja, í sömu götu og amtmaðurinn, og bæjarfógetinn á Akureyri býr við hliðina á amtmanninum nyrðra.

Jeg hefi þess vegna hugsað mjer að koma með breytingartillögu til 2. umr., sem fer í sömu átt og ákvæði stjórnarfrumvarpsins. En nái sú breytingartillaga ekki samþykki þingd., mun jeg greiða atkvæði á móti þessu frumv.

Árni Jónsson stakk upp á að vísa þessu máli til nefndar þeirrar, er kosin hafði verið í málinu um skaðabætur til þeirra, sem hafðir hafa verið í gæzluvarðhaldi.

Forseti kvaðst ekki mundu bera uppást. undir atkv., þar sem þessi mál ekki stæðu í neinu beinu sambandi hvort við annað.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með meiri hluta atkvæða.

Frumv. til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer lífeyri eptir 70 ára aldur (C. 121, 236); framh. 2. umr.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Eins og nefndarálitið (C. 236) ber með sjer, hefur meiri hluti nefndarinnar komið sjer saman um að ráða h. þingd. til að fallast á frumv. með nokkrum mjög lítilfjörlegum breytingum. Þó breytingartill. sjeu fjórar að tölunni til, þá standa þær í svo nánu sambandi hver við aðra, að breytingin er í raun rjettri að eins ein. Þessi breyting er í því fólgin, að láta þann, sem fer frá embætti áður en hann er 70 ára að aldri, geta farið að taka til hins geymda lífeyris þá þegar, eins og hann getur þá þegar, er hann fer frá embætti, farið að taka til vaxtanna af ellistyrknum. Er því breyting þessi sjerstaklega gjörð til þess, að koma meiri samræmi inn í frumv. Að öðru leyti sje jeg ekki að það hafi neina þýðingu að ræða meira um þetta mál frá nefndarinnar hálfu að svo komnu.

Indriði Einarsson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál að þessu sinni. En jeg vil lýsa yfir því, að jeg er á sömu skoðun eins jeg ljet í ljósi, er málið var síðast til umræðu, að það hafi ekki þá kosti, að ástæða sje til að samþykkja það. Jeg held að hin lægri laun embættismanna þoli ekki, að af þeim sje tekið, og jeg held heldur ekki að rjett sje að gefa út svona lagaðar ákvarðanir gagnvart þeim, sem hafa hin hœrri launin, einkum þegar þess er gætt, að hin hærri launin voru

lækkuð á síðasta alþingi. Slíkt fyrirkomulag sem þetta getur, að minni hyggju, naumast gengið hjer á landi, þar sem launin eru fremur lág og miðuð við það, að embættismenn fái eptirlaun. Þó svona fyrirkomulag kunni að geta álitizt heppilegt í þeim löndum, þar sem embættislaunin eru mjög há, þá getur það naumast talizt heppilegt hjer. Þetta ellistyrksfrumvarp gengur ekki út á annað en að fella niður góðan þriðjung af eptirlaunum embættismanna og taka þennan þriðjung af launununum sjálfum. Þessa aðferð álít jeg sem sagt óheppilega og get þess vegna ekki fallizt á frumv.

Tillaga mín, sem tekin er fram í nefndarálitinu, á við frumv. um eptirlaun, en snertir ekki þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. samþ. með 17 : 7 atkv.

Við þessa atkvæðagreiðslu var viðhaft nafnakall og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
Árni Jónsson,	Benedikt Sveinss.,
Eiríkur Briem,	Gunnar Halldórss.,
Jón Jónss., N.-Múl.,	Indriði Einarsson,
Jón Jónss., N.-Þing.,	Jens Pálsson,
Lárus Halldórss.,	Jón Þórarinsson,
Ólafur Briem,	Jónas Jónassen.
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Pálsson,	
Páll Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sigurður Stefánsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Eiríksson,	
Þorl. Guðmundss.	

1. gr. með breyt. samþ. með 14 : 7 atkv. Breyt.till. við 2. gr. samþ. án atkv.gr.; 2. gr. með breyt. samþ. með 13 : 9 atkv.; 3.—4. gr. samþ. með 12 : 9 atkv. Breyt.till. við fyrirsögn frv. samþ. án atkvæðagr.; 6. gr. frv. samþ. með 13 : 2 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 nafngreindra þm., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Gunnar Halldórss.,
Sigurður Jensson,	Indriði Einarson,
Árni Jónsson,	Jens Pálsson,
B. Sveinsson,	Jón Þórarisson,
Eiríkur Briem,	Jónas Jónassen,
Jón Jónsson N.-M.,	Sigurður Stefánss..
Jón Jónsson N.-Þ.,	Skúli Thoroddsen.
Lárus Halldórsson,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Olafur Pálsson,	
Páll Briem,	
Sigurður Gunnarsson,	
Sveinn Eiríksson,	
Þorl. Guðmundsson.	

Frv. til laga um breyting á 3. gr. og 8. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun (C. 122, 236); frh. 2. umr.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Jeg hef því síður ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. (C. 236); þar sem nefndin hefir lagt til að það yrði samþykkt óbreytt, og þar sem málið hefir fengið góðar undirtektir hjer í deild, bæði á síðasta þingi og við 1. umræðu málsins nú, þá vona jeg að því muni ekki hlekkjast á í deildinni, heldur komast þaðan til h. efri deildar.

Indriði Einarsson: Af því jeg er í minni hluta nefndarinnar og á breyt.-till. við þetta frumv., ætla jeg að leyfa mjer að tala fáein orð og mæla fram með breyt.till. minni.

Það er sagt hjer í þessu frumv., að þeir, sem settir sjeu á eptirlaun, skuli fá 1/8 af launaupphæð sinni í eptirlaun, og ennfremur 1/20/0 af henni fyrir hvert ár, sem hlutaðeigandi embættismaður hefir þjónað með eptirlaunarjetti. Með þessu verða eptirlaun allra embættismanna svo lág, að mjög mikið áhorfs-

mál væri að samþykkja slíkt. Þegar um vissan embættismanna flokk, læknana, er að ræða, þá eru nú ekki líkindi til, að þeir komist í embætti fyrr en þeir eru 40 ára, því líkindi eru til að aukalæknaembættin fari að verða eins mörg og hjeraðslæknaembættin, og að flestir læknar fari að verða fyrst um sinn um nokkur ár aukalæknar, en við það fækka embættisár þeirra með eptirlaunarjetti. Jeg sje ekki betur en að í þessu frumv. sje gerð tilraun til að klippa af hinum núverandi launum. Þessu er jeg alveg móthverfur; jeg get ekki betur sjeð, en að mín tillaga sje bæði betri og sanngjarnari. Menn hafa kvartað yfir eptirlaununum og viljað nema þau alveg af, en það er ekki hægt nema með því að breyta stjórnarskránni. Hagur allra lægri embættismanna mundi verða mjög erfiður, ef þetta frumv. yrði að lögum, og það yrði erfiðara en áður að stjórna landinu, því að embættismönnum yrði varla vikið frá fyrri en í seinustu lög, enda væri það því nær hið sama og að kasta þeim á klakann.

Sigurður Stefánsson: Jeg er ekki á sömu skoðun og h. þm. Vestm. (I. E.) um þetta frumv., og þótt jeg greiddi ekki atkvæði með því máli, sem síðast var rætt, þá var það ekki af því að jeg væri því mótfallinn, að eptirlaunalögunum sje breytt, eða af því að mjer finnist eptirlaunin ekki of há, heldur af því að jeg er einn í þeirra tölu, sem ekki vilja leggja skylduskatt á herðar embættismönnum. Jeg vil að hið opinbera geti í sem fæstum tilfellum farið ofan í vasa embættismanna, og tekið það með annari hendi sem gefið er með hinni. En af því þetta liggur ekki beinlínis fyrir nú, þá sný jeg mjer að sjálfu frumv.

Mjer finnst eptirlaunaupphæðin í þessu frumv. sæmileg. Það hefir að vísu verið tekið fram, að þau væru of lítil og jeg játa að svo sje, ef gengið er út frá því, að embættismenn fremur öllum öðrum hugsi ekki neitt fyrir ókomna tímanum og sói launum sínum fyrirhyggjulaust, en slíkt er ekki sæmileg tilgáta um beztu menn þjóðar innar. Menn geta ekki tekið reynsluna þessu til sönnunar, því á meðan eptirlaunin eru eins há og nú, þá hafa embættismenn eiginlega enga eður mjög litla hvöt til að hugsa mikið fyrir ókomna tímanum; þeir vita, að þegar kraptana þrýtur til embættisstarfanna, þá stendur landssjóður með fullar hendur fjár handa þeim í eptirlaun, en ef þau lækkuðu, fengju þeir meiri hvöt til þess. Maður með 3500 kr. launum á eptir þessu frumv. að fá um 1000 kr. í eptirlaun eptir 30 ára embættisþjónustu. Embættismönnum í sveit mundi þykja þetta fullsæmileg eptirlaun, og ánægðir mundu prestarnir vera með þau. Þeir, sem móti frumv. mæla, munu sjerstaklega taka tillit til embættismanna í Rvík, en reynslan sýnir, að þeir embættismenn verða yfir höfuð langlífir og geta lengi gegnt embættum sínum. Þeir hafa því venjulega komið börnum sínum á framfæri áður en þeir leggja niður embætti, og er ekki fyrir öðrum að sjá en sjer og konunni, og fyrir karl og kerlingu, sem bæði eru eins og setzt í helgan stein, má segja 1000 kr. fullnógar, þótt í Reykjavík sje. Jeg vil ekki hafa eptirlaunin svo há, að embættismennirnir treysti eingöngu upp á þau, og hafi því litla sem enga hvöt til að leggja fyrir af launum sínum. Slíkt fyrirkomulag getur ekki blessazt vel. Taki maður þau eptirlaun, sem ætluð eru eptir þessu frumv. og beri þau saman við eptirlaun fjölmennasta embættismannaflokksins hjer á landi, við eptirlaun prestanna, þá þyrftum við prestarnir að þjóna em-

bætti í 80—100 ár, til að fá eins há eptirlaun og frumv. vill veita þeim embættismönnum, sem hafa meðallaun. Vjer prestar eigum að fá 10 krónur í eptirlaun á ári fyrir hvert embættisár, og þótt vjer sjeum lágt settir í embættisröðinni, þurfum vjer að lifa góðu og áhyggjulitlu lífi í ellinni engu síður en hinir æðri embættismenn. Gangi menn út frá því að prestar geti lifað af 350 kr. um árið, sem eru nær því hin hæstu eptirlaun er prestar geta fengið, þá ættu aðrir embættismenn að geta það líka. Auk þess eru flestir embættismenn aðrir en læknar svo vel launaðir, að þeim er lítil vorkunn að safna fje til elliáranna. En þess er að gæta með hjeraðslæknana, að flestir þeirra búa í sveit, og þurfa því ekki að lifa þessu kaupstaðarlífi, sem hjer í Reykjavík er talið að útheimti margar þúsundir króna á ári, til þess að geta verið maður með mönnum.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 19 atkv.; 2.—3. gr. samþ. með 18 atkv. hvor.

Frumv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frumv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti og Laxá í Þingeyjarsýslu (C. 205); 1. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Eins og kunnugt er, þá er með lögum 27. febr. 1880 veitt 20000 kr. lán til þess að byggja brú á Sjálfandafljót, og fyrir þetta fje var brúin byggð. Svo var ákveðið í lögunum, að þetta fje skyldi endurborgast á 28 árum með 6% á ári, þannig að 1/3 af upphæðinni greiddist úr jafnaðarsjóði Norður- og Austur-amtsins, 1/3 úr sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu og 1/3 úr sýsluvegasjóði Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu. Af þessu láni voru svo greiddir vextir meðan á byggingunni stóð, en síðan hefir lánið verið endurborgað samkvæmt lögunum. Eptirstöðvar lánsins voru 31. desember 1890:

Frá hálfu N.-A.-amtsins .	kr.	6250,46
— — sýslusj. S.- Þing.	—	10469,50
og frá hálfu sýsluvegasj. N. og S.-Þingeyjarsýslu .	—	2031,40
eða samtals:	kr.	18751,36

Það segir sig sjálft, að þessi endurborgun samkvæmt lögum heldur áfram til ársloka 1891 og verða þá eptirstöðvar lánsins:

Hjá jafnaðarsj. N.-A.-amts	kr.	6100,48
— sýslusjóði S.-Þingeyjarsýslu	—	10218,28
og hjá sýsluvegasjóð S. og N.-Þing.	—	1982,66
eða samtals:	kr.	18301,42

Það er þetta, sem jeg bið h. þingdm. að hafa glöggt og ljóslega fyrir augum, nú þegar um þetta mál er að ræða.

Frumv. fer nú fram á, að brýrnar verði eign landssjóðs, eins og aðrar brýr á aðalpóstvegum, en það fer líka fram á, að landssjóður eignist brýrnar á Laxá, sem líka eru á aðalpóstleið en sem landssjóður hefir hvorki beinlínis nje óbeinlínis lagt einn einasta eyri til, því þær eru byggðar með sameinuðum kröptum einnar sveitar. Jeg get nú að vísu ekki sagt með fullri vissu, hve mikils virði þessar brýr eru, því að enginn nákvæmur reikningur var gerður yfir byggingarkostnað þeirra. Helgastaðahreppur, sem er fjölmenn sveit, byggði þær sem sagt að mestu, ef eigi öllu leyti, og mikill hluti kostnaðarins lá í vinnu manna þar í grendinni við brýrnar, sem ekki var færð til reiknings. Jeg get þar á móti hjer um bil sagt um lengdina á brúnum. Yfir aðra kvíslina er brúin 18 álnir danskar, en yfir hina 9—10 álnir. Nokkuð nákvæma áætlun mun þó mega gera með því, að bera þessar brýr saman við brýrnar

yfir Elliðaárnar, því að þær munu vera viðlíka og í öllu falli alls ekki miður ramgerðar. Brýrnar yfir Elliðaárnar kosta eptir áreiðanlegum upplýsingum sem jeg hefi fengið hjá kunnugum og áreiðanlegum mönnum, um 7000 kr. Þær brýr hafa að vísu verið dýrari vegna þess, að 4 rambyggilega stöpla varð að byggja undir þær, en hægt var að leggja brýrnar yfir Laxá á háar klappir, svo að þar þurfti ekki að hlaða nema 1 stöpul, og er sá stöpull að sínu leyti eins rambyggður eins og stöplarnir undir brúnum á Elliðaánum. Jeg held, ef brýrnar á Laxá væru virtar, þá væri í öllu falli óhætt að meta þær 3500 kr., eða helming af því sem Elliðaárbrýrnar hafa kostað eins og áður er sagt. Ef menn nú hugsa sjer, að þessi upphæð sje dregin frá eptirstöðvum þeim af láninu til Skjálfandafljótsbrúarinnar, sem eptir áðursögðu verða eptir við lok þessa árs, eður 31. desember 1891, þá koma út 14801 kr. 42 a. Þetta, bæði brýrnar á Skjálfandafljóti og brýrnar á Laxá, er þá landssjóði framboðið sem eign í frumv., gagnvart því að fá uppgjöf hjá honum á því, sem eptir er af láninu. Jeg tók það áðan fram, að báðar þessar brýr eru á aðalpóstleið, og ekki einungis á þeirri aðalpóstleið sem nú er, heldur og á þeirri, sem æfinlega hlýtur að vera aðalpóstleið um Suður-Þingeyjarsýslu. Það er því álit mitt og sannfæring, að þetta frumvarp hvíli öruggt og ótvíræðlega á hinum sama grundvelli sem grundvallarsetningin í hinum nýju vegalögum hvílir á, þeim sem sje, að landssjóður skuli yfir höfuð kosta brúargerðir á aðalpóstleiðum, og þessi grundvöllur er bæði rjettur, hyggilegur og samkvæmur hlutarins eðli. Frá landsins sjónarmiði stendur það auðsjáanlega alveg á sama, hvort landssjóður einn byggir brýr eða hjeruðin gera það með styrk úr landssjóði. Sama fjeð gengur til þess, hvor aðferðin sem höfð, er og kostnaðurinn fellur í báðum tilfellum á herðar landsins. Kostnaðurinn skiptist að eins öðruvísi niður; og hvernig skiptist hann? Hann skiptist þannig, þegar sjerstakleg byrði er lögð á hlutaðeigandi hjeruð, að þau hjeruð, sem ósjálfrátt og af náttúrunnar völdum eiga við örðugar samgöngur að búa sökum vatnsfalla og fljóta, sem í gegnum þau renna, gjalda þess á þann hátt, að þau verða að leggja meira í kostnað en önnur hjeruð landsins, fyrir utan öll þau óþægindi og farartálma, sem þessir stórkostlegu samgönguslagbrandar — ár og fljót — hafa í för með sjer, eigi að síður þó brýr sjeu byggðar á einstöku stað, sem eins og allir sjá aldrei geta fullnægt allri samgönguþörf — og það í máli sem jafnt er til hagsmuna öllu landinu í heild sinni, aðalpóstleiðin. Það er frá þessu sjónarmiði auðsjáanlega það eina rjettláta og eðlilega, að landssjóður kosti einn, aleinn, slíkar brúargerðir. Jeg er þar að auki fullkomlega sannfærður um, að allir verða að játa, að þessi tilhögun verður til að auka fjelagstilfinningu allra Íslendinga, þá tilfinning, að öll þjóðin sje ein heild, og allir leggist á eitt til að bera sameiginlega sameiginlega byrði. Þetta, einmitt þetta örfar fjelagsandann, glæðir framtakssemina, hvetur til að vinna sameiginlega að stórfyrirtækjum, sem, þegar málið er rakið til róta, eflir jafnt hag allra landsmanna —, þjóðarinnar í heild sinni. —

Mjer virðist þannig auðsætt, að áminnzt grundvallarsetning í hinum gildandi vegalögum sje jöfnum höndum rjettlát, hyggileg og eðlileg, það er að segja alveg samkvæm landsháttum vorum. Jeg vonast staðfastlega eptir því, að h. deild sje hlynnt þessu frumv., af því það er í fyllstu samkvæmni við vegalögin; en

auk þess er eitt alveg sjerstakt atriði, sem sterklega mælir með þessu máli. Þingeyjarsýsla hefir, eins og allir vita, gengið á undan með því að leggja fram stórfje til að ryðja braut fyrir þeirri grundvallarreglu, sem síðan er viðurkennt af löggjafarvaldinu að sje heppileg og samþykkt af því fyrir allt land í hinum nýju vegalögum, eins og nú er sýnt. Þetta álít jeg að hljóti að reynast sterk sjerstök ástæða fyrir alþingi til þess að taka þessu máli báðum höndum. Það er ekki meining mín, að Þingeyingar verði eins vel settir og ef þeir hefðu aldrei byggt brýr þessar, því að þá ættu þeir að fá að fullu endurborgað allt það fje, sem þeir hafa lagt út í kostnað við þær. Nei, jeg segi og meina að eins, að þeir eigi fremur að njóta en gjalda þess, að þeir fyrirfram hafa rutt braut með framtakssemi og fjárframlögum, þeirri stefnu, sem hvervetna er eptir á að ryðja sjer til rúms, í hugsunarhætti þjóðarinnar, og viðurkenndur er orðinn í lögunum, þannig, að þeir fái uppgjöf á því gjaldi, sem engum manni mundi detta í hug að leggja á þá, ef nú ætti að fara að byggja brýr þær, sem hjer ræðir um. Því þá lægi þó vafalaust sú skylda á landssjóði, að greiða allan hinn upprunalega kostnað, allt svo fullar 20,000 kr., í staðinn fyrir að hjer er nú að eins að ræða um það sem eptir er — einar 14,000 kr. En gæti nú h. þingmenn að öðru atriði, sem í frumv. þessu liggur, og það er það, að við hliðina á þeirri grundvallarreglu, að byggingarkostnaðurinn lendi allur á landssjóði, stendur önnur grundvallarsetning, sú, að hjeruðin ein kosti viðhald á brúnum, sem eigi getur talizt aðalaðgjörð. Og þetta viðhald meina jeg að ekki eigi að vera neitt málamyndarviðhald. Nei! heldur til að koma í veg fyrir allar þær skemmdir, sem komizt verður hjá af náttúrunnar og manna völdum. Þetta kostnaðaratriði virðist mjer einmitt vera hjeraðsmál, og eingöngu hjeraðsmál, öfugt við það, sem komið hefir fram viðvíkjandi Skjálfandabrúnni; og ef menn ganga inn á þessa skoðun, þá fellur í burtu sú mjög vafasama spurning um brúartoll, því þá kosta hjeruðin sjálf viðhaldið, og geta því sjálf skorið úr því, hvort þau vilja tolla brýrnar eða ekki. — Það getur hagað svo til, þar sem dýrar brýr eru, og atvik svo og svo, að haganlegt sje að ákveða brúartoll, og ef til vill að setja brúarvörð, en á öðrum stöðum ekki. En þetta allt er þá komið undir vilja hjeraðsbúa sjálfra. Mun jeg að svo stöddu ekki þurfa að orðlengja meira um frumv., því að jeg vona að allir h. þingdm. hljóti að vera, sem sagt, því sjerlega hlynntir, og lofa því að ganga greiðlega til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Frumv. ttl laga um stofnun háskóla á Íslandi (C. 205); 1. umr.

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Jeg hef einu sinni sagt, að þetta frv. væri vöggukvæði alþingis, og jeg ætla ekki að taka þau orð mín aptur í dag. En jeg ætla hins vegar að geta þess að eins, að jeg geymi mjer að útlista, á hverju þetta orð sje byggt. Þetta mál er þess eðlis, að það mun erfitt að hugsa sjer nokkurt eitt einasta landsmál, sem hafi jafn djúpsetta, hvað þá djúpsettari, þýðingarmeiri áhrif og þýðingu fyrir þjóð vora og fjelagslíf hennar í heild sinni, heldur en einmitt þetta mál. Jeg ætla mjer, sem sagt, ekki að halda langa ræðu um það að þessu sinni, heldur að eins að stinga upp á nefnd í því, og að hún sje skipuð þrem mönnum; en ástæður til þeirrar uppástungu er sú, að frá stjórninni hafa komið ýms andsvör um þetta mál, sem jeg álít rjettara að fleiri

fái sjerstaka hvöt og tækifæri til að íhuga en jeg einn.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. með 20 atkv., og kosnir voru þessir:

Benedikt Sveinsson með 20 atkv.
Páll Briem — 12 —

og eptir ítrekaða kosningu Lárus Halldórsson með 13 atkv. 1. umr. síðan frestað.

Frumv. til laga um afnám embætta (C. 219); 1. umr.

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Það er öllum kunnugt, hve miklu er kostað til embættismannahalds á landi voru, og er það að vísu að nokkru leyti eðlileg afleiðing strjálbyggðar og fámennis í landinu; það er von, að embættismannahald sje dýrara að tiltölu hjer á landi en í öðrum löndum, þar sem fjölmenni er meira og samgöngur margfalt greiðari. En að því leyti sem kostnaðurinn til embættismanna er langstærsta útgjaldagreinin í fjárlögum vorum, þá gefur það vissulega tilefni til að íhuga rækilega, hvort allstaðar sje haldið svo spart á, sem skyldi, og hvort ekki megi, ef vel er aðgætt, finna ýmsa útgjaldaliði, sem spara mætti, án þess landið eða stjórnarframkvæmdin í landinu biði tilfinnanlegan hnekki af frumv. Það, sem hjer um ræðir, er nú grundvallað á þeirri skoðun minni, að hægt sje að spara töluvert meira í þessu efni, en nú er gjört. — Jeg skal geta þess áður en jeg ræði frekar um málið, að í frumv. þetta hefir slæðzt prentvilla, er jeg vil benda h. þingd. á, þar sem í 2. gr. stendur Kjalarnesþing*um*, en á að vera Kjalarnesþing*i*, og vona jeg að þetta verði leiðrjett, áður en málið kemur til 2. umr.

En þegar vjer nú lítum á frumv. þetta, þá fer það fram á þá breytingu á fyrirkomulagi embættisstarfanna, að amtmannaembættin, landritaraembættið og biskupsembættið sjeu lögð niður, og að störfum þeim, er þessum embættum nú eru ætluð, verði komið svo fyrir, að störfum amtmanna verði skipt milli landshöfðingja og sýslumanna, og að biskupsstörfunum sje skipt milli prófasta og landshöfðingja. — Amtsráðum er ætlað að kjósa sjálfum formenn sína, eins og líka virðist eðlilegast í sjálfu sjer, og gegnir þá formaðurinn sömu störfum, sem amtmenn nú hafa á hendi sem formenn amtsráðanna. — Við þetta fyrirkomulag á embættisskipuninni aukast náttúrlega töluvert skrifstofustörfin á skrifstofu landshöfðingja, og því er í frumv. gjört ráð fyrir, að stofnuð verði tvö skrifstofustjóraembætti og skrifstofufje landshöfðingja sje aukið nokkuð.

Ef frumv. þetta yrði að lögum, þá mundi landssjóði þannig sparast — þegar litið er til launa þeirra, sem nú eru — um 20 þúsundir króna, eða c. 17,000 kr., ef litið er til launalaganna nýju frá 1889, og er þetta eigi lítil fjárupphæð, sem eitthvað gagnlegt mætti gjöra við á hverju ári.

Að því er snertir afnám amtmannaembættanna, þá er það ekki nýr gestur. Því máli var hreift hjer á þinginu 1879, og athugasemd þar að lútandi gjörð í fjárlögunum; 1881 samþykkti þingið þingsályktunartillögu um afnám amtmannaembættanna, en stjórnin sinnti henni að engu; 1883 var samþykkt frv. um afnám þessara embætta, en stjórnin sat við sama keip; síðan var máli þessu enn hreift bæði á alþingi 1885 og 1889, en árangurinn af öllum þessum óskum og allri þessari viðleitni þingsins hefir orðið sá einn, að bæði amtmannaembættin eru veitt ungum mönnum á bezta skeiði, sem allir sjálfsagt óska langra lífdaga, en mundu fremur óska, að varið hefðu kröptum sínu og hæfilegleikum í öðrum embættum.

En þegar nú um það er að ræða, hvort þingið skuli aðhyllast þá sparnaðarstefnu, sem bent er á í frv. þessu, þá verður hver h. þingdm. að gjöra sjálfum sjer þá spurningu ljósa, hvort hægt sje að koma sparnaðinum svo að, að störfum þeim, er hvílt hafa á hlutaðeigandi embættismönnum, verði eins vel borgið eptir sem áður. Þetta er það, sem jeg nú vil leitast við að sýna fram á, en til þess verð jeg að drepa stuttlega á störf þau, er embættismönnum þessum eru ætluð, og skal jeg þá fyrst snúa máli mínu að amtmannaembættunum.

Störf amtmanna eru tvenns konar; í fyrsta lagi eru þau störf amtmanna, þar sem amtmenn koma fram eins og sjálfstæður liður í umboðsstjórninni, þar sem þeir leggja fullnaðarúrskurð á ýms málefni, og í öðru lagi má nefna þau störf, þar sem þeir leggja ekki fullnaðarúrskurð á mál, heldur að eins undirbúa þau undir æðri úrskurð, heimta skýrslur af sýslumönnum o. s. frv.

Ef vjer nú fyrst lítum á þessi síðari störf amtmanna, og virðum fyrir oss, hvaða þýðingu amtmannaembættin hafi, að því er þessi milliliðsstörf þeirra snertir, þá verðum vjer að játa, að allt mundi standa jafnrjett uppi, þótt amtmennirnir væru eigi, og að þýðing þeirra er fjarskalítil í þessu tilliti. Það er meðal annars fyrir skipað, að sýslumenn skuli senda skýrslur sínar til amtmanns áleiðis til landshöfðingja; brjefin eiga snöggvast að koma við hjá amtmanni, og hann þá að skrifa með þeim til landshöfðingjans; þetta er skriffinnskugangurinn, sem leiðir af amtmannaembættunum; en ætli það væri ekki eins gott málunum til fyrirgreiðslu, að senda þau strax beina leið til landshöfðingja, þegar þau eiga ekkert annað erindi til amtmanns, en að hann komi þeim til landshöfðingja; ef þá væri eitthvað áfátt við skýrslurnar, þá ætti líklega landshöfðingjanum að vera eins vel trúandi til þess, eins og amtmönnunum, að útvega það, sem vanta kann.

En þá er eptir að athuga hitt atriðið, þar sem amtmaður leggur fullnaðarúrskurð á ýms mál; þetta á sjer stað t. d. í dómgæzlu og sakamálum; amtmaður skipar og fyrir um höfðun sakamála, og ákveður sektir; þetta er að vísu þýðingarmikið atriði; en jeg fæ ekki betur sjeð, en að ekki þurfi sjerstakan, hálaunaðan embættismann til þessa, heldur gæti landshöfðingi leyst það vel af hendi, sjerstaklega þar sem landshöfðingi, hvort sem er, hefir eptirlit og yfirumsjón með amtmönnum í þessu sem öðru.

Að því er snertir eptirlitsskyldu amtmanna með öðrum embættismönnum, þá get jeg ekki betur sjeð, en að landshöfðingi geti sjálfur eins vel haft það eptirlit á hendi, svo að fullnægjandi sje. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að landshöfðingi vísiterar opt hjá sýslumönnum, og er engin ástæða til að væna landshöfðingja þess, að hann sje eigi einfær um að framkvæma þann starfa.

Að því er snertir þau störf amtmanna, að þeir eiga að hafa aðaleptirlit með skiptum á dánarbúum og yfirfjárráðum ómyndugra, þá get jeg heldur ekki sjeð annað, en að þeim störfum sje vel borgið í hendi landshöfðingja. Sama er að sínu leyti að segja um veiting leyfisbrjefa, skipun hreppstjóra, sáttanefnda, umboðsmanna o. s. frv., að þessi stört mætti sumpart fela landshöfðingja, en sumpart sýslumönnum. Í frumv. er gjört ráð fyrir, hvernig fara skuli með þau störf, sem á amtmönnum hvíla sem forsetum amtsráðanna, og er svo gjört ráð fyrir, að amtsráðin kjósi sjálf forseta sinn, eins og líka virðist eðlilegast. Það gæti verið spursmál um, hverjum

skyldi fela úrskurði í fátækramálum, og virðast mjer tveir vegir hugsanlegir, annaðhvort að fela forseta amtsráða slíkt úrskurðarvald, með því að ætla má, að til forseta yrðu eigi valdir nema hæfustu menn, eða og að fara mætti hinn veginn, að fella mætti þann »Instanz« burtu, og skjóta úrskurðum sýslumanna beina leið til landshöfðingja. Að því leyti sem amtmenn hafa vald til að samþykkja fiskiveiðasamþykktir, þá er það auðsætt, að landshöfðingi er engu síður til þess fallinn. Ennfremur hafa amtmenn á hendi stjórn ýmsra sjóða, en það gæti líka heyrt undir landshöfðingja.

Sama er og að segja um störf amtmanna viðvíkjandi heilbrigðismálefnum, að landshöfðingi gæti eins vel gjört þær ráðstafanir, sem þar að lúta.

Störfum amtmanns, sem stiptsyfirvalds, gæti einnig landshöfðingi gegnt.

En þar sem jeg er nú farinn að minnast á stiptsyfirvöldin, þá er jeg um leið kominn að öðru aðalatriðinu í frumvarpi þessu, en það er, að embætti það, sem myndar annan hlekkinn í þeirri tvíefldu keðju, sem nefnd er stiptsyfirvöld, biskupsembættið, verði líka lagt niður. Í frumv. er gjört svo ráð fyrir, að störfum biskups sje skipt milli landshöfðingja og prófasta; en jeg ætla mjer ekki að fara út í hin ýmsu störf, sem á biskupi hvíla; störf biskups eru talin upp í embættisbrjefi fyrir biskupa 1. júní 1746, en auðvitað hafa þau að mörgu og miklu leyti breyzt við hina síðari löggjöf, sem dregið hefir úr biskupsvaldinu; að minnsta kosti verð jeg, hvað mig snertir, að gjöra þá hreinskilnislegu játningu, að jeg lít svo á, að biskupsvaldið sje nú ekki nema nafnið tómt, en að landshöfðingi sje í raun og veru vor »summus episcopus«, þ. e. æðsti biskup eða erki-biskup. Það getur verið, að þetta þyki að gjöra of lítið úr þýðingu biskupsembættisins, en eigi get jeg þó frá þeirri skoðun horfið, enda virðist mjer margt benda á það í seinni tíð, að sú skoðun mín sje rjett. Jeg veit að vísu, að biskup á að sjá um margt og mikið, að nafninu til, eptir erindisbrjefi því, er jeg áðan nefndi; hann á að sjá um, að prestar kenni hreint og ómeingað guðsorð, að þeir hegði sjer siðsamlega og ræki embætti sín með kostgæfni; í stuttu máli, hann hefir vald til að áminna og aga; hann annast prestvígslur, hefir ásamt hinu stiptsyfirvaldinu forsæti á synodus o. fl. o. fl.

Hvað prestvígslurnar snertir, býst jeg við, að h. þingdm. og öðrum þætti það óviðfeldið að ætla landshöfðingja þann starfa, og því hefi jeg í frumv. farið fram á, að prófastinum í Kjalarnesþingi verði falið það starf á hendur, enda má ætla, að í þeirri stöðu verði jafnan einn af nýtustu prestum landsins. Auðvitað yrði hann að fá dálitla þóknun fyrir þann starfa, svo sem $^1/_{14}$ af biskupslaununum.

En að því er að öðru leyti snertir störf biskups, þá fer frumv. fram á að skipta þeim á milli prófasta og landshöfðingja; sjerstaklega skal jeg taka það fram, að því er vísitazíuferðir biskups snertir, að jeg álít þær of kostnaðarsamt gaman fyrir landið; jeg veit heldur ekki betur, en að prófastar hafi jafnan vísiterað hver í sínu prófastsdæmi, þótt biskup hafi verið. Jeg skal ekki að þessu sinni fara út í kostnað þann, er leiðir af visitazíuferðum biskups, nje heldur fjölyrða um það, að hve miklu leyti eptirtekjurnar muni svara til kostnaðarins, en verið getur að bráðum komi annað mál til umræðu hjer í deildinni um ferðakostnað alþingismanna, er gefið gæti tilefni til að íhuga þetta atriði ögn nákvæmar.

Mjer finnst það líka sönnun fyrir því,

að embætti biskups sje þýðingarlítið orðið, að þegar vjer fáum ungan og duglegan biskup, þá verður hann eins og að fara að leita uppi eitthvað handa sjer að gera; jeg skal t. d. nefna ýms af þessum umburðarbrjefum, sem rignt hefir yfir prestastjett landsins í hinni stuttu embættistíð Hallgríms biskups, t. d. um barnafermingar, um giptingar, messugjörðir o. fl.; hefir mjer skilizt á sumum prestunum, að þetta og því um líkt ætti eitthvað skylt við það, sem kallað hefir verið skriffinnska. Jeg skal svo ekki fara frekari orðum um þetta að svo stöddu, en vona góðra undirtekta hjá hinni h. deild.

Jeg geri mjer og því betri vonir um góðan árangur af þessu máli, sem jeg minnist þess, að hæstv. landsh. sem konungkjörinn þingmaður 1883 komst svo að orði: »Jeg skal fúslega samþykkja afnám amtmannaembættanna, ef jeg verð sannfærður um, að þeim málefnum, sem þar til heyra, verður eins vel borgið eptir sem áður«. Jeg þykist nú nokkuð hafa sýnt fram á, að engu sje stefnt í voða, þótt embætti þessi verði afnumin, og vona því, ef hin h. deild samþykkir frumv. þetta, að hæstv. landsh. muni beygja sig fyrir áliti þingsins.

Að endingu vil jeg að eins brýna það fyrir h. deild, að það tjáir ekki að draga fje úr höndum þjóðarinnar til gagnslausra eða gagnslítilla embætta; þjóðin vill fúslega veita fje til embætta, ef sjáanlegt er, að það sje óumflýjanlegt, en nauðuglega annars. Það ríður á, að eyða sem allra minnstu af fje landsins frá praktiskum fyrirtækjum.

Að endingu óska jeg að mál þetta fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Frumv. til laga um meðferð á markaðshrossum (C. 218); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Það er tvennt, sem mjer hefur gengið til að koma með frumv. þetta. Fyrsta lagi hef jeg fundið skyldu mína að hlynna að rjetti þeim, sem þessi dýr eiga, að þau sjeu vel meðhöndluð eða betur en verið hefur, af þeim sem eiga þau og öðrum, að þeir ekki einasta geri sjer far um að hafa sem mestan ábata af þeim, með hvaða meðferð sem vera skal og þeir kunna að vilja beita, enda þótt það ætti að segja sig sjálft, að bezt sje að fara sem bezt með skepnurnar, einnig í ábatalegu tilliti; en hvað um gildir, það hefir verið og er enn misbrestur á, að slíkt sje neitt skoðað eða eptir því farið. Hitt hefur líka vakað fyrir mjer, að eptir því, sem hestarnir koma í betra standi á heimsmarkaðinn, eptir því komast þeir í meira álit og verður meiri eptirsóknin eptir þeim, og eptir því hvorutveggju fer verð hestanna, eptir því sem þessi varningur er í betra standi og meira áliti, eptir því verður hann í meira verði, og þá aptur að því leyti arðsamari. En meðferðin á þessum varningi vorum, hestunum, er svo fráleit, sem framast má vera. Þeir eru reknir yfir vegleysur, austan, norðan og vestan af landi lengst, ójárnaðir; það er nú til að byrja með. Þetta gengur svo vítt, að jafnvel þeim, sem um langan aldur hafa verið með vorum elzta hestakaupmanni (Coghill), gengur þessi meðferð mjög til hjarta, og eru þeir þó ekki allir svo hjartveikir; en hvað um það, þeim er samt farið að þykja þetta óþolandi. Eins má segja, að þegar hjer er komið, og vöktunin er hafin, þá taki ekki betra við. Þeir, sem vakta hjer, hugsa margir hverjir meira um að komast yfir krón-

urnar, og þá helzt með hægu móti og sem kostnaðarminnstu, heldur en að vel fari um gæzlufje þeirra. Þeir halda hestunum (stóðinum) í kvíum og króum á nóttum og halda þeim illa til haga, með því þeir þá fara að sjá í skemmdirnir sem af því leiða, en slíkan óhag ætla þeir ekki að vinna sjer, þeir taka skepnurnar svo sem ekki í líknarskyni, meðferðin sýnir það; og svo þegar þær eptir lengri eða skemmri tíma koma úr þessu kvalahaldi, þá eru þær miskunarlaust reknar til hins síðasta áfangastaðar hjer á landi, ofan í fjöruna eða eitthvert port, og þar látnar bíða hálfa og heila daga málþola, eptir því, sem á veðri og kringumstæðum stendur með útskipun, þessarar glæsilegu viðtöku á skipunum, þegar um borð er komið, sem flestir munu kannast við. Jeg vona að hin h. deild sje mjer samdóma um hina illu æfi þessara skepna, og að bót þurfi að ráða á henni. Það kann að vísu að vera von, að ýmsir geti ekki vel fylgzt með í þessu máli, því margir munu ekki vera svo vel kunnugir, en þeir hinir sömu gætu leitað upplýsinga hjá þeim er þekkja.

Jeg vona þó að menn sjeu mjer samdóma í aðalefninu, en jeg get vel búizt við, að einhverju mætti breyta til batnaðar í frumv. þessu, og skal jeg taka fram að jeg tek fúslega öllum breytingum, er til bóta horfa og hjálpað gætu málinu. Mjer er að eins um það að gera, að málið fái framgang, en álít það þó ekki svo flókið að nefnd þurfi að skipa í málinu.

Jón Þórarinsson: Jeg hefði helzt óskað, að mál þetta yrði tekið af dagskrá. Menn hafa víst tekið eptir, að í dag hefur verið útbýtt lögreglufrumv., sem er talsvert víðtækara en þetta. Jeg hafði sagt hinum h. flutningsm. þessa frumv. af þessu, og borið undir hann, hvort ekki væri heppilegra að steypa þeim saman í eitt frumv., en það gat ekki orðið, því að frumv. það, er útbýtt var í dag, var ekki tilbúið. Þau ákvæði sem hjer liggja fyrir í frv. hins h. flutningsm. (Þ. G.) eru líka í frv. sem útbýtt var í dag, en eru víðtækari. Jeg hefði kunnað betur við, að hið víðtækara frv. væri tekið upp á dagskrá. En yrði nefnd kosin, þá vildi jeg að þessi bæði frumv. væri sett í hana; mjer þykir óþægilegt, að stinga upp á að þetta frumv. verði fellt, þar sem jeg er því hlynntur. Jeg fyrir mitt leyti vildi helzt að nefnd yrði kosin í þetta frumv. til þess að vísa mætti hinu til hennar; tel jeg það heppilegra en að deildin ræði þau samhliða.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg hef tekið eptir frumv. því, er h. 2. þm. G.-K. benti á, að útbýtt hafi verið í dag; það er satt, að það er sama efnis og frumv. mitt, o: að því er snertir hross, en það er yfirgripsmeira, þar sem það grípur yfir sauðfje líka, en þó ekki nógu yfirgripsmikið; það þyrfti að vera yfirgripsmeira, ef að duga skyldi. Ef jeg væri ekki hræddur um að það yrði málinu til falls, þá vildi jeg einnig nefnd. Að öðru leyti hvað snertir markaðsfje, þá þarf þetta mál talsverðan undirbúning; jeg veit ekki betur en að það hafi komið fyrir sýslunefndir og amtsráð hjer í suðuramtinu, sjerstaklega að því er snertir fastar rekstrareglur, t. d. um, að ekki fari annað fje saman við rekstrana, sem opt vill verða og þá orðið vanskil, ekki svo að skilja, að vantað hafi upp á rekstrartöluna, en hitt, að kind hafi komið fyrir kind mun ósjaldan vera; þar með hafa eigendurnir optast tapað sínum kindum, ef þær hafa komizt í markaðsfjeð, og mikil líkindi til að sumir hafi ekki fengið neitt fyrir, en aptur á móti hafa verið seldar kind-

ur í óskilum, sem líkur hafa til þótt að væru af markaðsfje.

Að þessu leyti held jeg að þetta frv. h. 2. þm. G.-K. sje nokkuð umfangsmikið til að koma hjer fram, og geta lítt undirbúið náð sínum góða tilgangi.

Jón Þórarinsson: Jeg hef stungið upp á nefnd. Jeg sting upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. með 12 atkv., og kosnir þessir:

Þorl. Guðmundsson með 18 atkv.
Jón Þórarinsson — 18 —
Jón Jónsson þm. N.-Þ. — 9 —

1. umr. frestað.

Tuttugasti og annar fundur, mánudag 27. júlí kl. 12 á hádegi. Allir á fundi, nema 2. þm. N.Múl. (Þ. Kjerúlf), er var sjúkur.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands (C. 128, 206, 256, 257, 258, 264); 2. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Þótt jeg hafi sagt og þótt jeg fúslega vildi segja enn, að jeg vildi forðast langar og allar ónauðsynlegar umræður um þetta mál, þá vona jeg að h. deild virði mjer til vorkunnar, að jeg þykist ekki geta, — hvað feginn sem jeg vildi — gengið í algjört orðabindindi í dag; það gjöra hinar mörgu og margvíslegu breyt.till., sem komið hafa fram við frv. En jeg vil biðja þingd.m. að veita því athygli og eptirtekt, að jeg vil láta það vera fyrst orða minna á þessari stundu, að jeg óska þess af heilum hug, að hvert það orð, sem jeg mæli í þessu máli í dag, að hvert eitt einasta orð mitt í þessu máli, segi jeg, leiði til eindrægni meðal h. þjóðfulltrúa. En gæti menn þess vel, að jeg meina ekki blinda eindrægni, ekki sofandi, hugsunarlausa eindrægni; af þvílíkri eindrægni höfðu Íslendingar næsta nóg og í of fullum mæli, þegar þeir afsöluðu sjer ótakmörkuðum landsrjettindum sínum, er þeir gengu á hendur Noregskonungi, og aptur er þeir gengust undir einveldislög Danakonunga; nei, jeg meina hina vakandi, skynjandi og rannsakandi eindrægni. Það er þessari eindrægni og engri annari, sem jeg vildi koma til leiðar með orðum þeim, sem jeg tala í dag.

En — hvaðan eigum vjer þá að fá þessa vakandi, skynjandi og rannsakandi eindrægni? Jeg játa, að jeg verð að leita ekki að eins hjá sjálfum mjer, heldur einnig fyrir utan sjálfan mig. Jeg er ekki — það skal jeg fúslega viðurkenna — einn af þeim mönnum, sem ætla að jeg hafi fullnóga undirstöðu og mátt í sjálfum mjer, eða að jeg geti skynjað allt af sjálfum mjer, heldur þvert á móti, að hin hlutlegi (objective) sannleikur einn veiti hina skynjandi eindrægni. En hvað er þá sannleikur? Um það hefur verið lengstum spurt um margar horfnar aldir. Ja, — hvað er sannleikur? Jeg get svarað því huldu- og afdráttarlaust frá mínu sjónarmiði. Það eru þau lögmál, sem streyma hjer að ofan niður til vor gegnum náttúruna, mannlífið og þjóðlífið. Og sje þetta svo, þá hlýtur þetta mál, sem stendur í svo rótgrónu sambandi við náttúruna hjer á landi, við mannlífið og þjóðlífið hjer á landi — þá hlýtur það, segi jeg, að bera svo augljósan blæ af þessu öllu þrennu, að sannleikurinn verði bersýnilegur og áþreifanlegur í hinni ytri skipun þess og fyrirkomulagi. Já, stjórnarskráin eða stjórnarskipunarlögin, sem vjer erum að semja, er fat eða ytri búningur, sem er svo »elastiskt«, að það á að geta vaxið með vaxandi viðgangi náttúrulögmálanna, mannlífsins og þjóðlífsins á Íslandi; hún á að vera fat sniðið

sönnum innri boðum og þörfum náttúrunnar, mannlífsins og þjóðlífsins á voru landi, og hlýtur því að bera á sjer lit og einkenni allra þessara þriggja undirstöðu-atriða og allsherjar lögmála góðrar og gagnlegra stjórnarskipunar fyrir land vort.

Til þess nú að finna sannleikann í þessu máli, svo að jeg gangi nú feti nær spurningunni, þá þarf þess vegna fyrst að finna, hvert sje hlutverk nýrra stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland, hvert sje augnamið þeirra. Hlutverk þeirra og augnamið á að vera, að mynda sanna eindrægni meðal vor og hins hlutlega sannleika í málinu sjálfu, og þar af leiðandi eindrægni meðal vor sjálfra innbyrðis. Gæti hinir háttvirtu þjóðfulltrúar þess, að jeg skoða ekki stjórnarskrána svo, að hún sje fyrir oss, heldur að vjer sjeum fyrir hana, og jeg skoða mig sem þjón stjórnarskipunarmálsins.

Hlutverk stjórnarskipunarmálsins er frá þessu mínu sjónarmiði mjög skiljanlegt og glöggt. Látum sjá! það stefnir í tvær aðal-áttir. Önnur áttin horfir gagnvart Danmörku og konungi, hin gagnvart sjálfum oss og stjórnarskipun þeirri, sem vjer æskjum í landi voru. Jeg leyfi mjer þá að víkja fáum orðum að fyrra atriðinu, um þá stefnu, sem stjórnarskipunarmálið má og hlýtur að hafa gagnvart Danmörku. Hjer mæta oss aptur tvö alls ólík atriði. Þess verða menn vel að gæta. Því í þessum tveimur atriðum vil jeg um fram allt láta borðið vera hreint. Skilgreiningin verður með öðrum orðum að vera ljós og skörp. Þessi tvö atriði eru þá: staða eða samband stjórnskipunarlaganna gagnvart hinu almenna löggjafarvaldi Dana, og á einn veg gagnvart konunginum sjálfum, á hinn bóginn. Gagnvart hinu almenna löggjafarvaldi er hægt að halda borðinu hreinu; stöðulögin sjálf gera það — því er svo fyrir þakkandi — að verkum. Þar eru tekin fram með ótvíræðum og skýlausum orðum hin sjerstaklegu mál Íslands, og þau eru viðurkennd sem alveg óviðkomandi hinu almenna löggjafarvaldi, sem alveg sjerstök málefni Íslands. Þetta hvorttveggja heldur borðinu alveg hreinu og vjer skulum ekki gjöra leik til þess að gjöra það óhreint. Nei! Jeg lýsi yfir því enn á ný, að löggjöf og stjórn allra sjerstakra íslenzkra málefna er alveg óviðkomandi hinu almenna löggjafarvaldi í Danmörku og það er þess vegna jöfnum höndum rjettur vor og helg skylda við föðurlandið að banda á móti, að bannleysa úr huga vorum og hjarta sjerhverri hluttöku hins almenna löggjafarvalds í þessum vorum sjerstöku löggjafar- og stjórnarmálum. Staða hæstarjettar sem æðsta dóms í íslenzkum málum er hjer ein undanskilin, en þó að eins í formlegu tilliti, eins og jeg svo margsinnis hefi tekið fram.

Gagnvart konunginum sjálfum, hinum ástsæla konungi, ætti og á hinn bóginn að vera alveg tá-hreint borð, og er það líka í sjálfu sjer. Jeg er viss um að þjóðin á Íslandi er svo skapi farin, að hún vill og krefst þess, að hjer sje málið einnig alveg skýlaust; og hvað útheimtist þá til þess? Ekki annað en að tignarrjettindi konungsins sjálfs sje látin vera óskert og á hinn bóginn fullkomlega viðurkennd gagnvart Íslandi. Með þessu einu móti verður kærleiks- og ástarbandið, sem tengir oss við hinn ástsæla konung, styrkt og tryggilegt. En hvað útheimtist aptur til þessa tvenns? Ekki annað en það, að konungur hafi óskert það vald og þá tign, sem liggur í konungdóminum sjálfum, það er að segja að hafa sjer í höndum þann rjett og það vald, að gefa þeim ákvæðum, sem alþingi í sambandi

og ótruflaðri samvinnu við hina innlendu stjórn — stjórn á Íslandi sjálfu — hefur komið sjer saman um og samþykkt að eigi að vera lög, bindandi lagaafl. Þetta getur að eins það þing og sú stjórn, sem vita, hvað oss vanhagar um, sem elska landið og þekkja börn þess, þarfir þeirra og alla hagi. Það eru samfara og sameiginlegar ályktanir þessa þings og þessarar stjórnar, sem konungurinn á að gjöra að lögum. Í þessu og þessu einu liggur tignarvald, tignarrjettur og tignarskylda konungsins. Þetta er sannleikurinn á þessa hliðina, og þessi sannleikur hygg jeg að sje alveg óyggjandi, enda vona jeg, að hinum háttvirtu fulltrúum fari eins og mjer, að eptir því sem jeg hugsa þetta mál rækilegar og innilegar, eptir því styrkist jeg og staðfestist meira og meira í þessari trú, skoðun og sannfæringu. En þá er nú að líta á hið annað aðalatriði þessa máls, að skoða og skilja þá hlið málsins, sem snýr inn á við, sem snýr að sjálfum oss, landi voru og þjóð, — hitt atriðið sem jeg nú hverf frá horfði eins og jeg sagði í öndverðu út á við, gagnvart Danmörku, en alls ólíkt þegar um hið almenna löggjafarvald og konunginn sjálfan var að ræða. — Þessi aðalhlið stjórnarskipunarmálsins setur fram þá þýðingarmiklu spurningu, hvernig vjer óskum, hvernig vjer viljum og krefjumst að þeirri stjórnarskipun sje fyrir komið og háttað, sem vjer viljum lögfesta í landi voru viðvíkjandi löggjöf og stjórn hinna sjerstöku mála Íslands. Í þessu tilliti höfum vjer góðan mælikvarða, áreiðanlegan leiðtoga, því að vjer Íslendingar erum reynd, margreynd þjóð, sem hefur gengið í gegnum skóla, að vísu dýrkeyptrar, en þó dýrmætrar reynslu, gegnum skóla hörmunga frá náttúrunnar — og jeg vona að jeg segi ekki of mikið þó jeg segi líka — og engu síður, nema miklu fremur sje, frá mannanna höndum. Jeg hika ekki við að taka það upp aptur, að enda þótt þessi reynsla hafi verið þjóð vorri dýrkeypt, þá er hún þó eigi að síður dýrmæt, einmitt nú er vjer eigum að færa oss hana í nyt sem bendingu, sem lærdóm frá sögunnar og forsjónarinnar hendi. Það er einmitt þessi reynsla, sem er gullið úr hreinsunareldi þeim, sem vjer, eins og svo margar aðrar þjóðir, höfum hlotið að ganga gegnum, og það er einmitt þetta dýrmæta gull, sem vjer eigum nú að sýna, að vjer sjeum færir um að hafa með höndum. Það er þessi reynsla, þetta gull, sem getur leitt oss og lýst oss, fulltrúum þjóðarinnar, til þess að skapa stjórnarskipun lands vors samkvæmt því, sem bezt hefur gefizt á lífsferli þjóðarinnar, bæði positivt og negativt, negativt til að forðast það skaðlega fyrir land vort, sem mest má verða, positivt til að útvelja hið góða. Hvað bendir nú þetta á? Já, sumir hafa sagt að það væri jafnvel hættulegt að færa valdið inn í landið, meir en nú er; því fjær sem það er, segja þessir menn, því betur erum vjer farnir. Þessa mótbáru, sem byggð er á helberum misskilningi, hræðist jeg ekki. Vjer viljum ekki, þurfum ekki, eigum ekki og megum ekki skipa landsstjórn vora þannig, að vjer með henni færum stjórnarböðla inn í Ísland. Vjer viljum fá valdið og stjórnina inn í Ísland, ekki til að kúga þjóðina, bæla hana niður og liggja á kröptum hennar eins og stórhveli, heldur til þess að efla krapta hennar, bæta hag hennar og yfir höfuð í einu orði að vinna saman með eindrægnishug, henni til viðreisnar og blómgunar á öllum lífsstigum hennar, háum sem lágum, og lágum sem háum, bæði í líkamlegu og andlegu tilliti. Þannig löguð stjórnarskipunarlög eigum vjer að tryggja oss. En það er heldur

ekki meiningin á hinn bóginn að gróðursetja hjer eður magna með stjórnarskipunarlögum skrílregimenti eður skrílveldi, það er að segja ofurvald fáfróðrar, skammsýnnar og hvikullar alþýðu, heldur þjóðveldi, sem helzt í höndur með þjóðhollri stjórn, sem veit og vill það, sem til landsins friðar heyrir. Vjer megum treysta því, að í tímanum liggur andi sannleikans, sem bandar mannlífinu og þjóðlífinu í rjetta átt, enda þótt þögull sje. Boðum þessa anda verða allir að hlýða og að lokum, fyrr eða seinna, að beygja sig fyrir honum. Af þessum anda verður sú stjórn að leiðast, sem samboðin er sönnum lands og þjóðar þörfum; í samvinnu við þá stjórn, sem leggur allt kapp á að fullnægja þessum þörfum, nær þjóðin sínu sanna markmiði, og á þenna hátt kemur fram sú þingræðisstjórn eða þjóðstjórn, sem þetta frumvarp skipar og lögtryggir. Þetta er nú í fám orðum sagt sjónarmið mitt og hinna háttvirtu meðnefndar- og samverkamanna minna, enda vona jeg að það taki sig glöggt út í grundvallarákvæðum frumvarpsins fyrir augum allra skynjandi manna.

Í því trausti, að h. þm. skilji nú nokkurn veginn glöggt þau aðal-atriði, sem jeg hef tekið fram, sný jeg mjer að breyt.till. Þessar breyt.till. eru svo fjarska-margar að tölunni — milli 30 og 40 —, að mig mundi skorta dag til að elta þær allar með mörgum orðum. En svo vel vill til, að það má flokka þeim niður eptir sjónarmiðum þeirra og fá þannig stutt yfirlit yfir þær.

En breyt.till. á þingskj. 198 hefir það einkennilegt fram yfir allar hinar, að hún lítur að sambandinu milli Íslands og Danmerkur, lítur að sambandi Íslands við hið almenna löggjafarvald, og þar við er tengd viðaukatill. við 2. gr. á þingskj. 208. Þetta atriði í breyt. till. á þingskj. 198, sem jeg nefndi, er fólgið í 1., 2., 3. og 4. tölulið, og er að einu undanteknu — tilvitnuninni í stöðulögin — alveg samhljóða frumv. Nd. 1889. Sá dómur og þær röksemdir, sem hafa verið færðar með og móti frumv. neðri deildar 1889, eiga við enn í dag; hafi þær verið á rökum byggðar 1889, þá eru þær það enn, og hafi þær ekki verið það, þá eru þær það ekki heldur nú. Um þetta vona jeg hinir háttvirtu þingmenn sjeu mjer samdóma, því að þess konar mál breytast ekki. Þetta er þó ekki nóg til þess, að h. þingd.m. sjái, hvernig jeg og meðnefndarmenn mínir líta á þessar stórkostlegu breytingartillögur. Jeg verð því að taka fram viss aðalatriði viðvíkjandi breytingartill., til þess að sýna aðal-stefnuna og aðal-merginn í þeim.

Mjer þótti furðu gegna, er jeg bar saman orð hæstv. landsh. og þm. Snæf. (P. Br.) í þessu máli 1889, hve þeim bar hrapalega illa saman. Hæstv. ldsh. sagði að frumv. 1889 færi lengra en hin endurskoðaða stjórnarskrá frá 1885 og 1886 og frumv. neðri deildar 1887; þetta sagði hann skýlaust, og jeg er honum alveg samdóma um það, það er að segja þegar litið á þá hlið málsins, sem hann leit á og sem jeg einnig álít alveg rjett að líta á. Þessi aðalmunur, sem hæstv. landsh. lagði áherzlu á, liggur í þriðju málsgrein 7. greinar hjá h. þm. Snæf. (P. Br.); hann liggur í þessum orðum: »Nú hefir landstjóri staðfest lög, sem konungi þykja viðsjárverð sakir sambands Íslands við Danmörku«. Þessi orð, í sambandi við undanfarandi greinar, gjöra það að verkum, að hæstv. landsh. hafði alveg ómótmælanlega rjett fyrir sjer; það liggur í því, að það er ráðgjört með þessum orðum, að undir hið löggefandi verksvið alþingis geti og muni í reyndinni einnig ganga hin almennu ríkis-

mál, en þetta haggar aptur óneitanlega sambandinu milli Íslands og Danmerkur, eins og það er fastsett og afmarkað með stöðulögunum 2. jan. 1871; og hvernig víkur því annars við, að í stjórnarskipunarlögum um hin sjerstöku málefni Íslands skyldi þurfa að setja ákvæði um það, að konungurinn í Danmörku mundi þurfa að fella úr gildi lög frá alþingi Íslendinga, af því þau högguðu hinu viðurkennda og skýlaust afmarkaða sambandi milli Íslands og Danmerkur, af því að þau gripu yfir almenn ríkismál? Eru með þessum hraparlega varnagla gerðar getsakir til alþingis, að það sje eða muni verða svo ólöghlýðið og uppivöðslumikið, að reisa þurfi rönd við því, að það æði út yfir takmörk sín? Eins og allir sjá, tekur þetta engu tali, en á hitt er að líta, að þetta ákvæði gengur út fyrir verksvið hinna sjerstöku mála og er því alveg óhafandi í stjórnarskipunarlögum Íslendinga um þau mál eingöngu, enda frá bið jeg alþingi þá væningu, að það muni ekki hafa fullkomið gát á sjer, að fara ekki hænufet út yfir þau takmörk, sem stöðulögin afmarka því, í löggjöf og stjórn Íslands mála. Þetta ákvæði á sjálfsagt að öðru leyti að benda óbeinlínis á annað atriði, sem í orði kveðnu á að vera svo mikilsvert í frumv. neðri deildar 1889 og nú í hinum samhljóða breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.), á það atriði, að Ísland ætti að vera alveg óháð jafnvel Danakonungi í sínum sjerstöku málum, og þannig hygg jeg að hæstv. landsh. muni hafa skilið þetta. Svo mikið er víst, að nafn konungs er hjer útilátið, og honum er þannig settur stóllinn fyrir dyrnar, hvað staðfesting á íslenzkum lögum snertir, að undantekinni breyting á stjórnarskránni. En hvaðan kemur sú varúð, að konunginum, sem vjer höfum fyllstu ástæðu til að álíta, að elski Island og vilji heill þess og hamingju, skuli með stjórnarskipunarlögunum vera meinað að gjöra það með nafni sínu og konunglega innsigli að lögum, er alþingi Íslendinga, og hin innlenda stjórn Íslands, vill með samhljóða ályktun að verði lög og skuli verða að lögum? Hugsunarrjett og eptir bókstafnum felst þetta í ákvæðinu, ef nokkra hugsun má út úr honum leiða, því ella var engin ástæða til að taka fram orðin: »sakir sambands Íslands við Danmörku,« eður þá að fella burtu orðið »konungur« við hliðina á landstjóra, og að þessu leyti fer þá ákvæðið einnig mikils til oflangt. En viti menn, framsögumaður stjórnarskrármálsins á síðasta þingi, háttv. þingmaður Snæf. (P. Br.), skildi sannarlega ekki þessi orð og ákvæði þannig. Hann sagði með berustu og augljósustu orðum, að ætlunin væri ekki að gjöra Ísland óháð í hinum sjerstöku löggjafar- og stjórnmálum. Það væri synd að bera þvílíka ákúru fram gegn hinum háttvirta fulltrúa. Að vísu segir hann svo margt í alveg gagnstæða átt, en sjerstaklega skal jeg taka fram orð hans, sem lesa má á 444. bls. í B. deild Alþtíð. Þau hljóða svo: »Mjer finnst þannig að hjer geti engin deila átt sjer stað milli hinnar innlendu stjórnar og hinnar æðstu stjórnar í Kaupmannahöfn; því að eins og jeg hef sýnt, hefir yfirstjórnin í Kaupmannahöfn töglin og haldirnar«. Og hvað þurfum vjer svo frekar vitnanna við?

Jeg vona, að allir hinir háttv. þingmenn skilji þetta orðatiltæki, og jeg vona líka að h. þm. Snæf. skilji, hvað tögl og haldir eru í þessu sambandi. Vjer allir sem höfum sjeð tögl og haldir hvað þá haft þau með höndum, vitum ofur vel, til hvers þau áhöld eru höfð; vjer vitum að þau eru höfð til að að keyra í kút og dróma dauða hluti, sem fluttir eru á áburðarhestum. Og í

daglegu tali er sagt, að sá hafi töglin og haldirnar, sem einræði hefir, sem á alls kostar við það eða þann, sem um er að ræða. Það er svona löguð sjálfstjórn Íslandi til handa, sem hinn h. þingm. Snæfellinga hafði fyrir augum gagnvart yfirstjórn Kaupmannahafnar með frumv. sínu 1889, strax í neðri deild! En hvernig stendur nú á því, að hæstv. landsh. skyldi skilja þessi orð svona á einn veg, og h. þm. Snæf. (P. Br.) á annan, alveg gagnstæðan veg? Það þurfum vjer að vita, áður en vjer greiðum atkvæði með eða móti breyt.-till.; vjer þurfum að vita, hvor þeirra hefir rjettara fyrir sjer. Jeg held, ef satt skal segja, að hæstv. ldsh. hafi að vissu leyti haft rjett, og h. þm. Snæf. (P. Br.) líka að vissu leyti rjett. Með öðrum orðum, að þetta ákvæði hafi tvær hliðar, sem eru pólariskt mótsettar, alveg eins og birta og dimma, dagur og nótt. Jeg vil ekki gjöra h. sessunaut mínum (P. Br.) rangt til, en jeg finn mjer skylt að rannsaka málið, en þess bið jeg h. deild vel að gæta, að í þeirri rannsókn tala jeg um málið, en ekki um manninn.

Það mæta mjer ýms orðatiltæki í breyt.till., er mjer þykja ærið kynleg. Mjer þykir undarlegt samræmi milli breyt.till. og orða hinnar núgildandi stjórnarskrár. Jeg veit að höfundarnir hafa ekki hugsunarlaust skrifað upp orðrjett og óbreytt orð úr stjórnarskránni, þau orð, sem einmitt eru aðalmeinið í henni. Orðin í 2. og 3. gr. hinnar gildandi stjórnarskrár eru allt of lík orðunum í breyt.till., til þess þau eigi að hafa og eigi að geta haft gagnstæða þýðingu. Jeg geng út frá því, að sömu orð hljóti jafnan að hafa sömu eða líka þýðingu, og því bið jeg h. þm. Snæf. (P. Br.) að sýna mjer og sanna, að hin líku og meira að segja sömu orð í stjórnarskránni 1874 og breyt.till. hafi gagnstæða þýðingu! Sjerstaklega hneyksla mig orðin: »Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin innanlands og bera ábyrgð á þeim«. Guð hjálpi mjer. Hvað meinar h. þm. (P. Br.) með þessum orðum: »stjórnarstörfin innanlands«? Hver eru þessi innlendu íslenzku mál, sem hjer er talað um, í mótsetning við þau íslenzk mál, sem ekki eru innlend, og hver geta þau verið? Jeg skil það ekki. Skyldi innanlands geta þýtt, að ekki sjeu til önnur íslenzk mál en þau sem eru innanlands? þá þurfti ekki að viðhafa orðið innanlands, meira að segja þá mátti ekki viðhafa það, því þá væri það rangt og villandi. Eða skyldi það þýða það, að sum mál væru innlend, en sum ekki? En í hamingju bænum! hver eru þá þessi innlendu, og hver þessi ekki innlendu mál? Og hvar eru takmörkin á milli þeirra, og sú skilgreining, sem þessi mótsetning hvílir á? *(P. Br.:* Jeg skal svara). Gott að eiga von á því. En jeg sje ekki að hægt sje eða mögulegt að draga hana öðruvísi en gjört er í 2.—3. gr. stjórnarskrárinnar 1874. Niðurstaðan verður efalaust sú, að ætlan minni, hverju sem hinn háttvirti þingmaður svarar eða reynir til að bera í bætifláka, að það sem gersamlega fellir breyt.till. hans er það, að í henni felast gersamlega mótstæðileg ákvæði. Í henni felast ákvæði, sem afgirða of stranglega hin íslenzku mál frá tignarrjettindum konungsins, aptur ákvæði sem vaða út yfir löggjafarsvið alþingis, og enn ákvæði, sem í alveg gagnstæða átt ofurselja löggjöf og stjórn íslenzkra mála gjörræðis-geðþekkni yfirstjórnarinnar í Kaupmannahöfn í óákveðnum mæli; með öðrum orðum: í þeim felst bæði of og van, á of og van ofan! Jeg held það, jeg veit það, jeg finn það, að vjer erum hjer staddir inn í stjórnskipulegu völundarhúsi, því völundar-

húsi, sem jeg efast um að h. þm. Snæf. (P. Br.) verði auðið að leiða sína menn, hvort sem þeir eru margir eða fáir, óskemmda út úr í dag. Jeg bið alla h. þingdm. að taka ekki orð mín svo, að jeg með þeim vilji gefa tilefni til kala vor á meðal, eða jeg vilji vekja æsingar — ekkert sje fjær mjer, — heldur svo, að jeg sje neyddur og knúður til að taka skarpt fram þau grundvallaratriði, sem jeg finn að hvíla á ómótmælanlegum sannleika.

Jeg sagði áður, að borðið ætti að vera hreint, en í þessum breyt.till. er það sannarlega ekki hreint. Engum dauðlegum manni er unnt að sjá, hvað er og á að vera á borðinu í Kaupmannahöfn, og hvað á að vera á borði landstjórnarinnar á Íslandi; og þó bera höfundar frumv. 1889 og breytingartillaganna innlenda stjórn í munni sjer. Ákvæðið í breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.) er þannig hvorki heilt nje hálft, hvorki fugl nje fiskur í fyllsta og fullkomnasta skilningi. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þær í þessa átt, heldur snúa mjer að öðru atriði í breyt.till., sem horfir inn á við, viðvíkjandi stjórninni hjer á landi. Jeg get gengið fram hjá viðaukatillögunni við 17. gr., af því að nefndin hefir leyst þann hnút, sem með henni á að leysa, engu síður, já jeg vil segja betur en þar er gjört. En það var sjer í lagi skipun alþingis samkvæmt breyt.till., sem jeg vildi snúa máli mínu að. Þessi breyting á skipun alþingis er sjer í lagi fólgin í því, að efri deild alþingis skuli kosin af sýslunefndum. Það gleður mig að h. þm. Snæf. (P. Br.) heldur ekki lengur fram sömu skoðun, sem í hitt eð fyrra, á skipun efri deildar. Þá áttu sjötugir karlar, að mun eldri en jeg og mínir líkar, að eiga sæti í efri deild, og það til dauðans, hvað daufir og dofnir í anda sem þeir væru orðnir. En á nú ekki veslings efri deildin að ganga frá einni plágu til annarar, eptir þessari uppástungu h. þm. (P. Br.)? Jeg sje að minnsta kosti ekki neina verulega þjóðlega trygging í, að sýslunefndir kjósi þingmenn í efri deild; þær eru lægsta stigið í umboðsvaldinu og í þær eru sjer í lagi kosnir menn, sem duglegir eru í sveitamálum og láta mikið til sín taka heima í hjeraði. Jeg sje ekki að næg trygging sje fyrir, að þessir menn sjeu fullvel fallnir til þessa þýðingarmikla starfa. Sjer í lagi sje jeg ekki einu sinni nærhæfis eins mikla tryggging í því, að sýslunefnd ein kjósi menn í efri deild alþingis, eins og að allir kosningarbærir menn í sýslufjelaginu gjöri það; því að þá greiða þó atkvæði fyrst og fremst allir hinir sömu, sem í sýslunefnd sitja, og auk þeirra svo margir fleiri. Jeg skoða málið svo, að kosningarjetturinn sje rjettur, sem beinlínis til heyrir allri þjóðinni, og þar eigi enga milliliði að hafa. Jeg skoða beinar þjóðkosningar beztar, og jeg framfylgi þeim því fremur, sem allir vita, að það er sögulegur sannleiki, að þjóðin vill helzt kjósa fulltrúa sína sjálf. Jeg veit að h. deild mun kannast við grein í ritinu Andvara, sem rituð er af manni, er allir virða fyrir hyggindi og skarpskyggni; í henni taldi hann það strax einn aðalgallann á hinni núgildandi stjórnarskrá, að ekki skyldi kosinn nema helmingur efri deildar af þjóðinni sjálfri. Samkvæmt þessu, sem nú er sagt, gat nefndin ómögulega fallizt á þetta atriði breyt.till.

Þá skal jeg hverfa að breyt.till. á þingskj. 199. Hún er næsta þýðingarmikil, er hún vill með öllu afnema efri deild og hafa einskipað þing. Viðvíkjandi þessari breyt.till. vil jeg að eins taka það fram, að jeg tel það ekki óhugsandi, að svo geti farið með tímanum, að það fyrirkomulag, að hafa ein-

skipað þing á Ísland, þætti hagkvæmt og hafandi. En nú sem stendur mundi ekki ráðlegt að taka slíkt upp. Tvískiptingin hefir þegar staðið alllengi, og þjóðin álítur hana fremur kost en galla. Tvískiptingin hefir það augnamið, að tryggja hóflega framsókn og vandlega íhugun löggjafarmálanna, og það verðum vjer að játa, að því hafi hún margopt náð. Það er því mjög varúðarvert, að ganga nú inn á svo stórkostlega breytingu. Enn fremur er annar agnúi á því að ganga inn á þessa breytingu: hún hreyfir alveg í afleiðingum sínum ábyrgð landstjórnarinnar gagnvart alþingi, því að eptir frumvnefndarinnar er ætlazt til, að ábyrgðin sje tryggð með pólitiskum dómstól. En hvernig er það mögulegt, þótt þingið kysi menn æfilangt í þann dóm, hvernig er það mögulegt að ætlast til, að þeir geti fylgt öllum pólitiskum stefnum og breytingum, og áttað sig á hinum nýju straumum tímans, um leið og þeir eru að fara ofan í gröfina? Hvernig er það líklegt eða jafnvel mögulegt, að þeir geti fyllilega fylgt með kröfum og anda hins nýja tíma, þegar þeir halda í aðra átt sem börn liðins tíma? Jeg veit að breyt.till. hefir verið borin fram í góðu skyni og sá tími getur sem sagt komið, að hún, hvað einskipting þingsins snertir, ryðji sjer til rúms. Mín vizka nær ekki svo langt, að jeg geti sjeð, hvernig hin hagkvæmasta stjórnarskipun vor í þessu tilliti muni verða á komandi öldum, en jeg veit að komandi kynslóðir munu laga hana í hendi sjer, eptir kröfum og nauðsyn þess tíma.

Þá er hjer enn breyt.till. við 56. gr. frumv. Þessa breyt·till. álít jeg mjög þýðingarmikla. Jeg get vel skilið, að hún sje byggð á þeirri skoðun, sem farin er að ryðja sjer til rúms, þeirri skoðun, að fullkomið trúarbragðafrelsi eða guðsdýrkunarfrelsi eigi að vera ríkjandi í alveg ótakmörkuðum mæli. Hið innra ósýnilega samband við guð sinn er hverjum sjálfrátt, en jeg sje að höfundar breyt.till. óska þess einnig, að hverjum sje sjálfrátt, hvernig hann dýrkar guð á ytra hátt, eða hvort hann alveg lætur það ógjört. Á þessu eru breyt.till. byggðar, höfundum þeirra þykir sjálfsagt 54. gr. hinnar gildandi stjórnarskrár ekki veita næga tryggingu fyrir þessu, en jeg held það sje misskilningur. Þeir gæta þess ekki, að eptir frumvarpsins 56. gr. má skipa sambandinu milli þjóðkirkjunnar og ríkisins með lögum. Í víðasta skilningi gæti þetta ákvæði jafnvel gripið yfir fullkominn aðskilnað ríkis og kirkju. Með þessu er að minnsta kosti gefinn næsta víðtækur aðgangur að guðsdýrkunarfrelsi, og svo framarlega sem höfundar breyt.ttil. vilja ekki slá stryki yfir 54. gr. hinnar gildandi stjórnarskrár — og það veit jeg að þeir vilja ekki —, þá vona jeg að þeir gjöri sig ánægða með ákvæði frumv. í þessari grein, er þeir íhuga, hve víðtæk þau í raun rjettri eru. Ef breyt.till. gengi fram, þá er hin evangelisk-lúterska kirkja og trú sett á bekk með öllum tilverandi og ekki verandi, öllum hugsanlegum og óhugsanlegum trúarbragðafjelögum, og það er þó næsta kátlegt og hart, að setja hana á bekk með þeim trúarbrögðum, sem menn ekki einu sinni geta haft fyrir augum; þá fer að verða lítið úr þeirri vernd, sem hin lúterska kirkja nýtur, og þá fer henni ekki að verða gjört hátt undir höfði. Jeg vona að h. flutningsm. skilji ekki svo, að jeg vilji með hörðum orðum hnekkja breyt.till. þeirra. En jeg vil ekki ganga lengra en gengið er í 56. gr. frumv.; trúarfrelsinu er frá mínu sjónarmiði fullborgið með þeim ákvæðum, sem þar eru. Mjer virðast þessar breyt.till. gefa í skyn of mikla ljettúð

gagnvart landslýðnum, því að, guði sje lof, jeg þekki ekki til, að alþýða á Íslandi sje fús á að kollvarpa hinni evangelisku-lútersku kirkju í sínu ytra formi; hitt skil jeg, að ýmsir vilji hnekkja því er ýmsir kalla kreddur; en jeg trúi því ekki, að nokkur Íslendingur vilji eyðileggja andann, vilji eyðileggja kraptinn í hinni evangelisk-lútersku trú, til að komast hjá kreddunum. Jeg stend á grafarbakkanum, og jeg skal gjöra þá játning, að jeg álít trúna á guð og traustið á guði hinn dýrasta fjársjóð Íslendinga og hverrar þjóðar sem hann er. Það er trúin á guð og traustið á honum, sem leitt hefir Íslendinga gegnum þungar hörmungar, og það er óbifanleg sannfæring mín, að fögur framtíð hinnar íslenzku þjóðar sje algjörlega undir því komin, að trúin á guð og kristilegir siðir blómgist hjá henni. Mjer þykir því óheyrilega oflangt gengið í breyt.till., að hreyfa þessum helga grundvelli. Jeg skal játa það, að sumu má og ef til vill á að breyta í siðum og setningum hinnar lútersku kirkju, og sumt má aptur laga og sníða eptir kröfum framfaraanda tímans og betri upplýsingu, en að setja hana á bekk t. a. m. með mormónakirkju, eða samkynja trúarflokkum, til þess get jeg fyrir mitt leyti ekki hugsað. Jeg bið h. deild að fyrirgefa, þótt jeg hafi orðið nokkuð langorður, og jeg vona að hún áfelli mig ekki fyrir það, þótt jeg hafi reynt að kryfja breyt.till. sem vandlegast. En nú vil jeg spyrja: Eru nú engin gullkorn í breyt.till. eptir að þær hafa gengið í gegnum þenna hreinsunareld? Jeg skal sýna, að það er ekki af kappi, að nefndin hefir ekki getað aðhyllzt breyt.till. þær, sem jeg hef talað um; jeg skal sýna þetta með því, að snúa mjer að þeim breyt.till., sem eptir eru ónefndar.

Skal jeg þá fyrst nefna viðaukatill. við 13. gr. frumv. (þingskj. 198). Þessi breyt.till. er svo löguð, að hún væri ónauðsynleg, ef hún hefði aldrei komið fram, en illt að fella hana, úr því hún hefir komið fram, því að skilningur laga og skýring þeirra síðar er opt byggt á breyt.till., sem felldar hafa verið. Af þessu getur verið nauðsynlegt að samþykkja hana, en í sjálfu sjer er hún ekki nauðsynleg, því að það liggur í anda stjórnarskrárinnar, að hún er óþörf. Hún gæti verið góð, ef búizt væri hjer við sömu aðferð og höfð hefir verið í Danmörku. En stjórnarskipun sú, sem vjer erum að koma á, á ekki að vera byggð á óþarfa tortryggni; það er óhugsandi að landsstjóri rjúfi þingið til þess að fá ekki fjárlög; það er mest í »interesse« stjórnarinnar sjálfrar, að fá fjárlög. En ef menn ímynda sjer, að stjórnarskráin sje ekki annað en þessar línur, þetta blað, sem jeg held á í hendinni, þá er viðaukatill. máske ekki alveg ónauðsynleg, því bókstaflega tekið er hún nauðsynleg, en ekki andlega eða skilningslega tekið. Loks er þá eptir breyt.till. á þingskj. 195; um hana er alveg hið sama að segja sem þessa breyt.till. Jeg álít hana ónauðsynlega í sjálfu sjer, en getur þó verið, ef litið er á allar hliðar málsins, að ekki sje vert að fella hana, af því að sá skilningur hefir komið fram hjá ýmsum, að það væri á móti hinni núgildandi stjórnarskrá, að afnema öll eptirlaun með lögum. Jeg ljet líka í ljósi á síðasta þingi, að jeg hefði þennan skilning, en við nákvæma yfirvegun hef jeg þó breytt skoðun minni á þessu atriði. En af því hjer er um ekki ótvíræða lagaþýðing að ræða, getur þó verið rjettara að halda breyt.till. Skal jeg svo ekki orðlengja meira um málið að svo stöddu, en áskil mjer rjett til að hefja andmæli gegn þeim mótbárum, sem fram kunna að koma gegn nefndinni.

Páll Briem: Undir ræðu h. þm. (B. Sv.) hugsaði jeg mjer að svara einstöku atriðum, en þar að auki hef jeg komið fram með nokkrar breyt.till. og verð jeg því að biðja mjer hljóðs nokkra stund. Jeg verð að taka undir með h. flutningsm., þar sem hann var að tala um sannleikann; hann óskaði að sannleikurinn leiddi bæði sjálfa sig og aðra til hugsandi og skynjandi eindrægni.

Þessi orð vil jeg taka mjer í munn og það verð jeg að gjöra því fremur, sem jeg er ungur og ekki lagið að tala mínu máli með glymjandi orðum. Og jeg verð að gjöra það því fremur, sem jeg hugsa til þess, hversu langt er frá, að sannleikurinn hafi jafnan sigrað, að það er miklu fremur svo, að sannleikurinn hefir venjulega verið bældur niður, rangfærður og undirokaður, þegar hann hefir komið fram í fyrstunni.

Hve margir hafa eigi verið píslarvottar sannleikans, og er það ekki venjan, að sannleikurinn á formælendur fáa? Er það ekkt opt, að hinir ungu standa einir uppi gagnvart gömlum mönnum, sem ekki mega heyra sannleikann nefndan, af því að þeir annaðhvort ekki skilja eða vilja skilja hann?

Og það verð jeg að segja, að þegar jeg heyrði andmæli h. flutningsm. (B. Sv.) gegn breyt.till., þá annaðhvort skildi hann ekki eða vildi eigi skilja þær.

Það er gamalt orð í stjórnarskrárfrumvörpunum, að konungur eða landsstjóri framkvæmi lagastaðfestingar og hafi á hendi framkvæmdarvaldið í ýmsum greinum. Þetta hefir vakið óánægju hjá landsmönnum, sem var fullkomlega á rökum byggð, því að þegar menn fá nýtt stjórnarfyrirkomulag, þá má ekki minna vera en að það sje skýrt og ljóst ákveðið, hvernig hinu æðsta valdi í Íslands sjerstöku málefnum skuli fyrir komið.

Það voru þessar ástæður, sem leiddu þingmenn á alþingi 1889 til þess, að gjöra skýr og ljós ákvæði um það, hver stjórnarstörf skyldu fara fram hjer á landi og hver stjórnarstörf skyldu heyra undir konunginn. Þetta var aðalatriðið í gjörðum neðri deildar 1889, og þegar því h. framsögum. (B. Sv.) fór áðan í ræðu sinni að spyrja um, hver væru stjórnarstörfin innanlands og hver væru stjórnarstörfin utanlands eptir breyt.till. mínum, sem eru alveg samkvæmar frv. neðri deildar 1889, þá sýnir það bezt, hvort jeg muni hafa átt að mæta rjettum skilningi hjá honum. Allir, sem um þetta mál tala í broddi fylkingar, ættu að vita þetta, því að það er ljóst og skýrt tekið fram og það getur hver maður sjeð, eptir breyt.till. mínum, að stjórnarstörfunum innanlands og stjórnarstörfunum utanlands, sem beinlínis heyra undir konunginn, er skipt þannig, að undir stjórnarstörfin utanlands heyrir skipun landsstjórans, staðfesting á stjórnarskránni, apturköllun á lögum, er konungi þykja viðsjárverð sakir sambands Íslands við Danmörku, og náðunarvaldið, en öll önnur sjerstök málefni Íslands heyra undir stjórnina hjer á landi.

H. framsögum. (B. Sv.) las upp úr ræðu minni á alþingi 1889, að hin æðsta stjórn í Kaupmannahöfn hefði töglin og haldirnar. H. framsögum. (B. Sv.) fór mörgum orðum um þetta atriði í ræðu hans, sem þótti mest sláandi og gjörði mesta lukku hjá áheyrendunum. En einmitt þetta atriði ætti að sýna ljósast, hvernig má rangfæra sannleikann og leiða menn, ekki til skynjandi eindrægni, heldur til fávíslegrar tvídrægni.

Þegar áheyrendurnir hlógu að fyndni h. framsögum. (B. Sv.), þá hjeldu þeir, að það hefði verið meining mín, að stjórn Dana í Kaupmannahöfn hefði töglin og haldirnar, og þá var von, að þeir teldu

þetta óhæfilegt, en þeir voru þar leiddir villir vegar, og þeir voru þar villtir út af vegi sannleikans; stjórn Dana í Kaupmannahöfn hefir ekkert með Íslands sjerstöku málefni að gjöra, en það er einungis átt við stjórn konungsins með ráðgjafa Islands, með ráðgjafa Íslands, segi jeg, sem hefir ábyrgð gagnvart alþingi á öllum sínum gjörðum, og sem þar að auki hefir ekkert með önnur málefni að gjöra en stjórnarstörfin utanlands, sem jeg rjett áðan nefndi.

Þetta atriði var undirstöðuatriði í andmælum h. framsögum. (B. Sv.) gegn mjer, og þar sem það var svona skakkt, þá geta allir, sem heyra og skilja, ráðið af því, hvernig andmæli hans muni vera í heild sinni. Það »varðar mest til allra orða, að undirstaðan rjett sje fundin«; og þegar undirstaðan er röng, þá er í augum uppi, hvernig ályktanirnar verða.

Menn verða að virða mjer til vorkunnar, þótt jeg geti eigi elt allt út í æsar og leiðrjett allt sem skakkt var hjá h. framsögum. (B. Sv.), en jeg verð að segja það, að breyt.till. mínar bæði að því er snertir stjórnarstörfin utanlands og innan, hina æðstu stjórn í Kaupmannahöfn og stjórnina hjer á landi, eru alveg samkvæmar því, sem þingmenn hjer í deildinni samþykktu nálega í einu hljóði og sem jafnvel h. framsögum. (B. Sv.) sjálfur hafði samþykkt. (*B. Sv.:* Ósatt). H. framsögum. segir, að jeg segi ósatt, en jeg tek þingmenn hjer í deildinni til vitnis að því, og ber það undir þá, að það var ekki gjörð ein einasta breyting á stjórnarskrárfrumv. í neðri deild 1889 án vilja og vitundar h. framsögum. (B. Sv.), og hann var meira að segja einkar ánægður með ýms ákvæðin, sem hann nú spottar og rangfærir með öllu móti. En úr því að svo er, að þingmenn sjálfir hafa nálega í einu hljóði fylgt því fram á alþingi 1889, sem nú mætir hrópi og háði, þá eru þeir nú alveg eins hæddir, eins og jeg, og úr því að framsögum. hæðir sínar eigin gjörðir, þá þarf jeg eigi að taka mjer það þungt persónulega, þótt hann vilji beina þessu mest að mjer. Persónulega er mjer þetta alveg sama; en ef það hefir áhrif á málefnið, þá getur enginn, sem ann fósturjörðu sinni, látið sjer það í ljettu rúmi liggja; því að málefnið er fyrir öllu, og nú í dag eiga fulltrúar þjóðarinnar að stíga þýðingarmikið spor. Á alþingi 1889 var þýðingarmikið spor stigið til þess að hrinda málinu áfram og fá því framgengt, að vjer fáum innlenda stjórn, og hjer í dag geta menn einnig þokað málinu áfram, með því að samþykkja breyt.till. um tilvísun til stöðulaganna, sem getur ekki spillt, en hlýtur eptir orðum stjórnarinnar að miða til þess, að hún gefi eptir í þessu máli. En menn geta líka stigið annað spor, og það er sporið aptur á bak; menn geta sett sjálfa sig og aðra í bobba, þeir geta reyrt þá hnúta utan um það, að þeir verði eigi leystir um langan tíma. Menn geta sjeð það í hendi sjer, að það frv., sem hjer liggur fyrir, verður ekki staðfest, og þess vegna er það gleði fyrir hina mestu mótstöðumenn málsins, ef þm. skyldu aðhyllast þetta frumv. óbreytt, því að þá er þetta frumv. orðið að kínverskum múr, sem hindrar alla stjórnarbót.

Hvernig stendur á því, að þetta mál er eigi komið lengra á veg en það er komið? Hvernig stendur á því, að vjer erum ekki einu feti nær nú en í þinglok 1889? Eptir nefndarálitinu, þá virðist flutningsmönnum líka illa, að stjórnin hefir ekki látið uppi neina skoðun sína á þessu máli. En hver er orsök til slíks? Jeg vona að allir játi, að hefði verið fylgt fram skoðunum meiri hluta alþingismanna 1889, þá hefðu

menn staðið öðruvísi að vígi, þá hefðu menn eigi þurft neitt að ásaka sig í þessu efni; málið legið skýlausara fyrir, og þá lægi nú fyrir þinginu sú yfirlýsing, sem bæði framsögum. (B. Sv.) og aðrir nú sakna, nefnilega skoðun og tillögur stjórnarinnar. *(B. Sv.:* Hvaða?). Framsögum. (B. Sv.) þarf ekki að vera að spyrja; hann veit fullvel, að nokkrir þm. voru svo skammsýnir, að gjöra lagabrot og víkja af hinum rjetta vegi. *(Ýmsir:* Það verður að segja til og sanna). Jeg get gjört það. Er það ekki lagabrot, að koma ekki á fund, en sitja heima eða vera annarstaðar, þegar skylt er að vera á fundi og greiða atkvæði? (*Forseti*: Það þarf að sanna). Jeg vona að h. forseti sje mjer samdóma um, að það sje lagabrot fyrir alþingismenn að koma ekki á þingfundi, þegar þeir hafa engin forföll. En það var einmitt þetta, sem sumir þingmenn gjörðu í þinglok 1889; með lagabroti hindruðu þeir, að alþingi skoraði á stjórnina að láta í ljósi skoðanir sínar í stjórnarskrármálinu og leggja frumv. í þá átt fyrir alþingi; með þessu var ekkert spillt og alþingi hefir fulla heimild til að skora á stjórnina að gjöra þetta, og jeg kasta allri ábyrgð í þessu efni af mjer og öðrum þingmönnum, sem með mjer voru, yfir á þá, sem lagabrotið gjörðu. Annars vil jeg ekki fara frekar út í það, það er ekki til neins að sakast um orðinn hlut, það verður ekki aptur tekið; það sem gjört er, til heyrir sögunni, og þessi dagur mun og að lokum verða skráður í bók sögunnar.

Þetta mál liggur nú nokkuð öðruvísi fyrir þessari deild en í þinglok 1889; þegar mál þetta kom frá efri deild. þá, varð að íhuga þær breytingar, sem efri deild gjörði á frumv., en nú aptur á móti er spurningin um, að senda efri deild frumv. til íhugunar, og þá er rjett að neðri deild sendi frumv. þannig lagað, sem henni þykir bezt og heppilegast, til þess að efri deild geti íhugað málið eins og þingmenn í þessari deild vilja hafa það.

En þegar um það er að ræða, hvað er bezt og heppilegast, finnst mjer, að það verði einkum að koma til skoðunar, hvað er vilji þjóðarinnar í heild sinni, og hvað getur miðað til þess, að málið fái framgang.

Jeg vona að h. þingdm. viðurkenni allir, að frá þjóðinni hafi komið það álit, að þingmenn ættu að leita samkomulags; það hefir komið fram bæði í blöðunum og á þingmálafundum, og jeg þykist þess vegna eigi segja of mikið, þó að jeg segi, að þetta sje almenn ósk hjá þjóðinni. Jeg vona að flestir viðurkenni, að þetta sje áríðandi, en með þetta fyrir augum furða jeg mig stórum á, hvernig nefndin hefir farið að í þessu máli; hún hefir tekið og lagt til grundvallar frumv. til stjórnarskipunarlaga frá 1887, sem mætti miklum mótmælum í neðri deild og var fellt í efri deild. Mig furðar á, að nefndin skuli hafa tekið þetta, sem er sannkallað þrætuepli, og fleygt því hjer inn í þingsalinn. Frumv. frá 1887 var samið upp úr frumv. frá 1886, en ýmsar af breytingunum á frumv. frá 1886 voru gjörðar af örfáum mönnum í neðri deild, og þeir, sem saman komu til að ræða um þær, voru alls eigi samþykkir þeim, heldur gengu inn á þær til samkomulags, og það vona jeg að h. framsögum. (B. Sv.) verði fyrstur manna til að játa, því þegar verið var að ræða um þær, þá blöskraði h. flutningsm. þær svo mikið, að hann hrópaði allopt yfir þeim: »Herra guð og himneski faðir«. En eru nú þessar breytingar orðnar allar góðar hjá h. flutningsm. (B. Sv.)? Jeg veit það ekki, hvað hann hugsar í hjarta sínu, en hitt veit jeg, að öðrum þingm.

líka þær eigi og það með rjettu, því að með þeim fæst að einu leytinu ekki nægileg trygging fyrir landsmenn, og að hinu leytinu getur stjórnin, og jeg bæti við, engin stjórn gengið að frumv. Það er ótryggilegt fyrir landsmenn, að því leyti, að það er ekki ákveðið, hvernig hinu æðsta valdi í Íslands sjerstöku málum skuli fyrir komið, þar sem að eins er sagt, að konungur eða landsstjóri hafi hið æðsta vald á hendi í ýmsum greinum. En að hinu leytinu er það óaðgengilegt fyrir stjórnina, að því leyti, að það er ekki ákveðinn neinn skynsamlegur vegur til að setja landsstjórann frá völdum, en úr því að hann er umboðsmaður konungs, þá verður að veita konungi vald til að setja hann frá völdum, þegar hann eigi lengur fer eptir hans vilja.

Jeg þykist því hafa sýnt fram á, að nefndin hvorki vill stuðla til samkomulags eða hefir valið heppilegan veg í þessu máli, með því að leggja til grundvallar frumv. frá 1887.

Ef menn aptur á móti hlutdrægnislaust vilja athuga, hverju jeg held fram í þessu máli, þá vona jeg að menn játi, að það eigi að eins sje aðgengilegra fyrir stjórnina og tryggilegra fyrir þjóðina, heldur og hljóti það að miða til samkomulags.

Jeg vil ekki fjölyrða um það, að hverju leyti breyt.till. mínar miða til að gjöra frumvarpið tryggilegra fyrir þjóðina og aðgengilegra fyrir stjórnina, því að jeg hef þegar tekið fram aðalatriðin í því efni, en jeg vil endurtaka það, að breytingartillögur mínar voru samþykktar nálega í einu hljóði hjer í deildinni 1889 og í efri deild voru nálega allir þjóðkjörnir þingmenn á einu máli um, að þær væru heppilegar, og því verð jeg að segja það, að ef þingmenn greiða nú atkvæði móti því, sem þeim kom saman um að væri heppilegt 1889, þá eru einhverjar aðrar orsakir til þess en sem mjer eru kunnar. Og ef h. framsögumaður (B. Sv.) íhugar þetta, þá hef jeg fulla ástæðu til að ætla, að jafnvel hann snúist eigi, og að hann greiði nú atkvæði með þeim sömu breytingartillögum, sem hann glaður samþykkti 1889.

Hjer er ein breytingartillaga, sem er ný. Og er það breytingartillagan um tilvísun til stöðulaganna. Jeg vonast til, að h. þingd.m. játi, að þessi tilvísun sje að eins til skýringar, nema líklega h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.), og að hún sje til að fyrirbyggja, að stjórnin geti komið með mótmæli móti stjórnarskipunarfrv., sem byggð sjeu á misskilningi.

Jeg vona að h. þingd.m. geti sjeð, og þeir hafa líka sýnt það með atkvæðagr., að þetta sje langt frá að gjöra nokkra breytingu á stöðu vorri gagnvart hinu almenna löggjafarvaldi ríkisins. H. framsögum. (B. Sv.) sagði áðan, að stöðulögin tryggðu stöðu vora gagnvart hinu almenna löggjafarvaldi ríkisins; og get jeg vel tekið undir það; en ef svo er, þá miðar tilvísunin að eins til að binda og tryggja þetta enn betur með tilvísun til laganna.

Þessi breytingartillaga miðar einnig til samkomulags við stjórnina, því að hún hefur látið í ljósi, að hún vildi að slíkt ákvæði væri sett í lögin. *(Sk. Th.*: Hvers vegna?). H. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) spyr: Hvers vegna? Hann þarf eigi að fá skýring á áliti stjórnarinnar. Eptir orðum hans um daginn, þegar hann talaði um dómsvald hæstarjettar, þá ljet h. þm. (Sk. Th.) í ljósi, að hann með tilvísuninni ofurseldi landsrjettindi Íslands, og kvaðst þá gjöra þetta af knýjandi nauðsyn. En þessa skoðun vona jeg að h. þm. (Sk. Th.) standi einn uppi með. Jeg held mjer við skoðun Jóns Sigurðssonar á lögunum, og vona jeg að skoðun bæði mín og

annara h. þingm. sje eins gild og skoðun h. 1. þm. Eyf.

Að endingu ætla jeg að minnast á aðra breyt.till., sem einnig er ný, og fer fram á að þingmenn sje kosnir af sýslunefndum. Jeg álít ekki heppilegt að í stjórnarfrumv. er eigi sett nein ákvörðun um, hvernig kjósa skuli, en ætla að með þessu sje tryggður rjettur manna svo vel sem verða má.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um mál þetta meira að sinni, en óska, að menn reyni að hæða ekki nje spotta hver annan, og sjerstaklega, að menn reyni að leiða ekki aðra á villuvegi í þeim atriðum, sem þeir ekki skilja sjálfir. Og vil jeg óska þess, að h. framsögum. (B. Sv.) vildi framvegis reyna til að meta mál mitt rjettar, en hann hefur gjört hingað til; á þann eina hátt gæti hann stuðlað til þess að leiða menn til skynjandi eindrægni. Með þeim hug og anda vil jeg óska að menn tali um þetta mál, því að eins í þeim anda, anda sannleiksleitandi eindrægni, er nokkur von um að áfram gangi til sátta og samkomulags, og að mál þetta fái heppilegan framgang.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Það er gömul regla: »de mortuis nil nisi bene«. (Lastaðu ekki látinn mann). (*P. Br.:* Jeg hef ekki talað nema einu sinni). H. þm. Snæf. (P. Br.) er í öllu falli dauður í þeim skilningi, að hann getur ekki sannfært mig eða neinn annan mann um annað en það, sem jeg hef sjálfur sagt í þessu máli, af því það er óhrekjanlegt.

Jeg vil leiða frá mjer öll þau orð í ræðu h. þm. Snæf. (P. Br.), sem allir hljóta að sjá, að sprottin eru af einhverri ástríðu og hita, t. d. »gamlir menn, sem hætt er við hjegómadýrð«, að »forseti hafi á síðasta þingi látið leita að sjer«, »lagabrot«, og mýmargt annað fleira. Jeg álít, að jeg geti við þetta tækifæri látið mjer standa þessi óþinglegu og ósæmilegu orð alveg á sama. Jeg vil að eins viðvíkjandi áskorun þingmannsins gegn mjer sem forseta 1889 skora fastlega á h. þm. Snæf. (P. Br.), að koma fram með þetta nefndarálit, sem hann var að tala um. Jeg get borið vitni um, að það hefur aldrei og ekki þann dag í dag komið fram á lögskipaðan hátt, hvorki til skrifstofustjóra nje forseta neðri deildar 1889, og þó svo hefði verið, þá hefði það alls ekki getað þvert á móti ákvæðum þingskapanna komizt á dagskrá, af þeirri einföldu ástæðu, að það var og er, eins og alþingistíðindin 1889 sýna og sanna, niðurlags-atriðalaust, og hvað er svo að vera að minnast á slíkt í sambandi við þetta mál nú, annað en þinglegur barnaskapur? Jeg vil einnig leiða hjá mjer orð hans um, að jeg tali meira af tilfinningu en með ástæðum. Hann verður að bera ábyrgðina af orðum sínum, eins og jeg af mínum, eigi að síður.

Jeg skal benda á eitt atriði í ræðu h. þm. Snæf. (P. Br.). Hann hefur í ræðu sinni beinlínis skrifað undir það stjórnarfyrirkomulag, sem nú er, að því er snertir samband Íslands og Danmerkur. (*P. Br.:* Nei). Jeg ætlast ekki til, að h. þm. Snæf. (P. Br.) skilji það, en jeg vona að hann geti þreifað á því. Hann setur í brodd fylkingar í breyt.till. sínum tilvísun til stöðulaganna, og heldur hann þá, að hann geti talið mönnum trú um, að það sje á hans valdi, að láta stjórnina leggja annan skilning í þetta en stjórnin hefur gert sjálf í nóvemberauglýsingunni 1885? Þar segir svo: »Það er hætt við, ef frumv. (nefnil. hin endurskoðaða stjórnarskrá) yrði samþykkt í þessu formi (þ: án tilvísunar til stöðulaganna), þá mundi það efla þá

röngu skoðun, er hið ráðgefandi alþingi hjelt fram 1871, að lögin 2. jan. 1871 sjeu ekki bindandi fyrir Ísland«.

H. þm. Snæf. (P. Br.) getur hjer sjeð, hvað stjórnin leggur í þessa tilvísun; hún segir og heldur því fram, að stöðulögin sjeu formlega bindandi fyrir Ísland, og enn fremur segir hún með þessum orðum, að hin nauðsynlega viðurkenning um það frá Íslands hálfu felist einmitt í þeim tilvísunum til stöðulaganna, sem h. þm. (P. Br.) er að streytast við að koma inn í hina endurskoðuðu stjórnarskrá, sem liggur fyrir oss í þessu frumvarpi. Þingið hefur aldrei neitað, að stöðulögin hafi að innihaldinu til gildi, heldur hefur það neitað því, að ríkisþingið hafi haft formlegt vald til að skipa fyrir um sambandið millum Íslands og Danmerkur, án þess að alþingi tæki formlegan þátt í þeirri löggjöf, en með þessari tilvísun játar þingið, að stöðulögin sjeu og hafi verið formlega bindandi. Stjórninni sjálfri kom þó ekki einu sinni til hugar í fyrstu, að heimta þessa viðurkenningu, enda er það áreiðanlegt, að hinn nafnkunni lögfræðingur Dana, aðalhöfundur og hvatamaður stöðulaganna, þá ráðgjafi, nú hæstarjettardómari Krieger, skoðaði stöðulögin að eins sem tilboðslög gagnvart Íslandi.

H. þm. Snæf. (P. Br.) segir, að það sje ekki meiningin að losa um sambandið milli Íslands og Danmerkur. Nei, eptir skoðun hans á stjórnin að hafa bæði töglin og haldirnar, tögl til að lögfesta það faktiska ástand, sem nú er í Danmörku. Ráðgjafinn annast hin sjerstöku mál Íslands, en þó situr hann í ríkisráði Dana og ríkisráðið fellir endilegar ákvarðanir í Íslands löggjafar- og stjórnarmálum. Þessi hnútur á að leysast, en með breyt.till. þingm. Snæf. festist hann um aldur og æfi. *(P. Br.:* Ósatt). Svo hafa fleiri þingm. og það þeir, sem voru handgengnir h. þm. Snæf., skilið þetta atriði, að minnstu sá, sem komið hefur með breyt.till. við breyt.till. h. þm. Snæf. *(P. Br.:* Nei). Allir skilja það, en engin regla er án undantekningar. H. þm. Snæf. (P. Br.) segist ekki skilja það, og allt svo er hann undantekning frá því, að skilja það, sem allir aðrir skilja. Jeg trúi þessu, enda þótt nauðugur, en get þá ekki annað sagt, en að hann sje ærið skilningsdaufur. *(P. Br.:* Jeg segi hið sama um h. framsögum.). Velkomið! en hann verður þó að sanna það, sem hjer veltur á, hann verður að sanna, að ráðgjafi Íslands sitji ekki eptir sem áður í ríkisráði Dana, ef breyt.till. hans kemst fram. Ef h. þm. Snæf. (P. Br.) vill lengur elta ólar um þetta mál, þá skal jeg lofa honum því, að draga upp skjal við tækifæri, sem getur verið ó-þægilegt fyrir hann í þessu tilliti, skjal, sem sýnir, hvað h. þm. Snæf. (P. Br.) og hans menn meintu 1889 með þessari stjórnlegu refaholu, sem þeir eru að grafa handa þjóðfulltrúum Íslands og landsrjettindum þess. Jeg kalla, að menn sjeu dregnir á tálar, þegar verið er að reyna að gylla fyrir þeim ákvæði og fá þá til að leggja allt, allt annan skilning í þau, en geta legið í þeim eptir hlutarins eðli og heilbrigðri skynsemi; en jeg segi h. þm. Snæf. (P. Br.) það satt, að það dugir ekki að vera að reyna til að gylla nautshornin á þessum stað.

Jeg tek það upp enn á ný, að hæstv. landsh. tók það skýrt fram 1889, að það frv., sem þá lá fyrir neðri deild, gæti ekki tekizt til greina af stjórninni. Hann sagði, að það væri því síður ástæða til að vænta þessa, sem það frv. gengi lengra en hin endurskoðaða stjórnarskrá. En fyrst svo var, hvernig getur þá h. þm. Snæf. (P. Br.) sannfært menn um, að einmitt hans breyt.till.

sem er alveg samhljóða frumv. 1889, sem hæstv. landsh. fór þessum orðum um, sje eini vegurinn til að fá frumv. framgengt. *(P. Br.:* Jeg er búinn að skýra það). Búinn að skýra, já búinn að dýfa því niður í sitt eigið grugguga hugsunar-mauk, svo það er einmitt verra en óskýrt fyrir öðrum rjettskynjandi mönnum.

H. þm. Snæf. (P. Br.) vill allt svo hafa tilvísun til stöðulaganna, og með því viðurkenna, að þau hafi verið og sjeu formlega bindandi fyrir Ísland. Með því verður stjórnarfyrirkomulag það, sem faktiskt hefur átt sjer stað, og reynzt hefur svo óþolandi fyrir land vort og lýð, löglega viðurkennt frá vorri hálfu. Þá fyrst hefur stjórnin töglin og haldirnar, eins og h. þm. Snæf. endilega vill vera láta. *(P. Br.:* Rangfært!). Það er ekki rangfært. H. þm. Snæf. má þræta ofan í þingtíðindin. *(P. Br.:* Skora á framsögum. að sanna það). Það er sannað, svo framarlega, sem það er rjett, sem stendur í þingtíðindunum, og h. þingm. ber ábyrgð á ræðum sínum eins og þær standa prentaðar þar. Þar stendur að hann hafi sagt, að stjórnin í Kaupmannahöfn hafi bæði töglin og haldirnar. *(P. Br.:* Já, í sjerstökum málum Íslands). Já! einmitt í hinum sjerstöku málum Íslands, sem stjórnin í Kaupmannahöfn á hvorki nje má hafa hin minnstu tögl eður haldir á, og þá leiðir af því, að það sem nú er einungis ólöglegt faktist stjórnarfyrirkomulag, verður lögskipað faktiskt stjórnarfyrirkomulag eptir þessari játningu h. þingm. Snæf. (P. Br.). Þetta er það heljar-axarskapt, sem h. þm. Snæf. (P. Br.) getur aldrei neytt mig til að taka mjer í hönd, hvað hátt eða þá lágt sem hann galar á þingbekkjunum.

Krieger ráðgjafi hefur sjálfur, eins og jeg sagði, játað, að sjer hafi aldrei dottið í hug, að ríkisþingið 1871 hafi formlega getað bundið Íslendinga. Stjórninni var þá engin þægð í þeirri viðurkenningu.

Jeg vil leiða hjá mjer öll orð h. þm. Snæf. (P. Br.) um, að jeg hafi reynt að afvegaleiða áheyrendurna. Það er á sjálfra þeirra ábyrgð, hvort þeir láta leiðast meira af hans ræðu eða minni. Ummæli hans um »háð« og »spott« get jeg ekki skilið, því að mjer fyrir mitt leyti stendur á sama, hvort menn brosa, eða ekki, að því sem jeg segi. Jeg fæ ekki sjeð að það sje neinn vinningur að fjölyrða um orð h. þingm. Snæf. Hann gengur frá því sem hann hefur sagt, hvort eð er, en þegar ræða hans liggur frammi leiðrjett af honum sjálfum, get jeg kannske tekið ræðu hans nákvæmar fyrir, ef mjer virðist þess þörf. Ræða hans var yfir höfuð sundurlaus skœðadrífa og jeg fann með mínum bezta vilja ekki í henni jafnvel snefil af þeirri alvörugefni og hugsunarþræði, sem er samboðin þessu máli.

Jeg efast ekki um, að þm. hafi svo sjálfstæðar skoðanir, að þeir greiði atkvæði um málið eptir sinni eigin sannfæringu, og jeg álít óhæfu að ætla að fara að knjesetja þá, og leiði það alveg hjá mjer.

Niðurstaðan er, að breyt.till. h. þm. Snæfellinga ganga of langt gagnvart hinu almenna ríkisvaldi, en of stutt, já ekkert, já aptur á bak í hinum sjerstaklegu málum Íslands. Jeg vil því berjast af megni gegn þessari voðalegu villu, að vísa til stöðulaganna, og vona að enginn af fulltrúum hinnar íslenzku þjóðar muni samþykkja hana.

Þar sem h. þm. Snæf. (P. Br.) segir, að þjóðin hafi skorað á þingmenn að kappkosta eindrægni í þessu máli, þá er það svar til þess, að það gengur gegnum fundargjörðirnar úr öllum kjördæmum landsins eins og rauður þráð-

ur, að heimta innlenda stjórn og gefa ekki eina hársbreidd eptir af landsrjettindum vorum. Það er samkomulag um þetta og ekkert annað, sem þjóðin heimtar, og jeg vil vona, að h. þingm. Snæf. vilji þátt taka í samkomulagi um þetta atriði.

Indriði Einarsson: Jeg hef ásamt 1 öðrum h. þm. leyft mjer að koma með nokkrar breyt.till. við frumv., en þær ganga allar í sömu áttina, þá, að þingið sje að eins 1 málstofa, og af því leiðir aptur, að stungið er upp á nýju fyrirkomulagi á landsdómnum. Eptir því sem til hagar hjer á landi, er mjög erfitt að semja ákvæði um kosningu til efri deildar. Hjer er eiginlega ekki nema 1 stjett, bændastjettin. Reyndar eru auk þeirra til nokkrir kaupstaðarborgarar og embættismenn, en það er varla hægt að kalla það stjett; þeir eru svo fámennir, og það er því ógjörningur að byggja á stjettaskiptingu, þegar um kosningar til Ed. er að ræða, einkum þar sem stjórnarskrárfrumv. fer fram á, að hinir konungkjörnu þingm. í efri deild falli burt. Enda þótt jeg geri ráð fyrir að þessi breyt.till. mæti engum sjerlegum undirtektum hjer, þá vil jeg samt mæla fram með henni með nokkrum orðum.

Jeg álít, að breyt.till. sje praktisk. Þing vort er svo fámennt, að það er erfiðleikum bundið að skipta því í 2 deildir.

Þegar efri deild er kosin eins og ætlazt er til í frumv. og jafn fámenn, þá er varla við því að búast að jafnan sje hægt að fá þar hæfan forseta. Með þessari skiptingu í 2 deildir skiptast kraptar þingsins; af því leiðir málavafninga og að fleiri menn sitja í nefndum en ella. Það er auðvitað að vissu leyti kostur, að málin verða þvæld lengur í þinginu; en með þessu fyrirkomulagi, sem hjer er farið fram á, mundi ýmislegur vinningur fást. Með því móti mundi mögulegt að afgreiða áríðandi mál skjótar en nú gerist. Það eru t. d. líkindi til að hægt væri að ljúka fjárlögunum af 12.—15. ágúst, í stað þess, að menn verða nú venjulega eins og kunnugt er að brjóta þingsköpin (*Landshöfðingi:* Gera undantekningu frá þeim), til þess að geta lokið þeim. Ef þingið væri allt ein málstofa, væri þægilegra fyrir fulltrúa stjórnarinnar að fylgja með málunum, heldur en nú er, þar sem 2 mál, sem landshöfðinginn eða sami ráðgjafi vildi kannske taka þátt í umræðum um, nú geta verið undir meðferð þingsins á tveimur stöðum í einu.

Menn munu koma með þá mótbáru, að ef einungis sje ein málstofa, þá sje hætt við að málin verði ver úr garði gerð og ver undirbúin. Til þess að slá varnagla við þessu, höfum við tekið það ákvæði upp í breyt.till., að ekkert mál sje samþykkt fyr en eptir 5 umræður.

Af því þetta er nýmæli hjer, skal jeg leyfa mjer að gera lítið eitt frekar grein fyrir því. Jeg álít, að 1. umr. geti endað þegar nefnd er skipuð, 2. og 3. umr. mundi svara til 2. umr. nú, 4. umr. mundi svara til 3., og við 5. umræðu mundi frumv. annaðhvort fellt eða samþykkt, án þess að nokkrar breytingar kæmust að.

Eins og fyrirkomulagið er nú, þá hlýtur það að vera nokkuð undarlegt, að einn þingm. máske sá, sem sízt er til þess bær, getur ráðið úrslitum í Ed. á móts við kannske 2 hina beztu í Nd. eða Nd. alla saman.

Jeg álít að málin verði betur rædd í einni málstofu. Umræðurnar mundu að líkindum verða meiri en nú, þar sem hvort málið á fætur öðru er stundum samþykkt alveg umræðulaust.

Að því er snertir fyrirkomulagið á

landsdómstólnum, þá er hjer farið fram á það nýmæli, að dómendur skuli allir kosnir af alþingi. H. framsögum. (B. Sv.) var því mótfallinn, og áleit það óheppilegt, og það getur verið, að hann hafi rjett að mæla, en jeg legg einmitt áherzluna á, að þeir eru kosnir æfilangt, og jeg hygg, að þessir menn verði eins heppilega valdir til að skipa landsdómstólinn eins og efri deild er nú. Til efri deildar eru menn nú auðvitað kosnir sjer í lagi með tilliti til þeirra pólitisku skoðunar, ekki með tilliti til, hvernig þeir muni fylla sæti sitt í landsdómstólnum. Jeg álit það fremur kost en löst, að til landsdómstóls sjeu kosnir menn utanþings; þeir eru þá ekki eins gripnir af dagdómum um ráðgjafana og þeir sem sitja á þingi. H. framsögum. (B. Sv.) lagði áherzlu á, að dómendurnir yrðu að fylgja með í pólitík, en það er ekki nauðsynlegt, því þegar dæma skal, verður þessi dómstóll, eins og allir, að fara eptir því sem kemur fram í sókn og vörn; hann verður eins og aðrir dómstólar að fylgja reglunni: Quod non est in actis, non est in mundo.

Þó að þessi breyting, sem hjer er farið fram á, kæmist fram, þá hefir stjórnin neitunarvald sitt óskert og getur beitt því til þess að koma í veg fyrir, að þing, sem er að eins ein málstofa, geti fremur en nú haft of flýtis- og fljótræðislega lagasetningu.

Það eru annars í frumv. eins og það liggur fyrir fáeinar greinir, sem jeg á bágt með að skilja að ástæða sje til að hafa þar, t. d. 70. gr., þar sem talað er um sjerrjettindi, bundin við tign eða nafnbót. Jeg veit ekki til að nein þess konar rjettindi eigi sjer stað á Íslandi, en jeg þekki eina skyldu, nafnbótaskattinn. Í 69. gr. stendur að skattgjaldamálum skuli skipa með lögum, en þeim hefir verið skipað með lögum og ákvæði þetta því allsendis óþarft, einkum þar eð það er tekið fram í 32. gr., að engan skatt má á leggja o. s. frv. nema með lögum. Í 68. gr. stendur, að rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum skuli skipa með lögum. Um þetta má segja hið sama; þessu er skipað með lögum. Jeg vil enn fremur minnast á 62. gr. Hún er auðvitað sett af mannúðarástæðum, en jeg er því móttallinn að þess konar standi í stjórnarskrá, því að það gefur kröfunum til sveitarsjóða aukinn krapt, og það finnst mjer ekki heppilegt að stjórnarskráin geri; en það veri fjarri mjer að óska, að fátækralöggjöfin sje afnumin.

Jeg hef svo eiginlega ekki annað að athuga. Jeg er h. framsögumanni (B. Sv.) þakklátur fyrir það, hvað þýðlega hann tók breyt.till. mínum, enda þótt hann væri þeim mótfallinn. Jeg viðurkenni riddaralund hans, að hann vildi ekki neyða mig, sem er einna yngstur þingm., til að eiga orðakast við hann, sem er einn af elztu þingm. Þó held jeg ekki, að þetta sje eingöngu af tilliti til mín, heldur einnig til hans sjálfs, sem innvann sjer hina fyrstu lárviðarkranza fyrir mælsku sína á þingi með einni málstofu. Jón Sigurðsson sagði mjer, að það hefði mestmegnis verið vegna eindreginnar óskar eins einasta þingmanns, sá þingmaður var norðan úr Húnavatnssýslu, að tvær málstofur voru myndaðar hjer, en þessi maður hefði fylgt þessu svo fast fram, af því að honum var kunnugt um fyrirkomulagið á Englandi; hann kunni ensku og hafði lesið um stjórnarháttu Englands, og þeir tóku hann algjörlega fanginn.

Sigurður Stefánsson: Það er einkum ræða h. þm. Snæf. (P. Br.), sem hefir knúið mig til að standa upp, þó jeg helzt hefði óskað, að lengja ekki umræðurnar um þetta mál. Hann ljet á

sjer heyra, að þeir gætu ekki verið á móti breyt.tillögum hans, sem samþykkt hefðu sams konar ákvæði í frumv. Nd. á þinginu 1889, og leyfði hann sjer í sambandi við þetta, að fara út fyrir það svæði, sem almenningur veit um, þar sem hann var að tala um undirbúning málsins undir síðasta þing. En jeg þori að segja, og vitna í því tilliti til samþingismanna minna, að jeg hvað breytingarnar í þessu máli 1889 snerti dansaði nauðugur, þótt jeg dansaði. Það er öllum kunnugt, að forkólfar allra þeirra breytinga, sem þá voru gjörðar á hinum eldri frumv., og alls þessa ruglings, sem komst á þetta mál á þinginu 1889, voru þeir þm. Snæf. og þáverandi þm. S.-Múl. í Ed. (Jón Olafsson). Hann hefir, eins og kunnugt er, rakið allt það, sem gjörðist á undirbúningsfundunum undir málið í blaði einu, auðvitað öðrum til niðrunar, en sjálfum sjer til lofs og dýrðar. Og skal jeg nú fara dálítið út í þetta atriði, úr því h. þm. Snæf. (P. Br.) fór að brydda á því. Þegar í þingbyrjun 1889 fóru þessir canadisku flugeldar að sveima hjer í þingsölunum, þar sem 2 þm., sá sem jeg nefndi áðan, og h. þm. Snæf. (P. Br.), fóru að hverfa frá þeim kröfum, sem þeir næst undanfarin þing höfðu haldið fram. Í stað þess, að halda fast við frumv. alþingis 1885, 1886 og 1887, að því er snertir kröfur vorar í stjórnmálum, vildu þeir lögleiða hjer ýms ákvæði úr canadiskum nýlendulögum. Hve ljúft mjer var að fylgja þessum mönnum, vita h. samþm. mínir, sem þá voru, og jeg veit, að þeir þora að vitna það, að það var einmitt mjer að þakka, að ekki komst meira inn í frumv. af þessu canadiska stjórnarfyrirkomulagi, en raun varð á í frumv. Nd. 1889. Jeg gekk inn á það til samkomulags, að eins af því, **að jeg vildi ekki að þm. S.-Múl. (J. Ó.)** sem nú er hlaupinn af landi brott, og þm. Snæf. (P. Br.), tækist að eyðileggja allt samkomulag í stjórnarskrármálinu og þar með málið sjálft áður en það kæmi inn á þingið. Jeg átti engan þátt í því, að þessar breytingar og þessi ruglingur komst á málið 1889. Það var verk þessara 2 þm. Hvort þessar gjörðir þeirra hafa orðið þjóðinni til blessunar eða óblessunar, skal jeg láta h. þingdm. skera úr sjálfa. Jeg skal ekki fara að ræða um það. En jeg gekk líka inn á þessar breytingar 1889, til þess að reyna að ná samkomulagi, enda við h. Ed., með því að þessir sömu þm. töldu þeim það einkum til gildis, að þær væru líklegar til samkomulags við Ed. Þegar h. þm. Snæf. (P. Br.) og þáverandi þm. S.-Múl. töluðu um þessar breytingar, og um það, til hvers þær væru gjörðar, þá hjelt jeg, að þeir töluðu af einlægni, en ekki eintómum yfirdrepskap; en þegar þeir svo samþykktu allar þær breytingar, sem Ed. gjörði á frumv. og gengu algerlega frá frumv. Nd., þá fór mjer ekki að lítast á blikuna. Þá fyrst sá jeg, að jeg hafði ekki átt við einlæga eður hreinskilna menn, þar sem þessir h. herrar voru. Þegar jeg nú sje, að h. þm. Snæf. (P. Br.) vill færa þetta furmv. aptur í það form, sem það var í 1889, þá sje jeg ekki, og jeg vona, að enginn sjái það, að ástæða hafi verið til þess, að kalla mig og marga aðra þjóðfjendur, þjóðvillumenn og mörgum öðrum slíkum nöfnum, einmitt af því, að við vildum ekki strax 1889 hverfa frá frumv. Nd. og segja já og amen til gjörða Ed. og samþykkja þar hina alræmdu miðlunarstefnu. Jeg sagði það á þinginu 1889, að jeg, fyrir mitt leyti, áliti, að breytingar þær, sem voru á frumv. Nd. frá hinum eldri frumv., væru ekki nauðsynlegar eða til bóta, en jeg gæti þó **gengið inn á þær, og hefi jeg þegar**

tekið fram ástæðuna til þessa. Jeg ætla ekki að fara út í hin særandi orð, sem h. þm. Snæf. (P. Br.) kastaði að mjer og öðrum í ræðu sinni. Jeg vil ekki mæla neinum slíkum orðum til hans aptur í móti, því jeg veit, að hann á svo bágt í þessu máli. Hann getur ekki hversu feginn sem hann vill dulið þá glapstigu fyrir öðrum, sem hann er sjálfur kominn á í stjórnarskrármáli Íslands. En þó jeg greiði nú atkvæði á móti þessum breytingartillögum, sem að vísu eru samkvæmar frv. 1889, þá er alls enginn ósamkvæmni í því, þar sem jeg, eins og jeg hefi tekið fram, gekk inn á frumv. Nd. 1889 nauðugur. Jeg hika því ekki við, að greiða nú atkvæði á móti breytingartillögum h. þm. Snæf. (P. Br.), bæði af eigin sannfæringu og eins vegna þess, sem fram hefir komið af þjóðarinnar hálfu síðan á síðasta þingi. Hvað hefir þjóðin síðan skorað á fulltrúa sína að gjöra í þessu máli? Hún hefir ekki skorað á þá, að slá föstu frumv. Nd. 1889, heldur þvert á móti að slá stryki yfir það, og halda sjer við stjórnaskrárfrumv. alþingis 1885, 1886 og 1887. Jeg vona því, að flestir sjái og skilji með mjer, að það fer í beinan bága við vilja þjóðarinnar, að samþykkja breytingartillögur h. þm. Snæf. (P. Br.), og jeg álít, að það sje hin bezta leið til samkomulags, að menn hverfi nú aptur að frumv. þingsins 1887. Jeg frábið mjer þá ásökun, að jeg hafi kastað eða vilji kasta þrætuepli hjer inn á þing í þessu máli. Jeg held þvert á móti, að ástæða sje til að segja, að h. þm. Snæf. (P. Br.) hafi með þessum breytingartillögum sínum kastað þrætuepli hjer inn í deildina, eða rjettara sagt að hann sjálfur sje lifandi þrætuepli, sem hin háttvirta efri deild kastaði hjer inn í salinn 1889, en jeg verð að vona, að hann hætti nú þessari þrætu og taki nú aptur það tillit til óska og vilja þjóðarinnar, sem hann allt til þingsins 1889 sjálfur mat svo mikils.

Skúli Thoroddsen: Stjórnarskrármálið er þá enn einu sinni komið inn á þingið; sannarlega skyldi enginn furða sig á því, þótt þetta mál verði tekið upp á dagskrá hvers alþingis, uns viðunanleg málalok eru fengin. Og hvers vegna? Af því að mál þetta, öllum málum fremur, stendur í nánu sambandi við framtíð og velferð fósturjarðar vorrar. Vjer hefjum ekki nú, fremur en að undanförnu, umræður um þetta mál oss til gamans, heldur til þess að gjöra enn eina tilraun til að hrinda því í rjett horf, í það horf, er verða megi þjóð vorri til gagns og blessunar. Eins og stjórnarfyrirkomulagið hefir verið í framkvæmdinni síðan stjórnarskráin kom út 5. jan. 1874, höfum vjer rekið oss á eina mótspyrnuna eptir aðra. Þessi mótspyrna hefir fyrst og fremst komið fram frá h. efri deild, sem opt og mörgum sinnum hefir hindrað hin helztu framfaramál vor; deild þessari er svo vísdómslega fyrir komið, að helmingurinn af fulltrúunum er stjórnkjörinn, þ. e. stjórnarinnar trúnaðarmenn, og þegar hin illu forlög hafa hagað því svo, að forsetinn varð úr þjóðkjörna flokknum, hafa þeir notað flokksafl sitt til þess að hindra, að ýms áhugamál þjóðarinnar, sem stjórnin er öndverð, fengi komizt til eyrna hans hátignar konungsins. En það er ekki nóg með það, að framfaramál vor hafi mætt mótspyrnu úr þessari átt. Það hefir verið og er enn í dag annar stærri þröskuldur í vegi; það er stjórnin í Danmörku, sem er hinn stærsti þröskuldur í veginum fyrir framförum og þjóðþrifum vorum, því hún hefir lagasynjunarvöndinn á lopti, til þess að aga og hirta, ef efri deildar herrarnir hafa eigi verið árvakrir á verðinum, ef eitthvað henni

ógeðfelt frumvarp hefir slæðzt út yfir »pollinn«. Jeg segi ekki, að stjórnin standi móti málum vorum af illum tilgangi. En stjórnin lítur nú svo á, að því er virðist, að Ísland sje Dönum af forsjóninni gefið til þess, að það hafi sem mestan hag af því, með því, sjerstaklega gegnum verzlunina, að færa strauma af fjárafla og atvinnuvegum vorum inn í Danmörku. Það er þessi »ökonomiski« þráður, sem þjóð vor er farin að skilja, og sem gjörir það að verkum, að enginn þarf að hugsa til þess, að þagnað verði á sjálfstjórnarmáli Íslands, fyr en vjer fáum svo innlenda stjórn, sem frekast getur samrýmzt sambandi voru við Danmörku. En það er líka annað, sem staðið hefir í vegi fyrir framförum vorum, og það er sundurlyndi sjálfra vor innbyrðis; það er samkomulagið og samheldið, sem oss vantar, og það er samkomulag og samheldi, sem þjóðin heimtar, að þingið sýni. En það er ekki nóg, að koma sjer saman, heldur varðar það mestu, hvað það er, sem menn koma sjer saman um. Menn verða að koma sjer saman um það, sem gott er og gagnlegt fyrir þjóðina í heild sinni; og það sem vjer fulltrúar þjóðarinnar verðum að koma oss saman um í þessu máli, er það, að fá stjórnina inn í landið í Islands sjerstöku málum. Þetta er aðalatriðið, og að þessu á allt vort samkomulag að stefna. En eins og jeg tók fram, hefir það einmitt spillt fyrir oss, að fulltrúar þjóðarinnar hafa ekki getað orðið samtaka í þessu etni. Það er einmitt hjer í þingsalnum, sem þetta ósamkomulag hefir komið upp, en til allrar hamingju virðast aukakosningar þær, sem fram fóru í fyrra, og þingmálafundir þeir, er haldnir hafa verið í vor fyrir þing, benda á, að sundrunga- og nýmælamönnunum hafi lítt tekizt að gróðursetja sína sundrungar-pólitík meðal landsmanna. Það er einmitt h. þm. Snæf. (P. Br.), sem gefið hefir tilefni til ósamkomulagsins í þessu máli, og það er hann, sem með ræðu sinni hefir gefið tilefni til þess, að jeg hefi staðið upp, til að mælu nokkur orð í þessu máli. Hann vill með breyt.till. sinni, meðal annars, koma inn í frumv. tilvitnun til stöðulaganna, og hann tók það fram í ræðu sinni, að allir þingdm. nema jeg, mundu álíta þessa breytingu óskaðlega. Jeg vona þó, að atkvæðagreiðslan muni fá sannfært h. þingm. um það, að honum skjátlast í skoðun þeirri, og að fleiri en jeg muni verða til að taka tillögu hans til bænar, svo sem hún á skilið. Þessi breytingartillaga hans stendur í nánu sambandi við alla hina alkunnu og alræmdu framkomu hans í málinu á þinginu 1889. Hann varð þá til að vekja hina alræmdu sundrung á þinginu, er hann gjörðist talsmaður »miðlunar«-stefnunnar, þessarar pólitisku uppgjafarstefnu, er átti að slá því föstu, að aðalframkvæmdarstjórn Íslands sjerstöku mála ætti að vera í Kaupmannahöfn, og að Íslendingar ættu einnig að sækja úrslit sinna sjerstöku löggjafarmála í hendur ríkisráðs Dana, alveg eins og nóvemberauglýsingin frá 1885 vill vera láta; en til allrar hamingju hefir þjóðin sýnt, að hún var of skynsöm til að láta villa sig. Fleygurinn, sem þm. Snæf. (P. Br.) bjó til, var ekki svo vel lagaður, að hann gæti sundrað þjóðinni, þó hann gæti sundrað þinginu. Nú kemur þm. Snæf. (P. Br.) þess vegna með nýjan fleyg, sem á að vera betur gjörður en hinn fyrri, og það er auðsjeð, að hann er orðinn klókari af reynslunni, því að nú býður hann Íslendingum eigi lengur með berum og beinum orðum að játast undir yfirráð Danastjórnar, heldur hefir hann hugsað sjer, að fara dálítinn krókveg, til að fá sitt fram. Þessi krókvegur

hans kemur ljósast fram í tilvitnun hans til stöðulaganna. Þegar h. þm. Snæf. (P. Br.) var að verja þessa breytingartill. sína, tók jeg fram í hjá honum, og spurði hann, hvers vegna hann og danska stjórnin ljeti sjer svo annt um, að vitnað væri til stöðulaganna í frumv. Hann ljet þessari spurningu minni ósvarað, og jeg þurfti eigi heldur að fá neitt svar, því að jeg veit mikið vel, hvar fiskur liggur undir steini; jeg veit mikið vel, hvers vegna Danastjórn lætur sjer svo annt um, að trana því fram í konunglegri augl. 2. nóvember 1885, að sleppt hafi verið, að taka upp í stjórnarskrárfrumvarpið tilvitnun til stöðulaganna; stjórnin hefir ávallt viljað fá Íslendinga til að kannast við það »formelt«, að stjórn allra Íslands mála eigi og skuli vera í Kaupmannahöfn, háð vilja og ákvæðum ríkisráðsins, og með því að samþykkja þessa breytingartillögu, vill þm. Snæf. (P. Br.) fá oss til að slá þessu föstu; hann vill fá oss til, að lögheimila þann skilning á stjórnarskránni 5. jan. 1874 og á stöðu Íslands í ríkinu, sem Dana stjórn hefir framfylgt. Þetta hlýtur þm. Snæf. (P. Br.) að vita; og vilji þingmaðurinn eigi trúa mínum orðum, þá veit jeg, að hann muni þó ekki vilja vefengja danska lögfræðinginn prófessor Matzen, sjerstaklega þar sem Matzen er fylgifiskur hægrimanna flokksins, og því í andlegum tengslum við þm. Snæf. (P. Br.); en Matzen hefir skýrt lögin svo, að ríkisdagurinn danski, með því að kippa burtu stöðulögunum, gæti svipt oss löggjafarvaldi voru í hinum sjerstöku málefnum vorum. Ef ríkisdagurinn því upp hefur stöðulögin, þá er þar með stjórnarskrá vor einnig fallin burtu og Íslendingar hafa engin viðurkennd sjerstakleg landsrjettindi framar. Þessa stóru þýðingu hefir tilvitnunin til stöðulaganna, að dómi hinnar dönsku stjórnar og að dómi danskra lögfræðinga; og vegna þessa skilnings, — hvort sem hann er í sjálfu sjer frá lagalegu sjónarmiði rjettur eða rangur — lætur stjórnin sjer svo annt um þessa tilvitnun.

H. þm. Snæf. (P. Br.) tók það fram, að það væru tvö atriði í þessu máli. Í fyrsta lagi, hver væri vilji þjóðarinnar, og annað það, hvernig ætti að gjöra frumv. svo úr garði, að það öðlaðist staðfestingu stjórnarinnar. En frá mínu sjónarmiði er aðalatriðið ekki nema eitt í þessu máli, eins og það nú horfir við, meðan stjórnin lætur engri endurskoðun stjórnarskrárinnar vilja sinna, og það er vilji þjóðarinnar. En jeg sje, að h. þm. Snæf. (P. Br.) hefir tekið fullt eins mikið tillit til hins síðara atriðisins.

Af því, sem jeg nú hef tekið fram í sambandi við orð h. framsögumanns, verð jeg að álíta, að nefndin hafi gjört rjett í, að lýsa yfir því, að hún væri á móti breytingartillögu h. þm. Snæf. (P. Br.); því að með henni hefir hann gjört nýja tilraun til að tvístra skoðunum manna, og koma nýju þrætuepli inn á þingið og inn í þjóðina, sem honum ekki tókst að afvegaleiða 1889. En jeg vona og treysti því, að þessi tilraun hans verði þýðingarlaus, og að þingið og þjóðin haldi fast við þá stefnu, að stjórnin í hinum sjerstöku málefnum vorum verði sem mest innanlands, að verða má, en ekki í Kaupmannahöfn í höndum hins danska ríkisráðs, svo sem þm. Snæf. vill vera láta.

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Jeg vil leyfa mjer að tala nokkur orð út af fáeinum atriðum í ræðu h. þm. Vestm. (I. E.). Jeg vildi í fyrstu ræðu minni, þá er jeg minntist í breyt.till. hans, taka það nokkurn veginn skýrt fram, að þó að hafa mætti frá vissu sjónarmiði ýmislegt til meðmælingar þessum breyt.till., þá virtist mjer að þær ástæður væru

eigi nógar til þess, að kollvarpa svona hinni núverandi skipun alþingis, með því að þessi skipun alþingis og þetta fyrirkomulag er komið svo fast inn í meðvitund þjóðarinnar. Jeg verð og að leggja áherzlu á það, að engar raddir hafa heyrzt frá þjóðinni sjálfri, er óska sjerstaklega þessarar breytingar. Jeg minnist þess 1873, að Bergur sál. Thorberg kom fram með breyt.till. í líka átt og þetta, og þá voru það að eins fáar raddir, er studdu hana. Þá voru þær helztu ástæður gegn því fyrirkomulagi teknar fram í umr. Þar á meðal, að meiri trygging væri fyrir því, að málin yrðu betur og frá fleiri hliðum íhuguð og rædd, ef tvær þingdeildir hefðu málin til meðferðar, — sjerstaklega þegar þingmenn væru kvaddir til þingsetu í hvorri þingdeildinni fyrir sig eptir mismunandi reglum. — Menn verða að játa það, að það er talsverður munur að kjósa 12 menn, er í fyllsta skilningi eru þingmenn alls landsins, menn, sem við það hljóta að verða óháðir allri svokallaðri hreppapólitík; hitt er talsvert annað, að jeg kýs til þings mann með sjerstöku tilliti til míns kjördæmis, því að þótt hann sje jafnframt þingmaður alls landsins, verður hann þó æfinlega sjerstaklega þingmaður þess kjördæmis, sem hann er kosinn fyrir.

Það er satt að vísu, að hjer á landi er engin stjettaskipun sem stendur. En vitum vjer það, að svo muni verða um aldur og æfi? Eða, hvernig skyldi geta staðið á því, að vjer aldrei ættum að geta fengið borgarastjett, sem landið má svo sárt sakna? Er það ekki einmitt af því, að verzlunarmannastjett vor er svo eða svo? Þetta getur breytzt og hlýtur að breytast af nauðsyn tímans. Jeg vil eigi þarmeð óska, að hjer á landi komi upp stjettarígur, sterkur stjettarígur. Nei, jeg óska þess þvert á móti, og vona það, að allar stjettir á voru landi muni sjá hag sinn mestan við það, að vinna saman eins og bræður til sameiginlegra hagsmuna fyrir land og þjóð.

Sem sagt, jeg álít ógætilegt að ganga að slíkum breytingum á skipun alþingis.

Jeg get heldur eigi fallizt á þá breytingu, sem hinn sami h. þm. hefir ásamt öðrum h. þm. komið fram með viðvíkjandi skipuninni á landsdóminum. Mjer heyrðist h. þm. Vestm. (I. E.) koma með þá ástæðu fyrir því, að þessir kosnu dómendur sætu í landsdóminum æfilangt, að hið sama ætti sjer stað um aðra dómendur, og ættu þessir dómendur því, eins og þeir, að fara eingöngu eptir því, sem kæmi fram, sókn og vörn í málum þeim, er kæmu fyrir þennan dómstól. — En jeg verð að biðja h. þingm. að gæta þess, að landsdómurinn á eptir frumv. að vera pólitiskur dómstóll, og sem slíkur verður hann í hvert skipti að taka tillit til, hverjar hinar pólitisku kringumstæður og málavextir eru. Jeg skal taka til dæmis, ef höfðað væri þess konar mál gegn ráðgjafa út af meðferð hans á fje landsins. Í þess konar máli yrðu dómararnir að taka til greina þau atvik, sem eru fyrir hendi, og verða því að hafa fylgt með rás hins pólitiska lífs. Fyrir þessu er ekki hin sama trygging eptir breyt.till. og heldur ekki fyrir því, að í landsdóminum þannig skipuðum sitji þeir lögfræðingar, er gefa »garanti« fyrir óvilhöllum dómi á borð við þann dómstól, sem frumv. fer fram á. Fyrir þessu er ekki trygging eptir tillögum uppástungumanna, og er því eigi gjörlegt eptir mínu áliti að samþykkja hana. Það er eigi alveg rjett, sem h. ræðum. (I. Ein.) sagði, að það hefði verið þm. Húnvetninga, Páll Vídalín einn, sem hefði verið valdur að því, að það varð ofan á í till. hins ráðgef-

andi alþingis, að hafa tvær deildir alþingis. Við vorum margir, er töluðum oss saman um það, og var það af þeim ástæðum, að oss þótti eigi nóg, að alþingi fengi löggjafarvald, heldur vildum við tryggja það, að alþingi færi vel með slíkt löggjafarvald.

Jeg vona, að h. uppástungumenn skilji ekki orð mín svo, sem jeg vilji tala biturlega gegn þessum breyt.till. Jeg hef viljað benda á, að breyt.till. eru nokkuð optimistiskar og að það er eiginlega hulið í tímans bók, hvort þær muni geta orðið til hamingju fyrir þetta land, eptir því sem til kann að haga, þegar fram líða stundir.

H. sami þm. (I. E.) tók og fram, að engin ástæða væri til, að halda ýmsum greinum í frumv. Jeg skal benda h. þm. á, að þessar greinar eru óbreyttar teknar upp úr hinni núgildandi stjórnarskrá, og það var ekki stefna nefndarinnar, að gjöra neinar ónauðsynlegar breytingar á henni; h. þm. (I. E.) verður að viðurkenna, að þótt honum virðist þessar greinar vera óþarfar, þá eru þær allsendis meinlausar. Nefndin vildi eigi innleiða þá stefnu í frumv. sitt, að gjöra þær breytingar á stjórnarskránni, sem aldrei hafa valdið neinum ágreiningi, enda er þessi tími óhentugur til að stinga upp á þess háttar óþörfum breytingum; kosningar fara í hönd, og sýnist nýjum fulltrúum þjóðarinnar, að taka sjer þess háttar fyrir hendur, verður það þeirra sök.

Jeg skal enda á því, að svara nokkrum orðum h. þm. Snæf. (P. Br.). Það er eigi jeg, sem hef kastað þrætuepli hjer inn á þing með því að koma fram með nýmæli. Njáll sagði: »Nýmæli veldur tvímæli«. Það er eigi jeg sem komið hef fram með þess konar nýmæli, heldur einmiit h. þm. Snæf. (P. Br.). Jeg frábið mjer það, að jeg hafi á þingi 1889 samþykkt þær breytingar í þessu máli, er mestum tvímælum hafa valdið og mest þrætuepli hafa verið. En hitt ljet jeg í ljósi, að jeg áliti eigi gjörlegt af mjer þá, eptir stöðu minni, að streyta ast við að hamla breytingamönnum frá öðrum breytingum en þeim, sem bersýnilegt væri að eigi mættu komast að, svo sem apturköllunarrjetturinn. Jeg vil biðja h. þm. Snæf. (P. Br.) að vekja ekki þann draug upp nú.

Hitt vita allir, sem fylgt hafa þessu máli, hverju megin h. þm. Snæf. (P. Br.) stóð í þessu máli 1887; ef jeg hefði hjá mjer alþingistíðindin 1887, skyldi jeg sýna honum nafnið sitt undir þeim breyt.till. sem eru alveg orði fyrir orð samhljóða þessu frumv. nú. — Á frumv. frá 1889 og öllu atferli á því þingi ber jeg alls enga ábyrgð, heldur h. þm. Snæf. (P. Br.), og mega allir dæma um það, hvílíkt þrætuepli það hefir verið og hvað út af því hefir risið.

Indriði Einarsson: Jeg þyrfti að taka fram nokkur fá atriði viðvíkjandi breytingartillögum mínum. H. framsögum. (B. Sv.) gat þess áðan, að jeg hefði komið með það af opportunistiskum ástæðum, að alþingi ætti að vera ein málsstofa. Þetta get jeg ekki alveg borið af mjer, en aðalástæðan er reynslan í Danmörku, sem er svo sorgleg, að flestir þar mundu kjósa eina málstofu fyrir hvern mun. Enginn Íslendingur getur óskað, að okkar pólitisku málefni komist í önnur eins vandræði og í Danmörku; þá mætti neita að öll löggjöf væri lögð fyrir óðal; en það er mjög hætt við, að slíkt geti orðið, ef í efri deild er kosið eptir allt öðrum reglum en í neðri deild. Það er auðvitað, að þegar landið kýs í heild sinni, þá falla kosningar öðru vísi en þegar einstök kjördæmi kjósa. Kjördæmin kjósa þá menn, sem þeim líst bezt á í þann eða þann svipinn, af þeim sem völ er á, en landið kýs þá, sem kunnir eru

um allt landið. Jeg held að ekkert geti verið því til fyrirstöðu, að samþykkja breytingartill. þá, sem við höfum komið fram með. Það eru öll líkindi til, að ef alþingi í heild sinni ætti að kjósa menn í landsdóminn, þá mundi það æfinlega vanda val sitt, og kjósa helzt utanþingsmenn, framúrskarandi lögfræðinga, eða þá, sem áður hafa verið þingmenn eða ráðgjafar. Jeg held að þetta yrði eigi verra en ef landið í heild sinni kysi til efri deildar; þá mundi áherzla verða lögð á, hverja skoðun þeir hefðu í löggjafarmálum, en ekkert tillit tekið til þess, hvernig dómarar þeir mundu verða.

Jeg hef í huga tvær mikilsverðar kosningar í heimi. Hin fyrri er sú, þegar kosinn er forseti í Bandaríkjunum, þá fara kosningar fram með tvöföldum kosningum, en allir sem kosningarrjett hafa velja kjörmennina; hin síðari er kosningin á 1. ráðgjafa Englendinga; hann er kosinn af sínum flokksmönnum á þingi. Engum blandast hugur um, að það eru 10 sinnum meiri líkur til að síðari kosningin takist vel. Enda er kunnugt, að forsetar Bandaríkja eru sjaldan eins framúrskarandi og ráðaneytis-forsetar Englands. Ef kosið væri í landsdóminn eins og Englendingar kjósa ráðaneytis-forseta sinn, þá held jeg því væri vel fyrirkomið. H. framsögum. (B. Sv.) ljet í ljósi, að 2 málstofur á alþingi væru ekki komnar fyrir tilstilli eins einasta þingmanns; reyndar voru fleiri með því, og skal jeg eigi rengja það, að hann hafi fengið um síðir meiri hlutann á sitt mál. Jeg er tús á að ganga inn á, að sett verði ákvæði, sem koma í veg fyrir flaustrslega lagasmíð, ef ein málstofa yrði höfð. Jeg skal lýsa yfir því, að ef h. þingd.menn vilja taka saman höndum til að gjöra breytingu í þá átt, að meiri »garanti« fengist fyrir því, að þingið eigi flaustri af málum þeim, sem það hefði til meðferðar, þá geng jeg inn á það. Það gæti verið, að nokkrir þingmenn yrðu konungkjörnir eins og áður; jeg get gengið inn á það. Enn fremur gæti jeg ímyndað mjer, að þær breytingartillögur yrðu þannig, að fleiri þingmenn yrðu kosnir með tvöföldum kosningum; jeg skal ganga inn á það. Enn er eitt, sem jeg vil minnast á, sem sje, að öll mikilsvarðandi mál, þó ekki skattamál og þess konar máletni, væru borin undir kjósendur hjer á landi, og að þau yrðu því að eins lög, að meiri hluti þeirra samþykktu þau. Með þessari »garanti« skil jeg eigi annað, en að ein málstofa gæti verið eins góð og tvær að öðrum kosti.

Hjer hefur í dag verið talað orð, og jeg held, að sá, sem það sagði, sje eigi hræddari við það en jeg; það er orðið »skrílstjórn«. Jeg skyldi verða fyrstur manna til að ganga inn á ákvæði og takmarkanir, sem fyrirbyggðu slíkt.

Lárus Halldórsson: Það eru þegar orðnar all-langar umræður í þessu máli, svo að eigi er vert að lengja þær mjög, en af því að jeg hef ásamt öðrum h. þingmönnum komið fram með breyt.till., þarf jeg að taka til máls, og úr því jeg tek til máls, skal jeg fyrst leyfa mjer að fara nokkrum orðum um mál þetta almennt; aðrir h. þm. hafa gjört það í dag og virðist mjer því að jeg hafi einnig rjett til þess.

Jeg hygg að jeg geti hagað svo orðum mínum, að jeg þurfi eigi að viðhafa beiskyrði nje hnífilyrði, eins og jeg hef heyrt menn sendast á í þessu máli; mjer svíður sárt að hafa þurft að heyra fulltrúa þjóðarinnar sendast á slíkum orðum, þar sem þó h. framsögum. (B. Sv.) fór í upphafi ræðu sinnar í morgun svo fögrum orðum og lagði svo sjerstaklega áherzlu á einingu í þessu máli — ekki dauða, sannfæringarlausa ein-

ing, heldur skynjandi eining. Jeg er sannfærður um það, að full eining ríkir í máli þessu í aðalefni þess, eigi að eins meðal fulltrúa þjóðarinnar, heldur og meðal hinna konungkjörnu þingmanna. En þessi eining hefur þó eigi getað komið í veg fyrir það, að fram hefur komið talsverður meiningamunur að því er form þessa máls snertir og ýms atriði og ákvæði þess, og þessi meiningamunur hefur verið orsök til meiri eða minni óvildar og stóryrða manna í milli, svo að það liggur við að þau ósköp, sem hafa dunið yfir í ræðum og ritum síðan 1889, hafi gengið fram af öllum skikkanlegum mönnum.

Jeg skoða þetta mál frá hinu sama sjónarmiði sem jeg lýsti yfir á þingi 1887; jeg álít sem sje, að um fram allt sje að gjöra, að máli þessu sje haldið fram með stillingu og að sjerstaklega sje óheppilegt að þetta mál sje tekið fyrir í frumv. formi á hverju þingi, þannig að það geti bakað þjóðinni þann kostnað, sem aukaþing eptir aukaþing hefur í för með sjer.

Jeg vil minna h. framsögum. (B. Sv.) á árið 1887, hver það var þá — jeg veit að hann mun reka minni til þess — sem sagði, þegar meiri hluti h. þm. í Nd. vildu koma sjer saman um, í hverju formi mál þetta skyldi taka fyrir, og jafnvel höfðu látið í ljósi skriflega, að þeir óskuðu eigi eptir frumv.-formi, — hver það var þá, sem sagði: »Frv. skal inn, hvað sem hver segir«.

Þessu mun og hafa verið líkt varið í byrjun þessa þings; þá var eigi hugsað neitt um, að hafa samkomulag við aðra þingmenn; en þetta er ekki vegurinn til einingar. Einingar-vegurinn er, ef meiningamunur er mikill, að koma sjer saman við samþingismenn sína um fastan grundvöll, áður en málið er sett inn á þing.

Jeg var svo heppinn eða óheppinn 1887, að lenda í stjórnarskrárnefndinni. En það er enginn leyndardómur, að 11 þingm. í Nd. — og það margir hinna fremstu þingmanna þar þá — vildu eigi að málið væri tekið þá til meðferðar á þinginu í frumv.-formi; en við þessa menn var eigi leitað neins samkomulags, og þegar jeg á undirbúningsfundi undir nefndarkosningu í málinu hreyfði því, að það væri ekki heppilegt að hrinda svona frá sjer góðum liðsmönnum, þá hafði það eigi annan árangur en að framsögumaður mun hafa stappað niður fótunum og slegið með hnefanum í borðið. Svo var frv. drifið fram.

Jeg skal þá snúa mjer að máli þessu eins og það liggur nú fyrir. Áður en jeg minnist á breyt.till. þær, sem mitt nafn stendur á, skal jeg minnast á breyt.till. á þingskj. 198. Það hefur verið tekið fram, að þessi breyt.till. fari í hina sömu átt sem frv. það er neðri deild alþingis greiddi nær því í einu hljóði atkvæði með 1889. Mjer getur því eigi betur virzt, en að þeir menn, sem þá greiddu atkvæði með því frv. — jeg var þá svo heppinn að sitja ekki á þingi —, sjeu nú í vanda staddir andspænis þessum breyt.till. Það var fyrst á þingi 1889, að fram kom í þessari stjórnarskrárbaráttu, að alþingi vildi setja inn þá reglu, að konungur tæki sjer ráðgjafa fyrir Ísland, er sæti við hlið hans í Kaupmannahöfn, og jeg hygg að það þurfi meira til að gjöra grein fyrir því, hvernig það atvikaðist, að þessi ákvæði um ráðgjafa í Khöfn og apturköllunarrjett á íslenzkum lögum komust inn í hina endurskoðu stjórnarskrá, heldur en að tala um kanadiska flugelda, eins og h. 1. þm. Isf. (S. St.) gjörði; jeg hygg að þetta eigi sjer dýpri rætur. Það hefur optar en einu sinni áður meðal þingmanna innbyrðis komið fram spurning um, hvernig hugsanlegt væri að konungur gæti framkvæmt

þær stjórnarathafnir, sem stjórnarskráin áskilur honum, án þess að hafa ráðgjafa sjer við hlið til þess að skrifa undir með honum. Jeg fyrir mitt leyti vildi gjarnan sleppa við alla ráðgjafa út í Danmörku; en jeg vil leyfa mjer að spyrja háttv. framsögumann, hvernig á að að fara, þegar konungur vill sjálfur staðfesta lög frá alþingi, eins og frumv. heimilar honum? Eiga þá ráðgjafarnir í hvert skipti að sigla með lög alþingis? Eða þá er konungur skipar landsstjóra, eða vill víkja honum frá, hver á þá að skrifa undir þær athafnir með konungi? Jeg finn ekki svarið í nefndarálitinu. *(Ben. Sv.:* Þingmaðurinn hefur ekki lesið nefndarálitið). Jeg bar þessar spurningar upp fyrir manni, er h. framsögumaður ef til vill þekkir að ferðaðist um austurland í fyrra vetur að prjedika pólitík, og hann svaraði, að ráðaneytisforseti konungs yrði að skrifa undir með honum, og jeg vil gjarnan fá að heyra, hver meining h. framsögumanns er, og hvort þessi maður hefur talað frá hans brjósti. Jeg skal að öðru leyti halda mjer sem mest utan við öll stórpólitisk spursmál; en jeg hygg að öllum sje frjálst að spyrja í einfeldni; framsögumaður er jafnan reiðubúinn að gefa svarið: þið skiljið þetta ekki!

Jeg sný mjer svo að breytingartill. þeim, sem nafn mitt stendur á. Jeg tek fyrst þingskjal 199, sem fer fram á að alþingi sje að eins ein málstofa. Það hefur frá upphafi vakað fyrir mjer, að það væri í raun og veru kátlegt, næstum hlægilegt, að svo fámennt þing, sem vort, skuli sitja í tveimur málstofum, og að það sje hálfgert apaspil eptir útlendum fjölmennum þingum. H. framsögum. (Ben. Sv.) á þakkir skilið fyrir það, að hann tók vægilega á þessari breyt.till. og gaf okkur að vissu leyti rjett í þessu fyrirkomulagi. Jafnvel þótt hann áliti, að eptir því sem nú hagaði til hjer á landi væri ástæða til tvískiptingar þingsins, hugði hann þó, að þeir tímar kynnu að koma, að ein málstofa yrði æskileg og ryddi sjer til rúms. H. framsögum. komst út í það í hugleiðingum sínum í dag, að nauðsynlegt væri að sporna við skrílstjórn. Jeg veit eigi hvort þessar breyt.-till. hafa gefið honum tilefni til að viðhafa þessi orð. En jeg vil mótmæla því, að til sje nokkur skríll hjer á landi, allra sízt meðal þeirra manna, er kosningarrjett hafa til alþingis, — og einkum vil jeg mótmæla því, að viðhafa það orð um þá menn, sem þjóðin velur fyrir fulltrúa sína, eða að ein málstofa á þingi mundi greiða götu fyrir skrílstjórn.

Jeg skal leyfa mjer að benda háttv. framsögum. (Ben. Sv.) á, að hann hefir víst misskilið eða tekið rangt eptir breyt.till. okkar víðvíkjandi landsdómnum. Eins og kunnugt er fer frv. þetta fram á, að landsdómur sje skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands, og öllum þingmönnum efri deildar; við þetta förum við fram á, að gjöra þá breytingu, að í staðinn fyrir alla þingmenn efri deildar komi: 12 menn, er alþingi kýs til þess æfilangt; við stingum ekki upp á, að gjöra neina breytingu á því, að dómendur hins æðsta innlenda dómstóls hafi sæti í landsdómnum. Eptir þessu hefir háttv. framsögum. ekki tekið, þar sem hann var að tala um, að engin trygging væri fyrir því, að í landsdómnum, eins og við hugsuðum okkur hann, sætu löglærðir menn. Jeg hygg nú að h. framsögum. sjái, að munurinn er ekki svo mikill á því sem frumv. fer fram á, og á því sem við stingum upp á. Jeg skal því næst snúa mjer að breyt.till. þeim, er nafn mitt stendur á, ásamt tveim öðrum háttv. þingm., á þingskjali 200;

breytingarnar eru einkum fólgnar í því, að nema burtu 54. gr. stjórnarskrárinnar, um samband ríkis og kirkju. H. framsögum. (B. Sv.) vildi í ræðu sinni fullvissa oss um, að frumv. færi svo langt í þessu efni, sem frekast væri unnt, og hann vildi skýra þessi orð frv. »sambandinu milli þjóðkirkju og landsstjórnar skal skipað með lögum« svo, að þau væru svo víðtæk, að það mætti t. d. aðskilja ríki og kirkju án þess það kæmi neitt í bága við þessa gr. En þó jeg hafi mikla trú á lögfræði og lögskýringum h. framsögum. (B. Sv.), þá trúi jeg því eigi, að hann þýði þar sín eigin orð rjett. Jeg hygg, að eigi sje hægt að þýða þessi orð svo. Ef háttv. framsögum. er á móti því í sjálfu sjer, að aðskilja ríki og kirkju — það var eigi gott að skilja á ræðu hans, hvort hann áliti slíkt æskilegt — skil jeg vel að hann hefir viljað láta ákvæðin um þjóðkirkjuna halda sjer; en flestir af meðnefndarmönnum hans og margir h. þingm. hafa lýst yfir þeirri skoðun sinni, sumpart hjer í þingsalnum, sumpart utanþings, að það, að aðskilja ríki og kirkju væri hið vissasta meðal til að ráða bót á þeim göllum, sem nú eru á hinni ísl. kirkju, og það vekur þá meiningu hjá manni, að þingm. sjeu að miklu leyti sammála um það, að innleiða beri fullt trúarbragðafrelsi og að stjórn þjóðfjelagsins eigi ekki að vernda eða styðja sjerstaklega nein trúarbrögð, heldur gjöra þeim öllum jafnt undir höfði, þó þannig, að eigi megi að sjálfsögðu kenna neitt gagnstætt góðu siðferði. Þessu líkar skoðanir hafa flestir h. þm. látið í ljósi, og treysti jeg svo samkvæmni þeirra, að þeir vilji láta setja inn í frumv. þetta ákvæði í þessa átt. H. framsögum. (B. Sv.) varð heitur þegar hann fór að tala um þessar breytingartill. og sagði að það væri árás á trú og kristindóm, og kvaðst vona að allir hjer í þingdeildinni tryðu á guð; þetta vona jeg líka, en slíkt kemur ekkert þessu máli við; jeg hygg að einmitt allir þeir, sem alvarlegast hugsa um trú og kristindóm, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að trúin og kristindómurinn hefir haft ógagn eitt af sameiningu ríkis og kirkju. Kirkjan hefir aldrei verið með meira og betra lífi en þá, er hún þurfti að berjast fyrir tilveru sinni; þá komu fram hinir huldu kraptar hennar. Áður en Constantínus keisari gjörði kristindóminn að ríkiskirkju, þurftu hinir kristnu menn að feta í fótspor frelsarans einnig í því, að þola ofsóknir vega trúar sinnar og sýna með breytni sinni, hver þeirra trú og hver þeirra kenning var; en eptir það að kirkjan sameinaðist ríkinu, komust á fót feit kirkjuleg embætti og alls konar spilling ruddi sjer til rúms í siðum kirkjunnar, lærdómum og stjórn. Jeg hygg, að ef hin ísl. kirkja stendur einungis af þeim stuðningi, sem hún hefir af hinu opinbera, standi hún á veikum fótum; jeg treysti því að hún standi á fastari fótum, að trú kristindómsins þrátt fyrir allt og allt eigi sjer öruggan bústað í meðvitund þjóðarinnar, og að það muni koma í ljós, ef hið opinbera vill lofa kirkjunni að eiga sig sjálfa.

Við höfum ennfremur stungið upp á því, að 70. gr. frumv. orðist þannig: »Sjerrjettindi, er bundin sjeu við nafnbætur eða tign, má aldrei lögleiða«. Í frumv. er þessi gr. orðuð þannig: að öll slík sjerrjettindi skuli vera aftekin, en það er ekki hugsunarrjett, að segja, að það skuli vera aftekið, sem ekki er til.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Það er að eins fátt, sem jeg þarf að svara h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.), því það er skýrt tekið fram í nefndarálitinu, að hin innlenda stjórn ber málin fram fyr-

ir konung, og ber ein ábyrgð á því; hann var samdóma nefndinni í því, að konungur ætti ekki að hafa ráðgjafa sjer við hönd í Danmörku, í íslenzkum málum, og er það rjett, þar sem það er samkvæmt grundvallarhugsuninni í stjórnarfyrirkomulaginu eptir þessu frumvarpi, því þungamiðja stjórnarvaldsins hlyti eptir meginreglum þingræðisstjórnar að liggja í samvinnu ráðgjafastjórnarinnar við alþingi. Fjarlægðin frá Danmörku er ekki oss að kenna, og því fæ jeg ekki sjeð, að þessu fyrirkomulagi verði skipað á eðlilegri og rjettlátari hátt, en hjer er gjört með grundvallarákvæðum frv. Landstjórinn er konungsins »alter ego», fyrir því, að það er ómögulegt fyrir hans háting konunginn að vera á tveim stöðum í senn, Danmörku og Íslandi, og hefir landsstjórinn því konungsins fullkomna persónulega tignarumboð. Þar sem hinn sami háttv. þingm. var að spyrja um, hver ætti að skrifa undir með konungi þegar hann kysi sjer landsstjóra, þá get jeg svarað honum því, að hjer er ekki um undirskript að ræða, sem hefir í för með sjer ábyrgð gagnvart þingi og þjóð, heldur snertir kosning landstjóra að eins tignarrjettindi konungsins sjálfs, enda mega menn og treysta því, að konungurinn að eins velji þann mann í þessa stöðu, sem er hæfur til að gæta hennar. Jeg skal að síðustu geta þess, að viðvíkjandi skipun landsdómsins, eptir uppástungu h. þm. Snæf. (P. Br.), þá sást mjer yfir það, að hún fer ekki fram á að útiloka dómendur hins æðsta dómstóls úr landsdómnum, svo honum yrði hætta búin af því, að í honum skorti lagamenn, heldur þingmenn efri deildar; en þá verð jeg að leggja engu minni áherzlu á það, að það eru einmitt þeir menn, sem eiga að mynda hinn pólitiska hluta dómsins, en ekki menn fyrir utan þingið.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing): Jeg skal játa, að það er með hálfum huga, sem jeg bið um orðið í þetta sinn. Og finn það glöggt, hve mikið mig vantar til að geta gengið inn í og gjört mjer ljósar hinar löngu og flóknu ræður, er haldnar hafa verið hjer í deildinni í dag um þetta mál, af allmörgum hinna háttv. þingdm. En það er ein breyt.till., sem jeg ætla að leyfa mjer að minnast á, af því að mjer hefir fundizt, að ekki hafi verið lögð nein áherzla á hana í umræðunum enn sem komið er, og þessi breyt.till. er þó hin eina, sem komið hefir frá nefndinni, og sem hún hefir óskað að samþykkt yrði. Aðalmergurinn í þessari breyt.till. er sá, að aldrei megi gefa út bráðbirgðarfjárlög; en fari svo, að alþingi samþykki ekki fjárlög eða þau nái ekki staðfestingu, þá leggur nefndin til að gilda skuli næstu fjárlög á undan, eða þau fjárlög, er þingið hefir síðast samþykkt. Mjer finnst nú satt að segja, að þessi ákvæði sjeu engan veginn tryggileg, og að þau geti leitt af sjer mikil vandkvæði. Hugsum oss eitt dæmi, að á einu þingi sjeu samþykkt fjárlög, er stjórninni sjeu að einhverju leyti einkar-geðfelld og hagfelld, sem heimili henni t. d. fjárráð, er hún hefir óskað mikillega eptir og á þann hátt sem hún væri mjög ánægð með. Hvað getur hún þá gjört? Hún getur hreint og beint synjað fjárlögunum staðfestingar framvegis um 100 ár, eða svo lengi, sem henni þóknast, og látið þannig þessi einu, henni geðfeldu fjárlög vera ávallt í gildi. Þetta finnst mjer nokkuð athugavert atriði við breyt.till. nefndarinnar, og jeg verð að segja, að þetta ákvæði er alveg ófullnægjandi til að tryggja rjett þings og þjóðar og varna því að beitt sje gjörræði við oss af hálfu stjórnarinnar. Á hinn bóginn

skal jeg játa, að jeg kann miklu betur við breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.), sem auðsjáanlega á að miða til hins sama, sem nefndin hefir ætlað, því að fari svo, að bráðabirgðarfjárlög verði gefin út, er það einungis hirðuleysi eða sundrung þingsins að kenna og þess vegna sjálfskaparvíti, er auðvelt ætti að vera að forðast. Um breyt.till. minar þarf jeg ekkert að tala, því að h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) hefir gjört það svo rækilega, að jeg hef engu þar við að bæta. Eitt af stóratriðum þeim, er komið hafa fram í umræðunum í dag, er sú breyt.-till. frá h. þm. Snæf. (P. Br.), að stöðulaganna sje getið í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Jeg skal játa, að jeg hef enn ekki getað glöggvað mig á, hver afleiðing yrði í raun og veru af þessari viðbót, þrátt fyrir allt, sem búið er að ræða og rita um það, og er það þó töluvert. Jeg heyrði ekki betur, en að h. framsögumaður (B. Sv.) tæki það fram, að það væri »factum«, að oss væri nú stjórnað eptir því stjórnarfyrirkomulagi, sem einnig mundi verða, ef þetta ákvæði væri sett inn í frv. En mjer er þetta ekki nóg. Þegar nú stjórnarskrárfrv. það, er hjer liggur fyrir, yrði staðfest, hver yrði þá afleiðingin í raun og veru, í framkvæmdinni, ef þessu yrði bætt inn í: tilvitnuninni til stöðulaganna? Hver yrði munurinn? Meðan jeg ekki fæ skýrari upplýsingar um, í hverju þessi munur er fólginn, sje jeg mjer varla fært að greiða atkvæði um þetta deiluatriði.

Á dögunum, þegar h. flutningsm. komu með þetta frumv. inn á þingið, datt mjer fyrst í hug: eru h. þm. að gera þetta að gamni sínu? Það hefir verið tekið fram, að á þinginu 1889 voru flestir þm. sammála um það frumv., er þá var samþykkt hjer í deildinn. Þeir voru sammála um það, af því að þeir þóttust hafa breytt til hins betra; þeir álitu það frumv. betra en hin fyrri. Þess vegna virtist það líklegt, að þessir velunnarar og forvígismenn stjórnarskrármálsins mundu einmitt koma fram með það frumv., en ekki annað eldra og lakara. En ekki kom mjer reyndar á óvart, þótt svo yrði ekki. Af þingmálafundum í flestum kjördæmum landsins sjest, að það er ekki stjórnarskrárfrumv. Nd. frá 1889, heldur hin endurskoðaða stjórnarskrá frá 1885 og 1886, sem menn vilja aðhyllast. Jeg bjóst því við, að það frumv. og ekkert annað yrði nú tekið upp. Jeg bjóst við, að h. þm. Eyf. (B. Sv.) mundi ekki bjóða oss annað. Hann hefir sýnt bæði með fundaræðum, er jeg hefi opt átt kost á að heyra, og með ritgerðum, jafnvel heilum bókum, er allir lesa, að hann telur hina endurskoðuðu stjórnarskrá frá 1885 og 1886 sem hinn eina rjetta grundvöll fyrir sjálfstjórnarkröfum vorum; og hann hefir haft rjett að mæla, hann hefir sannað það, svo ekki er hægt að mæla móti, að sundrungin og samkomuleysið í þinginu byrjaði 1887, þegar farið var að breyta, þegar farið var að hagga þessum grundvelli. Hvernig stendur þá á því, að hann kemur nú einmitt með það frumv. sem varð til þess að vekja sundrungu á þingi 1887, það frv., sem enginn þingmálafundur minntist á, það frv. sem mætt hefir langmestri mótspyrnu? Honum er þó víst kunnugt, að 8 þingmenn greiddu atkvæði gegn því hjer í deildinni 1887 og að það komst þá ekki gegnum efri deild, og voru þó þjóðkjörnir þm. í meiri hluta. Jeg skil ekki alla þessa aðferð h. varaforseta (B. Sv.). Þetta hef jeg ekki getað skilið. Eitt meðal annars, sem formælendur frv. hafa lagt einkum áherzlu á, er samkomulag. Fyrst kom þetta fram hjá h. framsögum. (B. Sv.). Hann var að tala um, hversu eindrægni, skynjandi, hugsandi eindrægni væri nauð-

synleg í þessu máli, og því neitar víst enginn. En hvað hafa svo h. flutningsm. gert til að koma þessari eining og samkomulagi á? Þess ber að gæta, að það þarf meira en orðin tóm, til þess að þetta geti orðið, eptir öll þau ósköp, er yfir hafa dunið, eptir öll þau móðgunar- og hrakyrði, er farið hafa á milli hinna tveggja andvígu flokka nú í samfleytt 2 ár, bæði í blöðunum og á mannfundum, bæði ljóst og leynt. Ástandið hefir verið dálítið líkt því sem stundum er í miklum harðindum í Norðurlandi. Þá er stundum marga daga samfleytt veðri svo háttað, að það er kólguveður, hvasst og kalt með dimmviðris-jeljum aðra stundina, en þó ekki sjerlega mikil fannkoma. Þá segja veðurspakir menn og reyndir: »Hann hlýnar ekki fyr, en hann setur úr sjer mikinn snjó«. En svo er það einn morguninn, þegar fólkið kemur á fætur, að komið er logn, en loptið er þykkt og drungalegt og sjer eigi til fjalla; en veðurdunur heyrast umhverfis. Þá segja þeir hinir sömu: »Hann gerir sjálfsagt grenjandi byl í dag«. Það verður líka orð og að sönnu. Um miðjan dag er hann skollinn á. Þá segja þeir: »Það var við að búast. Bara hann setji nú úr sjer snjóinn, svo hann geti birt og hlýnað«. Og þetta verður opt svo. Nokkuð svipað þessu virðist mjer ástandið frá 1889 hafa verið; það var fyrst lengi kalsaveður með jeljadrögum; en svo hefir nú um stund, einkum síðan þing var sett, verið molluveður og þykkt loptið og þrungið, og miklar veðurdunur, og nú í dag finnst mjer hafa verið byljur með allmiklum vindi og segi því eins og gömlu, ráðsettu mennirnir: »betur að svo mikill snjór fjelli, að birt gæti upp innan skamms, helzt strax á morgun».

Það getur verið, að mjer hafi ekki tekizt heppilega með þessa samlíkingu, en samt finnst mjer, að hún geti átt allvel við.

Það vantar mikið á, að menn hafi verið sáttir og sammála, síðan þessu máli var hreift hjer fyrst á þingi 1885. Um það get jeg sjálfur nokkuð dæmt af eigin reynslu og þekkingu; jeg hef átt kost á að sjá atburðina síðan. — Það mega allir muna, að árið 1884 tók með meira móti að bera á pólitiskum hreyfingum viðsvegar hjer á landi. Menn heimtuðu almennt, að stjórnarskráin væri endurskoðuð, og stofnuðu fjelög í því skyni, svo sem »Þjóðfrelsisfjelag«, »Þjóðlið« etc. Slíkt hefir að vísu opt verið kallað »humbug« og enn verri og óvirðulegri nöfnum, og haft að háði; en þetta sýnir þó, að menn voru farnir að vakna og hugsa um, að nú væri tími kominn til að hafast eitthvað að. Svo var haldinn Þingvallafundur 1885, og þar mættu kosnir fulltrúar úr nálega öllum kjördæmum landsins. »Program« þessa fundar var þá, að skora á alþingi, að taka stjórnarskrána frá 1874 til endurskoðunar þá þegar. Skoðanir manna voru þá nokkuð misjafnar um það, á hvern hátt þessi endurskoðun ætti fram að fara eða á hverjum grundvelli ætti að byggja. Því var þá meðal annars hreift, að bezta ráðið til að tryggja löggjafarvald alþingis væri, að konungur hefði frestandi neitunarvald (suspensivt veto). Almenningur sá þá ekki annað vænna, til að tryggja löggjafarvald alþingis, og einmitt hinar mörgu lagasynjanir höfðu einkum knúið þessa hreyfing af stað. — Á Þingvallafundinum voru menn ekki á eitt mál sáttir með þetta; en þó varð niðurstaðan sú, að fundurinn samþykkti með meiri hluta atkvæða að skora á alþingi, að setja í hina endurskoðuðu stjórnarskrá ákvæði um frestandi synjunarvald konungs. En hvað varð svo, þegar á þing var komið? Þá komu þrír mjög mikils-

virtir þingmenn með stjórnarskrárfrv. inn á þingið 1885, sem eptir mikið þjark var loksins samþykkt af báðum deildum. Jeg hefi fyrir satt, að h. varaforseti, núverandi 2. þm. Eyf. (B. Sv.) hafi ráðið því, að ákvæðinu um frestandi synjunarvald var sleppt. Þetta er hin fyrsta og stærsta miðlun, sem gerð hefir verið; hin mesta uppgjöf, sem enn hefir verið komið upp með á þeim rjettindum, er þjóðin telur að sjer beri að hafa, og með þeirri uppgjöf var lögð undirstaðan til þess ágreinings, tviveðrungs og hálfvelgju, er síðan hefur jafnan farið vaxandi. Hefði þetta eina ákvæði, þessi eina setning um frestandi synjunarvald komizt inn í stjórnarskrárfrv. 1885, þá hefði aldrei komið til þess, að eitt einasta kjördæmi landsins hefði haft á móti frumv. Allir, jafnvel þeir mörgu, er ekki eru færir um að gera sjer ljósa grein fyrir málinu með yfirvegun, þeir hefðu þó skilið þetta um frestandi synjunarvald og fylgt málinu því öruggar, af sönnum tilfinningum hjarta síns. Svo var þingið rofið og efnt til nýrra kosninga, eins og kunnugt er, og þarf jeg ekki að fara mörgum orðum um gang málsins á aukaþinginu 1886, því að frumv. frá 1885 var þá á lögformlegan hátt samþykkt alveg óbreytt, til þess að stjórnin annaðhvort samþykkti það eða synjaði því staðfestingar; það var varla hægt að gera annað í það sinni. Jeg veit ekki betur, en að bæði margir þm. og fjöldi annara manna hafi þá þegar fundið, að ýmsir annmarkar væru á frv.; en eins og þá stóð á, var ekki auðið við því að gjöra, því að frumv. varð að samþykkja óbreytt, til þess að það að löglegum vegi gæti komizt til stjórnarinnar, og undirtektir hennar orðið kunnar á þann hátt. Á þinginu 1887 voru, eins og opt hefur verið tekið fram, fyrir víst 8 þingmenn, sem ekki vildu láta hreifa málinu. *(Lárus Halldórss.:* Þeir voru 11). Jæja, því fremur; það má þá með vissu segja, að þeir voru 8. Þá var barið við fátækt landsins og undangengnu harðæri, en jeg held samt, að þetta hafi ekki verið hinar knýjandi orsakir, heldur hitt, að hik hafi verið komið á alla þjóðina. *(Margir:* Nei). Eins og kunnugt er fjekk málið ekki góðar endalyktir á þinginu 1887, og svo kemur þetta nafnkunna þing 1889. Þá var nú fallegt samkomulag. Næstum allir þjóðkjörnir þingmenn mynduðu þá flokk, áður þing hófst, og er jeg þessu dálítið kunnugur, því að jeg var svo heppinn eða óheppinn, að vera einn í stjórninni fyrir þessum flokki. Jeg man því vel, hver var kosinn formaður eða aðalframkvæmdarmaður þessa flokks; það var h. 1. þm. Ísf. (S. St.), sem þá var sýnt það traust og virðing. Nokkru seinna, en þó at sama flokki, var sett utanþingsnefnd til að undirbúa stjórnarskrármálið og koma því inn á þing. Í nefnd þessari voru meðal annara 3 mikilsvirtir þingmenn, sem nú í dag hefur ekki borið saman og sagt hverjir við aðra: »Þú segir ósatt«. Formaður flokksstjórnarinnar, h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.), hætti fyr en varði að kalla menn á fundi, og síðan hefir ekki spurzt til þessa flokks; hann hvarf úr sögunni.

Þegar þingið byrjaði núna, voru allmiklar viðsjár með mönnum. Margir, og þar á meðal jeg, vildu, að reynt væri að halda samkomulagsfund. — En flokksforinginn fyrverandi eyddi því. Það komst þó svo langt, að h. forseti ætlaði að kalla menn á fund, en svo varð ekkert af því. H. 1. þm. Ísfirð. (Sig. Stef.) hefur líklega spillt því, og það þykist jeg mega fullyrða. Jeg skal taka það fram, að víst 8 þm. eða fleiri hafa aldrei á þessu þingi verið kvaddir til ráða í þessu máli, og það

hefur aldrei verið spurt um, hvað þeir vildu; og vil jeg geta þess, til að sýna, að ekki er undarlegt, þótt sundrung verði og skiptar skoðanir hjá þingmönnum í þessu máli, þar sem allur undirbúningurinn er svona.

Jeg hefi farið svo mörgum orðum um þetta, af því að mjer sýnist rjett, að almenningur, sem les þessi orð mín, fái að sjá sem glöggast og greinilegast það, sem gjörist á þinginu, fái að sjá ekki að eins, hvernig kómidían er leikin, heldur einnig það, sem fram fer bak við leiktjaldið, og hvernig helztu leikendurnir fara að því að hafa fataskipti.

Þorlákur Guðmundsson: Áður en gengið er til atkvæðagreiðslu ætla jeg að leyfa mjer að tala fáein orð.

Líti jeg til baka til afstöðu málsins á liðnum tímum, einkum á undan þingi 1887, þá segi jeg satt, að jeg geri það með sorg og söknuði, sorg yfir því, að engin gullkorn er að finna í framkomu þingsins, heldur eintóm sundrung og tvídrægni. Mjer er það nú ljóst — og var það reyndar strax þá — að það var óheppilegt að málið var drifið inn á þing 1887 með nálega jöfnum atkvæðafjölda með og móti.

Það er reyndar von, að h. þingd.m. sjeu þreyttir af utanþingsfundum til undirbúnings; þeir hafa gengið tregt og einatt haft lítinn árangur, og misheppnuðust alveg 1887 og 1889. Jeg vil ekki nefna neinn þingmann og ekki kasta þungum steini á neinn einstakan. En þó að mjer þyki óheppilegt, hvernig farið hefur áður með þess konar samkomulagstilraunir, hefði jeg samt getað vænzt eptir, að leitað hefði verið samkomulags nú; en ekki stoðar að fást um orðinn hlut; það verður nú ekki aptur tekið; en hvernig sem atkvæðagreiðslan kann að falla hjer í dag, er enn tími til að leita samkomulags til 3. umræðu.

Það hefur verið talað mikið í þessu máli í dag og mörg atriði rakin og rædd, og vil jeg ekki bæta miklu við það, enda hefur mjer ekki fundizt það allt uppbyggilegt. Jeg vil þó taka fram eitt atriði. Mjer er óskiljanlegt, hvernig konungur getur framkvæmt nokkra stjórnarathöfn án þess að hafa ráðgjafa við hönd sjer, því að það þarf hann allstaðar þar sem ráðgjafastjórn er, en jeg er hræddur um að það verði dýrt spaug að láta ráðgjafana landsstjórans í hvert sinn ferðast hjeðan til Danmerkur til að undirskrifa með konungi, því að það getur orðið æði-opt, eptir þessum orðum: »konungur eða«. Jeg held það sje gryla, að ráðgjafinn sje skaðlegur, ef hann hefur sæti í ríkisráði Dana, enda hefur komið fram breytingartill. í þá stefnu að draga úr þessu.

Það hefur verið mikið þráttað um að taka upp tilvísun til stöðulaganna í frumv., en hingað til hefur það verið allt annað, sem taldir hafa verið aðalgallar hinnar núgildandi stjórnarskrár, en tilvitnun til stöðulaganna. Stöðulögin eru raunar til orðin í Danmörku, samin af útlendu löggjafarvaldi, en þau eru viðtekin og stjórnarskráin er byggð á þeim. Nú vil jeg spyrja h. háttv. framsögumann: Ef alþingi samþykkir stjórnarskrárfrumv., sem fer svo langt sem frekast er unnt, og ef stjórnin svo synjar samþykkis einungis af því, að tilvitnunina til stöðulaganna vanti, ætti þingið þá um aldur og æfi að ónýta samkomulagið einungis vegna þessa atriðis? Ætti það að neita að taka þessa tilvitnun upp, eða ætti það að láta undan í þessu? Mjer skildist á ræðum sumra h. þm. í dag, t. d. h. framsögum., að þingið ætti aldrei að

láta undan í þessu, og ef hægt er að sanna mjer ljóslega, að atriðið sje svo þýðingarmikið, þá fyrst get jeg greitt atkvæði móti tilvitnuninni.

Jeg hygg, að eitthvað líkt stöðulögunum hljóti æfinlega að vera til svo, lengi sem Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis.

H. þm. Ísf. (Sig. Stef.) sagði, að jeg hefði verið einn þeirra, sem voru móti stjórnarskrárfrumv. 1887 og ekki vildu að það kæmi inn á þing. Þetta er ekki fullkomlega rjett. Jeg hafði bæði umboð til þess frá kjósendum mínum, enda var jeg sjálfur persónulega ekki ánægður með frumv. 1889 greiddi jeg atkv. með stjórnarskrárfrumv. í neðri deild, af því að jeg áleit það fullt svo aðgengilegt sem frumv. 1887, og þrátt fyrir allt, sem rætt hefur verið og ritað um þetta mál síðan, finn jeg enn ekki ástæðu til að ganga frá atkvæði mínu þá.

Jón Jónsson, þm. N.-Múl.: Mjer er raunar nauðugt að lengja umræður um þetta mál, en jeg vildi með fáum orðum gera grein fyrir atkvæði mínu gagnvart kjósendum mínum, þjóð og þingi.

Það eru einkum breyt.till. á þingskj. 198, sem valdið hafa mestum umræðum og deilum; jeg vil nú stuttlega lýsa yfir, hverjum af þessum breytingartill. jeg er samþykkur, og hverjum ekki. Jeg skal fyrst geta þess, að jeg hef ásamt h. samþingismanni mínum sem nú er eigi viðstaddur komið með breyt.till. við 1. átriði í þessum breyt.till. (198), sem fer fram á, að Íslands ráðgjafi skuli sem slíkur ekki eiga sæti í ríkisráði Dana. Jeg veit reyndar, að þetta ákvæði er þýðingarmikið frá sjónarmiði h. framsögum. og hans fylgifiska; en það er einnig annar flokkur hjer á þingi, sem kenndur hefur verið við h. þm. Snæf. (P. Br.), sem heldur því fram að ráðgjafinn þurfi alls ekki að eiga og eigi ekki sæti í ríkisráðinu, og því hef jeg komið fram með þessa till. til frekari tryggingar.

H. þm. Snæf. (P. Br.) skoraði á þá þm. sem greiddu atkvæði með frumv. í Nd. 1889, að lýsa yfir, hvort þeir vildu nú ganga frá því atkvæði. Af því það er eitt atriði í breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.), sem jeg greiði atkv. um gagnstætt því er jeg greiddi atkv. 1889, þá vil jeg gjöra grein fyrir, hvers vegna jeg hef skipt skoðun um þetta atriði. Jeg hef komið fram með breytingartill. ásamt samþingismanni mínum, við breyt. till. þm. Snæf. (P. Br.) um þetta atriði; það er nefnil. um apturköllunarrjettinn. Jeg viðurkenni ekki, að það sjeu ástæður og andmæli h. framsögum. (B. Sv.) eða hans fylgifiska, sem hafa breytt skoðun minni í þessu eina atriði. Það er ekki heldur þjóðarviljinn hjer á landi; það er danska stjórnin, sem hefur sannfært mig um, að apturköllunarrjetturinn væri viðsjárverður. Hún synjaði löggaldurslögunum frá síðasta þingi samþykkis, af þeirri ástæðu, að ekki væru til sams konar lög í Danmörku. Þessi lagasynjun hefur orðið mjer og mörgum öðrum bending um, hvernig stjórnin mundi beita apturkallsrjetti sínum. Þó hún raunar eigi að hafa þann rjett einungis þegar um þau mál er að ræða, sem þykja viðsjárverð vegna sambands Íslands og Danmerkur, þá mundi hún geta teygt hann svo langt, að hann næði einnig til slíkra mála, sem þessa um lögaldurinn, að jeg ekki tali um fiskiveiðamál og önnur slík mál, sem snerta samskipti Íslendinga við önnur lönd. Jeg mun því ekki, sízt að svo komnu, meðan stjórnin sýnir engan lit á að vera fús til miðlunar, greiða atkvæði með apturköllunarrjetti, því þetta ákvæði, »sem konungi þykja viðsjárverð, sakir sambands Íslands við Danmörku«,

álít jeg alls ekki tryggjandi í mörgum mikilsvarðandi málum.

Jeg skal enn fara nokkrum orðum um eitt atriði, nefnilega tilvitnun til stöðulaganna. Ræður h. framsögum. (B. Sv.) og 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) hafa ekki geta sannfært mig um, að það sje rjett, að þessi tilvitnun falli burt. Jeg skal játa, að mig, eins og fleiri, skortir lagaþekkingu til að dæma um það fullkomlega, hvort það hafi nokkra þýðingu hjeðan af, að mótmæla gildi stöðulaganna. En jeg hef eigi getað sannfærzt um annað en að vjer höfum fyrir löngu viðurkennt stöðulögin með því að brúka þau. Vjer höfum tekið við stjórnarskránni, sem óneitanlega er að ýmsu leyti byggð á stöðulögunum; vjer höfum tekið við tillaginu úr ríkissjóði, sem eingöngu er lögheimilað með stöðulögunum. Þeim hefur ekki verið mótmælt af hinu löggefandi alþingi; ef það hefði átt að mótmæla þeim, hefði átt að gera það á fyrsta löggjafarþinginu, um leið og tekið var við stjórnarskránni, um leið og fyrst var tekið við tillaginu. Hví mótmælti ekki h. framsögum. þeim þá? Hann var þó þingmaður þá. Jeg mun af þessum ástæðum greiða atkv. með þessari tilvitnun, og tek jeg þetta fram, til þess að ekki sje hægt að gera mjer getsakir um það, hvers vegna jeg greiði atkvæði með tilvitnuninni í stöðulögin, eins og ýmsum hefur verið gert.

Jeg mun einnig greiða atkvæði með flestum hinum öðrum breyt.till. á þingskjali 198. Jeg hef ætíð álitið það galla á stjórnarskrárfrumv. alþ. 1885—86, að ekki væri ákveðið þar, hvernig lagastaðfestingarvaldinu væri skipt milli konungs og landsstjóra. (*Sk. Thor.:* Engin hætta). H. þm. segir, að það sje engin hætta; en það er nú máske svo, eptir því sem hann skýrir ákvæði frv. En h. þm. mun þó verða að játa, að það er ætíð hættulegt að hafa óákveðin ákvæði um eitthvað í lögum, ekki sízt í svona þýðingarmiklum lögum. — Breytingartill. þm. Snæf. (P. Br.) miða flestar til að fastákveða skipting lagastaðfestingarvaldsins milli hinnar innl. stjórnar og stjórnarinnar í Kaupm.höfn, og að því leyti mun jeg óhikað gefa þeim atkvæði mitt.

H. framsögum. (B. Sv.) sagði í dag, að hann væri ekki nýmælamaður, en nefndin með hann í broddi fylkingar hefur þó komið með eitt nýmæli, um bráðabirgðarfjárlögin. H. þm. N.-Þing. (J. J.) tók fram, hvernig stjórnin gæti farið að, ef þessi tillaga nefndarinnar yrði samþykkt. Hann sagði: stjórnin gæti látið sömu fjárlögin standa 100 ár. Jeg vil nú ekki taka eins djúpt í árinni; jeg vil taka til 10 ár. Jeg set svo, að þessi endurskoðaða stjórnarskrá yrði að lögum og að þingið samþykkti einhvern tíma fjárlög, sem stjórninni væru sjerlega geðfeld einhverra orsaka vegna. Þá gæti stjórnin neitað staðfestingar á næstu fjárlögum, til að halda þessum fjárlögum, sem henni geðjuðust svo vel.

Jeg skal taka annað dæmi: Setjum að h. framsögum. (B. Sv.) kæmi einhvern tíma fram sínum áhugamálum, t. d. ullarverksmiðjunni og háskólanum, og fengi á fjárlögunum fjárframlag til þess, og vjer hinir, sem ekki fljúgum nú eins hátt, kæmum því fram, að afnema öll eptirlaun; setjum enn fremur, að stjórninni væri þetta ógeðfelt. Hvað þarf stjórnin þá annað en að synja þessum fjárlögum staðfestingar, til þess að geta borgað lengur eptirlaunin, og spornað við háskólanum og ullarverksmiðjunni? Jeg tek þessi dæmi einungis til að sýna, hvernig stjórnin getur farið að ef hún vill.

Mjer getur ekki betur skilizt en að ákvæðin í frumv. 1889 sjeu tryggari,

að því er þetta snertir, því að jeg vil í lengstu lög bera það traust til þingsins og ímynda mjer, að allir muni bera það traust til þess, að þingm. reyni að hafa svo mikla eindrægni, svo mikið samlyndi, að þeir reyni að slíta ekki svo þingi, að fjárlögin sjeu ekki samþykkt.

H. framsögum. (B. Sv.) sagði, að það væri sameiginlegt mál að skipa landsstjóra, og vil jeg ekki leggja dóm á, hvort þetta sje rjett. En jeg get ekki samrýmt þetta við önnur orð h. framsögum. í dag, þar sem hann sagði með mörgum og fögrum orðum, að hann vonaði að þingið hefði æfinlega varazt og mundi eptirleiðis æfinlega varazt að setja nokkuð inn í stjórnarskrárfrumv., sem við kæmi hinum sameiginlegu málum. Hjer er þetta sett inn í stjórnarskrárfrumv. *(B. Sv.:* Misskilningur). Getur verið. H. framsögum. er æfinlega fljótur til að brúka þetta orð, einkum við oss bændurna, sem hann álítur að vitum svo lítið.

Má jeg þá benda hinum háttv. framsögum. á það, að í sömu greininni sem sagt er: konungur skipar landsstjóra, er líka talað um laun landsstjórans; er það líka sameiginlegt mál, að ákveða þau? Eða er hjer í sömu greininni ruglað saman sameiginlegum og sjerstaklegum málum? Mig langar til að fá upplýsingu um þetta hjá hinum h. framsögum.

Ólafur Briem: Jeg verð að vera samdóma h. þm. N.-Þing. (J. J.), að það hafi verið óheppilegt af h. flutningsm., að velja einmitt þetta frumvarp til að bera fram.

Jeg fæ ekki betur sjeð, en að tvískinnungur sje í frumv. Í 1. gr. er sagt: »Löggjafarvaldið er hjá konungi«, en í 16. gr.: »Undirskript konungs eða landsstjóra þarf til« o. s. frv. Til þess að konungur í raun rjettri hafi nokkurt löggjafarvald, verður hann að geta tekið þátt í því, en samkvæmt frumv. getur hann það ekki, nema með ráðgjöfum landsstjórans, úr því að enginn Íslands ráðgjafi er í Kaupmannahöfn. Jeg get ekki skilið, að það sje heppilegt að ráðgjafarnir sjeu á þessum sífeldu ferðalögum, ekki einu sinni þótt menn hefðu flugvjelar Edisons til hjálpar, þessar flugvjelar, sem h. framsögum. (B. Sv.) var að tala um í öðru máli hjer á þingi. Mjer finnst, að stjórnin hjer á landi verði að hafa skýlausar ákvarðanir fyrir sínu hlutverki út af fyrir sig, og skýrar takmarkanir á verksviði hennar.

Þegar slíkt mál sem þetta er tekið til rækilegrar íhugunar, eru tvær leiðir að ganga. Önnur leiðin er sú, að heimta fulla sjálfstjórn, eða, eins og opt er að orði komizt, alinnlenda stjórn, en jeg fyrir mitt leyti fæ eigi sjeð, að alinnlend stjórn geti með nokkru móti samrýmzt við samband Íslands við Danmörku, er flutningsmenn þessa frumv. vilja alls eigi hagga, því að algjörðan skilnað Íslands við Danmörku mega þeir eigi heyra nefndan á nafn. Auðvitað mætti taka upp í frumv. ákvæði um frestandi neitunarvald, eins og Þingvallafundurinn 1885 fór fram á; það kæmi vel heim við þjóðarviljann, það er að segja þann þjóðarvilja, sem kemur fram á mannfundum, þegar hiti og kapp er komið í menn. En þótt þetta frestandi neitunarvald sje lög í Norvegi, þá fæ jeg ekki sjeð enn, að það geti samrýmzt við þau ákvæði, að konungur sje annar liður löggjafarvaldsins.

Eptir því sem jeg þekki til almenningsálitsins, liggur hin leiðin langtum beinna við, sú aðferð, að búa til frumv., sem vænta má að einhver árangur verði af. Til þessa stoðar ekki blind eindrægni um það, sem bæði er óeðlilegt í sjálfu

sjer og aldrei getur fengið framgang, eins og ákvæði þessa frumv. um fyrirkomulagið á hinni æðstu stjórn landsins, og það er heldur ekki nóg að varpa fram tómum stóryrðum, heldur verða menn að laga sig hverjir eptir öðrum í því sem er skynsamlegt og líklegt til sigurs í því máli, sem menn berjast fyrir. Jeg skal játa, að háttv. flutningsm. hafa í ýmsum greinum slegið af þeim óskum og kröfum, er þjóðin mundi eindregið framfylgja, ef hún væri einráð um að setja sjer stjórnarlög eptir eigin vild. Með þessu hafa þeir sjálfir komið fram sem miðlunarmenn, sem raunar hefur verið haft sem hnjóðsyrði af mörgum í seinni tíð. En jeg get ekki skilið, í hvaða tilgangi þeir hafa slegið af svona út í bláinn, án þess að taka neitt tillit til þess, sem er nauðsynlegt skilyrði fyrir samkomulagi í þessu máli.

Hjer vill reyndar svo óheppilega til, að annar málsaðilinn, stjórnin, hefur alls ekki látið til sín heyra, því að jeg get ekki skoðað hina alræmdu nóvemberauglýsingu sem neitt fullnægjandi svar; með þeirri auglýsingu virðist mjer stjórnin hafa tekið sjer vald og myndugleika, sem engin stjórn geti tekið sjer. Þar er ekki tekið tillit til þess, að öll mannaverk standa til bóta, auk þess að nýir menn og nýjar skoðanir koma með nýjum tímum, og það; sem á einum tíma þykir óframkvæmilegt, er síðar meir stundum álitið vel gjörlegt. En að því er snertir það fyrirkomulag á æðstu stjórn landsins, sem farið er fram á í þessu frumv., er jeg hræddur um, að það geti aldrei orðið að framkvæmd, og að engin stjórn muni geta gengið að því.

Eins og h. framsögum. (B. Sv.) tók fram, var því reyndar lýst yfir á þinginu 1889 af hæstv. landsh., að frumv. það til stjórnarskipunarlaga, er neðri deild alþingis 1889 samþykkti með nálega öllum atkvæðum, sje ekki aðgengilegra fyrir stjórnina en frumv. 1887. Þetta er mjer þó óskiljanlegt, því að mínu áliti er frv. frá 1889 framkvæmanlegt en hitt frumv. ekki. Þó hygg jeg, að frumv. frá 1889 þurfi enn breytinga við, og vil jeg sjerstaklega tilnefna 7. gr. frumv., þar sem svo er fyrir mælt, að konungur geti ónýtt staðfesting landstjórans á lögum, er honum þykja viðsjáverð sakir sambands Íslands við Danmörku. Svona lagað ákvæði mætti teygja á ýmsar lundir, svo að það gæti valdið ágreiningi, og er það óheppilegt, þegar hjá því verður komizt.

Mín meining er sú, að það sje ekki nema um tvennt að velja, annaðhvort að heimta alinnlenda stjórn og löggjöf, en þeirri kröfu getur ekki orðið fullnægt nema með algjörðum aðskilnaði milli Íslands og Danmerkur, eða að svo sje búið um vald konungs til að taka þátt í löggjöfinni, að það verði að sem minnstu meini. En því hygg jeg að verði aldrei öðru vísi betur fyrir komið en með því, að láta lagastaðfestinguna fara fram hjer á landi, með þeirri einni takmörkun, að konungur geti eptir á ónýtt staðfestinguna. Þetta held jeg að sje hinn eini vegur til þess að fá lagastaðfestingarvaldið inn í landið og þar með líka allt framkvæmdarvaldið, sem hlýtur að vera aðalatriðið í þessu máli.

Þó að jeg því greiði atkvæði með þessu máli, þá er það ekki vegna þess, að mjer líki það frumv., er hjer liggur fyrir, heldur einungis til merkis um, að jeg vilji framfylgja breytingu og endurbót á stjórnarfyrirkomulagi því, sem nú er.

Framsögumaður (*Benidikt Sveinsson*): Ef maður ætti að svara öllum þeim athugasemdum, sem nú hafa fram komið í

sífellu frá nokkrum h. þingdm., þá tæki það mjög langan tíma; en það vill svo vel til, að jeg get að mestu leyti skírskotað til þess, sem jeg hefi áður tekið fram í málinu. Það eru að eins fá atriði, sem jeg vil minnast á, einkum út af ræðu h. þm. N.-Þing. (J. Jónss.). Hann hjelt því fram, að breytingartill. nefndarinnar við 17. gr. væri ekki fulltryggjandi, og miklu miður en breyt.-till. undir 8. tölul. á 198 þingskjali við sömu gr. Hann sagði, að það væri vel mögulegt, að stjórnin gæti fundið upp á því, að bíða með að staðfesta fjárlög í svo og svo mörg ár, jafnvel 100 ár. En þó mjer þyki það mjög illt, þá verð jeg að segja, að mjer finnst, að h. þm. (J. J. N.-Þing.) hafi ekki lesið vel frv. í sambandi við ábyrgðarlagafrv. það, sem hann var sjálfur með að samþykkja 1885. Það eru ekki lög! Nei, það veit jeg mikið vel, en ef h. þm. (J. J. N.-Þ.) ætlar að rífa sundur það samband, milli þessa atriðis ábyrgðarlagafrv. og stjórnarskipunarlagafrumv. í þessu efni, þá ímynda jeg mjer, að hann verði að játa, að hann sje ekki að tala um stjórnarskipunarlagafrumv. Það er óhugsandi, að nokkur stjórn hafi heimild til að synja staðfestingar á fjárlögum, þegar enginn annar vegur væri, til að láta önnur fjárlög gilda. Þessi mótbára h. þm. er því ekki annað en grýla og misskilningur! Ef maður á að ganga út frá, að maður hafi slíka stjórn, þá má eins búast við, að hún misbrúki ákvæðið í breytingartillögu þeirri, sem jeg nefndi. Ef gjöra á svo löguð stjórnarskipunarlög, að þau gjöri stjórninni faktiskt ómögulegt að brjóta þau, þá skil jeg ekki, hvernig h. þm. hugsar sjer þau lög. Stjórn verður aldrei faktist ómögulegt að brjóta lögin, en henni er það samt ómögulegt af því, að hegningin og ábyrgðin liggur á bak við.

Menn eru allt af tala um það, að hjer sje að ræða um frumv. alþingis frá 1887, sem lagt sje til grundvallar fyrir þessu frumv., en þeir gæta ekki að því, að það er ekki til neitt frumv. frá alþingi 1887. Það er að eins til frumv. frá Nd. alþingis það ár. En þetta frumv. er samhljóða frumv. þingsins 1885 og 1886, sem er eins og frv. Nd. 1887, að undanskildum nokkrum allshendis óverulegum breytingum. Það getur hver sá sjeð, sem hefir, þó ekki sje nema hálfan þúsundasta part af heilbrigðri skynsemi, að það er ekkert stjórnarskipunarlagafrumv. til frá alþingi, nema hin endurskoðaða stjórnarskrá frá 1885 og 1886; það hefur því heldur engum getað dottið í hug, að leggja til grundvallar fyrir þessu frumv. það, sem aldrei hefir verið til. Breytingarnar, sem þessir h. þingdm. eru að fetta fingur í í frumv. 1887, voru, eins og menn muna, gjörðar eptir bendingum hæstv. landsh. við hina endurskoðuðu stjórnarskrá 1885, og það er einmitt merkilegt, að þeir, sem mest mæltu með breytingunum í frumv. 1887 og mest voru með hinni endurskoðuðu stjórnarskrá 1885 og 1886, skuli nú vera á móti þessu frumv., sem einmitt er samhljóða henni og tillögum neðri deildar 1887. Þetta er merkilegt, segi jeg, þar sem ekki finnst eitt einasta orð eptir þá í þingtíðindunum á móti hinni endurskoðuðu stjórnarskrá 1885 og 1886 og breytingum þeim, sem gjörðar voru 1887. Þeir verða þess vegna að koma með aðrar betri ástæður á móti þessu frumv., ef duga skal. Sami h. þm. lagði mikla áherzlu á hið frestandi neitunarvald, sem hann sagði, að samþykkt hefði verið á síðasta Þingvallafundi. En þetta atriði kom lítið til tals á Þingvallafundinum, fyr en í fundarlok; að eins h. þingmaður, sem nú er hjer ekki lengur, bar það upp í flaustri og flumi, kappi og þráa, og mun það

hafa verið samþykkt, eptir að jeg og margir aðrir voru farnir af fundi. Annars liggur þetta atriði alveg fyrir utan málið. Að öðru leyti álít jeg ekki svarandi mótmælum flestra þeirra, sem talað hafa á móti málinu hjer í dag. Þeim hefir farið líkt og farandkonum, sem ganga um kring og segja sögur um allra handa, sem fæst hefir við neitt að styðjast. Og í hverju skyni gjöra þeir þetta? Til að vekja þá sundrung, sem þeir sjálfir eru höfundar að. Það er eins og þeir hafi viljað leitazt við að koma í veginn fyrir allt samkomulag í þessu máli. Þeir hafa ekki viljað leita til mín, sem mest hafa barizt fyrir þessu breytingarugli frá því fyrsta, og jeg hef auðvitað ekki viljað vera að elta þá og skríða á fjórum fótum, til að spyrja þá um meiningu þeirra í þessu eða öðru atriði málsins, menn, sem lítilsvirða mig og skoðanir mínar, menn, sem eru að kasta hnútum að mjer, að jeg ekki segi brigzlyrðum, sem jeg yfirlæt þingskrifurunum að skrifa upp eptir þeim og engu síður þjóðinni að dæma um. Frestandi neitunarvald! Að það sje það, sem þjóðin á Íslandi vilji hafa fram, því neita jeg algjörlega, enda stríðir það líka alveg á móti grundvallarskipun Danaveldis, og jeg skil sízt í því, að þeir skuli vilja hafa þetta atriði inn í frumv., sem vilja, að vitnað sje til stöðulaganna, því það, að Íslendingar fari fram á frestandi neitunarvald, er hvorki meira nje minna en að stofna lýðveldi á Íslandi. Þetta vilja þessir h. þingdm. ekki íhuga. Nei, það er hinn grimmasti misskilningur. Það er tálsnara að kasta þessu fram, því það getur ekki náð neinni átt.

H. þm. Árn. (Þ. G.) spurði, hvernig ætti að fara að, ef menn vissu, að vöntunin á tilvitnuninni til stöðulaganna væri hið eina, sem gjörði, að konungur gæti ekki staðfest þetta stjórnarskipunarlagafrumv. Þessi spurning liggur alveg fyrir utan þetta mál, og þarf því ekki að svara henni. Eins og menn vita, liggur eigi fyrir nein yfirlýsing frá stjórninni í þessu máli önnur en sú, sem felst í hinni konunglegu auglýsingu 2. nóv. 1885. Þar er það tekið fram sem ein ástæðan móti hinni endurskoðuðu stjórnarskrá, að þar vanti tilvitnun til stöðulaganna, eins og stöðulögin sjeu formlega bindandi fyrir Ísland. Með þessu svara jeg þá um leið h. þm. N.-Þ. (J. J.).

Yfir höfuð munu mótmæli h. þingdm. vera sprottin af því, að þeir hafa enn óglögga hugmynd um, hvernig þetta frumv. eigi rjettilega að skilja. Það er því enginn hægðarleikur á stuttum tíma, að elta öll þau einstöku og sundurlausu atriði, svara öllum þeim spurningum út af þeim, sem hinum háttvirtu þingmönnum detta í hug, og því síður er það hægðarleikur að setja þessi einstöku atriði og spurningar í ljóst samband við málið í heild, anda þess og stefnu. Jeg skal svo ekki fara frekara út í málið að sinni.

Jens Pálsson: Þótt jeg biðji mjer nú hljóðs, þá ætla jeg þegar að lýsa yfir því, að það er ekki til þess að fara út í orðakast hvorki við einn eða neinn. Til þess hafa sært mig of mikið ýms móðgunaryrði, er jeg hef bæði sjeð í blöðum síðan 1889 og heyrt í dag í þingsalnum hjer af hálfu einstakra þingmanna út af meðferð þessa máls, þótt ein viss ummæli, sem hjer hafa verið við höfð í dag, hafi sært mig og ef til vill fleiri hvað mest, þau ummæli, að sýna þjóðinni bak við tjöldin, hvernig þingmenn breyttu búningi í þessari »fallegu« komedíu. — Slík ummæli álít jeg alveg óviðurkvæmileg í jafn alvarlegu og mikilvægu máli. Jeg hef þá von og trú til guðs, að hann varðveiti fulltrúa hinnar íslenzku þjóðar á alþingi

frá svo megnri spillingu, að sagt verði um þá rjettilega og með sönnu, að þeir, með annað eins mál og þetta í hug og hjörtum, sjeu að leika kómedíu. Jeg ætla að minnast stuttlega á nokkrar breytingartillögur, er fram hafa komið.

Það er þá fyrst breyt.till. á þingskj. 189, sem miklar umr. hafa orðið um. Jeg ætla því að tala fátt um fáeinar þeirra. Þótt margt og mikið sje búið að tala um tölul. 2, breyt.till. við 2. gr., hafa umræðurnar ekki getað breytt þeirri sannfæring minni, að breyt.till. þessi hafi talsverða þýðing í þá átt, sem jeg get ekki aðhyllzt, og sje til ógagns en eigi gagns.

Þegar jeg svo lít á 4. tölul. í atkv.-skránni, breyt.till. við 3. gr., í sambandi við viðaukatill. við 2. gr. eða tölul. 2, þá ætla jeg að lýsa yfir því, að jeg get eigi skilið, að öðruvísi verði álitið, en að þessi ráðgjafi Íslands hljóti ekki að eiga sæti í ríkisráði Dana. En þó svo væri, að hann ætti þar eigi sæti, beinlínis og líkamlega, þá skil jeg eigi annað, en að hann mundi eiga þar andlegt sæti, og að stjórn Íslands sjerstöku mála, að því leyti, sem hún lægi undir þennan sjerstaka Islands ráðgjafa í Kaupmannahöfn, mundi í krapti hins andlega samneytis hans við ríkisráðið, geta orðið fyrir þeim áhrifum af hálfu ríkisráðsins, er oss Íslendingum væru ekki hallkvæm.

Hvað 5. tölul. snertir, þá finnst mjer breyting sú, er þar er farið fram á, til bóta, og mun gefa henni atkvæði mitt. Ætla jeg svo eigi að fara fleirum orðum um breyt.till. á þingskjali 198. En jeg ætla að minnast með fám orðum á breyt.till. á þingskj. 199 frá öðrum h. þm., sem fer fram á að breyta fyrirkomulagi alþingis þannig, að úr tveim málstofum verði gjörð að eins ein málstofa.

Jeg skal játa, að mjer finnst þessi breyt.till. hafa mikið fyrir sjer, og að slíkt fyrirkomulag mundi hafa ýmsa mikilvæga kosti, en aptur á móti finnst mjer og, að það hefði ýmsa mikilvæga galla. Jeg ætla, að þá væri ekki eins mikil trygging eins og nú gagnvart einstrengingslega kappsamlegri löggjöf, sem ýmislega gæti staðið á; t. d. gæti þá það fremur orðið að lögum fyrir kapp og flokksfylgi, sem í sjálfu sjer væri bæði vanhugsað og ekki æskilegt. En jeg hef ekki haft þessa breytingartill. til íhugunar nema svo stuttan tíma; jeg hef að eins haft hana heima í 2 daga, og skal jeg játa, að það er ofstuttur tími fyrir mig, til að hugsa hana grandgæfilega í öllum hennar afleiðingum, og öðlast fyrir þá íhugun fasta sannfæring um, hvort hún hafi yfirgnæfandi kosti eða ókosti fram yfir það fyrirkomulag, sem nú er. Jeg veit ekki til, að þessi breyting hafi verið rædd eða íhuguð af þjóðinni.

En hvar sem jeg að öðru leyti kann að lenda í skoðun minni á þessari breytingu, þá get jeg ekki gefið henni atkv. mitt nú; hún er of stórvægilegt nýmæli til þess að mínu áliti, að gætilegt geti talizt að aðhyllast hana nú þegar; jeg álít hún þurfi lengri tíma til að hugsast og ræðast, en vjer nú eigum ráð á. — Skoðanir á vandamálum þurfa þroskunartíma.

Þá er að minnast á breyt.till. h. þm. um rjettindi kirkju- og trúarbragðafjelaga. Jeg man ekki betur en h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) segði á þá leið, að við, sem lentum í stjórnarskrármálsnefndinni sjeum hlynntir fullum skilnaði ríkis og kirkju, en hvað mig snertir, þá held jeg, að hann hafi sagt vel mikið. Það er mikill munur á að vera hlynntur aðskilnaði kirkjunnar sjerstöku mála frá þjóðmálunum og að vera hlynntur fullum aðskilnaði ríkis og kirkju, þannig að öll ákvæði um tilveru evangelisk-lut-

erskrar kirkju í landinu sjeu máð út úr löggjöfinni. Jeg vil, að sambandinu milli ríkis og kirkju sje skipað með lögum, er veiti kirkjunni fullt sjálfsforræði í hennar eigin málum. Þessi hugsun hefir vakað fyrir mjer, en jeg get ekki fallizt á að stryka út úr stjórnarskránni það ákvæði, að ríkið styðji hina evangelisku lútersku kirkju fremur en önnur trúarfjelög. Jeg er sannfærður um, að hin evangelisk-lúterska kirkja hefir svo mikla kosti fram yfir aðrar kirkjur og trúarfjelög, sem jeg þó get talað með virðingu um, t. d. kaþólsku kirkjuna, Gyðinga-trúfjelagið, o. fl., að að henni sje fremur hlynnandi en þeim. Jeg held, að hin evangeliska lúterska kirkja eptir hugsjón sinni fullnægi ætíð betur trúarþörf mannanna og taki tilhlýðilegt tillit til anda og stefnu-breytinga tímans betur en öll önnur trúarfjelög, og að hún því sje þess verð, að hún sje studd og sjerstaklega vernduð fram yfir hin önnur. Jeg álít æskilegast, að sambandi kirkjunnar og ríkisins væri skipað með lögum, »stöðulögum», er gæfu kirkjunni rjett til sjálfstjórnar og löggjafar í kirkjulegum málum, rjett til að setja skipulag sitt með lögum, og annast sín eigin mál sem sjálfstætt fjelag; fái kirkjan lögrjett til þessa og sitt eigið fje, eða það fje, sem hún að mínu áliti á, en að allra vitund hefir til umráða, þá álít jeg, að kirkjan fái það, sem henni ber, og það, sem æskilegt er fyrir hana, og fæ jeg ekki sjeð, að þetta sje ósamrýmanlegt þeirri ákvörðun, að ríkið styðji kirkjuna og verndi, t. d. með því að styðja og styrkja efnilega menn til að verða hæfir evangeliskir prestar, láta þá hafa hlutdeild í háskólastyrk eða halda uppi prestaskóla. Og mörg önnur hlunnindi gæti ríkið veitt hinni evangelisku lútersku kirkju, án þess að skerða frelsi hennar eða hepta kristindómslífið í henni. Þetta er það helzta, sem jeg vildi taka fram til að skýra skoðun mína á fimmta kafla stjórnarskrárinnar og afstöðu mína við hinn h. 2. þm. N.-M., að því er snertir þessi ákvæði um kirkju- og trúfrelsi. Jeg veit fyrir víst, að h. 2. þm. N.-M. er í hjarta sínu evangelisk-lúterskur maður og ber sem slíkur sjerlega djúpa virðingu fyrir hinni evangelisku kirkju, og því tel jeg víst, að hann álíti ekki rangt, að hún fyrir eigin ágætis- og yfirburðar sakir njóti einhverrar verndar fram yfir aðrar kirkjur og trúfjelög, t. d. kaþólsku kirkjuna, Gyðinga-trúfjelagið, o. s. frv., enda get jeg eigi ímyndað mjer annað en að menn almennt geti fallizt á þessa skoðun mína á hinni evangelisku lútersku kirkju.

Lárus Halldórsson: Jeg stend upp til að lýsa því yfir, að jeg er ekki alls kostar ánægður með skýring h. framsögum. (B. Sv.) á því, hvernig konungur eigi að framkvæma stjórnarstörfin samkvæmt stjórnarskrárfrumv.

En sjerstaklega stend jeg upp í tilefni af ræðu h. þm. Dal. (J. P.). Jeg held að jeg hafi hermt alveg rjett, er jeg sagði, að fjöldi manni bæði geistlegir og verzlegir væru hlynntir aðskilnaði ríkis og kirkju. En ræða h. þm. (J. P.) finnst mjer bera vott um, að hann sje ekki einn í þeirra tölu, heldur að hann sje með húð og hári, sem maður segir, fastur í þjóðkirkjunni að princípinu til.

Jeg játa það afdráttarlaust, að jeg er meðmæltur fullu trúarbragðafrelsi, en jeg er það ekki af því, að jeg vilji gjöra árás á kristindóminn, heldur einmitt af því, að jeg álít, að þá fyrst muni trú og kristindómur blómgast hvað bezt í landinu, er fullur aðskilnaður er kominn á milli ríkis og kirkju.

Árni Jónsson: Jeg skal reyna að vera fáorður nú, því að þegar hefir verið rætt svo mikið um málið og um-

ræður farið svo á víð og dreif, að varla er miklu ábætandi.

Það voru fögur orð, er h. framsögum. (B. Sv.) hafði í byrjun ræðu sinnar í morgun, og bæði jeg og aðrir mundum fúslega vilja skrifa undir þau, ef þau væru af einlægni sögð og ef þau hefðu getað leitt til eindrægni. En því miður benda umræðurnar á allt annað, en að þau hafi hingað til getað það. Jeg segi fyrir mig, að jeg óska af heilum hug, að menn vildu leggjast á eitt í þessu máli og að hinu sama stefna óskir kjósenda minna. Jeg veit ekki heldur, hvað getur verið óheillavænlegra fyrir land og lýð, en sundurlyndi og ófriður innanlands. Þetta mál horfir nú þannig við, að það ætli að vekja þennan óheillagest upp hjá þjóð minni, að það ætli að verða henni þrætuepli og hefndargjöf, í stað þess að vera það eiaingararband, er tengi hana saman til sameiginlegrar vinnu og framkvæmda.

Jeg vil eigi efast um, að h. flutningsmenn frumv. hafi komið fram með það í góðum tilgangi, en þeim hefir ekki heppnazt, að halda þann heppilegasta veg til eindrægni og sameiginlegrar samvinnu. Jeg man ekki eptir, að við neitt sjórnarskrárfrv. hafi komið fram eins margar breyt.till. eins og við þetta frumv. Þetta virðist mjer bera vott um, að menn sjeu ekki komnir til hinnar »skynjandi eindrægni« í því; það sýnist bera vott um, að menn sjeu ekki komnir á fasta stefnu í því; og í umræðunum hefir þessi skynjandi eindrægni ekki heldur komið í ljós. Málið horfir því ekki vel við; breyt.till. sýna, að fjarri sje því, að allir sjeu á eitt sáttir, hvernig sem atkvæði kunna að falla.

H. framsögum. (B. Sv.) minntist á tvær stefnur í máli þessu, aðra gagnvart konungi og hina gagnvart þjóðinni. Á undanfarandi þingum hefir að miklu leyti verið eindrægni gagnvart þjóðinni, en meiningamunurinn fremur á hina hliðina. Að undanförnu hefir málinu verið beint í þá aðalstefnu, hvernig það horfði við eptir óskum og kröfum Íslendinga gagnvart stjórninni. En nú er þessu snúið við og í hina áttina, og það svo einkennilega, að í dag hefir ekki einu orði verið beint til hæstv. landsh. í þá átt, að fá að heyra álit hans á þessu frumv., eða í þá átt, að fá að heyra yfirlýsing frá honum um það, hverjar undirtektir stjórnin nú mundi veita málinu.

H. framsögum. (B. Sv.) sagði, að ekkert stjórnarskrárfrumv. væri til frá 1887. Þetta þykir mjer merkilegt að heyra. Hann veit þó víst, að bæði kom slíkt frumv. inn á þing 1887 og var samþ. hjer í neðri deild. Þetta frumv. sem nú er hjer til umræðu, er alveg samhljóða frumv. 1887 nema 16. gr., en það frumv. var, eins og kunnugt er, ekki samhljóða frumv. 1885 og 1886. Mjer sýnist því liggja í augum uppi, að hvaða frumv. sem h. nefnd segist hafa lagt til grundvallar við meðferð sína á stjórnarskrármálinu, þá hafi hún þó að lokum staðnæmzt við frumv. 1887 og álitið það bezt fallið til að byggja stjórnarskipun vora á. Um það, hvað heppilegt hafi verið að leggja þetta frumv. til grundvallar, ef sú er meiningin að þoka stjórnabótamálinu áfram, skal jeg leyfa mjer að vitna til orða hæstv. landsh., eins og h. framsögum. (B. Sv.) gjörði áður um frumv. frá 1887; hæstv. landsh. sagði um frumv. 1887, að það gengi enn lengra en frumv. 1885 og 1886 í því að draga valdið úr höndum konungs. Eptir þessum orðum er það því ekki álitlegur samkomulags grundvöllur til að byggja ofan á. Að öðru leyti hefir verið rætt svo mikið um málið, að jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um það, enda býst jeg ekki við, að

mjer heppnist betur en öðrum að skýra það eða leiða menn til einingar í því. Þó skal jeg láta þess getið, að mjer sýnist menn ættu að hafa það tvennt fyrir augum, annaðhvort að halda því fram í þessu máli, er von sje um, að nái staðfestingu konungs, en sje þó jafnframt til bóta fyrir þjóð vora, ellegar þá að fara svo langt í kröfunum, sem menn álíta sjer bezt borgið með, og sem er svo fullkomið og opið í augum, að öll þjóðin geti sameinað sig um það sem einn maður, og haldið hiklaust áfram í sömu stefnu breytingalaust árum saman. Annars er einlægt höggvið í sama farið og kröptum þjóðar og þings eytt í árangurslaust þras. Eptir undirtektum hæstv. landsh. 1887 er lítil von um, að þetta frumv. fái framgang, og hið sama verð jeg reyndar að játa um frumv. neðri deildar 1889. Ákvæðin í breyt.till. á þingskj. 198 um, að konungur taki sjer ráðgjafa fyrir Ísland, finnast mjer betur löguð en annað, sem fram hefir komið, til að byggja málið á eðlilegum og ljósum grundvelli. Það hefir verið tekið fram og ekki hrakið, að ákvæðin í frumv. væru ekki nógu skýr í þessu efni.

Mjer þótti mjög merkilegt að heyra það hjá h. framsögum. (B. Sv.) og jeg vil leyfa mjer að beiðast skýringar hans á því, er hann sagði, að honum þætti undarlegt og óhæfa, að fara fram á frestandi neitunarvald, því að með þeirri tillögu væri þungamiðja valdsins færð yfir til þings og þjóðar. En er þetta ekki einmitt það, sem vjer berjumst fyrir? Er þetta ekki meiningin með frv. h. framsögum. (B. Sv.)? Er ekki verið að berjast fyrir því, að vjer fáum sem fyllst þingræði? Þessu bið jeg h. framsögum. (B. Sv.) að svara.

Forseti: Nú hafa menn setið svo lengi á fundi og eru teknir að gjörast ókyrrir, og skal jeg því ekki þreyta þá lengur með ræðuhaldi.

Tuttugasti og þriðji fundur, þriðjudaginn 28. júlí kl. 11 f. h. Allir á fundi, nema 2. þm. N.-Múl. (Þ. Kjerúlf), sem var veikur.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands (C. 128, 206, 256, 257, 258, 264); frh. 1. umr.

Páll Briem: Þegar jeg talaði í gær um mál þetta, hneigðust orð mín einkum að því, að skýra breytingar- og viðaukatillögur mínar við frv., og að verja mig gagnvart rangfærslu h. framsögum. (B. Sv.) á breyt.till. mínum og framkomu minni í þessu máli á þinginu 1889. Jeg ætla mjer ekki að fara að gjöra harðar árásir á h. framsögum. (B. Sv.), en jeg er neyddur til að verja mig í þetta skipti gegn orðum hans.

H. framsögum. (B. Sv.) sagði, og tók þau orð upp úr nefndarálitinu, að þetta frv. væri alveg samhljóða hinni endurskoðu stjórnarskrá 1885 og 1886, að undanskildum nokkrum smábreytingum, mestmegnis orðabreytingum. Þegar h. framsögum. (B. Sv.) sagði þetta í gær, greip jeg fram í fyrir honum og sagði, að þetta væri ekki satt. Jeg verð nú enn í dag að standa við þessi orð mín, og skal jeg nú reyna að sanna þau. Þar sem sagt er í frv., að landsstjóri einn veiti öll embætti, sem konungur hefir hingað til veitt, og að landsstjóri einn geti vikið embættismönnum frá, þar stóð í hinni endurskoðuðu stjórnarskrá 1885 og 1886, að konungur eða landsstjóri gjörði þetta. Þetta vona jeg, að h. framsögum. játi, að sje stórvægileg breyting, og þar af leiðir, að það hlýtur að vera ranghermi, þegar h. framsögum. (B. Sv.) kallar þessa og

aðrar mikilvægar breytingar að mestu orðabreytingar. Þar sem segir í frv., að landsstjóri einn veiti leyfi og undanþágur frá lögum, en í hinni endurskoðuðu stjórnarskrá, að konungur eða landsstjóri geti veitt slíkar undanþágur, þá verð jeg að segja, að hjer sje enn ein stórvægileg breyting á frv. Þetta þarf heldur ekki að taka fram, því að í stjórnarskrárfrumv. er allt stórvægilegt. Það er ekki verið að taka upp í stjórnarskrá neitt það atriði, sem er lítilvægt. Hver sú breyting þess vegna, sem gjörð er við hin stórvægilegu atriði stjórnarskrárfrumv., er sjálf stórvægileg. Skal jeg svo snúa mjer frá þessu atriði, en reyna að bera hönd fyrir höfuð mjer og breytingartillögum minna. H. framsögum. (B. Sv.) sagði, að með því að samþykkja breytingartill. mínar fengjum vjer stjórnarfyrirkomulag, sem væri alveg hið sama og það, sem vjer höfum nú. En í hinu orðinu kvaðst hann alveg fallast á þau orð hæstv. landsh., að breytingar þær, sem gjörðar hefðu verið 1889, gjörðu málið engu aðgengilegra fyrir stjórnina, en frumv. 1885 og 1886 var. Þar sem hann nú segir í öðru orðinu, að með þessum breytingartill. sje stjórnarfyrirkomulagið alveg sama og nú, en í hinu orðinu, að í frumv. sje farið lengra en gjört var 1885, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að h. framsögum. (B. Sv.) komist hjer í beina mótsögn við sjálfan sig, því annaðhvort er það rjett, sem hæstv. landsh. segir, að frumv. gangi lengra nú en áður, eða að það er rjett, að stjórnarfyrirkomulagið eptir frumv. með breytingum mínum verður alveg sama og nú. H. framsögum. (B. Sv.) getur ekki borið hvorttveggja fyrir sig. Jeg skal svo ekki fara lengra út í þessa mótsögn, og jeg skal heldur ekki vera langorður um misbrúkun hans á þeim orðum mínum, er hann las upp úr ræðu eptir mig í gær. Orð mín voru þá töluð í allt öðru sambandi en hann vildi láta skilja, að þau væru töluð. Hann fór um þetta, eins og um fleira, sínum vanalegu óákveðnu gjallandi orðum, sem ekki sanna neitt, eins og þegar hann sagði, að jeg hefði ekki einn þúsundasta part af heilbrigðri skynsemi; þetta getur hver drengur sagt. En slíkt sannar ekkert. Það er líkt eins og þegar tveir menn í Danmörku voru að þræta um eitt málefni. Þegar annar þeirra komst í bobba og gat engu svarað, þá hrækti hann framan í mótstöðumann sinn, sem þá varð að orði: »Det kan nu være meget godt, men det beviser ingenting«. Eins get jeg nú sagt um hin óákveðnu og glamrandi orð h. framsögum.: þetta getur verið mikið gott, en það sannar ekki neitt. Eitt af því marga, sem h. framsögum. tók fram, en sem betra hefði verið ótalað, var það, að skipun landsstjórans væri skoðað sem sameiginlegt mál, og að umboð það, sem hann fengi, væri gefið honum af Danastjórn. Hann á því ekki að þurfa að vera háður íslenzkum lögum að þessu leyti. Jeg verð að segja, að það er sorglegt, að menn skuli dirfast að koma með slíkar fjarstæður, til að verja sig og skoðanir sínar, sem eigi eru skynsamlega hugsaðar. Einn h. þingd.m. hefir komið með breytingartillögu við breytingartillögu mína undir 2. tölulið, þar sem hann vill láta bæta aptan við greinina þessum orðum: »ráðgjafi Íslands hefir sem slíkur ekki sæti í ríkisráðinu«. Eptir minni skoðun á ráðgjafi Íslands alls ekki sæti í ríkisráðinu danska. Hann á að fjalla um Íslands sjerstöku mál, en þau heyra ekki undir ríkisráðið. Það er auðvitað, að hinir dönsku ráðgjafar mega, ef þeir vilja, spjalla um Íslands málefni í ríkisráðinu. Það getur enginn bannað þeim. Það má

jafnvel spjalla um þau í ríkisráði Englandsdrottningar, og í hverju ríkisráði, sem vera skal. En allt, sem einn ráðgjafi gjörir, það verður á hans eigin ábyrgð, en ekki hinna ráðgjafanna. Þessi viðaukatill. er þess vegna óþörf, en superflua non nocent, og þess vegna get jeg gengið inn á hana sem óþarfa, en óskaðlega.

Viðvíkjandi 1. breytingartill. minni, hefi jeg heyrt margar og misjafnar skoðanir. H. framsögum. sagði, að ef þessi breytingartillaga næði fram að ganga, þá væri þar með játað, að grundvallarlög Dana giltu fyrir Ísland, en hann gleymdi þá, eins og optar, að sanna orð sín.

Þá tók h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) sig til að reyna að hjálpa honum og sanna orð hans með því að vitna til fyrirlestra háskólakennara Matzens, þar sem hann drepur á stöðulögin. En ef hann vill bera fyrir sig skoðanir þessa háskólakennara í þessu efni, þá verður hann líka að fylgja honum út í æsar á skoðunum hans á sambandinu milli Íslands og Danmerkur. Hans skoðun er sú, að ríkisdagurinn hafi fullt vald yfir málefnum Íslands. Ef h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) vill ganga inn á þessa skoðun, þá verður hann um leið að ganga inn á þá skoðun, að Íslendingar, með því að taka á móti tillaginu úr ríkissjóði, hafi tekið við stöðulögunum. En þegar svo langt er komið, sje jeg ekki annað, en að þeir, sem fylgja h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) gegnum þykkt og þunnt, hljóti að hafa ástæðu, til að verða hnuggnari. Jeg verð að segja, að mig furðar á því, að h. þingd.m. skuli vera að halda þessari skoðun fram, sem Íslendingar aldrei hata viljað viðurkenna. *(Sk. Thor.:* Þetta er rangfærsla á orðum minum). Ef þetta er rangfærsla, þá verður h. þm. að játa, að skoðun próf. Matzens sje röng, en þá verður hann líka að ganga inn á skoðun Jóns sál. Sigurðssonar í þessu efni. Þar sem h. flutningsm. á þinginu 1883 tók upp tilvitnun til stöðulaganna, að því er snertir tillagið úr ríkissjóði, þá sýnir hann með því, að hann formlega viðurkennir gildi stöðulaganna, og hið sama hefur hann sýnt nú á þinginu, með því að taka tilvitnunina upp í frumv. um afnám hæstarjettar. Hvað skyldi þá vera á móti því, að taka einnig þessa tilvitnun upp í þetta stjórskrárfrumv. Jeg vildi óska, að þeir sem talað hafa um þetta mál, og látið í ljósi, að þeir hefðu ekki nægа þekkingu á þessu atriði, hefðu notað hinn langa tíma, sem þeir hafa haft til undirbúnings undir málið, til þess að kynna sjer þetta, því þá gætu þeir nú greitt atkvæði af þekkingu og sannfæringu, og þar sem þessi breytingartill. er eitt fet áfram, til að gjöra málið aðgengilegra fyrir stjórnina, þá verð jeg að segja, að það sje mikill ábyrgðarhluti fyrir þá þm., sem ekki skilja þetta, að segjast vera á móti því, af því þeir trúi h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.), þar sem hann eigi hefir fært nokkrar fullnægjandi ástæður fyrir því að taka tilvísunina ekki upp í frumv.

Jeg sagði í gær, að jeg vildi ekki gjöra harðar árásir á þær breytingartill., sem nefndin hafði gjört við frv. og framsögum. mælti með; en jeg get þó ekki leitt hjá mjer að minnast á breytingartillögu nefndarinnar við 17. gr. frv., þar sem hún segir: »Nú hefur alþingi ekki samþykkt fjárlög, eða þau hafa ekki náð staðfestingu, og gilda þá fjárlög þau, er þingið hefur síðast samþykkt«. Jeg verð að taka undir með þeim, sem mælt hafa á móti þessari breytingu, því að með henni er svo langt frá því, að tryggður sje fjárveitingarrjettur alþingis, að hann er miklu fremur skaðaður að stórum mun, því í

hvert skipti, sem ráðgjafi ræður konungi til að staðfesta ekki fjárlög þingsins, getur stjórnin notað fjárlög þau, sem síðasta alþing hefur samþykkt. Þannig geta sömu fjárlögin verið í gildi ár eptir ár, segjum 10 ár í röð. Þegar bent var á þetta í gær af einum h. þm., heyrði jeg, að h. framsögum. sagði lágt við sjálfan sig: »Þá koma ábyrgðarlögin«. En h. framsögum. verður að gæta að því, að það verður þó æfinlega álitamál, hvort þingið hafi búið til fjárlög, sem vert sje að staðfesta. Ef það skyldi verða dæmt af þeim, sem rjett hafa til að dæma um það, að fjárlög þingsins væru eigi takandi, þá getur stjórnin notað fjárlög þau, sem næsta þing á undan hefir samþykkt, og veitt hvað eptir annað þá styrki, sem alþingi hefir veitt á þeim fjárlögum. Ef t. d. hafa verið veittar 120000 kr. á síðustu fjárlögum til stofnunar ullarverksmiðju, þá gæti svo farið, að stofnendur ullarverksmiðjunnar fengju 120000 kr. árlega í 10 ár. Já, það er undarlegt, að þetta skuli geta komið fyrir, en þessi breytingartill. hefir í för með sjer furðanlega atburði. Slík ákvæði, sem hjer er farið fram á, eiga sjer hvergi stað í öllum heimi.

Þá skal jeg minnast með fáum orðum á ræðu h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.). Hann lýsti yfir því, að hann hefði, að mjer skildist, verið í klónum á mjer 1889, og gengið nauðugur inn á frumv. Nd. það ár. Um hið fyrra skal jeg eigi segja annað en það, að þar sem hann nú hefir gengið í hendur annara, þá ímynda jeg mjer, að hann hljóti einhvern tíma að viðurkenna, að seinni villan hafi þó verið verri hinni fyrri. Annars vissi jeg ekki betur, en að hann hefði gengið ónauðugur inn á allar breytingarnar, sem gjörðar voru 1889. Hann mun hafa samþykkt þær allar, nema ákvæðið um skilyrðislausan apturköllunarrjett. Jeg gjörði honum það þá til geðs að ganga inn á, að bætt yrði við orðunum: »Sakir sambands Íslands við Danmörku«. Jeg man það, að hann og h. framsögum. urðu þá báðir harla glaðir. En nú verð jeg aptur að álíta, að jeg hafi gjört misstig í því, að hverfa frá ákvæðinu um skilyrðislausan apturköllunarrjett. Eins og h. þm. Skagf. (Ól. Br.) tók fram, er ekki nema um tvennt að gjöra, annað hvort að fara með frv. út í yztu æsar, eða þá að laga það þannig, að von geti verið um, að það nái staðfestingu konungs. Jeg er þess vegna með ákvæðinu um skilyrðislausan apturköllunarrjett, því eins og jeg sagði áðan, verð jeg nú að játa, að jeg hafi gjört misstig með því, að ganga inn á samkomulag við h. 1. þm. Ísf. (S. St.) og fjelaga hans 1889. Jeg sje það nú, að það hefði verið rjettara, að fylgja ráðum þáverandi þm. S.-Múla. (J. Ól.), sem sagði hvað eptir annað: »Látum þá fara! Látum þá fara!« Hann hefir sjeð betur fram í tímann en jeg. Hann hefir þekkt mennina betur en jeg. Það sje honum sagt til hróss.

H. framsögum. (B. Sv.) og fleiri h. þingd.m., sem mikið hafa verið að tala um, að komast ætti á sátt og samkomulag í þessu máli, hafa þó verið að brúka orðin miðlunarmaður og samkomulagsmaður eins og niðrunarorð um mig og þá, sem eru á sama máli og jeg. Á þessu sjest það bezt, hver alvara þeim er í því að efla samkomulag og eindrægni í þessu máli. Eins fór h. flutningsm. (B. Sv.) að brúka orðið nýmælamaður sem niðrunarorð um mig, en þessi nýmæli, sem hann kennir við mig, voru samþykkt í einu hljóði í Nd. og með mörgum atkvæðum í Ed. 1889, svo þetta niðrunarorð getur ekki átt við mig einan, heldur við alla þá, sem samþykktu þessi nýmæli, sem hann talaði um. En

þar sem hann hefur kallað mig nýmælamann, þá vil jeg telja mjer það til hróss, að jeg hefi komið með skynsamleg nýmæli, er gefa ákveðna meining, í stað hinna óákveðnu og tvíræðu orða, eins og þessi: »konungur eða«.

Nú í dag á að greiða atkvæði um þetta mál, og eins og það var þýðingarmikið stig, sem stigið var áfram með frumv. 1889, eins geta menn nú í dag stigið til baka í þessu máli, komið því aptur í kútinn og flœkt það inn í glymjandi orð, sem almenningur ekki getur skilið, og falið það á vald og umsjón þess manns, sem aldrei hefir getað komið einu einasta máli fram, sem hann hefur barizt fyrir á alþingi, því það er öllum vitanlegt, að hin endurskoðaða stjórnarskrá 1885 og 1886 gekk ekki fram fyrir hans orð og tilstilli, heldur fyrir ráðdeild og dugnað hins þáverandi forseta (Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum), hvers mynd vjer sjáum hjer á veggnum, og fyrir ráð og viturleik annars h. manns á Norðurlandi (Ein. Ásmundss.), sem þá var á þingi, en fjell við kosningar nýlega, ekki fyrir rjettum ástæðum, heldur fyrir dylgjum og ósannindum, sem borin voru á borð fyrir kjósendurna, áður en kosningar fóru fram.

H. núverandi framsögumaður (B. Sv.) hefði aldrei fengið hina endurskoðuðu stjórnarskrá fram af eigin rammleik, því þó h. þm. Vestm. (I. E.) segði í gær, að h. framsögum. væri mestur mælskumaður hjer á þingi, þá er hann þó ekki mestur hyggindamaður. Það sem með þarf í hverju máli sem er, er hyggindi, en ekki orð. Þess vegna geta margir komið sínum málum fram, þó þeir tali ekki eitt einasta orð. En eins og hyggindi og kænsku þarf til að koma öðrum málum fram, eins þarf stjórn-kænsku til að hafa sitt fram í stjórnmálum. Hvernig nú fer um þetta mál, verður að miklu leyti komið undir nýjum þm., sem nú eiga sæti hjer í deildinni, en hafa ekki áður um það fjallað. Það verður því mikill þeirra ábyrgðarhluti, ef þeir nú hrinda málinu til baka, með því að fara eptir manni, sem hefir orð, en ekki hyggindi.

Skúli Thoroddsen: Umræður um þetta mál taka nú að lengjast, en engu að síður vil jeg en leyfa mjer að mæla nokkur orð.

Í gær urðu töluverðar umræður um málið, og þá hljómuðu einkum tvö orð frá vörum ýmsra þingmanna; það voru orðin stilling og samkomulag. Það eru fögur orð, en hjer virðist mjer, að sannazt hafi enn sem optar, að hægra er að kenna heilræðin en halda þau.

Jeg ætla það væri h. þm. S.-Múla. (L. Halld.), sem sagði í gær, að sjer virtist stillingin á förum hjer í deildinni. Mjer fyrir mitt leyti fannst allt ganga stillilega og friðsamlega hjer í deildinni í gær, nema helzt, ef vera skyldi, að ræða h. þm. S.-Múla. (L. H.) hefði gert nokkra undantekning, því að hún virtist mælt fram með nokkrum þótta og kala til málsins, en h. þm. er máske kaldlyndur.

H. þm. S.-Múla. (L. Halld.) og sjerstaklega þm. N.-Þing. (J. J.) töluðu í gær mikið um samkomulag og furðuðu sig á, að ekki skyldi hafa verið haldinn undirbúningsfundur í byrjun þings, til að leita samkomulags um stjórnarskrármálið. Það er mikið rjett, að þjóðin hefir óskað eptir samkomulagi á þingi, og hún hefir einnig bent á veginn til þess. Hún hefir óskað, að þm. sameinuðu sig um frumv. frá hinum fyrri þingum, en slægju stryki yfir alla »miðlunar-delluna«, ef jeg má svo að orði komast, frá 1889.

En hvað gerði þm. N.-Þing. (J. J.) og hinir aðrir »miðlunarmenn«, er þeir komu til þings, til þess að leita sam-

komulags? Jú, þeir leituðu samkomulags; en við hverja? Ekki við oss, sem halda viljum fram sjálfstjórnarrjetti Íslands, heldur við hina konungkjörnu þingmenn (*P. Br.:* Ósatt). Mótmæli þingm. Snæf. (P. Br.) sýna hans verri mann; það er ekki til nokkurs skapaðs hlutar fyrir hann að mótmæla því, sem allir vita, að hann og hans fjelagar gerðu samband við hina konungkjörnu um kosningarnar til efri deildar. Jeg vil, að þetta samhand sjáist í þingtíðindunum, því að jeg er viss um, að þessa samkomulags hefir þjóðin ekki æskt. Hvað þessir menn hafi hugsað sjer að vinna með þessu, skal jeg ekki dæma um, en hræddur er jeg um það, að sigurfrægðin verði lítil.

Þegar vjer nú sáum samband þessara andvígu flokka, þá leizt oss ekki á samkomulagið. En það hneykslar kannske h. þm. S.-Múl. (L. Halld.), að jeg þrátt fyrir ummæli hans í gær leyfi mjer að tala um andvíga flokka; en jeg hygg þó, að þeim orðum mínum megi finna stað, því hvenær hafa hinir konungkjörnu leitað samkomulags í þessu máli. Hafa þeir ekki þvert á móti æfinlega leitazt við að gera oss hinum þjóðkjörnu erfitt fyrir? Jeg skal játa það, að jeg má vera næsta skilningsdaufur, ef mjer skjátlast í þessu; en jeg ætla, að þingtíðindin sanni nokkuð sögu mína. En jeg skal sleppa þessu, en snúa mjer aptur að þeim umkvörtunum, að enginn undirbúningsfundur hafi verið haldinn, og vil jeg þá leyfa mjer að spyrja: Hafa ekki allir þingmenn stjórnlagalegan rjett til að koma fram með lagafrumv.? og því skyldi þá ekki mega gera það í þessu máli sem öðrum, án þess að halda undirbúningsfund?

Jeg kann og betur við opinberar umræður um þetta mál, sem þjóðin á kost á að kynna sjer, heldur en við hljóðskraf, enda þótt umræðurnar verði þá ef til vill heitari.

Breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.), sem valdið hafa mestum umræðum, urðu til á leynifundinum á Skálholtsstíg, sem engir nema fáir útvaldir áttu aðgang að. Þegar um þessar breyt.till. er að ræða, þá get jeg eigi að mjer gert að spyrja: Hvað hefir h. þm. Snæf. (P. Br.) gengið til að koma fram með þær? (*P. Br.:* Þm. gat spurt um það, áður en jeg varð »dauður«). Þingm. Snæf. (P. Br) getur þá svarað við 3. umr., og jeg vil vegna þessarar innskotsathugasemdar þm. Snæf. (P. Br.) skjóta því inn í ræðu mína, að þm. Snæf. (P. Br.) reyndi í gær með skilaboðum frá forseta að fá mig til að taka til máls, svo að jeg yrði »dauður«, því að hann langaði til að taka eigi til máls, fyr en jeg hefði úttalað (talað tvívegis) við þessa umræðu; en þenna greiða gat jeg þá eigi verið að gera þingmanninum.

En jeg endurtek spurninguna. Hvað hefir h. þm. Snæf. (P. Br.) getað gengið til að koma með þessar breyt.till.? Ef hann hefði komið hjer fram — eins og hann sjálfsagt vill — sem hreinskilinn, drenglundaður og einarður maður, þá hefði hann sjálfsagt komið fram með miðlunarfrumv. frá 1889, með því að kunnugt er, hvílíku ástfóstri hana hefir tekið við frumv.; þetta hefir hann eigi gert. En hvað vakir þá fyrir honum? Það vakir sjálfsagt fyrir honum að reyna nú að fara dálítinn hallveg eða krók, til þess að reyna að koma að sinni nýmæla- — eða ef honum er það ógeðfellt — sinni dansklyndis-pólitik. Jeg get ekki fundið samkvæmni hjá h. þm. Snæfell. (P. Br.) í þessari aðferð hans, og jeg finn hana heldur ekki í hinni, annari framkomu hans í þessu máli. Hann kritiserar frumv. 1887, eins og

hann hafi ekki samþykkt það áður. *(P. Br.:* Það var af fljótfærni, jeg var nýr þm.). Jeg vil ráðleggja h. þm. (P. Br.) að sleppa fljótfærninni og reyna að vera gætinn; þegar hann situr á löggjafarþingi sem fulltrúi þjóðar sinnar, þá á fljótfærnin þar ekki heima *(P. Br.:* Þetta er 1. þing ræðum.). Það er satt, en jeg ætla að reyna að segja ekki neitt, sem jeg þurfi að gleypa ofan í mig 2—3 árum síðar.

Það sem jeg einkum er mótfallinn í breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.) er fyrst og fremst tilvísun til stöðulaganna, en jeg verð að biðja h. þingmenn að virða mjer til vorkunnar, þó jeg fari að þreytast að ræða þetta mál við h. þm. Snæf. (P. Br.), því að það virðist fullreynt, að það sje hverjum manni ofætlun, að ætla sjer að reyna að skerpa skilning hans. Hann rjeð mönnum til í hinni síðustu ræðu sinni að varast villukenningu mína í þessu efni. Jeg vil ekki keppa við hinn h. þm. Snæf. (P. Br.) um lagaþekkingu, því að hann hefir stúderað árunum lengur en jeg, og enda með styrk af landsfje, en jeg held, að mín skýring muni varla velta á mótbárum hans, þegar um stöðulögin er að ræða.

H. þm. Snæf. (P. Br.) gerði einnig athugasemd um tillagið úr ríkissjóði í sambandi við tilvísun til stöðulaganna, en hvernig getur h. þm. blandað þessu tvennu saman? (P. Br.: Hvað eiga þessar spurningar að þýða?). Já, jeg veit, að h. þm. vill helzt ekki, að minnzt sje á ræður hans, enda þola þær það ekki vel. Hvernig getum vjer skaðast á að þiggja tillagið úr ríkissjóði? H. þingm. Snæf. (P. Br.) nefndi líka hæstarrjettarfrumv. og ósamkvæmni þá, er í því lægi að vitna þar til stöðulaganna, en hvaða hætta er þar á ferðum? Sú tilvísun getur ekki dregið annan dilk eptir sjer, en að vjer fáum hæstarjett inn í landið.

Mjer þótti vænt um eitt atriðið í ræðu h. þm. Snæf. (P. Br.), af því að það skýrir svo vel breyt.till. hans og sýnir, að andinn lifir æ hinn sami; hann heldur enn fram hinni sömu miðlunarstefnu og kom fram í frumv. efri deildar 1889, þeirri stefnu, að framkvæmdarvaldið og öll fullnaðarúrslit vorra sjerstöku löggjafarmála skuli vera í Danmörku; þessari stefnu hefir h. þm. fylgt fram með elju og dugnaði síðan í hitt eð fyrra, þrátt fyrir mótmæli og ofanígjöf allmargra kjósenda sinna. Þetta atriði í ræðu h. þm. Snæf. (P. Br.) er ummæli hans um apturköllunarrjettinn; hann vildi, að hin danska stjórn hefði skilyrðislausan apturköllunarrjett *(P. Br.:* Ósatt). Jeg vona, að skrifararnir hafi tekið eptir þessu, því jeg vil, að það berist til eyrna hinnar íslenzku þjóðar, því ekkert liggur fjær hugsunarhætti Íslendinga en þetta. Ef h. þm. Snæf. (P. Br.) hefir ekki betra að bjóða, þá er honum bezt að stinga höndunum í vasana og hypja sig burt úr þessu löggjafarvafstri.

Jeg verð enn að minnast á nokkur orð h. þm. Snæf. (P. Br.), þó honum þyki það leiðinlegt. Hann sagði að frv. nefndarinnar væri að miklu leyti glymjandi orð, sem almenningur ekki skildi. Jeg mótmæli því, að þetta geti betur átt við frumv. nefndarinnar en við breyt.till. hans, og h. þm. hefir þangað til 1889 sjálfur verið einn í tölu þessa almennings, sem ekki skilur, þó hann kannske nú þykist hafa fengið »meiri og betri þekking«.

Apturköllunarrjetturinn og sæti ráðgjafans í Kaupmannahöfn eru hin viðsjáverðustu ákvæði í breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.), en þar er þó apturköllunarrjetturinn að eins látinn ná til

þeirra laga, «er þykja viðsjáverð sakir sambands Íslands við Danmörku«. Hjer virðist mjer enn koma fram hinn sami skortur á hreinskilni og í annari framkomu h. þm. Hvers vegna setti hann ekki í breyt.till. sína hjartans ósk, skilyrðislausan apturköllunarrjett? (*P. Br.:* Vegna 1. þm. Ísf. [S. Stef.]). Ekki batt þm. Ísf. hendurnar á þingm. Snæf. (P. Br.) á Skálholtsstíg (*P. Br.:* Ósatt). Sá fjelagi h. þm. Snæf. (Jón Ól.), sem leiddi hann á glapstigu í þessu máli, hefir skýrt þessi orð þannig, að með þeim sje eiginlega meintur skilyrðislaus apturköllunarrjettur.

H. þm. Skagf. (Ól. Br.) var í gær á alveg sama máli og h. þm. Snæf. (P. Br.), að skilyrðislaus apturköllunarrjettur væri hið einasta rjetta. Með þessu er því enn betur slegið föstu, hvað vakir fyrir þessum herrum og býr undir hjá þeim, og vona jeg, að landsmenn sjái það nú ljóslega. (*P. Br.:* Konungur eða landsstjóri). H. þm. Snæf. mælist til, að jeg skýri fyrir sjer, hvað meint sje með orðunum »konungur eða landstjóri«. Það ætti reyndar ekki að þurfa að skýra þetta fyrir honum, þar eð hann hefir sjálfur tekið þátt í því að semja og samþykkja þessi sömu orð »konungur eða landsstjóri« í frv. 1887, en jeg vil samt gera það þingmanninum til geðs að skýra þessi hans eigin orð. Meiningin er, að öll stjórnarathöfnin fari fram með hluttöku og á ábyrgð hinna innlendu ráðherra, hvort sem »konungur eða landsstjóri« staðfestir lögin; »konungur« er sett fyrir kurteisis sakir; ef konungur t. d. er hjer á ferð, þá er óviðkunnanlegt, að hann skuli ekki mega undirskrifa lögin, og sama er að segja um einstöku mikilsvarðandi málefni; þegar um þau er að ræða, gæti konungur boðað innlendan ráðgjafa á sinn fund, en það mundi ekki koma opt fyrir, enda skiptir það minnstu hvar lögin eru staðfest, ef innlendir ráðherrar bera ábyrgðina. (*P. Br.:* Sama má segja um hitt frumv.). Jeg fer bráðum að þreytast á samræðum og kýtingi h. þm. Snæf.; en þó skal jeg minna hann á það, að milli frumv. nefndarinnar og breyt.till. þm. Snæf. er sá mikli munur, að eptir frumv. hans fer stjórnarathöfnin fram á ábyrgð ráðherra í Danmörku, en ekki ábyrgð innlendu ráðherranna eingöngu, og að mál vor verða lögð undir ríkisráð Dana, en ekki eingöngu rædd í landsráðinu, eins og frumv. vort fer fram á.

H. þm. S.-Múl. (L. Halld.) talaði um það í gær, að það væri hverflyndi, ef þeir menn, sem greiddu atkvæði með frumv. neðri deildar 1889, samþykktu nú ekki breytingartill. h. þm. Snæf. (*L. Halldórsson:* Ekki voru það mín orð). Jæja, ef h. þm. S.-Múl vill ekki kannast við orð sín, þá nær þetta ekki lengra.

Það hefir einnig komið fram breyt.till., sem fer fram á að hafa einungis eina málstofu á þingi, og er nefndin þessari tillögu mótfallin. Fyrir mjer vakti það, að vjer megum ekki vera að sífelldum breytingum í þessu máli, enda þótt sumar þeirra virðist heppilegar og æskilegar í sjálfu sjer; í stjórnarskrárbaráttu vorri hygg jeg, að það verði heppilegasti vegurinn, að reyna að sýna sem mesta festu, enda hefir mótstöðumönnum málsins orðið matur úr þessum smábreytingum. Það má lengi þrátta um ýms atriði, en aðalatriðið, sem mest um varðar, er innlend stjórn, og hana eigum vjer fyrst að reyna að fá. Þegar það er fengið, eru vonandi hægri heimatökin, Þessi sömu andmæli eiga einnig við breyt.till h. þm. S.-Múl. (L. Hald.), sem fer fram á, að hin evangilisk-lútherska kirkja skuli ekki framar vera þjóðkirkja. H. þm. S.-Múl. sagði, að heyrzt hefðu hjer í

deildinni raddir, sem væru hlynntar fullum aðskilnaði ríkis og kirkju, og jeg játa, að það getur miðað til mín, því að jeg er því máli hlynntur; en jeg er á þeirri skoðun, að málið sje enn ekki nægilega hugsað eða þjóðinni svo kunnugt, að enn sje kominn tími til að hreyfa þessu máli, og vil jeg því fara gætilega að því. Jeg get heldur ekki betur sjeð, en að ákvæðin í frumv. um þetta sjeu nægilega tryggjandi. Vjer getum þannig án þess að breyta stjórnarskránni breytt þeirri vernd, er kjóðkirkjunni er heimiluð í henni. Vjer getum gert hana meiri, en vjer getum einnig gert hana minni, já því nær enga, ef það er samkvæmt hugsunarhætti þjóðarinnar *(L. Hald.:* En þó verður hún alltaf þjóðkirkja).

Jeg þykist nú hafa minnzt nokkuð á þetta mál. Vil jeg svo að endingu ráða mönnum frá að samþykkja breyt.-till. h. þm. Snæf. (P. Br.). Mjer virðast þær ganga í þá átt sem hann sagði: Háttv. efri deild, og sjerstaklega háttv. 6. konugkj. þingm.! Við höfum nú með þessu myndað dálitla glufu, sem smeygja má í fleyg. Reynið nú, háttv. herra, að fara aptur í smiðju, eins og þjer gerðuð 1889, og smíðið oss nýjan fleyg, til þess að vekja enn meiri sundrung og splundran en nokkru sinni fyr í stjórnarskipunarmáli Íslands.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal ekki lengja mikið umræður, en snúa mjer einkum að h. þm. Snæf. (P. Br.); hann og fleiri hafa álasað oss flutningsmönnum málsins fyrir það að vjer skyldum hafa komið með það inn á þing í sumar. En því svara jeg svo, að til þessa höfðum við fulla heimild og meira að segja töldum það skyldu okkar, þrátt fyrir það þótt þm. Snæf. (P. Br.) kunni að hafa líkað það ver. Að vísu þóttumst við sjá á því, að málið mundi vart komast út úr þinginu að þessu sinni.

H. þm. Snæf. (P. Br.) og hans fylgifiskum tókst að kjósa þannig til efri deildar í byrjun þessa þings, að þeir geta verið þess næstum fullöruggir, að hvorki þetta nje önnur hin mestu áhugamál þjóðarinnar muni komast lengra áleiðis en að eins gegnum þessa deild. Eigi að síður áleit jeg það skyldu mína að koma þessu brennanda áhugamáli þjóðarinnar inn á þingið. Við flutningsmenn höfum gjört það sem í okkar valdi stóð með því, og með því að reyna að greiða því götu; ábyrgðin hvílir á hinum, sem spyrna á móti framgangi málsins á þessu þingi. Mig furðar mest á, að h. þm. Snæf. (P. Br.) skuli finna frumv. 1887 jafnmikið til foráttu og hann gjörir. Hann var þó annarar skoðunar um það 1887; skal jeg með leyfi h. forseta lesa upp nokkur orð, er sýna þetta. Í áliti nefndar þeirrar er kosin var í stjórnarskrármálinu 1887 stendur: »Það má svo að orði kveða, að frumv. það, sem hjer ræðir um, sje hið sama sem það, er samþykkt var á alþingi 1885 og 1886. Að vísu hafa nokkrar breytingar verið gjörðar á einstöku greinum frumvarpsins. En þegar þessar breytingar eru nákvæmlega athugaðar, verður það ljóst, að þær alls ekki hagga eða breyta meginsetningum frumv., heldur miða miklu fremur til að gera þær ljósari, ákveðnari og sjálfum sjer samkvæmari«. Undir þessi orð hefir h. þm. Snæf. (P. Br.) sjálfur skrifað 1887, þótt hann nú vilji ganga frá þeim, en hafi hann skrifað undir þau í blindni og af fljótfærni, þá kenni hann sjálfum sjer um. En þetta sama frv. segir hann nú að gjöri stórar breytingar á frumv. 1885 og 1886 *(P. Br.:* Jeg hef hvergi sagt, að það væru orðabreytingar tómar). Þetta sýnir í hvílíkar ó-

göngur h. þm. (P. Br.) er kominn, er hann verður að ganga frá prentuðum skjölum og skilríkjum í málinu með hans eiginhandar nafni, til þess að halda sjer uppi.

Þm. Snæf. sagði, að hinir dönsku ráðgjafar mættu fjalla um mál Íslands í ríkisráðinu, ef þeir vildu; en til hvers eiga þeir að fjalla um þau, ef þeir ekki mega ráða þeim til lykta? Þótt þingm. Snæf. segi, að ráðgjafi sá, er breyt.till. hans fer fram á, að skipaður verði í Danmörku, eigi ekki að sitja í ríkisráðinu, þá hefir hann ekki minnstu tryggingu fyrir því, að svo verði. Það er hvergi sagt í hinni núgildandi stjórnarskrá, að ráðgjafi Íslands eigi að sitja í ríkisráði Dana, og Íslendingar hafa fyr og síðar mótmælt því, en þó situr þessi ráðgjafi þar eptir sem áður, og getur setið þar um aldur og æfi þrátt fyrir breyt.till. þm. Snæf. (P. Br.) og lögskýring. Þetta fyrirkomulag taldi þm. Snæf. mjög óhagkvæmt fyrir Ísland, á meðan hann var með sjálfum sjer, þótt hann segi, að sjer standi á sama, þótt Íslands mál sjeu rædd í ríkisráðinu danska. Mikil eru umskiptin, og ekki trúi jeg því, að nokkrum öðrum Íslendingi standi það á sama.

Stjórnarskrá sú, sem h. þm. (P. Br.) vill fá framgengt, gefur enga minnstu trygging fyrir því, að þessi ráðgjafi hans beri nokkra ábyrgð fyrir Íslendingum og alþingi Íslendinga; svo er um hnútana búið. *(P. Br.:* Þetta hefir þingm. sjálfur samþykkt). Jeg gjörði grein fyrir því í gær, hvernig á því stóð. En það var langt frá því, að jeg lenti í klónum á h. þm. (P. Br.) eða hann gengi mjer í greipar; það var ofmikið djúp staðfest milli okkar 1889 í þessu máli til þess. Ákvæðunum um apturköllunarrjettinn, sem þm. Snæf. (P. Br.) hefir nú tekið upp úr frumv. Nd. 1889, hefir vinur hans, fyrv. þm. Suður-Múlasýslu, úthúðað á allar lundir og talið þau miklu verri en ákvæði Ed. frumv. 1889 um ótakmarkaðan apturköllunarrjett; hann kallaði þau veikt hálmstrá, er sálin í mjer hefði hoppað eptir í meiri hlutanum í utanþingsnefndinni 1889; en þetta veika hálmstrá er nú orðinn sterkasti máttarviðurinn í stjórnarskrábyggingu h. þm. (P. Br.) á þessu þingi og sannast hjer sem optar, að skammt er öfganna á milli. Það sem stjórnvitringurinn, fyrverandi þm. Suður-Múlasýslu (Jón Ól.), telur óhafandi árið 1890, það telur fjelagi hans þm. Snæf. svo mikla bót á stjórnarskrárfrumv. 1891, að hann ætlar að ganga af göflunum, ef því er andæpt. Jeg tók það fram í gær, að það sem jeg gjörði 1889, það gjörði jeg til þess, að h. þm. (P. Br.) og þáverandi þm. Suður-Múlasýslu (J. Ó.) tækist ekki að eyðileggja málið alveg, áður en það kæmist inn á þing. Jeg skal svo ekki tala meir um apturköllunarrjettinn; h. þm. Eyf. (S. Th.) hefir svo rækilega gjört það. En eitt furðar mig: mig furðar, að h. þm. (P. Br.) skyldi ekki hreint og beint koma hjer inn í deildina með frumv. Ed. 1889, þetta frumv., sem hann þá tók svo miklu ástfóstri við, að hann síðan hefir gengið berserksgang móti bæði mjer og öðrum, sem hafa andæpt því. Það væri nokkru nær fyrir hann að koma með þetta frumv., heldur en að vera að taka ákvæði upp úr frumv. Nd. 1889, sem hann þá algerlega gekk frá, þvert ofan í vilja margra meðdeildarmanna sinna og þvert á móti óskum og vilja þjóðarinnar í þessu máli. Þm. (P. Br.) vill þó líklega ekki, að heimfært verði upp á hann og þessar breyt.till. hans, að rakkinn hverfi aptur til spýjunnar og þvegið svín til leirveltunnar.

Viðvíkjandi ræðu h. þm. N.-Þing. (J. J.) tek jeg það fram, að jeg mótmæli þeim ummælum hans, að jeg hafi spillt

því, að samkomulag næðist milli þm. í þessu máli. Jeg veit heldur ekki, hvað þm. meinar með fataskiptum þeim, er hann var að tala um, að þingm. hefðu haft í þessu máli, líklega minni hlutinn í stjórnarskrármálinu 1889. Jeg þekki engin slík fataskipti; hann var þar með oss þingmenn í ókunnum regiónum, en jeg þekki önnur fataskipti og með leyfi h. forseta skal jeg segja sögu um þau fataskipti; jeg lofa því að hún skal vera örstutt, miklu styttri en sú langa saga, sem þm. N.-Þing (J. J.) þuldi yfir okkur í gær.

Sagan er þannig:

Það var hjerna um árið, þegar þjóðliðshreyfingin mikla var á Norðurlandi, að einn ungur og efnilegur maður þótti bera af flestum öðrum þjóðliðum, og voru þar þó margir röskir drengir. Þessi maður þótti öðrum fremur líklegur til að verja frelsi fósturjarðarinnar og leysa hana úr margra ára áþján; hann var sem tindrandi stjarna á þjóðfrelsishimninum í Mývatnssveit. Hann talaði svo fagurlega um jafnrjetti, sameign, þjóðfrelsi, stjórnfrelsi og sjerstaklega um suspensivt veto, og hann reif niður gamlar og úreltar kenningar um trú og kristindóm, og kvað það hindurvitni eins og Keldhverfingar höfðu fyrir löngu sýnt. Bændur hlustuðu agndofa á ræður hans, og ómur orða hans gekk sem þungur undirölduniður sunnan frá Vöðlaheiði og norður á Melrakkasljettu. — Svo var hann kosinn á þing. — Það var fögur sjón, þegar hann reið úr hjeraði í splunkurnýjum þjóðliðsfötum á gammvökrum þjóðliðsstríðshesti og með spánýjan þjóðfrelsis-blánkhatt á höfðinu, alsettan blóðrauðum fjöðrum, — það voru jafnrjettis, þjóðfrelsis og suspensivs vetos fjaðrir, sem blöktu svo fagurlega fyrir þjóðfrelsisvindinum, og bændur stóðu berhöfðaðir í bæjardyrunum og hneigðu sig í auðmýkt andans, segjandi: hvílíkur maður! Þessi lætur nú ekki dönsku stjórnina mokka sig. — Hann kom á þing; fjaðrakamburinn á þjóðliðshattinum reisti sig, eins og kambur á gömlum hana, móti öllum nóvemkreddum dönsku stjórnarinnar, og svona liðu tvö þing. En þá fóru bændur í hjeraði að taka eptir því, að þjóðliðsfötin voru óðum að upplitast; það fóru að koma í þau hvítir blettir, og eptir fyrsta þingið voru allar vetofjaðrirnar dottnar af hattinum. — En nú kom þriðja þing, og þegar hann kom af því, brá bændunum heldur en ekki í brún; hann var búinn að hafa alfataskipti, en hann var ekki í nýjum þjóðliðsfötum, heldur á snjóhvítum og lússlitnum strigafötum vestan úr Canada; hafði gamall Alaska-fari troðið honum í þessa »munderingu«, og það sem út yfir tók, hann var búinn að týna þjóðliðshattinum, en hafði á höfðinu gula miðlunarnátthúfu, sem þáverandi þm. Snæf. (P. Br.) hafði keyrt á höfuð honum, en húfuna hafði hann fengið hjá konungkjörnum »gentilmanni«. — Þessum fataskiptum undu bændur mjög illa, og svo fór, að beztu menn í hjeraði, eitthvað um þrjátíu, skoruðu á þennan nátthúfuþjóðliða, að gjöra hvorki sjer nje þeim þá minnkun, að ríða svona klæddur aptur til þings. Þjóðliðinn varð bæði hryggur og reiður við þessi tíðindi, því að hann hafði tekið ástfóstri við nátthúfuna, en þó fóru svo leikar, að hann á allsherjarþingi lofaði því með dýrum eiði, að setja aldrei upp þessa miðlunarhúfu, og fara aldrei í canadisku larfana, ef þeir lofuðu sjer á þing. Að þessu gengu bændur, þvoðu honum um höfuðið og settu á hann gamlan þjóðliðshatt, sem þeir kváðu mundu duga þetta eina þing, er hann ætti eptir að vera á, — og hann reið til þings, en enginn bóndi stóð berhöfðaður í bæjardyrunum eins og áður.

Þetta er sagan, sem jeg ætlaði að

segja, og þarna sjá menn greinilega fataskipti.

Já, því miður eru nú umskipti orðin í þessu máli; áður ríkti eining í því, en nú er sundrung á komin. Áður stóð þessi h. þingd. sem einn maður gagnvart fulltrúa stjórnarinnar, en nú deila þingm. innbyrðis, svo að hæstv. landsh. þykir ekki einu sinni þörf að taka til máls, enda lítur svo út, sem hann hafi fengið umboðsmann hjer í deildinni til að tala máli stjórnarinnar. Reyndar veit jeg, að hæstv. landsh. hefir ekki leitað liðs hjá þessum talsmanni, heldur hefir hann gefið sig fram sjálfkrafa. (*Landsh.:* Hver er það?). Það er h. þm. Snæf. (P. Br.). Hann hefir komið fram með allar nóvemberkreddurnar, sem danska stjórnin hefir ár eptir ár barizt með gegn máli þessu, og reynt að verja þær — auðvitað hefir vörnin tekizt stórum ver en hjá hæstv. landsh., því ein mótsögnin hefir fylgt annari í allri ræðu þm. Snæf. (P. Br.); en hann hefir samt sem áður sýnt svo góðan vilja á því, að vera talsmaður stjórnarinnar, að jeg get ekki annað skilið, en að stjórnin virði viljann fyrir verkið, sýni honum viðurkenningu fyrir það og launi honum fyr eða síðar dygga fylgd. (*P. Br.:* Rógur). Hjer er sú sorglega breyting komin á málið, að einn þjóðkjörinn þingmaður hefir gengið undan merkjum, og stendur nú alveg í sömu sporum sem fulltrúi stjórnarinnar hefir staðið að undanförnu gagnvart þessari h. þingd.

Ólafur Briem: Þegar jeg tók til máls í gær, gleymdi jeg að minnast á eitt atriði í ræðu h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.). Hann sagði, að í þessu máli bæri ekki að taka tillit til nema eins, nefnilega óska þjóðarinnar. En jeg verð að álíta að þetta mál sje samningsmál milli tveggja hlutaðeigenda, þjóðarinnar og stjórnarinnar. Jeg vildi því vita, hvort h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) heldur fast við þessa setningu sína, eða hvernig hann hugsar sjer að verja hana. Mjer finnst ekki betur, en þegar menn vilja ekki taka tillit nema til eins og vilja fá þessu eina framgengt, að þá þurfi einhver vegur að vera til þess, annaðhvort þurfa menn að hafa einhvern dómstól til að dæma sjer þetta eina, eða þá mátt til að ná því með valdi. Hann tók ekki fram, hvort hann vildi heldur leita til dómstóls eða beita valdi. Og hvað hann vill í þessu efni, skil jeg ekki, meðan hann ekki útlistar það. (*Sk. Th.:* Það fer eptir því, hvernig á stendur). Hann tók fram í síðustu ræðu, í dag, að aðalatriðið væri að fá stjórnina inn í landið; en hvaða vegur er til þess? Er þá sá vegur beztur til þess, að berja fram blákalt það fyrirkomulag á innlendu stjórninni, sem álízt bæði óaðgengilegt og lítt hafandi, þó það kæmist á. Er ekki betri sá vegur, að reyna að semja um það, sem líkindi eru til, að geti gengið fram?

H. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) hjelt því fram, að ekki þyrfti neinn Íslands ráðgjafa í Kaupmannahöfn, en þá vantar að gjöra grein fyrir, hvaða liður ætti að vera milli hinnar innlendu stjórnar og konungs. Hann sagði reyndar, að ekki kæmi til þess, að undirskript konungs væri nauðsynleg, nema þegar hann væri staddur hjer eða þegar honum væri sjerstaklega annt um eitthvert mál. Hver eru þá takmörkin þar á milli? Getur maður sagt, að konungi sje annara um þetta mál en hitt? Getur maður ekki eins búizt við, að honum sje annt um öll landsmál, sem undir hann eru borin?

En eptir því sem h. framsögumanni (B. Sv.) fórust orð í gær gegn þm. S.-Múl. (L. H.), þá fannst mjer vera á honum meira en litlar vöflur viðvíkjandi afskiptum konungs af íslenzkum mál-

um. Í öðru orðinu sagði hann t. d., að skipun landsstjórans væri sameiginlegt mál, að konungur gæti skipað hann og vikið honum frá völdum með einhverjum af dönsku ráðgjöfunum. En í annari andránni hjelt hann því fram, að konungur væri alveg sjálfráður um það, hvern ráðgjafa hann tæki sjer til að fjalla um íslenzk mál, þannig að það lægi fyrir utan stjórnarskrána að gjöra ráð fyrir slíkum ráðgjafa, eða setja reglur um ábyrgð hans. En hvað hann þykist vinna við að gjöra þennan Íslands ráðgjafa í Kaupmannahöfn ábyrgðarlausan, get jeg ekki vel skilið.

Svo framarlega, sem þetta frumv., eins og það er á sig komið, ætti að vera síðasta orðið frá íslenzku þjóðinni í þessu máli, gæti víst fáum blandazt hugur um, að það væri komið í fullkomlegt óefni. En þó nú talsvert margir sjeu fylgjandi þessu frumv. alveg óbreyttu, án þess að vilja heyra nefnt neitt annað fyrirkomulag, en þar er farið fram á, þá treysti jeg því, að menn síðar meir sjái fram á, að hjer er ekki einhlítt ofurkappið, og sannfærist um, að kapp sje bezt með forsjá. Það er sú mikla vöntun, sem hjer bagar, að stjórnin lætur ekki til sín heyra og hefir ekki látið í ljósi, hverjum kostum hún vill taka. Þingið getur ekki komið neinu fram, sem þýðing eða árangur hafi, fyrr en það veit, hvað þarf til að vinna, til að fá framgengt þeim endurbótum á stjórnarfyrirkomulaginu, sem mestu varða. En það lítur út fyrir, að flutningsm. og þeirra fylgismenn vilji ekkert til vinna, til að fá máli sínu framgengt. En þó er það sannarlega víst, að svo miklu leyti, sem jeg þekki vilja þjóðarinnar, að hún vill mikið til vinna, eða með öðrum orðum, þjóðin vill slá miklu af sínum fyllstu óskum og kröfum, til þess að fá stjórnina endurbætta í þeim atriðum, sem henni liggja mest á hjarta.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing.): Áður en atkvæðagreiðsla fer fram í þessu stórmáli, vildi jeg leyfa mjer að vekja enn athygli á því, að sú skoðun, sem vjer höldum fram, að þetta frumv. — frumv. frá 1887 — sje ekki allskostar gott eða fullnægjandi, hefir áður komið fram allgreinilega. Einn mjög mikilsverður þm. og sem allir munu vilja meta nokkurs, sá þingmaður, sem nú er forseti þessarar h. deildar, fann ýmislegt að þessu frumv., þá er það var hjer til meðferðar 1887. Hann lýsti þá yfir því, að hann væri alls ekki ánægður með frv., og að því er snertir breytingar þær, sem gjörðar voru við frumv. frá 1885 og 1886, sagði hann, að því hefði ekki verið breytt þar, sem helzt hefði þurft breytinga við. Enn fremur sagði hann um hina endurskoðuðu stjórnarskrá: »Frumv. hefir verulega galla«, og ennfremur: »Stjórnin hafði ástæðu til að segja nei við henni«. Jeg bið h. þingmenn að taka vel eptir því, að hann sagði, að stjórnin hefði haft ástæðu til að neita hinni endurskoðuðu stjórnarskrá um staðfestingu.

H. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) brá mjer og fleirum hjer í þingdeildinni um það, að vjer, í staðinn fyrir að vinna að samkomulagi milli vor og annara þjóðkjörinna þm., hefðum gjört samkomulag við hina konungkjörnu þm. í efri deild í þessu máli. Þetta segir h. þm. fullkomlega ósatt, að því sem mig snertir. Jeg hefi aldrei leitað samkomulags við h. konungkjörnu þingmenn; en þó þjóðkjörnir þingmenn gjöri samkomulag við hina konungkjörnu þingmenn, þá geta þeir í mörgum tilfellum verið vel þekktir fyrir að gjöra það; það er engin óhæfa. H. þm. sagði ennfremur, að allir þingmenn hefðu rjett til að bera

frumv. upp á alþingi, og þá einnig stjórnarskipunarlagafrumv. Þetta er alveg rjett, en jeg vil þá líka bæta því við, að hver þingm. hefir rjett til að bera fram breytingartillögur og viðaukatillögur við frumv., sem komin eru til þings. Þetta vona jeg, að h. þm. játi. Þegar nú h. flutningsmenn komu með þetta frumv. inn á þingið, þannig undirbúið og án þess að leita álits annara eða reyna samkomulagsleiðina, en öllum var annars vegar kunnug sundrungin, hvað var eðlilegra, en að breytingartillögur kæmu fram við það? Hvað var þá eðlilegra, en að breytingartillögurnar yrðu margar og mikilverðar, og að umræðurnar um málið yrðu bæði langar og harðar? Hvað var eðlilegra, en að sundrungin, sem allir láta í veðri vaka, að þeir vilji eyða, yrði með þessari aðferð meiri en nokkurn tíma áður? Jeg verð að leggja mikla áherzlu á þetta atriði, því ef að flutningsm. hefðu viljað koma sjer saman við aðra þingdm., sem ljetu sjer annt um þetta mál, þá hefði það ekki leitt til slíkra umr., sem fram hafa farið í gær og í dag. (*B. Sv.:* Hver ber ábyrgðina á þessum umræðum?). Það er auðvitað, að ábyrgðin hvílir á hverjum einstökum þingmanni, sem talar, ábyrgð á því, einmitt því, sem hann talar, en einkum og sjer í lagi lendir hún á þeim, sem gefa tilefnið til þess, að umræðurnar verða einmitt svona.

H. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) minntist á breytingartillögur mínar og tveggja annara h. þm. um, að nema úr frumv. greinina um það, að hin evangeliska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja landsins, og fleira þar að lútandi; en þó h. þm. sje, eins og allir vita, hlynntur fullkomnu trúarfrelsi, þá gat hann þó eigi aðhyllzt þessa breytingu, eptir því sem hann sagði, af þeirri ástæðu, að þjóðin væri ekki undir þessa breytingu búin. Þetta furðar mig stórlega á að heyra af munni h. 1. þm. Eyfirðinga. Jeg bjóst ekki við því, að hann mundi segja, að menn ættu að bíða og bíða, og að tíminn væri enn ekki kominn, þegar um frelsi og rjettindi væri að ræða.

H. 1. þm. Ísf. (S. St.) skal jeg ekki svara miklu. Jeg kann ekki að tala í gamni, og vil ekki tala með ljettúð á þessari alvörustund um þetta vort alvarlegasta mál. Það hafa víst flestir hjer í þingdeildinni vitað, áður en hann kom með sögu sína, að hann var skáld. Munurinn á sögu minni í gær, og hans áðan, var líka sá, að mín saga var *sönn*, en hans var *skáldsaga*. Hitt hafa víst ekki allir vitað, að h. þm. notaði þann tíma, sem ætlaður er til að vinna að velferð og framförum vorrar niðurlægðu þjóðar, og sem hann er skyldur að vinna að af fremsta megni, að hann notaði þann tíma til þess að búa til skáldsögur. En nú vitum vjer það, og allir þeir mörgu áheyrendur hafa heyrt það, og innan skamms veit öll þjóðin það.

Að því leyti sem skáldsaga hans stefndi að mjer og þeim atburðum, sem jeg hefi verið riðinn við, þá var hún eintómar ýkjur og ósannindi. (*S. St.:* Tekur þm. að sjer það, sem jeg sagði?). Sagan var þannig, að varla var hægt um að villast; hann nefndi svo marga staði og einstaka atburði, sem að því lutu; en ef hann vill lýsa yfir, að hann hafi ekki meint til mín, þá sezt jeg náttúrlega niður. Þingmaðurinn þegir; hann vill ekki lýsa yfir því. — Já, það er nú ekki gaman eða fremdarlegt, að ganga með gamlan og rifinn »þjóðfrelsishatt«, en heldur kýs jeg þó þann höfuðbúnað, en þann fína og gljáandi hræsninnar hatt og ófrjálslyndisins hatt, sem stundum ber fyrir augu vor, og sem h. 1. þm. Ísf. (S. St.) ósjaldan bregður upp á sig.

Jeg býst við að það sje satt, sem

þingmaðurinn benti til, að þetta mundi verða hið síðasta þing, er jeg ætti sæti á, enda mun jeg ekki sækjast eptir því; en þótt jeg vildi, get jeg búizt við, að jeg ekki næði kosningu. Þessu tafli er þannig háttað. — Hjer er teflt með tilfinningar og vilja almennings. — Það er þungbært og átakanlegt að sjá það og vita, að ýmsir menn gjöra það sjálfum sjer til lofs og dýrðar, að tefla um tilfinningar og skoðanir þjóðarinnar, draga þær ýmist til þessarar hliðar eða hinnar, og þykjast miklir menn af. — Jeg kann ekki að gjöra að gamni mínu eins og jeg sagði áðan; og nú þegar jeg tala mín síðustu orð á þessum stað um þetta mál, um stjórnarskipunarmál Íslands, þá er mjer ekki gaman eða ljettúð í hug.

Landshöfðingi: Af því að einstakir þingmenn, og nú síðast h. 1. þm. Ísf. (S. St.), hafa furðað sig á því og jafnvel komið með ýmsar getgátur um, hvers vegna jeg hafi ekki tekið til máls í þessu máli, þá stend jeg nú upp að eins til að gera grein fyrir, hvers vegna það sje.

Jeg skal þá í fyrsta lagi minna á það, að h. framsögum. (B. Sv.) tók það fram við 1. umr. þessa máls, og brýndi það fyrir mönnum, að þeir ættu að varast allar óþarfar og ónauðsynlegar umræður um þetta mikilsverða mál, og hann hefði vel getað bætt við, allar árangurslausar umræður. Þessu er jeg alveg samdóma, og þar sem jeg sjerstaklega vissi það, að allar umræður um málið frá minni hálfu mundu vera allsendis árangurslausar, þá var það því meiri hvöt fyrir mig, til þess að breyta eptir áskorun hv. framsögum. og taka ekki þátt í umræðunum. Í annan stað hlaut það að liggja í augum uppi þegar frá upphafi, að allar umræður um stjórnarskrármálið og öll meðferð þess á þessu þingi hlyti að verða árangurslaus, og að þessu hlutu allir h. þingd.m. að geta gengið vakandi ekki síður en jeg. Meira að segja: sjálfir flutningsmenn þessa frumv. til endurskoðaðrar stjórnarskrár, sem hjer er til umræðu, hafa borið það upp með þeirri meðvitund, að öll meðferð þess yrði árangurslaus; það sanna orð h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.), þar sem hann kom fram með þá hreinskilnu játningu, að þegar fyrsta dag þingsins, undir eins og búið var að kjósa í hin auðu sæti í efri deild, þá hefði afdrifum stjórnarskrármálsins á þessu þingi verið ráðið til lykta. En úr því svo er, úr því það var vitanlegt, áður en þetta mál kom inn á þingið, hvernig því mundi reiða af, að það aldrei gæti náð að ganga fram á þinginu, hvað eiga menn þá að segja um afskipti og meðferð þessarar h. deildar á málinu? Ætli það sje svo illa tilfallið að líkja henni við »kómidíu«, eins og einum h. þingmanni varð að gjöra í gær. Það þótti þá mjög illa talað, en sje orðið »kómidía« illa valið, hvaða orð vilja menn þá setja í staðinn, sem eigi betur við um það, sem hjer fer fram.

Loks skal jeg geta þess út af ummælum ýmsra h. þingmanna um það, að það sje mjög óheppilegt, að ekki liggi fyrir þingdeildinni nein yfirlýsing frá stjórninni um afstöðu hennar til málsins, um það, að hvaða kostum hún væri fáanleg að ganga — út af þessum ummælum skal jeg geta þess, að þar sem þetta stjórnarskrárfrumv. er byggt á sama grundvelli og í öllum verulegum atriðum eins og frv. það til endurskoðaðrar stjórnarskrár, sem samþykkt var á alþingi 1885, þá liggur fyrir þinginu í kgl. auglýs. 2. nóv.ber 1885 yfirlýsing stjórnarinnar um, hvernig hún leit á það frumv., og þar sem ekkert það er síðar fram komið, er bendi á, að stjórnin líti öðrum augum á málið nú

en þá, þá geta menn í augl. frá 2. nóv. 1885 lesið sjer til, hvaða skoðun stjórnin hafi á því frv., sem nú er til umræðu. Jeg hef tekið það fram áður, og jeg skal taka það fram enn, að meðan þingið heldur fram þeirri kröfu, að landið eigi að hafa alinnlent löggjafarvald og alinnlenda stjórn í sínum sjerstaklegu málum, þá er allt samkomulag við stjórnina ómögulegt. Það er ómögulegt og óhugsandi, að meðan Ísland hefir sameiginlegan konung við Danmörku, þá geti Ísland haft alinnlenda stjórn, og allar tilraunir þingsins til að samrýma það tvennt hafa verið, eru og verða óframkvæmanlegar. Í öllum þeim stjórnarskrárfrumv., sem þingið hefur búið til eða rætt, er því slegið föstu í 1. gr., að löggjafarvaldið sje hjá konungi og alþingi í sameiningu og framkvæmdarvaldið hjá konungi, en þá er því um leið slegið föstu, að stjórn landsins geti ekki verið alinnlend. Mjer virðist það eiga að vera hverjum manni ljóst, að meðan sá konungur, sem á að hafa á hendi löggjafarvaldið í sameiningu við alþingi og vera æðsti liður í framkvæmdarvaldinu, er í Danmörku, þá er alinnlend stjórn á Íslandi allsendis ómöguleg. Sje það þess vegna svo, eins og h. flutningsmenn þessa frumv. halda fram, að það sje eindregginn og óbifanlegur vilji þings og þjóðar, að fá með endurskoðaðri stjórnarskrá alinnlenda stjórn, þá er öll málamiðlun af stjórnarinnar hálfu ómöguleg og tilgangslaus, af því krafa þings og þjóðar er þá ómöguleg.

Jeg skal bæta því við, að jeg held, að það hefði verið affarasælla fyrir þetta mál að bera það ekki upp á þessu þingi, því jeg hygg, að umræðurnar um málið í þessari h. deild verði ekki landsmönnum til uppbyggingar; þær bera ekki vott um þann eindregna þjóðarvilja, sem verið er að skírskota til, nje um þá stilling og staðfestu, sem formælendum slíks máls ætti að vera innrætt. Það hefði sjálfsagt verið hollara, eins og sum kjördæmi fóru fram á, að fresta málinu til fyrsta þings, eptir að nýjar kosningar hafa farið fram.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg hef nú lengi setið og þegjandi hlustað á orð og ræður manna, en það verð jeg að segja, að brugðizt hafa mjer ærið vonir í þessu máli.

Það eru að öðru leyti nokkur atriði, sem jeg verð að svara, sjer í lagi með tilliti til h. þm. Snæf. (P. Br.), sem hefir beint að mjer ýmsum ónotum út af orðum mínum í gær.

Hið fyrsta atriði er þá það, að hann sagði, að mótsögn væri í nefndarálitinu, þar sem nefndin legði til grundvallar hina endurskoðuðu stjórnarskrá frá 1885 og 1886, en það væri þó í raun og veru frumv. h. neðri deildar frá 1887, sem nefndin hjeldi fram, og þetta leyfir þingmaðurinn sjer sjálfsagt að bera á borð fyrir h. deild vegna þess, að honum virðist það svo mjög breytt sem hin endurskoðaða stjórnarskrá frá 1885 og 1886, svo verulega breytt með þessu, frumvarpinu frá 1887, að hún geti ekki kallazt eður skoðazt sem hið sama, stjórnarskipunarlagafrumv. En jeg lýsi óhikað yfir því, að þetta er ekkert annað en hinn hraparlegasti misskilningur hjá h. þm. Snæf. (P. Br.), sem sýnir berlega, að hann vill beita svo mismunandi skilningi á smábreytingum frá því, sem nokkru tali tekur, að það verður auðsætt hverjum manni, að hann annaðhvort ekki vill eða getur ekki gjört rjettan greinarmun eður skilgreining á hinum verulegustu og óverulegustu atriðum málsins. En nú vill svo vel til, að jeg get vísað til orða h. hæstv. landsh., sjálfs fulltrúa stjórnarinnar, er hann með skýlausum orðum

nú sagði, að þetta frumvarp nefndarinnar sje byggt á sama grundvelli og í öllum verulegum atriðum, eins og frumvarp það til endurskoðaðrar stjórnarskrár, sem samþykkt var á alþingi 1885. Með öðrum orðum, jeg vísa til þess, að sjálfur hinn hæstv. landshöfðingi segir alveg hið sama um þetta atriði, sem nefndin segir og jeg segi, svo hinum háttv. þingmanni tjáir ekki að þrátta um það. Þá tók h. háttv. þingmaður Snæf. (P. Br.) enn fram, að jeg hefði steypt mjer inn í mótsögn með því að segja, að breytingartill. hans, hefðu á einn bóginn inni að halda þau ákvæði, sem gengi fram yfir löggjafarsvæði alþingis, en afsöluðu þó á hinn bóginn sjálfsstjórnarrjettindum Íslands. Þetta er þó kátleg logik! Er jeg kominn í mótsögn við sjálfan mig, þó jeg segði og segi enn með fullum rjetti, að mótsögn væri í breytingartillögum hans, eins og hans breytingartill. sjeu orðnar að mínum breytingartill., eða jeg sjálfur sje orðinn að hans breytingartillögum, þó jeg tali um þær, eins og þær eru?! Jeg tala hjer að eins um breytingartill., og væru þær mínar, þá yrði jeg að segja, að það væri mótsögn í mínum breyt.till., en nú tala jeg um breytingartillögur hans (h. þm. Snæf. P. Br.) og þá verð jeg að segja, að sje mótsögn í hans breytingartill., af því hún er á þeim í raun og sannleika, án þess jeg sje kominn í mótsögn eða geti verið kominn í mótsögn við sjálfan mig fyrir þá sök.

Jeg get að öðru leyti einnig í þessu tilliti borið fyrir mig orð hins hæstv. landshöfðingja 1889, er hann svo skýlaust sagði, að ákvæði frumvarps neðri deildar, sem eru alveg samhljóða þessum umræddu breytingartillögum h. þm. Snæf. (P. Br.) nú, færu lengra en löggjafarvald alþingis næði, er það skipaði fyrir um apturköllunarrjett konungs sakir sambands Íslands við Danmörku, eður í hinum sameiginlegu málum beggja landanna. En jafnhliða þessu er þó annað meira og verra fólgið í þessari undarlegu og óskiljanlegu breyt.tillögu! Undan hinu, sem jeg vil kalla sauðargæruna, þó það sje fráleitt í sjálfu sjer, gægist bersýnilega úlfurinn. Þessi úlfur er fólginn í þeim orðum h. þingm. Snæf. (P. Br.): »Það á að vera almennur apturköllunarrjettur« fyrir konung í stjórnarskipunarlögum Íslands, allt svo rjettur konungs til að ónýta og brjóta á bak aptur sjerhver lög, einnig um hin sjerstaklegu málefni, sem alþingi og stjórn Íslands hjer á landi hefur samþykkt. Með þessum sínum orðum hefir h. þingm. (P. Br.) skrifað undir þau mín orð, að breytingartillögur hans sjeu úlfur, sannur úlfur undir sauðargæru, og með þessu hefir hann gengist við því, að hann hafi þegar í neðri deild 1889 borið þenna sama úlf fyrir brjósti sjer, eins og hann kom í dagsbirtuna í efri deildar frumvarpinu góða 1889! Og í þessu er hin hraparlega mótsögn fólgin í breytingartillögunum milli þess, sem þær eiga að sýnast, og þess, sem þær eiga koma til leiðar. Það getur nú vel verið, að h. þingm. Snæf. (P. Br.) kalli þetta allt saman glymjandi orðin ein, en viti hann það, að málið hefir guð gefið mjer, en ekki hann, og að það er jafnfjærri mjer að fyrirverða mig fyrir það, eins og að láta mjer detta í hug eða hjarta, að meta hann eða hæla fyrir form, innihald eða anda í orðum hans eða ræðum hans. Það er sannarlega heldur ekkert »rhetoriskt« yfir höfuð við h. þm. Snæf. (P. Br.); jeg segi það ekki honum til lasts, en jeg segi það til að segja sannleikann.

H. þm. Snæf. (P. Br.) og þm. Skagf.

(Ól. Br.) sögðu báðir, að jeg hefði sagt, að skipun landstjóra væri sameiginlegt mál. Þetta er ekki rjett, því þetta hef jeg alls ekki talað; en hitt sagði jeg, að það skipti oss Íslendinga engu, þó þetta málefni væri skoðað og meðhöndlað af konungi vorum, eins og það væri sameiginlegt mál. Hvað skyldi geta verið á móti því, þó konungur afskiptalaust af oss hafi óbundinn rjett til að skipa þann mann fyrir landstjóra, sem hann sjálfur hefir bezt traust til og álit á, til að fullnægja tignarrjetti sínum og stjórnskipulegum kröfum þingsins og stjórnarinnar á Íslandi? Hyggur þingmaðurinn máske, að hjer gæti orðið spurning um ábyrgð fyrir alþingi með lögsókn fyrir landsdómi. Nei! Jeg held að hver sjáandi maður geti sjeð, að það geti legið alveg milli hluta, hvort álitið væri, að þetta mál, skipun landstjórans, væri sameiginlegt mál eða ekki, eða hvort konunginn bæri að skoða sem factotum í þessu efni eða ekki; hvernig sem konunginum þóknast að skipa hjer á landi sinn »alter ego«, þá verður sannarlega ekkert haft á móti því, því hjer ræðir að eins um hans persónulegu tignarrjettindi. Þessar viðbárur eru þannig ekkert annað, en barnaleg tilraun hinna h. þm. til að reyna að koma málinu í bendu og vafa, en verður þó ekki til annars en sanna það, að þeir eru að eins að hártoga ákvæði frumvarpsins, í staðinn fyrir að bæta fyrir málstað sínum með skynsamlegum og heyrilegum ræðum. Allir sjá einnig, að þær vefengingjar, sem koma má með gegn öllum lögum, hvernig sem þau eru úr garði gerð, geta ekki hnekkt þessu frumvarpi sjerstaklega, en þetta virðist h. þm. Skagfirð. (Ól. Br.) misskilja svo hraparlega.

H. þm. Snæf. (P. Br.) tók fram eitt atriði, sem er þýðingarmeira en þetta, sem jeg nú læt úttalað um; það var viðvíkjandi bráðabyrgðarfjárlögunum 27. gr. og breytingartillögum þeim, þingskj. 156 frá nefndinni og þingskj. 198 frá honum sjálfum, sem á atkvæðaskránni standa. Hann sagði, að þetta ákvæði í nefndartillögunni: »Nú hefir alþingi ekki samþykkt fjárlög« o. s. frv., væri óhafandi, af því það gæfi landsstjórninni ofmikið vald til þess að beita eldri fjárlögum. En hjer við er það að athuga, að undir þetta ákvæði ganga að eins hin síðustu fjárlög, sem alþingið hefir samþykkt. Til þess nú að sýna, hvað þetta væri hættuleg ákvörðun, þá sagði hann, að ef stjórnin t. a. m. veitti 120,000 kr. til að stofnsetja ullarverksmiðju hjer á landi einu sinni, þá gæti hún, ef slík fjárlög ættu að verða notuð af stjórninni seinna, af því fjárlög ekki hefðu orðið samþykkt, aptur veitt áfram þessar 120,000 kr. í mörg herrans ár. En allir sjá, að þetta nær engri átt. Jú! hafi þessu ákvæði fjárlaganna ekki verið ráðið til fullnaðar, með því að leggja fram 120,000 kr. til stofuunar ullarverksmiðju, á því fjárhagstímabili, sem fjárlögin voru upprunalega samþykkt fyrir, þá mundi stjórnin hafa heimild til þess, er þau kæmi í gildi fyrir næsta fjárhagstímabil, eptir breytingartill. nefndarinnar. Hafi nú stjórnin verið búin að ráða málinu til fullnaðar, heldur þá h. þm. Snæf. (P. Br.), að stjórnin hafi í þeim lögum heimild til að fleygja út þessu sama eða öðru fje jafnmiklu upp á nýtt til fullnaðar því fyrirtæki, sem þegar var ráðið til fullnaðar?

Allir sjá, að ef fjárlög heimila einu sinni að eins tiltekna fjárupphæð, þá er ákvæði þeirra fullnægt, er einu sinni hefir verið varið til hins tiltekna fyrirtækis hinu heimilaða fje, en gætu menn gjört ráð fyrir, að þau heimiluðu eitthvert tiltekið fje optar en einu sinni, þá viðhjeldist sjálfsagt hin upprunalega heim-

ild samkvæmt ákvæðinu og tilgangi laganna. Vandinn er allur að geta látið sjer skiljast, að ákvæði fjárlaga, eigi síður en annara laga, falla burtu af sjálfu sjer, þá er það fellur burtu, sem lögin miða sig við, með útlendu orði þegar laganna »samsetning« fellur burtu. Jeg vil í þessu tilliti taka til dæmis eptirlaun embættismanna, sem veitt eru á fjárlögum, þótt sumum þingmönnum kunni að vera illa við það, að slík gjöld skuli einu sinni vera nefnd á nafn. Nú veita eldri fjárlög t. d. eptirlaun eptir setningu hins h. þm. Snæf. (P. Br.) einhverjum tilteknum manni og þá vil jeg spyrja hann: ætti nú þessi eptirlaun að geta veitzt af stjórninni þessum embættismanni, eptir að hann væri dauður; ætti stjórnin t. a. m. að geta veitt h. þm. Snæf. (P. Br.) eptirlaun, þó hann væri kominn í gröfina? Já, ef svo væri, þá færi jeg fyrst fyrir alvöru að skilja, að þingmenn hefðu ástæðu til að láta sjer vera illa við eptirlaunin! Nei! það ætti betur við, að hinn háttv. þingmaður ljeti sjer skiljast, að úr því þingið vill setja alveg áreiðanlegan og óyggjandi slagbrand fyrir öllum bráðabyrgðarfjárlögum, þá er alveg nauðsynlegt að opna landstjórninni hverja löglega leið til fjárveitinga, ef þau atriði og nauðsyn ber að höndum, sem leiða af því, að fjárlög fyrir það eður það fjárhagstímabil hafa ekki orðið samþykkt eður staðfest, svo að stjórnin þurfi ekki að neyðast til að brjóta stjórnarskipunarlög landsins. En gæta þurfa menn að því, að hugsanleg eru þau atvik og þær kringumstæður, að stjórnin geti ekki verið alveg bundin við fjárlögin, nema því betur sje fyrirsjeð. Og að minni hyggju er það því hvorki rjett nje hyggilegt, að stjórnarskipunarlögin sjeu svo útbúin, að stjórnin annaðhvort verði að brjóta þau eða þá að standa í vandræðum, því þá kemur það fram, að nauðsyn brýtur lög. Þess vegna setti líka nefndin þetta ákvæði, sem hjer ræðir um. Annars er það næstum óhugsanda, að vöntun reglulegra fjárlaga komi fyrir í tvískiptu þingi, eins og vjer höfum með sameinuðu þingi. Það er kynleg og ástæðulaus hræðsla, að þingið láti sjer til hugar koma að misbrúka svo löggjafarvaldið og fjárforræði sitt, að stjórn og þjóð komist í stjórnskipulega hættu, og það er næstum eins óhugsanda, að stjórnin frá sinni hálfu setji framgangi slíks máls stólinn fyrir dyrnar. Ákvæði nefndarinnar hefir að öðru leyti yfirburði yfir breytingartillögu þm. Snæf. (P. Br.), því það miðar miklu fremur en hún yfir höfuð, til þess að gera samvinnuna milli stjórnar, þings og þjóðar, sem greiðasta og eðlilegasta, eins og einnig heilög skylda gagnvart landi og lýð býður.

H. þm. Skagf. (Ól. Br.) tók fram eitt atriði í ræðu h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.), sem hann lagði mikla áherzlu á, og áleit fjarri sanni; hann sagði, að það væri rangt í þessu máli, að líta eingöngu á ósk þjóðarinnar, það dygði heldur ekki að byggja á óskum og kröfum þjóðarinnar, heldur yrði líka að líta á geðþekkni stjórnarinnar eða það, sem hún vildi vera láta. Vjer yrðum að gæta þess, að á bak við kröfur þjóðarinnar stæði ekkert hervald. Þessi mótbára gegn frumvarpi nefndarinnar er sprottin af megnum misskilningi hjá h. þm. Skagf. (Ól. Br.). H. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) hefir meint, hvað hin h. þingd. nú á þessari stundu ætti að líta á, en ekki yfir höfuð, og þannig skilið er setning h. þm. Eyf. (Sk. Th.) alveg rjett.

Dagurinn í gær og þessi dagur í dag, hann sannar, að aðalatriðið, sem um er að ræða, er að eins það hverjar sjeu þær kröfur og rjettindi þjóðarinnar,

sem vjer sjeum skyldugir til að halda fram með fullkominni festu og eindrægni. Það er undarlegt, að h. höfundar breytingartillaganna eru að kvarta og klaga yfir því í orði kveðnu, að það sje sundrung meðal þingmanna í deildinni. Já! En má jeg spyrja, hvaðan kemur ástæðan og sönnunin fyrir því, að þessa skynjandi eining skorti í deildinni? Hvaðan annarstaðar frá en einmitt frá þessum þingmönnum sjálfum, sem vilja troða sínum háskalegu nýmælum inn í hina endurskoðuðu stjórnarskrá, frumv. nefndarinnar. Gæti nú þessir h. herrar þess, að það hlýtur að vera unnt að draga það út úr orðum þeirra og aðferð á málinu, með skynsamlegum ályktunum, hvað þeir verði að viðurkenna í hjörtum sínum á þessari stundu í þessu tilliti, það, að það er sannleikur, sem jeg segi. Og jeg vildi óska, að þeir, sem, mjer liggur við að segja, með öðru munnvikinu kvarta um sundrung, en með hinu vekja þó einmitt sundrunguna sjálfir, já, jeg vildi óska, segi jeg, að þeim heppnaðist að skilja sig sjálfa sem bezt og þekkjast sem glöggvast úr af öðrum í hinum fámenna hóp þjóðfulltrúa Islands!

Þá benti og hæstv. landsh. á það hið sama, að hjer í deildinni væri svo mikil sundrung í þessu máli, að betur hefði verið tilfallið, að það hefði ekki verið tekið til umræðu og meðferðar á þessu þingi, og — því er miður, að hann sagði þetta ekki ástæðulaust; en er þá ekki einmitt því fremur ástæða og hvöt til fyrir oss til þess að spyrja: Hvað erum vjer. Já! hvað erum vjer? Vjer erum fulltrúar þjóðarinnar, komnir hjer saman, kvaddir af konungi, lögunum og þjóðinni, og því einnig eptir hennar ósk hennar til þess að tryggja landsrjettindi hennar óskert, komnir til að útvega þjóðinni eptiræskta innlenda stjórn í öllum hennar sjerstöku málum. En hvernig stöndum vjer nú að vígi með samvizkusaman reikningsskap við sjálfa oss í þessu tilliti?

Jeg sje ekki betur en að h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) hafi haft rjett fyrir sjer, en þar sem h. þm. Skagf. (Ól. Br.) fer því fram, að ómögulegt sje að slá neinu föstu fyrir alvöru frá vorri hálfu um stjórnarskipun landsins, fyrr en vjer höfum haft tal af h. stjórn í Kaupmannahöfn, þá er langt frá því, að jeg geti verið honum samdóma. Eða skyldum vjer þá fyrst eiga og verða að renna á skopparakringlum í kringum stjórnina til að komast á snoðir um hvernig á henni liggur, áður en vjer fastákvæðum um sjálfsstjórnarkröfur og rjettindi Íslands? Nei, fyrst er að einskorða kröfur þjóðarinnar með fullkominni djörfung, og festu og því næst að fá að vita hjá stjórninni, hvort hún vill viðurkenna kröfur landsins og sjálfstjórnarrjettindi þess, og hverja tilslökun gæti verið umtalsmál að gjöra til samkomulags.

Hinn mikilsvirti sessunautur minn, h. þm. Snæf. (P. Br.), hefir vikið að mjer ýmsum hnýfilyrðum, t. d. gaut því að þingdeildinni, að jeg væri ekki hyggindamaður o. fl. Jeg ætla mjer sem mest að leiða slík orð hjá mjer, en þó vil jeg spyrja: Hvað er að vera hyggindamaður í þessu tilliti? »Svo eru hyggindi sem í hag koma«, segir máltækið; veit jeg það. Jeg ætla mjer nú ekki að fara að hæla mjer fyrir slík hyggindi, en það get jeg sagt honum hreinskilnislega, að jeg öfunda hann ekki af slíkum kostum, já meira að segja: jeg bið guð að varðveita mig frá þeim hyggindum hans, sem hann hefir sýnt með framkomu sinni í þessu máli, og það væri mín innilegasta ósk, að honum mætti þóknast, að láta ekki heyrast til

sín framar eitt orð í þessu máli! Hann viðurkennir nú sjálfur, að hann hafi í fljótræði skrifað undir nefndarálitið í stjórnarskrármálinu 1887, og í fljótræði fallist á frumvarp neðri deildar þá! sem — hann — sprenglærður lagamaðurinn — hann sem fer í kapp við annan menntaðan mann, til þess að verða þjóðfulltrúi Íslands á alþingi, hann situr svo í nefndinni, sem átti að íhuga þetta mál sem vandlegast, hann ræðir stjórnarskipunarmálið, sem þegar var búið að fá stjórnskipulegan grundvöll samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar, hann rannsakar málið með oss öðrum í gegnum öll stig þess samkvæmt þingsköpunum og greiðir atkvæði með því, og svo — heyr undur og fádæmi! svo viðurkennir hann hjer í salnum í heyranda hljóði, að hann hafi aðhyllzt þenna grundvöll, þetta stjórnarskípunarlaga frumvarp, í fljótræði! Ó! jæja, þessi hyggindamaðurinn sjálfur, hann heldur, að mjer falli þungt sú ákœra frá hans hálfu, að málið sje vanhugsað af mjer. Þetta þoli jeg ofur vel. En þar sem hann sjálfur játar á sig svona hraparlegt, svona óheyrilegt, fljótræði 1887, hef jeg þá ekki og hafa ekki allir hinir aðrir h. þjóðfulltrúar fyllstu ástæðu til að halda, að breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.) 1889, og nú 1891, sjeu einnig sprottnar af fljótræði?

Eptir mínu áliti á mínum h. sessunaut, þá er hann ekki eins grunsamur um slíkt, þegar ræðir um sjálfan hann, eins og hann ætti að vera; en þar sem hann þó hefir sjálfur játað á sig fljótfærni, þá verður hann að fyrirgefa bæði mjer og öðrum, þó þeir hafi þá ímyndun um hann, að fleira af gjörðum hans muni þá vera fljótfærnisverk en þessi undirskript, svo sem sjer í lagi þessar breyt.till.

Að svo mæltu vil jeg leyfa mjer, að tala fáein orð gagnvart hæstv. landsh. Hann sagði og lagði áherzlu á það, að hann hefði ekki tekið til orða í málinu, af því hann hafi vitað, að betur hefði verið, að það hefði ekki komið inn á þetta þing. En hæstv. landsh. verður að gæta þess, að enn standa náðardyrnar opnar fyrir hinni skynjandi eining, enn er eigi sú stund komin, sem sýni, að meðferð þessa máls hafi orðið til ónýtis, því þótt orð falli bæði frá mjer og öðrum í gagnstæðar áttir, þá er þó nauðsynlegt, engu síður, að þau sjeu töluð svo hátt, að allir heyri og geti skilið þau, og slíkt sannar sízt, að málið hefði ekki átt að koma til umræðu á á þessu þingi, því að því meiri óeining sem er um málið, því meiri ástæða er einmitt til þess, að hugsa málið og ræða vandlegar og gjöra sjer ljóst til botns, hvað og hvílíkt það er, sem á milli ber. Það er einmitt alveg nauðsynlegt, að allt þetta berist til þjóðarinnar og sjáist svart á hvítu, svo að hún geti sjeð og þreifað á, hvað um er að vera, hvað veldur og hverjir valda, svo að hún geti fengið að þekkja sína eigin fulltrúa og meta þá að verðugleikum fyrir framkomu þeirra, orð og tillögur í þessu allsherjarmáli á alþingi. Já, jeg vildi óska, að jeg gæti talað svo hátt, að allir Íslendingar, karlar og konur, á þessari stund mættu heyra þessi, einmitt þessi orð mín. En nú get jeg það því miður ekki, og því verð jeg að láta mjer nægja, að menn lesi þau í alþingistíðindunum 1891, þegar þau koma fyrir sjónir þjóðarinnar. Jeg vildi þá einnig óska þess, að alþingistíðindin kæmu á hvert einasta heimili landsins, svo öllum þeim, sem nú ekki heyra orð mín og annara þingmanna í þessu máli, mætti þó gefa á að líta. Því það er alveg nauðsynlegt, að þjóðin þekki sína verkamenn og fulltrúa, eins og þeir eru, þegar á þá reynir og á hólminn kemur. Jeg skal sannarlega ekki hafa á móti

því, þó þjóðin hafni mjer sem fulltrúa við næstu kosningar, en ekki hinum h. þm. Snæf. (P. Br.); en það er ekki þýðingarlaust, eigi að síður, að saga þessarar stundar verði skráð í þingtíðindunum með óafmáanlegu letri í annálum alþingis. Það getur orðið til þess, og á að verða til þess, að þjóðin sýni, hvort hún hefir nokkurn fastan og alvarlegan vilja í hinu stærsta og langþýðingarmesta landsmáli sínu.

Hæstv. landsh. tók fram, að undirtektir stjórnarinnar undir þetta mál nú væru engar aðrar en auglýsingin 2. nóv. 1885, og það gladdi mig, að hann ennfremur viðurkenndi, að hjer væri ekki að ræða um neitt nýtt mál, ný stjórnarskipunarlög, heldur hina endurskoðuðu stjórnarskrá, eins og einnig er tekið fram í nefndarálitinu. Málið stendur þannig alveg eins og árið 1886 og 1887, hvorki betur nje verr. Með öðrum orðum, það eru engar nýjar hindranir komnar fram gegn framgangi þessa máls. Stjórnin stendur grafkyrr, og af hverju kemur það? Af því að þessi þingdeild, sjálf neðri deild alþingis, hefir farið að búa til nýmæli, sem ekki hafa náð og aldrei munu ná samþykki, hvorki þjóðar nje þings, þessir sömu menn, sem nú setja sig öndverða gegn nefndinni og mjer hjer á þingi, þeir, einmitt þeir, hafa losað stjórnina við alla ábyrgð fyrir aðgjörða- og undirtektaleysi hennar. Er það ekki vorkunn, þó að stjórnin hugsi með sjer sem svo: »Ef Íslendingar nú 1891 halda fram sams konar hringlanda- og breytingastefnu eins og 1889, þá er engin ástæða til að samþykkja ný og endurskoðuð stjórnarskipunarlög þeim til handa, því þá er auðsætt, að þeir hafa enn engan grundvöll fyrir augum, sem þeir sjálfir komi sjer saman um að byggja á. Nei! Ekkert er eðlilegra en þetta: Stjórnin bíður boðanna; hún horfir á, hvað málinu líður og hvernig fulltrúar þjóðarinnar fara að og haga ráði sínu. Það gleður mig að öðru leyti, að stjórnin hefir ekki yfirlýst neinni nýrri mótspyrnu í þessu máli; en það tek jeg enn fram, að hún hefir ekkert að ásaka sig fyrir á þessu tímabili, sem vjer höfum verið að hræra í málinu og hringla, en ábyrgðin á því, hvernig vjer höfum farið og förum nú að ráði voru, hún hvílir öll á þjóð og þingi og þeim einstökum þingmönnum, sem þykjast beztu bættir að koma fram einlægum breytingum, af því þeir aldrei geta sjeð það degi fyrr, sem þeir þykjast sjá degi seinna. Það er þess vegna einnig á valdi og ábyrgð þings og þjóðar að koma málinu aptur í sama horfið, sem það var komið 1885 og 1886. En að tíminn síðan hefir farið til ónýtis fyrir framgang málsins, til sundrungar og þráttana, það er einungis breytinga- og svonefndum miðlunarmönnum að kenna. En höfum þá nú hugfast, að allt makk í þessu máli er pólitískt humbug, og þar sem þm. Snæf. (P. Br.) í nefndarálitinu 1889 hefir sagt, að menn yrðu fyrst að fá að heyra undirtektir stjórnarinnar, áður en alþingi gæti ráðið við sig, hvað gjöra skyldi í málinu gagnvart hinu alræmda frv. efri deildar 1889, þá bið jeg menn að athuga það vel, að þetta er meiri pólitísk fjarstæða, en nokkur skynsamur maður getur látið sjer til hugar koma. Að svo mæltu ætla jeg geta þess, að þessum mótmælum móti nefndinni og frumv., sem jeg nú hefi dvalið við um hríð, er ofurhægt að skipta niður í flokka, því þau hafa ýms almenn einkenni, hvert eptir sinni tegund. Í fyrsta flokki eru þá persónulegar árásir, bæði á mig sjálfan og h. meðnefndarmenn mína. Þó jeg sje gamall að aldri, þá er jeg þó ekki tilfinningarlaus maður, og hef því í sjálfu sjer fulla tilfinningu fyrir hnjóðsyrðum þeim, sem borizt hafa að mjer,

síðan mál þetta kom til umr. En jeg álít eigi að síður, að það sje ekki að eins rjett, heldur og einnig skylda mín, að láta þau alveg eins og vind um eyrun þjóta, sem óviðkomandi þessu máli, og ósamboðin þeirri virðingu og alvörugefni, sem því hæfa. Þingmenn ættu sannarlega að varast það eins og heitan eld, að blanda svo saman við ræður sínar persónulegum áreitnisorðum, því að með því gefa þeir svo berlega í skyn, að það sje maðurinn en ekki málefnið, sem þeim liggi ríkast á hjarta, eins og h. þm. Snæf. (P. Br.), sessunautur minn, hefir því miður látið sjer sæma.

Sem framsögum. nefndar hefi jeg álitið, að jeg hafi enga heimild til að sýna mátt minn og megin í persónulegum fáryrðum gegn einstökum þingmönnum. Öllu slíku hefi jeg vísað á bug sem ósæmilegu.

Þá tel jeg í öðrum flokki mótmælanna sögur eða söguburð þingmanna um það, sem gjörzt hafi utanþings, hvað talað sje eða hafi verið talað um mál þetta utanþings fyrr eða seinna, eður hvað komið hafi á góma á ómerkilegum smáfuudum víðsvegar út um landið; en það sjá allir, að einnig þetta liggur alveg fyrir utan málið. Og öllu því, sem í raun og veru ekki hefir heyrt málinu sjálfu til, því hefi jeg með ásettu ráði sleppt alveg þegjandt fram hjá mjer í framsögu málsins.

En svo koma þá í þriðja lagi eða þriðja flokki þau mótmæli, sem að vísu snerta málið sjálft, en sem eru eins og jeg hefi sýnt, flest ekki annað en fátæklegar hártoganir, sem koma fram í ýmsum kátlegum spurningum, og hafa þannig ekki í neinni alvöru skynsamlegar úrlausnir fyrir augnamið í þeim atriðum, sem mál þetta einkum veltur á. Og yfir höfuð hljóta menn að sannfærast um, þegar að er gætt, að öll þessi mótmæli breytingamanna sjeu fjarskalega á víð og dreif. Mótmælendurnir hafa einmitt með þeim sýnt og sannað, að þeir hafa alls enga sameiginlega skoðun, sannfæring eða fótfestu í málinu; allt er á sundrungu í orðum þeirra og athugasemdum. Einn segist vilja þetta, annar hitt. Sumir eru gallharðir móti apturköllunarrjettinum góða, aðrir álíta hann hið ágætasta lífsakkeri, svo sem þm. Skagf. (Ó. Br.), og enn aðrir setja sig þvert á móti tilvitnuninni í stöðulögin, sem svo aptur sumum finnst alveg ómissandi. Það einkennir yfirhöfuð glöggt ummæli þeirra, að þeir rekja sig ekki áfram eptir neinum föstum hugsunarþræði, að það er engin eining, því síður skynjandi eining milli þeirra; að minnsta kosti er það mjer um megn, að finna hinn minnsta snefil af henni í mótbárum þeirra. Jeg held, að þessir menn hefðu fyrst átt að leita samkomulags sín á milli um það, sem þeir vildu sjálfir bera á borð fyrir þingið og þjóðina, svo ekki yrði hver höndin upp á móti annari meðal þeirra sjálfra. En þetta samkomulag vantar enn hjá þeim, og því er eigi von, að vel fari. Það er áreiðanlega víst, að staða andmælenda verður sögulega þessi: Fjöldi þeirra hefir áður á þingi staðfest með eigin atkvæðum þann grundvöll, sem nefndin byggir á; nefndarinnar verk er því þeirra eigið verk. Þeir voru með að leggja þennan grundvöll 1885, 1886 og 1887, að minnsta kosti sumir hverjir. Þegar þeir nú andæpa á móti þessum grundvelli, sem viðurkennt er, að er hinn sami, þá eru þeir nýmælamenn, sem vilja breyta sínum eigin grundvelli. En þá segi jeg og krefst þess í nafni nefndarinnar, í nafni alþingis og í nafni þjóðarinnar, að þeir sýni og sanni, svart á hvítu, að yfirgnæfandi skynsamleg ástæða sje til að breyta, fyrst yfir höfuð og í öðru lagi einmitt á

þann hátt, sem þeir halda fram í breytingartillögum sínum. Ergo: Allt svo lengi sem yfirgnæfandi skynsamleg rök ekki koma frá þeirra hálfu í hvorutveggju þessu tilliti, þá mega þeir ekki krefjast og þá geta þeir ekki krafizt þess, að gengið sje á bás með þeim. En fyrst þá, þegar þeir hafa sýnt yfirgnæfandi skynsamlegar og gildar ástæður fyrir breytingum sínum, þá kemur sá tími, sem aldrei kemur, að skynsamlegt sje að fara að koma sjer saman við þá. Meira að segja, á meðan þeir ekki hafa sýnt, að þeir hafi þessi yfirgnæfandi skynsamlegu rök við að styðjast, á meðan verða þeir að bera ábyrgðina á afleiðingunum: áreitingum og sundrungu í málinu. Þessu lýsi jeg óhikað yfir í nafni þjóðarinnar, þingsins og nefndarinnar fyrir öllum þeim, sem orð mín heyra nú eða lesa síðarmeir. Látum oss berjast í þessu máli, en látum oss þá líka berjast drengilega í augum guðs og manna. Jeg tek það enn fram, að svonefndir miðlunarmenn verði að játa, að þeir beri ábyrgðina á því að hafa gjört frumhlaup á grundvöll hinna endurskoðuðu stjórnarskipunarlaga Íslands! Þessi orð afdráttarlaus legg jeg glaður og kvíðalaus undir dóm allra skynsamra manna meðal þjóðarinnar!

Jeg vona að breytingamennirnir fari nú loksins sjálfir að sjá og viðurkenna, að það tjáir þeim ekki lengur að berja það blákalt fram, að vjer gömlu mennirnir berum ábyrgð á þeirra eigin breytingum og málabyltingum, heldur verði að kannast við, að það eru þeir ungu mennirnir, sem hafa tekið hana upp á sig, svo þung og óbærileg sem hún mun reynast þeim á endanum.

H. þm. Snæf. (P. Br.) hefir brugðið mjer um, að jeg væri gamall, og »tvisvar sinnum verður gamall maður barn«, segja menn. Jæja! Látum það gott heita. Jeg skammast mín, að svo mæltu, þá líka heldur ekki fyrir það, að leyfa mjer með einföldu og brennandi hjarta barnslegrar einlægni, að minna h. þjóðfulltrúa enn á ný á, að ganga undir merki hinnar skynjandi einingar. Jeg vil minna þá á þetta orð, sem jeg þegar í byrjun framsögu minnar nefndi í fullri alvöru og af hreinu hjarta.

Jeg vona nú, að það sýni sig, hve marga vini þessi skynjandi eining á hjer h. þingdeild, því nú er það augnablik komið, að vjer eigum að ganga til atkvæða um þetta mál. Ríki hin skynjandi eining hjer i h. deild, þá hlýtur hún að koma í ljós, og sannarlega vona jeg, að hún verði ofan á og yfirsterkari. En fari svo, að annað verði ofan á, þá enda jeg nú orð mín með því hátíðlega að skjóta allri ábyrgðinni á því yfir á nýmælamennina.

ATKVÆÐAGR. (sjá atkv.skrá C. 264):

1. 1. gr. samþ. í e. hlj.
2. Breyt.till. við 2. gr. (198) felld með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk 6 nafngreindra þm., og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson,	Páll Ólafsson,
Eiríkur Briem,	Sigurður Jensson,
J. Jónss., þm. N.-Þ.	Bened. Sveinss.,
J. Jónss., þm. N.-M.	Gunn. Halld.son,
Jónas Jónassen,	Indriði Einarsson,
Ólafur Briem,	Jens Pálsson,
Páll Briem,	Jón Þórarinsson,
Þorl. Guðmundss.,	Lárus Halld.son,
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Pálsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Stefánsson,
	Skúli Thorodds.,
	Sveinn Eiríksson.

3. 2. gr. frumv. samþ. óbreytt með 21 atkv.

4. Breyt.till. við 3. gr. (198) felld með 14 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson,	Páll Olafsson,
Eiríkur Briem,	Sigurður Jensson,
J. Jónss., þm. N.-Þ.,	Bened. Sveinss.,
J. Jónss., þm. N.-M.,	Gunn. Halld.son,
Jónas Jónassen,	Indriði Einarsson,
Ólafur Briem,	Jens Pálsson,
Páll Briem,	Jón Þórarinsson,
Þorl. Guðmundss.,	Lárus Halldórss.,
	Olafur Olafsson,
	Olafur Pálsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Stefánsson,
	Skúli Thorodds.,
	Sveinn Eiríksson.

5. 3. gr. óbreytt samþ. með 19 atkv.
6. 4. — — — í e. hlj.
7. 5. — — — með 21 atkv.
8. Breyt.till. við 6. gr. (198) felld með 13 : 6 atkv.
9. 6. gr. óbreytt samþ. með 19 atkv.
10. Breyt.till. 2. á þingskj. 208 við 4. tölul. á þingskj. 198 felld með 12 : 2 atkv.
11. Breyt.till. 7. gr. frumv. (198) felld með 15 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson,	Páll Ólafsson,
Eiríkur Briem,	Sigurður Jensson,
J. Jónss., þm. N.-Þ.,	Bened. Sveinsson,
Olafur Briem,	Gunn. Halldórss.,
Páll Briem,	Indriði Einarsson,
Þorl. Guðmundss.,	Jens Pálsson,
	Jón Þórarinsson,
	Jónas Jónassen,
	Lárus Halldórss.,
	Olafur Ólafsson,
	Olafur Pálsson,
	Sig. Gunnarss.,
	Sig. Stefánsson,
	Skúli Thorodds..
	Sveinn Eiríksson.

Jón Jónsson, þm. N.-Múl. greiddi ekki atkv.

12. 7. gr. frumv. óbreytt samþ. með 17 atkv.
13. 8. gr. — — — — 18 atkv.
14. Breyt.till. við 9. gr. (199) felld með 12 : 2 atkv.
15. 9. gr. frv. óbreytt samþ. með 19 atkv.
16. Breyt.till. við 10 gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.
17. 10. gr. frumv. með breyt. samþ. með 18 atkv.
18. 11. gr. frumv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
19. 12. gr. frumv. óbreytt samþ. með 19 atkv.
20. Breyt.till. við 19. gr. (199) felld með 11. : 3 atkv.
21. Breyt.till. við 13. gr. (198) samþ. með 15 atkv.
22. 13. gr. frumv. með breyt. samþ. með 18 atkv.
23. 14. gr. frumv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
24. 15. gr. frv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
25. og 26. Breyt.till. við 16. gr. frumv. (198) felldar.
27. 16. gr. frv. óbreytt samþ. með 16 atkv.
28. Breyt.till. við 17. gr. (156) felld með 11 : 8 atkv.
29. Breyt.till. við 17. gr. (198) samþ. með 19 : 3 atkv., að viðhöfðu natnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Árni Jónsson,	Gunnar Halld.son,
Bened. Sveinsson,	Jón Þórarinsson.
Eiríkur Briem,	
Indriði Einarsson,	
Jens Pálsson,	
J. Jónss., þm. N.-M.,	
J. Jónss., þm. N.-Þ.,	

já: *nei:*
Jónas Jónassen,
Lárus Halldórsson,
Ólafur Briem,
Ólafur Olafsson,
Ólafur Pálsson,
Páll Briem,
Sigurður Gunnarsson,
Sigurður Stefánsson,
Skúli Thoroddsen,
Sveinn Eiríksson,
Þorl. Guðmundsson.

30. 17. gr. frv. með breyt. samþ. með 20 atkv.
31. 18. gr. frv. óbreytt samþ. með 18 atkv.
32. Breyt.till. við 19. gr. (199) fallin.
33. 19. gr. frv. óbreytt samþ. með 17 atkv.
34. Breyt.till. við 20. gr. (198) felld með 13 : 7 atkv.
35. 20. gr. frv. óbreytt samþ. með 18 atkv.
36. Breyt.till. við 21. gr. (199) fallin.
37. — — — — (198) —
38. 21. gr. frv. óbreytt samþ. með 17 atkv.
39. 22. gr. frumv. óbreytt samþ. með 19 atkv.
40. Breyt.till. við 23. gr. (199) fallin.
41. 23. gr. frv. óbreytt samþ. með 19 atkv.
42.—47. 24—29. gr. frv. óbreyttar samþ. með 21 atkv.
48. Breyt.till. við 30. gr. frv. (199) fallin.
49. 30. gr. frv. óbreytt samþ. með 17 atkv.
50. Breyt.till. við 30. gr. (199) fallin.
51. 31. gr. frv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
52.—53. 32.—33. gr. frumv. óbreyttar samþ. með 20 atkv.
54. Breyt.till. við 34. gr. (199) fallin.
55. 34. gr. frumv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
56. Breyt.till. við 35. gr. (199) fallin.
57. 35. gr. frv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
58. Breyt.till. við 36. gr. (199) fallin.
59. 36. gr. frv. óbreytt samþ. með 20 atkvæðum.
60. Breyt.till. við 37. gr. (199) fallin.
61. 37. gr. frv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
62. Breyt.till. við 38. gr. (199) fallin.
63. 38. gr. frv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
64.—65. 39.—40. gr. frumv. óbreyttar samþ. með 20 atkv.
66. Breyt.till. við 41. gr. (199) fallin.
67. 41. gr. frv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
68. Breyt.till. við 42. gr. (199) fallin.
69. 42. gr. frv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
70. Breyt.till. við 43. gr. (199) fallin.
71. 43. gr. frumv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
72. Breyt.till. við 44. gr. (199) fallin.
73. 44. gr. frumv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
74. Breyt.till. við 45. gr. (199) fallin.
75. 45. gr. frumv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
76. Breyt.till. við 46. gr. [199) fallin.
77. 46. gr. frumv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
78. Breyt.till. við 47. gr. (199) fallin.
79. 47. gr. frumv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
80. Breyt.till. við 48. gr. (199) fallin.
81. 48. gr. frumv. óbreytt samþ. með 19 atkv.
82. Breyt.till. við 49. gr. (199) fallin.
83. 44. gr. frumv. óbreytt samþ. með 19 atkv.
84.—87. 50.—53. gr. frumv. óbreyttar samþ. með 19 atkv.
88. Breyt.till. við 54. gr. (200) felld með 13 : 4 atkv.
89. 54. gr. frv. óbreytt samþ. með 14 : 1 atkv.

90. 55. gr. frv. óbreytt samþ. með 14 : 1 atkv.
91. Breyt.till. við 56. gr. (200) fallin.
92. 56. gr. frumv. óbreytt samþ. með 14 : 1 atkv.
93. Breyt.till. við 57. gr. (200) fallin.
94. 57. gr. frv. óbreytt samþ. með 14 : 1 atkv.
95.—98. 58.—61. gr. frumv. óbreyttar samþ. með 21 atkv.
99. 62. gr. frv. óbreytt samþ. með 14 atkv.
100. 63. gr. frv. óbreytt samþ. með 17 atkv.
101. 64. gr. frumv. óbreytt samþ. með 21 atkv.
102. 65. gr. frv. óbreytt samþ. með 21 atkv.
103. 66. gr. frv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
104. 67. gr. frv. óbreytt samþ. með 14 atkv.
105. 68. gr. frv. óbreytt samþ. með 17 atkv.
106. 69. gr. frv. óbreytt samþ. með 18 atkv.
107. Breyt.till. við 70. gr. (200) samþ. með 16 atkv.
108. Breyt.till. við 71. gr. (199) fallin.
109. 71. gr. frumv. óbreytt samþ. með 20 atkv.
110. 72. gr. frumv. óbreytt samþ. með 19 atkv.
111. »Ákvæði um stundarsakir« samþ. með 20 atkv.
112. Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.-greiðslu.

Frumv. svo vísað til 3. umr. með 20 gegn 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Árni Jónsson,	Páll Briem.
Sigurður Jensson,	
Bened. Sveinsson,	
Gunnar Halld.son,	
já:	
Indriði Einarsson,	
Jens Pálsson,	
J. Jónss., þm. N.-M.,	
J. Jónss., þm. N.-Þ.,	
Jón Þórarinsson,	
Jónas Jónassen,	
Lárus Halldórsson,	
Ólafur Briem,	
Olafur Olafsson,	
Ólafur Pálsson,	
Sigurður Gunnarsson,	
Sigurður Stefánsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Eiríksson,	
Þorl. Guðmundsson.	

Frumv. til laga um eyðing svartbaks-eggja (C. 187); 3. umr.

Flutningsm. (Jens Pálsson): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál á þessu síðasta stigi þess. Það hefir verið skýrt allrækilega við 1. umræðu hjer í deildinni og yfirhöfuð mætt góðum undirtektum. Það hefir verið tekið fram, að það væri gott og æskilegt fyrir varpbændur, að fá þessi lög til verndunar þeim atvinnuveg, sem mjög er þýðingarmikill fyrir þá. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið, en fel það deildinni til beztu meðferðar, með þeirri ósk, að hún samþykki það, og vona jeg að sú ósk mín rætist.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 20 atkv. og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík (C. 192); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. umræðulaust samþ. með 21 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Þórshöfn (C. 192); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. umræðulaust samþ. í e. hlj. og sent Ed.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 225, 249); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 259) samþ. með 15 samhlj. atkv.; frv. þannig breytt samþ. umræðulaust í e. hlj. og afgr. til Ed.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889 (C. 253); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. umræðulaust í e. hlj. og afgr. til Ed.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1888 og 1889 (C. 254); 3. umr.

Framsögum. (Ólafur Briem): Jeg skal að eins geta þess, að frv. er nú breytt samkvæmt þeirri breyt.till. er samþ. var hjer í deildinni við 2. umr. og hef jeg svo engu frekar við að bæta, hvað þetta mál snertir.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um meðferð á hrossum og sauðfje, sem selt er til útflutnings (C. 236); 1. umr.

Flutningsm. (Jón Þórarinsson): Jeg vil stinga upp á, að þessu máli sje vísað til nefndarinnar, sem kosin hefir verið áður í deildinni til að íhuga meðferð á markaðarhrossum.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í e. hlj., að vísa málinu til þessarar nefndar.

Frumv. til laga um að leggja jarðirnar Skildinganes, Bústaði, Klepp og Laugarnes undir Reykjavíkur kaupstað (C. 142); 1. umr.

Flutningsm. (Jónas Jónassen): Sökum þess, að h. þingdm. mun ekki mál þetta kunnugt, ætla jeg að leyfa mjer að skýra það dálítið í umboði bæjarstjórnarinnar, sem hefir falið mjer á hendur að koma því áleiðis og bera það fram fyrir h. þingd.

Þess skal þá fyrst getið, að jarðirnar Kleppur og Laugarnes, sem eru eign Reykjavíkurbæjar, eiga land, sem liggur að landeign bæjarins. Þess vegna er rjettast og eðlilegast, að þessar jarðir heyri til lögsagnarumdæmi bæjarins. Hvað Skildinganes snertir, þá er landeign þeirrar jarðar svo að segja lokuð inn í lögsagnarumdæminu, og er því mjög óeðlilegt, að hún fylgi því ekki. Landeign Skildinganess er lítil og búendurnir, sem hafa talsverðan fjenað, neyðast því til að nota land bæjarins fyrir sínar skepnur. Verða því bæjarbúar fyrir allmiklum ágangi, og hefir enda stundum legið við að fullkomin misklíð yrði út af þessu. Það er því í alla staði óeðlilegt og óhagfelt fyrir hlutaðeigendur, að þetta fyrirkomulag haldist til lengdar. Jeg vona, að h. deild sjái, að talsvert mælir með því, að þessar jarðir; Kleppur, Laugarnes og Skildinganes, verði sameinaðar við lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, enda er það miklu haganlegra fyrir ábúendur þessara jarða, einkum ábúendurna í Laugarnesi og Skildinganesi, þegar þess er gætt, hversu túnrækt í landeign bæjarins hefir farið í vöxt á síðari árum og mun framvegis aukast því meir, en af því leiðir aptur, að ábúendur þessara jarða eiga mjög erfitt með eða næstum ómögulegt að halda fjenaði sínum frá því að spilla þessum túnblettum, en hafa sjálfir lítið sem ekkert land handa honum, svo að þeir hljóta að láta hann ganga í landi bæjarins, auðvitað í óþökk, og geta allir sjeð, að af því getur leitt mikinn óhagnað og mikla erfiðleika fyrir þessa bændur, þegar þeir geta hvergi haft skepnur sínar í friði. Það er yfirhöfuð að mörgu leyti bagalegt, að lögreglusamþykkt Reykjavíkur eigi skuli geta náð yfir þessar jarðir. Hvað Bústaði snertir, hafa þeir verið teknir með í þetta frv. til að »regúlera«

lögsagnarumdæmi bæjarins, eða til þess að fá eðlileg takmörk á því einnig þeim megin. Jeg skal ennfremur sjálfur lýsa því yfir, að bæjarstjórnin hefir skuldbundið sig til, að taka tiltölulega þátt í útgjöldum þeim eða halla, er af því kann að leiða fyrir hreppinn (Seltjarnarneshrepp) við það að missa þessar jarðir Klepp, Laugarnes, Skildinganes og Bústaði, og úr því bæjarstjórnin býður þetta, hygg jeg að hreppurinn þurfi engan skaða að bíða við þessa breytingu, sem flestir ef ekki allir ábúendur þessara jarða munu vera samþykkir. Bæjarstjórnin hefir alls ekki viljað þvinga hlutaðeigendur í þessu efni, og hún vill fara svo vel í það, sem unnt er, sem ljósast sjest af því, að hún er reiðubúin til að taka þátt í þeim halla, er hreppurinn kann að hafa af þessari breytingu. Jeg vonast því til, að h. deild sjái, að þessi tilmæli bæjarstjórnarinnar sjeu ekki ósanngjörn, og að hún muni gefa samþykki sitt til þessarar breytingar, og skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, heldur fel það h. deild til íhugunar og úrskurðar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er knúður til að standa upp og tala fátt eitt í þessu máli, af því það snertir það sveitarfjelag, sem jeg á heima í. Jeg get ekki annað en vorkennt h. þm. Reykv. (J. J.) það, að þurfa að bera þetta frv. upp hjer deildinni í fyrir hönd bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, þar sem mál þetta hefir fengið svo vondan undirbúning af hálfu bæjarstjórnarinnar. H. þm. Reykv. (J. J.) tók fram sem ástæðu fyrir því, hve innlimun þessara jarða, einkanlega Skildinganess, í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, væri nauðsynleg, þá túnarækt, sem færi svo í vöxt hjer í kringum Reykjavík, eins og hann líka gat um þá kreppu, sem Skildinganessbúendur væru í, vegna nágrennisins við Reykjavík; en þetta finnst mjer ljettvæg ástæða fyrir innlimuninni í lögsagnarumdæmið; jeg veit ekki betur, en að það sje talsverð túnarækt í Skildinganesi, og svo í annan stað hljóta bæði Skildinganessbúendur og aðrir nágrannar við Reykjavík að hlíta þeim reglum, sem settar eru í lögreglusamþykktinni fyrir Reykjavík. Jeg vjek að því áðan, að mál þetta væri alveg óundirbúið, þar sem það aldrei hefur verið borið undir annan málsaðilann, eða hreppsnefndina í Seltjarnarnesshreppi, og er þetta beint ofan í útþrykkileg fyrirmæli 23. greinar í tilskipun 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, en eptir þessari lagagrein, eiga þess konar málefni fyrst að berast undir álit hreppsnefndanna, og síðan koma til aðgjörða hlutaðeigandi sýslunefnda. Ef þessi aðferð, að þjóta svona með slík mál undirbúningslaust beina leið strax til löggjafarvaldsins, fram hjá rjettum hlutaðeigendum, hreppsnefndum og sýslunefndum, fengi framgang eða áheyrn h. deildar, þá er ekki ólíklegt, að eptir á mundu við þetta opnast dyr fyrir önnur sveitarfjelög, að vilja reyna að koma líku í verk, en þetta gæti haft skaðlegar afleiðingar, eins og gefur að skilja. Hjer er heldur ekki um neitt lítilræði fyrir Seltjarnarnesshrepp að gjöra, þar sem Skildinganessbændur eru með betri meðalgjaldendum hreppsins, og einn af þeim annar sá bezti, og á Bústöðum og Kleppi á að nokkru leyti hið sama sjer stað, eða meðalgjaldendendur. Auk þess hafa ýms býli verið ræktuð út í Skildingrnesslandi, t. a. m. Þormóðsstaðir og Nauthóll, og alls eru á þessum jörðum eitthvað 10 eða 11 búendur, eða hjer um bil 1/6 hluti af öllum búendum hreppsins eða vel það; hjer er því ekki um neitt lítilræði að tefla. Dýrleiki þessara jarða er: Bústaðir 29 hndr. 6., Skildinganes 36 hndr.

6., Laugarnes 31 hndr. 3 og Kleppur 19 hndr. 5. Þetta er til samans 117 hundruð 2. að dýrleika eptir nýju mati. Ef þessi breyting kæmist á, er öllum skiljanlegt, að talsvert skarð mundi koma í gjaldendaflokk hreppsins, já meir að segja, það yrði það skarð, sem gæti orðið eyðileggjandi fyrir Seltjarnarnesshrepp; öll boðleið yrði skorin í sundur og allur fjelagsskapur í sveitarfjelaginu. Já, jeg tek það upp aptur, jeg get ekki annað en vorkennt bæjarstjórn Reykjavíkur, þar sem svo margir lögfræðingar og greindir menn sitja í, að hún skuli hafa sent þetta frumvarp svona undirbúið frá sjer hjer inn á þingið, án þess að hafa leitað nokkurs samkomulags áður um þetta málefni. Jeg veit að sýslunefndin í Kjósar- og Gullbringusýslu muni finna, hvað það hefir að þýða fyrir sýslufjelagið, ekki síður en fyrir hreppsfjelagið. Að þetta sje vilji búenda þeirra, sem eru á jörðunum, sem frumvarpið tilgreinir, skal jeg ekkert segja um, því mjer er það ekki fullkunnugt. Jeg efast um að það sje glæsilegra fyrir hlutaðeigendur, að komast undir lögsagnarumdœmi Reykjavíkur, það er að láta innlima sig í ríkið, enda hefir það ekki verið undir þá borið, því þótt hún bæði sje fjölmennari og miklu ríkari en Seltjarnarnesshreppur, þá er hún líka miklu skuldugri, og hefir miklu fleiri ómaga fram að færa. Þó menn nú máske vildu ganga að því, að láta innlima sig í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, þá er engan veginn þar með sagt, að menn seinna meir mundu þakka fyrir þá innlimun.

Jeg treysti því, að löggjafarvaldið láti það ekki viðgangast, að farið sje með þetta mál fram hjá bæði sýslunefnd og hreppsnefnd, og greiði því atkvæði mitt óhikandi gegn frumvarpinu.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 11 : 11 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkv.gr., og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Árni Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Halldórss.,
Indr. Einarsson,	Jón Jónsson N.-M.
Jens Pálsson,	Jón Jónsson N.-Þ.
J. Jónassen,	Jón Þórarinsson,
Ól. Ólafsson,	Lárus Halldórsson,
Sig. Gunnarsson,	Ólafur Briem,
Sig. Stefánsson,	Ólafur Pálsson,
Skúli Thoroddsen,	Páll Briem,
Sveinn Eiríksson.	Þorl. Guðmundsson.

Frumv. til laga um fjelag til brunabótatryggingar á íslenzkum kaupstöðum, verzlunarstöðum o. fl. (C. 108); 1. umr.

Flutningsmaður (Indriði Einarsson): Frv. þetta gengur út á það að koma á fót innlendu brunabótafjelagi á íslenzkum kaupstöðum. Eins og kunnugt er hafa kaupstaðirnir vaxið mjög á hinum síðari árum og eru líkur til að sá vöxtur haldi áfram, og það því fremur ef auðið yrði með vátryggingarlögum að skapa þeim fasta framtíð og skapa fyrir þá mögulegleika til að geta risið úr rústum aptur, ef þeir skyldu verða loganum að herfangi.

Frumv. þetta er að miklu leyti sniðið eptir fyrirkomulagi því, er sett var í Danmörku, þá er Danir stofnuðu hjá sjer þvingað innlent vátryggingarfjelag, er fyrst var gjört um 1760, síðan 1792 og að síðustu gefið frjálst eptir 1870.

Jeg vona að h. þingd.m. lofi frumv. þessu að ganga til 2. umr. Jeg ætla eigi að sinni að stinga upp á að nefnd verði sett, en mun gjöra það áður umr. er lokið.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til h. flutningsm. frv. þessa (I. E.), hvaðan hann

hefir fengið umboð til að koma fram með það; það getur ekki verið frá húseigendum í Reykjavík, því að hús þeirra eru áður í ábyrgð, og jeg veit eigi til að þeir sjeu óánægðir með það ábyrgðarfjelag, sem þeir nú skipta við; — og þó varðar þetta mál eiginlega Reykvíkinga mest.

Í öðru lagi bindur þetta frv. landssjóði þunga bagga, — en ekki gott að verða klókur á, hve þungir þeir eru. Þessu er sem sje komið svo fyrir í frv., að fulltrúar þessa fyrirhugaða fjelags eiga að ráða öllu fyrirkomulagi þess og þá að sjálfsögðu, hve hátt brunabótagjald greiða skuli af hverju húsi, og allri stjórn á sjóð fjelagsins. Þegar nú hús brenna, sem fjelagið hefir vátryggt, er bersýnilegt, að því minna sem sjóður þessi getur af mörkum látið frá öðrum útgjöldum sínum, því meiri verður ábyrgð landssjóðs og því dýpra verður að seilast niður í hann. Þetta er þannig allt á fulltrúanna valdi.

H. flutningsm. (I. E.) sagði, að þetta væri gott ráð til þess, að kaupstaðir gætu risið úr rústum, ef þeir brynnu. En á hvers kostnað verður það sem þeir rísa úr rústum? Á landssjóðs kostnað. Það er eigi gott að skilja ýmisleg ákvæði þessa frumv. nje fyrirkomulag þessa ábyrgðarfjelags yfir höfuð, svo sem það, hvort kaupstaðirnir eiga að vera í innbyrðis-ábyrgð gagnvart hver öðrum, þannig, að þeim útgjöldum, sem ábyrgðarfjelagsskapurinn hefir í för með sjer, skuli jafnað niður á hvert einstakt hús, sem er í ábyrgð, eða hvort þessi útgjöld hvíli að eins á þeim sjóði, sem myndast af brunabótagjöldunum. Það virðist svo sem fulltrúarnir eigi að ráða því öllu.

Mjer finnst yfir höfuð ákvæði frumv. reka sig hvort á annað, og hygg jeg því, að það sje meira en meðalverk fyrir nefnd að gjöra frumv. nokkurn veginn úr garði. Það er nú 1. umr. um það, svo að eigi er hægt að fara út í einstakar greinir þess. Mjer finnst því eigi einu sinni rjett af þinginu að fjalla meira um frumv., eyða tíma og kröptum til þess. Sjerstaklega hygg jeg, að Reykjavík mundi vilja gefa mikið til að vera laus við það ábyrgðarfjelag, sem það ráðgjörir að stofnsetja.

Flutningsmaður (Indriði Einarsson): Jeg skal fyrst svara hæstv. landshöfðingja því, að umboð til að koma fram með frumv. hef jeg fengið í stjórnarskránni sem hver annar fulltrúi þjóðarinnar; eða veit ekki hæstv. landsh., að jeg er fulltrúi hjer?

Í öðru lagi skal jeg geta þess, þrátt fyrir ummæli hæstv. landshöfðingja um Reykjavík, að jeg hef átt tal um þetta við fulltrúa í bæjarstjórninni, einkum þá fulltrúa, sem jeg ímynda mjer að lengra sjái fram í tímann en sumir hinna, og hafa þeir látið í ljósi, að þeir sjeu alls eigi ánægðir með það brunabótafyrirkomulag sem gildir í Reykjavík, og því til sannindamerkis er það, að sumir í bæjarstjórninni hafa hugsað um, að bærinn ætti sjálfur að taka algjörlega að sjer ábyrgð á 1/3 húseigna bæjarins, eða að Reykjavík ætti að mynda brunabótafjelag sjer.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. landshöfðingi vitnaði í, að fulltrúar fjelagsins rjeðu öllum ákvæðum um brunamál, brunabótagjald og brunabótasjóð, skal jeg taka fram, að samþykki landshöfðingja þarf til, að ákvæði þau, er þeir setja, fái gildi. *(Landshöfðingi:* Ef landshöfðingi getur ekki samþykkt, svo verður ekkert). Jeg verð að ímynda mjer að hver landshöfðingi væri svo »loyal« að hlýða lögum, sem alþingi hefir samþykkt og konungurinn staðfest. Reykjavík gengur að sjálfsögðu því að eins í fjelagið, að fjelagið geti boðið sömu eða

betri kjör, en Rvík nú hefir; og ef gengið væri út frá þeim taxta, sem Rvík lifir undir nú, er eigi ólíklegt að eldsvoðar yrðu eigi svo miklir að fjelagið mundi vel geta borið sig, að minnsta kosti hefir það verið svo hingað til og aðra reynslu hafa menn ekki.

Það er rjett, að það er eigi greinilega tekið fram í frumv., hvort kaupstaðirnir skuli bera ábyrgðina hver með öðrum. Það var nokkrum erfiðleikum bundið að koma þeim ákvæðum fyrir í frv. vegna þeirrar ábyrgðar landssjóðs, sem það gjörir ráð fyrir.

Ábyrgð sú, sem ætluð er landssjóði, er í sjálfu sjer engin nýjung; hún er í líking við þá ábyrgð, sem landssjóði var lögð á herðar með innlausn á seðlum bankans, en sem nú er burtfallin í raun og veru, eða að minnsta kosti álít jeg að hjer sje ekki neinn maður inni, sem ímyndar sjer, að landssjóður þurfi nokkurn tíma að borga einn eyri til að innleysa þá.

Mjer finnst ekki að hagur landsins verði bættari með því, þótt frv. þessu verði vísað frá með fyrirlitningu, eins og mjer skildist á hæstv. landshöfðingja að hann ætlaðist til. Úr því að vjer eigum standandi í kaupstaðarhúsum um 4 milj. kr., finnst mjer þó vert að reynt sje að vernda á einhvern hátt svo mikið kapital. Ef jafnmikið »kapital« í jörðum lægi undir skemmdum og búast mætti við einn góðan veðurdag, að þær væru allar í auðn eða að nokkru leyti í auðn, hygg jeg að löggjafarvaldið mundi ekki hugsa sig tvisvar um að reyna að reisa einhverjar skorður við því. Jeg hygg því að engin vanhugsun liggi til grundvallar fyrir þessu frumv. eða að það sje í sjálfu sjer svo illt mál, að það verðskuldi bara fyrirlitningu, og það ekki einu sinni frá sjónarmiði stjórnarinnar. Danir hafa haft líkt fyrirkomulag hjá sjer síðan 1760; því var nokkuð breytt 1792 og síðast var brunabótafjelag kaupstaðanna dönsku gjört frjálst með lögum, sem gjörð voru eptir 1870. Fyrirkomulagið er í þessu frumv. sniðið sem mest eptir ákvæðum gildandi laga í Danmörku, og skil jeg því eigi, að það geti sætt sjerstökum mótmælum frá hálfu stjórnarinnar; jeg er miklu fremur alveg viss um að stjórnin mundi samþykkja það. Eptirlit það, sem landshöfðingjanum er ætlað, er sniðið eptir bankalögunum.

Það getur verið, að ákvæði frumv. þessa sjeu illa orðuð og reki sig hvort á annað. Jeg er óvanur að lesa stýla, jeg skoða það ekki sem mitt verk, það er fyrir skólakennara eða einhverja svoleiðis menn, en jeg hygg þó málið þess vert að það sje íhugað.

Skúli Thoroddsen: Jeg ætla að eins að leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir frá almennu sjónarmiði um frv. þetta í tilefni af ræðu hæstv. landshöfðingja, því að mig furðaði mjög á því, hvernig hann tók í þetta mál; og jeg verð að segja það, að jeg skil sannarlega eigi, hvaða mál landssjóður ætti að styrkja, ef það væri eigi þetta mál. Ef vjer hefðum það stjórnarfyrirkomulag og þá landsstjórn, sem setti sjer það fyrir mark og mið, að koma landinu upp í »materíellu« tilliti, þá mundi hún eigi hafa látið svo mörg ár líða, sem liðin eru síðan 1875, er vjer fengum löggjafarvald, án þess, að sýna það í einhverju, að hún vissi, hvað til þessa lands friðar heyrði, svo í þessu efni sem öðru. Jeg skil heldur ekki í, hvað geti verið þessu máli til fyrirstöðu frá sjónarmiði stjórnarinnar, nema ef vera skyldi, að stjórnin bæri kvíðboga fyrir, að þetta mundi draga frá hinum dönsku vátryggingarfjelögum. Jeg hef látið þess áður getið hjer á þingi, að mjer virtist svo, sem hin danska stjórn vildi þó gjarnan, að Danir hefðu dálítinn hag

af oss Íslendingum, ef þeir gætu. En þó nú stjórnarfulltrúinn, sem jeg nauðugur vildi væna hann, hefði þetta fyrir augum og fyndi því ýmsa agnúa á þessu frumv., hygg jeg að nefnd gæti lagað þá agnúa og hinar einstöku greinar frumv.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt að kjósa nefnd, og hlutu kosningu

Indriði Einarsson	með	19	atkv.
Eiríkur Briem	—	17	—
Skúli Thoroddsen	—	16	—
Sigurður Stefánsson	—	12	—
Lárus Halldórsson	—	11	—

Fyrstu umr. frestað.

Tuttugasti og fjórði fundur, miðvikudag 29. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi nema 2. þm. N.-Múl. (Þ. Kjerúlf), sem var veikur.

Forseti skýrði frá, að sjer hefði verið tilkynnt, að í nefndinni um stofnun háskóla væri kosinn formaður Benidikt Sveinsson og skrifari Lárus Halldórsson. Í nefndinni um að ljetta af fjárreiðslum þeim, sem hvíla á Höskuldsstaða prestakalli, væri kosinn formaður Eiríkur Briem og skrifari Páll Olafsson. Í nefndinni um meðferð á markaðshrossum væri kosinn formaður Jón Þórarinsson og skrifari Jón Jónsson þm. N.-Þing. Í nefndinni um rjett kvenna til að ganga á menntunarstofnanir o. s. frv. væri kosinn formaður Skúli Thoroddsen og skrifari Ólafur Ólafsson.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 1, 239); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eins og h. þingdeildarmenn munu sjá af nefndarálitinu (C. 239) hefir nefndin gert sjer far um að fara sem sparlegast með landsins fje sem frekast var unnt. En engu að síður hefir nefndin orðið að leggja það til, að útgjöldin verði hækkuð töluvert, nefnil. um 172,600 kr., en hins vegar hefir hún ráðið til að lækka nokkrar útgjaldagreinir um 26,500 kr. og eptir nefndarálitinu nemur tekjuhækkunin 30,000 kr. Eptir þessu verður öll útgjalda-hækkunin hjer um bil 116,000 kr., fram yfir það sem farið er fram á í stjórnarfrumv.

Eins og tekið er fram í nefndarálitinu er það aðgætandi, að einn liður í fjárlagafrv., nefnilega 12. gr., er þannig varið, að nefndin gekk að því sem vísu, að hann yrði að hækka töluvert; það eru útgjöldin til póstmála; fjárlaganefndinni duldist eigi, að póstmálaefni hjer á landi væru í því horfi, að ekki væri viðunandi, heldur yrði að auka póstgöngur, sjerstaklega aukapóstferðir, að góðum mun, en af því að sjerstök nefnd hefir eptir tillögum fjárlaganefndarinnar verið skipuð í það mál, þá hefir fjárlaganefndin álitið rjettast að bíða eptir tillögum hennar. Þessi hækkun mun þó varla nema meiru en 28000 kr. á fjárhagstímabilinu og mun það láta nærri áliti nefndarinnar um póstmál.

I frumv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir um 113000 kr. afgangi af tekjunum við enda fjárhagstímabilsins, en ef allar breyt.till. nefndarinnar yrðu samþykktar, mundi vanta hjer um bil 30,000 kr. á fjárhagstímabilinu til þess, að tekjurnar hrökkvi til fyrir útgjöldunum, og auðvitað töluvert meira, ef gert er ráð fyrir, að útgjöldin til póstmála hækki, eins og eigi verður hjá komizt.

Jeg vil svo ekki að þessu sinni fjölyrða meira, fyrr en jeg heyri undirtektir hæstv. landsh. og h. þingd.m.

Árni Jónsson: Eins og kunnugt er, hafa menn ekki haft langan tíma til að átta sig á nefndarálitinu, því að það var fyrst lagt fram í gær, og er yfirgripsmikið. Það er þó augljóst bæði af nefndarálitinu og orðum h. framsögum. (Sk. Thor.), að töluverðar breyt-

ingar hafa verið gerðar frá stjórnarfrv., sjerstaklega í þá stefnu, að hækka útgjöldin að mun, hækka þau svo mjög, að tekjurnar hrökkva ekki til, heldur vantar 30,000 kr. á til þess að svo sje eptir því sem h. framsögum. (Sk. Th.) skýrði frá. Jeg verð að álíta, að þessi stefna h. nefndar sje ekki heppileg.

Eins og mönnum er kunnugt og eins og hæstv. landsh. tók fram við byrjun þessarar umr., hafði áður gengið svo um mörg ár, að tekjurnar hrukku ekki til fyrir útgjöldunum. Það var fyrst á síðasta ári afgangur, og í því fjárlagafrumv., sem stjórnin hefir lagt fram í ár, var gert ráð fyrir töluverðum tekjuafgangi, eða fullum 113,000 kr. — Á síðasta þingi var tekjuhallinn orðinn svo mikill, að mönnum þótti í svo mikið óefni komið, að svo búið mætti ekki lengur standa. Til þess því að koma fjárhagnum í betra horf var þingið allt á einu bandi og samþykkti að leggja nýja og þunga skatta á landsmenn. Þingmönnum sjálfum þóttu skattarnir miklir og einnig þjóðinni, sjerstaklega sykurtollurinn, sem var 5 aura á hverju pundi. Þetta hefir mörgum þótt of hátt, af því að sykur væri nauðsynjavara, og sumir ljetu í ljósi, að þeir vildu einungis una við það með sjerstöku tilliti til þess, að tekjurnar hrykkju til fyrir útgjöldum. Frá ýmsum þingmálafundum hefir komið áskorun til þingsins um að lækka þennan sykurtoll, og jeg ætla að menn óski ekki eptir, að tollarnir verði hækkaðir. Jeg hygg, að menn hafi vænzt eptir, að þingið hafi gengið svo frá tollmálunum á síðasta þingi, að ekki þyrfti strax að fara að róta við þeim. Menn hefðu getað búizt við, að fjárlaganefndin tæki tillit til þessa og hagaði svo til, að tekjur og útgjöld stæðust á, enda hefur það lengi verið skoðaður beztur búskapur. Enda þótt landssjóður eigi nokkurn forða í viðlagasjóði er ekki óskandi, að hann fari minnkandi, heldur miklu fremur vaxandi, í þá átt, sem hæstv. landsh. benti á við inngangs-umræðu þessa máls.

Næstliðið ár var fremur gott, og má ætla að tekjurnar hafi þá verið með meira móti, svo að menn geta ekki búizt við, að þær verði meiri fyrst um sinn. Við þessar tekjur verða menn að miða, svo framarlega sem menn vilja halda í horfinu sama. Jeg ímynda mjer að hvorugt verði vinsælt, hvorki að auka tolla til þess að fá gjaldjöfnun, nje heldur að hafa undir-ballance eða tekjuhalla, svo að ganga verði enn á ný á viðlagasjóðinn.

Eptir því sem mjer kemur fyrir sjónir við fljótlegt yfirlit yfir nefndarálitið, er ekki að sjá að nefndin hafi gert sjer far um að spara, eins og h. framsögumaður (Sk. Thor.) sagði. Það er auðvitað, að nefndin hafi ekki tekið allar fjárbænir til greina, en það gerir engin fjárlaganefnd, og jeg tala ekki um það, en mjer virðist yfir höfuð, að nefndin hafi ekki sparað mikið; hún hefur í rauninni ekki minnkað útgjöldin um meira en 800 kr. Jeg tel ekki eptirlaunaupphæðina, sem nefndin hefir sett niður. Sú upphæð er ekki nema áætlun, og það gerir ekkert til, þó sú áætlun sje heldur hærri en lægri, því að það kemur síðar fram í reikningunum, eins og t. d. í sakamálskostnaðinum. Hann hefir nefndin fært upp úr 1500 kr. í 3000 kr., af því að hann hefur orðið það eptir reikningi að undanförnu.

Flestar af till. h. nefndar miða til þess að bæta við útgjöldin, og þó það máske frá hennar sjónarmiði þurfi að veita flest af þessu, þá hefði þó hins vegar þurft að miða veitinguna og útgjöldin yfir höfuð við tekju-upphæðina.

Jeg vona, að h. nefnd hafi einhver

ráð til að sníða frumv. svo, að þingið þurfi ekki að skýra þjóðinni frá, að nú sje enn tekjuhalli eptir svona gott ár og svona mikla nýja tolla.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Mjer þótti fjárlaganefndin mæta nokkuð hörðum dómi hjá h. þm. Mýram. (Á. J.), og skal jeg því gera nokkrar athugasemdir við ræðu hans, sem ekki var allstaðar á föstum rökum byggð.

H. þm. lagði alla áherzlu á, að viðlagasjóðurinn þyrfti að verða sem stærstur, og hann sagði enn fremur, að tollarnir 1889 hefðu verið lagðir á eingöngu til þess að rjetta þann tekjuhalla, sem var áorðinn, og hann bætti því einnig við, að margir æsktu að losna aptur við tollana, og enda álitu það sjálfsagt, að þeir væru afnumdir, þegar tekjuhallinn væri horfinn; en þetta er eigi nema hálfsögð saga eða hálfur sannleiki hjá h. þingmanni.

Það vakti fyrir fjárlaganefndinni, að tollarnir hefðu ekki einungis verið á lagðir til þess að bæta tekjuhallann, sem orðinn var, heldur voru tollarnir hækkaðir úr þeirri upphæð, sem stjórnin hafði stungið upp á 1889, með þeim beinu ummælum frá margra þingmanna hálfu, að menn óskuðu, að tök yrðu á að verja meiru fje landinu til framfara, sjerstaklega að því er samgöngur snertir, eins og líka víða hefir verið tekið fram á þingmálafundum út um landið. Og þegar nú er litið á hinar stærstu útgjaldahækkanir, sem fjárlaganefndin fer fram á, þá vona jeg að menn játi, að þær hækkanir sjeu ekki ófyrirsynju, því að hin lang-stærsta þeirra snertir samgöngumálið og miðar til að bæta samgöngurnar; önnur stœrsta útgjaldahækkunin nefndarinnar, verður að minni hyggju til að auka og bæta póstgöngurnar; meira fje verður veitt til eflingar landbúnaðinum, til kvennaskóla, alþýðufræðslu o. s. frv.

En af því að h. þm. Mýram. (Á. J.) talaði í sama tón og landshöfðingi talaði við byrjun umr., vil jeg geta þess, að fjárlaganefndin undraðist, að stjórnin skyldi geta verið þekkt fyrir eða að henni skyldi þykja það við eiga, að leggja slíkt fjárlagafrumv. sem þetta er fyrir þingið, því stjórninni mátti það vera fullkunnugt, að þjóðin mundi ekki árið 1889 vilja leggja á sig háa tolla, enda hærri en stjórnin fór fram á, til þess eingöngu að leggja það fje fyrir. Það var mín skoðun og meiri hluta fjárlaganefndarinnar, að það væri ekki holl fjármálapólitík, að draga fje úr vasa þjóðarinnar til þess að verja því til konungl. obligatióna með $3^1/_2$ % rentu eða til að lána það út til prestakalla o. s. frv. Ef menn hafa nokkra trú á framförum þessa lands, þá má sannarlega verja fje þess betur en að setja það á vöxtu með $3^1/_2$ % rentu. Það er annað tveggja, að þessi þjóð á enga framtíð, eða að hjer á landi má finna mörg nytsöm fyrirtæki, sem í beinan eða óbeinan hag gefa meira af sjer en $3^1/_2$—4%.

Það er auðvitað nauðsynlegt að eiga nokkurn fyrirliggjandi fjárforða, einkum hjer á Íslandi, þar sem harðæri koma svo opt fyrir, en innstæða viðlagasjóðs var við árslok 1890: 920,727 kr. 13 a. Þetta er allgóður búskapur. Hæstv. landsh. hefir tekið fram, að tekjur landsins hefðu árið 1890 vegna nýju tollanna orðið hjer um bil 120,000 kr. um fram útgjöldin og hann gerði ráð fyrir, að á yfirstandandi ári mundi verða afgangs útgjöldum c. 60—70 þús. kr. Þegar þjóðin leggur þetta í sjóð, gerir hún sannarlega nokkuð til að tryggja framtíð sína, svo að hún komist ekki á klakann. Er þá ekki eðlilegt,

að hún vilji verja nokkru af tekjum sínum til að ljetta fyrir sjer, verja þeim til síns mesta áhugamáls: samgöngumálsins?

Það var ekki alls kostar rjett hjá h. þm. Mýram. (Á. J.), að nefndin hefði gengið svo frá frv., að tekjuhalli væri. Það hefir hún ekki gert, en jeg tók fram í ræðu minni, að menn mættu búast við því, af því að nefndin hefði ekki gert áætlun um einn útgjaldalið, nefnilega póstflutninga.

Jeg vona, að umræðurnar og atkvæðagreiðslan í þessari deild verði til þess að gefa fjárlaganefndinni rjett í stefnu hennar, þeirri stefnu, að nú sje tími til kominn fyrir Islendinga að reyna að bæta nokkuð samgöngurnar, eptir því sem efni og kraptar leyfa, til að fika sig í áttina, til að komast inn í civilisatiónina, ef jeg má svo að orði komast.

Þegar tolllögin voru samþykkt á alþingi 1889, sagði jeg við sjálfan mig: »það verður gaman að sjá fjárlagafrv. stjórnarinnar á næsta þingi. Hún kemur sjálfsagt með tillögur um að gera samgöngurnar greiðari, veitir meira fje til gufuskipaferða og fer fram á að leggja telefóna, því þetta er allt bráðnauðsynlegt«. Þessi von mín hefur algjörlega brugðizt, frumv. fer ekki fram á nein þess konar nýmæli, ekkert sem hafi verulega þýðingu, heldur vill hún leggja fje landsmanna fyrir í viðlagasjóði.

Landshöfðingi: H. framsögum. (Sk. Th.) flutti stjórninni þann boðskap frá fjárlaganefndinni, að hún hefði furðað sig á, að stjórnin skyldi geta verið þekkt fyrir að leggja fram fyrir þingið annað eins frumv. og fjárlagafrumv. það, sem nú er til umr. Þegar h. framsögum. (Sk. Th.) tekur munninn svona fullan, þá skyldu menn búast við einhverjum ósköpum, sem nefndin hefði gjört til að fleygja landinu áfram, en þegar jeg lít yfir nefndarálitið, þá sje jeg ekki marga pósta, sem miða til þessa, en jeg sje þar ýmsa bitlinga. Jeg sje bitling til sýslu þeirrar, sem h. framsögum. (Sk. Th.) er þingmaður fyrir, til sýslunefndar þeirrar, sem hann er oddviti í; jeg sje bitling til bróður h. framsögum. (Sk. Th.) og til móðursystur hans. Hvort þessir póstar sjeu til að auka framfarir, skal jeg ekki segja. Aðalpósturinn er strandferðir á kostnað landssjóðs. Raun mun gefa vitni um, hvað mikið þinginu er gefið um þennan útgjaldapóst. Jeg hef látið skoðun mína á þessu í ljósi við umræður um annað mál hjer í deildinni, og jeg áleit þessa aðferð óheppilega, en ljet í ljósi að heppilegra mundi að fá því framgengt með því, að semja annaðhvort við fjelög eða einstaka menn. Eins og þessi fjárveiting er nú úr garði gjörð í nefndarálitinu, álít jeg hana verri en ekki neitt. Það er máske þýðingarlítið, hvaða skoðun jeg hef á þessu, en það er bezt að sjá, hvernig þingið lítur á þetta mál.

Jeg hafði ekki búizt við, að umr. í þessu máli mundu byrja á þann hátt, sem orðið er, en sá sem hefir upptökin verður að bera ábyrgðina og finna sig í, þó svarið fari eptir kveðjunni.

Framsögum. (Skúli Thoroddsen): Jeg skal játa það, að jeg átti ekki von á því, að hæstv. landshöfðingi mundi reiðast svo mjög, þótt jeg sem framsögum. fjárlaganefndarinnar lýsti með hógværum orðum stefnu og áliti nefndarinnar og teldi stefnu stjórnarfrumv. óheppilega; jeg átti sízt von á því, segi jeg, að fulltrúi stjórnarinnar mundi taka þessi ummæli mín svo, að hann ljeti sjer sæma, að beina að mjer persónulegum móðgunarorðum eða árásum. En þeim móðgunarorðum ætla jeg ekki að svara, en leggja þau undir dóm landsmanna, og get jeg það því fremur, sem

meðnefndarmenn mínir geta borið mjer vitni um, að jeg hefi hvorki greitt atkvæði með styrkveitingunni til ingeniörs Sigurðar Thoroddsen nje til ekkjufrúar Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju Jóns sál. Árnasonar, því að jeg áleit þau mál mjer of skyld; hæstv. landsh. hefir því slegið vindhögg í þessu efni.

Jeg get vel skilið, að hæstv. landsh. þyki fjárlagafrumv. stjórnarinnar gott og glæsilegt, þar sem hann er einn liður stjórnarinnar sjálfur. En jeg finn ástæðu til að taka það fram, að ummælum mínum um frágang stjórnarinnar á fjárlagafrumvarpinu var ekki beint að stjórninni í Kaupmannahöfn, því að hún er ókunnug högum vorum og þörfum, og verður, að því er snertir undirbúning fjárlaganna, eins og líka undirbúning annara laga, að fara eptir bendingum landshöfðingja; ábyrgðin hvílir því öll á landsh., því að hann einn af meðlimum stjórnarinnar þekkir hagi landsins, og ætti að gefa stjórninni nauðsynlegar upplýsingar, en þetta hefir hann ekki gjört í þetta sinn, eins og sjá má af fjárlagafrumv., og ekki heldur til jafnaðar að undanförnu, eins og afskipti hans af löggjafarmálum vorum sýna. Þar sem hæstv. landsh. talaði um bitling til sýslu, þar sem jeg væri oddviti, þá furðar mig stórlega, að hann skuli láta sjer slíkt um munn fara, þar sem styrkveiting sú, 4,000 kr. til að koma upp þilskipaábyrgð á Vestfjörðum, er hin eina upphæð, sem ætluð er í fjárlögunum til eflingar öðrum aðalatvinnuvegi vorum, sjávarútveginum; og þetta kallar fulltrúi stjórnarinnar »bitling«, eins og líka 1,500 kr., sem ætlaðar eru til aðalpóstleiðar í Eyjafjarðarsýslu. Ætli »bitlingarnir« verði þá ekki margir í nánd við hæstv. landsh.?

En jeg ætla eigi að svara frekar ummælum landshöfðingja, með því að þau virtust töluð í bráðræði, og jeg ætla, að hann, þegar hann hugsar sig betur um, vildi þau gjarnan ótöluð.

Árni Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að gjöra fáeinar athugasemdir viðvíkjandi orðum h. framsögum. Jeg sagði eigi að fjárlaganefndin hefði gengið svo frá fjárlagafrumv., að það yrði 30,000 kr. tekjuhalli. En jeg hafði það eptir h. framsögum. sjálfum, að ef allar breytingartill. nefndarinnar yrðu samþykktar og útgjöldin til póstmála hækkuðu, eins og nefndin býst við, þá yrði 30,000 kr. undir-ballance. Þetta virðist mjer eigi glæsilegt útlits. Hjer horfir því beint við — eptir þessari stefnu — eitt af tvennu, annaðhvort að siga aptur í sama farið, að lenda í skuldabúskapnum, þannig, að tekjurnar hrökkvi ekki fyrir útgjöldunum, ellegar að fara þá enn á ný að leggja tolla eður skatta á landsmenn. En jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að hvorugt verður vinsælt. Þjóðinni mun almennt þykja tollarnir orðnir nógu háir, og eins og jeg benti til áður, þá hefir bæði frá ýmsum kjósendum og víðar að komið ósk um að lækka sykurtollinn. Hitt viðurkenni jeg rjett að vera hjá framsögumanni, að menn vonist eptir að ná heim með þessa skatta, en þangað, að tekjur og útgjöld standist á, eins og útgjöldin hafa verið að undanförnu. En menn óska þá og, að afganginum sje varið til þess, sem er skynsamlegt og gagnlegt og gott til frambúðar, og yfir höfuð ekki stikað nú þegar svo langt fram, að færa menn aptur í sama farið, komast í gamla skuldafarið.

Jeg efast eigi um, að tilgangurinn hafi verið góður hjá h. nefnd, að hann hefir verið sá, að efla framfarir með þessum ríflegu fjárveitingum. En þótt við viljum jafnan framfarir, þá verður þó í því sem öðru að sníða sjer stakk eptir vexti. Jeg tel það vist, að h. fjárlaganefnd hafi gætt þess um

leið og hún gjörði upp fjárhagsreikninginn, að auk útgjaldanna á fjárlögunum, þá liggja hjer fyrir í þinginu — eins og vant er á hverju þingi, — ýms mál, er hafa útgjöld í för með sjer, ef þau ganga fram. Um póstgöngurnar sagði h. framsögum. (Sk. Th.), að búast mætti við auknum útgjöldum til þeirra. En svo má nefna fleira. Jeg vil t. d. taka dýralæknamálið, sem nú er á þingi, og getur á þessu fjárhagstímabili útheimt fje; svo er annað mál, sem jeg efast eigi um, að allir óski að fái fram að ganga, það er málið um stofnun háskóla; yrði það staðfest, þá væri það ekki svo lítil fjárútlát, sem það hefði í för með sjer. Ennfremur mætti minnast á ullarverksmiðjuna með þessum 120,000 kr., sem sumir vilja nú fá. Ef einhver útlendur barón eða innlendur stórhöfðingi setti hana undir eins á laggirnar, þá hefði það einnig ekki smá fjárútlát í för með sjer. Af þessu má sjá, að ekki væri heppilegt, ef enginn afgangur af tekjum landsins væri til taks, er á þyrfti að halda.

H. framsögum. (Sk. Th.) viðurkenndi, að það væri nauðsynlegt, að eiga nokkurn fyrirliggjandi fjárforða. Jeg ímynda mjer því einnig, að hann muni eigi álíta viðlagasjóðinn, eins og hann nú er, of mikinn varasjóð, þegar á allt er litið. Vjer Íslendingar erum fámennir, að eins 70 þús., og landið strjálbyggt og ógreitt til samgangna. Verður því allt erfiðara og kostnaðarsamara fyrir það. Atvinnuvegir vorir, svo sem landbúnaður og sjávarútvegur, standa ekki á föstum fæti. Þeir geta hvorir fyrir sig mætt hnekki og misbresti, eins og svo opt hefir raun á orðið. Þetta virðist mjer allt benda á, að við verðum að fara hyggilega og gætilega, og halda í áttina, að standa ekki í stað, heldur nokkuð á leið jafnt og stöðugt smám saman. Hitt held jeg sje naumast rjett eða ráðlegt, eptir okkar kröptum og ástæðum, að taka stór stökk, sem svo auðveldlega geta orðið að falli.

Jens Pálsson: Jeg vil að eins fara fáum orðum um fjármálapólitík þá, sem kemur fram í áliti fjárlaganefndarinnar, og jafnframt minnast á stefnumismuninn í fjárlögum þeim, sem h. nefnd hefir stungið upp á, og í fjárlögum fyrirfarandi þinga. Það er ekki ofhermi, þótt jeg segi, að það sje álit almennings, eins og líka er mín skoðun, að sparnaðarstefnan hafi verið ráðandi í fjármálanfarandi þinga.

Sparnaðurinn er gagnlegur og lofsverður, þegar hann er ekki um of, en þegar hann verður of mikill, þá verður hann skaðlegur. Sparnaðurinn er lofsverður að því leyti sem hann er sprottinn af varkárni og fyrirhyggju. Þetta er önnur hlið mikils sparnaðar í fjármálum; en líti maður á sparnaðarpólitíkina frá öðru sjónarmiði, sjónarmiði hinnar djörfu framsóknar, þá kemur í ljós önnur hlið hans, sem vekur grun um, að sparnaður, mikill gagngjör sparnaður, eins og sá, er átt hefir sjer stað í fjármálum vor Íslendinga, kunni að vera ávöxtur, ekki af einni saman fyrirhyggju, heldur af trúarbresti á framtíð landsins, og án efa á því, að það borgi sig að styðja og efla samgöngurnar og atvinnuvegina með verulegum fjárframlögum úr landssjóði. Það eru svo margir hjer á landi, sem eru of veikir í trúnni á framtíð þess. Þessi trúarskortur lamar þjóðina og dregur hana niður, og kemur þetta ljósast fram í hinum miklu útflutningum fólksins til Vesturheims. Við útflutningana missir landið það, sem það sízt má missa, það er að segja vinnukraptinn, sem þarf til þess að koma landinu upp.

Mjer virðist h. fjárlaganefnd þessarar h. deildar hafa brugðið nokkuð frá

sparnaðarstefnu umliðins tíma í fjármálum, og felli jeg mig við þá stefnubreyting og er nefndinni þakklátur fyrir fjármálastefnu hennar yfir höfuð. Stefna nefndarinnar sýnist mjer hóflega djarfleg. Það birtist í nefndarálitinu að vísu örugg en þó skynsamleg framsókn í þá átt, að efla með verulegum fjárframlögum samgöngurnar og atvinnuvegina bæði til lands og sjáfar, án þess þó að gleymt sje hinum andlegu framförum þjóðarinnar. Jeg segi ekki, að jeg geti fallizt á uppástungur h. fjárlaganefndarinnar í öllum greinum, en jeg fagna nefndarálitinu og gleðst af því, af því mjer virðist það vottur trúar á framtíð landsins, þessa lands, sem jeg trúi, að hafi miklar og verulegar auðsuppsprettur í sjer fólgnar og geti átt góða framtíð. Og þó landbúnaðurinn hafi brugðizt opt meira eða minna, eins og h. þm. Mýram. (Á. J.) tók fram, þá þarf hann ekki að bregðast, því að grasræktin má verða hjer á landi hjer um bil óbrigðul atvinnugrein; það er því og verður oss sjálfum en ekki náttúrunni að kenna, ef landbúnaður bregzt til muna eða tilfinnanlega.

Jeg þykist mega fullyrða það, að minnsta kosti er jeg sannfærður um það, að hin örugga og skynsamlega stefna, sem lýsir sjer í nefndarálitinu, er ávöxtur af trú, hinni lyptandi og lífgandi trú, sem þjóðinni er svo nauðsynleg, ef von á að geta orðið um verulega og hraða framför vors fólks og vors lands. Hjer birtist trú á þann sannleik, sem ekki verður hrakinn, að sje atvinnuvegunum skynsamlega hjálpað, þá sje þetta land ekki verra eða miður lagað til að gjöra börn sín farsæl, en mörg önnur lönd, sem ekki eru álitin fara illa með innbyggendur sína. Jeg tek það upp aptur, að jeg er nefndinni þakklátur fyrir hina skynsamlegu og góðu stefnu, sem hún hefir tekið í fjármálunum, hvernig svo sem þessari stefnu verður tekið á þessu þingi, því það má ganga að því vísu, að hún síðar meir verður álitin hin rjetta. Jeg tala hjer ekki um það, að nefndin kann að hafa farið skemmra eða lengra í einhverju atriði, en máske getur álitizt rjett, en jeg tala hjer um stefnu frumv. yfir höfuð, stefnubreytinguna, sem birtist í því, frá því sem komið hefir fram og viðgengizt hefir áður í fjármálum vorum. Mjer dettur ekki í hug að lasta sparsemisstefnu hinna fyrri ára, því meðan fjárbúskapurinn er í bernsku, meðan menn eru frumbýlingar, eru að setja saman bú sitt og auka það, þá er sparsemisstefnan góð, því hún ber þá vott um sanna fyrirhyggju. Þeim sem ráðið hafa því í fjármálum vorum, að fje var lagt upp, meðan vjer vorum í frumbýlingsskap, er jeg þess vegna einkar þakklátur fyrir aðgjörðir þeirra. En nú er öldin önnur. Nýlega hefir verið lagður á þjóðina þungur tollur, og verð jeg að vera á sama máli og h. framsögum. (Sk. Th.) um það, að þjóðinni hafi um leið verið gefið undir fótinn, að tollar þessir yrðu ekki lagðir fyrir, heldur yrði þeim varið til að gjöra eitthvað þjóðinni og landinu til framtara. Einmitt af því, að þjóðin hefir treyst þessu, hefir hún látið sjer lynda að greiða þessa tolla. Jeg segi fyrir mig, og sama segja aðrir, sem borga á annað hundrað króna í landssjóð, að þá vill maður gjarnan að eitthvað sje gjört, til að bæta hag þjóðfjelagsins, og þá um leið manns eigin hag, af því mikla fje, sem þannig er greitt til almennings þarfa. Jeg ætla ekki að fara út í einstakar greinar frumv. eða einstök atriði málsins, en jeg segi það, að vilji menn hæna menn að landinu, vilji menn binda fólkið við sína elskuðu fósturjörð, en ekki neyða það til að hverfa frá henni, þá verða menn

að taka þá stefnu í fjármálum, sem hjer er gjört, þá verða menn að bæta samgöngurnar hjer, bæði til lands og sjáfar, og hjálpa upp aðalatvinnuvegum þessa lands. — En vilji menn, að fólkið haldi áfram að streyma hjeðan í burtu, eins og að undanförnu, þar sem jafnvel 1/5 alls fólks í einni sýslu hefir farið af landi, þá skulu menn halda þá stefnu að gjöra ekkert verulegt eða sem minnst fyrir fólkið og landið, þá skulu menn forðast þá rjettu stefnu í fjármálum, sem h. fjárlaganefnd á þessu þingi hefir stigið inn á.

Páll Briem: Jeg vil leyfa mjer að mæla fáein orð út af því, sem h. þm. Dal. (J. P.) sagði um samanburðinn á fjármálapólitík hinnar núverandi fjárlaganefndar, eptir því, sem hún birtist í nefndarálitinu, og fjármálapólitíkina á undanförnum þingum. Hann var að tala um sparnaðinn, sem hefði verið viðhafður á hinum fyrri þingum, og þótti honum hann hafa verið skaðlegur og allt of mikill. Jeg gat ekki tekið orð hans öðru vísi en sem sneið eða álas til þeirra, sem fjallað hafa um fjármál landsins á undanförnum þingum. *(Jens Pálsson:* Misskilningur!). Hver var þá meiningin? Hafi þetta ekki verið meining h. þm., þá hefði hann átt að haga orðum sínum öðru vísi. En hafi það verið meining hans, þá er það auðsjeð, að hann hefir ekki kynnt sjer, hvernig hagur landsins stóð á næst undanförnum árum. Jeg segi, að þingið hafi neyðzt til að spara fje landssjóðs undanfarin ár, en jeg verð þó að geta þess, að um leið og þingið hafði það fyrir augum, veitti það einnig fje til stórra fyrirtækja, jafnvel enn stærri en hjer er farið fram á að veita fje til. En þingið gjörði meira, því á sama tíma, sem það sparaði fje og veitti þó mikið fje til stórra fyrirtækja, á sama tíma bjó það í haginn fyrir seinni tímana, til þess að menn einnig gætu haft fje, landinu til sannarlegs gagns. Þessa pólitík hefir þingið haft áður, og verð jeg að álíta hana hyggilegri en þá pólitík, sem vill sólunda fje landsins með lítilli fyrirhyggju. Jeg verð að segja það, að mjer finnst ekki koma fram í þessu frumv. nein hyggileg fjármálapólitík. Jeg tek þetta fram svona almennt, án þess jeg vilji gjöra neinar árásir á h. fjárlaganefnd, því jeg vildi óska, að umræðurnar um þetta mál hjeldu ekki áfram í sömu stefnu og þær hafa nú byrjað. H. framsögum. talaði um, að það væri ekki rjett, að leggja fyrir tekjur landssjóðs og verja þeim til að kaupa fyrir dönsk ríkisskuldabrjef, sem gæfu af sjer 3 1/2 p. c. En jeg skal minna h. framsögum. á, að það er að eins lítill hluti viðlagasjóðsins, sem varið hefir verið á þennan hátt. Mestum hluta hans hefir verið varið til lána handa innlendum mönnum upp á 4 p. c. vexti. Á þennan hátt hefir viðlagasjóðurinn orðið til þess í mjög mörgum tilfellum, að hjálpa mönnum að miklum mun til að efla atvinnu sína og auka efni sín. Þannig hefir fje landsins verið varið landsmönnum til hagsældar, já, til miklu meiri hagsældar en sumt það getur orðið, sem stungið er upp á hjer í nefndarálitinu.

H. þm. Dal. (J. P.) var mikið að tala um þá vantrú, sem lýsti sjer í fyrri þinga fjármálapólitík. Jeg, sem setið hef á tveimur undanförnum þingum, get sagt h. þm. Dal. (J. P.) það, að jeg hefi einmitt látið þá skoðun mína í ljósi, löngu á undan honum, að það væri einkar-áríðandi, að verja árlega miklu fje úr landssjóði til stórra fyrirtækja. Þegar jeg var að halda þessari stefnu fram, vissi jeg ekki betur en að h. þm. Dal. (J. P.) væri mest að hugsa um alþýðumenntunarmálið, sem h. fjárlaganefnd virðist ekki hafa gjört mjög hátt

undir höfði. Þau stórfyrirtæki, sem jeg átti einkum við og hafði í hyggju, að leggja ætti mikið fje til, eru mörg afarnauðsynleg fyrir framtíðina. Fyrirtæki, sem jeg hefi álitið, og álít að verja þurfi miklu fje til, eru meðal annara þau, að búa um hafnir landsins, sem eru lífsskilyrði fyrir því, að sumt af því geti þrifizt, sem stungið er upp á í nefndarálitinu. Þá verð jeg að álíta nauðsynlegt, að minnsta kosti sóma landsins vegna, að reisa stórhýsi fyrir söfn landsins, eins og þess heldur ekki getur orðið langt að bíða, að reisa þurfi hús fyrir hina æðri skóla vora. Þá þarf einnig fje til að standast kostnaðinn, sem leiðir af því, að auka dómaratöluna í yfirrjettinum, sem samþykkt hefir verið hjer í deildinni, og ennfremur til að standast kostnaðinn af háskóla, sem víst gengur fram með tímanum. Fje þarf til að brúa þær stórár landsins, sem valda mestum farartálma o. s. frv. Það er þannig margt, sem er ógjört hjer á landi; en hvernig á að fá því framgengt? Það er ekki með því að eyða öllu og sóa, heldur með því að gjöra nákvæmlega áætlun fyrir framtíðinni og spara í tíma til þessara fyrirtækja.

Þegar jeg hugsa til þessa og lít á hinn bóginn á fjármálapólitík h. fjármálanefndar, eins og hún birtist í nefndarálitinu, þá lítur svo út, eins og að minnsta kosti meiri hluti nefndarinnar hafi verið tóm skáld með ímyndunarafli, því nefndin hefir tekið stórkostlega til, þar sem maður rennir eins og blint í sjóinn. Þegar verið er að tala um skóla og vegi á landi, þá veit maður, hvað rjett er að gjöra fyrir þá, því þar höfum vjer reynsluna fyrir oss, en um þetta hugsar nefndin lítið. Jeg hefði nú óskað, að bætt hefði verið við vegabótafjeð að minnsta kosti 10,000 kr. á ári, og ennfremur að aukinn hefði verið miklu meir styrkurinn til kvennaskólanna og jafnvel búnaðarskólanna; því þegar um þetta er að ræða, veit maður, til hvers peningarnir eru lagðir. En skólarnir eru látnir lifa enn á sömu horriminni og áður. Þar sem aptur um alveg óþekkt eða lítt reynd fyrirtæki er að ræða, þar vill nefndin leggja fram stórfje. Þannig vill nefndin auka ríflega styrkinn til búnaðarfjelaganna, þó jeg verði að álíta, að það sje eins holt, að lofa þeim að sýna sig dálítið betur. Það er eigi fengin nægileg reynsla enn fyrir gagnsemi þeirra, og því verð jeg að álíta, að vel hefði mátt una við þann styrk, sem þeim er ætlaður í stjórnarfrumv. Er ekki eins mikið varið í að styðja ríflega hin stærri fyrirtæki í búnaðinum, en að búta styrkinn í smábitlinga til jarðabóta? Jeg segi, að h. fjárlaganefnd renni blint í sjóinn, þar sem hún stingur upp á þessari stórkostlegu upphæð til strandferða, í sambandi við það fje, sem hún vill veita til vega á landi. Hjer er fjenu hleypt út svo blint, eins og skáld með ríku ímyndunarafli hefði ráðið í nefndinni. Jeg segi af virðingu til þessara manna: skáld, en ekki leirskáld með haltrandi ímyndunarafli. Það eru veittir peningar til tveggja gagnstæðra fyrirtækja, og það sem veitt er til annars fyristækisins, miðar til að rýra og veikja hitt fyrirtækið. Það er nærri því eins og hin háttvirta fjárlaganefnd setji gufuskipin til höfuðs hvert öðru. Það var eingöngu ræða h. þm. Dal. (J. P.) og árásir hans á meðferð fyrri þinga á fjármálefnum landsins, sem kom mjer til að tala þessi orð, því jeg ætlaði mjer aldrei að taka til máls við 1. umr. um fjárlagafrumv. Jeg veit, að það er ekki til mikils að fara hjer fram á annað en það, sem h. framsögum. vill vera láta. En af því mjer þykir miklu skipta, að fjárlagafrv. fari öðru vísi og hyggilegar úr garði gjört út frá þinginu, þá

held jeg að jeg fyrirverði mig ekki fyrir að gjöra samband við h. konungkjörnu þm. í efri deild um breytingar á frumv. Jeg segi þetta til h. framsögum. (Sk. Th.), til þess að hann þurfi ekki að vera með neinar dylgjur, ef þetta skyldi koma fyrir.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Það er misskilningur hjá h. þm. Snæf. (P. Br.), að komið hafi fram í ræðum hjer í dag álas til hinna fyrri þinga fyrir meðferð þess á landsins fje. Jeg tók það fram í byrjun þessarar umræðu og tek það fram aptur, að á þessu þingi stendur nokkuð sjerstaklega á vegna tolla þeirra, er lagðir voru á þjóðina á síðasta þingi. Þessir tollar eru ekki einungis lagðir á til þess að bæta úr tekjuþurrð landssjóðs og til þess að safna fje í landssjóð, heldur og til þess að eitthvað yrði gjört landinu til verulegs gagns, og ef vjer látum þetta þing líða svo, að vjer gerum ekkert til að efla samgöngur í landinu, þá mun það ásannast, að bæði þing og þjóð munu eptirleiðis ófús á að leggja á sig nýjar álögur, þótt þess verði farið á leit. *(P. Br.:* Það á ekki að biðja um neina nýja tolla). Nei, ekki nú sem stendur, en hugsanlegt er það komi síðar fyrir, því að tímans krötur fara vaxandi, og þjóðin mun eigi til lengdar una því, að samgöngu- og atvinnumálum sje eigi gefinn stórum meiri gaumur, en nú er; en til þess hrökkva tekjur landssjóðs, sem nú eru, eigi langt.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vildi óska að ekki rættist hjer að silfri væri sáð á lögberg, og vaktar með því deilur og styrjöld, eins og verið mundi hafa, ef að Egill Skallagrímsson hefði komizt til lögbergs með silfrið sitt og sáð því þar, en óheppilega þykja mjer umræðurnar byrja að þessu sinni, og sumt er það í áliti h. nefndar, er mig dreymir fyrir, að barizt verði um með hörðum orðum. Jeg er hræddur um að hún, nefndin, hafi stráð því silfri á lögberg, er styrjöld muni af rísa og smá-bardagar. Vel kann það að vera að þessi styrjöld leiði til góðs, eins og ýmsar aðrar styrjaldir hafa gjört, og hreinsi loptið, en nokkuð sýnist mjer þó ósýnt um það svona í leiksbyrjun.

Það er einkum vegna ræðu h. þm. Dal. (J. P.), að jeg tek til máls nú við 1. umræðu málsins. Ræðuhöld hafa verið svo löng og mikil að undanförnu, að jeg mundi hafa sneitt hjá umræðum að þessu sinni, ef ræða h. þm. (J. P.) hefði ekki gefið mjer töluvert tilefni til að taka til máls. Jeg veit að h. þm. er mikill ræðumaður, enda þótti mjer ræða hans nokkuð andleg. Jeg verð að stæra mig af því, að jeg er orðinn nokkuð gamall þingmaður, og af því svo er, þá hlaut jeg að taka það að mjer að mínum hlut, er hann beindi að fyrri þingum með sparsemi. Jeg tel mjer það sóma, að jeg hef jafnan stutt að sparsemi á þingum, og hafi jeg unnið gagn sem þingmaður, þá hefir það ekki verið sízt í þá átt, og yfir höfuð kann jeg þeim mörgu og mikilsverðu þingmönnum þakkir, sem að því hafa unnið. Hver sem þekkir þingsöguna, mun kannast við, að það hafi ekki jafnan verið ófyrirsynju gjört, að spara og halda í landsins fje, og jeg vona að menn sjái nú og kannist við, að mörgum eyrinum mundi hafa verið fleygt úr landssjóði, sem þar er betur geymdur, ef ekki hefðu þó setið sparnaðarmenn á þingi með framfaramönnunum.

Hagur landsins er þannig, að viðlagasjóður er nauðsynleg eign fyrir það. Það liggur svo norðarlega á hveli jarðar, að harðindi og óáran vofir jafnan yfir því. Atvinnuvegirnir eru enn ekki áreiðanlegir. Landbúnaðurinn gefur mjög misjafnt af sjer; reyndar getur verið og jeg vona það, að honum megi koma

í miklu betra horf en nú er. Sama kann að mega segja um fiskiveiðarnar; þær kunna að geta orðið miklu vissari atvinnuvegur en þær eru nú. H.þm.Dal. (J. P.) mun þekkja enn betur en jeg ástandið nú við Faxaflóa. Mun það vera svo glæsilegt, að menn þar mundu vel mega við því, að lagðir væru nýir tollar á þá? Jeg skil ekki í því, að eina ráðið til að halda mönnum kyrrum í landinu sje, að leggja á þá nýja tolla. Jeg greiddi að vísu atkvæði með nýjum tollálögum á síðasta þingi, en það gerði jeg mestmegnis til þess, að landssjóður fengi bættan tekjuhalla sinn, en jeg gerði það líka til þess, að fje skorti eigi til þarflegra fyrirtækja. En þar vil jeg fara hægt og gætilega, en ekki taka undir mig nein stökkuls stökk.

Jeg get ekki þunglega álasað h. fjárlaganefnd, en jeg get ekki heldur kunnað henni þökk fyrir frammistöðu sína. Einkum þykir mjer varúðarverð hin stóra upphæð, sem ætluð er til strandferðanna. Um smábitlingana geta verið skiptar skoðanir; en næst mínu skapi væri þó að draga þá sem mest saman í eitt, og verja þeirri upphæð, er þannig sparaðist, til einhvers nytsemdarfyrirtækis. Jeg tek það enn fram, að jeg tel hyggilegra fyrir oss að fara hægt í sakirnar og síga á og láta reynsluna kenna oss, hvernig happasælast sje fyrir oss að þokast áfram. Jeg hefði óskað, að meira fje hefði verið varið til landvega en hjer er gert, því vegabæturnar eru sjálfsagt einn hinn beinasti vegur til framfara fyrir oss. Jeg er að sjálfsögðu líka með því, að samgöngur á sjó sjeu eflda, en þar rennum vjer fremur blint í sjóinn. Það er ekki hægt að reikna út fyrir fram, hvað gufuskipaferðirnar muni gefa af sjer; þar sýndist mjer því heppilegra að fara hægt og hægt í sakirnar, og láta reynsluna gefa sjer upplýsingar. Það hefir reynzt og mun jafnan reynast affarabetra fyrir þann einstaka, og þá líka fyrir þjóðirnar, og ekki sízt þjóð, eins fátæka eins og vjer erum, að fara varlega.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. tillaga um breyting á farmannalögum 22. marz 1890 (C. 124, 252); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Páll Briem): Eins og h. deild er kunnugt af nefndarálitinu, þá hefir nefndin í þessu máli klofnað í tvennt. Eptir að hafa íhugað málið, er meiri hlutinn eindregið á því, að ekki sje ástæða til að gera frv. að lögum. En þar sem jeg veit, að h. d. hefir lesið nefndarálitið, þá finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um málið.

Jón Þórarinsson: Það fór því miður svo, að nefndin gat ekki komið sjer saman í þessu máli. Jeg sje af áliti meiri hluta nefndarinnar, að honum þykir mjög undir því komið, að einn bálkurinn í farmannalögunum, skipsagabálkurinn, gildi einnig fyrir íslenzk fiskiskip, en hann færir engar ástæður fyrir máli sínu. Jeg er að því leyti á sama máli sem h. meiri hluti, að jeg játa, að heppilegt sje að fá lög um skipsaga á fiskiskipum; en jeg sje ekki, að skipsagabálkurinn í farmannalögunum fullnægi þörfum vorum, eða hann sje framkvæmanlegur hjer á landi, og jeg kannast ekki við, að h. meiri hluti hafi hrakið ástæður mínar fyrir þessu. H. meiri hluti sjer ekki ástæða til að fella skipsagabálkinn úr gildi; þetta eru hans ástæður og aðrar ekki. Þótt jeg álíti lög um skipsaga nauðsynleg, þá bæta ákvæði þessa bálks, eins og þau nú eru,

lítið úr skák. Jeg held það sje ekki til neins að setja þau lög, sem svo eru úr garði gerð, að ákvæðin um hegningu fyrir brot gegn þeim eru óframkvæmanleg. Hjer er ákvæðunum þannig háttað, að því nær ómögulegt er að láta þau ná til íslenzkra fiskimanna. Í 43.gr. farmannalaganna er tekið fram að sektin megi ekki vera lægri en 20 kr., en geti orðið allt að 100 kr., fyrir brot það, sem þar er nefnt. Eptir þessari grein verður hreint og beint ekki hægt að hegna fiskimönnum opt og tíðum, þótt þeir hafi brotið; það mun ekki þykja gerlegt að leggja á þá 20 kr. sekt, en lægri sekt er ekki ákveðin í greininni; afleiðingin verður því sú, að þeir fá að sleppa óhegndir.

Í 36. gr. er það tekið fram, að sektirnar megi ekki nema meiru en hálfu því kaupi, er sjómaðurinn hefir unnið fyrir á ferðinni. Þegar um fiskiskip er að ræða, verður sjálfsagt ferð það sama, sem kallað er einn »túr«. Þessir túrar eru venjulega ekki langir, opt ekki nema nema viku eða hálfan mánuð, og sami maðurinn stundum að eins ráðinn í einn túr. Kaup mannsins, þegar um svo stuttan tíma er að ræða, getur ekki veitt tryggingu fyrir neinu sektargjaldi, því að hæglega getur það komið fyrir, að hann hafi minna en ekkert upp úr ferðinni. Og hvaðan á þá að taka sektirnar?

En verði sjómenn varir við, að ekki sje hægt að hegna þeim eptir ákvæðum laganna, þá er hætt við, að lítið fari að verða úr aganum. Jeg hef að eins tekið þessi tvö dæmi til að sýna, hve athugaverð lögin sjeu. Yfir höfuð eru í bálkinum ákvæði um sjómenn, sem fara milli landa, og eiga því ekki við íslenzk fiskiskip, eins og jeg hef áður tekið fram.

Jeg skal þá snúa mjer að öðru atriði í þessu máli. Jeg sje af nefndaráliti meiri hlutans, að hann álítur lögskráninguna nauðsynlega. Jeg hef áður sýnt, að hún hefir bæði mikinn beinan kostnað í för með sjer fyrir skipaútgjörðarmenn, og getur þó haft enn meiri óbeinan kostnað bæði fyrir útgerðarmenn og háseta. H. meiri hluti hefir engin rök fært gegn þessu, og vona jeg því, að h. deild taki ekki tillögur hans til greina. Af þessum og fleiri ástæðum hef jeg ekki getað annað en haldið fast við frv., og vona jeg að h. deild samþykki það.

Jeg hef orðið var við, að sumir hafi ímyndað sjer, að með þessari breytingu á farmannalögunum væru þau með öllu numin úr gildi; þetta er misskilningur; þau eru í gildi eptir sem áður, en að eins undan þeim þeginn viss flokkur af skipum, sem þau geta ekki átt við. Ekki einu sinni öll fiskiskip eru undan þeim þegin; sum fiskiskip eru gerð þannig út, að lögin gætu náð til þeirra þrátt fyrir þessa breytingu.

Ef farmannalögin eiga að halda áfram að gilda, eins og þau hafa gert, sje jeg ekki nema um tvennt að gera fyrir þilskipa-útgerðarmenn við Faxaflóa; annaðhvort verða þeir að hætta við útgerð sína eða þeir neyðast til brjóta lögin. Jeg veit, að sumir vilja heldur hætta við alla þilskipaútgerð, en að verða að breyta útgerð skipanna svo, að þeir geri háseta út upp á kost og kaup, í stað hálfdrættis, eins og þeir eru neyddir til, ef þeir eiga að búa undir þessum nýju lögum. Ef frv., mót von minni, skyldi verða fellt hjer í deildinni, þá má búast við að það leiði til þess, að sumir muni, ef til vill, lifa og láta eins og farmannalögin væru ekki til. Jeg vil ekki hafa það á minni

samvizku, að hafa gefið tilefni til þess, að menn sjeu hjer um bil neyddir til að brjóta lög, og það vona jeg að h. deild vilji ekki heldur. Jeg fel h. deild þetta mál; það lítur að vísu ekki út sem stórmál, en það er þó í raun og veru stórmál fyrir marga. Almenn farmannalög geta ekki átt við fiskiskip vor. En ný lög má semja fyrir þau, ef þörf þykir. En í bráðina fann jeg ekki annað ráð vænlegra til að koma málinu úr þeim bobba, sem það er í, en að undanskilja fiskiskipin farmannalögunum, þessi skip, sem opt eru gerð út alveg eins og bátar. Menn verða að játa, að það er hlægilegt, að maður, sem rær um vetrarvertíð á opnum bát, má semja að eigin vild við háseta sína og er óháður öllum farmannalögum og afskiptum löggjafarvaldsins, en undir eins og hann fer með þessa sömu menn út á skip, sem þilfar er í, þá kemur löggjafarvaldið til og segir: »Jeg vil hafa hönd í bagga með samninga við háseta þína, og jeg vil ráða, hvernig fæði þeir hafa«. Þetta er hrein og bein fjarstæða. Jeg veit, að kunnugir menn munu játa, að jeg hef rjett að mæla; en verið getur að ókunnugir skilji ekki í, hvers vegna eigi sje unandi við þessi lög; en þess vænti jeg, að þeir, sem ókunnugri eru, hugsi sig tvisvar um, áður en þeir greiða atkvæði móti frv. þessu.

Framsögumaður (Páll Briem): Jeg verð að segja það viðvíkjandi orðum h. þm. (J. Þ.), að jeg hef heyrt hann halda líkar ræður yfir mjer áður um það, hve óþolandi farmannalögin væru fyrir þilskipaeigendur. En þegar jeg hef spurt hann, hvers vegna þau væru það, þá hef jeg ekkert svar fengið. Þótt menn sjeu ráðnir upp á hálfdrætti og fái það sem kaup, en ekki í staðinn fyrir kaup, þá er það engin fyrirstaða fyrir því, að lögunum geti orðið fylgt. Það er ekki mjög óhægt að framfylgja þessum lögum, heldur mjög hægt. Þegar um helgidagalögin var að ræða, þá sagðist jeg sem lögreglustjóri ekki treysta mjer til að framfylgja þeim, en þessum lögum treysti jeg mjer til að framfylgja.

Jeg hef nýlega talað við einn þilskipaeiganda hjer við Faxaflóa, sem áleit það óheppilegt, að undanskilja nokkur fiskiskip í farmannalögunum. Hann sagði, að áður en farmannalögin komu, hefðu menn engin lög haft að halda sjer til, samningar sjaldnast verið gerðir skriflegir, enga hlýðni hægt að heimta af skipverjum, þeir hefðu þotið í land, undir eins og á höfn hefði verið komið, og hvorki hirt um fisk nje áhöld, svo að hvorttveggja hefði orðið fyrir skemmdum. En nú má heimta hlýðni af skipverjum og að þeir gegni skyldu sinni. Það er einmitt lögskráningin, sem styður svo mjög að því að viðhalda aga, og hún sýnir það skýrt, með hvaða kjörum menn eru á skip ráðnir. Jeg er viss um, að þessi lög verða einmitt til þess að efla þilskipaútveginn. Það hefir verið talað um, hvað lög þessi væru óframkvæmanleg, og það hefir líka verið talað um, hvílíkan kostnað lögskráningin hefði í för með sjer, og um það, hve mikið það gæti kostað, ef lögskráningarstjóri væri eigi við. En hafi hann sinn umboðsmann, þarf varla að kvíða mikilli töf við lögskráning. Jeg held, að mestar kvartanir yfir lögunum komi af því, að menn sjeu ekki búnir að fullkynna sjer þau, og hafi enn ekki lært að hagnýta sjer þau. Að öðru leyti skal jeg ekki halda uppi deilum um þetta mál; jeg fel h. deild það, en lýsi því að eins yfir, að jeg hef ekki getað sannfærzt um, að farmannalögin sjeu óheppileg.

Landshöfðingi: Jeg tók það fram við 1. umr, að mjer þætti undarlegt, að þessi mótmæli gegn farmannalögunum kæmu fram einmitt frá h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), af því að á síðasta þingi var honum svo annt um, að lögin næðu einnig til fiskiskipa; hann sagði þá, að þau væru góð rjettarbót, ef þau næðu til íslenzkra fiskiskipa, en ef þau næðu að eins til þeirra skipa, sem fara milli landa, þá gæfi hann minna fyrir þau. Þetta sagði h. þm. (J. Þ.) þá. Nú segir hann annað. En eptir ræðu þeirri, sem hann hjelt áðan, að dæma, held jeg, að h. þm. hafi ekki kynnt sjer farmannalögin vel. Hann talaði áðan um, að ómögulegt væri að beita sektum þeim, sem ákveðnar eru í skipsagabálki, sjerstaklega gagnvart þeim, sem ráðnir væru upp á hálfan hlut; hann sagði, að það, sem þeir fengju í hálfdrætti í einum túr, gæti hæglega verið of lítið til að borga með sektina; það gæti verið minna en ekkert. En jeg held að h. þm. hafi ekki lesið 36. gr., sem hann þó nefndi, nema að nokkru leyti; jeg held hann hafi ekki lesið þessa málsgrein: »Nú hefir kaupsamningur hljóðað um ákveðna upphæð fyrir alla ferðina, eður um hlut af aflanum, eður kaup hefir verið ákveðið eptir aflahæð, og skulu þá sektir miðaðar við mánaðarkaup það, er tíðkanlegt var þar, sem farmaður rjeðist á skip, um það leyti sem hann rjeðist«.

Jeg tek þetta til dæmis til að sýna, að það sje ekki rjett hermt, að í lögunum sje ekki gjört ráð fyrir, hvernig sektum eigi að ná, nema þegar um ákveðið kaup sje að ræða. Það er fullkominn misskilningur að færa eigi sektir þær, sem um er talað í 43. gr., svo niður, að þær nemi ekki nema hálfu kaupi farmannsins; það ákvæði á að eins við þá 11 töluliði, sem eru í 36. gr., en ekki við 43. gr. Hinar háu sektir, sem þar eru nefndar, eiga að eins við strok.

Jeg held, að hin miklu mótmæli h. þm. (J. Þ.) sjeu yfir höfuð sprottin af því, að þeir, sem hafa fengið hann til að bera fram mál þetta, hafi ekki kynnt sjer lögin nógu rækilega, nje athugað, hvernig þeir gætu komizt hjá þeim óþægindum, sem þeim þykja þau hafa í för með sjer, og að þeir muni eptir 2—3 ár vera farnir að sjá, að þau eru alls eigi óframkvæmanleg.

Viðvíkjandi kostnaðinum við lögskráninguna vona jeg, að h. þm. (J. Þ.) sje nú farinn að sjá, að hann muni vera meiri í orði en á borði, og óþægindin við lögskráninguna munu falla burt, ef útgjörðarmaður og lögskráningarstjóri leggjast báðir á eitt með að gjöra hvor öðrum hægt fyrir.

Jón Þórarinsson: Jeg get nú varla búizt við, að það leiði til neins gagns fyrir málið að lengja umræðurnar. En mig furðar á því, að hæstv. landsh. skuli nú taka svo fjarri máli þessu, þar sem hann við 1. umr. var ekki svo harður á móti því. *(Landsh.:* Það var viðvíkjandi skipsaga). En jeg skil þá ekki vel, hvaða ástæða er til að undanskilja fiskiskip undan sumum bálkum laganna, en sumum ekki.

Jeg kannast við og skal játa, að jeg fagnaði fyrst yfir því, að settar væri betri reglur um aga á fiskiskipum. En þau orð, sem hæstv. landsh. hafði upp eptir mjer, þau voru sögð á því augnabliki, þegar þessar agareglur voru nýkomnar frá Ed., og jeg hafði engan tíma haft til þess að lesa þessa ógurlega löngu lagarollu ofan í kjölinn. En hversvegna lagði jeg hina umgetnu fyrirspurn fyrir hæstv. landsh. í hitt eð fyrra? Af því að fiskiskip eru ekki nefnd á nafn í lögunum, og jeg ætlaði því, að fiskiskip væri ekki skyldug til að hlýða þeim, en kannaðist á hinn bóginn við,

eins og jeg kannast enn við, að full þörf sje á ákvæðum um aga á fiskiskipum. Það er nú, eins og jeg tók áður fram, meira en vafasamt, hvort lögin taka til fiskiskipa eða ekki. En úr því hæstv. landsh. skilur þau svo, þá er um tvö úrræði að gera, annaðhvort að láta dómstólana skera úr þessum ágreiningi, eða nema lögin að þessu leyti úr gildi.

H. þm. Snæf. sagðist hafa átt tal við skipseiganda, er hefði sagt, að hann kærði sig ekkert um, að lögum þessum væri breytt. Reyndar er það ekki nema einn maður, sem h. þm. hefir að bera fyrir sig; en hvers vegna er þessi maður ekki nefndur? Jeg efast um, að hann sje nokkur til. Jeg er ekki rjett að gamni mínu að berjast fyrir þessu, heldur af því, að það er áhugamál reyndustu manna í þeirri grein, og ekki eins, heldur allra útgerðarmanna, sem jeg hef átt tal við um það.

Það er og óskiljanlegt frá mínu sjónarsviði, að löggjafarvaldið skuli álíta ástæðu til að skipa fyrir um, hvernig fara eigi með fiskimenn á þilskipum, en ekki á opnum skipum. Mjer finnst þess háttar eiga að vera bundið frjálsum samningum milli skipseiganda eða skipsráðanda annarsvegar og hásetanna hinsvegar, alveg á sama hátt og húsbóndi hefir vald til, án löggjafarvaldsins tilhlutunar, að ráða til sín vinnumenn og gjöra kaupsamning við þá o. s. frv.

Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar meira, en vænti þess, að þeir, sem ekki þekkja vel málavexti, íhugi málið sem vandlegast áður en þeir greiða atkv. móti frumv.

Landshöfðingi: H. ræðumaður, er nú settist (J. Þ.), sagðist ekki skilja í, að reglur væri settar um aga á þilskipum, en ekki um aga á opnum skipum. En jeg ætla þá að benda honum á, að lög eru til einnig fyrir opin skip, nefnilega konungsúrskurður frá 28. febr. 1758. Getur verið, að formenn í Kjósar- og Gullbringusýslu sjeu búnir að gleyma því, og hafa þeir þá gott af því að hafa verið minntir á það.

Jón Þórarinsson: Jeg játa, að jeg þekkti ekki þessi lög, og þakka fyrir upplýsinguna. Hvort þau eru gleymd, skal jeg ekki segja, en hitt þori jeg að segja, að þeim er ekki fylgt neinstaðar á öllu landinu, og fari svo, að frv. þetta til breytingar á farmannalögunum falli, þá ætla jeg að hugga mig við þá von, að farmannalögin verði engum minnistæðari, þegar fram líða stundir.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 11 : 8 atkv.

Frumv. til laga um breytingu á 3. gr. og 8. gr. í tilsk. 31. maí 1855 um eptirlaun (C. 264); 3. umr.

Ólafur Ólafsson: Jeg held jeg verði að segja, eins og stendur í gömlu sögunum okkar, að þar er nú til máls að taka, er fyrr var frá horfið.

H. þm. Vestm. (I. E.) talaði nokkur orð við 2. umr. þessa máls, er jeg setti vandlega á mig, og skrifaði hjá mjer, en þeim ætla jeg nú að svara. Hann sagði, að tilgangurinn með þessu frv. væri einungis sá, að klípa af launum embættismanna og annað ekki. Það er auðsjeð af þessum orðum, að h. þm. (I. E.) lítur á þetta mál einungis frá hlið embættismannanna; en er þá ekki önnur hlið til á þessu máli heldur en sú, sem snýr að embættismönnunum? Ber ekki að líta á þetta mál einnig frá hálfu þeirra, sem launin greiða úr vasa sínum, frá hálfu almennings eða allrar alþýðu á Íslandi? Hefir hún ekkert orð að tala í þessu máli? Finnst h. þm. (I. E.) máske, að alþýðan á Íslandi megi

vera ánægð, ef hún einungis fær þá æru að leggja eitthvað af mörkum í þessa guðs kistu.

Tilgangur frv. er sá, að kenna embættismönnum að hugsa betur og meira um framtíð sína, en þeir hafa hingað til þurft. Eptir núgildandi eptirlaunalögum geta þeir sagt við sjálfa sig, eins og þar stendur: »Et og drekk sála mín og vertu glöð, og vertu ekki áhyggjufull fyrir framtíðinni, því að þegar jeg er orðinn þreyttur eða leiður á embættisönnum, þá get jeg hvílt mig og nærzt í útbreiddum líknarfaðmi landssjóðs«. Það er þessi hugsun eða hugsunarháttur, sem frumv. vill uppræta.

H. þm. Vestm. (I. E.) sagði í gær, að vjer værum fulltrúar. Það var og er satt. En hverra fulltrúar erum vjer? Vjer erum fulltrúar embættismanna, jeg kannast við það, en vjer erum líka fulltrúar alþýðu. Vjer eigum á hvorugan málspart að halla, en hugsa jafnt um báða. Jeg get ekki skilið, að þeir sem við blíðust kjör eiga að búa, eigi að vera leystir fremur en aðrir frá því, að verða að hugsa eitthvað fyrir þeim tímanum, þegar þeir fyrir elli eða lasleika sakir verða að hætta störfum. Jeg get ekki annað sagt en að embættismenn eigi við blíðust kjör að búa allra manna hjer á landi; þeim grandar ekkert, sem öðrum grandar, að minnsta kosti ekki í sama mæli og öðrum; þeim grandar ekki hafís, ekki grasbrestur, ekki fiskileysi. Þeir hafa, hvernig sem gengur, hin sömu laun, ætíð borguð út í sama gjaldeyri. Þeir sem ekki hafa ljósa hugmynd um hag og kjör alþýðunnar, ættu að koma í sveit, eða vera, þótt ekki væri nema einn dag, í sjávarkoti, til að sjá og sannfærast um, að þar er allt annað að koma og vera en á landfógetakontórnum í Rvík. Það er skemmtilegra að heyra hringlið í peningunum, er þeir eru taldir út úr landssjóðnum, en að skoða kjör sumra þeirra, sem gjalda í hann á þingunum

Hver sem þekkti þann mismun og hugsaði nokkuð um hann, hann mundi hrópa: »Meiri jöfnuð!« »meiri jöfnuð!«

Þm. Vestm. sagði, að eptir þessu frv. yrði erfitt eða lítt mögulegt að stjórna landinu; en það eru ekki launin, sem gera góða embættismenn; það þurfa menn ekki að ætla, heldur er það ást og velvild til föðurlandsins. Það voru minni laun og minni eptirlaun hjer á árunum, þegar embættismenn eins og Magnús Stephensen, Olafur Stephensen, Skúli fógeti, Isleifur Einarsson, Björn Blöndahl o. fl. voru hjer, og þjóðmæringurinn Jón Sigurðsson, sem ekki átti von neinna eptirlauna, og barðist og vann einnig við lítil laun. Það er þó öllum kunnugt, að minnsta kosti hjer í deildinni, að hann átti ekki von neinna eptirlauna, er hann vann hinn háleitasta og þýðingarmesta hluta af æfistarfi sínu.

Jeg er fyrir mitt leyti sannfærður um. að landinu væri alveg eins vel stjórnað, þó að eptirlaunin væru minni eða lægri, því launin gera ekki embættismanninn góðan, eins og jeg hef tekið fram. Jeg finn svo ekki ástæðu til frekari svara eða forsvars þessu frv. að sinni, en vona að hin háttv. deild samþykki það.

Indriði Einarsson: Þessi orð, sem h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) síteraði eptir mig, voru víst töluð í málinu um ellistyrkinn. *(Ól. Ól.:* Þau voru töluð í báðum málunum). Hann sagði, að við værum fulltrúar beggja málsparta, embættismanna og alþýðu; jeg geng inn á það, og jeg geng og inn á það, að þegar um slík frumvörp er að ræða, þá eiga lögin að vera svo, að á hvorugan hallist. En hjer liggur ekki þess konar frv. fyrir.

Ef á hvorugan á að hallast, þá á maður að halda því sem er og halda því sem nú er óbreyttu. Hjer er verið að tala um að taka af eptirlaununum, og ef það verður samþykkt, þá verður eptir hjer um bil 1/3 af þeim eptirlaunum, sem nú eru. Með því er hallað á embættismennina. Þessi eptirlaun eru þá eða yrðu þá 350 og upp að 1000 kr., og verður vel að gá að því, að af þessum launum verður að draga til ýmislegs, t. d. það, sem embættismenn hjer eiga að greiða í lífsábyrgðarsjóðinn, því ekki fellur það í burtu, þótt þeir sjeu komnir á eptirlaun; þessi gjöld verður að draga frá, og eptirlaunin verða þá í flestum tilfellum frá 150 kr.—600 kr. eða 700 kr.

H. þm. Rangv. (Ó. Ó.) sagði, að embættismönnunum grandaði ekki hafís, fiskileysi o. fl. Jeg man eptir, að jeg hef lesið þetta í einhverju blaði hjer, en það er hart, ef menn vilja láta það gilda fyrir sannleika, að hafís ekki grandi embættismönnum. Hvað er það, ef hafísinn fellir allt fje búandi embættismanns norður í landi, stendur maðurinn jafnrjettur fyrir því? Fiskileysi segir h. þm. snerti ekki embættismennina. Jeg held, að embættismönnunum í Reykjavík þyki það skrítin setning; þeir lifa 1/4 eða 1/3 ódýrara hvern þann dag sem vel aflast.

Það er rjett, að laun á fyrri dögum voru lægri að krónutali en nú, en þau voru það ekki í raun og veru.

Mjer hefir opt litizt svo á, sem innleiðsla krónumyntarinnar hjer hafi verið þjóðarógæfa, því með henni hafa allar tölur tvöfaldazt. Menn tala um það nú, eins og líka er satt, að 500 rd. um 1850 hafi verið lág laun, en 500 dalir er sama sem 1000 kr. nú. (*Þorl. Guðm.:* Við vitum það). Það gleður mig, að þjer vitið það. 1000 kr. 1850 eru ekki minna en 1700, 1800 kr. eða 2000 kr. nú, því það er ómögulegt að neita því, að peningar hafa fallið í verði um allt að helmingi síðan. Það er hægt að bera fyrir sig meiri vísindamenn í því efni, en til eru hjer í salnum, og það fleiri en einn. En ef einhver segir það, sem hefir laun úr landssjóði, þá er sagt, að embættismaður segi það, og því, að það sje eigi satt. Jeg er á móti þessu frumv., af því eptir launeruin of lág. Mín tillaga, að hæstu eptirlaun skuli vera að eins 2400 kr., í stað þess að þau eru nú eða mega vera 6000 kr., er miklu sanngjarnari.

Jeg er samdóma h. þm. Rangv. (Ól. Ól.), að þegar dæma á milli hinna áðurnefndu tveggja málsparta, að þá eigi að dæma svo, að á hvorugan hallist. En jeg fæ ekki sjeð neitt rangt í því sem er, og jeg greiði að eins atkvæði með því, að eptirlaun sjeu hin sömu og áður, nema hvað jeg vil, að hæsta takmark þeirra sje fært niður í 2,400 kr., því að minnka eptirlaunin er sama sem að halla á embættismenn.

Framsögum. (Árni Jónsson): Máli þessu hefir verið vel tekið til þessa; það liggur hjer óbreytt til 3. umr.

Mjer dettur ekki í hug að svara ræðu h. þm. Vestv. (I. E.), mjer sýnist hún svara sjer bezt sjálf, t. a. m. það sem hann sagði, að innleiðsla krónumyntarinnar hjer hefði verið þjóðarógæfa. Jeg verð að játa, að jeg skil það ekki. Jeg er viss um, að hann er þó svo reikningsfær, að hann hefir ekki þurft að reikna af sjer við að breyta spesíum og ríksdölum í krónur. Og jeg hefi ekki heyrt, að alþýðu hafi orðið skotaskuld úr því. Hann hefir komið með það áður, að launalögin væru miðuð við eptirlaunalögin, en mjer er kunnugt, að á síðasta þingi, þá var það ekki gjört, og sama ímynda jeg mjer hafi átt sjer stað 1885. Launalögin eru samþ. án tillits til eptirlaunanna, því annars kostar

hefðu þau verið tekin þá með og þeim breytt. Og svo hlýtur h. þm. að vera það kunnugt, að á síðasta þingi voru bæði launalögin og eptirlaunalögin tekin fyrir hjer í deildinni og hvorutveggju færð niður.

Að öðru leyti ímynda jeg mjer, að langar umr. bæti ekki um málið og sízt, ef gjöra ætti kappsmál úr þessu.

Skúli Thoroddsen: Jeg ætla að leyfa mjer að gjöra stuttlega grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli.

Eins og kunnugt er, er í fjárlagafrumv. því, sem nú liggur fyrir þinginu, gjört ráð fyrir, að á næsta fjárhagstímabili muni nálega 90 þús. kr. ganga til eptirlauna. Þetta er svo stór upphæð, þegar hún er borin saman við efnahag landsins, að enginn þarf að furða sig á því, þótt ýmsar raddir hafi heyrzt frá þjóðinni, er óska gagngjörðra breytinga í þessu efni, enda hafa flestir þingmálafundir, sem haldnir hafa verið víðsvegar um land fyrir þing í ár, tekið mál þetta til íhugunar, og krafizt þess, að eptirlaun væru afnumin eða að minnsta kosti takmörkuð að miklum mun.

Jeg fæ og eigi betur sjeð, en að þessar raddir hafi við góð og gild rök að styðjast; jeg lít svo á, að um embættismennina eigi að sínu leyti að gilda sams konar regla sem um hvern annan duglegan borgara, er heiðarlega og skikkanlega berst fyrir lífi sínu og sinna; jeg lít svo á, að þjóðfjelagið eigi að borga embættismanninum laun, meðan hann vinnur í þágu þjóðfjelagsins, en lengur ekki.

Jeg get eigi fundið, að það eigi við rjettlæti og sanngirni að styðjast, að þjóðfjelagið gjöri svo upp á milli borgaranna, að það segi við embættismanninn: »Fyrir þjer vil jeg sjá í ellinni, þegar heilsan þver, svo að þú ert ekki lengur fær um að sjá fyrir þjer og þínum«. En að þjóðfjelagið aptur á móti segi við alla aðra borgarana: »þegar þú hefir þrælkað og slitið þjer út, svo að þú ert ekki lengur fær um að ala önn fyrir sjálfum þjer og fjölskyldu þinni, þá er eini vegurinn fyrir þig, kunningi, að fara og finna hreppsnefndaroddvitann, ef þú hefir eigi getað sparað svo á góðu dögunum, að þú eigir nóg handa þjer og þínum; en gáðu að því, að um leið og þú ferð í sveitarsjóðinn, þá svipti jeg þig ýmsum borgaralegum rjettindum, og fel hreppsnefndinni að ráðstafa öllu hyskinu«.

Mjer virðist því rjett, að engin stjett hafi lögákveðinn eptirlaunarjett, en að hitt sje heppilegra, að ef borgari, í hverri stöðu sem hann er, hefir unnið til gagns og sóma fyrir þjóðfjelagið, að þá geti komið til mála, að veita honum einhverja viðurkenningu. Jeg er því helzt með því, að eptirlaun verði alveg afnumin, enda þykist jeg sjá það í hendi mjer, að ef eptirlaun væru aftekin, þá mundi landið komast af með miklum mun minni upphæð á ári; vjer eigum því miður ekki svo marga afbragðs- og afkastamennina.

Hæstv. landsh. vjek að bitlingum í dag, og vildi slá sjer til riddara á mjer, af því að fjárlaganefndin hefir lagt það til, að kona, sem mjer er skyld, fái 300 kr. eptirlaunastyrk á ári. Þessi kona er ekkja Jóns sál. Árnasonar bókavarðar, sem lengi og vel vann landi voru, ekki sem hálaunaður embættismaður, heldur sem lítt launaður verkmaður í þarfir þess opinbera; það er ekkja þess manns, sem með hinu alkunna þjóðsögusafni hefir getið landi voru og þjóð ógleymanlega frægð meðal erlendra þjóða. En nú vil jeg spyrja hina háttvirtu þingdeildarmenn, hvort þeim virðist rjett að sjá í þennan litla eptirlaunastyrk til ekkju þessa manns á hennar elliárum, en fleygja jafnframt

ekki nokkrum hundruðum, heldur þúsundum króna í suma háttstandandi embættismenn, eða hæstvirta herra, sem vjer verðum að játa, að í stað þess að vinna landi voru til gagns og sóma, eins og Jón heitinn Árnason gjörði, verja lífsstarfi sínu og miklu áhrifum til þess að berjast með hnúum og hnefum á móti frelsi og ýmsum mestu áhuga- og velferðarmálum fósturjarðar sinnar? En jeg efa eigi, hvort svar yðar, h. þingmenn! mundi verða í þessu efni, og jeg efa heldur eigi, hvort verða mundi svar hinnar íslenzku þjóðar.

Jeg álít rjett, að eptirlaun öll sjeu afnumin. En með því að jeg tel vonlaust, að þannig lagað frumv. fengi framgang hjá stjórninni, eins og nú stendur á, þá greiði jeg atkvæði með frumv. þessu, er horfir til stórra bóta.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 20 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk nokkurra þingm., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Indriði Einarsson,
Árni Jónsson,	Jónas Jónassen.
Sigurður Jensson,	
Benedikt Sveinss.,	
Eiríkur Briem,	
Gunnar Halldórss.,	
Jens Pálsson,	
Jón Jónss., N.-Múl.,	
Jón Jónss., N.-Þing.,	
Jón Þórarinsson,	
Lárus Halldórss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Pálsson,	
Páll Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sigurður Stefánsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Eiríksson,	
Þorl. Guðmundss.	

Málið síðan afgr. til Ed.

Frumv. til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer lífeyri eptir 70 ára aldur (C. 263); 3. umr.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Það er reyndar einungis hið sama að segja um þetta mál og það, sem síðast var rætt um. Engin breyt.till. hefir komið við frumv. og það hefir verið töluvert rætt hjer í deildinni. Jeg hygg, að málið sje svo ljóst, að ekki sje þörf á að fara mörgum orðum um það nú.

Jeg vona, að h. þingd. samþykki frv. og leyfi því að ganga til efri deildar, og að þetta mál fái einnig þar framgang, því að það er eitt af áhugamálum þjóðarinnar.

Jón Þórarinsson: Jeg vil með fám orðum gera grein fyrir, hvers vegna jeg get ekki greitt atkvæði með þessu frumv. Ástæðan er sú, að jeg álít, að löggjafarvaldið eigi ekki að gera sig að fjárráðamanni hvorki embættismanna nje annara. Jeg efast um, að þetta mál sje áhugamál þjóðarinnar, eins og h. flutningsm. (Á. J.) sagði, og jeg veit ekki til, að menn hafi farið fram á, að þingið tæki þetta mál fyrir, að minnsta kosti veit jeg það, að væri slíku hreyft í mínu kjördæmi, þá væri hlegið að því.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Jeg er hræddur um, að h. þm. G.-K. (J. Þ.) hafi ekki lesið nákvæmlega fundargjörðirnar, sem liggja frammi á lestrarsalnum; í mörgum þeirra er einmitt tekið fram, að æskilegt væri, að lög svipuð þessum kœmust á. Viðvíkjandi þeirri ástæðu, að löggjafarvaldið eigi ekki að gera sig að fjárráðamanni embættismanna eða leggja þeim þessa skyldu á herðar, þá hefur verið svo mikið rætt um það bæði 1889 og nú, að jeg álít óþarft að fara að taka upp aptur þær ástæður, sem þá hafa verið teknar fram,

því jeg verð að vonast eptir, að h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) og aðrir hafi fylgzt með þeim umræðum.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 13:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 nafngreindra þm., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Benidikt Sveinsson,
Sigurður Jensson,	Gunnar Halldórss.
Árni Jónsson,	Indriði Einarsson,
Eiríkur Briem,	Jens Pálsson,
Jón Jónsson N.-M.	Jón Þórarinsson,
Jón Jónsson N.-Þ.	Jónas Jónassen,
Lárus Halldórss.,	Sigurður Stefánss.,
Olafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
Ólafur Ólafsson,	Sveinn Eiríksson.
Olafur Pálsson,	
Páll Briem,	
Sigurður Gunnarsson,	
Þorlákur Guðmundss.	

Málið síðan afgr. til Ed.

Frumv. til laga um samþykktir um kynbætur hesta (C. 228); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 16 atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu (C. 192, 256); 2. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Af því mjer heyrðist um daginn, að nokkrir þingm. hefðu á móti frumv. þessu, vegna þess að það hefði svo mikinn kostnað í för með sjer, hef jeg leyft mjer að koma fram með breyt.till. til þess að lækka kostnaðinn, og vona jeg að mönnum blæði hann nú ekki í augum, enda getur hann ekki minni verið.

Málið var skýrt við 1. umr., svo að jeg vona, að það sje öllum ljóst nú. Að vísu hef jeg heyrt á sumum, að þeim þótti ekki meiri þörf á þessu í Skaptafellssýslu en annarsstaðar á landinu, en þetta hlýtur að koma af því, að menn eru ekki vel kunnugir. Jeg held jeg megi fullyrða, að hvergi á landinu hafi nokkurt pláss verið öðrum eins breytingum undirorpið og þetta á síðari árum. Það vill nú svo óheppilega til, að engir þingmenn hafa farið um þetta svæði þessi árin, síðan mestar breytingarnar urðu.

Sumir segja, að ábúendur muni ekkert um þessi útgjöld, en jeg segi að þá muni um þau; fátæka munar um allt. Jeg þekki mann, sem bjó á sjálfseign, en varð að flytja af henni vegna skemmda, og setjast á eina þjóðjörðina, en hann verður allt af að borga 5 kr. fyrir eignarjörð sína árlega að meðaltali, sem hann hefur engin not af utan fáar melstangir. Hann munar um þessi gjöld. Það var engin sanngirni að láta meta jarðirnar í Rangárvallasýslu til dýrleika eptir sandfokið um árið, en hafa á móti því í Skaptafellssýslu. Í Rangárvallasýslu var það gert svo að segja orðalaust, og hafa þær jarðir þó komið til margar hverjar. Jeg segi, að það sje missýni af þinginu að gera ekki Skaptafellssýslu eins hátt undir höfði, og jeg skil ekki í því.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta, en vona að h. þingd. leyfi frumv. að ganga til 3. umr.

Árni Jónsson: Það er alveg rjett, að jeg talaði um kostnað þann, er þetta frumv. mundi hafa í för með sjer, þegar málið var til 1. umr. Jeg sje nú að vísu, að h. flutningsm. (Ól. P.) hefir reynt að bæta úr þessu með breyt.till. sinni, en jeg hefði óskað, að hann hefði heldur reynt að færa það í sama horf og á síðasta þingi; þó að þessi breyt. till. bæti nokkuð úr, þá fer hún ekki svo langt sem gert var 1889. Þá voru ætlaðar 2 kr. til hvers skoðunarmanns og til sýslumanns, og tekið ljóslega fram, að landssjóður skyldi einungis borga matið á sínum eigin jörðum. Nú er

ætlast til að sýslumaður fái 4 kr. og að landssjóður kosti allt matið, og enn fremur að skoðunargjörðin sje prentuð á hans kostnað. Þetta þykir mjer athugavert. Þótt breytingarnar á jörðunum kunni að vera miklar, þá er ekki gott að segja um, hvernig skipast muni á næstu árum, eins og h. flutningsm. (Ól. P.) játaði um jarðirnar í Rangárvallasýslu, að þær hafi tekið miklum bótum, enda þótt illa liti út í fyrstu. Þetta sýnist mjer vera ástæða á móti, en eigi með þessu frumv., því þessar jarðir kunna að standa til bóta eins og jarðirnar í Rangárvallasýslu. Jeg skal játa, að hjer er úr vöndu að ráða. Það væri æskilegt, að hægt væri að hjálpa upp á þá, sem hafa orðið fyrir þessu tjóni, ef það er stórkostlegt, sem jeg nú reyndar sje eigi, að sannað sje. En að því er snertir þennan mann, sem h. flutningsm. (Ól. P.) tók til dæmis, þá þykir mjer ólíklegt, að lagaheimild skuli vera til að láta hann hafa útgjöld af jörð, sem hann hefur alls engin not af.

Þorlákur Guðmundsson: H. flutningsmaður (Ól. P.) minntist á, að menn væru þessu frumv. mótfallnir vegna ókunnugleika. H. þm. rekur kannske minni til þess, að það kom einu sinni til tals á þingi, að ástandið í Skaptafellssýslum væri skoðað, en h. flutnings.m. (Ól. P.) var því þá mótfallinn. Ef það mál hefði þá náð fram að ganga, hefði það máske nú getað komið í góðar þarfir.

Að mínu áliti er ýmislegt athugavert við frumv. þetta. Þannig er í 1. gr. talað um að meta til dýrleika allar jarðir, sem um hin síðustu 10 ár hafi orðið fyrir skemmdum. En hvernig er hægt að meta þetta? Hvernig er hægt, þar sem um skemmdir af sandfoki og vatnaágangi er að ræða, að segja um, hvað mikið hafi skemmzt og hvað mikið gróið upp á þessum tíma? Það er einnig nýmæli, að landshöfðingi eigi að staðfesta þetta mat, og jeg efast um, að þetta sje rjett.

Jón Jónsson (þm. N.-Múl.): H. þm. Árn. (Þ. G.) hefur að nokkru leyti tekið fram það, sem jeg ætlaði að segja um 1. gr. frumv. Jeg ætla, að það muni verða næsta örðugt að sjá, hvort hreppsnefndirnar gefi rjettar skýrslur um skemmdir þær, sem matsjarðirnar hafa orðið fyrir á síðustu 10 árum. Ef fjöldi jarða í Skaptafellssýslu er undirorpinn jafnmiklum skemmdum af náttúrunnar völdum, eins og h. þingm. V.-Skaptaf. (Ó. P.) segir, þá er hætt við, að örðugt sje að dæma um, hverjar af þessum skemmdum hafi orðið 10 síðustu árin, og það er ekki ómögulegt, að sumar hreppsnefndir kynnu að vilja »kríta liðugt«, þegar þær færu að telja fram þær jarðir, sem orðið hefðu fyrir skemmdum á þessum síðustu 10 árum. Þetta jarðamat mundi líka verða til lítillar frambúðar, ef jörðunum fer eins óðum hnignandi, eins og h. þm. (Ó. P.) hefur skýrt frá.

Meðal annars get jeg ekki greitt atkvæði með þessu frumv., af því að allt jarðamat vort er svo óáreiðanlegt og allir skattar, sem á því byggjast, koma því meira og minna ójafnt niður. Jeg veit, að mjer muni svarað, að hjer sje um undantekning að ræða; en þetta er ekki sú eina undantekning. Mun betur hafa verið ástatt á Austurlandi eptir öskufallið, er því nær lagði í eyði 5--6 hreppa. Bændur urðu þar þó að flýja af jörðum sínum og þær stóðu óbyggðar 2 til 3 ár sumar. Sumar fegurstu og beztu sveitir voru eins og eyðimörk yfir að líta eptir öskufallið. Munu þær skemmdir hafa verið minni en skemmdirnar á jörðum í Skaptafellssýslum? Öskufallið gjörði sumum jörðum á Aust-

urlandi þann hnekki, að þær munu þess aldrei bætur bíða, og þó hafa þær ekki verið metnar upp.

Auk þessara stórskemmda á heilum hjeruðum, verða allt af við og við fleiri og færri jarðir víðs vegar á landinu fyrir skemmdum. Skriðuhlaup stórskemma einatt 1, 2, 3 eða fleiri jarðir í sveit, stór vötn brjóta opt upp beitilönd, tún og engi jarða þeirra, er meðfram vötnum liggja. Þess má víða sjá merki á Austurlandi og svo mun víðar vera. Ef nú er farið að meta þessar jarðir í Skaptafellssýslu, þá munu á eptir koma raddir víðs vegar af landinu, sem biðja um nýtt mat á jörðum og sem hafa ef til vill jafnmikla sanngirniskröfu til þess eins og Skaptfellingar.

Hefði þannig verið umbúið, að enginn kostnaður hefði fylgt þessu mati, en að eins verið beðið um leyfi til þess, að það mætti fram fara, þá hefði verið öðru máli að gegna. En þar sem bersýnilega er um mikil gjöld að ræða fyrir landssjóð, gjöld, sem munu leiða önnur meiri eptir sjer, þá verð jeg alveg að vera á móti frumv., því mjer sýnist með því opnaðar svo greiðgengar dyr að landssjóðnum, að það geti orðið mikill og varhugaverður útgjaldaauki fyrir hann.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Mjer þykir málinu ekki ætla að byrja vel í h. deild. H. þm. Mýram. (Á. J.) sagði, að sumar jarðirnar stæðu máske til bóta. Nei, ekki einasta þeirra gerir það. Jeg skil ekki í, að h. þm. N.-M. (J. J.) skuli bera saman eyðilegginguna á jörðum í Skaptafellssýslu við skemmdir jarða af öskufallinu á Austurlandi; þar er þó ólíku saman að jafna. Jarðirnar á Austurlandi urðu flestar jafngóðar, eða jafnvel betri en áður, eptir 2—3 ár; en í Skaptafellssýslu er þeim engin viðreisnar von.

H. þm. Árn. (Þ. G.) ætlaði að straffa mig nú, með því að synja um jarðamatið, af því að jeg hefði verið því mótfallinn, að menn hefðu verið sendir austur í Skaptafellssýslu hjer um árið, til að skoða þar koppa og kirnur. Það væri hálfskrítið, ef ætti að fara að senda menn um allt landið í þeim erindum; og mjer þykir þessi hrísla á mig hálf undarleg, því að þótt menn hefðu verið sendir austur og vestur þá, þá er allt orðið svo breytt síðan, að menn hefðu verið litlu nær fyrir það.

Það sem jeg bið um, er, að oss Skaptfellingum sje sýnt sama rjettlæti og Rangvellingum var sýnt; jeg fer fram á, að hundraðatali sje breytt á þeim jörðum, sem ástæða er til að gjöra það.

Að öðru leyti skal jeg ekki þjarka meira um þetta, en jeg verð hátíðlega að játa, að mjer sýnist þinginu mjög mislagðar hendur, ef það lætur ekki Skaptfellinga njóta sömu sanngirni sem Rangvellinga.

Indriði Einarsson: Jeg skal leyfa mjer að tala nokkur orð í þessu máli, af því að jeg get ekki sagt, að jeg sje alveg ókunnugur í Skaptafellssýslu, þótt jeg hafi ekki komið þangað.

Gamlir þingmenn munu muna það, að fyrir æði-mörgum árum kom fjárlaganefndin með tillögu um að verja 20,000 kr., ef jeg man rjett, til þess að stemma stigu fyrir ám og sandfoki í Skaptafellssýslu. Sá þingmaður, sem kom með þessa tillögu, hafði nýlega sjálfur komið í Skaptafellssýslu og sjeð, hvernig þar var ástatt. Að mál þetta fjell á þingi, er engin sönnun fyrir því, að fyrirtækið hafi ekki verið þarft, heldur að eins fyrir því, að þingið hafi ekki sjeð sjer fært að verja svo miklu fje til þess.

1885 komu lög frá þingi um að meta til dýrleika ýmsar jarðir í Rangárvalla-

sýslu eptir hið mikla sandfok, sem þá venju framar fór yfir sýsluna. Í Rangárvallasýslu vita menn, að svo hagar til, að ef ekki væri þar votur sandur, Gljáin, fyrir neðan alla sýsluna, er tálmar útbreiðslu sandsins, þá mundi sýslan ekki byggð meir en til hálfs við það sem nú er. Í Vestur-Skaptafellssýslu höfum vjer allir heyrt talað um hinar ógurlegu ár, sem stundum renna hjer, stundum þar, eru vikum saman ófærar og færa með sjer sand og eyðilegging. Vjer höfum orðið að óskum Rangvellinga og látið meta upp jarðir þar. En nú er spurningin, hvort vjer viljum einnig verða að óskum Skaptfellinga. Mjer sýnist svarið ekki geta orðið öðru vísi, en að það sje sjálfsagt. Það er þrefalt eða fjórfalt meiri ástæða fyrir landssjóð að hlaupa undir bagga með að meta jarðir í Skaptafellssýslu en í Rangárvallasýslu, því að hann á sjálfur flestar jarðirnar. H. þm. V.-Skaptf. (Ól. P.) tók það fram, að í einum stórum hrepp í Skaptafellssýslu væri ein einasta bændaeign, og umboðið í Vestur-Skaptafellssýslu er eitt hið stærsta á landinu. Mjer er það kunnugt af umboðsreikningunum, og eins mun vera með h. þm. Snæf. (P. Br.), að jarðir ganga þar illa út til leigu og sumar ekki sökum þessara skemmda. Það sem hjer er spurningin, er því, hvort landssjóður eigi ekki að sýna þá ívilnun — að mestu sínum eigin leiguliðum — að láta meta jarðirnar upp, svo að ábúendurnir þurfi ekki að svara hærri ábúðarskatti og tíundum en hæfilegt er. Mjer finnst þetta meiri sanngirniskrafa en krafa Rangvellinga um árið. Jeg get því ekki annað en fallizt á andann í frv., og álít alveg rjett gjört af h. deild að samþykkja það.

Það var talað um það við 1. umr., að leiguliðar landssjóðs gyldu ekki tíund af jörðum sínum. Þetta er rjett og ekki rjett.

Það er gamalt stjórnarbrjef fyrir því, að þeir þurfi ekki að gjalda fátækratíund, en nú er þessi rjettur tekinn af þeim, jafnóðum og jarðirnar byggjast að nýju, og nú mun svo komið, að hjer um bil $^2/_3$ af leiguliðum landssjóðs verði að gjalda tíund.

Jeg vona að h. þingdeild nægi þessar upplýsingar til þess, að hún geti fallizt á andann, sem gengur gegnum frumv. Við eigum að gjöra rjett, hvort sem það kostar nokkuð eða ekki neitt.

Jeg held að hið opinbera jafnt og hver einstaklingur eigi að gjöra það, sem því ber, þótt það hafi kostnað í för með sjer. Það er til gamall málsháttur, sem segir, að þeir, sem dæma jörðina, eigi að gjöra það rjettlátlega. Þessi málsháttur á ekki sízt við oss alþingismenn, og skyldum vjer jafnan hafa hann hugfastan.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Það er einungis eitt, sem jeg gleymdi áðan að taka fram viðvíkjandi ræðu h. þm. Mýr. (Á. J.), þar sem hann minntist á skoðunargjörðirnar. Þessar skoðunargjörðir fram fara ár eptir ár, og eru til skýrslur um þær, eins og hinum hæstv. landsh. er kunnugt; skal jeg svo eigi orðlengja meira um það.

Árni Jónsson: Mjer þótti nær því sárt, að h. flutningsm. (Ó. P.) skyldi taka á þessu kýli, sem skoðunargjörðirnar eru; þær styrkja þetta mál of lítið. Þjóðjarðasölunefndinni er kunnugt um, hvernig álitsgjörðir sýslunefndarinnar í Skaptafellssýslu um jarðirnar þar eru, og að sýslunefndinni ber mjög illa saman við umboðsmanninn sjálfan, svo jafnvel munar mörgum hndr. á sumum jörðum; þannig stingur sýslunefndin upp á að selja eina jörðina þar fyrir 350 kr., en

umboðsmaður nefnir sem söluverð 850 kr., og umboðsmaðurinn færir rök fyrir áliti sínu, en sýslunefndin ekki. Þá eru ef til vill ýmsar góðar upplýsingar í ræðu h. þm. Vestm. (Indr. E.), en það var eitt, sem hann sagði, sem jeg vil leiðrjetta, þar sem hann gekk út frá því, að ábúendurnir á þessum þjóðjörðum í Skaptafellssýslu borguðu tíund af þeim til prests og kirkju, en h. flutningsm. hefir áður skýrt frá því, bæði í hitt eð fyrra, þegar málið var til umræðu, og nú við 1. umr., að þetta væri alls eigi svo. Og þar sem þetta eru allt landssjóðsjarðir, þá er einfaldast og rjettast, að tillit sje tekið til þess í jarðarafgjöldunum, hvað jarðirnar hafa skemmzt, og láta þá leiguliða, sem við þyngstar búsifjar búa, fá ívilnun í jarðarafgjöldunum.

Flutningsm. (Ólafur Pálsson): Jeg ætla að svara fám orðum h. þm. Mýr. (Á. J.) viðvíkjandi tíundinni. Það er rjett, að ábúendur umboðsjarðanna borga ekki tíund til allra stjetta, heldur einungis fátækratíund, en ef þeir kaupa jörðina, leggst tíundin á. En viðvíkjandi skoðunargjörðunum skal jeg geta þess, að sýslunefndarfundurinn var haldinn um sumarmál; en eptir það kom mesta áfallið, og það er þannig eðlilegt, að hin síðasta skoðunargjörð, sem kom til þingsins, geri meira úr skemmdunum, því þá var versta áfallið komið.

Ólafur Briem: Jeg ætla að gera stutta grein fyrir því, hvers vegna jeg eigi greiði atkvæði með frv. þessu. Það er eigi af kostnaðarástæðum, eins og h. þm. N.-Múl. (J. J.). Því ef brýna nauðsyn ber til þessa máls, má eigi horfa í kostnaðinn. Ástæðan er sú, að jeg skil eigi, að brýn nauðsyn sje til að gera þetta mat í einni sýslu. H. þm.Vestm. (Indr. E.) tók fram, að nauðsyn bæri til að gera þetta mat, af því að landssjóður ætti jarðirnar, en mjer virðist það einmitt ástæða fyrir því, að matið sje óþarft, því bæði er það, að hægt er að taka tillit til skemmda jarðanna við byggingu þeirra og haga afgjaldinu eptir því, því að landssjóði stendur á sama, hvort hann fær tekjurnar af jörðinni sem ábúðarskatt eða sem landskuld, hvort ábúðarskatturinn er hærri og landskuldin þá lægri eða hið gagnstæða. En það er einn agnúi á, að taka fyrir eina sýslu og meta jarðir hennar til dýrleika; hann er sá, að þá er enginn mælikvarði til fyrir matinu. Þótt ákveðið sje í 3. gr. frv., að taka skuli einhverja eina jörð í sýslunni til fyrirmyndar, sem sýslunefndin álíti hæfilega metna, þá er spurningin: Hvaða jörð álítur sýslunefndin hæfilega metna? Jeg skil ekki, að það sje svo ljett fyrir sýslunefndina að tiltaka slíka fyrirmyndarjörð, nema út í bláinn, og getur því eins tekið þá, sem lægst er metin, eins og þá, sem hæst er metin. Þetta er það, sem óaðgengilegt er í frv. Yfir höfuð verður við jarðamat að taka mælikvarða fyrir allt landið, og meta síðan hin einstöku hjeruð eptir slíkum samjöfnuði. 1887 var sett nefnd hjer í Nd., til að segja álit sitt um endurskoðun jarðamatsins, og voru í nefnd þessari margir og vitrir menn og álit hennar var því í mörgum greinum heppilegt. Nefnd þessi kom fram með í áliti sínu uppástungur um, hvernig finna ætti mælikvarða bæði fyrir landið allt og eins fyrir einstakar sýslur, og að við það þyrfti að taka tillit til fólkstölu og fjenaðarfjölda. En ýmsar mótbárur komu fram móti þessum tillögum, einkum að 3. liðinn vantaði, sem sje jarðarafgjöld, er hundraðatal jarða ætti einnig að miðast við að nokkru leyti, og leikslok

urðu þau, að frv. fjell, því menn þóttust eigi geta fundið neitt óyggjandi ráð til að fá út rjettilegt samræmi milli hinna einstöku hjeraða landsins. En hitt hygg eg sjálfsagt, ef endurskoða skal jarðabókina, þá verði að fara í líka stefnu og nefnd þessi stakk upp á. Mjer þykir mikið spursmál, hvort rjett sje að breyta jarðamatinu, úr því einu sinni er búið að setja það fast. Jarðamatið leggur mismunandi kvaðir á jarðir, en á hverjum bitnar sá jöfnuður? Hann kemur á eiganda jarðarinnar á þeim tíma, sem matið er sett; við eigendaskipti næstu hverfur hann, því sje jörðin of hátt metin og liggi þannig á henni þungar kvaðir, gætir hver hyggginn kaupandi þess, og býður því tiltölulega minna í jörðina. Hið sama gerir og leiguliði, sem ætlar sjer að kaupa ábúðarjörð sína. Þess vegna finnst mjer talsverður ójöfnuður koma fram við nýtt jarðamat, og að það sje mikil spurning, hvort rjett sje að breyta opt mati á jörðum; ef jarðirnar leggjast algerlega í eyði, þá auðvitað falla niður öll gjöld af þeim, því þótt einhver kunni að teljast eigandi þeirra, er eigi spursmál að skylda hann til að greiða slík gjöld. Jeg skal eigi dæma um skemmdirnar á jörðunum í Skaptafellssýslu, því jeg er þar ókunnugur, en jeg skal benda á það, að eptir þeim mælikvarða, sem jarðamatsnefndin 1887 fann, þá átti Skaptafellssýsla að hækka talsvert í jarðamati í samanburði við aðrar sýslur landsins. Jeg skal eigi leggja dóm á það, hvort mælikvarði nefndarinnar hefir verið alls kostar sanngjarn eða heppilegur í tilliti til þessarar sýslu, en hitt verð jeg að efast um, að hyggilegt sje að yfirláta sýslunefnd einnar sýslu að skamta sjálf mat á jörðum í sýslunni, úr því nauðsyn ber til, að samræmi sje á jarðamatinu yfir allt land.

Indriði Einarsson: H. þm. Skaptf. (Ó. Br.) talaði um, að hægt væri að setja niður afgjaldið af umboðsjörðunum; jeg skal þó benda honum á, að þetta er eigi svo fyrirhafnarlaust, því ef breyta skal taxta þeim, sem hlutaðeigandi amtsráð hefir sett, verður að leita álits sýslunefndar, og leggja svo málið undir úrskurð landshöfðingja.

Jeg skal benda á það, að ef landssjóður seldi umboðsjarðir sínar í Skaptafellssýslu ábúendunum, þá er það hagur fyrir landssjóðinn, að jarðir sjeu metnar lágt, því að há gjöld verka á þess konar jörðum líkt eins og þinglesin veðskuld á jörðinni; því lægra, sem jörðin væri metin í hundraðatali, því hærra gæti söluverðið orðið tiltölulega. Frá þessu sjónarmiði er það því hagur, að láta virða jarðirnar.

Flutningsmaður (Ólafur Pálsson): Þar sem h. þm. Skagf. (Ó. Br.) hafði svo mikið á móti því, að gert er ráð fyrir í frv., að sýslunefndin framkvæmi þetta mat, þá er þetta öldungis eins og ákveðið var um árið í Rangárvallasýslu. Mjer þykir því undarlegt, að þetta, sem var álitið gott þá og gjört að lögum, skuli nú þykja öldungis óhæft.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. felld með 11:10 atkv. að við höfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Árni Jónsson,
Sigurður Jensson,	Gunnar Halldórsson,
Benid. Sveinsson,	Jens Pálsson,
Indriði Einarsson,	Jón Jónsson N.-M.,
J. Jónassen,	Jón Jónsson N.-Þ.,
Ólafur Pálsson,	Jón Þórarinsson,
Sig. Gunnarsson,	Lárus Halldórsson,
Sig. Stefánsson.	Ólafur Briem,

já:	*nei:*
Skuli Thoroddsen,	Þorl. Guðmundsson.
Sveinn Eiríksson.	Ólafur Ólafsson,
	Páll Briem.

2. gr. samþ. með 11:9 atkv.

3. gr. samþ. með 11:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu allir hinir sömu *já* og *nei*, eins og við næstu atkv.gr. á undan, nema Jens Pálsson sagði nú *já*.

4.—5. gr. samþ. með 11 : 9 atkv. hver.

6. gr. samþ. með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu allir hinir sömu *já* og *nei*, sem við 3. gr.

Breytingartill. (C. 256), stafl. a við 7. gr. samþ. með 12 atkv., stafl. b samþ. með 13 atkv.

7. gr. þannig breytt felld með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu *já* og *nei* allir hinir sömu sem við 6. gr., nema Sigurður Stefánsson sagði nú *nei*.

Frv. þannig lagað vísað til 3. umr. með 12:9 atkv., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Árni Jónsson,
Sigurður Jensson,	Gunnar Halldórsson,
Benedikt Sveinsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Indriði Einarsson,	Jón Jónsson N..-Þ,
Jens Pálsson,	Lárus Halldórsson,
J. Jónassen,	Olafur Briem,
Jón Þórarinsson,	Ólafur Ólafsson,
Ólafur Pálsson,	Páll Briem.
Sig. Gunnarsson,	Þorl. Guðmundsson.
Sigurður Stefánsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Eiríksson.	

Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðar í Keflavík (C. 204); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 20 atkv. og afgreitt til Ed.

Tuttugasti og fimmti fundur, fimmtudag 30. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi, nema 2. þm. N.-Múl. (Þorvarður Kjerúlf) og þm. Reykv. (J. Jónassen), er voru veikir.

Frumv. til laga um breyting á tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi (C. 119, 152, 220, 286); 2. umr.

Jón Jónsson þm. N.-M.: Eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, þá eru aðalatriðin, sem frumv. fer fram á að breyta í sveitarstjórnarlögunum, einkum tvö, nefnilega, að rýmka um kosningarrjettinn og veita hreppsnefndum og sýslunefndum meira fjárveitingavald.

Nefndin, sem hafði þetta mál til íhugunar, hefir eins og kunnugt er, ráðið frá að samþykkja frumv., og tekið það fram í nefndarálitinu, að það væri einkum ákvæðin um kosningarrjett og kjörgengi til sveitarstjórnar og ákvæðin um aukið fjárveitingarvald sveitar- og sýslunefnda, sem sjer virtust sjerstaklega athugaverð. Á meðan á nefndarfundunum stóð, kom jeg eitt sinn á fund með nefndinni til að kynna mjer álit hennar á málinu og leitast við að koma mjer saman við hana, og þessvegna hef jeg komið með breytingaratkvæði við frumv., í þeirri von, að nefndin mundi þá vilja sinna frumv. og hin háttv. deild fjellist þá ef til vill á það. Þetta breytingaratkvæði fer fram á, að þeir einir, sem komnir eru til lögaldurs og gjalda tíund, skuli hafa kosningarrjett og kjörgengi til sveitarstjórnar. Sömuleiðis hefi jeg komið fram með þá breytingu við 4. gr. frv. um fjárveitingarvaldið, að því að eins megi samþykkja gjöld þau, er tekin eru fram í 4. gr. frumv., að í minnsta lagi $^2/_3$ hlutar gjaldenda hafi á fundi samþykkt þessi útgjöld. Þetta hef jeg einnig gjört til að koma mjer saman við hina h. nefnd, og, til að vita, hvort hin h.

deild vildi ekki veita frumv. samþykki sitt, og skal jeg geta þess, að jeg hef sniðið breytingaratkv. þessi eptir því sem jeg heyrði á nefndarmönnum, að þeim þætti ei frágangssök að samþykkja. Yrði þetta samþykkt, álít jeg það þó töluvert stig í þá átt, sem mjer sýnist nauðsynlegt að stefna í þessu máli. Hin önnur ákvæði frv. miða til þess, að tryggja eptirlit það, er sýslunefndir hafa yfir hreppsnefndum og amtsráð yfir sýslunefndum.

Ákvæðin í 3. gr. miða til þess, að gefa kjósendum kost á að skipta sem optast um nefndarmenn, ef þeim fellur illa við þá. Mjer sýnist það rjett regla, að ónytjungar sitji sem skemmst í hreppsnefnd og sýslunefnd. Jeg hef heyrt þá mótbáru, að með þessu ákvæði væri því til leiðar komið, að allt af væri verið að skipta um menn í hreppsnefnd og sýslunefnd, og af því leiddi rugling og stefnuleysi í sveitarstjórn. En þetta er misskilningur, því auðvitað má eptir sem áður endurkjósa þá menn, sem hafa traust kjósenda og þeim mætti vera það kærkomið að fá sem optast viðurkenningu fyrir dugnað sinn með því að verða endurkosnir. Viðvíkjandi því, að hreppsnefndarmaður megi ekki sitja í sýslunefnd eða sýslunefndarmaður í amtsráði, þá hafa komið mótbárur móti því áður, þær nefnilega, að með þessu ákvæði sje beztu mönnum sveitanna bolað frá að beita sem bezt kröptum sínum, með því að vera bæði hreppsnefndar- og sýslunefndarmenn. En þessu er jeg alls ekki samþykkur. Það er ekki rjett eða æskilegt, að öll sveitarstjórnarstörf lendi á einum og sama manni. Því eins og jeg hef áður tekið fram, þá er það álitið óheppilegt í hinum æðri liðum landstjórnarinnar, því það er jafn nauðsynlegt að ábyrgðin sje þar trygg. Jeg vil leyfa mjer að benda á frumv. það, sem nú í dag er til umræðu hjer í deildinni, sem fer fram á, að sami maðurinn hafi ekki tveimur embættisstörfum að gegna í senn, af því það sje óheppilegt fyrir bæði embættin.

Af sömu rót er það runnið, að amtsráðsmenn sjeu kosnir af gjaldendum, en ekki af sýslunefndum, sem amtsráðið á að hafa umsjón yfir. Meiningin með því er, að amtsráðin sjeu sem mest óháð sýslunefndum.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, en að eins óska að það fái að ganga til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. samþ. með 12 atkvæðum; 1. gr. breytt samþ. með 12 atkv.; 2. gr. felld með 11 : 8 atkv.; 3. gr. samþ. með 11 atkv.; 4. gr. felld með 12 atkv.; 5. gr. felld með 12 atkv.; 6. gr. felld með 11 atkv.; 7. gr. sömul. fallin með 2. gr.; 8. gr. felld með 12 : 3 atkv.

Frumv. fellt frá 3. umr. með 13 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jens Pálsson,	Páll Ólafsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Sigurður Jensson,
Jón Jónsson N.-Þ.,	Árni Jónsson,
Lárus Halldórsson,	B. Sveinsson,
Ólafur Briem,	Eiríkur Briem,
Ólafur Pálsson,	Gunnar Halldórss.,
Sig. Gunnarsson,	Indriði Einarsson,
Skúli Thoroddsen.	Jón Þórarisson,
	Ólafur Ólafsson,
	Páll Briem,
	Sigurður Stefánss..
	Sveinn Eiríksson,
	Þorl. Guðmundsson.

Frumv. til laga um þóknun handa hreppsnefndarmönnum (C. 115, 152, 283); 2. umr.

Framsögum. (Sigurður Stefánsson):

Það var svo mikið rætt um þetta mál við 1. umr., að hún hefði vel getað kallazt 2. umr., og ætla jeg því ekki að fjölyrða um það núna. Jeg ætla að eins að geta þeirra breytinga, er nefndin hefir gjört við frumv.

Í fyrsta lagi hefir nefndin álitið, að 1. gr. frumv. væri óþörf eptir ákvæðunum í 2. gr. og mætti því falla burt. Sömuleiðis stakk nefndin upp á, að 2. gr. sem eptir breyt.till. verður 1. gr. væri orðuð dálítið öðru vísi en frumv. greinin.

En nú hefir nefndin leyft sjer að gjöra breytingu við breyt.till. sína, þar sem ákveðið er að þóknunin skuli vera allt að 4%, eins og stóð í frumv. upphaflega.

Þessa breytingu tók nefndin upp af því, að við 1. umr. virtust ýmsir þm. bera kvíðboga fyrir, að 4% mundu geta orðið æðiþungt álag á gjaldendur. Nefndin hefir því fallizt á, að gjaldendum skuli vera frjálst að ákveða minni borgun, enda þótt hún áliti að þetta væri ekki of hátt sett.

Sömuleiðis hefir nefndin ætlazt til að í staðinn fyrir »hreppsnefndarmaður« verði sett: »oddviti hreppsnefndar«, vegna þess, að oddviti hefir alloptast á höndum brjefaskriptir og bókfærslu fyrir nefndina. Álítur nefndin því rjett, að þóknunin gangi til hans, en þá er og gengið út frá því, ef oddviti lætur aðra gjöra þau störf, að hann þá borgi þeim.

Nefndin hefir og lagt til að 4. grein falli burt, þar eð hún er óþörf, því að í 25. gr. sveitarstjórnarlaganna er leyft að borga það sem hjer ræðir um úr sveitarsjóði.

6. breyting nefndarinnar er það, að ný grein bætist inn í á eptir 2. gr., þar sem sagt er, að samþykki 1. og 2. gr. skuli hafa gildi 3 ár í senn. Þótti það vera liðlegra að sveitarmenn gæti breytt til, ef þeir svo vildu, eptir 3 ár, ef kringumstæðurnar að einhverju leyti breyttust.

1. þm. Eyf. (S. Th.) hefir komið með breyt.till. við breyt.till nefndarinnar; fer hún fram á, að sjálf hreppsnefndin ákveði þóknunina. Þetta er töluverð efnisbreyting, og þótt nefndin vilji ekki gera hana að kappsmáli eða sje því öldungis mótfallin, að hreppsnefndirnar ákveði þannig sjálfar laun sín, þá vildi hún samt ekki ganga inn á þessa breyt.-till., en áleit varlegra, að láta gjaldendur sjálfráða um þetta, eins og frv. fer fram á. Nefndin vill reyna að vita, hvort þetta væri ekki fullnægjandi í bráðina. Hún gengur nefnilega út frá því, að þar sem hreppsstörf eru erfið, þá muni gjaldendur ekki telja eptir sjer svo litla þóknun, en að þeir yrði ánægðari með það, að leggja sjálfir á sig þessi útgjöld heldur en að hreppsnefndin ákveði þau. Sem sagt, hvorki jeg nje nefndin viljum gjöra þetta að kappsmáli, enda þótt við föllumst ekki á breytingartill. 1. þm. Eyf.

Jeg ætla svo ekki að fara frekar út í þetta, með því svo mikið hefir áður verið rætt um það við 1. umr.

Skúli Thoroddsen: Jeg vildi að eins leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd viðvíkjandi breytingartill., sem jeg hefi leyft mjer að koma fram með.

Eptir till. nefndarinnar er það látið vera komið undir gjaldendum, hvort borga megi þóknun úr sveitarsjóði fyrir hreppsnefndarstörf, en þetta hálfverk get jeg eigi fellt mig við. Ýmsar raddir hafa heyrzt í þá átt, að sanngjarnt sje að hreppsnefndarmenn fái borgun fyrir starfa sinn. En ef nú þessi skoðun er rjett, þá finnst mjer rjettara að hafa gjaldið beinlínis lögákveðið. Það er óviðkunnanlegt að gefa gjaldendum alveg á sjálfsvald, hvort eða hvað mikið þeir vilji borga, eins

og það í öðrum tilfellum í lífinu ekki mun þykja vel til fallið, að vinnuveitandinn sje sjálfráður um, hvort hann borgar verkmanninum nokkuð eða ekkert fyrir starf hans. Jeg er ekkert hræddur um, að hreppsnefndir misbrúkuðu þetta vald, enda er þá hægt að klaga til sýslunefndar, ef of lágt eða hátt þykir til tekið. Mjer finnst einnig lítil nýjung í frumv., eins og það er frá nefndarinnar hendi, því jeg veit ekki betur en sveitarstjórnir telji sjer heimilt að borga ýms lítilfjörleg gjöld úr sveitarsjóði, ef gjaldendur eru því samþykkir. En nái frumv. nefndarinnar fram að ganga, og ef gjaldendur segja: Við viljum ekki borga neina þóknun, þá getur hreppsnefnd ekki farið lengra; hún getur ekki skotið því til sýslunefndar.

Mín breyting miðar því til bóta, og er jeg hræddur um að án hennar yrðu þessi lög ekki annað en pappírslög, og er þá betra án að vera.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Það er eitt atriði í ræðu h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.), er jeg vildi athuga lítið eitt. Honum þótti ákvæði 5. gr. þýðingarlaus.

Jeg játa að það getur ekki komið undir sýslunefnd, ef gjaldendur neita að greiða gjaldið, en það getur verið fleira, sem komið getur fyrir sýslunefnd til fullnaðarúrskurðar, t. d. sjeu menn ónánægðir með of lágt eða of hátt gjald, atkvæðagreiðslu um þóknun þessa, lögmæti fundar o. s. frv. Ágreiningur út úr slíku finnst mjer geta legið undir fullnaðarúrskurð sýslunefndar.

En hvað því viðvíkur, að sveitarnefndir hafi tekið þóknun fyrir þessi störf, þá veit jeg ekki til að þær hafi leyft sjer það, og ekki þekki jeg þau ákvæði í sveitastjórnarlögunum, sem heimila slík útgjöld, sem hjer er farið fram á.

Ef hv. flutningsmaður hefði álitið að þau væri til í sveitarstjórnarlögunum, þá hefði hann sjeð, að þessi breyt. sín væri óþörf, en nú hefir hann komið með hana og álitið hana þarfa, eflaust af því að hann hefur álitið, að slík ákvæði væri ekki til í sveitarstjórnartilskipuninni.

En hvað snertir það, að frumv. okkar nefndarmanna mundu verða pappírslög, ef það yrði lög, þá get jeg ekki sjeð, að svo þurfi að vera, því jeg ber svo mikið traust til gjaldenda, að þeir vilji borga verkmönnum sínum sómasamlega þóknun, þegar ekki brestur lagaheimild til þess. En ef þeir ekki vilja borga fyrir þessi störf, þá er líklegt, að færustu mennirnir mundu hliðra sjer sem mest þeir geta hjá hreppsnefndarstörfum og hefðu gjaldendur það þá fyrir sparsemina, að þeir fengi ef til vill ónýta menn í hreppsnefndina, en það ætla jeg að þeir mundu ekki að jafnaði vilja vinna til.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er samdóma h. framsögum. (S. Stef.) um það, að ekki sje í sveitarstjórnarlögunum heimild til að veita hreppsnefndarmönnum þóknun þá, sem hjer ræðir um; þar er að eins talað um þóknun fyrir ritföng, sendiferðir með brjef og þess konar.

Jeg kann ekki vel við breyt.till. þm. Eyf. (Sk. Th.), að hreppsnefndarmennirnir skuli sjálfir eiga að ákveða sjer þóknun úr þeim sjóði, sem þeir hafa undir hendi; það mundu óeigingjarnir og hreinskilnir hreppsnefndarmenn í síðustu lög gera, en jeg álít það þó viðkunnanlegra, að hreppsmenn allir greiði atkvæði um þessa þóknun, því það gera þeir ekki nema þeir finni verðleika hjá þeim, sem njóta eiga.

Skúli Thoroddsen: Jeg get ekki sjeð, að það sje neitt óviðkunnanlegt fyrir hreppsnefndarmenn að greiða atkvæði

um þessa þóknun, sem með ákvæðum frumvarpsins yrði einskorðuð við vissar upphæðir, er hún eigi má fara fram úr, enda ber þess að gæta, að í flestum hreppsnefndum sitja 5 menn, svo að naumast verður sagt, að hreppsnefndarmennirnir ákveði sjálfum sjer þóknun, því að sá, sem þóknunina ætti að fá, oddvitinn eða gjaldkerinn, myndi að sjálfsögðu eigi greiða atkvæði í því máli.

En jeg get vel hugsað mjer, að það kynni að koma fyrir, að hreppsbúar mundu segja sem svo, er hreppsnefndin færi að biðja þá um þóknunina: »Nei, góði vin! þetta er skyldustarf, sem við viljum ekki borga neitt fyrir«. En þegar hreppsnefndin getur búizt við svona svari, þá munu hreppsnefndarmennirnir í flestum tilfellum heldur vilja vera lausir við þessa litlu þóknun, en að þiggja hana með eptirtölum.

ATKVÆÐAGR.: 1. till. nefnd. (C. 115), að 1. gr. falli burt samþ. í e. hlj.; 2. breyt.till. við breyt.till. við 2. gr. (C. 283) felld með 14:7 atkvæðum; breyt.till. nefnd. 236 (C. 286) samþ. með 17 atkv.; 2. breyt.till. nefnd. (C. 152) samþ. með 19 atkv.; 3.—4. breyt.-till. nefnd. (C. 152) samþ. með 20 atkv. hver; 3. gr. þannig breytt samþ. með 20 atkv.; að 4. gr. falli burt samþ. m. 15 atkv.; 6. breyt.till. nefnd. (um nýja gr.) samþ. með 20 atkv.; 7. breyt.till. nefnd. samþ. með 15 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 atkvæðum.

Frumv. til laga um strandferðir og vegi (C. 135, 237); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Jens Pálsson): Jeg vildi leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breytingar þær á frumv., sem nefnd sú, er skipuð var til að íhuga málið, hefur farið fram á og þótt rjett að gera.

Aðalbreytingin eða stærsta breytingin er fólgin í því, að nefndin ræður til þess að 1. kafli frumv. sje felldur burt. Ástæður nefndarinnar fyrir þessu eru ekki svo greinilega teknar fram í nefndarálitinu og skal jeg nú fara um þær fám orðum. Aðalástæðan var sú, að nefndinni þótti viðurhlutamikið, að slá því að svo stöddu föstu með lagaboði, að landssjóður skyldi á sinn kostnað gera út skip til strandferða, en þótti æskilegra að þetta kæmi fram í fjárlögunum, en yrði að öðru leyti ráðstafað með þingsályktun. Henni þótti ekki rjett að lögbjóða það, meðan engin reynsla er fengin fyrir því, hvað mikið það muni kosta, nje heldur hvað verulegt og viðtækt gagn það muni hafa í för með sjer. Nefndin hugsaði, að ef því yrði framgengt, þá væri allt af nógur tími til að setja lög um það, þegar nægileg reynsla væri fengin eptir nokkur ár.

Að öðru leyti má skoða frumv. sem breytingu á vegalögunum frá 1887, sem endurbætta útgáfu af þeim, ef jeg mætti svo að orði komast. Helzta nýmælið, sem tekið er upp í þetta frumv., er það, að stungið er upp á að lögleiða nýjan vegaflokk, sem í frv. er nefndur »aðalflutningabrautir«. Nefndin var samhuga um það, að það væri hinn helzti galli vegalaganna 1887, að þar er öll aðal-áherzlan lögð á þá vegi, sem ekki þarf endilega að vera mikil umferð um, enda þótt þeir sjeu nauðsynlegir; jeg á við póstvegina. Nefndin aðhylltist þá skoðun, að það væri nauðsynlegt að gera akbrautir eða vagnvegi þar, sem mestur flutningur á þungavöru fer fram, en að öðru máli væri að gegna fyrst um sinn um hina aðra vegi, sem eru mestmegnis reiðvegir og einungis þurfa að vera vel færir.

Nefndin hefur gert þá breytingu frá frumv., að ákveða nokkrar aðalflutn-

ingabrautir, án þess þó að tiltaka nákvæmlega lengd þeirra nje afmarka endastöðvar þeirra allra nje legu, því að hún áleit, að þetta væri sumpart hlutverk vegfróðs manns og sumpart þeirra manna, sem hefðu staðlega þekkingu á þessum svæðum.

Þetta nýmæli um aðalflutningabrautir hefir í för með sjer nokkurn kostnað fyrir landssjóð, því að þær aðalflutningabrautir, sem ekki falla saman við aðalpóstvegi, verða að leggjast á kostnað landssjóðs, en hins vegar ljettir þetta nýmæli landssjóði kostnað við það, að nefndin hefur lagt til að þeir aðalpóstvegir, sem ekki falla saman við aðalflutningabrautir, þurfi ekki að vera 6 álna breiðir akvegir, eins og vegalögin 1887 ákveða. Þess vegna er það skoðun nefndarinnar, að þegar á allt þetta er litið, muni kostnaðurinn ekki verða ókleifur fyrir landssjóð.

Þetta eru hin helztu og stærstu nýmæli; en auk þess vil jeg nefna 2 nýmæli, sem farið er fram á, en sem ekki eru eins þýðingarmikil. Í vegalögunum 1887 er ákveðið, að sýsluvegir skuli allstaðar vera 5 álna breiðir. Þetta þótti nefndinni óþarfi og hefir hún lagt til, að þetta ákvæði væri einungis látið ná til þeirra sýsluvega, sem geta orðið í beinu sambandi við aðalflutningabrautirnar. Þetta höfum vjer orðið að álíta heppilegra, því að sýsluvegasjóðirnir eru eigi svo auðugir, að þeir hafi ráð á að leggja 5 álna breiða vegi um alla sýsluna, og er afleiðingin sú, að sumir kaflar verða því nær ófærir. Enn er það nýmæli tekið upp, að sýslunefndunum skuli heimilt með samþykki amtsráðs að verja sýsluvegagjaldi til þess að styrkja gufubátsferðir, og til þess að koma á málþráðum. Þetta ákvæði getur orðið mikilsvert fyrir sumar sýslur, því að sumstaðar er meiri þörf á gufubátsferðum og málþráðum en vegum.

Jeg vil svo að þessu sinni ekki lengja umræðurnar meir, en bíða þess, að jeg heyri undirtektir hæstv. landsh. undir frumv. og hinar einstöku greinar þess. Af því að mjer heyrðist um daginn, að hæstv. landsh. hefði ekki mikið á móti þeim köflum frumv., sem nefndin hefir ráðið til að samþykkja, þá vona jeg að þessir kaflar hafi ekki skemmzt við meðferð nefndarinnar, og að hæstv. landsh. líti því hlýlega til þeirra nú sem fyrr, og að h. deild verði þeim hlynnt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Frumv. til laga um stofnun ullarverksmiðju (C. 183, 227); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Benidikt Sveinsson*): Eins og h. þingm. munu sjá af nefndarálitinu, hefur hún komizt að alveg sömu niðurstöðu og nefndin í neðri deild 1889 og ekki fundið ástæðu til að gera neinar breytingar fram yfir þá nefnd.

Nefndin hefir í nefndarálitinu auðvitað ekki tekið fram margar ástæður, en hún tekur þó fram eina ástæðu, sem er allshendis fullnægjandi til að sýna hina afarmiklu þýðingu þessa máls, að hjer um bil $1^1/_2$ miljón punda af óunninni ull gangi árlega að meðaltali út úr landinu, því allir heilvita menn sjá, að í þessu liggi svo mikið atvinnutjón fyrir landið, að ekki sje við það unandi lengur, heldur að landsstjórnin verði að veita þessari óhæfu athygli og reyna til að snúa þessum straumi til hagsmuna fyrir land og lýð.

Það er sannfæring mín, að h. deild muni skoða mál þetta frá líku sjónarmiði og jeg gjöri, en jeg geng þó eigi að síður út frá því, að ýmsar mótbárur muni koma fram, sumar á góðum

rökum byggðar, sumar á engum. Það er eðlilegt að svo fari; þetta mál er nýmæli og verður því að beygja sig undir hin sömu forlög og önnur nýmæli, þau forlög, að mæta mörgum mótbárum.

Mjer dettur ekki í hug að ætla að fara að reyna að vekja allar hugsanlegar og óhugsanlegar mótbárur móti þessu máli. Mjer dettur ekki í hug að fara að eyða orðum um þá mótbáru t. a. m., að fyrst verði að semja lög um það, að kol verði að fást eins ódýr á Íslandi eins og á Englandi, áður en ullarverksmiðja geti komizt hjer á fót; heldur ekki um þá mótbáru, að það verði að koma lög um það, að vinnukraptur á Íslandi verði að standa jöfnum fótum við vinnukrapt á Englandi, eður þá um þá mótbáru, að vatnið á Íslandi verði fyrst að breytast svo, að það frjósi ekki, eður þá mótbáru, að vissa sje fengin fyrir því, að ullin sje ekki dýrari í Þingeyjarsýslu heldur en í Lundúnaborg, rjett eins og ullin úr Þingeyjarsýslu yrði ódýrari við flutningskostnaðinn til Englands. Á borð við þessar og því líkar mótbárur set jeg þá, að hjer sje um það að ræða að efla ríki útlendra auðmanna á Íslandi, að það sje jafnvel hættulegt frá þessu sjónarmiði, að leyfa útlendingum að komast hjer að og setja upp ullarverksmiðju; það sje selstöðu-principið gamla, sem hjer sje verið að ota fram. Þessi mótbára fellir sjálfa sig, því að nú, einmitt með verzlunarástandinu sem hefir verið og er enn þá, hænum vjer einmitt útlenda auðmenn til að rýja oss, með því að selja þeim ónunna ull, og láta þá hafa allan arðinn af því að vinna hana, en hjer er um það að ræða að hæna útlendinga til þess að miðla oss nokkru af auði þeirra, þekkingu og velsæld, til þess að glæða framfarir landsins. Það væri óhugsandi að ætla sjer að elta allar þess konar mótbárur og hrekja þær.

En það eru einnig til aðrar og íhugunarverðari mótbárur. Þegar sagt er, að landsstjórnin sje skyldug til að stuðla að því að ullin fari ekki ónunnin út úr landinu, þá er skiljanlegt, að menn beri fram þá spurningu, hvort það sje mögulegt, að Ísland geti orðið iðnaðarland. Þessi spurning hefur komið fram — utanþings — frá mönnum, sem hafa vel vit á málinu og vilja Íslandi vel að öðru leyti. Þessari spurningu svara jeg þannig, að það sje ekki meiningin með þessu frumv. að gera Ísland að iðnaðarlandi, í þeim skilningi, að frumefni eða frumframleiðsla annara landa sje flutt inn í landið og unnin í því. En eitt er þetta, og annað hitt, að segja, að Ísland sje alveg útilokað frá því að vera iðnaðarland, segja, að það hljóti um aldur og æfi, kynslóð eptir kynslóð, að vera undirorpið þeim fádæmum, að flytja afurðir sínar ónunnar af landi burt, til ómetanlegra atvinnuhagsmuna fyrir aðrar þjóðir. Þó öll ull væri unnin hjer í landinu og skinn görfuð, þá er landið allt um það ekki orðið iðnaðarland í eiginlegum skilningi, heldur einungis í þeim skilningi, að landsmenn vinna sumpart með sínum eigin höndum, sumpart með verksmiðjum, afurðir síns eigins lands, og sitja þannig að þeim stórkostlega atvinnuágóða sjálfir, sem þeir hafa afsalað og afsala enn í hendur öðrum þjóðum. Þetta og ekkert annað er sú hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir frumv.

En getur það þá hugsazt, að Ísland verði iðnaðarland í þessum skilningi? Eru ekki óteljandi og óklúfandi hindranir fyrir því, að Ísland vinni ullina, sína frumafurð, þannig, að það hafi arð af því gagnvart öðrum löndum? Er það hugsanlegt, að menn geti á Islandi unnið klæði, dúka, sjöl o. s. frv., svo

iðnaðartegundir þessar geti orðið svo góðar og glæsilegar, að þær þoli samkeppni á heimsmarkaðinum? Jeg skal játa, að það er alveg nauðsynlegt að gera sjer þetta atriði ljóst. Auðvitað geta menn ekki hvílt hugann við það, að Íslendingar noti alla iðnarvöru sína á sjálfa sig; hún er að vísu vissulega betri handa þeim sjálfum en hin útlenda kramvara, sem nú flyzt inn í landið, en menn geta með rjettu sagt, að þetta sje ekki nóg, því að Íslendingar mundu ekki þurfa að brúka alla sína vefnaðarvöru, heldur yrðu þeir að senda nokkuð af henni til útlanda, og þá sje undir því komið, hvort hún geti jafnazt við útlenda vöru og sje eins útgengileg. Þó nú þessi spurning sje sett fram, þá svara jeg henni óhræddur með já. Ísland gæti sannarlega vel þolað þennan samjöfnuð, vel að merkja betur en nú, betur en það þolir samkeppni með tilliti til óunninnar ullar. Allir vita, að vjer sendum nú óunna ull á heimsmarkaðinn, og hvernig stöndum vjer að vígi í þeirri samkeppni? Þannig, að íslenzka ullin stendur á lægsta stigi að undantekinni rússneskri ull, að minnsta kosti er hún í miklum mun lægra verði en bæði dönsk, norsk og sænsk ull. Jeg sje að h. þm. Snæfell. (P. Br.) brosir. Hann getur kannske síðar sannað, að þetta sje ekki rjett.

En fyrst svona er, þá liggur sú spurning fyrir, hvort hlutfallið yrði verra, ef íslenzk ull væri boðin fram á heimsmarkaðinum sem vefnaðarvara, heldur en það nú er með tilliti til hinnar óunnu íslenzku ullar? Þessari spurningu svara jeg aptur með nei! Eptir þeim upplýsingum, sem jeg hef fengið hjá herra Magnúsi Þórarinssyni á Halldórsstöðum, sem ætla má áreiðanlegan mann í þessu efni, þá er íslenzk ull ágæt, þegar búið er að aðskilja togið og þelið; þá er hún eins gott verkefni og hver önnur ull eða jafnvel í betra lagi. Þessi maður hefur meira að segja fullvissað mig um, að betra og fallegra klæði mundi fást úr hreinni íslenzkri ull en útlent klæði er, sem venjulega er ekki búið til úr hreinni ull, heldur blandað saman við hana ýmislegum úrgangi og upptáningi úr fatarusli.

Eptir þessu ætti það þá engin áhætta að vera, að verða að senda íslenzka vetnaðarvöru á heimsmarkaðinn, efnisins sjálfs vegna; en þá kemur vinnan til íhugunar. Er það nú hugsanlegt, að verksmiðja, sem er búin til á Englandi og fullkomlega löguð eptir ensku sniði, geti ekki unnið ullina, þá sömu ull, eins vel á Íslandi eins og á Englandi? Er það mögulegt, að verksmiðjan geti tekið svoleiðis eðlis-breytingu, við það að vera flutt til Íslands, ef hún stendur undir stjórn eins duglegs manns á Íslandi eins og á Englandi? En sje nú þetta sannað, að efnið sje eins gott á Íslandi og annarsstaðar, og enn fremur að vinnan sje eins góð og fullkomin á Íslandi, þá er það einnig gefið, að vefnaðarvaran verður eins góð á Íslandi og annarsstaðar.

Til þess því að geta rakið skynsamlegar mótbárur gegn þessu máli, þá hljóta menn að hafa meiri og betri rök við að styðjast en jeg og nefndin hefir átt kost á að geta ímyndað sjer.

Menn geta enn komið með margar mótbárur. Menn geta sagt, að Ísland sje svo langt frá Englandi og heimsmarkaðinum; en hefir þetta nokkuð að þýða? Er leiðin lengri fyrir þau skip, sem flytja vefnaðarvöru frá Íslandi, heldur en fyrir þau, sem flytja þaðan óunna ull? Eða er leiðin frá Englandi til Íslands styttri en leiðin frá Íslandi til Englands? Þessa mótbáru má koma með gegn öllum viðskiptum við önnur lönd og samgöngum milli þeirra og Ís-

lands. Hún snertir ekki fremur þetta mál en önnur. Sama er að segja um það, er menn færa til ísa og samgönguskort. Þetta eru allt sameiginlegar mótbárur. Það liggur í staðarháttum landsins, og ef vjer getum sigrað þá erfiðleika í aðrar stefnur, þá getum vjer það eins í þessu máli.

Jeg skal nú snúa mjer að öðru. H. þingmenn mega ekki láta kostnaðinn vaxa sjer of mjög í augum. Menn mega ekki tala um, að landssjóður taki á sig ábyrgðina og stofni sjálfur ullarverksmiðjuna. Jeg hata allt þess konar. Þessi fyrirtæki eiga ekki að vera á kostnað hins opinbera eða í þess skjóli, heldur verða privat-menn og þeirra eigin hagsmunir og ábyrgð æfinlega að vera drífffjöðrin. Hjer er einungis um það að ræða, að hvetja innlenda menn eða útlenda til þess að leggja fje og krapta fram, gegn framboðnum styrk landssjóðs, já langtum meira fje upp á eigin ábyrgð, en ekki landssjóðs.

Það er enn fremur ekki meiningin, að kasta þessu mikla fje á glæ. Þvert á móti, það er meiningin að láta þetta tilboð vera bundið hinu ríkasta skilyrði. Frumvarpið setur sem skilyrði vissu um það, að fyrirtækið komist á fót, og þótt það komist á fót, er þó langt frá því, að fjeð sje lagt allt fram í einu, heldur smátt og smátt á 10 árum. Einmitt þetta verður hvöt fyrir þá, sem sinna boðinu, að láta fyrirtækið halda áfram. Það er mikill munur á þessu og því, að fleygja allri upphæðinni út í einu. Framlagið er mjög lítið fyrst, ekki nema 1/10 af allri upphæðinni, og fyrirtækið verður að vera búið að standa í 10 ár, áður en öll upphæðin sje útborguð, en þegar þetta fyrirtæki er búið að standa í 10 ár, þá er það búið að borga ekki landssjóði, heldur landsmönnum og landinu margtalt meira en 120 þús. kr. í vinnulaun; það er hægt að sanna þetta með tölum. Þó að menn fengju útlending til að stjórna þessu fyrirtæki, þá mundi þurfa íslenzka vinnukrapta, og mestur vinnuarðurinn renna til þeirra, og ekki mundi heldur um aldur og æfi þurfa útlendinga til að stjórna slíkri verksmiðju. Guð hefir gefið Íslendingum svo mikið verksvit og handlægni. Jeg tek til dæmis Magnús á Halldórsstöðum, sem ekki var nema einn vetur í Kaupmannahöfn, en öðlaðist á þeim tíma svo mikla þekkingu, að það er undravert, og aldrei hefir sá maður gengið í skóla, ekki einu sinni barnaskóla.

Jeg gleymdi einu atriði og það er að minnast á hlutfallið milli verksmiðjuvinnu og heimilisiðnaðar. Það hefir verið sagt, að verksmiðjan mundi draga úr heimilisiðnaðinum, og að það yrði fyrir hennar sakir ekki eins hægt að rjetta honum hjálparhönd, ef landið tæki að sjer að styðja stofnun hennar. Þessu svara jeg þannig: Það er rjett að styðja heimilisiðnaðinn, og vjer eigum að stuðla að því, að hann blómgist. En það eru sveitirnar, sýslunefndir og amtsráð, sem eiga að styðja heimilisiðnaðinn; þeim er það ekki ofætlun; það sjest bezt á stofnuninni á Halldórsstöðum, að þetta á að vera hjeraðamál, ekki landssjóðsmál. Sá liður heimilisvinnunnar, sem þar er lögð stund á, er kominn svo langt á veg, að allir bera gott traust til þeirrar vinnu, og vilja styðja hana sakir sinna eigin hagsmuna, sem fljóta af vinnuflýtinum. Það er auðsætt, að hjeruðunum er ekki ofætlun að styðja að því, að koma upp kembingarvjelum, betri vefstólum og öðrum ullarvinnuáhöldum í smærri stíl, sem efla heimilisiðnaðinn. En þessar smátilraunir sýna ekki, hvað megi fram-

leiða úr allri hinni íslenzku ull, þær sýna ekki, hvílíkt stórkostlegt framfara- og þjóðmenningarmál hjer er fyrir hendi.

Að svo mæltu óska jeg, að málið fái að ganga til 2. umr.

Ólafur Ólafsson: Jeg stend ekki upp til þess að mótmæla h. framsögum. (B. Sv.), en mjer finnast vera þeir agnúar á þessu frv., sem vert sje að benda á. Í frv. er farið fram á, að veita lán úr landssjóði, allt að 120,000 kr., til að koma á fót ullarverksmiðju, en í frv. er ekkert talað um, hverjum eigi að veita þetta stóra lán. Jeg get þó ímyndað mjer, að þingið vilji, um leið og það veitir lánið, hafa áreiðanlega tryggingu fyrir því, að peningunum verði ekki kastað út í bláinn, heldur verði að sönnum og verulegum notum, og að sá, sem fengi lánið, yrði sjálfur að leggja fram ákveðna upphæð til fyrirtækisins. En þegar jeg les frv. þetta frá upphafi til enda, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að maðurinn, sem tekur lánið, þurfi sjálfur ekkert að eiga. Það er sagt með berum orðum í frv., að veita megi 120,000 kr. úr landssjóði, til að koma ullarverksmiðjunni á fót, en svo er reyndar líka sagt, að ullarverksmiðjan með öllu tilheyrandi skuli standa að veði fyrir láninu, en hún þarf ekki að vera meira en 120000 kr. virði, og vátryggð fyrir þeirri upphæð. Það er með öðrum orðum, veðið er alveg jafnt þeirri upphæð, sem lána á út. Mjer finnst langt frá, að þetta sje nægileg trygging fyrir landssjóðinn. Jeg veit ekki betur, en að það sje síður, þegar lánið er úr almennum sjóði upp á fasteignarveð, að þá sje lánuð upphæð, er svarar hálfri virðingu veðsins. En eptir þessu frv. á landssjóður að lána út jafnháa upphæð og veðið er. Hjer getur líka svo farið, að veðið hafi mjög litla þýðingu, þar sem mjög lítið verð hlyti að verða í verksmiðjunni sjálfri, ef hún yrði að hætta vinnunni. Gerum t. d. ráð fyrir, að ungur og efnilegur maður setti ullarverksmiðju á stofn, og hún kæmist á fót, mest af því, að þessi eini maður er lífið og sálin í fyrirtækinu. Verksmiðjan kemst á fót og maðurinn fær ekki lánið útborgað, en svo veikist hann og deyr, og hvernig er hætt við að þá fari? Það er hætt við því, að áhuginn dofni og lítið verði úr vinnunni, þegar sá er dáinn, sem var lífið og sálin í fyrirtækinu. En þegar svo er komið, þá er verksmiðjan, hversu mörg hjól, sem hún hefir, lítilsvirði fyrir landið. Jeg segi ekki, að svona þurfi endilega að fara, en það verður að slá alla varnagla í tíma, til þess að landssjóður bíði ekki stórkostlegt peningatjón.

H. framsögum. (B. Sv.) sagði, að verksmiðjan yrði að vera búin að standa í 10 ár, áður en lánið fengizt útborgað, en jeg held að frv. geri ráð fyrir, að verksmiðjan sje að skapazt í 10 ár, og frv. gefi honum þannig leyfi til að vera að mynda þessa verksmiðju í 10 ár. Eptir 10 ára fæðingarhríðir á hann að vera búinn að fá allt lánið, en það getur margt gerzt á 10 árum. Jeg get því ekki álitið þessar ákvarðanir frv. heppilegar, en gæti ef til vill verið með málinu, ef ákvarðanirnar væru heppilegri.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg get fyrirgefið h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) þessar mótbárur hans gegn málinu, því þær eru allar sprottnar af misskilningi. Jeg er viss um, að hann verður hinn kappsamasti fylgismaður þessa máls, þegar honum er orðið það fullljóst. Jeg skal benda á fáein atriði í ræðu hans, til þess að sýna, að hún

var öll byggð á misskilningi. Hann sagði, að þessar 120000 kr. væru eingöngu það, sem þyrfti til að koma ullarverksmiðjunni á stofn. Þetta er misskilningur, því sá, sem setur verksmiðjuna á stofn, verður fyrst að leggja út sjálfur 120000 kr., áður en hún tekur til starfa, og síðan verður hann að leggja út aðrar 120000 kr. sem stofnfje stofnunarinnar. Áður en mál þetta kemur til 2. umr., skal jeg vera búinn að sýna honum greinilega áætlun yfir kostnaðinn, eins og Magnús Þórarinsson á Halldórsstöðum gerði hann árið 1889. Þó þess vegna verksmiðjan komist á stofn, þá er það ekki nóg; hún þarf líka starfsfje, til að geta unnið. Heldur þm. nú, að maður, sem á 120000 kr., og aptur 120000 kr., eða alls 240000 kr., muni vilja búsetja sig hjer á landi og koma á fót verksmiðju, er vinni landsmönnum í hag, án nokkurs endurgjalds úr landssjóði? Það sanna er, að fyrirtæki þetta verður stofnað, og meira að segja, tekið til starfa, áður en það fær einn eyri úr landssjóði. Hjer er því að eins að tala um endurgjald úr landssjóði fyrir gert verk, og jeg vona, að h. þm. verði mjer samdóma um, að verksmiðjan hljóti óbeinlínis að vera margfalt búin að borga lánið, 12000 kr. á ári í 10 ár, eptir þessi 10 ár, með vinnulaunum, sem hún hefir greitt til landsmanna, sem starfað hafa við verksmiðjuna. Það er einmitt vinnukrapturinn, sem hjer hlýtur að koma landsmönnum til góða. Og eins og h. þm. getur fengið að sjá í áætluninni, er gert ráð fyrir, að 50 manns starfi árlega í verksmiðjunni. Jeg verð þó að ætla, að h. þm. gangi ekki út frá því, að það fje, sem kemur inn í landssjóð, sje aðskilið þar og innilokað með eilífum múrvegg, heldur að það streymi þangað inn einmitt til þess að streyma út aptur þaðan landsmönnum til hagsmuna, sumt til að koma aptur í landssjóð beinlínis, en sumt til að koma þangað aldrei aptur beinlínis, heldur óbeinlínis. Eða, má jeg spyrja, skyldi það fje t. a. m. koma aptur beinlínis inn í landssjóð, sem varið er til vegagjörða, eða það fje, sem varið er og varið verður til að brúa stórár landsins? Nei, beinlínis kemur það ekki aptur, en það kemur þó aptur að því leyti sem bættar samgöngur efla framfarir og velmegun þjóðarinnar. Jeg vil segja, að þó landssjóður gæfi eiganda ullarverksmiðjunnar 120000 kr. sem premíu fyrir að koma þessu nytsama fyrirtæki á stofn og halda því starfandi, þá stæði hagur landssjóðs jafnrjettur fyrir það. Sá minnsti hagur, sem maður getur hugsað sjer, að yrði af ullarverksmiðjunni, er hjer um bil það, sem nú fæst fyrir ullina óunna, sem er 75 aurar fyrir hvert pund. Ef þetta er rjett, ætti vinnuarðurinn að nema árlega hjer um bil 1170,000 kr., ef gert er ráð fyrir 75 a. á hverju ullarpundi, og flutt sje út að meðaltali árlega $1^1/_2$ miljún punda af óunninni ull, eins og átti sjer stað á árunum 1876—1885. Þetta vona jeg, að h. þdm. skilji. Það vona jeg, að h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) leggi ekki áherzlu á, að eitt fyrirtæki þurfi að líða undir lok, þó að sá deyi, sem komið hefir því á stofn með dugnaði sínum; því þó maðurinn deyi, þá lifir þjóðin; enda þori jeg að segja, að Íslendingar eru svo þrautseigir, að, ef einhverjir framfarastraumar ryðja sjer til rúms og rótfestast hjá þeim, þá deyja þeir ekki út hjá þeim með einum manni.

Ólafur Ólafsson: Jeg er enn þá sannfærður um, að jeg hef ekki misskilið þetta frv., enda skein það út úr ræðu h. framsögum. (B. Sv.), að hann gat

ekki hrakið það, sem jeg sagði. H. framsögum. sagði, jeg skrifaði orð hans upp hjá mjer, að mál þetta væri frá mínu sjónarmiði mjög ískyggilegt. Það er rjett, málið er ískyggilegt frá mínu sjónarmiði. Það er ískyggilegt, eins og það er framsett í sjálfu frv. Setjum svo, að frv. þetta yrði að lögum um nýár í vetur, og svo kæmi maður til landshöfðingjans og segði við hann: Nú ætla jeg að byrja að stofna ullarverksmiðju, og þarf jeg því að fá þessar 12000 kr., sem þingið hefir ætlað í ár til þessa fyrirtækis. Jeg geri ráð fyrir að landshöfðingi segi sem svo: Hefir þú nokkur efni til að byrja þetta fyrirtæki? Þá getur maðurinn sagt: Það varðar engan um það; jeg vil fá þessar 12000 kr., sem lögin heimila að útborga til ullarverksmiðjustofnunar þetta ár. Svo verður landshöfðingi, eptir þessu frv., að útborga honum þessar 12000 kr., og aðrar 12000 kr. næsta ár o. s. frv., þangað til hann er búinn að fá 120000 kr. í 10 ár. Þegar svo þessi 10 ár eru liðin, þá á að fara að virða verksmiðjuna með eignum hennar, og hver getur þá ábyrgzt, að hún verði 120000 kr. virði, og hver getur ábyrgzt, að stofnunin geti haldið áfram að starfa, þegar hún hættir að fá þessar 12000 kr. á ári? H. flutningsm. (B. Sv.) sagði, að það væri efnilegur maður norður í Bárðardal, sem hefði hug á þessu, og að hann hefði nokkur efni. Jeg hef ekkert á móti því, en jeg vildi, að það stæði í frv., að sá maður, sem beittist fyrir þessu fyrirtæki, yrði að hafa svo og svo mikið fje til umráða, er hann gæti lagt í fyrirtækið. Jeg gæti ef til vill verið með frv., ef það innihjeldi einhver ákvæði í þessa átt, en það stendur ekkert um þetta í því, heldur er beinlínis sagt, að það skuli lána þessum manni 12000 kr. á ári í 10 ár. Ef þetta samt sem áður er ekki meiningin, þá er frv. misprentað, en misskilningur er hjer enginn frá minni hálfu.

Framsögum. (Bened. Sveinsson): Þessu, sem h. 2. þm. Rangv. (Ól. Ól.) nú hefir tekið fram, get jeg ekki svarað, og það af þeirri einföldu orsök, að það heyrir alls ekki til þessari umræðu málsins. Ef h. þm. vill koma með mótspyrnu á móti þessu máli, þá getur hann gjört það á rjettum tíma, það er að segja, þegar málið er komið til 2. umr. Jeg skal að eins benda h. þm. á, að hjer er ekki farið fram á, að samþykkja lög, sem skyldi landsstjórnina til að veita þetta lán. Lögin fara að eins í þá átt, að heimila lánveitinguna, og af eptirfarandi greinum sjest, að landsstjórnin hefir þá fyrst þessa heimild, þegar hún er búin að sjá, að ullarverksmiðjan er komin á fót, og að hún er vátryggð fyrir minnst 120,000 kr. Jeg vona, að allir h. þingdm. verði að játa, að þetta sje rjett skoðun á málinu. Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að jeg er hvorki fær um, nje heldur skyldugur til, að vaða á bæxlum gegnum málin, hvorki þetta mál nje önnur, til að svara hverri ótímabærri mótbáru, sem kann að koma fram, á hverju stigi málsins sem er. Jeg læt mjer þess vegna lynda, að óska þess nú, að málið fái að ganga til 2. umr., og ef h. 2. þm. Rangv. (Ól. Ól.) getur sannfært mig og nefndina um, að önnur ákvæði sjeu heppilegri til að koma þessu máli fram en þau, sem nú eru í frumv., þá skal jeg vera manna fúsastur til að sameina mig við h. þm. um breytingar á því.

Lárus Halldórsson: Það dylst víst engum, að þetta mál er fjarska þýðingarmikið og vert að athuga það gaumgæfilega; jeg get verið samdóma h. framsögum. (B. Sv.), sem mun vera að-

alfrumkvöðull þessa máls hjer á þinginu, að því er snertir hinar almennu athugasemdir hans um málið. Jeg er honum samdóma um, að það er óheppilegt, að svona mikið skuli vera flutt út úr landinu af ósunninni ull, og að landsmenn skuli aptur kaupa sömu ullina unna dýrum dómum frá útlöndum. En jeg er honum ekki eins samdóma um það, að þessi aðferð, sem hjer er stungið upp á, sje hin bezta til að ráða bót á þessu óheppilega ástandi. Jeg held heldur, að hitt, sem hann drap lauslega á í ræðu sinni, það er að segja, heimilisiðnaðurinn, sje það, sem komast ætti á fullkomnari fót hjer á landi en nú er. Þegar jeg lít á hina formlegu hlið þessa máls, hvernig er það þá komið inn í deildina í þetta sinn. Það er flutt inn í þingd. af 6 h. þingdm., og 5, segi og skrifa fimm af þessum 6 flutningsm. eru svo kosnir í nefnd þá, sem á að íhuga og fjalla um málið. Hvort þetta er einber tilviljun eða ekki, skal jeg láta ósagt, en hvort sem er, þá er það óheppilegt, að kjósa einmitt þá sömu í nefndina, sem gjörzt hafa flutningsmenn málsins, og láta enga aðra komast að, til að taka þátt í íhugun og undirbúningi þess undir umræðurnar á þinginu. Þessi athugasemd snertir hina formlegu hlið málsins.

H. flutningsm. (B. Sv.) sagði, að í nefndarálitinu væru ekki teknar fram nákvæmlega ástæðurnar fyrir þessu frv. Það er satt. Það er lítið farið út í ástæður í nefndarálitinu. H. nefnd hefir sjálfsagt treyst framsögum. sínum til að leiða deildina í allan sannleika í þessu máli. Það er líka óhætt að segja, að margar af hinum almennu athugasemdum hans voru góðar og gildar, en jeg get þó ekki fallizt á þær allar, sízt sem ástæður fyrir þessu frumv. Ræða hans, þessi langorða ræða, laut mest að því, að sanna mögulegleika þessa máls, að það væri ekki praktiskt ómögulegt, að koma þessu fyrirtæki á fót, o. s. frv. Jeg hef ekkert á móti því, sem h. þm. tók fram því viðvíkjandi, en það er ýmislegt annað, sem taka verður til greina, einkum þegar um það er að ræða, að landssjóður leggi fram stórfje til fyrirtækisins, því þá finnst mjer sú spurning verði fyrst og fremst að koma fram: Cui bono, hverjum til gagns fyrirtækið verði. *(B. Sv.:* Landsmönnum). Já, h. framsögum. (B. Sv.) reyndi að sanna, að það yrði landsmönnum til gagns, en honum tókst það ekki sem bezt. Hann talaði um beint gagn og óbeint gagn af þessu fyrirtæki. Hið beina gagn sagði hann að væri fólgið í því, að stofnunin veitti 50 mönnum atvinnu. 50 mönnum atvinnu!! Á landssjóður og veita 120,000 kr. lán, með óheyrt vægum kjörum, til þess að 50 mönnum verði veitt atvinna? Og hvaða menn eiga þetta að vera? Eiga það að vera hreppsómagar þessir 50 menn? Ef það er meiningin, þá getur það sjálfsagt orðið til góðs fyrir þann hrepp, sem þeir eru úr. En ef þessir 50 menn mega vera einhverjir aðrir full-vinnufærir menn, mundu þeir þá ekki geta leitað sjer eins vel atvinnu á annan hátt? Þá getur h. framsögum. ekki talið hið beina gagn meira en sem svarar mismuninum á kaupi manna þessara við verksmiðjuna og annarsstaðar. Eða er kannske ekki brúk fyrir þá vinnukrapta, sem til eru í landinu? Jeg get alls ekkert gjört úr þessu gagni fyrir landsmenn. Jeg held líka, að það vaki heldur fyrir h. framsögum. (B. Sv.), af því hann er svo mikill hugmyndasmiður og skáld, að það sje eitthvert óbeint gagn, sem hljóti að leiða af þessu fyrirtæki. Það væru þá helzt bændurnir, sem framleiða ullina, er ættu að hafa þetta óbeina gagn af þessu fyrirtæki. Jeg sje ekki, að bændur

hafi meira gagn af því, þó útlendur kapítalisti kaupi af þeim ullina og vinni hana í verksmiðju hjer á landi, heldur en þó þeir sendi hana, eins og nú, til útlanda, eða þeir færu að, eins og nú er farið að tíðkast á Austfjörðum, síðan samgöngurnar urðu svo tíðar við Noreg, að senda ullina út, og fá hana heim aptur unna. *(B. Sv.:* Veslingarnir!). Þeir eru ekki meiri veslingar en h. framsögum., þó þeir gjöri þetta.

Eins og jeg því verð að álíta, að það hafi litla þýðingu, hvort sem litið er til hins beina eða óbeina gagns, að sett verði hjer á stofn ein ullarverksmiðja, eins verð jeg að álíta, að það gæti orðið til hins mesta gagns og framfara, ef heimilisiðnaði yrði almennt komið á fullkomnari fót í sveitunum.

Viðvíkjandi því, sem h. 2. þm. Rangv. (Ól. Ól.) tók fram um lánskjörin, verð jeg að álíta, að athugasemd hans hafi verið alveg rjett, og að h. framsögum. (B. Sv.) hafi ekki tekizt að verja ákvæði frumv. fyrir honum. H. framsögum (B. Sv.) sagði, að lánið yrði ekki borgað út, fyrr en búið væri að koma fyrirtækinu á fót; en þá vil jeg spyrja: Til hvers er þá lánið handa þessu fyrirtæki, sem á að gjöra svo mikið gagn, að það beri yfir miljón kr. árlega inn í landið, hvað þá í sjóð verksmiðjueigandans? Jeg get verið honum samdóma um það, að fyrir kapitalista gæti það ef til vill gefið góða rentu, að verja fje sínu á þennan hátt. En hitt getur þó eins vel hugsazt, að fyrirtækið mistækist, og þá gæti það orðið æði tilfinnanlegt fyrir landssjóðinn. Annars skal jeg geyma mjer að tala frekar um málið til 2. umr., og mun jeg nota tímann þangað til, til að kynna mjer betur hina löngu tölu h. framsögum.

Framsögum. (Bened. Sveinsson): Jeg skal að eins svara h. þm. S.-Múl. (L. H.) fáu einu. Hann hefir lofað því, að hann skuli hugsa um málið til 2. umr., svo að jeg er sannfærður um, að jeg get sparað mjer það ómak að þurfa að sannfæra hann um, að rökleiðsla hans er byggð á misskilningi. H. þm. (L. H.) sagði, að það væri óþarfi að afla mönnnýrrar atvinnu hjer. *(L. H.:* Nei). Það er þó í sannleika ekki of mikið, nei, ekki nóg til af girnilegri atvinnu handa ungum körlum og konum á Íslandi. Hefir h. þm. ekki horft á fólksstrauminn hjeðan af landi til Ameríku? Þykir honum hann heillavænlegur? Og af hverju mun hann koma? Af því að hjer er ekki hægt að bjóða slíka atvinnu sem þar, af því að hjer vantar þau þægindi og lífsnautnir, sem þar er hægt að hafa, af því að þar eru mögulegleikarnir svo margir til fjár og frama. En hjer? Hjer er svo dauðans lítið gjört til þess að efla atvinnuvegina; hjer eru mögulegleikarnir til að komast áfram svo fáir. Þar er vatnið og gufan tekin í þjónustu mannsins, og hinar mörgu stórkostlegu vjelar, er ljetta vinnuna. Þetta dregur fólksstrauminn hjeðan, en stöðvast mundi hann, ef vjer, eptir ástæðum vorum, tækjum upp sömu siði og aðrar menntaðar þjóðir.

Jeg þakka h. þm. (L. H.) fyrir, að hann kallaði mig skáld, og jeg veit að það hefir ekki átt að vera skop, ekki átt að skiljast svo, að jeg væri leirskáld, heldur gott skáld. En þá veit jeg líka að h. þm. (L. H.) muni játa, að allur góður skáldskapur er »naturmæssig«, og þá líka, að þetta frumv. sje »naturmæssigt«, að það sje eðlilegt og gott, og ef svo er, þá vona jeg að ekki sje of mikið sagt, þótt jeg segi, að h. þm. (L. H.) standi á brauðfótum, en ekki þingmannsfótum, er hann mælir móti þessu frumv.

Lárus Halldórsson: Jeg stend að eins upp til þess að bera af mjer brauðfæturna. Jeg held það sje óvíst, hvor okk-

ar framsögumanns er valtari á fótum. Að öðru leyti ætla jeg ekki að etja orðum við h. framsögum. (B. Sv.); hann er bæði orðsnillingur og sjálfsagt líka skáld. Jeg vil að eins gjöra eina athugasemd; h. framsögum. (B. Sv.) er vanur í öllum mögulegum og ómögulegum málum, í stjórnarskrármálinu og öðrum málum, að tala um fólksstraumana til Ameríku. H. framsögum. (B. Sv.) hefir þetta eins og aðra grýlu til að ógna mönnum með; en jeg segi það, að jeg hræðist hana ekki í þessu máli. Et menn streyma hjeðan af landi, af því að hjer vantar verksmiðju, hvernig stendur þá á því, að menn streyma og þangað úr þeim löndum, þar sem verksmiðjur eru?

Framsögum. (Bened. Sveinsson): Jeg vona að h. þm. (L. H.) aðhyllist ekki þá barnalegu hugsunarfræði, að þótt menn streymi frá Íslandi til Ameríku sökum atvinnuleysis, þá hljóti líka hin sama orsök að vera til Ameríkuferðanna allstaðar annarstaðar í heimi.

Lárus Halldórsson: Jeg bið um leyfi til að mega gjöra örstutta athugasemd. Það er hörmung að heyra h. framsögumann (B. Sv.) vera að tala um atvinnuleysi, og að menn streymi til Ameríku fyrir þær sakir, þar sem hann þó hlýtað vita, að bændur á Norður- og Austurlandi, og sjálfsagt víðar, standa margir hverjir uppi ráðalausir og skortir vinnukrapt til að geta unnið upp jarðir sínar.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 17 atkv.

Frumv. til laga um afnám vistarskyldunnar og um heimilisfang verkmanna (C. 202); 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að beina þeirri spurningu að h. nefnd, hvort hún hafi íhugað vandlega 2. gr. frumv. Mjer finnst sú grein ekki geta átt við í kaupstöðum og verzlunarstöðum, þótt hún ef til vill eigi vel við í sveit. Jeg á við þau ákvæði í henni, að hver og einn verkmaður, sem ekki er í vist, sje skyldur að vera allt árið í sama húsi, hjá sama húsráðanda. Það getur vel komið fyrir, að lausamaður í kaupstað leigi sjer þar herbergi, en eptir 2—3 mánuði sje svo komið, að honum líki ekki staðurinn eða hann eigi kost á öðrum hagfelldari og ódýrari samastað; þá er það hart, ef hann má ekki flytja burt á þann staðinn, sem hann kýs heldur.

Jeg ímynda mjer, að hægt sje að ráða bót á þessu með því, að sá kaupstaðarbúi, er býr á fleirum en einum stað um árið, hafi vissan ábyrgðarmann, er greiði gjöld hans fyrir hann, ef hann stendur ekki sjálfur skil á þeim á rjettum tíma.

Framsögum. (Sk. Thoroddsen): Nefndin er hæstv. landsh. þakklát fyrir bendingu hans, og mun taka hana til íhugunar, áður en málið kemur til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 16 atkv.; 2. gr. samþ. með 17 atkv.; 3. gr. samþ. með 16 atkv.; 4.—5. gr. samþ. með 14 atkv. hver.

Frumv. vísað til 3. umr. með 16 atkvæðum.

Frumv. til laga um breyt. á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885 (C. 128, 220, 283); 2. umr.

Eiríkur Briem: Það er þetta frumv., sem jeg og h. þm. Vestm. (I. E.) höfum borið fram á þinginu, er nú er um að ræða. Það hefir verið íhugað í nefnd og meiri hluti nefndarinnar hefir lagt til, að grein væri bætt framan við það. Jeg hef tekið það fram í ágreiningsatkvæði mínu, að jeg gat ekki orðið samdóma mínum heiðruðu meðnefndarmönnum um viðbót þá, sem þeir vildu gjöra við frumv. Mjer sýnist þessi viðbót að ýmsu leyti óheppileg. Þar sem um það

er að ræða að skipa framkvæmdarstjóra við landsbankann, þá álít jeg að þeir sem hann eiga að ráða, ættu að vera sem allra óbundnastir í vali sínu. En þar sem það er útilokað, að framkvæmdarstjórinn megi hafa nokkur embættisstörf á hendi, þá er með því kominn mögulegleiki fyrir því, að vel hæfur eða jafnvel hæfasti maðurinn sje útilokaður, maður er bæði vildi og gæti haft starf þetta á hendi. Það er líka efasamt, hvort ástæða er til að öðru leyti að setja það skilyrði, að bankastjórinn megi ekki gegna neinu embætti. Vjer vitum að embættin eru miserfið og embættismennirnir misjafnir afkastamenn. Sum embætti eru að vísu næsta þýðingarmikil, en þó ekki erfiðari en svo, að hægt er fyrir viðkomandi embættismann að hafa töluverð aukastörf, en embættin geta verið svo löguð, að erfitt sje að sameina við þau önnur embættisstörf. Þegar þannig er háttað, fæ jeg ekki betur sjeð, en að ekkert sje á móti, að slíkur embættismaður gegni framkvæmdarstjórastörfum, ef hann á annað borð er hæfur til þess. Að öðru jöfnu getur það og verið heppilegt, að sá, sem veitingunni ræður, megi snúa sjer til embættismanns, því að búast má við, að hann þekki embættismanninn betur en aðra út í frá. Þegar jeg ennfremur lít til þess, að þessi viðauktillaga hefir það í för með sjer, að núverandi framkvæmdarstjóri yrði að hætta störfum sínum, þá sýnist mjer hún enn óheppilegri, því að hann hefir sýnt, að hann er vel fær um að gegna þeim. Hann hafði þessi störf á hendi, á meðan verið var að koma bankanum á fót, og allt var sem erfiðast viðfangs. Það er kunnugt, að þegar bankinn var stofnaður, gjörðu menn sjer ýmsar vonir um hann, sem ómögulegt var að gætu rætzt, og von var, þótt lánbeiðendum, sem varð að synja um lán, af því að þeir buðu ekki fram fullnæga tryggingu, þætti fyrir. Þegar þessa var gætt, þá er það í augum uppi, að staða bankastjórans hefir bæði verir vandasöm og vanþakklát.

Áður hefir hinn núverandi framkvæmdarstjóri gegnt erfiðum embættum, en nú hefir hann hægt embætti, þótt það sje næsta þýðingarmikið. Þannig var hann áður bæjarfógeti í Reykjavík og sýslumaður í Gullhringu- og Kjósarsýslu; þessu embætti gat hann gegnt, þótt það reyndist síðar svo erfitt, að skipta yrði því í tvö embætti. Þetta sýnir, að maðurinn er starfsmaður.

Auk þessa hefir viðaukatillagan í för með sjer mikinn kostnað, sem æskilegt er að sleppa við, meðan engin brýn nauðsyn er á að leggja hann á.

Jeg tók það fram við 1. umr. málsins, að ef menn vildu aðra breyting á bankalögunum, en frumv. okkar fer fram á, þá væri rjettast að koma fram með hana í sjerstöku frumv., til þess að spilla ekki fyrir því frumv., sem upphaflega lá fyrir, því að mjer hefir heyrzt bæði á h. nefnd og fleirum h. þingdm., að þeir teldu fulla nauðsyn á því, sem það fer fram á.

Indriði Einarsson: Jeg hef eiginlega ekki mikið nje margt að segja. Þegar við flutningsmenn bárum upp þetta frv., þá gjörðum við það af þeim sjerstöku ástæðum, að störfin við bankann hafa vaxið svo mjög, einkum á þessum tveimur mönnum; þegar sparisjóðurinn var dreginn inn í bankann, þá uxu störfin næsta mikið, því að inn- og útborganir í sparisjóðinn eru tíðar, en venjulega smáar; við það hefir og allur reikningur orðið miklu brotnari, en þegar unnið er með bankafje einu. Jeg sje að h. nefnd hefir viðurkennt, að uppástunga okkar flutningsmanna frv. sje á rökum byggð, og að sú launa-

hækkun, sem farið er fram á í því, sje nauðsynleg; að því leyti er jeg h. nefnd þakklátur; en fyrir viðaukatillöguna get jeg ómögulega verið henni þakklátur. Þegar á að bæta því framan við frv., að framkvæmdarstjóri landsbankans megi aldrei hafa embætti á hendi og eigi að hafa 5000 kr. í laun, þá er þetta svo undarleg aðferð eptir ástandinu nú, að mjer er það alveg ljóst, að það eru hjer um bil engar líkur fyrir því, að lög með þessari viðbót geti fengið staðfestingu konungs. Það eru og víst fá dæmi þess, að menn sjeu settir af með lögum.

Eins og kunnugt er, þá eru í stjórn landsins þrír liðir: dómsvaldið, sem á að vera óháð, löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið, og jeg er hræddur um, að framkvæmdarvaldið vilji hafa frjálsar hendur með það, hverjum það veitir embætti, og einkum hverjum það heldur í embætti.

Það mætti máske bjargast við 1. gr., ef hún fengi þá viðbót, að eptir ákvæðum hennar yrði fyrst farið við næstu framkvæmdarstjóraskipti.

Jeg skil ekki í, hvers vegna sparsamir þingmenn vilja endilega hækka laun framkvæmdarstjórans upp í 5,000 kr., á meðan svo stendur á, að hægt er að fá störfum hans gegnt fyrir 2,000 kr. Því það er auðvitað, að því minni sem kostnaðurinn er við bankahaldið, því skjótar vex viðlagasjóður bankans, og því fyr verður hann fær um að innleysa seðla sína, eptir því sem þörf gjörist. Jeg álít þessa viðbót nefndarinnar svo óheppilega, að hún eigi ekki að öðlast gildi. Það er líka undarlegt, ef þm. vilja í öðru orðinu samþykkja hið upprunalega frumv., að þeir þá í hinu orðinu vilja bæta við það þeim ákvæðum, er gjöri ómögulegt að það verði samþykkt.

Framsögumaður (Lárus Halldórsson): Jeg skal leyfa mjer að fara nokkrum orðum um athugasemdir og mótbáru h. minnihluta (E. B.) og þm. Vestm. (I. E.), án þess að jeg þó ímyndi mjer að það í raun og veru þurfi, því að jeg ætla að flestir þingdm. sjeu frumv. hlynntir.

H. þm. Húnv. (E. Br.) varð í minni hluta í nefndinni í þessu máli, en hann ljet hvorki uppi í nefndinni, nje í ágreiningsatkvæði sínu, hvers vegna hann væri því mótfallinn, að starf framkvæmdarstjórans við landsbankann væri greint frá öðrum embættisstörfum. En ástæður þær, sem hann bar nú fram, virtust mjer falla í tvennt. Í fyrsta lagi ætti núverandi framkvæmdarstjóri landsbankans viðurkenning skilið fyrir störf sín við bankann. Það hefði verið hann, sem komið hefði fótunum undir bankann. Jeg skal engan veginn neita þessu, en einungis leggja áherzlu á það, sem tekið er fram í nefndarálitinu, að ætlandi er, að öðru jöfnu, að sá geti gegnt framkvæmdarstjórastörfunum betur, sem ekki þarf að hafa þau í hjáverkum með sínu eiginlega embætti og ætlunarverki. Auk þess finnst mjer það eiga — jeg leyfi mjer að segja — svo hraparlega illa við, að sjálfur háyfirdómari landsins skuli jafnframt vera forstjóri hinnar einu peningaverzlunar hjer á landi. Það þarf ekkert sjerlegt vit á bankastörfum, ekki annað en heilbrigða skynsemi til að sjá, hve óheppilegt þetta fyrirkomulag er, og það vitum vjer, að landsmenn eru óánægðir með það.

Í öðru lagi fannst h. þm. (E. Br.) óviðkunnanlegt, að taka þetta starf af framkvæmdarstjóranum. En þess er að gæta, að bæði er hann hálaunaður, svo að hann getur mjög vel lifað, án launa þeirra, er hann hefir fyrir bankastörfin, og auk þess er bankastjórinn orðinn roskinn maður, og þótt hann hafi

áður getað gegnt miklum og margbrotnum störfum, eins og h. þm. Húnv. (E. Br.) tók fram, þá má búast við að hann sje nú farinn að þreytast, svo að honum muni ljúft að leggja bankastörfin niður, einkum er þau hafa aukizt svo mjög og útlit fyrir, að þau fari óðum vaxandi, svo að það ætti ekki að þurfa að koma til þess, sem eigi er heldur farið beinlínis fram á, að starfið sje tekið af framkvæmdarstjóranum, að honum nauðugum. Mjer fanst það undarlegt, að h. þm. Vestm. (I. E.) skyldi telja viðbót meiri hlutans við frumv. þannig úr garði gjörða, að frv. mundi sökum hennar ekki öðlast staðfesting konungs. Jeg skil ekki, hvað í henni ætti að geta valdið þessu; hún gjörir næsta litla breytingu á hinum gildandi bankalögum.

Jeg álít að ekki þurfi að fara fleiri orðum um málið, en fel það h. deild, og óska að hún láti það ganga sinn gang.

Sigurður Gunnarsson: Um leið og jeg lýsi yfir því, að jeg er að öllu samdóma h. framsögum. nefndarinnar (L. H.) yfir höfuð að því er snertir þetta frumv., þá ætla jeg að leyfa mjer að minnast á dálitla breyt.till., sem jeg hef leyft mjer að koma með. Hún fer fram á, að $^1/_5$ af þús., sem ætlaður er bankagjaldkera fyrir inn og útborgað fje í bankanum, verði færður upp í $^1/_2$ af þús.

Jeg vona að bæði hin h. nefnd og aðrir háttv. þingdm. kannist við, að þetta sje sanngjarnt. Þeir sem þekkja bezt til starfa bankagjaldkerans álíta einnig, að sanngjarnt sje að hann hafi meira en ætlazt er til í frumv. Það er stór upphæð yfir árið, sem hann verður að telja. Jeg hef heyrt og það mun satt, að talsvert yfir miljón fari í gegnum hans hendur um árið. Þar að auki er þess að gæta, að hann hefir ábyrgð á kassanum, og þarf að setja allhátt veð. Þegar nú mikilli ös er að mæta í bankanum, má vel búast við, þótt gætinn og fær maður sje, eins og hinn núverandi bankagjaldkeri er talinn, að honum geti við og við mistalizt. Það sem mistalningunni nemur verður gjaldkeri að greiða úr sínum vasa, en slíkt munu laun hans, enda þau er nú stendur til að hann fái, varla þola.

Þegar jeg ber þetta saman við það, sem landfógeti og póstmeistari hafa í sams konar skyni, þá liggur í augum uppi, að þeir standa betur að vígi. Þeir hafa sem sje 1 heilan af þús., og munu þó peningaupphæðir þær, er fara í gegnum hendur þeirra, ekki meiri en inn- og útborganir bankans. Enda munu störf bankagjaldkera fara sívaxandi, ef bankanum vex enn betur fiskur um hrygg, eins og vonandi er. En það er ekki einungis sanngjarnt, heldur og hyggilegt, að vera ekki of spar við gjaldkera, því nauðsynlegt er að hafa áreiðanlegan og færan mann í þeirri stöðu, en sjeu launin of mjög skorin við nögl, er hætt við að menn missi af þeim mönnum, sem bezt eru til slíks starfa fallnir.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa breytingartill. mína, en vil vona að bæði hin h. nefnd og deildin gefi henni atkv. sín, því fremur sem þessi hækkun verður ekki landssjóði til byrði, heldur greiðist af bankanum sjálfum, sem er vel fær til þess að greiða verkmönnum sínum sæmileg laun.

Lárus Halldórsson: Viðvíkjandi þessari breyt.till. skal jeg taka fram, að nefndin hefir tekið hana til íhugunar og er á einu máli um, að það muni vera sanngjart og rjett, að taka hana til greina.

Indriði Einarsson: Jeg ætla að eins að leyfa mjer, að gjöra stutta athuga-

semd út af ræðu h. flutningsm. Honum fannst ekkert ósanngjarnt í að svipta bankann góðum forstöðumanni. En um það er jeg honum ekki samdóma.

Það er undarlegt ákvæði í 1. gr., að ekki eru nefnd önnur störf en embættisstörf. Bankastjóri má alt svo vera factor eða hvað annað; hann má vera forstjóri fyrir ullarverksmiðju o. s. frv. Þó hann sje önnum kafinn, það gjörir ekkert að verkum, sje hann að eins ekki embættismaður. En úr því það má vera maður, sem hefir störf, þá ímynda jeg mjer að það megi eins vera maður, sem hefir embættisstörf.

Við breyt.till. hef jeg ekkert að athuga og engu við að bæta; jeg skyldi ekki vera á móti, þótt menn vildu hækka laun þessara 2 starfsmanna bankans meira en hjer er farið fram á, því starfi þeirra er vandasamur, og gjaldkerinn þarf að setja töluvert veð.

Landshöfðingi: Jeg ætla að gera stutta athugasemd útaf ágreiningi er mjer virtist koma fram milli h. þm. Vestm. (I. E.) og h. framsögum. (L. H.). Mjer skildist ekki betur af ræðu h. framsögum. (L. H.), en að það væri ekki meiningin, að bola hinum núverandi bankastjóra burtu nú þegar, heldur einungis að koma því til leiðar, að þegar hann færi frá, þá yrði skipaður maður til að gegna eingöngu bankastjórnarstörfum og honum veitt svo ríflég laun, að hann gæti lifað af þeim eingöngu. Það hefur opt komið fyrir, að breyting hefur verið gjörð á embættislaunum, en ekki ætlazt til, að sú breyting kæmist á fyr en við næstu embættismannaskipti, og hið sama verð jeg að ætla að sje meiningin hjer.

Af því jeg skil tilgang hins h. framsögum. (L. H.) svona, þá sje jeg ekkert á móti því, að frv. þetta sje samþykkt.

Framsögum. (Lárus Halldórsson): Jeg vil að eins víkja fáeinum orðum að ræðu h. þm. Vestm. (I. E.), jafnvel þó jeg heyrði ekki vel, hvað hann sagði, Mjer heyrðist hann vera að tala um meðhjálpara, og hefur hann líklega meint bókara og fjehirði.

Mjer skildist hann bera kvíðboga fyrir, að þeir mundu missa af launahækkun þeirri, sem frumv. þetta ætlar þeim, sakir viðbótar þeirrar um framkvæmdastjóra, sem nefndin hefur farið fram á, nl. að viðbótin mundi verða til þess, að frumv. fengi ekki framgang. En hvað þingið snertir, sje jeg ekki betur en að það megi bera undir atkvæði hvað fyrir sig, viðbótina og hið upphaflega frumvarp, og geti það þannig staðið og fallið hvað í sínu lagi. Og að því er hitt snertir, hvort vænta megi staðfestingar laganna, ef viðbót nefndarinnar kemst að, þá hafa menn heyrt á hæstv. landsh., að hann er ekki á móti.

Þar sem þm. Vestm. (I. E.) sagði, að undarlegt væri að banna framkvæmdarstjóra að hafa á hendi embættisstörf, en ekki önnur störf, þá er þetta í samræmi við það, að enginn má hafa 2 embætti, þó að framkvæmdastjórastarfið sje reyndar ekki eiginlegt embætti. Það væri auðvitað gott, ef hægt væri, að framkvæmdastjóri hafi nokkur önnur störf eða aukaatvinnu á hendi, að svo miklu leyti sem slíkt kynni að koma í bága við störf hans sem framkvæmdarstjóra.

Sigurður Stefánsson: Jeg hef ekki mörgu við að bæta.

Þm. Vestm. (I. E.) kvað sig furða á, að bankastjóri mætti ekki hafa annað embætti, en öll önnur störf; hann mætti

vera factor, ullarverksmiðjustjóri etc. Jeg held nú að ekki sje heppilegt að útiloka bankastjóra frá öllum störfum öðrum, því að með því væri næstum skert persónulegt frelsi hans, en á hinn bóginn er það næsta kynlegt, að landsh. skipi þann mann, sem ekki getur sakir annara anna gegnt bankastörfum svo í lagi sje. Jeg held að þingið verði í þessu að bera fullt traust til landshöfðingja. En þó svo væri, að bankastjóri hefði önnur störf á hendi, þá yrðu þau að líkindum aldrei vandasamari eða bankastörfunum fjarskyldari, en hið hálaunaða og vandasama embætti, sem hinn núverandi bankastjóri hefur á hendi.

H. þm. Húnv. (E. Br.) tók fram, að hinn núverandi bankastjóri hafi gegnt mörgum störfum og sýnt mikinn dugnað; jeg skal ekki bera á móti því, en jeg verð þó að taka undir með h. framsögum. (L. H.), að hann er farinn að eldast og lýjast; bæði af því og embættisönnunum held jeg að það komi líka, að bankinn er ekki eins liðugur í viðvikum eins og landsmenn óska. Jeg held að það eigi sjer t. d. hvergi stað í öðrum löndum, að bankar sjeu að eins opnir 2 stundir á dag; þar standa þeir jafnan opnir, reiðubúnir til viðskipta á hverri stund. Embættismaður getur að öðru jöfnu ekki gegnt bankastjórastörfum með sömu ástundan og kostgæfni eins og sá, sem ekki hefur öðrum aðalstörfum að gegna og getur gefið sig allan við bankastjórninni. Þótt eitt af Víkurblöðunum vilji telja mönnum trú um, að hver yfirdómari dæmi ekki nema 13—14 mál á ári, því hygg jeg að fáir heilvita menn trúi slíku; en hve litlar sem embættisannir háyfirdómarans kunna að vera, hljóta þær fremur að hindra hann frá að gegna þessu afarvandasama starfi.

Jeg skoða bankastjórann ekki sem embættismann, heldur sem starfsmann, sem landsh. getur sagt upp með þeim fyrirvara, er lögin ákveða.

Jeg vil launa bankastjóra vel, en jafnframt að hann sameini ekki bankastörf og vandasamt embætti. Þm. Vestm. (I. E.) sagði, að viðlagasjóður bankans yxi því fljótar, sem minna þyrfti að gjalda stjórn bankans, og því ætti þingið ekki að fara lengra en hækka laun bókara og fjehirðis, en jeg skal taka það fram, að bankinn var ekki stofnaður til þess að raka saman fje í viðlagasjóð, heldur jafnframt að greiða fyrir peningaviðskiptum, bæta úr peningaþörf landsmanna með greiðum og góðum viðskiptum.

Hvað viðvíkur launum þessara starfsmanna við bankann, þá er ekki ástæða til að bera á móti, að þeim sje vel launað, en þá eigi þeir þó ekki að hafa bankastörfin í hjáverkum með öðrum störfum. En svo að jeg minnist orða hæstv. landsh., þar sem hann virtist skilja breytt.ill. nefndarinnar þannig, að þessi breyting á bankastjórninni komist þá fyrst á, er hinn núverandi bankstjóri segði af sjer eða færi frá án uppsagnar, því það var alls ekki meining nefndarinnar, heldur að hinum núverandi bankastjóra væri sagt upp þessari sýslan, jafnskjótt og lögin öðluðust gildi, og annar settur í hans stað samkvæmt þessum lögum. Jeg held að hinn núverandi bankastjóri þyrfti ekki að taka það svo sem þetta væri gjört af vantrausti á honum, þar sem bæði allir viðurkenna, og hann sjálfur er sjer þess sjálfsagt meðvitandi, að hann hefur staðið svo vel í stöðu sinni, sem embættisannir hans og aðrar kringum-

stæður leyfðu honum. Annars verð jeg að segja, að jeg er ekki svo hrifinn af búskap bankans. Jeg held nærri því, einsog sum blöðin hjer syðra, sem einlægt eru að guma af því hvað hann græði, að hver skynsamur og praktiskur bóndi, sem hefði fengið eins mikið fje upp í hendurnar og bankinn, hefði getað grætt eins mikið. Jeg skal að vísu játa, að hann er mjög vel kominn á laggirnar, en þess ber líka að gæta, að landssjóður gjörði hann allríflega úr garði, með því að veita honum 500,000 kr. rentulaust lán í mörg ár. Það gætu sannarlega margir grætt með því móti. Jeg skal ekki öðru trúa, en að konungur samþykki þetta frumv. Hjer á það ekki við, að frumv. ef það verður að lögum komi ekki til framkvæmda fyr en »þetta embætti losnar«; hjer er um ekkert embætti að ræða, en að eins starf, er landshöfðingi getur sagt upp, og gilda því ekki sömu reglur um það, sem embætti; það er hvergi lögákveðið svo jeg viti til, að landshöfðingi megi segja upp *embættum* með hálfsárs fyrirvara, eins og ákveðið er í bankalögunum um sýslan bankastjórans; er það eitt ærið nóg til að sýna, að hjer er um sýslan en ekki embætti að ræða og þess vegna getur athugasemd hæstv. landshöfðingja ekki verið rjett.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. samþykkt með 14 atkv. gegn 2; 2. breyt.-till. (228) samþ. með 12 atkv.; frumv. með breyt. samþ. með 16 atkv.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 18 atkv.

Frumv. til laga um að selja jörðina Miðskóga í Dalasýslu (C. 113, 260); frh. 1. umr.

Framsögum. (Þorl. Guðmundsson): Af því að þetta er framhald 1. umr. skal jeg að eins leyfa mjer að skýrskota til álits nefndarinnar í þessu máli. Það sjest ljóslega af því, að nefndin hefur ráðið til þess, að jörðin Miðskógar verði seld, en jafnframt hefir hún orðið að koma með all-langa viðaukalest eða viðaukatillögur, eða rjettara sagt myndað nýtt frumv. af þeim mörgu beiðnum um jarðakaup, sem nefndinni hafa borizt, sem henni virðist full ástæða til, og mun jeg síðar skýra gjör frá því. Hverjir borgunarskilmálarnir eru, má sjá af nefndarálitinu, og skal jeg svo ekki gjöra fleiri athugasemdir að þessu sinni.

Landshöfðingi: Það er eitt atriði, sem jeg vildi leyfa mjer að vekja athygli hinnar h. þingdeildar á, og sem ástæða virðist vera að taka tillit til, þegar ræða er um sölu klausturjarða. Á þessum jörðum hvílir prestsmata og sú skylda að viðhalda kirkju þeirri, sem klaustrinu fylgir, klausturkirkjunni, og afleiðingin af sölu þeirra verður því sú, að þessar kvaðir færast yfir á landsjóð. Jeg skal taka til dæmis, ef allar jarðir, sem liggja undir Kirkjubæjarklaustursumboð, væru seldar. Hverjar yrðu afleiðingarnar af því? Hvað yrði þá eptir? Ekki annað en prestsmatan og kirkjan, sem landssjóður ætti að annast. Jeg skal játa, að ekki er hægt að jafna þessari kvöð niður á hverja klausturjörð um sig, sem seld er, en það má hafa tillit til hennar, þegar kaupverðið er ákveðið, og mjer finnst ekki rjett, að öll þessi byrði lendi á endanum á landssjóði.

Framsögum. (Þorl. Guðmundsson): Það var meining nefndarinnar að selja ekki kirkjueignir, sem kirkjur landssjóðs standa á, að minnsta kosti ekki heimajörðina. Sjeu klausturjarðir seldar, er það rjett, sem hæstv. landsh. tók fram, að það getur haft talsverða þýðingu, að því er prestsmötu og kirkju-

umsjón snertir, og er því rjett að taka tillit til þessara kvaða við sölu jarðanna.

Eiríkur Briem: Stjórnarfrumv. hljóðaði um sölu á einni jörð, Miðskógum, en nefndin hefur stungið upp á að seldar væru 64 þjóðjarðir, og samið nýtt frumv., og það er víst þetta frv., sem kemur hjer nú til 1. umr., en ekki stjórnarfrumv. um Miðskóga, þótt svo standi á dagskránni, með því að það er tekið upp í frv. nefndarinnar.

Framsögum. (Þorl. Guðmundsson): Nefndin hefur skilið þetta svo, að frv. það, er hún samdi, væri að álíta sem viðauka við frumv. stjórnarinnar, og að því yrði þannig vísað til 2. umr. og þá greidd atkvæði um hvern lið frv. eða hinar einstöku jarðir.

Árni Jónsson: Það var meining nefndarinnar, að frumv. um Miðskóga fjelli niður, en þetta nýja frv. kæmi í stað þess og að um það yrðu 3 umræður, en engin um hitt. Þetta er samkvæmt því sem venja hefir verið hjer í deildinni. Það er varla hægt að skoða frv. nefndarinnar sem breyt.-tillögu við stjórnarfrumv.

Jón Jónsson þm. N.-Þing. gjörði fyrirspurn til forseta um, hvort hann ætlaði að bera undir atkvæði frumv. stjórnarinnar um Miðskóga, eins og stæði á dagskránni, eða frumv. nefndarinnar.

Forseti svaraði því svo, að hann áliti að stjórnarfrumv. um Miðsóga væri komið inn í frv. nefndarinnar og því fallið af sjálfu sjer eða horfið sem sjerstakt frumvarp, og bæri hann því undir atkvæði, hvort frumv. nefndarinnar um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir skyldi vísa til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. nefndarinnar (C. 260) vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um aðfluttar ósútaðar húðir (C. 272); ein umr.

Landshöfðingi: Jeg skal stuttlega gera grein fyrir því, hvers vegna ein málsgrein var felld úr frumv. við umræðurnar í efri deild. Því var svo varið, að frumv. fór fram á að leggja við sektir, ef brotið væri gegn ákvæðum frumv., en þetta þótti óþarft, með því að það er heimilt eptir 294. gr. hegningarlaganna, að hegna þeim, sem með því að brjóta móti varúðarreglum settum af yfirvaldinu gefa tilefni til þess, að næmir sjúkdómar útbreiðast. Þetta er því í raun og veru engin breyting á frumv. Í hinni fyrnefndu grein hegningarlaganna eru ekki að eins sektir lagðar við þessum brotum, heldur fangelsi, svo að ákvæðum frv. hefði því ekki alveg borið saman við þessa grein hegningarlaganna, hvað þetta snerti, og var því fremur ástæða til að nema þessa málsgrein þess alveg burtu.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt í einu hljóði og afgr. til landsh. sem lög frá alþingi.

Tillaga til þingsályktunar um kennaramenntun (C. 256); hvernig ræða skuli.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson) stakk upp á 2 umræðum og var það samþykkt í einu hljóði.

Tillögur til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga (C. 230, 268, 283); hvernig ræða skuli.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson) stakk upp á 2 umræðum og var það samþykkt í einu hljóði.

Tuttugasti og sjötti fundur, föstudaginn 31. júlí kl. 12 á hádegi.

Allir á fundi nema 1. þm. N.-Múl. (Þ. K.) og þm. Rvík (J. J.), er báðir voru sjúkir.

Forseti skýrði frá að sjer hefði verið tilkynnt, að í nefndinni um vátrygging kaupstaðarhúsa væri kosinn formaður Eiríkur Briem og skrifari Indriði Einarsson.

Enn fremur skýrði forseti frá, að sjer hefði verið tilkynnt að fellt hefði verið í Ed. á fundi í gær frv. til laga um löggilding Vogavíkur, og að í sömu deild hefði verið samþykkt frv. til laga um, að landssjóður kaupi jörð handa Tröllatunguprestakalli í Strandasýslu.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands (C. 273); 3. umr.

Páll Briem: Jeg skal leyfa mjer að taka stuttlega til máls til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu og til að minnast lítils háttar á orð, sem fjellu við 2. umr. þessa máls, þar sem nokkrir h. deildarmenn ljetu sjer sæma að gera árásir á mig, er þeir sáu að jeg gat ekki tekið til máls til þess að bera hönd fyrir höfuð mjer, þrátt fyrir það, þótt þeir hefðu átt kost á að gera það fyrri, á meðan jeg gat svarað þeim.

H. framsögum. (B. Sv.) gerði mikið úr því og gerði harðar árásir á mig fyrir það, að jeg sagðist hafa skrifað undir frv. 1887 af fljótræði. En þar sem vjer höfum svo opt heyrt sjálfan h. framsögum. (B. Sv.) biðja fyrirgefningar fyrir fljótræði sitt, þá get jeg ekki skilið í, að það sje svo vansæmandi fyrir mig, eða að hann þurfi að kasta þungum steini á mig fyrir það, þótt mig hendi hið sama. En h. framsögum. (B. Sv.) lagði þó ekki rjetta þýðing í orð mín. Jeg skrifaði ekki undir frv. af bráðræði, heldur af því, að jeg hafði ekki íhugað nógu ýtarlega og út í æsar þær afleiðingar, er stjórnarskrárfrv. 1887 hlyti að hafa í för með sjer. En síðan 1887 hefi jeg íhugað það, og — mjer er óhætt að segja — íhugað það rækilega. Jeg skal játa það, að það voru ræður h. framsögum. (B. Sv.) á alþingi 1887, er ekki hvað sízt leiddu mig til þessarar íhugunar. Þegar jeg heyrði allar vífilengjur hans og undanfærslur undan að svara spurningum þeim, sem beint var að honum í málinu, þá fór mjer að sýnast framkoma hans býsna athugaverð og því lík, að hann hefði í þessu efni veikan málstað að verja. Eptir þetta fór jeg, eins og jeg hef sagt, að hugsa málið vandlega. Eins og h. deild mun kunnugt, hjelt jeg sumarið 1888 fyrirlestur um stjórnarskrármálið; þessi fyrirlestur hefir verið prentaður, og vona jeg, að hver sem les þennan fyrirlestur grandgæfilega, sjái, að jeg hafði þá þegar hugsað mjer að halda stjórnarskrármálinu í þá átt, er jeg síðan hef viljað halda því.

Mjer fannst aðalgallinn á fyrra frv. vera sá, að fyrirkomulagið á æðstu stjórn landsins eptir því væri ekki tryggilegt. Á þingi 1889 kom jeg ásamt öðrum þm. þessu þannig fyrir, að enginn vafi gat leikið á um skipun þess eptirleiðis. Þannig höfðum vjer komið málinu vel á veg á þinginu 1889. En þegar jeg sje, hvernig farið hefir verið með það síðan, þá get jeg ekki lengur sagt, að það sje vel á veg komið.

Jeg heyrði h. 1. þm. Eyf. (S. Th.) við síðustu umræðu óska þess, að öll hin íslenzka þjóð gæti heyrt það, að jeg hefði haldið fram skilyrðislausum apturkallsrjetti. Jeg skil ekki hvaða ódæði honum getur fundizt slíkt, þar sem hann

og fjelagar hans una svo vel við að hafa orðin »konungur eða landstjóri«, án þess að nokkur trygging sje með því fengin fyrir því, að öll lagastaðfesting fari ekki fram í útlöndum eptir sem áður, engin trygging fyrir því, að konungur áskilji sjer ekki eins eptir sem áður alla lagastaðfesting. Í mínu frv. er miklu betra fyrirkomulag með lagastaðfestingarvaldið en í þessu; það er miklu skýrar ákveðið og betur tryggt þjóðinni, þar sem hjer á landi á að staðfesta öll lög, og konungur að eins getur apturkallað lögin, og þó á ábyrgð ráðgjafans fyrir Ísland, sem ber ábyrgð á öllum sínum stjórnarstörfum fyrir alþingi. Úr því svo er að farið, að hinu rjetta er umhverft, því hafnað sem betra er, en tekið upp það frv., sem fullt er af vafningum og sem h. framsögum. (B. Sv.) sagði um, að blandað væri saman í almennum og sjerstökum málum ... (*B. Sveinsson:* Jeg sagði það aldrei). H. framsögum. (B. Sv.) sagði, að skipun landstjórans gæti skoðazt sem almennt mál, og er þá hjer eigi blandað inn í almennum málum? En úr því svo er, segi jeg, þá hika jeg mjer ekki við að greiða atkvæði móti þessu frv. Menn bíta sig þar fasta í orð, sem þeir skilja ekki, geta ekki skýrt og vilja ekki standa við, skýra þau á sinn veg í dag og annan á morgun. Jeg segi, að þegar sumir þm. hafi komið málinu í þennan bobba, þá sje það á ábyrgð hinna sömu manna, að koma því úr honum aptur. Það er hægt að hugsa sjer ýmsa vegi, til þess að fá hagfellda innlenda stjórn. Það er hægt að hugsa sjer fullkominn aðskilnað (*B. Sveinsson:* Aðskilnað?), já, aðskilnað frá Danmörku. H. þm. (B. Sv.) er varla svo sljór, að hann geti ekki hugsað sjer slíkt, þótt hann hristi höfuðið yfir því. Enn fremur er hægt að hugsa sjer personalunion, og loks er hægt að hugsa sjer þann veg, sem fylgt var í málinu á þingi 1889. Þetta eru þeir einu vegir, sem hægt er að hugsa sjer. Þótt h. framsögum. (B. Sv.) geti ekki hugsað sjer fullan aðskilnað, þá ímynda jeg mjer, að aðrir h. þm. geti hugsað sjer hann og þær afleiðingar, er hann hefði í för með sjer. Aðskilnaðarhugmyndin er ekki alveg ný; hún hefir ekki einungis komið fram í íslenzkum blöðum, heldur og í dönskum blöðum. Jeg ímynda mjer, að h. þm. hafi líka hugsað sjer og viti, hvað personalunion hafi í för með sjer, að þá verði landið að leggja til alríkisþarfa að rjettu hlutfalli við aðra hluta ríkisins. En svo er þriðji vegurinn, en þar get jeg ómögulega tekið til greina það frv., sem hjer liggur fyrir, því að ekki er hægt að vita, hvað það meinar; það er hvorki fugl nje fiskur. En um mitt frv. er það að segja, að það er í ýmsum einstökum atriðum lagað eptir stjórnarskrá Canada, en er þó í mjög mörgum atriðum miklu tryggilegra. Canada og fleiri ensk lönd eru hin einu lönd, sem eru háð öðru ríki í sameiginlegum málum, og eru því laus við gjöld til alríkisþarfa, en hafa þó stjórnarfyrirkomulag, sem heimilar því að hafa innlenda stjórn í sínum sjerstökum málum. Þrátt fyrir hin glamrandi orð, sem hjer hafa hljómað um kanadiska flugelda, þá verð jeg að segja það, að í frv. nefndarinnar 1889 eru sterkar sjálfstjórnartryggingar, enn sterkari en þær, sem eru í Canada. Þessar tryggingar eru líka í frv. Ed. 1889. Auk þessara þriggja vega er auðvitað einn enn til: það væri hægt að koma hjer á nýlendustjórn, en jeg held að hvergi í heimi sjeu menn ánægðir með hana, og frv. Nd. 1889 reisti skorður gegn henni. (*B. Sveinsson:*

Það vildi innleiða hana). Hvað meinar framsögum. (B.Sv.) með nýlendustjórn? Það kemur að sjálfsögðu undir því, hvað meint er með nýlendustjórn. Ef h.þm. (B.Sv.) skoðar Ísland nýlendu frá Noregi, af því að það var einu sinni byggt þaðan, þá gæti verið rjett að tala um nýlendustjórn, af því að stjórn í nýlendu sje nýlendustjórn, og því gæti maður sagt, að í frv. frá 1889 sje innleidd nýlendustjórn, skoðað frá því sjónarmiði. En hið sama gildir um öll hin stjórnarfrumvörpin. Mun jeg svo ekki gera frekari grein fyrir atkvæði mínu; þar sem tekið er mikla verra frumvarp en frumvarpið frá 1889, þá fer jeg eigi að stíga aptur á bak, og því greiði jeg atkvæði móti þessu frv.

En jeg mun víkja fám orðum að þeim áburði h. 1. þm. Ísf. (S. St.) og h. 1. þm. Eyf. (S. Th.), að jeg hefði látið leiðast af hinum konungkjörnu þingmönnum og gert samband við þá; og h. 1. þm. Ísf (S. St.) fór enn lengra; hann ljet það í ljósi, að jeg mundi gera þetta í von um laun. Þetta er alveg samkvæmt því, sem útsendari h. þm. hefir borið um norður- og austurland, nema hvað hann, eptir því sem mjer hefir verið sagt, hefir hreint og beint borið það fram, sem þessir h. þingmenn eru að dylgja um, að jeg hafi verið keyptur. (*B. Sveinsson:* Hver var þessi útsendari?). Jeg ímynda mjer að h. þm. (B.Sv.) viti það. Þegar komið er með slíkar ásakanir, þá er skylda hvers heiðvirðs manns, sem þær ber fram, að koma með sannanir fyrir þeim; og nú skora jeg á h. þm. (S. St. og S. Th.), að koma með sannanir fyrir sínum áburði. Reyndar veit jeg, að þeir geta það ekki, því að þetta er að eins spunnið upp; já, af hvaða hvötum? Jeg veit, að þær hvatir eru ekki hreinar. Þótt h. 1. þm. Ísf. (S. St.) hlæi, þá álít jeg þetta samkvæmt því, hvernig hann hefir komið fram áður, samkvæmt því, hvernig honum fórst við kvennmann, er hann var bundinn heitorði, sem hann rittaði með því, að bera fyrir sig þau orð, er urðu að sverta mannorð heiðvirðrar stúlku. (Forseti hringir).

En jeg segi það um ásakanir h. 1. þm. Eyf. (S. Th.), að honum hefir ekki farizt ver við mig en velgjörðamenn sína, en það kalla jeg þá, sem hafa styrkt hann á námsárum hans.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar mikið; þær hafa líka orðið æðilangar um þetta mál, einkum við 2. umr., svo að varla er ábætandi. Jeg var svo óheppinn og seinn til að biðja um orðið, að jeg fjekk það ekki; umræðurnar voru skornar, af því það hefir ekki verið búizt við meiri framförum af þeim.

Það er einkum vegna nokkurra orða h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.), að jeg tek til máls.

Jeg held jeg hafi talað um samkomulag við 2. umr. málsins, en hann beindi orðum sínum að því, að sumir þingm., sem talað hefðu um samkomulag, hefðu og leitað samkomulags; en við hverja? Við hina konungkjörnu. En jeg segi um mig: jeg hef aldrei verið í sambandi við þá, nema ef svo hefir borið undir í sameinuðu þingi, að skoðun mín hafi fallið saman við skoðun fleiri eða færri af þeim, þá hef jeg greitt atkvæði í sama flokk og þeir, en það hefir ekki komið til af því, að jeg hafi staðið í sambandi við þá, heldur af því, að sannfæring mín hefir verið, að jeg gjörði rjett í að greiða atkvæði eins og jeg gjörði. Þar sem sannfæring mín hefir fallið saman við sannfæring þeirra, þar hef jeg fylgt þeim; annars ekki. Jeg skýt því undir

drengskaparvottorð hinna konungkjörnu, hvort þetta sje ekki rjett hermt. Áður en gengið er til atkvæða, skal jeg gjöra grein fyrir, hvernig á því standi, að jeg mun nú greiða atkvæði móti frv., þótt jeg greiddi atkvæði með flestum greinum þess við 2. umr.

Það eru einkum ákvæðin í síðari hluta 7. gr., sem jeg legg mikla áherzlu á, þessi orð: konungur eða landsstjóri. Það hefir vakað fyrir mjer, og verður mjer æ ljósara og ljósara, hvað þetta er óákveðið og ónógt til að draga lagastaðfestingarvaldið inn í landið. Enn sem fyrr mundi það verða í höndum konungs. *(B. Sv.:* Konungs?). Já, í höndum konungs, og hvað er þá unnið við þetta fyrirkomulag, með tilliti til til þess, að fá lög og ályktanir staðfest í landinu? Því að þótt ráðgjafarnir verði að fara til Danmerkur til þess að skrifa undir með konungi, eða jafnvel einhver þeirra sitji í Danmörku að meira eða minna leyti, þá sje jeg ekki, að það geti orðið til að flýta fyrir málunum. Það er einkum vegna þessa, að jeg greiði ekki atkvæði með frumv., því að meginskilyrðið fyrir nýrri og betri stjórnarskrá er þó, að vjer fáum innlenda stjórn; jeg legg mesta áherzlu á þetta, auðvitað með fleiru.

H. framsögum. (B. Sv.) talaði í hinni löngu ræðu sinni síðast við 2. umr. málsins, um þá ábyrgð, er þeir bökuðu sjer, sem atkvæði greiddu móti málinu. En mjer finnst það ekki eiga við að tala um ábyrgð á þm. fyrir það, að þeir greiða atkvæði eptir beztu sannfæringu sinni. Hver á líka að dæma hjer um, hverjir rjettara hafi? Það á tíminn að gjöra, dómurinn heyrir til komandi tíma, hann getur með minni hlutdrægni en nú er unnt dæmt um þær stefnur, sem hjer mætast öndverðar á þingi, og þá getur svo farið, að annar dómur verði kveðinn upp yfir oss og framkomu vorri en hjer hefir verið gjört í þingsalnum við umræður málsins; að minni þekkingu hefir meiri og minni hlutinn jafnan rjett til að segja hvor öðrum ábyrgð á hendur, og þótt svo fari, að dómurinn falli á oss, minnihlutamenn, þá get jeg huggað mig við það, að dómurinn verði vægari fyrir það, að oss hafi yfirsjezt af vanþekkingu og sljóskyggni, að það komi fram á okkur orðin: »Sjerhverjum eptir sinni trú« . . . . Jeg mun hlíta því, að verða dæmdur í þessu máli eptir minni trú og minni sannfæringu. Jeg veit, að jeg er í minni hluta nú sem stendur, en hjá minni hluta getur verið eins sterk sannfæring og hjá meiri hluta, og minnihlutinn hefir rjett á eins og meiri hlutinn að fylgja sinni sannfæringu, og það er rjett fyrir hann að gjöra það, og því greiði jeg atkvæði móti frumv., og tek með rósemi dómi samvizkunnar og sögunnar og komandi tíma.

Árni Jónsson: Áður en gengið er til endilegra atkvæða í máli þessu, ætla jeg að lýsa yfir því, að þótt jeg greiði atkvæði með frumv., þá er jeg engan veginn ánægður með öll ákvæði frv. eða þeim samþykkur. Að öðru leyti get jeg verið samdóma h. framsögum. (B. Sv.) um það, er hann sagði við 1. umr., að það sje því betra, því færri orðum sem eytt er um þetta mál, því að mjer finnst sú raun hafa á orðið, að sum — að jeg segi ekki mörg — af orðum þeim, sem um það hafa fallið, hafi verið óþörf og betur ótöluð.

Lárus Halldórsson: Jeg skal eins og fleiri h. þingm. nú hafa gjört, gjöra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Orsökin til þess, að jeg þykist þurfa þess, er einkum, að á þingi 1887 — síðan hefi jeg ekki setið á þingi — greiddi jeg atkvæði móti þessu máli, ásamt 7 eða 8 öðrum þingdm. við 3. umr. þess hjer í deild. Jeg held að

jeg hafi þá skýrt tekið fram ástæðurnar fyrir því, hvers vegna jeg greiddi atkvæði móti því, þótt jeg hefði greitt atkvæði með hverri einstakri grein þess við 2. umræðu. Jeg tók það fram, að jeg áliti það óheppilegan rekspöl, að knýja málið fram á hverju þingi í frv.-formi, þannig að þing yrði að leysa upp annaðhvort ár. Þetta var mjer og hinum, sem atkvæði greiddu móti málinu, lagt út til vansa, meðal annars í málgagni forvígismanna málsins á þessu þingi, »Þjóðviljanum«.

Nú ætla jeg aptur að greiða atkv. með málinu, af því að mjer þykir það hin rjetta og stillilega framsókn þessa máls, eins og jeg hef látið í ljósi við ýmsa, að vísu máske ekki á þingi, en utanþings, að málið væri tekið fyrir rætt og íhugað á hverju þingi, en ekki afgreitt frá þinginu optar en á 3. hverju þingi. Eins og það var tekið fyrir, 1881 og 1883, en ekki útrætt fyr en 1885, eins hefir nú málið verið rætt 1887 og 1889, og ætti nú, ef það eptir því sem á stendur væri mögulegt, að komast frá þinginu í sumar.

Ekki greiði jeg þó atkvæði með málinu nú af því, að því að jeg sje sannfærður um, að það hafi vonir um að komast fram á þessu þingi, og ekki heldur af því að jeg sje sannfærður um, að það komist nokkurn tíma fram til fulls eða öðlist staðfesting, í því formi sem það er nú í, heldur að eins til þess að lýsa því með atkv. mínu, að jeg vil málið áfram á þeim rekspöl, að þingið sje ekki rofið optar en þegar hvort sem er á að stofna til nýrra kosninga. Jeg verð að játa það, að jeg er hræddur við einlæg aukaþing, menn geta kallað það smásálarskap eða hverju nafni sem menn vilja, en það er ekki að eins kostnaðurinn við þau, sem jeg óttast, heldur og hitt, að þjóðin standi ekki til lengdar örugg á bak við þingmenn sína með þeirri aðferð. *(B. Sv.:* Hún hefir aldrei staðið öruggari en nú). Getur verið, en þó sýnist mjer það hafa rætzt, sem jeg sagði á þingi 1887, að það mundi vafasamt, hvort þjóðin mundi standa örugg að baki þingmanna sinna til lengdar, ef allt af gengi á sífelldum aukaþingum, án þess að málinu þokaði neitt áfram. Ein tvískipting, sem 1887 laut eingöngu að meðferð málsins, hefir síðan, einkum eptir þingið 1889 og á þessu þingi, komið meira við efni þess, og þessi tvískipting á sjer stað ekki einungis í þinginu, heldur og hjá þjóðinni sjálfri.

Úr því jeg er nú að tala um aukaþingin, vil jeg leyfa mjer að beina einni spurning að hæstv. landsh. Í það eina skipti, sem til þess hefir komið að alþingi hefir samþykkt breyting á stjórnarskránni, þá var þingið þegar leyst upp samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar, og stefnt saman aukaþingi árið eptir. Nú mælir svo fyrir í 61. gr. stjórnarskrárinnar, að nái uppástunga um breytingu á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skuli leysa alþingi upp þá þegar og stofna til almennra kosninga að nýju. »Samþykki hið nýkosna alþingi ályktunina óbreytta, og hún nái staðfesting konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarlög«. Þótt jeg viti að 8. gr. stjórnarskrárinnar gjöri ráð fyrir, að sje alþingi leyst upp, skuli því stefnt saman næsta ár á eptir, finnst mjer þó geta komizt að sú þýðing, að það sje ekki aukaþing, heldur reglulegt alþingi, sem hina endurskoðuðu stjórnarskrá skal leggja fyrir. En ákvæðið í 8. gr.: »Konungur getur leyst upp alþingi o. s. frv.« held jeg að eigi einungis við þau tilfelli, þegar konungur leysir alþingi upp af öðrum ástæðum, og án þess að stjórnarskrárbreyting liggi fyrir. Jeg held að þetta ákvæði í 8. gr., að alþingi skuli stefnt

saman næsta ár eptir að það er leyst upp, sje sett til að varðveita rjett þings og þjóðar gegn því, að konungur geti látið líða oflangan tíma milli þinga, þegar hann leysir upp alþingi af sjálfsdáðum.

Af því jeg tók til máls, þá verð jeg að snúa nokkrum orðum að ræðu h. 1. þm. Eyf. (Sk. Thor.) við 2. umr. þessa máls. Hann fann þá ástæðu til ekki einungis að «kritísera« mig fyrir það, hvernig jeg talaði, heldur og að sneiða til mín með orðum sínum. Jeg hafði, eins og fleiri við 2. umr. talað um, að á því riði, að um mál þetta væri talað með stillingu, og án persónulegra móðgunaryrða. Jeg held jeg hafi talað fullt svo stillilega sem h. þm. (Sk. Th.) og fleiri þm., en honum fannst þó, að einmitt jeg bryti sjerstaklega móti þessu. Þó sagði hann í öðru orðinu, að jeg hefði talað með kulda, þótt jeg skilji ekki hvernig hægt er að samrýma þetta. Já, jeg vil heldur tala með kulda, en með of miklum hita, eins og h. þm. (Sk. Th.), er leyfði sjer að kalla það »dellu«, sem fulltrúar þjóðarinnar gjörðu í þessu máli 1889. Mjer þykir það viðurhlutamikið og ótilhlýðilegt, ekki sízt af honum sem nýjum þingmanni, að brúka þessi orð, og það þó hann sje meðútgefandi »Þjóðviljans«. Hann situr nú á sínu fyrsta þingi og enn ósjeð, hve mikið hann muni afreka á þingi.

Jeg kvartaði yfir því, að ekki hefði verið reynt að halda samkomulagsfund í þingbyrjun og ekki reynt að koma sjer saman um fasta stefnu bæði í þessu máli og í fjármálunum og öðrum stórmálum þingsins, eins og jeg ætla að muni verið hafa áður á flestum ef ekki öllum alþingum. Þetta þing er einkennilegt að þessu leyti; nú hefir verið brugðið út af þeirri venju, sem áður hefir verið höfð. Því mátti ekki stefna þingmönnum til fundar í þingbyrjun og leita samkomulags við þá, eins og h. fjárlaganefnd hefir gert nú, eptir að álit hennar kom út. Hvað kemur til þessa? Mun það hafa komið til af því, að þessi flokkur, sem h. þm. Eyf. (Sk. Th.) er einn af foringjunum í, hafi þótzt fullsterkur til að sparka minni hlutanum í «stórpólitíkinni,« en ekki treyst kröptum sínum eins vel, þegar til fjárlaganna kom.

Þá beindi h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) því að h. þm. N.-Þ. (J. J.) og fleirum, að þeir hafi leitað samkomulags í þingbyrjun, en ekki við þjóðfrelsismennina, heldur við hina konungkjörnu; en jeg segi um mig, jeg óttast ekki þessa grýlu frelsismannanna, þótt þeir segist vilja, að þetta sjáist í þingtíðindunum, og það er því ekki fyrir þá sök, að jeg vil beina þessu frá mjer, ef það skyldi hafa verið til mín meint, heldur að eins til að láta sannleikann sjást í þingtíðindunum. Jeg hef hvorki leitað samkomulags við hina konungkjörnu, nje miðlunarmennina, nje sjálfstjórnarmennina; jeg hef staðið fyrir utan alla flokka og veit ekki um flokkaskipun á þessu þingi. Jeg játa það að vísu, að á öndverðu þingi hafði jeg þá æru, að af sjálfstjórnarflokknum var sendur til mín skriflegur listi með nöfnum þeirra, er kjósa skyldi í efri deild og í fjárlaganefnd, en jeg fann ekki ástæðu til að taka það til greina, nema að svo miklu leyti sem það kom saman við það, sem jeg hafði hugsað mjer sjálfur.

Þetta er hið eina, sem jeg hef að segja af þeim flokk, sem nú ræður lögum og lofum á þessu þingi.

H. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) þótti það undarlegt, að jeg endurtók hin sömu orð og jeg sagði 1887, að í brjóstum allra þingmanna, hvort sem þeir væru þjóðkjörnir eða konungkjörnir; mundi vera eining um aðalatriði málsins, en hvert er aðalatriði þessa máls? Það er

almennt talið velferð fósturjarðarinnar, og frá stjórnskipulegu sjónarmiði það fyrirkomulag á stjórnarskipun Íslands, er fullægi eðlilegum þörfum og kröfum þjóðarinnar, án þess þó að koma í bága við þegnskylduna við hans hátign konunginn.

Vill h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) eða nokkur annar þm. halda því fram, að sá ágreiningur, sem var á þinginu 1887 hjer í neðri deild, eða sá, sem hófst 1889 og síðan hefir staðið og stendur enn í dag, sje ágreiningur um þessi aðalatriði málsins?

Að vísu man jeg það, að blöðin gjörðu sjer að skyldu að leggja út á verri veg fyrir minni hlutamönnum 1887 og með því að telja þjóðinni trú um, að þessir menn væru á móti málinu í sjálfu sjer, eða með öðrum orðum »proditores patriæ«, föðurlandssvikarar; komu þau því til leiðar, að Þingvallafundur 1888 skoraði á þá að segja af sjer þingmennsku. En vill nokkur maður í alvöru halda því fram, að h. forseti eða 1. þm. Húnv. (E. Br.), sem báðir voru í minni hlutanum 1887, sjeu ekki fullt eins góðir föðurlandsvinir og 1. þm. Eyf. (Sk. Th)? Eða vill nokkur nú segja, að þeir, sem við 2. umr. greiddu atkv. móti þessu frv. og þeir sem nú greiða atkv. móti því, sjeu ekki eins góðir föðurlandsvinir og hinir, sem greiða atkvæði með því? Jeg held því fast fram, að um það aðalatriði, sem jeg áðan tók fram, sje eining, en ágreiningurinn lúti einungis sumpart að meðferð málsins, sumpart að þeim ákvæðum, sem koma til greina, þegar tryggja skal rjett þjóðarinnar til sjálfstjórnar án þess að raska þegnskyldunni. Ef hinir andvígu flokkar, sem h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) sýnist halda svo mikið upp á og vill ekki missa, ef þeir standa andvígir í þessum aðalatriðum, velferð fósturjarðarinnar og eðlilega skipuðum rjetti þjóðarinnar, þá kannast jeg við að ekki beri að leita samkomulags, þá er ekki um annað að gjöra fyrir ættjarðarvinina og frelsishetjurnar en að leggja hinn flokkinn, sem þá eru fjandmenn fósturjarðarinnar, í valinn með öllum sínum stóru orðum. En ef það er ekki, ef það er rjett, sem jeg held fram, að ekkert slíkt andstæði eigi sjer stað, en að allir vilji leggja sinn skerf fram til að efla heill ættjarðarinnar, þá ætla jeg að bezt sje að stryka yfir stóru orðin og láta þau ótöluð.

Það sem mest mun hafa hneykslað h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) var það, að jeg gjörði ráð fyrir, að eining sú, er jeg talaði um, í aðalatriðum þessa máls, mundi ná jafnvel til hinna konungkjörnu þingmanna. Það er vandi að tala um þá, þessa konungkjörnu menn. Að vísu getur maður með því að grýta þá óspart með fúkyrðum og kalla þá þránda í götu fyrir öllum velferðar- og áhugamálum þjóðarinnar, áunnið þessa þjóðvilja-«popularitet«, sem h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) virðist girnast. En vilji maður að eins láta þá njóta sannmælis, ætli þeim ekki illar hvatir til hvers sem þeir segja eða gjöra, þá á maður á hættu að vera stimplaður sem apturhaldsmaður, miðlunarmaður, framsalsmaður þjóðrjettinda, eða einhverjum slíkum orðum, sem finnast í svo ríkulegum mæli í orðabók æsingamannanna og þeirra manna, sem ekki þykjast geta hafið sig nægilega upp, nema með því að niðra öðrum.

Nú held jeg að jeg sje farinn að tala þannig, að h. 1. þm. Eyf. (Sk. Thor.) þykist hafa ástæðu til að segja, að jeg sje að reyna að verða »fínn pappír« í »selsköpum«, en það hjelt jeg nú raunar að við þyrftum sízt að bregða hvor öðrum um, jeg og h. 1. þm. Eyf. (Sk.

Th.), að við værum að sækjast eptir því; enda munum við naumast geta orðið það.

Hina konungkjörnu þm. álít jeg vera sljett og rjett mennska menn, með mannlegum eiginlegleikum og mannlegum breyzkleikum. Jeg bið h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.), að taka einhvern mann eða flokk manna, sem eru honum samdóma í meginatriðum einhvers máls, en vilja t. d. fara stillilegar og gætilegar, og brigzli honum um, að hann sje í rauninni alls ekki með, heldur í móti; það sje að eins látalæti af honum, að hann þykist vera með málinu, hann sje einmitt alveg afleitur og óbrúkandi maður og gjöri það jafnvel af einhverjum óhreinum hvötum að vera svona andstæður; þá þekki jeg illa mannlega náttúru, ef honum getur ekki tekizt að staðfesta dálítið djúp, miklu meira en á sjer stað í raun og veru, milli sín og þessa manns eða þessara manna, og það því fremur, því meira sem varið er í mótstöðumanninn, því meiri mótstöðukrapt sem hann hefir.

Þessari aðferð hefir dyggilega fyr og síðar verið beitt móti hinum konungkjörnu, jeg segi ekki, að alls engin ástæða hafi verið til þess, eða að það hafi verið gjört alveg að raunalausu, en henni hefir verið beitt bæði langt fram yfir það, sem rjettlátt hefir verið, og einnig meira en hyggilegt hefir verið og skynsamlegt, því að vitanlega hafa margir af þeim verið rjetttaldir meðal landsins beztu sona, og þessir menn hafa verið taldir »vargar í vjeum«, hafðir með tollheimtumönnum og bersyndugum.

Þessari aðferð vill h. þm. Eyf. (Sk. Th.) enn halda fram; en aðferðin er óheppileg bæði gagnvart hinum konungkjörnu og gagnvart öllum skynsömum mönnum — og þeir eru margir — sem ekki eru alveg á bandi með þeim, sem nú hafa slegið sjer upp til að vera forvígismenn þessa máls.

Til þess að mál þetta geti gengið fram, þarf fyrst og mest allra hluta staðfasta eining hjá þjóðinni, en til þess að hún geti komizt á, þarf málið að öðlast þá forvígismenn, sem veita því forstöðu með stillingu og gætni, en ekki neinum ofsa, ekki ætla sjer að knjesetja hvern mann, og hrinda þannig frá sjer smám saman fleirum og fleirum af hinum sjálfstæðari mönnum. Þegar svo er komið, þá hjálpar það lítið, þótt þeir gangi í skrúðgöngu með halarófu af leiðitömum fylgifiskum, og hrópi »húrra« og »hallelúja« fyrir sjálfum sjer.

Skúli Thoroddsen: Jeg skal játa það, að mjer þóttu ræður manna við 2. umr. þessa máls nógu langar, og ganga helzt til langt frá efninu, svo að jeg ætlaði mjer ekki að taka framar til máls, en þó er nú svo komið, að jeg neyðist til þess, sjerstaklega út af ræðu h. þingm. Árn. (Þ. G.) og út af hinni fróðlegu prjedikun h. þm. S.-Múl. (L. H.). Við þm. Snæf. (P. Br.) ætla jeg mjer eigi að fara í orðakast; hann hefur sýnt það í dag hjer í þingsalnum, að hann kann eigi að haga orðum sínum sem siðsamur maður, og með því hefir hann bezt dæmt sjálfan sig.

Það kom fram í ræðu h. þm. Árn. (Þ. G.), að honum er ekki enn orðið það ljóst, hvað meint er með orðunum »konungur eða landstjóri«, og þó jeg geti ekki búizt við, að mjer sje unnt að glöggva skilning h. þingm. í þessu atriði, þá vil jeg þó fara um það nokkrum orðum.

H. þm. Árn. (Þ. G.) vildi leggja þann skilning í orðin »konungur eða landstjóri«, að afleiðingin yrði sú, að konungur staðfesti lögin, og að stjórnarstörfin fari fram í Danmörku; en þingmaðurinn verður að gæta þess, að

hættan er ekki svo mikil, þótt konungur í einstökum tilfellum vildi staðfesta lögin sjálfur; það er ómögulegt að leggja annan skilning í frumv., þegar greinarnar eru lesnar í samanhengi, en að lagastaðfesting konungs verði, eins og jeg tók fram við 2. umræðu málsins, að fara fram á ábyrgð innlends ráðgjafa, sem er búsettur hjer í landinu og kunnugur öllum landsháttum.

Þegar vjer lítum á stjórnarskrána frá 5. júní 1874, þá er einn aðalagnúinn á henni sá, að stjórnarstörfin fara fram í Danmörku, og eru framkvæmd af manni, sem er búsettur langt frá oss, og sem því er og hlýtur að vera mjög svo ókunnugur landsháttum vorum; eptir stjórnarskránni hefir hann og enga stjórnlagalega ábyrgð á gjörðum sínum yfir höfuð að tala, heldur að eins á því, að brjóta ekki stjórnarskrána; en landshöfðinginn, sem ætti að vera kunnugur og þekkja, hvernig öllu til hagar, hann er í raun og veru ábyrgðarlaus; þinginu er í stjórnarskránni að eins veittur rjettur til að sækja um það allra undirgefnast, að koma fram ábyrgð á hendur honum, og ákveður þá konungur, hvort og hvernig ábyrgð skuli fram koma.

Það er staða þessa manns, sem meðal annars gjörir stjórnarskrárbaráttuna nauðsynlega. Það er engin von til þess, að ókunnug stjórn suður í Danmörku geti dæmt eptir þekkingu um það, hvað oss hentar, heldur hlýtur hún að fara eptir tillögum síns hjerlenda, ábyrgðarlausa trúnaðarmanns; en ef vjer lítum í B-deild Stjórnartíðindanna, þá sjáum vjer, að þegar lögum er synjað um staðfestingu, þá er venjulega kveðið svo að orði: »ráðgjafinn verður að vera á sama máli og landshöfðinginn«; það er því hinn ábyrgðarlausi landshöfðingi, sem virðist eiga ekki lítinn þátt í mörgum lagasynjunum. En eptir hinu nýja stjórnarskrárfrumv. er þó allt af viss aðgangur að innlendum ráðgjöfum, sem bera fulla ábyrgð á allri stjórnarathöfninni, hvar og hvernig sem hún yrði framkvæmd. Þetta vil jeg biðja h. þm. Árn. (Þ. G.) að gjöra sjer skiljanlegt.

Ef jeg á að minnast dálítið á ræðu h. þm. S.-Múl. (L. H.), þá var að vísu minnstur hluti hennar um stjórnarskrármálið; en eptir að hafa heyrt ræðuna, skal jeg játa það, að þó jeg áður hafi álitið hann langt frá því að vera »fínan pappír« hjer á Reykjavíkurgötum, þá var þessi ræða þó að minnsta kosti góð byrjun til að verða það. H. þm. (L. Halld.) þótti jeg hafa talað með nokkrum hita um þetta mál við 2. umr., en þó hygg jeg, að mjer hafi eigi verið heitara en þm. var áðan, þegar hann var að minnast á blaðið »Þjóðviljann«, sem hann mun þykjast eiga grátt að gjalda. Það mun vera rjett, að jeg hafi haft orðið »della« um efri deildar frumv. frá 1889, og mjer þykir það ekki of mælt eða of hart orðalag, enda veit jeg ekki betur, en að eitt höfðingjablaðið hjer í Rvík brúki það orð mjög opt, og að það þyki þá »fínt«; mjer virðist líka nokkuð líkt hafa hent þm. sjálfan með orðið »sparka«, sem vart mun sæmandi að viðhafa í því sambandi, er hann gerði.

Þingmaðurinn (L. H.) finnur að því, að ekki hafi verið leitað samkomulags um þetta mál þegar í byrjun þings, en jeg hef áður sagt það, og held því fast fram, sem jeg sagði við aðra umræðu þessa máls, að jeg hef ekkert álit á þessum samkomulagsumleitunum utanþings, en kýs heldur, að umræður um stjórnarskrárskipunarmálið fari fram opinberlega. Frumv. er nú komið inn á þing, flutt af 2 þingmönnum, án þess að, mjer vitanlega, hafi nokkur sjerstakur undirbúningur verið hafður. Um

þessa lista sem þingm. minntist á veit jeg ekkert, og hafi þeir verið, þá hefir það víst verið »prívat«, en ekki frá neinum sjerstökum flokk, enda er þingmaðurinn þekktur að því, að ganga með töluverðar sjálfsstæðisgrillur í höfðinu, hvort sem sjálfstæði hans í þingmálum fer þar eptir eða ekki.

Gagnvart því, sem jeg hafði sagt um hina konungkjörnu þingmenn, var 2. þm. S.-Múl. (L. H.) enn á ný að tala um þá einingu, sem væri milli hinna konungkjörnu þingmanna og hinna þjóðkjörnu þingmanna. En hvernig getur hann talað um þá einingn, þegar allt er óeining? Aðalatriðið í stjórnarskipunarmáli voru er að draga stjórnina inn í landið. Er eining í því? Líti þingm. í þingtíðindin og þá mun hann sjá, að ekki er eining í þessu aðalatriði málsins; jeg veit að vísu, að h. þm. S.-Múl. (L. H.) og öðrum mótstöðumönnum málsins þykir það leitt, að »kritíseraðar« sjeu skoðanir þeirra og framkoma í þessu máli; þeim þykir það leitt, að þjóðin sje vöruð við að fylgja í þeirra fótspor, en jeg vona þó, ef mjer endist aldur til, að jeg muni hafa krapt og þrek til að benda á, hvað mjer þykir miður tara í landsmálum, hvort sem þingm. er það ljúft eða leitt að jeg fletti upp í þeirri orðabók, sem hann talaði um, eða eigi.

H. þingm. S.-Múl. (L. H.) lenti líka í töluverðum missögnum við sjálfan sig, þar sem hann í byrjun ræðu sinnar sagði, að það ríkti fullkomin eining í stjórnarskipunarmálinu, en endaði ræðu sína með því að hvetja til einingar. Hvað eiga slíkar mótsagnir að þýða? Mjer hefur ekki dottið í hug að dæma hina konungkjörnu þingmenn um það, að þeir yfir höfuð gangi á mót sannfæringu sinni. En það stendur nokkuð sjerstaklega á með þá konungkjörnu. Útnefning þeirra er þannig hagað, að þeir einir eru valdir, sem stjórnin veit fyrir fram, að eru henni sinnandi og hafa þær skoðanir í helztu þjóðmálum, sem hún vill halda fram. Það sýnir sig líka, þegar einhver einn villist frá, þá er hann rekinn úr hópnum. Hversu opt sem þm. því endurtekur þau orð sín, að það ríki eining milli hinna konungkjörnu og hinna þjóðkjörnu þingmanna í stjórnarskrármálinu, þá er það alveg þýðingarlaust, því að það trúir honum enginn; allir vita, að hið gagnstæða á sjer stað; og þeir, sem lesa orð þingmannsins í þingtíðindunum, munu freistast til að hugsa, að þingm. hafi prjedikað þessa »einingu«, annaðhvort af því, að hann hafi verið illa fyrirkallaður, ekki með öllum mjalla, eða verið að gjöra að gamni sínu.

H. þm. Snæf. (P. Br.) ber mjer og h. 1. þm. Ísf. (S. St.) á brýn, að við höfum átt að segja, að hann væri keyptur af stjórninni eða hennar fylgifiskum. Hve nær hef jeg talað það? Hitt kynni mjer að hafa dottið í hug, og það mun jeg hafa sagt, að jeg bæri svo gott traust til stjórnar vorrar, að hún ljeti eigi ólaunaðan allan þann greiða, sem h. þm. Snæf. (P. Br.) — enda með töluverðri áhættu fyrir sitt eigið »góða nafn og rykti« — hefir svo alúðlega leitazt við að gera stjórninni í þessu máli síðan 1889.

H. þm. S.-Múl. (L. H.) kallaði mig æsingamann og ýmsum öðrum nöfnum; en jeg verð að segja, að mjer liggur það mjög í ljettu rúmi, hvað þingm. kann að nefna mig; jeg mun þræða mína götu í þessu sem öðru, hvort sem jeg verð nefndur æsingamaður eða hvað annnað. En hvað er það þá sem þessi æsingamanns ákæra er reist fyrir móti mjer og öðrum? Orsökin er eigi önnur en sú, að vjer vildum eigi aðhyllast efri deildar frumv. frá 1889,

heldur höfum í ræðu og riti fylgt fram þeim sjálfstjórnarkröfum landsmanna, er þjóðin vill fá framgengt, og í því formi, sem þingið, og þar á meðal h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.), hafa áður álitið heppilegast, þangað til h. þm. Snæf. (P. Br.) o. fl. öðluðust þá »æðri þekking«, sem gert hefir allan glundroðann í máli þessu. Æsinga-ákærurnar falla því höfundum sjálfum þyngst í koll.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að svara spurningu h. þm. S.-Múl. (L. H.) um skilning á 61. gr. stjórnarskrárinnar, borinni saman við 8. gr. Jeg skildi spurninguna svo, að hún færi fram á það, hvort það alþingi, sem stefnt væri saman eptir að þingið hefði verið rofið samkvæmt 61. gr., ætti að skoðast sem reglulegt þing eða sem aukaþing.

Það þing sem kom saman 1886, eptir að þingið hafði verið leyst upp 1885, var skoðað sem aukaþing, og virðist það að vera í fullu samræmi við 5. gr. og 25. gr. stjórnarskrárinnar. Þar sem í 5. gr. segir, að konungur stefni saman reglulegu alþingi annaðhvort ár, þá hlýtur hvort þing, sem kemur saman árið milli tveggja reglulegra alþinga, að vera aukaþing. Í 25. gr. segir, að fyrir hvert reglulegt alþingi skuli leggja frumvarp til fjárlaga fyrir tveggja ára tímabil, og ef þing sem kallað er saman eptir þingrof ætti að skoðast sem reglulegt þing, þá ætti að leggja fyrir það fjárlagafrumv. Ef þingið 1886 hefði verið skoðað sem reglulegt þing, þá hefði átt að leggja fyrir það fjárlagafrumv. fyrir tveggja ára tímabil, annaðhvort 2 næstu árin 1887 og 1888, enn þá voru til fjárlög fyrir 1887 samþykkt á þingi 1885, eða þá að átt hefði að leggja fyrir þingið 1886 fjárlagafrumv. fyrir 1888 og 1889, en það gat varla komið til, svo löngu á undan því fjárhagstímabili, og þá hefði heldur ekkert fjárlagafrumvarp getað orðið lagt fyrir hið reglulega alþingi 1887. Það er þannig 25. gr., sem gjörir það ómögulegt, að skoða hið næsta þing eptir þingrof sem reglulegt alþingi. Jeg get heldur ekki sjeð, að það hafi neina »praktiska« þýðingu, nema viðvíkjandi fjárlögunum, þar eð svo er fyrir mælt, að breytingar á stjórnarskránni má bera upp bæði á reglulegu alþingi og aukaþingi, sem og hver önnur frumvörp.

Lárus Halldórsson: Hæstv. landsh. hefur misskilið mig dálítið; jeg meinti ekki að þingið 1886 hefði átt að skoðast sem reglulegt alþingi, en ekki aukaþing, heldur hitt, hvort ekki hefði mátt bíða til næsta reglulegs alþingis 1887. *(B. Sv.:* Sá skilningur kemst ekki að). Jeg er enginn lögfræðingur, jeg skal játa það, en þó að lögfræðingunum finnist það ef til vill fjarri lagi, þá getur mjer eigi betur fundizt, en að sá skilningur sje þó mögulegur, að þegar konungur af eigin hvöt neytir þess valds, sem honum er veitt í 8. gr. stjórnarskrárinnar og leysir upp þingið, þá verði farið að sem segir í þessari sömu grein, að þing skuli koma saman næsta ár, og það verði vitanlega aukaþing, enda álít jeg það ákvæði vera að eins til tryggingar því, að ekki líði of langt um, frá því þing á þann hátt hefur verið rofið; en að 61. gr. stjórnarskrárinnar geti þýðzt þannig, að þegar frumv. til stjórnarskipunarlaga hefur verið samþykkt og þingið hefur verið leyst upp fyrir þá sök, þá þurfi ekki að stefna árið eptir til aukaþings, heldur megi leggja málið fyrir næsta reglulega alþingi.

Viðvíkjandi ræðu h. þm. Eyf. (Sk. Th.) þarf jeg ekki að eyða mörgum orðum. Það liggur víst báðum í ljettu rúmi um rœður hins. Þar sem hann

talaði um, að jeg gengi með »sjálfstæðisgrillur«, þá tek jeg mjer það ekki nærri, þó honum sje illa við það; hann vildi víst heldur að jeg og aðrir gengjum með fylgifiskagrillur eða -kvarnir, því honum er víst meinilla við allar sjálfstæðisgrillur. Hann sagði, að það væri mótsögn hjá mjer að tala fyrst um einingu og hvetja síðan til einingar; en það get jeg ekki sjeð. Jeg sje enga mótsögn í því, að það geti verið eining í aðalatriðunum, eins og jeg hef leyft mjer að halda fram, þó menn greini á í ýmsum öðrum atriðum. Jeg get heldur ekki sjeð, að aðalatriðið sje fullkomlega rjett einkennt á þann hátt, að það sje að draga stjórnina inn í landið, eins og h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) sagði. Þetta er ekki nema önnur hliðin á hinu stjórnskipulega aðalatriði málsins, og jeg held að jeg hafi einkennt það alveg rjett áðan, þegar jeg sagði að hið stjórnskipulega aðalatriði væri það fyrirkomulag á stjórnarskipun Íslands, er fullnægi eðlilegum þörfum og kröfum þjóðarinnar, án þess að koma í bága við þegnskyldu Íslendinga við hans hát. konunginn. Þetta er sá »gordiski hnútur«, sem við eigum að leysa, ekki eins og þegar Alexander leysti »gordiska hnútinn« forðum með sverðseggjum, heldur verður það að gjörast með lagkænsku og lempni, og umfram allt ríður oss á skynsamlegri stillingu og innbyrðis eindrægni, ef þessi hnútur á að verða leystur.

Mjer þótti sannarlega gleðilegt að heyra h. þm. Eyf. (Sk. Th.) lýsa því, að hann áliti að öðrum gengi ekki nema gott til, þó þeir væru á móti honum, eptir alla orrahríðina síðan 1889. Manni hefur sannarlega opt virzt, og það ekki síður í blaði hans »Þjóðviljanum« en annarsstaðar, að ritað hafi verið meira með dylgjum og getsökum, heldur en með stillilegum rökum.

Landshöfðingi: Jeg sje, að jeg hef misskilið fyrirspurn h. þm. S.-Múl. (L. H.), og jeg vildi óska, að jeg gæti verið honum samdóma um þann skilning hans á 61. gr. stjórnarskrárinnar, að ekki sje nauðsynlegt að stefna alþingi saman til aukafundar næsta ár á eptir þingrofi, þegar það hefir verið rofið eptir 61. gr., heldur mælti bíða næsta reglulegs þings.

Að vísu segir 61. gr. ekkert um, að alþingi skuli stefnt saman næsta ár, heldur að eins, að það skuli leyst upp þá þegar og stofnað til almennra kosninga af nýju, og að vísu eiga ákvæðin í 8. gr. um, að alþingi skuli stefnt saman næsta ár eptir að það var leyst upp, eiginlega við um það, þegar konungur hefur leyst upp alþingi af eigin hvötum, en ekki eptir stjórnarskrárboði, eins og er í 61. gr.; en jeg fæ samt ekki betur sjeð, en að ákvæðin í 8. gr., um að alþingi skuli stefnt saman næsta ár eptir þingrof, hljóti einnig að ná til þess, þegar alþingi er leyst upp samkvæmt 61. gr., því að ákvæði þeirrar greinar um, að alþingi skuli leyst upp þá þegar og stofnað til nýrra kosninga, virðast einmitt benda til þess, að hið nýkosna alþingi eigi að koma saman sem fyrst, að ekki megi fresta að kveðja það til fundar lengur en þegar konungur leysir það upp af eigin hvötum. Hvort sem alþingi er leyst upp eptir 61. gr. eða 8. gr., þá verður þetta þrennt að minni hyggju að fylgjast að: þingrof, stofnun til nýrra kosninga innan 2 mánaða, stefna til fundar næsta ár eptir þingrofið. Því miður get jeg af samanburði þessara greina ekki fengið annað út, en að þessir þrír liðir verði að fylgjast að.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg sje það, að það á ekki af þessu máli að ganga, að miklar og langar umræður verði um það. Það hafa

nokkrir h. þm. tekið til máls móti nefndinni, mjer og þeim yfir höfuð, sem fylgja frv., en því miður hafa ræður þeirra ekki átt sem bezt við málið á því stigi, sem það nú er komið á. Jeg ætla mjer ekki, að fara fást um hið persónulega hnútukast og svigurmæli, sem jeg hefi orðið fyrir af andmælendanna hálfu, og ekki ætla jeg heldur að fást mikið um þau ummæli þeirra, að jeg hafi viljað knjesetja þingmenn á undanförnum þingum, eða fá þá til að fylgja mjer í blindni í þessu máli. Þetta eru brigzlyrði, sem varða ekki mig eingöngu, heldur jafnvel miklu fremur hvern einstakan þingmann út af fyrir sig, sem fylgt hefur sömu stefnu og haft hefur sömu sannfæringu um stjórnarskipunarmál Íslands, eins og jeg. Hver þessara h. þingdm. verður því að mikilsvirða eða lítilsvirða þessar ákúrur h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) rjett eins og þær eru verðar og eiga skilið.

Gagnvart hinu fjölyrða rausi h. þm. Snæf. (P. Br.) skal jeg taka það fram, að málið á þessu stigi gefur alls ekki minnsta tilefni til að tala um hið ýmislega stjórnarfyrirkomulag, sem mögulegt og hugsanlegt kann að vera hjer eða í öðrum löndum, heldur að eins um *það* stjórnarfyrirkomulag og ekkert annað en það, sem felst í stjórnarskrárfrv. því, sem nú liggur hjer fyrir til síðustu umræðu og atkvæðagreiðslu hjer í deildinni. Útlistun á algjörlega ólíku stjórnarfyrirkomulagi, svo sem skilyrðislausum apturköllunarrjett, er því sem náhljóð úr dauðra manna gröfum. En af því að h. þm. Snæf. (P. Br.) fór þó að klifa á stjórnarfyrirkomulagi, skal jeg með fáum orðum endurtaka *aðalatriðin* í því stjórnarfyrirkomulagi, sem þetta stjórnarskrárfrv. hefur inni að halda, því svo lítur út, að þess muni ekki vera vanþörf, eigi menn að geta ímyndað sjer, að nokkur hinna háttvirtu þingdeildarmanna sjeu jafn tornæmir á, að skynja þetta einfalda mál, eins og hinn háttvirti þingmaður Snæfellinga.

Jeg hefi áður tekið fram, að stefna þessa stjórnarfyrirkomulags út á við væri sú, að leysa hin sjerstöku málefni Íslands algjörlega undan afskiptum stjórnarinnar í Danmörku, það er að segja ríkisráðinu í Danmörku, og á hinn bóginn, að tengja konungsvaldið sem nánast hinni innlendu stjórn, þannig, að enginn milliliður sje milli hinnar innlendu stjórnar, sem ber ábyrgð fyrir alþingi, og H. H. konungsins, nema landsstjórinn einn, sem sje að skoða sem »repræsenterandi« persónu konungsins. Jeg vil nú jafnframt biðja hina háttvirtu þingdeild að gæta þess vel, að með þessum orðum, sem jeg nú sagði, að stefna frv. sje sú, að leysa Íslands sjerstöku mál alveg undan stjórninni og ríkisráðinu í Danmörku, en tengja konungsvaldið beinlínis við innlenda stjórn hjer á landi, sem á að bera ábyrgð fyrir alþingi, þá er í rauninni einnig alveg til fullnusfu svarað þeirri athugasemd, sem hæstv. landsh. hefur áður gjört í þessu máli, að alinnlend stjórn geti ekki átt sjer stað í einu landi, svo sem Íslandi, meðan að konungurinn sje í öðru landi, svo sem Danmörku, því hæstv. landsh. hlýtur þó að skilja það mikið vel, að ekki má blanda saman constitutionel stjórn og konungi sjálfum. Með alinnlendri stjórn er meint það, að ráðgjafastjórnin, sem á að bera ábyrgð fyrir alþingi, sje alinnlend, það er að segja búsett á Íslandi, og að hann því hafi þar og hvergi annarstaðar sinn verkahring, og standi undir íslenzkum lögum og íslenzkum landsdómi. Konungurinn er aptur og í mótsetning við þetta, eins og menn vita, heilagur og ábyrgðarlaus, stjórnin ein ber ábyrgðina á stjórnarstörfunum gagnvart þinginu. Stjórnin stendur undir

lögunum, en konungurinn er heilagur og ábyrgðarlaus gagnvart þeim. Jeg vona því, að allir heilvita menn sjái, að það er alveg rangt, að innibinda konunginn sjálfan í orðinu eða hugmyndinni stjórn í þessum stjórnarskipulega skilningi. Jeg vil meira að segja vekja alvarlegt athygli h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) og annara h. þingdm. á því, að það er hættulegt, að blanda þessu saman. Það er eins rangt og rammskakkt að segja, að Íslendingar geti ekki fengið alinnlenda stjórn af því, að konungur þeirra sitji í Danmörku, eins og að segja, að konungurinn geti ekki veitt Íslendingum al-innlenda stjórn, af því að hann sje í öðru landi, nefnilega í Danmörku, eður með öðrum orðum, að konungur Dana geti ekki verið constitutionel konungur Íslands, af því hann sje í Danmörku. — Jeg hika mjer ekki við að ítreka, að þetta er hættulegasta villukenning, sem spennir bogann allt of hátt, því þó óhætt sje að staðhæfa, að hið ríkasta og innilegasta ástar- og lotningarband tengi Íslendinga við konunginn í Danmörku, þá er þó annað band til, sem ekki er vert að taka of mjög til samanburðar, það óslítanlega band, sem tengir Íslendinga við ættjörðu sína, þeirra eigið land Ísland, og sjálfsstjórnarrjettindi þess, og og collisionin, eða báginn milli þessara banda, verður ekki og getur ekki orðið leystur eða umflúinn með neinu öðru móti en því, að Íslendingar fái alinnlenda stjórn, en konungur haldi á hinn bóginn tignarrjettindum sín sjálfs óskertum. Meira en þessa getur konungurinn ekki krafizt, og minna en þessa getur hin íslenzka þjóð heldur ekki krafizt. — Það er á þenna hátt, en engan annan, sem h. þm. S.-Múl. og aðrir þingmenn geta samrýmt sanna ættjarðást við tignarrjettindi Danakonungs yfir Íslandi. Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta atriði, en snúa mjer að stefnu frv. inn á við. Stefna þess stjórnarfyrirkomulags, sem felst í þessu stjórnarskrárfrv., er inn á við, eins og jeg hefi áður sagt, sú, að fá innlenda ráðgjafastjórn, sem starfi og álykti í öllum Íslands sjerstöku löggjafar- og stjórnarmálefnum í samvinnu við þjóðþingið, alþingi, og beri fulla ábyrgð allra gjörða eða stjórnarathafna sinna gagnvart þjóðþinginu, alþingi Íslendinga. Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta atriði, sem svo rækilega hefur áður verið útlistað og hverjum einum þingmanni á ekki að vera ofætlun að gjöra sjer ljóst til hlítar. En áður en gengið verður til atkvæða, vil jeg þarámóti leyfa mjer með fáum orðum, að benda á afstöðu þessa máls á hinum ýmsu stigum þess.

Jeg vil þá fyrst líta á stöðu málsins gagnvart stjórninni í Danmörku. Stjórnin í Danmörku stendur enn á sama stað, og hún stóð 2. nóv. 1885, þegar sú nafnkennda auglýsing kom út, sem lýsti svo einkennilega skoðun stjórnarinnar í Danmörku á stjórnarbaráttu vorri, þó það væri reyndar árinu áður en endileg úrsilt lágu fyrir stjórninni um málið frá þingsins hálfu, því eins og menn vita, var hin endurskoðaða stjórnarskrá ekki samþykkt af þinginu, til fullnustu eptir 61. gr. stjórnarskrárinnar fyr en árið eptir, eða 1886. Síðan hefur stjórnin, eins og hæztv. landsh. rjettilega hefur tekið fram, ekki látið annað til sín heyra en það, að hún hefur tilkynnt með annari auglýsingu, að hún væri hinni endurskoðuðu stjórnarskrá mótfallin, og hefði því ráðið konunginum til að synja henni staðfestingar. Þessi staða h. stjórnar gagnvart málinu er alveg náttúrleg og eðlileg, því að nihil ex nihilo fit: ekkert skeður af engu; alþingi hefur ekki gefið stjórninni tækifæri til að segja neitt annað um málið síðan, þar sem ekkert stjórnarskrárfrv.

hefur verið samþykkt af alþingi síðan 1886.

Þegar verið er að tala um, að skora á stjórnina að leggja nýtt stjórnarskrárfrumv. fyrir alþingi, eins og fara átti fram á í fásinnunni 1889, sællar minningar, þá er slíkt ekkert annað en stjórnskipulegt »humbug« og barnaskapur, sem ekki hefir einu sinni neina heimild í stjórnarskránni. Alþingi sjálft hefir nú einu sinni sitt »initiativ« eða frumkvæðisrjett í þessu máli, eins og í öðrum sjerstökum löggjafarmálum, og ef það ekki vill neyta þess, þá á það að þegja. En þrátt fyrir það, þó það sje þannig allshendis eðlilegt, að stjórnin hafi ekki látið neitt til sín heyra í þessu máli, þá vita menn samt, að þeir menn hafa gefizt, sem hafa álitið, að það ætti við, að vera að bauka við það, að neyða stjórnina til að koma móts við þingið með stjórnarskipunarfrumv. frá sinni hálfu. Þetta voru hinir nú að vísu steindauðu miðlunarmenn. Það voru þeir, sem ætluðust til þess, að stjórnin hlypi upp til handa og fóta og segði svo sem svo: Já, þarna koma piltar, sem jeg get samið við um stjórnarskipunarlög Íslands; nú skal jeg ekki sleppa tækifærinu, að leggja stjórnarskrárfrumv. fyrir alþingi. Því hefir nú þessum mönnum ekki orðið kápan úr þessu klæði? Dettur manni kannske í hug að halda það, að Danastjórn, sem hefir jafnötulan og árvakran fulltrúa hjer á landi, eins og hæstv. landsh. er, viti ekkert um þessa miðlunarstefnu, sem fram hefir komið í stjórnarbótarmálinu og þær pólitísku hetjur og spekinga, sem gjörðust höfundar hennar? Það skulu menn ekki láta sjer detta í hug. Nei. Danastjórn hefir orðið fullkunnugt um allt þetta, en hefir samt sem áður ekki látið sjer detta í hug, að láta til sín heyra, og er það náttúrlegt og eðlilegt, eins og jeg hef tekið fram áður. Nei! Viti menn. Miðlunarstefnan hefði fyrst orðið að gjöra það, sem hún aldrei til eilífðar getur gjört, það að ryðja sjer braut til stjórnarinnar gegnum formlegt lagafrv., gegnum endurskoðaða stjórnarskrá, samþykkta af tveimur alþingum samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar, áður en vænta mátti nokkurs svars frá stjórninni til þeirrar stefnu. En þetta er aptur einmitt ný öflug ástæða fyrir oss, sem fylgjum þessu frumv., til að halda hinni gömlu fótfestu, og beina málinu aptur á þá gömlu leið, sem það var komið á 1886, því vjer sjáum, að stjórnin kærir sig ekkert um og hlýtur að fyrirlíta miðlunarstefnuna, sem reis upp á þinginu 1889. Það var tekið fram af einum h. þingdm. við 2. umr. þessa máls, að meðferð þingsins á þessu máli líktist helzt kómidíu. Þetta þótti svo hnyttilega sagt, að hæstv. landsh. tók sjer þessi orð í munn. En jeg verð nú samt að halda, að hjer sje ekki um neina kómidíu að ræða. Jeg veit að vísu ekki, hvernig Danastjórn kann að líta á miðlunarstefnuna, ef hún annars virðir hana álits, og ekki er það svo ólíklegt, að hún skoði hana sem kómidíu. Það veit jeg fyrir víst, að sem kómidía verður hún ekki skoðuð frá þjóðarinnar hálfu. Jeg get heldur ekki kallað meðferð málsins yfir höfuð, eins og hún hefir verið síðan 1889, kómidíu, heldur álít jeg þvert á móti, að hún sje sannnefnd tragidía, eða sorgarleikur. Hæstv. landshöfðingi sagði við 2. umr. málsins, að hann vissi ekki, hvað hann ætti að kalla framkomu h. þingdm. í þessu máli, en mjer finnst, sem sagt, rjett að kalla hana tragidíu, og jeg ímynda mjer, hvað illum augum sem stjórnin að öðru leyti kann að líta á stjórnarbaráttu Íslendinga, þá álíti hún það fremur tragiskt, en komiskt, sem fram hefir farið í þessu máli síðan 1886, og víst er um það, hvað sem öllu öðru líður, að allri ábyrgð hefir verið ljett

af herðum stjórnarinnar gagnvart þessu máli með framkomu og atferli miðlara síðan árið 1886. Stjórnin hefði með sínum bezta vilja ekki getað gjört neitt fyrir málið síðan. Þetta er hin tragiska hlið málsins frá mínu sjónarmiði.

Þessi er þá afstaða málsins gagnvart stjórninni, en hvernig horfir nú málið gagnvart alþingi, eða rjettara sagt gagnvart neðri deild alþingis?

Hæstv. landsh. tók það fram við 2. umr., að allar umr. um þetta mál hlytu að verða alveg árangurslausar, og jeg vorkenni hæstv. landsh., að hann hafði þessi orð, því það var sannarlega allt of margt þá, þegar hann talaði, sem laut að því, að svo mundi verða. En hæstv. landsh. var þá ekki búinn að sjá atkvæðagreiðsluna í þessu máli; hún var þá ekki um garð gengin. Hann byggði þessi orð sín á »præmissum«, forsendum, málsins, en þess er að gæta, og það er aðalmergur málsins, að þessi orð landshöfðingja eiga nú alls ekki við, eptir að atkvæðagreiðslan hefir fram farið og dómsorðið þannig verið upp kveðið í málinu, því nú hefir h. neðri deild hripsað það út úr hringlandaiðunni, sem það hefir verið síðan 1886, og með því gefið fulla vissu um, að málið verði nú samþykkt til fullnaðar á þessu þingi, svo framarlega sem efri deild þingsins ekki lætur sitt á vanta. Jeg verð þess vegna að álíta, að umræðurnar um málið hjer í deildinni, svo leiðinlegar og óheppilegar sem þær að öðru leyti hafa verið að sumu leyti, hafi þó orðið málinu til ómetanlegs gagns og jafnframt hinni h. neðri deild til sóma, þar sem þær hafa leitt til þeirrar atkvæðagreiðslu, sem sýnir og sannar, að það er þó enn hin skynjandi eining, sem situr að völdum í deildinni yfir höfuð að tala, að því er þetta langmest umvarðandi mál lands og lýðs snertir. Hæstv. landsh. hefir á fyrri þingum þótt andæfa mikið þessu máli, en það verð jeg að segja, að hann hefir leiðbeint bæði mjer og öðrum óbeinlínis, sem hafa borið skyn á að færa sjer mótbárur hans og andróður í nyt í því, að sýna ekki hviklyndi eða óstaðfestu í þessu mikilsvarðandi máli.

Þannig horfir þá málið gagnvart neðri deild alþingis, eptir minni skoðun. En hvernig horfir það nú loksins gagnvart þjóðinni? Jeg hefi sagt, að h. neðri deild hafi gefið von um, að vilja þjóðarinnar verði nú fullnægt í þessu áhugamáli hennar. Á þessum blöðum, sem jeg held hjer í hendinni, er rjett eptirrit af öllum þeim fundargjörðum, sem fram hafa farið á undirbúningsfundum undir þetta þing, víðsvegar um land allt. Á fundargjörðum þessum sje jeg, að öll þjóðin heimtar enn fullkomna innlenda stjórn með ábyrgð fyrir alþingi í öllum Íslands sjerstaklegu málefnum. Þar er ekki hið minnsta hik eða haltur að finna hjá þjóðinni, að því er þetta mál snertir. Þjóðarviljinn hefir aldrei komið fram öflugri, staðfastari nje innilegri en einmitt nú á undan þessu þingi. Af því að þetta er ómótmælanlega svona, að vitni fundarskýrslanna, þá tengi jeg hjer við hátíðleg mótmæli mín gegn því, að það verði dregið út úr þessum fundargjörðum, að þjóðin hafi látið á sjer finna hinn minnsta bilbug í þessu velferðarmáli hennar. Jeg neita þessu harðlega fyrir hönd allra kjördæma landsins, en sjerstaklega fyrir hönd einstöku kjördæma, svo sem Skagfirðinga, Húnvetninga og Mýramanna. Skal jeg svo ekki útlista þetta atriði frekar, en vil að þessi orð standi skrifuð eptir mig í þingtíðundunum, til þess að þau geti orðið lesin út um landið og metin af seinni tímunum.

Það hefir verið sagt ranglega, að h. efri deild hafi fellt frumv. neðri deildar 1887, sem var sama sem hin endur-

skoðaða stjórnarskrá frá 1885 og 1886, að fáeinum óverulegum breytingum undanteknum. En það er ósatt, því efri deild felldi það ekki, heldur að eins svæfði það eða stakk því svefnþorn, enda sofnaðist því vel, en nú er það glaðvaknað aptur. H. efri deild hefir nú þannig fengið langan umhugsunartíma, svo líklegt er, að hún nú sje búin að sjá, hvað henni sje sæmilegast að gjöra. Jeg skal nú ekki fara að leiða neinar getur að því, hvernig hún tekur málinu, þegar hún fær það nú á ný til meðferðar. H. efri deild getur tekið málinu á fjóra vegu: Hún getur í fyrsta lagi samþykkt frumvarpið, eins og vjer nú skiljum við það, og það skyldi gleðja mig, en sárlitla von hefi jeg raunar um, að svo fari. Í öðru lagi getur hún fellt málið alveg, eða þá í þriðja lagi svæft það eins og hún gjörði áður, árið 1887, og er sá kostur að vísu hvorugur góður. En sú er þó bót í máli, að það mun rætast á hinni endurskoðuðu stjórnarskrá, að ekki er stúlkan dauð, heldur sefur hún. Málið mun rísa upp aptur og þjóðin og þingið mun endurtaka það með nýju afli og áherzlu, nýrri skynjandi einingu, sem hlýtur að leiða til fullkomins sigurs á endanum. En skyldi nú í fjórða lagi sú verða niðurstaðan, að efri deild fari að gjöra breytingu á frumvarpinu, eins og jeg heyri að þingmenn eru að ympra á, já, þá skyldi það gleðja mig að sjá, hverjar og hvílíkar þær breytingar verða.

En hvernig sem á mál þetta verður litið, og hvernig sem um það fer, þá vona jeg að meðferð þess á þessu þingi verði til góðs fyrir alla, fyrir stjórnina, fyrir þingið og fyrir þjóðina, og jeg treysti því, að svo fari um þetta mál, sem önnur góð málefni, að því meiri mótspyrnu sem þau mæta, því vísari og mikilsverðari verði sigurinn að lokum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málið, enda er nú það augnablik komið, að ganga á til atkvæða um það í síðasta sinn í þessari h. þingd. í þetta skipti. Jeg bið h. þingdm. að fyrirgefa mjer það, hafi mjer orðið það eins og sumum öðrum, að orðlengja um það, sem liggur fyrir utan málið, eða hrundið öðrum frá rólegri yfirvegun málsins með nærgöngulum eða ógætilegum orðum. Jeg hef ekki viljað móðga neinn um skör fram, enda er það málið, en ekki mennirnir, sem hjer er um að ræða. Jeg álít mig sem þjón málsins, og bið hvern einasta þm. að skoða sig á þann veg.

Að svo mæltu vil jeg biðja guð að blessa viðleitni mína og annara háttvirtu þingdeildarmanna, er leitazt hafa við að styðja þetta mál og beina því í rjett og heillavænlegt horf fyrir land vort og lýð.

ATKVÆÐAGR.: Forseti bar undir atkvæði, hvort ekki skyldi hætta umræðunum, og var það samþykkt með 11 : 8 atkv.

Síðan var frv. samþ. með 18 : 3 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk 8 þingdm., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Árni Jónsson,	Páll Briem,
Sigurður Jensson,	Þorl. Guðmundss.
Benedikt Sveinss.,	
Indriði Einarsson,	
Gunnar Halldórss.,	
Jens Pálsson,	
Jón Jónss., N.-Múl.,	
Jón Jónss., N.-Þing.,	
Jón Þórarinsson,	
Lárus Halldórss.,	
Olafur Briem,	
Olafur Olafsson,	

já:
Ólafur Pálsson,
Sig. Gunnarsson,
Sigurður Stefánsson,
Skúli Thoroddsen,
Sveinn Eiríksson.

Málið síðan afgr. til Ed.

Frumv. til laga um að íslenzk lög verði eptirleiðis að eins gefin á íslenzku (C. 199); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. í e. hljóði; 2.—3. gr. samþ. með 18 atkv. hvor.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. lil laga um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál (C. 199, 283); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (227) við 1. gr. samþ. með 20 atkv.; 1. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

Breyt.till (227) við 2. gr. og 2. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um iðnaðarnám (C. 231); 1. umr.

Ólafur Ólafsson: Mál þetta er nokkuð sjerstaklegs eðlis, og jeg ímynda mjer, að margir þingmenn sjeu ekki nægilega kunnugir því til að geta fellt dóm um það. Af þessu og meðfram af því að jeg er hræddur um, að annmarkar kunni að vera á frv., leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: 3 manna nefnd samþykkt.

Kosnir voru:
Ólatur Ólafsson með 14 atkv.
Páll Briem — 9 —

Aðrir fengu ekki næga atkvæðatölu; var þá kosningin ítrekuð tvisvar, en af því enginn fjekk næga atkvæðatölu, var kosið í 3. sinn með bundinni kosningu milli Gunnars Halldórssonar og Eiríks Briems. Kosningu hlaut
Gunnar Halldórsson með 11 atkv.

Frumv. til laga um breyting á 37. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 235); 1. umr.

Sigurður Stefánsson: Frv. þetta er komið hingað frá h. Ed. Eins og þingmönnum mun vera kunnugt, urðu þar alllangar umræður um málið, og komu fram margar breyt.till. við frv., svo að jeg hygg, að það hafi tekið þar 3—4 myndbreytingum. Þetta frv. hefir fyr komið fram hjer í deildinn, og blandaðist henni þá ekki hugur um að sinna frv. ekki, heldur fella það.

Þegar um slík frv. er að ræða, verða menn að gæta að, at hverjum rótum það sje runnið. Er þetta nú vilji landsmanna? Jeg hef ekki sjeð, að það hafi komið fram á undirbúningsfundum undir þing, nema kannske á 1—2 þingmálafundum í vor. Það er líka náttúrlegt, að þjóðin óski ekki eptir lögum um þetta efni, því þau standa í hinni mestu mótsetningu við það traust, sem þjóðin ber til þeirra manna, er hún kýs á þing; hún trúir þeim fyrir hinum mestu velferðarmálum sínum; hún treystir þeim til að fara vel og skynsamlega með efni sín, og leggur landssjóðinn upp í hendurnar á þeim. Hví skyldi hún þá ekki einnig trúa þeim til eins lítils, eins og að gefa rjettan reikning um ferðakostnað þeirra? Ef óskir um slík lög kæmu frá þjóðinni, yrði það að skoðast sem vantraustsvottorð, ekki einungis til einstakra þingmanna, heldur og til þingsins í heild sinni. Þessu vantrausti hefir þjóðin aldrei lýst á þinginu, og þess vegna er þetta frumvarp öldungis ótímabær burður, gotinn og getinn af smásálarskap og misskilningi.

Þetta frumv. er því ekki komið fram af óskum þjóðarinnar. Nei, það er komið af því, að einstöku blöð, sem vilja gera sig vinsæl hjá vissum hluta þjóðarinnar með eptirtölum um hvern eyri, sem úr landssjóði er borgaður til annara en vina þeirra, hafa fundið ástæðu til að ráðast á vissa einstaka þingmenn fyrir of háa reikninga, reikninga, sem þingið hefir að vísu samþykkt, og sem kvitteringar hafa verið lagðar fram fyrir, að því er snertir hina einstöku útgjaldaliði. Þessar árásir hafa orðið til þess, að einstöku þingmenn hafa talið sjer skylt að koma fram með frumvarp þetta, og með því ekki einungis gefið samþingismönnum sínum, heldur og sjálfum sjer skýlausa vantraustsyfirlýsing. Þegar litið er á þær upphæðir, sem ákveðnar eru í frv., sjest brátt, að tölurnar eru fjarri öllum sanni. Flutningsmenn hafa loks orðið að grípa til þess, að skipa þingmönnum að fara sjóveg til þings, þar sem það er mögulegt, hvort sem þingmönnum er það ljúft eða leitt og hvernig sem á stendur fyrir þeim. Þetta er auðsjeð af tölunum, því að ef þingmenn ættu að ferðast eins og þeim er haganlegast, þá væru þessar tölur óhugsandi, nema því að eins að flutningsmenn eða h. Ed. ætlist til, að þingmenn greiði þingfararkostnaðinn að miklu leyti úr sínum eigin vasa. En er það rjett, að setja slík lög, sem neyða þingmenn annaðhvort til að fara sjóveg eða borga stórfje úr eigin vasa? Auk þess getur ýmislegt komið fyrir, sem gerir mönnum ómögulegt að fara sjóveg. Jeg hlýddi á umræðurnar í Ed., og hef auk þess talað við suma formælendur frumv. í Ed.; hafa þeir sagt mjer, að þeir væru sjálfir alls ekki ánægðir með þessar upphæðir, sem nú eru í frv., og hefðu ekkert á móti því, að frv. yrði fellt hjer í Nd. Þetta sýnir, í hvílíkar ógöngur þeir eru komnir.

Ef frv. þetta yrði að lögum, get jeg mjer, að árangurinn yrði sá, að þeir sem ekki væru nógu efnaðir til að bera sjálfir þingfararkostnaðinn, drægju sig í hlje, og að flestir þingmenn ættu heima í Reykjavík eða kringum hana, eða þá efnamenn annarsstaðar á landinu, en það er kunnugt, að þingmannskostir fara ekki eptir fjárhag manna. Það eru margir, sem ekki eru færir um að snara út 200—300 kr. úr sínum eigin vasa, en geta engu að síður verið góðir þingmenn.

Jón Þórarinsson: Af því mjer heyrðist h. þm. Ísf. (S. St.) helzt óska, að þetta frv. kæmist ekki lengra, þá vil jeg leyfa mjer að benda á það, að mjer finnst ekki þörf á að taka frv. þetta og ákvæði þess eins strangt og h. þm. gerði. Hann sagði, að engar óskir hefðu komið fram frá þjóðinni í þessa átt; en jeg get ekki neitað því, að jeg hef heyrt allmikla umkvörtun um, jeg vil ekki beinlínis segja, að reikningar þingmanna væru rangir, heldur að sumum þingmönnum væru undarlega mislagðar hendur með reikningana.

Mjer sýnist þetta ekki þurfa að lýsa tortryggni, og jeg álít, að það sje tvennt ólíkt, að fela þingmönnum á hendur fjárráð landssjóðs, og hitt, að láta þá sjálfa ákveða fje handa sjer, þó að reyndar hver einstakur ákveði ekki sinn eigin ferðakostnað. Vjer vitum allir, að þingið hefir stundum sett reikninga þingmanna niður að miklum mun, og þó hafa menn sagt, að sumir reikningar, sem hafa verið samþykktir, hafi verið óhæfilega háir.

Þar sem h. þm. Ísf. (S. St.) benti á, að sumar tölurnar væru svo óhæfilega lágar, að menn vildu ekki vinna til að

fara á þing, heldur mundu draga sig í hlje, þá virðist mjer þetta ekki vera ástæða til að fella frv. strax, heldur miklu fremur að nefnd sje sett, sem geti hækkað þá liði, sem of lágir kynnu að þykja, ef menn treysta sjer ekki til að gera það með breyt.till.

Árni Jónsson: Jeg skal geta þess, að mjer finnst yfir höfuð athugavert að fella strax frv., sem hefir gengið gegn um Ed. Þessi deild hefir nýlega fengið ámæli fyrir að fella við 1. umr. stjórnarfrv., sem hafði verið samþykkt í Ed. Vil jeg því, svo sem »brennt barn forðast eldinn«, leyfa mjer að ráða til, að deildin felli ekki frv. þetta nú þegar, því að ekki er hægt að neita því, að það hafði töluvert fylgi í Ed., og gæti jeg ímyndað mjer, að okkur þætti stundum eigi vel fara, ef h. Ed. felldi þegar frv. hjeðan, sem væru áhugamál þessarar deildar.

Jeg ímynda mjer, að þar sem þessi deild hefir haft svo mikið að starfa upp á síðkastið, þá sjeu menn ekki búnir að gera sjer ljósa hugmynd um þetta frv., nje heldur hvort ekki muni geta tekizt að breyta því til batnaðar.

Menn hafa talað um, að þetta væri ekki ósk þjóðarinnar. Það getur verið; en jeg vil þá halda því fram, að það hafi heldur ekki komið neinar óskir um að þetta yrði ekki að lögum. Víst er það, að eptir nálega hvert þing hafa verið umræður og óánægja yfir reikningum þingmanna, og menn hafa sagt, að þeir væru ekki allir eins og þeir ættu að vera. Jeg ímynda mjer, að mörgum þingmönnum mundi vera kærara að hafa fastákveðinn ferðakostnað, og þurfa ekki að taka á móti »kritik« í reikningum sínum, sem þeir hafa reynt að reikna sem lægst og sparsamlegast; einkum ímynda jeg mjer að svo sje um þá þingmenn, sem lengst eiga að sækja. Jeg get ekki sjeð, að það sje mistraustsvottorð, að hafa fastan ferðakostnað; jeg álít það eðlilegt, og að allir eigi að geta sætt sig við það.

Þetta er það, sem jeg vildi sagt hafa um frv. frá almennu sjónarmiði; en þá er eptir að ná samkomulagi um, hvaða upphæð sje hæfileg úr hverju kjördæmi. Ef mig minnir rjett, þá var í frv. 1887 ekki miðað við kjördæmi, heldur sveitir eða landshluta, og getur verið, að sumir kjósi enn heldur þessi ákvæði.

Af þessum ástæðum vil jeg leggja frv. liðsyrði og mæla með því, að það sje látið ganga til 2. umr. Mjer þætti heppilegast, að frv. væri vísað til nefndar þeirrar, er kosin hefir verið í skyldu máli, en ef mönnum lízt miður á það, vil jeg stinga upp á, að kosin sje 3 manna nefnd til að íhuga frv.

Þorlákur Guðmundsson: Að vísu álít jeg frv. þetta ekki bráðnauðsynlegt, en vil þó mæla með því, að það sje ekki fellt frá 2. umr. Mjer fannst h. þm. Ísf. (S. Stef.) nokkuð harðorður um frv. Jeg fæ ekki sjeð, að það sje mistraustsvottorð til þingmanna. Að því er tölurnar snertir, þá eru þær á valdi deildarinnar, sem getur fært þær upp, ef þörf þykir, og geta þær því ekki verið nein grýla fyrir h. þingd.m., enda má hafa hina eldri reikninga þingmanna til hliðsjónar.

Þar sem h. þm. Ísf. (S. Stef.) talaði um, að menn hefðu fundið að reikningum, sem þingmenn hefðu geta sýnt fullar kvitteringar fyrir, þá vil jeg geta þess, að menn geta vel sýnt kvittieringar fyrir hverjum einstökum lið og reikningarnir allt um það verið ósanngjarnir. Menn geta ferðast of flott, haft 2 fylgdarmenn, óþarflega marga hesta, of stuttar dagleiðir.

Það er mikið rjett, að ekki hafa kom-

ið fram almennar umkvartanir yfir reikningum þingmanna, en dálítið hefur þó verið rætt um það í blöðum og annarstaðar. Jeg álít ekki rjett, að hafa tölurnar svo lágar, að fátækir þingmenn verði að sitja heima, en ef upphæðin er fast ákveðin, þá eru menn lausir við allar eptirtölur.

Jeg vil leggja það til, að frv. sje vísað til 2. umr. og að kosin sje sjerstök nefnd í málið.

ATKVÆÐAGR.: Það var fellt að vísa málinu til nefndar þeirrar, er kosin var til að íhuga frv. til laga um breytingar á kosningum til alþingis.

Þriggja manna nefnd var samþykkt. Vegna óljósrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
Árni Jónsson,	Benid. Sveinsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Halldórsson.
Jens Pálsson,	Indriði Einarsson,
Jón Jónssnn N.-M.	Lárus Halldórsson,
Jón Jónsson N.-Þ.	Ólafur Pálsson,
Jón Þórarinsson,	Sigurður Gunnarss.
Ólafur Briem,	Sigurður Stefánsson,
Ólafur Ólafsson,	Skúli Thoroddsen,
Páll Briem,	Sveinn Eiríksson,
Þorl. Guðmundsson.	

Kosnir voru:

Árni Jónsson með	9 atkv.
Jón Þórarinsson með	9 —
Þorlákur Guðmundsson með	8 —

Var 1. umr. svo frestað.

Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 11. júlí 1890, um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi o. fl., (C. 198); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Gunnarsson): Jeg hef leyft mjer að slá mjer saman við h. þm. A.- og V.-Skapt. (Sv. E. og Ól. P.) til að bera fram þetta frv. hjer í deildinni. Þessu máli var lauslega hreyft hjer á þingi 1889, en varð ekki til lykta leitt af því, að talsverðan undirbúning vantaði. H. d. hefur nú haft tækifæri til að kynna sjer undirbúning málsins, sem liggur frammi á lestrarsalnum.

Það er kunnugt, að þegar það kom til tals, að skipta Norður- og Austuramtinu, þá óskuðu Austur-Skaptfellingar af heilum hug að sameinast Austuramtinu, í stað þess að vera í Suðuramtinu.

Jeg ímynda mjer, að það sje óþarfi að fjölyrða um þetta mál, því að allir þeir, sem þekkja til staðhátta og landshátta þar um slóðir, munu játa, að það er Austur-Skaptfellingum miklu ljettara og hollara, að sameinast austuramtinu.

Jeg gat þess áðan, að þingm. hefðu átt kost á að kynna sjer undirbúning málsins, og munu þeir hafa sjeð, að hjer liggja frammi margar bænaskrár með undirskriptum frá öllum hreppum sýslunnar. Ennfremur hefur sýslunefndin tekið málið til löglegrar meðferðar og sýslumaður og amtsráð hafa gefið því hin beztu meðmæli.

Af því fundurinn er þegar orðinn alllangur skal jeg ekki eyða fleiri orðum um þetta mál, en vona að h. deild samþykki að vísa því til 2. umr., og álít jeg óþarft að stinga upp á nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tuttugasti og sjöundi fundur, laugardaginn 1. ágúst kl. 12 á hádegi.

Allir á fundi nema 2. þm. N.-Múl. (Þ. K.), sem var veikur.

Forseti skýrði frá, að í nefndinni, sem sett hafði verið til að íhuga frv

til laga um iðnaðarnám, væri kosinn formaður Páll Briem, en skrifari Ólafur Ólafsson.

Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla, (C. 206); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Jeg hefi heyrt það á ýmsum h. þingd.m., að þá furðaði æði mikið á því, að þetta mál skuli koma fyrir þingið enn einu sinni, eins og þeir segja. Það er satt, að mál þetta var borið upp hjer í deildinni á þinginu 1887, og var það þá fellt við 3. umr. með 13 atkvæðum gegn 9. En nokkrir, sem greiddu atkvæði á móti málinu þá, hafa sagt mjer síðan, að ef þeir hefðu verið búnir að kynna sjer allar ástæður málsins nákvæmlega, þá mundu þeir ekki hafa orðið á móti því.

Þetta mál sýnist ofur-einfalt, þar sem hjer er að eins farið fram á að lækka árgjaldsgreiðslu af einu prestakalli, og það kann að sýnast heldur vonlaust, að slíkt frv. nái nú fram að ganga; þó er jeg viss um, að hver þingmaður, sem vill kynna sjer nákvæmlega þær ástæður, sem mæla með máli þessu, mun gefa mjer rjett í því, að það er engin furða, þó það komi aptur og aptur fyrir þingið.

Hjer er að eins um það að ræða, að lækka óeðlilega hátt árgjald, sem hvílir á Staðarprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi, sem engum mundi nú detta í hug að leggja á þetta prestakall, og það, sem er enn merkilegra, sem heldur aldrei neinum hefur dottið í hug að leggja á það. Það er ótrúlegt en það er þó satt, að það hefur aldrei legið fyrir alþingi nein uppástunga um að leggja 400 kr. árgjald á Staðarprestakall á Reykjanesi, og þetta árgjald hefur heldur aldrei verið samþykkt af alþingi. Þetta er að vísu ótrúlegt, og jeg ætlast heldur ekki til, að menn trúi þessu eingöngu fyrir mín orð; en jeg ætlast til þes, að hver einasti þingdm. áliti skyldu sína að rannsaka alla málavöxtu, sem hjer að lúta, áður en hann hrindir málinu frá sjer. Ef svo einhver getur sýnt mjer og sannað af alþingistíðindunum, að þetta mál sje komið inn í prestakallalögin á löglegan hátt, á þann hátt sem þingsköp alþingis fyrirskipa sem þann eina veg, til þess að nokkurt ákvæði geti komizt inn í lögin, þá skal jeg taka frv. þetta aptur, og stuðla til þess fyrir mitt leyti, að alþingi verði ekki optar ónáðað með þessu máli. En geti enginn þingmaður sýnt þetta og sannað, af því það er ómögulegt, sannist það aptur á móti, að ákvæðið um árgjald þetta sje komið inn í lögin fyrir misskilning, að hjer liggi fyrir prentvilla, eða ritvilla, sem sje að kenna gáleysi þá verandi þingskrifara eða skrifstofustjóra, þá vona jeg, að allir virði fátækum presti það til vorkunnar, þó hann vilji losast við þetta gjald og leiti til þingsins í þeirri von, að mæta þar sanngirni. Það er allt annað en skemmtilegt fyrir mig að þurfa að vera að bera þetta mál hjer fram aptur og aptur. Jeg gjöri það sannarlega ekki að gamni mínu; en mjer finnst það vera bein skylda mín; jeg veit bezt, hve erfitt presturinn á með að borga þetta gjald, og mjer er bezt kunnugt um, hve óeðlilega hátt það er. Presturinn hefur nú borgað þetta gjald algjörlega fyrir öll undanfarin ár; hann ætlast ekki til að fá það eptir gefið, sem áfallið er, en hann vonast til, að alþingi þyki nú nóg komið og sýni sjer nú þá sanngirni, að losa sig hjer eptir við þetta árgjald, sem aldrei var meining þingsins að leggja á prestakall hans. Í þetta skipti

liggur fyrir þinginu bænaskrá frá sóknarmönnum hans um, að losa prest þeirra alveg við gjaldið, og jeg get vottað að það er satt sem þeir segja, að hann hefur orðið að veðsetja búpening sinn til að fá lán og kvitta árgjaldsskuld sína við landssjóð. Það er jeg, sem hef tekið það upp hjá sjálfum mjer, að fara ekki fram á fullkomið afnám árgjaldsins, heldur að fá það lækkað um helming; hef jeg gjört það af því, að jeg vil þó heldur nokkra leiðrjetting en enga á þessum ójöfnuði, sem prestur þessi verður fyrir.

Lárus Halldórsson: Það hlýtur að vera satt, sem h. flutningsmaður (Sig. Jenss.) tók fram, að það sje ekki skemmtilegt fyrir hann, að vera að bera mál þetta fram hvað eptir annað, og jeg skal á hinn bóginn taka það fram, að það er sannarlega ekki heldur skemmtilegt, að fá svona mál hvað eptir annað inn á þing frá prestastjett landsins. Um það, hvernig ákvæðið um árgjald þetta er komið inn í lögin, er mjer ókunnugt. Jeg hefi ekki rannsakað það; en eitt er víst, og það er, að ákvæðið er í lögunum. H. flutningsm. (Sig. Jenss.) lagði einkum áherzlu á tvennt, sem ætti að mæla með þessu máli. Hann áleit fyrst og fremst, að 400 kr. árgjald af Staðarprestakalli væri of hátt og ósanngjarnt. Jeg hefi þó allt af heyrt, að þetta prestakall væri eitt með tekjumeiri prestaköllum á landinu, og því hefi jeg haldið, að ekki væri frágangssök, að greiða af því þetta gjald. En svo er eitt ráð fyrir prestinn, til að losast við þetta gjald, og það er, að sækja um annað brauð. Þá má sjá, hvort enginn sækir um þetta prestakall aptur. Annars fannst mjer h. flutningsm. (S. Jenss.) leggja enn meiri áherzlu á hitt atriðið, hina formlegu hlið þessa máls. Hann sagði, að ef menn gætu sannfært sig um, að þetta gjald væri komið inn í lögin á löglegan hátt á þinginu, þá skyldi hann vera á móti málinu. Það er þá ekki lengur sanngirnisástæðan, sem áherzlan er lögð á, en hún finnst mjer að ætti þó að vera aðalástæðan, því ef það væri í alla staði sanngjarnt, að losa prestinn við gjaldið, þá sje jeg ekki betur en að breyta mætti þessu ákvæði í lögunum, þótt það væri komið löglega inn í þau.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Jeg skal svara h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) fáeinum orðum. Það er auðsjeð, að hann er ekki kunnugur ástæðunum fyrir þessu máli, en eins og jeg sagði áðan, álít jeg nauðsynlegt, að hver þm. kynni sjer ástæðurnar, áður en hann greiðir atkvæði á móti málinu. Hann veit ekki, hvernig ákvæðið um gjald þetta er komið inn í lögin, en það ætti hann, eins og aðrir, sannarlega að kynna sjer, áður en hann hrindir málinu. Hann talaði um, að hann hefði heyrt að prestakall þetta mundi vera eitt meðal hinna tekjumeiri hjer á landi; einnig þetta þarf þm. að kynna sjer betur, áður en hann dæmir um, hvort prestakallið getur borið þetta árgjald. Hvað það snertir, að presturinn geti sókt burt frá brauðinu, þá skal jeg geta þess, að hann hefir sókt, og viljað komast burtu, en ekki getað fengið annað brauð, því, eins og h. þingdm. veit, er ekki svo auðvelt, einkum fyrir presta, sem farnir eru að eldast, að fá önnur brauð, síðan hin nýju prestakosningalög komu í gildi. Hann tók það fram, að jeg hefði einkum lagt áherzluna á hina formlegu hlið málsins. Jeg játa það; en það er af því, að mjer hefði aldrei komið til hugar að fara fram á það, að fá árgjaldið lækkað, ef ekki hefði verið þessi sjerstaka ástæða fyrir þingið til að sinna máli þessu,

nfl. sú, að þingið hefir í raun og veru aldrei lagt þetta gjald á brauðið.

Lárus Halldórsson: Mætti jeg ekki biðja h. flutningsm. (Sig. J.), sem mun vera prófastur í því prófastdæmi, sem hjer ræðir um, að gefa upplýsingar um, hve hátt Staðarprestakall er metið, til þess að þingdm. geti myndað sjer sannfæringu um málið nú, ef þeir ekki hafa hana áður, því ef það sannast, að þetta gjald sje ósanngjarnt og alveg afleitt eptir tekjum brauðsins, þá er sjálfsagt full ástæða, til að gefa gjaldið alveg eptir, eins og gjört hefir verið áður, t. d. þegar árgjaldið var tekið af Laufásprestakalli. Sannist það, að gjaldið sje alveg afleitt, þá er ekki að eins ástæða til að minnka það, heldur jafnvel til að aftaka það með öllu, og ef það verður sannað, að hin formlega hlið málsins sje svo gölluð, að þetta megi ekki heita lög, þótt það sje í lögum, þá ætti gjaldið líka að falla alveg niður. En meðan þetta ekki er sannað, og frv. er eins og það er, greiði jeg atkvæði á móti því.

Flutningsmuður (Sigurður Jensson): Sem stendur fer jeg ekki fram á annað en að málinu verði vísað til 2. umr. Það er ekki hægt að gefa allar þessar upplýsingar, sem þm. óskar, hjer, meðan á umræðunum stendur; jeg hef meðal annars ekki hjer hjá mjer sundurliðað mat brauðsins, en jeg er fús á, að gefa h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) og öðrum h. þingdm. allar nauðsynlegar upplýsingar um málið milli umræðnanna, og sje þm. alvara að vilja kynna sjer þær, þá vona jeg að hann lofi málinu til 2. umr. En það er ekki rjett af þm., að vilja ekki rannsaka, hvernig þetta árgjald er til komið og gefa mjer ekki tækifæri til að sýna honum það af alþingistíðindunum. Jeg vona að minnsta kosti, að aðrir þingm. verði svo sanngjarnir, að lofa þessu máli að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
B. Sveinsson,	Árni Jónsson,
Indriði Einarsson,	Eiríkur Briem,
Jón Þórarisson,	Gunnar Halldórss.,
Jónas Jónassen,	Jens Pálsson,
Ólafur Ólafsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson N.-Þ.,
Sigurður Stefánss.,	Lárus Halldórsson,
Skúli Thoroddsen.	Ólafur Briem,
Sveinn Eiríksson,	Ólafur Pálsson,
	Páll Briem,
	Þorl. Guðmundsson.

Frumv. til laga um afnám konungsúrskurður 17. marz 1882 (C. 235); 1. umr.

Flutningsm. (Sigurður Stefánsson): Við höfum leyft okkur að koma fram með frumv. þetta, sem ekki er mikið fyrirferðar, því það sýnist óeðlilegt, að konungsúrskurður sá, sem hjer ræðir um, um danskar messugjörðir í Reykjavíkur dómkirkju, skuli vera enn í gildi, þar sem allar þær ástæður, sem áður kunna að hafa verið til að halda uppi dönskum messum í höfuðstaðnum, eru horfnar. Jeg vona, að jeg þurfi ekki að mæla frekar með þessu máli, því jeg verð að álíta, að það mæli með sjer sjálft.

Landshöfðingi: Mjer virðist mál það, sem hjer ræðir um, ekki vera löggjafarmálefni, heldur að eins umboðslegt málefni. Konungsúrsk. frá 17. marz 1882 fer eigi fram á annað, en að gjöra dómkirkjuprestinum að skyldu, að messa á dönsku 8 sinnum á ári, en þó þannig, að íslenzkar messur falli ekki niður fyrir það, hvorki á sunnudögum nje

öðrum helgidögum. Kgsúrsk. snertir þannig auðsjáanlega eingöngu dómkirkjuprestinn en ekki söfnuðinn, og virðist því ekki koma löggjafarvaldinu við. Þessi athugasemd mín snertir hina formlegu hlið málsins. En að því er aðalefni málsins snertir, skal jeg líka taka það fram, að jeg álít, að danskar messur sjeu nú orðnar með öllu óþarfar, þar sem ekki eru nema örfáir menn hjer í höfuðstaðnum, sem ekki hafa full not af íslenzkum messum. Ef dómkirkjupresturinn þess vegna vill fara fram á, að losast við þá kvöð, sem nefndur kgsúrsk. leggur honum á herðar, skal ekki vanta meðmæli frá minni hálfu með beiðni hans.

Flutningsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg skal játa, að jeg athugaði ekki þessa mótbáru hæstv. landsh. fyrir fram. Jeg áleit, að afnema mætti með lögum þennan kgsúrsk., eins og þingið hefir áður afnumið kgsúrsk. með lögum, t. d. á þessu þingi kgsúrsk., er snerti Ásmundarstaðakirkju. En eptir orðum hæstv. landsh. sje jeg ekki ástæðu til að halda frumv. þessu fram, ef h. samflutningsm. minn (Sk. Th.) að frv. er á sama máli.

Skúli Thoroddsen: Af því jeg er annar flutningsm. þessa frumv., skal jeg taka það fram, að jeg er ekki á móti því, að þetta frumv. verði tekið aptur, svo framarlega sem hæstv. landsh. vildi leggja góð orð til, að þingsályktunartillögu, er fram kynni að koma um þetta mál, yrði vel tekið af stjórninni.

Landshöfðingi: Jeg verð að halda því fram, að mál þetta komi engum við, nema umboðsvaldinu og dómkirkjuprestiuum. Reykjavíkursöfnuði má standa á sama, þótt danskar messur fari fram nokkrum sinnum í dómkirkjunni á ári, þegar söfnuðurinn missir engar messur við það. Annars get jeg ekki sjeð, að það sje fremur hneykslanlegt, að messa á dönsku í Reykjavík, heldur en t. d. að messa á dönsku í London og Hull og víðar, eða á norsku t. d. í Leith og Glasgow.

En eins og jeg tók fram áðan, þá mun jeg mæla með því, að danskar messur verði afmundar í dómkirkjunni, ef dómkirkjupresturinn fer fram á það.

Forseti lýsti því yfir, að frumv. væri úr sögunni, þar sem flutningsm hefðu tekið það aptur.

Frumv. til laga um lögaldur (C. 274); 1. umr.

Flutningsm. (Jens Pálsson): Eins og h. þm. muna, var á þingi 1889 samið og samþ. frumv. til laga um lögaldur. Þetta frumv., sem jeg og h. þm. Eyf. (Sk. Th.) höfum leyft okkur að koma með, er nokkuð breytt frá því, sem hitt var, og ekki alveg í sömu stefnu, þótt þau annars sjeu nokkuð lík.

Frumv. frá síðasta þingi fór fram á, að færa fullmyndugleikatakmarkið niður að 21 árs aldri, og í öðru lagi að afnema hálfmyndugleikann, sem nú nær yfir 7 ára tímabil, frá 18—25 ára aldurs.

Hvað hinu fyrra viðvíkur, að færa aldurstakmark til myndugleika niður í 21 árs aldur í staðinn fyrir 25 ára, þá álít jeg það hefði verið til mikilla bóta og framfara, af því menn hefðu með því móti orðið fullmyndugir fyr; en að nema burtu hálfmyndugleikann frá 18 til 21 árs, virðist mjer vera ímissir, því þar með væru menn í þessi 3 ár sviptir þeim persónulega myndugleika, sem þeir nú hafa og gætu engin umráð haft yfir fjárhag sínum. — Þetta frumvarp fjekk ekki staðfestingu konungs og landshöfðingi gat ekki verið því meðmæltur; þær ástæður, sem landshöfðingi tók fram til þess, má sjá í B.-deild Stjórnartíðindanna fyrir 1890 bls. 83. Þar tekur landshöfðingi það einmitt fram, að það

sje varhugavert að svipta menn öllu fjárforræði til 21 árs, þar sem menn nú ná persónulegum myndugleika 18 ára, og umráðum yfir eigum sínum, og svo sje líka það, að menn mega ráða sig í vist 16 ára, en að binda þetta allt við 21 árs aldur hlyti að hafa óheppilegar afleiðinnar; með því móti þyrftu líka bú að koma miklu optar til skiptameðferðar en ella. Við flutningsmennirnir vildum taka þessar athugasemdir hæstv. landsh. sem mest til greina. Að binda myndugleikatakmarkið við 20 ára aldur, var fyrst aftekið með tilskipun 21. desbr. 1831, sem enn er í gildi, en sem jeg held jeg megi fullyrða, að sje þó ekki enn komin fyllilega inn í meðvitund þjóðarinnar, sem sjá má á því, að það er almennt, að menn tvítugir að aldri gjöra samninga og ráðast í ýms mikilsverð fyrirtæki, sem myndugir væru, þrátt fyrir það, þó tvítugir menn sjeu ekki samningsbærir upp á eigið eindæmi. Þar sem þetta er venja, þá gæti vel svo farið, að menn sem hefðu viðskipti við 23—24 ára yngismenn, og gjörðu við þá samning, gætu orðið fyrir miklum skaða, ef hinir vildu nota sjer af því, að viðskiptin væru ekki lögleg, þar eð þeir væru ekki fullmyndugir. Mjer virðist það miklu heppilegra og gagnlegra að menn yrðu myndugir 20 ára, með sjerstöku tilliti til þess, að mönnum er heimilt að kvongast, reisa bú, gjörast borgarar í mannfjelaginu og takast margvíslegan starfa á hendur á tvítugsaldri: jafnvel geta menn komizt í embætti, áður en þeir verða 25 ára. Þannig fá margir prestar aldursleyfi 23 ára og ef til vill yngri. Og þá get jeg ekki betur sjeð en það sje bæði ósanngjarnt og óviðurkvæmilegt, að menn geti orðið embættismenn, áður en þeir ná myndugleika aldri. Og sömuleiðis virðist mjer það ósanngjarnt og óviðurkvæmilegt, að menn geti gipt sig, orðið familíufeður, tekið jörð og sett bú, án þess að vera myndugir.

Karlmenn mega giptast 20 ára, en konur 16 ára, og það var með tilliti til þessa, að 20 ára fullmyndugleika aldurstakmarkið var valið. En 16 ára hálfmyndugleikatakmarkið var sett bæði með tilliti til þessa og svo hins, að menn 16 ára að aldri mega ráða sig í vistir, og ráða yfir vinnuarði sínum, sem þeir fá á þessum árum. Af því það er sannfæring okkar, að þetta frumv. sje þarflegt og gagnlegt, þá álitum við það rjett, að bera það fram, enda mun það vera ósk manna víða, jeg veit að það er að minnsta kosti í mínu kjördæmi, að þetta fái framgang. Að því er snertir frv. sjálft, þá höfum við reynt að sigla fyrir þau sker, sem ástæðar hæstv. landsh. gegn lögaldursfrumv. síðasta þings bentu á. En hvað við víkur ástæðu þeirri, sem ráðgjafinn tók fram, að þessi lög gætu ekki öðlazt staðfestingu, af því slík lög væru ekki enn komin á í Danmörku, þá gátum við ekki látið jafn ljettvæga ástæðu aptra okkur frá því, að bera þetta frumv. fram; og þar sem við vonum, að þessi breyting verði að álítast til mikilla bóta, þá treystum við því, að það út af fyrir sig, að svipuð eða sams konar lög ekki eru komin á í Danmörku, geti ekki orðið því til fyrirstöðu, að frumv. þetta nái staðfestingu konungs.

Páll Briem: Jeg varð til þess á síðasta þingi ásamt tveimur öðrum, að koma fram með frumv., sem miðaði til þess að breyta gildandi lögum um myndugleika, en það fór í allt aðra átt en þetta frumv., sem hjer liggur fyrir. Jeg get ekki gefið svo löguðu frumv. atkvæði mitt, því að það er svo langt frá að bæta úr göllum þeim, sem eru á núgildandi lögum um myndugleika, að það miklu fremur eykur þá.

Jeg skil ekki í, hvernig h. þm. Dal.

(J. P.) gat talað um »framför« í sambandi við þetta frumv. Er það framför, að láta menn fá myndugleik á sem yngstum aldri? Et svo væri, væri sú framförin mest, að gjöra óvita börn myndug. Nei, í svona frumv. er hvorki um framför nje apturför að ræða, heldur hvað heppilegast og hollast er fyrir einstaklinginn og þjóðfjelagið í heild sinni, en það er, að þeim sje ekki veitt full fjárráð, fyr en þeir hafa fullt vit á því og meðvitund um þá ábyrgð, er því fylgi.

Tilgangur minn með að koma fram með frumv. um lögaldur á síðasta þingi, var að koma í veg fyrir rjettaróvissu þá, sem stafar af því, að menn eru í 7 ár hálfmyndugir; það eru margir hálfmyndugir, sem ekki hafa neinn tilsjónarmann, en þá eru samningar þeirra ógildir. Það hefir jafnvel komið fyrir, að sýslumenn hafa sent frá sjer kvitteringar fyrir fjárhaldi, undirritaðar af þessum hálfmyndugu mönnum án tilsjónarmanns. En auk þess að fyrirbyggja þessa rjettaróvissu, var það tilgangur minn, að vernda hina ungu.

Menn fara ekki í sjálfstæða stöðu fyrri en þeir eru 21 árs; þangað til eru menn að búa sig undir lífið. En þegar menn hafa lokið þessum undirbúningi, þá fyrst hafa menn fullt vit og þörf á að stjórna fje sínu sjálfir. En þá er líka einkar-áríðandi, að menn hafi full fjárráð, án nokkurs tilsjónarmanns. Þar sem jeg fór fram á að gjöra menn fullmynduga, þegar þeir eru 21 árs, þá er það samkvæmt þeirri stefnu, sem nú er að ryðja sjer til rúms hvervetna í hinum menntaða heimi, og jeg álít, að á þeim aldri hafi menn vit á að stjórna fje sínu.

Eptir því sem jeg þekki til á Norður- og Vesturlandi, eru menn almennt ekki meira þroskaðir en svo, þegar þeir eru 18 ára, að þeir skrifa nöfn sín undir áríðandi skuldbindingar og samninga, án þess að hafa hugmynd um, hvað í þeim standi. Auðvitað verður opt ekkert tjón af þessu, þegar skyldmenni eða vandaðir menn eiga hlut að máli; en það eru hins vegar dæmi til þess, að menn hafa ekki fengið arf sinn borgaðan út vegna þessa. Ennfremur er það óheppilegt, að rjettur tilsjónarmanna hálfmyndugra er svo óákveðinn, og að þeir standa ekki undir umsjón hins opinbera. Ef tilsjónarmenn tregðast við að borga, þegar skjólstæðingar þeirra verða fullmyndugir, þá er ekki um annað að gjöra en að fara í mál út úr því, en opt vill verða erfitt að ná fjenu, ef það er ekki tryggt með veði.

Af þessum ástæðum get jeg ekki greitt atkvæði með frumv. nema því sje breytt.

Skúli Thoroddsen: Fyrir oss flutningsm. vakti hið sama sem fyrir h. þm. Snæf. (P. Br.); við álítum óheppilegt, að menn væru ekki fullmyndugir, er þeir reisa bú. Það er nú almennt, að hálfmyndugir menn gjöri samninga, jafnvel um jarðakaup, án þess að hafa tilsjónarmenn, og getur þetta opt valdið miklum deilum og glundroða, ef til dómstólanna kemur.

Jeg fæ ekki skilið annað en að frá sjónarmiði h. þm. Snæf. (P. Br.) sje þetta frumv. nokkur rjettarbót; með því verða menn þó ekki hálfmyndugir nema 4 ár, þar sem nú mun álitið, að menn sjeu hálfmyndugir frá 18—25 ára að aldri; en annars er okkur flutningsm. það ekkert kappsmál, hvort menn vilja setja takmarkið við 16 eða 18 ára aldur og höfum ekkert á móti breytingum í þá átt, ef aðalatriðið er óbreytt, en það er, að menn verði fullmyndugir 20 ára, eða 21 árs, ef h. deildarmenn kysu heldur að breyta frumv. í þá átt.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði (C. 272); 1. umr.

Flutningsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg vil leyfa mjer að óska, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á 14. og 15. gr. stjórnarskrarinnar og 18. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis (C. 227); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Ólafsson): Eins og h. deild er kunnugt, er það ekki í fyrsta sinn sem þetta mál kemur inn á þing, heldur þriðja sinn.

Fyrst kom það fram 1887, en var öðru vísi en nú; þá var farið fram á að fjölga þingm. í Ed., en fækka í Nd. Það var þá samþykkt í Nd. og einnig í Ed.; reyndar voru allir hinir konungkjörnu þar á móti frumv., að þeim einum undanteknum, sem þá var forseti, en þegar til stjórnarinnar kom neitaði hún að samþykkja það, og eru ástæður stjórnarinnar tilfærðar í ráðgjafabrj. 18. febr. 1888. Aðalástæðan var sú, að lögin raski hlutfallinu milli deildanna og í öðru lagi kvaðst stjórnin ekki vilja staðfesta þann misskilning, sem forvígismenn stjórnarskrárbreytingarinnar hafi breitt út, að hinir konungkjörnu myndi flokk.

Jeg veit nú ekki hvaðan þessi speki er komin stjórninni, en þetta sýnir þó, að stjórnin þykist ekki ætíð alveg ókunnug um ástandið á Íslandi, og jeg vildi óska að stjórnin væri svona kunnug öllum kringumstæðum í landinu.

Síðan var málið tekið upp á Þingvallafundi og ýmsum þingmálafundum og svo enn á alþingi 1889, en þá var farið fram á að fjölga þingm. í báðum deildum, 2 í Ed. og 4 í Nd., og var það gert til þess að synda fyrir þau sker, sem lögin höfðu strandað á hjá stjórninni. Í þetta skipti dagaði frumv. upp í Ed., jeg veit ekki hvers vegna, má vera af því að hinum konungkjörnu hafi dottið í hug að stjórnin mundi þá líta öðru vísi á málið en 1887; þeir hafa til vill verið hræddir um, að stjórnin mundi samþykkja það, þegar þeir agnúar voru sneiddir af því, sem stjórninni þóttu á vera 1888.

Nú kemur frumv. þetta enn fram og er það nú í sömu mynd og 1889.

Hvers vegna kemur frv. þetta fram þing eptir þing þrisvar sinnum í röð? Það er af því að þjóðin er sannfærð um að hinir konungkjörnu þm. myndi fastan flokk; það dugir ekki að draga dul á þetta; menn álíta að þeir myndi fastan flokk, sem geti meinað áhugamálum þjóðarinnar að koma fyrir eyru h. h. konungsins. Jeg veit, að stjórnin neitar þessu; hinir háttvirtu konungkjörnu þingm. neita því sjálfir og hæstv. landshöfðingi einnig. En hefur þjóðin þá nokkurt gilt vitni að bera fram móti öllum þessum neitunum? Já, hún hefir eitt vitni, sem allt af hefir verið talið gilt í öllum heiminum, en það er reynslan. Það er reynsla fyrir því, að hinir konungkjörnu þm. mynda flokk.

Það er ekki mín meining, að álasa hinum konungkjörnu þingm. Þeir hafa opt haft ýmsa yfirburði fram yfir hina þjóðkjörnu. Þeir hafa meiri reynslu og þekkingu en margir þjóðkjörnir þingmenn, en til allrar ógæfu líta þeir á málin frá allt annari hlið en hinir þjóðkjörnu. Jeg held líka, að stjórnin hafi óbeinlínis játað að hún ætlast til, að hinir konungkj. þingm. myndi flokk. Hvað hef jeg fyrir mjer í þessu? Jeg hef það fyrir mjer, að ef svo hefir farið, að einhver hinna konungkj. þingm. hefir

slæðzt yfir í flokk hinna þjóðkjörnu, þá hefir stjórnin skoðað hann sem glataðan son, sem frávilltan sauð, og ekki kosið þann hinn sama mann aptur. Það er hægt að nefna dæmi þessa, ef vill.

Jeg get ekki sjeð, að það sje nein hætta, þó hinir þjóðkjörnu sjeu í meiri hluta í báðum deildum, því þótt málin væru samþykkt í báðum deildum, þá hefur stjórnin ótakmarkað neitunarvald. Jeg sje heldur ekki betur en að hinir konungkj. þingm. geti brúkað reynslu sína, stillingu, staðfestu og þekkingu til annars en að fella frumv.; þeir geta lagfært þau og bætt. Þegar þeir bana frumv., taka þeir eðlilegan rjett frá þjóðinni, þar sem hún fær ekki að láta til sín heyra.

Einn af hinum konungkjörnu þingm. hefir nú á þingi borið fram mjer liggur við að segja »12 álna langt og tírætt« frumv. um kosningar til alþingis, en hann hefur verið þessu frumv. mótfallinn. Mjer dettur þá ósjálfrátt í hug aðferðin, sem foreldrar hafa til að fá krakkana til að vera í rúminu eða til að vera þekka; þau gefa þeim sykurmola eða fá þeim fallegt gull til að leika sjer að, svo þau gleymi því, sem þau hafa verið að biðja um.

Þegar efnt er til nýrra kosninga, er það til þess, að vilji þjóðarinnar geti komið fram, en jeg sje ekki hvernig það getur orðið með því fyrirkomulagi sem nú er, þar sem einir 6 þingm. geta skotið sterkum slagbröndum fyrir það, að vilji þjóðarinnar nái út yfir pollinn til stjórnarinnar. Nú komast ekki önnur frumv. frá þinginu en þau, sem hinir konungkj. þingm. leyfa það af náð sinni.

Jeg veit reyndar, að stjórnin bindur ekki sannfæringu manna, eða leggur höpt á hana; hún gefur ekki »imperativt mandat«, en þó er það svo, að þegar hún kýs menn á þing, þá rennir hún ekki blint í sjóinn; hún hefur sýnt, að hún tekur þá eina, sem hún er sannfærð um að reynist dyggir fylgifiskar hennar. Jeg lái stjórninni ekki þetta, því að þjóðin hefur sömu aðferð; hún kýs þá eina sem hún hefur traust á, en einmitt þetta er meðmæli með frumv., sýnir, hve nauðsynlegt það er, að hinir þjóðkjörnu sjeu í meiri hluta.

Jeg get búizt við þeirri mótbáru, að þetta frumv. hafi mikinn kostnað í för með sjer. Það er satt; jeg vil spara, en jeg álít ekki rjett að horfa í skildinginn, þegar um hagsmuni og sanna farsæld þjóðarinnar er að ræða, þegar um það er að ræða, að efla rjettindi hennar, og jeg er sannfærður um, að þjóðin kvartar ekki yfir þessum útgjöldum, heldur álítur að þeim sje vel varið, þar sem þau miða að því, að tryggja rjett hennar.

Jeg get búizt við því, að einhver rísi upp t. d. í blöðunum og fari að prjedika um, hve skaðlegt það sje að ausa svona út peningum, tali um krónutölurnar, en ekki um, til hvers þeim sje varið. Þau breiðu spjótin eru nú farin að tíðkast. Jeg veit einnig, að sumir munu segja, að þessi þingm.fjölgun sje óþörf vegna mannfjöldans, en jeg vil þó geta þess, að mannfjöldinn hefir breytzt síðan kosningarlögin voru samin. Jeg tek t. d. Árnessýslu, af því jeg þekki hana bezt; hún hefir eptir mannfjölda fullan rjett til að kjósa 3 þingm. í samanburði við aðrar sýslur, Reykjavík ætti að hafa 2 þingm. eptir fólksfjölda, Akureyri og Isafjörður 1.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, fyr en jeg heyri undirtektir manna.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Frumv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 187); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2. gr. samþykkt með 17 : 1 atkv. hvor; 3. gr. samþykkt með 18 : 1 atkv.; 4.—5. gr. samþ. með 18 atkv. hvor.

Frumv. vísað til 3. umr. með 17 : 1 atkv.

Tillaga til þingsdlyktunar um kennaramenntun (C. 256); fyrri umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Hið íslenzka kennarafjelag tók mál þetta til meðferðar á aðalfundi sínum í vor, og er það eptir áskorun þess fundar, sem jeg flyt það hjer fram. Jeg skal ekki fara um það mörgum orðum í þetta skipti, hve nauðsynlegt þetta mál er, því það er þegar fyrir löngu útrætt í öðrum löndum og nauðsyn þess viðurkennd. Það er um allan heim viðurkennt, að kennaramenntunin sje undirstaða menntunar almennings, en menntun almennings skilyrði fyrir verulegum þjóðþrifum. En spursmálið er, hvort vjer stöndum eins að vígi gagnvart þessu máli, eins og aðrar þjóðir. Svo mun eigi vera að öllu leyti, því óhætt er að fullyrða, að alþýðumenntunin hafi hjer á landi að minna leyti verið í höndum skólakennara en heimila landsins. En þessi menntun er á hinum síðustu áratugum að færast meira og meira í hendur sjerstakra manna, og kemur þetta eflaust til af því, að mönnum er farið að skiljast, að það sje nauðsynlegt, að hafa sjerstaka menn til að kenna börnunum. Það eru ekki mörg ár síðan að alþingi fór að hafa afskipti af alþýðumenntuninni, en síðan hefur barnakennsla farið í vöxt með sjerstökum kennurum, og með vaxandi framlagi úr landssjóði vex einnig tala kennaranna. Eptir síðustu skýrslum munu þeir vera orðnir um 100, og mjer hefur talizt til, að börn, sem notið hafa tilsagnar hjá sjerstökum kennurum, er laun hafa tekið að einhverju leyti úr landssjóði, hafi verið um 2000 næstliðið ár. Menn þurfa ekki að vita meira en þetta, til að ganga úr skugga um, að löggjafarvaldið hefur ekki einungis rjett til, heldur er skyldugt til að hafa nokkuð hönd í bagga og sjá um, að það fje, sem það leggur fram til alþýðumenntunarinnar, beri ávöxt og sje vel varið.

Löggjafarvaldið hefur hingað til leitazt við, að tryggja það, að þessu fje væri ekki kastað á glæ, með því að heimta, að styrkurinn sje bundinn þeim skilyrðum, að börnin læri það og það, og skólarnir sjeu svo og svo. En þetta eru ónóg skilyrði, því að í þeim er eigi fólgin nægileg trygging. Það er ekki nóg að heimta, að þetta og þetta sje kennt, ekki nóg að vita, hvað kennt er, heldur einnig, hvernig kennt er. Tryggingin er eigi nægileg, fyr en vissa er fengin fyrir því, að þeir menn, sem framkvæma þetta starf, sjeu vel til þess færir.

Jeg skal taka það fram, viðvíkjandi forminu á þessari till., að mjer þætti æskilegt, að hæstv. landsh. vildi gefa bendingu um, hvort það væri þannig, að till. fyrir þess sakir gæti komizt fram. Jeg veit vel að þessi tilraun til að mennta íslenzka kennara er ekki fullnægjandi nje til frambúðar, enda get jeg búizt við, að sumir hefðu heldur viljað láta stofna sjerstakan kennaraskóla þegar í stað, en jeg hefi ekki farið þá leið, og það af ýmsum orsökum. Jeg hefi opt orðið þess var, að það, sem byrjað hefur verið í smáum stýl, hefur smátt og smátt eflzt og þróazt, og með tímanum orðið eins happasælt, eins og það, sem kostað hefur verið miklu til í byrjuninni.

Að jeg hefi stungið upp á að setja þessa kennslu í samband við annan skóla, kemur einkum til af því, að jeg hefi viljað spara fje, og ekki láta leggja mikið í kostnaðinn, fyr en vissa væri fengin fyrir því, að þessi kennsla gæti orðið að notum. En hvers vegna hefi jeg þá farið fram á, að hún yrði einmitt sett í samband við skólann í Flensborg? Það kemnr að eins til af því, að jeg þekki engan, sem jeg treysti eins vel til að taka að sjer kennslu kennaraefna, eins og mann, sem þessi skóli er svo heppinn að hafa í sinni þjónustu. Jeg veit, að hann mundi vinna að þessu verki með lífi og sál, og gagna fósturjörðu sinni og vinna henni sóma með þessu verki. Aptur get jeg ímyndað mjer, að, þegar stundir líða fram, og sjerstakur skóli verður stofnaður, þá ætti hann ekki að vera fyrir utan Reykjavík, en meðan stofnuninin er í bernsku og menn eru að þreifa fyrir sjer, þá virðist mjer rjett, að nota þær kennslustofnanir, sem til eru, til að gera tilraunir í. Sambandið milli verksviðs skólans, sem nú er í Flensborg, og þessarar kennslu, sem hjer ræðir um, hefi jeg hugsað mjer þannig, að þeir sem búnir væru að ganga á skólann nokkurn tíma, tækju aukatíma í kennslufræði seinni hluta dags, og yrðu eptir hjá kennaranum að vorinu til, svo sem 6 vikna til 2 mánaða tíma til, þráktiskra æfinga. Jeg ætlast einnig til þess, að á kennara-cursusið geti einnig gengið þeir menn, sem þegar hafa kennslustörf á hendi, og jeg veit, að þeir sem fengizt hafa við kennslu áður, geta haft mjög mikið gagn af praktiskum kennsluæfingum, þótt ekki sjeu þeir við þær nema örstuttan tíma. Þeir geta lært meira á einum degi, en menn annars læra á bókum á vikum eða mánuðum. Loks vildi jeg óska þess, að allir h. þingdm., sem vilja að alþýðumenntunin taki framförum, íhugi vel þessa till., og vildi jeg að sem flestir ljetu skoðun sína í ljósi á málinu.

Landshöfðingi: Af því að h. flutningsmaður (J. Þ.) beindi þeirri spurningu að mjer, hvort jeg áliti að nokkuð það væri að forminu á þessari till., sem gæti orðið henni til fyrirstöðu, þá skal jeg strax taka það fram, að síðasta ákvörðunin um, að kostnaðurinn við þessa kennslu greiðist úr landssjóði, getur ekki átt við í till., því eptir stjórnarskránni verður ekki greitt neitt fje úr landssjóði, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum, en slík heimild verður ekki gefin með þingsályktun. Kostnaðurinn til þessarar kennslu verður því ekki lagður á landssjóð með þessari þingsál., heldur þarf heimild til þess í fjárlögunum. Að öðru leyti álít jeg ekki heppilegt, að kostnaður til slíkrar kennslustofnunar sje veittur í fjárlögum ár eptir ár. Kostnaðurinn ætti að vera fastar ákveðinn en svo, því þó að hann yrði tekinn upp í næstu fjárlög, þá er ekki víst, að hann yrði tekinn upp í síðari fjárlög. Jeg verð því að álíta rjettara, að ákveða hann með sjerstökum lögum.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Jeg bjóst við þessari athugasemd við málið frá formsins hlið, en jeg hafði hugsað mjer, að fjárlaganefndin gæti tekið tillit til þessarar till., ef hún næði samþykki h. deildar, og sett einhverja upphæð í fjárlagafrv. til þessarar kennslu, og þá mætti nema þessa ákvörðun úr till. En hvað því viðvíkur, að ekki verði nægileg festa í kennslunni á þennan hátt, þá er jeg eigi hræddur um, að úr því tilraunin er gerð, þá muni þingið nokkru sinni verða svo

skipað, að það veiti ekki árlega það fje, sem nauðsynlegt er, til að halda kennslunni áfram, nema þá af þeirri orsök, að kennslan hafi reynzt ónýt — og þá er rjett að leggja hana niður. Hjer er að eins að ræða um tilraun; lengra þorði jeg ekki að fara, því jeg var hræddur um, að það þætti of stórt, ef stungið væri upp á sjerstökum skóla. Jeg held líka, að þetta fyrirkomulag muni bera sama arð, eins og þó stærra væri farið af stað. En þyki næsta þingi ástæða til að gera meira fyrir kennaramenntunina, þá getur það stofnað skóla fyrir hana, og komið henni þannig í fastara horf.

ATKVÆÐAGR.: Till. sjálf samþ með 20 atkv., og henni vísað til síðari umr. með 21 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga (C. 230, 268, 283); fyrri umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Við nefndarmenn höfum komið með álit okkar í þessu máli, eins og h. deild er kunnugt. Það var samhuga álit okkar nefndarmanna, að svo þyrfti að búa um hnútana, að styrkveitingin til búnaðarfjelaganna gæfi í sannleika hvöt til verulegra framkvæmda og framfara; þannig yrði fyrst reglulegt gagn að styrk þessum. Nefndinni duldist ekki, að eins og styrknum hefir verið úthlutað að undanförnu, þá hefir hann ekki getað orðið að tilætluðu gagni, að því gagni, að hvetja bændur til meiri framtakssemi og dugnaðar, en ella. Starfi nefndarinnar gekk einkum út á það, að haga skilyrðunum fyrir styrkveitingunni þannig, að þær gætu náð þeim tilgangi, sem jeg hef tekið fram að þær ættu að hafa. Nefndinni kom saman um, að binda styrkveitinguna eingöngu við þær framkvæmdir, er lúta að grasrækt og garðrækt, því að hún áleit, að ef styrkurinn væri veittur til þess annars, er í rýmra skilningi má telja til búnaðarbóta, þá mundi hann ekki koma að eins miklum notum. Það er auðvitað ærinn vandi að setja bæði almenn og sjerstök skilyrði fyrir útbýtingu styrksins, en jeg skal geta þess, að nefndin hafði fyrir sjer til hliðsjónar tillögur amtsráðanna bæði í suður- og vestur- og norðuramtinu, og tók mikið tillit til þeirra reglna, er þau höfðu sett um útbýtingu styrksins.

Að svo mæltu skal jeg snúa mjer að hinum einstöku liðum í tillögum nefndarinnar.

Þar sem í 1. tölulið er farið fram á, að veita styrkinn eingöngu til jarðræktar og garðræktar, þá vildi nefndin með því útiloka styrkbeiðslur og styrkveitingar fyrir húsa- og bæjarbyggingar og traðahleðslur, o. s. frv.; þótt húsabyggingar sjeu góðar bætur á jörð hverri, þá gat nefndin ekki talið þær meðal varanlegra jarðabóta. Það getur vel komið fyrir, að bóndi, sem byggir hús á jörð, flytji burt þegar á næsta ári, og rífi húsið og flytji það með sjer, en gras- og garðræktin fylgir jörðinni.

Í öðru lagi þótti nefndinni rjett, að setja ákveðinn dagsverkafjölda sem skilyrði fyrir því, að búnaðarfjelag gæti orðið styrksins aðnjótandi. Nefndinni er það kunnugt, að ýms búnaðarfjelög, sem styrk hafa hlotið, hafa verið lítið meira en nafnið tómt. Það þarf ekki annað til að sannfærast um þetta, en að líta á styrk þann, er þau hafa fengið úr landssjóði; þannig hefir hann verið hjá allmörgum fjelögum þetta frá 30 kr. og allt niður að 6 kr. Nefndin áleit þetta mjög óheppilega aðferð, að búta styrkfjeð þannig sundur, á þann

hátt kemur það að litlu eða engu liði; hún skoðar ekki heldur styrkinn sem beinlínis borgun fyrir unnin verk, heldur sem upphvatning til framtakssemi og framkvæmda í landbúnaðinum. Jafnvel þótt nefndin áliti, að styrknum sje yfir höfuð allvel varið, eins og nú stendur á, þá verð jeg að segja það fyrir mig, að jeg skoða hann helzt sem bráðabyrgðastyrk, sem heldur eigi að fara minnkandi en vaxandi, eptir því sem búnaðarfjelögunum vex fiskur um hrygg. Jeg er á sama máli og h. þm. Snæf. (P. Br.), að sem minnst eigi að búta landssjóð niður í smáskammta. Þetta takmark, sem nefndin hefir sett, að eigi mætti vinna minna en 150 dagsverk í því fjelagi, sem styrks ætti að njóta, mun sumum h. þm. þykja ef til vill heldur hátt, en jeg álít það ekki rjett skoðað; jeg held landssjóður eigi ekki að veita verðlaun fyrir svo sem ekki neitt. Hafi búnaðarfjelag verið stofnað á annað borð, þá er það í sannleika ekki miklar jarðabætur, sem það hefir gert, ef þær nema ekki 150 dagsverkum, og jeg held það sje varla vert, að landssjóður fari að styrkja það sem minna er.

Jeg skal þá snúa mjer að breyt.till. h. þm. N.-Múl. (J. J.); hann vill að í staðinn fyrir 150 dagsverk komi 10 dagsverk fyrir hvern búanda, sem er í fjelaginu. Að mínu áliti opnar þetta þær dyr, sem nefndin vildi loka. Eptir þessu gætu 2—3 menn slegið sjer saman og fengið styrk fyrir lítilfjörlega jarðabótavinnu. Jeg hef talað við h. þm. (J. J.), og hefir hann kannazt við, að breyt.till. sín þyrfti breytingar við, enda er nefndin henni algjörlega mótfallin. Jeg álít að jeg þurfi ekki að fara mörgum orðum um 3. liðinn; þar er fylgt sömu reglu og áður, að bónarbrjefin skuli send til landshöfðingja, en þau nýmæli eru þó í honum, að bónarbrjefunum skuli fylgja skýrsla um hin unnu störf, útgefin af skoðunarmanni, er sýslunefnd hefir útnefnt. Með þessu vildi nefndin fyrirbyggja, að búnaðarfjelögin ljetu sinn eigin búfræðing eða sína eigin menn meta jarðabæturnar og gefa skýrslu um þær; henni þótti meiri trygging í því, að láta óviðkomandi mann gefa skýrslurnar og síður hætt við hlutdrægni með því fyrirkomulagi, en ef hvert fjelag gæfi sjálft sínar skýrslur.

Enn fremur þótti nefndinni bezt við eiga, að eigi væru taldar með aðgjörðir á gömlum jarðabótum, eins og henni var kunnugt um, að komið hefir fyrir að hafi verið gert. Nefndin áleit það ekki rjett, að opt væri veittur styrkur fyrir sama verkið. Þá hefir nefndin enn fremur lagt það til, að skýrslurnar sjeu samdar eptir formi, er landshöfðingi gefur út; þetta mundi verða miklu þægilegra fyrir þá, sem skýrslurnar semja og landshöfðingja, og með þessu gætu skýrslurnar orðið samkvæmari og fullkomnari en nú á sjer stað, þar sem nú þarf opt að taka skýrslur og leggja í dagsverk hverja jarðabót, sem í þeim er talin.

Viðvíkjandi reglunni um, að leggja jarðabætur í dagsverk, hefir nefndin verið svo heppin, að engin breyt.till. hefir komið fram við hana. Nefndinni var það fullljóst, hve mikið vandaverk væri að setja reglur um þetta fyrir allt land, en hún hafði fyrir sjer bæði þær skýrslur, sem hún gat fengið og byggði einnig á sinni eigin reynslu í því efni; hún reyndi að þræða meðalveginn og má ætla, að engum muni ofverk að afkasta því, sem fyrir er sett í reglunum. H. þm. N.-Múl. (J. J.) hefir líka komið með þá breyt.till., að reikningur búnað-

arfjelags þess, er um styrk sækir, skuli fylgja skýrslu þess. Þetta er óþarfi. Landstjórnin þarf ekki að vita annað, en hvað fjelagið hefir framkvæmt; um önnur fjelagsmál kemur henni eiginlega ekki við að vita og nefndin vildi láta hvert fjelag sem allra frjálsast um það, hvernig það verði búnaðarstyrk sínum.

Enn er ein breyt.till. frá h. þm. N.-Múl. (J. J.), um að sami skoðunarmaður skuli vera í öllum hreppum sýslunnar. Jafnvel þótt nefndin kannist við, að með þessu væri fengin enn meiri trygging fyrir því að útiloka hlutdrægni, þá áleit hún þessa tillögu þó óþarfa. Það fyrirkomulag mundi og hafa miklu meiri kostnað í för með sjer, og í víðlendum sýslum, þar sem mörg búnaðarfjelög væru, gæti sá kostnaður orðið töluvert tilfinnanlegur fyrir búnaðarfjelögin. Nefndin álítur líka, að hjer um bil sama tilgangi megi ná, þótt 2—3 menn sjeu valdir til skoðunarinnar í sýslu.

Fyrir utan þær breyt.till., sem jeg hef nefnt, hafa og komið viðaukatill. frá h. þm. Skagf. (Ó. Br.). Nefndin hefir í sjálfu sjer ekki á móti því, að sá styrkur sje veittur, sem þær fara fram á, en hún álítur að viðaukatillögurnar eigi ekki beinlínis hjer heima í þessum tillögum. En af því jeg er mjög hlynntur sýningum á fje, þá hef jeg komið með breyt.till. við fjárlögin um, að á þeim sje veitt fje til þessara sýninga, og ef hún kæmist að, þá mætti setja till. h. þm. (O. Br.) sem annan lið í tillögum þessum. En af því að tillögur nefndarinnar hljóða einungis um styrk til búnaðarfjelaga, þá geta viðaukatillögur h. þm. (Ó. Br.) eigi átt við þær á þann hátt, sem hann virðist ætlast til. Skal jeg svo ekki tala frekara um málið, en fel það h. deild og vona, að hún lagi, ef hún sjer að eitthvað megi betur fara en tiltekið er í tillögunum.

Landshöfðingi: Jeg verð að játa, að jeg hef ekki gott vit á þessu máli, en þó skal jeg taka það fram, að jeg get ekki betur sjeð, en h. nefnd hafi tekizt vel að setja reglur fyrir styrkveitingu til búnaðarfjelaga. Engum getur þó blandazt hugur um, að mikill vandi er að gera almennar reglur um það, hvernig meta eigi jarðabætur til dagsverka. Fyrir mitt leyti álít jeg, að ómögulegt sje, að segja almennt, hvað marga ferhyrningsfaðma eigi að leggja í dagsverk í túnasljettun; slíkt er svo mjög komið undir jarðveginum; það er ærinn munur að sljetta, þar sem jarðvegur er grýttur eða þar sem hann er greiður og góður; hið sama er um skurðagröpt að segja.

En það var ekki þetta, sem jeg ætlaði sjerstaklega að tala um, heldur var það annað atriði, sem jeg vildi minnast á, og sem jeg bið h. nefnd að taka til íhugunar til næstu umræðu; það er 2. töluliður d, um styrkveitingar fyrir matjurtagarða. Þegar á að veita styrk fyrir matjurtarækt, þá sýnist mjer sjálfsagt, að kaupstaðir verði einnig þess styrks aðnjótandi eigi síður en fjelög í sveit, ef garðyrkjufjelag hefir myndazt í kaupstaðnum. Það er kunnugt að garðyrkja er mikil í kaupstöðum, en eptir skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir styrkveitingunni, eru kaupstaðir útilokaðir frá því að geta notið styrksins, því að svo er kveðið á, að sýslunefnd skuli útnefna skoðunarmennina. Til þess að laga þetta, svo að styrkveitingin nái einnig til kaupstaðanna, þyrfti að bæta aptan við orðið »sýslunefnd« »eða bæjarstjórn«. En auk þess sem að í kaupstöðum er mikil rækt lögð við garðræktina, þá er líka grasrækt stunduð þar að góðum mun; jeg skal nefna

Reykjavík, þar sem á síðari árum mun hafa verið lögð meiri stund á grasrækt en — jeg vil segja — nokkurs staðar annarstaðar á landinu, og ef búnaðarstyrkurinn á að vera til að glæða áhuga á jarðræktinni, þá sýnist mjer að hann ætti að koma kaupstöðunum til góða eigi síður en sveitunum. Jeg vil líka segja það, að jarðræktin hjer í Reykjavík gefur ef til vill betra eptirdæmi og verður til meiri hvatningar fyrir menn en jarðrækt annarstaðar. Hingað til Reykjavíkur koma margir og það fær máske meira á þá að sjá vel ræktaðan blett hjer innan um grjótið, en þótt þeir sjá hann í sveit. Víst er það að miklu fleiri sjá velræktuðu blettina hjer, en þótt einhver blettur sje í góðri rækt í sveit.

Það sem jeg vildi skjóta til h. deildar, er, hvort henni sýnist ekki rjett að lofa kaupstöðunum að keppa við sveitirnar um styrkinn, og hvort henni þyki eigi eins rjett, að glæða áhuga kaupstaðarbúa bæði á jarðrækt og á garðrækt, eins og sveitabúa.

Jón Jónsson (þm. N-Múl.): Af því að jeg hef komið með breyt.till. við till. h. nefndar, þá skal jeg leyfa mjer að tala fáein orð. H. framsögum. (S. St). talaði nokkur orð um breyt.till. mínar, en jeg gat ekki sannfærzt af ræðu hans um, að þær væru alveg óþarfar.

Jeg játa það, að 1. breytingartillaga mín hefir að nokkru leyti sama galla og breyt.till. nefndarinnar, að hún fer ekki nema hálfa leið til að ná tilgangi sínum. Það sem mjer finnst vera að tillögu nefndarinnar, er það, að í fjölmennum búnaðarfjelögum er auðgefið að ná í styrkinn, því að þótt framkvæmdirnar, miðaðar við fjelagatöluna, sjeu nauðalitlar og hver fjelagsmaður vinni ekki nema eitt eða tvö dagsverk, þá getur fjelagið þó sökum fjelagafjöldans orðið aðnjótandi styrksins. Aptur á móti þrengir tillagan að fámennum fjelögum, svo að þótt hver einstakur fjelagsmaður vinni margfalt meira en unnið er af hverjum einstökum manni í fjölmennu fjelagi, þá getur það eigi að síður farið á mis við allan landssjóðsstyrk. Til að bæta úr þessu hefir mjer komið til hugar, að reyna að koma mjer saman við h. nefnd um að fá tillögunni breytt í þá átt, að ekkert búnaðarfjelag skyldi fá styrk úr landssjóði, sem ekki hefði unnið 150 dagsverk minnst, þó að því viðbættu, að fjelagið hefði ekki unnið minna en 10 dagsverk fyrir hvern búanda, sem í fjelaginu er. Jeg set svo, að í einhverju búnaðarfjelagi væru undir 100 manns, þá þyrfti hver fjelagsmaður ekki að vinna nema 1—2 dagsverk, til þess að fjelagið næði í styrkinn. Aptur gæti það komið fyrir í fámennri sveit, að ekki væru nema 9—10 menn í fjelaginu; þetta fjelag gæti engan styrk fengið, þótt hver fjelagsmaður ynni fimmfalt eða sjöfalt meira en hver hinna. Þetta væri ójöfnuður, sem þarf að girða fyrir. Mjer er að vísu ekki kappsmál, að reikningur yfir tekjur og gjöld hvers búnaðarfjelags fylgi skýrslu þess, en þó þætti mjer það eiga vel við, að landsstjórnin sæi, hvernig hvert fjelag ver styrk sínum. Það vita þó allir, að fjelögin verja styrk sínum misjafnt; sum verja honum til smámunalegra verðlauna handa fjelögunum, önnur aptur á móti til að kaupa vinnu og efla og styðja á þann hátt góðar og gagnlegar jarðabætur; þetta allt hygg jeg heppilegt að landsstjórnin fái að vita, því að það gæti leitt til þess, að hægt yrði að fá góðar bendingar um það, hvort heppilegt mundi að halda áfram að veita þennan styrk. Viðvíkjandi skoðunarmanninum, játa jeg, að breyt.till. mín hafi meiri kostnað í för með sjer, en þó ekki mjög mikinn, nema því að eins, að skoðunarmennirnir, sem

nefndin vill hafa, væru teknir inn í hreppnum eða á næstu bæjum fyrir utan hreppinn, án tillits til þess, hvort hann væri vel hæfur skoðunarmaður eða ekki. Jeg er viss um, að meiri samkvæmni mundi í skýrslunum og þær áreiðanlegri, ef sami skoðunarmaðurinn væri í allri sýslunni; því að bæði er hægra að fá einn mann vel hæfan til skoðunargjörðarinnar en marga, og síður hætt við hlutdrægni af hans hálfu eða ósamkvæmni. Að öðru leyti er mjer þetta ekki kappsmál; en þó er jeg samt í engum vafa um, að meiri tryggíng sje fyrir því, að styrkurinn komi vel niður, ef tillögu minni er fylgt.

Jón Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg bað um orðið út af því, sem h. framsögum. (Sig. Stef.) sagði í ræðu sinni, að allt útlit væri til, að nefndin hefði verið heppin í tillögum sínum um reglur fyrir styrkveitingu til búnaðarfjelaga, þareð svo fáar breytingar hefðu komið fram. Jeg vil ekki beinlínis setja út á reglurnar, en geta þess, að jeg hef vart haft tíma til að kynna mjer þær nógu vel, til þess að geta gjört breytingar við þær, þó jeg vildi, þar sem svo mikið hefir verið um þessa dagana, svo að jeg fyrst í dag hef fengið næði til að lesa þær verulega yfir, og svo datt mjer í hug að mundi vera um fleiri, sem eru afkastalitlir, eins og jeg. Hvað viðvíkur þá í fyrsta lagi hinum almennu skilyrðum, þá get jeg ekki neitað því, að jeg hneigðist meir að 1. breyt.till. h. þm. N.-Múl. (J. J.) við 2. liðinn, því mjer finnst hún vera öllu sanngjarnari og hika því ekki við að gefa henni atkvæði mitt, sem og 2. breyt.till. hans við 3. liðinn. En þar sem í 3. lið hinna almennu skilyrða stendur, að verkið eigi að vera vel af hendi leyst, þá hefði það varla þurft að standa; því það er alveg sjálfsagt; en fyrst það stóð, þá hefði jeg viljað, að það væri nákvæmar ákveðið, því það er ekki nóg, að verkið sje vel af hendi leyst, heldur þarf þar að auki, að hyggilega hafi verið stofnað til þess, svo það verði til verulegs gagns. Það er ekki nóg, þó skurður sje vel grafinn eða garður vel hlaðinn, heldur þarf líka, að það sje á þeim stað, sem hentast er, og gagn getur að því orðið. Mjer virðist því, að hjer þyrfti að bæta því við, að verkið ætti ekki að eins að vera vel af hendi leyst, heldur svo hyggilega til þess stofnað, að auðsætt væri, að það kæmi að tilætluðum notum.

Hvað viðvíkur í öðru lagi því atriði í reglunum, að undir staflið d, í 1. deild reglanna, eru matjurtagarðar taldir með jarðabótum, þá getur það verið álitamál. Og mjer fyrir mitt leyti finnst, að ætti að setja þá skör lægra. En þegar svo í staflið d, á tveim stöðum, er talað um flatarmál matjurtagarða, þá finnst mjer að nægt hefði við mat þeirra til dagsverka einungis að taka tillit til stærðar girðingarinnar, án þess líka að miða við erfiðið við að rækta upp það, sem fyrir innan girðinguna er. Það er líka athugavert við þennan staflið d, að þar er jafnmikið lagt í dagsverk, þ. e. 15 □ faðma að flatarmáli í matjurtagörðum, eins og við sljettun á þýfðu túni með plóg og herfi. Að því leyti sem jeg þekki til, er miklu ljettara að vinna jörð til ræktunar í matjurtagarði, en að sljetta. Jeg held enda, að óhætt hefði verið að setja 30 eða kannske 50 □ faðma í flatarmáli matjurtagarða móti 15 föðmum í sljettum. Jeg skil ekki, af hverjum ástæðum það er, að meira er lagt í dagsverk hvert af skurðum til framræslu og vatnsveitinga en varnarskurðum. Mjer þætti gott, ef h. framsögumaður (Sig. Stef.) vildi skýra frá, hvers vegna svo er ákveðið. — Jeg er fremur á því, að það ætti að

vera þvert á móti, og að vörzluskurðir, eins og nefndin leggur til að þeir sjeu gjörðir, geti verið einna ódýrastir; en auðvitað er við alla skurði mest komið undir jarðveginum. En yfir höfuð er jeg þakklátur nefndinni og þykja flestar hennar tillögur hagfelldar og vil taka það fram, að þetta eru að eins bendingar og fyrirspurnir, sem mjer þætti vænt um að heyra framsögumann skýra.

Þá er viðaukatillaga frá h. þm. Skagfirðinga (Ól. Br.) um, að fje þessu sje líka varið til fjenaðarsýninga. Það er langt frá því, að jeg sje á móti því, að styrkur sje veittur til fjenaðarsýninga, en jeg álít ekki heppilegt að veita það sem styrk til búnaðarfjelaga, heldur ætti að veita það sem styrk til sýslufjelaga; því jeg býst við, að svæði það, sem búnaðarfjelög almennt ná yfir, sje svo lítið, að lítið gagn sje að halda sýningar fyrir svo lítinn hjeraðshluta í einu, og sömuleiðis sýnist mjer bezt við eiga, að sýslunefndir og önnur sveitarstjórnarvöld, svo sem amtsráð, gangist fyrir slíku.

Þá vil jeg að síðustu minnast á breytingartillögu h. þm. N.-Múl. (J. J.), að sami skoðunarmaður sje í öllum hreppum sýslunnar. Jeg álít eins og fleiri, að þetta hafi ekki mikla þýðingu. Að vísu kannast jeg við, að meiri samkvæmni geti á orðið með því móti, að sami maður sje skoðunarmaður fyrir öll fjelög í hverri sýslu, en það er ekki nóg, því þá væri heppilegast að sami maður væri fyrir land allt. Ósamkvæmni í mati jarðabótanna milli sýslufjelaga er engu síður skaðleg en milli hinna einstöku búnaðarfjelaga innan sýslu. Að öðru leyti sje jeg ekki annað, en að sýslunefndinni, sem trúað er fyrir vali þessa eina manns, sje einnig trúandi fyrir því að velja fleiri, ef henni sýnist svo, og jeg fyrir mitt leyti treysti sýslunefndunum til þess, að þær feli ekki þennan starfa þeim, sem ekki eru til þess hæfir.

Ólafur Briem: Jeg kom fram með viðaukatillögu við tillögur nefndarinnar og vil því fara fáeinum orðum um þetta mál.

Jeg er samdóma um það, að tillögur nefndarinnar komi góðu samræmi á styrkveitingu þessa með tilliti til jarðabóta, en að hinu leytinu virtist mjer það nokkuð takmarkað, að binda styrkveitinguna að eins við jarðabætur, þar sem þó má telja ýms önnur fyrirtæki búnaði til eflingar, sem reyndar sum hver eru svo löguð, að ekki er þægilegt að leggja þau í dagsverk. Eitt af þessum fyrirtækjum er það, sem viðaukatillagan fer fram á — fjenaðarsýningar. — Það er ekki hægt að segja, að það sje óskylt búnaði, því það getur verið mikill styrkur fyrir búnaðinn, og getur vel fylgzt að; en hitt játa jeg, að þá er heppilegra að breyta fyrirsögninni þannig, að við bætist: »og fjenaðarsýninga«.

Nefndin hefir miðað styrkveitinguna við grasrækt og hún er auðvitað fyrsta undirstöðuatriði búnaðarins, en þó ekki einhlít, heldur verður hún að haldast í hönd við kvikfjárræktina, því í sambandi við hana gefur jarðræktin mestan arð af sjer. Þannig er það, að verðlaun fyrir jarðabætur og fyrir kynbætur á kvikfjenaði, umbætur á uppeldi og fóðrun kvikfjenaðarins er mjög skylt og stefnir til hins sama. Því þegar um fjenað er að ræða, þá er minna komið undir höfðatölunni, en meira undir hinu, að hver skepna gefi sem mest af sjer; þannig getur arðurinn af mörgu fje, sem illa er farið með, orðið minni, en af fáu fje, sem vel er hirt, því mest er undir meðferðinni komið. Viðvíkjandi þeirri mótbáru gegn því, að hafa styrkveitingu til fjenaðarsýninga í samband

við styrkveitingu til búnaðarfjelaga, að búnaðarfjelögin sjeu víðast smá og takmörkuð, þá er það mín meining, að búnaðarfjelög hreppanna innan sýslu myndi sambandslið sín á milli og það verði svo þessi sambandsliður búnaðarfjelaganna í sýslunni, eða sýslubúnaðarfjelag, sem standi fyrir fjenaðarsýningunni. En auðvitað verða fyrst að fara fram skoðanir á fje, fyrst heima á hverjum bæ og síðan í hverjum hrepp eða innan búnaðarfjelagsins, og það verði svo úrvalið af þessum hreppasýningum, sem að lokum kemur á fjenaðarsýningu allrar sýslunnar. Aðaltryggingin fyrir því, að þessi styrkveiting verði að notum, er skilyrðið í 2. tölulið viðaukatillögunnar. Því það má ganga út frá því sem vísu, að sú sýsla, sem vill leggja fram fje til slíkra sýninga, muni ekki gjöra það út í bláinn, heldur jafnframt sjá um, að sýningin fari sem bezt fram og verði að notum. Eins og h. framsögumaður tók fram viðvíkjandi styrkveitingu til jarðabóta, þá er mest ástæða til að veita þennan styrk í byrjuninni, meðan búnaðarfjelögin eru að komast á fastan fót, mönnum til uppörfunar og upphvatningar, en minni ástæða þegar búnaðarfjelögin fyrir alvöru eru tekin til starfa og menn fara að sjá sjer hagnað í að gjöra jarðabætur, og þó það sjeu auðvitað helzt jarðeigendur, sem uppskera arðinn við það, að jarðir þeirra hækka í verði, þá njóta leiguliðar líka góðs af. En sýningarnar þurfa aptur á mót allt af styrkisins við, og geta líka gjört mjög mikið gagn. Og í sjálfu sjer eru fjenaðarsýningar fullt eins verðar þess að fá styrk og jarðabætur, sem koma mest einstökum mönnum til gagns, því við fjenaðarsýningarnar, þá vekst eptirtekt manna almennt á þeim, sem fara bezt með fje sitt og menn hvetjast til þess að fylgja þeirra dæmi og til þess að ala fjeð sem bezt upp og bæta stofninn.

Viðvíkjandi tillögu nefndarinnar, þá vildi jeg gjöra þá fyrirspurn til hins h. framsögum., hvort styrkveitingin á við allar jarðabætur, t. d. einnig þær, sem áskildar eru í byggingarbrjefum að leiguliðar vinni á jörð sinni, því þó jeg fyrir mitt leyti sjái ekkert á móti því, að svo yrði skilið, þá þætti mjer vænna um að fá svar upp á fyrirspurnina, svo það gæti verið til leiðbeiningar þeim, sem koma til að úthluta styrknum. Viðvíkjandi breytingartillögu h. þm. N.-Múl. (J. J.) við tölulið 3 í almennum skilyrðum nefndartillaganna, þá er jeg honum samdóma um það, að æskilegt sje, að með skýrslunni fylgi reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarfjelagsins næsta ár á undan því; þó ekki verði styrkveiting fyrir næsta ár beinlínis miðuð við, hvernig reikningarnir sýna að styrknum hafi verið varið, þá gefa þeir góðar bendingar um, að hve miklum notum styrkurinn kemur, og getur þannig orðið til athugunar fyrir landsstjórnina og gefið upplýsingar um, hvort ástæða sje til að auka styrkinn eða minnka.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Út af athugasemd hæstv. landshöfðingja skal jeg taka það fram, að það var langt frá því að nefndin ætlaði að útiloka kaupstaðina frá styrk, að það var samhuga meining hennar, að þessar reglur næðu líka til garðræktar, hvort sem væri í kaupstöðum eða ekki, og hún er því fús á að taka upp þær orðabreytingar, sem miðuðu að því, að ákveða þetta ljósar.

Það er því meining nefndarinnar, að matjurtagarðar komi að eins til greina við styrkveitinguna í fyrsta sinn, þegar þeir eru ruddir og umgirtir. Það er auðvitað mjög torvelt, að gefa reglur

um það, hvernig leggja skuli á dagsverk, svo að þær sjeu að öllu sanngjarnar um land allt. Nefndin fór annars eptir því sem helztu búfræðingar vorir álíta hæfilegt að leggja í dagsverk, þar sem um meðaljörð og jarðveg sje að ræða, því þar sem maður í góðum jarðvegi með plóg og herfi getur t. d. sljettað í túni allt að 20—25□ föðmum, þá setti nefndin að eins 15□ faðma og þannig hefur hún alstaðar lagt miklu minna í dagsverk heldur en vinna má á góðri jörð. Þá var drepið á, að í matjurtagörðunum mundi heldur lítið lagt í dagsverk, og getur það verið. Reyndar fæ jeg ekki sjeð mikinn mun á því og túnasljettun, nema það þarf auðvitað ekki að þekja garðstæðin, en það þarf bæði að umgirða þá og stundum líka plægja og herfa og moldina þarf þó að mylja vandlegar heldur en undir tyrfingu í túnsljettum, en allt um það kæri jeg mig ekki um að halda þessu fast fram, og skal gjarnan ganga inn á breytingu í þessa átt.

Þá vil jeg víkja máli mínu að breytingartillögu h. þm. N.-Múl. (J. J.). Hann tók það fram, að eptir tillögum nefndarinnar fengju fámenn fjelög, sem ynnu mikið, ekki meiri styrk en fjölmenn fjelög, sem lítið ynni, ef þau að eins næðu 150 dagsverkum. Þetta er að nokkru leyti rjett athugað, en þess ber þó að gæta, að þegar litið er á fjelagatöluna í fámenna fjelaginu, þá fær það í raun og veru meiri styrk en hið fjölmenna, þó upphæð styrksins sje jöfn. Tökum t. d., ef 10 menn í fjelagi hafa unnið 150 dagsverk og þeir fá svo sama styrk sem 40 manna fjelag, sem heldur ekki hefur unnið meir en 150 dagsverk, þá er auðsætt, að þeim mun meira kemur á hvern í 10 manna fjelaginu af styrknum, sem hann hefur unnið meir en einstaklingurinn í 40 manna fjelaginu. En sem sagt, þingm. getur vona jeg komið sjer saman við nefndina til 2. umr. um þessar breyt.-tillögur.

Hvað viðvíkur því, að láta reikninga fylgja með skýrslunum, þá er mjer það ekkert kappsmál, þó jeg álíti þess enga þörf og viti ekki, hvort landsstjórninni er nokkur þægð í því að fá þá, enda ósagt að hún græði mikið á þeim. En fyrst h. þm. Skagf. (Ól. Br.) heldur því fram, þá getur gjarnan samkomulag orðið á með það. H. þm. N.-Múl. (J. J.) vill, að sami skoðunarmaður sje fyrir heila sýslu; mjer virðist það standa á litlu, sjerstaklega þar sem það er ef til vill kostnaðarminna að þeir sjeu fleiri, og sýslunefndir eiga víða eins hægt með að fá 3 eða fleiri skoðunarmenn, sem hæfir sjeu til þess starfa, og einn. Tryggingin er sú sama, þar sem sýslunefndunum er falið að kjósa þessa menn, en á meðan búnaðartjelögin eru ekki komin á vel fastan fót, getur verið varhugavert, að leggja of mikinn kostnað á þau í þessu efni.

Jeg er þakklátur h. þm. N.-Þing. (J. J.) fyrir bendingar hans, en þar sem hann gjörði þá athugasemd við 3. tölulið um það, að ekki væri nóg að áskilja, að verkið ætti að vera vel af hendi leyst, heldur þyrfti það líka að vera þannig gjört, að það kæmi að notum, þá virðist mjer koma dálítill misskilningur fram í orðum hans; jeg get t. d. ekki talið þann skurð vel af hendi leystan, sem þannig er grafinn, að hann ekki kemur að notum, og svo er yfir höfuð með hvað eina. Jeg álít það eitt vel af hendi leyst, sem svo er gjört, að það verði að tilætluðum notum.

Þar sem h. þm. N.-Þing. (J. J.) skildi ekki, hvernig á því stæði, að meira væri lagt í dagsverk af skurðum til framræslu og vatnsveitinga en varnarskurðum, þá var það byggt á því, að varnarskurðir væri bæði breiðari og dýpri

og því erfiðari vinnan í þeim en framræzluskurðum, sem optast eru miklu mjórri og grynnri.

Viðvíkjandi fyrirspurn h. þm. Skagf. (Ól. Br.), hvort ætti að telja með þær jarðarbætur, sem til væru teknar í byggingarbrjefum, þá ætlast nefndin ekki til þess. Slíkar jarðabætur má skoða sem part af eptirgjaldinu eptir jörðina, og það er engin ástæða til, að hið opinbera fari að hjálpa leiguliðunum beinlínis til þess, að borga eptir jarðirnar, og sízt ætti það við á þjóðjörðunum.

Jeg sje ekkert á móti því, að samþykkja viðaukatillögu h. þingm. Skagf. (Ól. Br.) um, að af þessum styrk megi líka veita til fjenaðarsýninga, þó þær auðvitað sjeu ekki bundnar við búnaðarfjelögin, heldur geti heil sýsla eða heilt amt stofnað til þeirra. En þá þarf líka eins og hann tók fram að breyta fyrirsögninni í þá átt.

Eiríkur Briem: Jeg tek undir það með þeim h. þingm., sem talað hafa, að jeg þakka h. nefnd fyrir tillögur hennar, því að jeg felli mig vel við þær, það sem þær ná.

Þó skal jeg taka undir með h. þm. N.-Þing. (J. J.), að jeg álít það nokkuð lítið, að ekki eru lagðir meira en 15 □ faðmar í dagsverk, þegar um matjurtagarða er að ræða. Þess er að gæta, að garðurinn sjálfur er þar að auki lagður í dagsverk, en stundum er ekki annað gert en að grasrótin er stungin upp, garðurinn hlaðinn úr henni og flagið svo að eins stungið upp og borið í það og svo strax sáð. Þetta er miklu minna verk en að sljetta tún. Að öðru leyti sakna jeg í tillögunum ákvæða um, að fleiri framkvæmdir búnaðarfjelaga geti komið til greina. Jeg játa, að vandhæfi er á að setja þessi ákvæði, enda munu og framkvæmdir flestra búnaðarfjelaga einkum hafa lotið að grasrækt og garða. Eitt fjelag, búnaðarfjelag Suðuramtsins, hefur þó beint tilraunum sínum að mestu í aðra átt en að vinna slíkar jarðabætur sem þær sem hjer er um að ræða, og vona jeg þó, að menn verði að játa, að framkvæmdir þess hafi komið að góðum notum. Þessar framkvæmdir þess geta ekki komið til greina samkvæmt tillögum nefndarinnar og þyrfti því sjerstaka fjárveitingu, ef það ætti að verða styrks aðnjótandi, enda væri það ef til vill heppilegast.

Viðvíkjandi 1. breyt.till. h. þm. N.-Múl. (J. J.) skal jeg geta þess, að jeg álít bezt við eiga, að hún verði sameinuð við 1. tölulið í tillögu nefndarinnar.

Ólafur Ólafsson: Jeg er alveg samdóma h. þm. Skagf. (Ól. Br.) um það, að vel eigi við, að nokkru af þessu fje sje varið til að uppörfa menn til að fara vel með skepnur. Þó óskaði jeg fremur, að sú fjárveiting færi nokkuð í aðra átt en h. þingm. hefur lagt til. Jeg neita því ekki, að fjenaðarsýningar geti uppörfað menn til góðrar meðferðar á skepnum og stutt að henni, en þó eru þær ekki fullkominn mælikvarði fyrir því, að menn fari vel með skepnur yfir höfuð. Þó að einhver fái verðlaun fyrir einstaka skepnu, t. d. 1—2 gemlinga, sem hann hefur kappalið, þá getur það komið fyrir, að hinn sami maður hafi því nær drepið sumt af fjenaði sínum úr hor. Jeg þekki dæmi ekki ósvipað þessu frá sýningum þeim, sem fóru fram í Rangárvallasýslu í vor. — Þar lá nærri, að maður fengi verðlaun, sem ekki hefur verið talinn að fara sjerlega vel með skepnur sínar, heldur þvert á móti.

Jeg álít heppilegra, að minnsta kosti eptir því sem hagar til með meðferð fjenaðar á Suðurlandi, að styrknum sje varið til verðlauna fyrir góða meðferð

á fjenaði yfir höfuð. Jeg álít það heppilega tilhögun, að vissir menn húsvitji hjá bændum 2—3 sinnum á vetri. Þessir menn gætu sjeð og dæmt um, hvernig bændur færu með fjenað sinn, hvernig fjenaðarhúsin væru og hversu skynsamleg öll hirðing fjenaðarins væri. Þeir geta og gefið bændum margar góðar bendingar, því jeg ætlast til, að til þessa væru valdir þeir einir, er hefðu gott vit á fjenaðarhirðingu. Á sýningar koma að eins fáar skepnur, og eins og jeg sagði áðan, geta þær ekki verið mælikvarði fyrir því, hvernig fjeð sje yfir höfuð að tala. Jeg álít það ganga hneyksli næst, að sá fái verðlaun fyrir skepnur á sýningu, sem máske sárkvelur meginhlutann af skepnum sínum. Jeg játa því, að sýningar geta að vísu uppörfað menn til að fara vel með skepnur, en þó verð jeg að halda því fram, að það verði enn meiri uppörfun fyrir bændur, ef þeir fá verðlaun fyrir góða meðferð á öllum skepnum sínum. Það getur komið það tilfelli fyrir, að einhver bóndi svínali fola, er hann ef til vill ætlar sjer fyrir reiðhest, komi með hann á sýningu og fái verðlaun fyrir hann, þótt hann hafi kvalið hina aðra hesta sína. Jeg hef helzt í hyggju að koma með breyt.till. í þá átt, sem jeg nú hef talað um.

Ólafur Briem: Mig furðar hálft í hverju á ræðu h. þm. Rangv. (Ól. Ól.). Hann vildi fullherma að sami maður gæti fengið verðlaun á sýningu fyrir einstakar skepnur, þó hann kveldi aðrar, en jeg held það svari varla kostnaði að fara að koma með slíka mögulegleika, sem eru helzt til ósennilegir. Jeg tók það fram, að undirbúningur undir sýningarnar væri nauðsynlegur, bæði heimaskoðanir á bæjum og smærri sýningar í hreppum. Jeg get ekki betur sjeð en að dálítill varnagli sje sleginn við því, að sýslusýningar verði eintómur hjegómi, með því að reglurnar fyrir þeim eiga að vera staðfestar af sýslunefnd eða amtsráði. Jeg hygg, að hver sýslunefnd, sem kostar fje til sýninga, muni setja svo tryggar reglur, að slík vanbrúkun, sem h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) talaði um, geti ekki átt sjer stað, en þar sem hann sagði, að maður gæti fengið verðlaun fyrir fola, ef hann væri vel alinn, þá skil jeg það ekki. Jeg álít, að skoðunarmenn muni ekki eingöngu fara eptir holdafarinu, heldur miklu fremur eptir vaxtarlagi hestsins og öðrum kostum hans.

Jón Jónsson, þm. N.-Múl.: H. framsögum. (S. St.) sagði, að ójöfnuðurinn milli smærri og stærri búnaðarfjelaga hyrfi við það, að þegar farið væri að úthluta styrkfjenu, þá fengi hver maður í stærra fjelaginu langtum minna en í hinu. Þetta kemur fyrst fram, þegar bæði fjelögin fá styrk, en hjer er þess að gæta, að smáfjelögin geta alveg bolazt frá því eptir till. nefndarinnar, að njóta nokkurs styrks úr landsjóði. Auk þess er styrkurinn úr landssjóði ekki í nærri öllum fjelögum bútaður sundur meðal fjelagsmanna, heldur er honum varið til einhverra sjerstakra fyrirtækja, sem fjelagið álítur gagnlegt, og þá er það ekki rjett, að minna fjelagið, sem miklu meiri vinnu leggur til, fái engan styrk til síns fyrirtækis, en stærra fjelagið, sem lætur lítið sem ekkert vinna, nema að eins til að ná í landssjóðsstyrkinn, þurfi ef til vill að leggja lítið til þess af eigin fje, að koma fram sínum fyrirtækjum.

ATKVÆÐAGR.:

I.

Viðaukatill. (210) samþ. með 18 atkv.
1. töluliður — — 20 —
breyt.till. (229) við 2. tölul. felld með

11:4 atkv., 2. töluliður samþ. með 16 atkv.; 1. breyt.till. (229) við 3. tölulið samþ. með 14 atkv.; 2. breyt.till. felld með 13:4 atkv.; 3. tölul. breyttur samþykktur í e. hlj.

II.

1. töluliður samþykktur með 17 atkv.
2. — —— — 16 —
Viðaukatill. (210) samþ. með 18 —

Tillögunum vísað til síðari umr. í e. hlj.

Tillaga um gagnfræðakennslu í lærðaskólanum o. fl. (C. 272); hvernig ræða skuli.

Samþykkt að ræða hana í tveim umræðum.

Tuttugasti og áttundi fundur, mánudaginn 3. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi, nema 2. þm. N.-Múl. (Þ. Kjer.), sem var veikur, og 2. þm. Eyf. (B. Sv.). sem tilkynnt hafði forföll sín.

Frumv. til laga um stofnun háskóla á Íslandi (C. 205, 301); frh. 1. umr.

Páll Briem: Eins og h. forseti tók fram, er flutningsm. og framsögum. þessa máls ekki viðstaddur í dag; jeg vil að eins leyfa mjer, fyrir hans og nefndarinnar hönd, að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr., og mun framsögum. þá gjöra grein fyrir þeim breytingum, sem nefndin hefur komið fram með við frumv.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um kennaramenntun (C. 256); síðari umr.

Forseti fjekk samþykki deildarinnar, til að taka mætti til umræðu breytingartill. við þessa þingsál.till., sem útbýtt hafði verið í byrjun fundarins.

Jón Jónsson (þingm. N. Þing.): Jeg stend ekki upp í því skyni að mæla á móti þessu máli. Þvert á móti. Jeg get tekið undir orð h. flutningsm. við hina fyrri umr. þessa máls, að nauðsynlegt sje, að koma á fót hjer á landi einhverri stofnun til að mennta íslenzka kennara. En af því að mjer er ekki fullkomlega ljóst, að einmitt það fyrirkomulag, sem hjer er stungið upp á, sje hið eina heppilega, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á 5 manna nefnd í málinu, og hefur mjer dottið í hug, að ástæða kynni að vera til að vísa öðru máli, sem nú er á dagskrá, til hinnar sömu nefndar, þ. e. þingsályktunartill. um gagnfræðakennslu o. fl. (214). Jeg get ekki ímyndað mjer annað, en að nægur tími hljóti að verða til að koma þessum málum fram, þótt nefnd verði kosin, einkum þar sem hjer er að eins að ræða um þingsályktunartillögur.

ATKVÆÐAGR.: 5 manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Jón Þórarinsson	með	19 atkv.
Jón Jónsson þm. N.-Þ.	—	14 —
Sigurður Jensson	—	13 —
Jens Pálsson	—	12 —
Árni Jónsson	—	10 —

Tillaga til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga (C. 307, 309); síðari umr.

Forseti fjekk samþykki deildarinnar til, að þingsál.till. þessi ásamt breytingar- og viðaukatill. (272) og breytingartillögu (273) mætti koma til umræðu á fundinum, þótt skjölum þessum ekki hefði verið útbýtt meðal þingdm. fyr en í byrjun fundarins.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Nefndin hefur leyft sjer, að koma fram með nokkrar breytingar- og viðaukatillögu við þingsál.till. þessa, eins og hún var samþykkt við hina fyrri umræðu,

og eru þær byggðar á ýmsum athugasemdum, sem þá voru gjörðar við málið.

1. breytingartillöguna, sem fer í þá átt, að ekkert fjelag skuli njóta styrksins, sem ekki hefir unnið 10 dagsverk fyrir hvern fjelagsmann, en minnst 150 dagsverk, höfum við komið með til þess, að leita samkomulags við h. 1. þm. N.-Múl. (J. J).

2. breyt.till. um að bæta inn í 3. till. orðunum »eða bæjarstjórn«, er gerð eptir bendingum hæstv. landshöfðingja.

3. breyt.till. um, að eigi skuli taka til greina þær jarðabætur, sem áskildar eru í byggingarbrjefum, er sömuleiðis gerð til að fyrirbyggja, að nokkurt búnaðarfjelag telji slíkar jarðabætur í skýrslum sínum. Eptir þeim breytingum, sem komu fram við fyrri umræðuna, hefir nefndin einnig fært upp dagsverkið í flatarmáli matjurtagarða úr 15 □ föðm. í 25 □ faðma.

Svo er hjer fram komin önnur breyt.-till. á þingskjali 273 frá 6 h. þingm., en þeirri breyt.till. getur nefndin ekki verið samþykk.

Þessi breyt.till. fer fram á, að færa niður dagsverkatöluna, sem veitir aðgang til styrksins, úr 150 í 120. En nefndin getur ekki skilið, að rjett sje, að styrkja það búnaðarfjelag, sem ekki getur unnið að minnsta kosti 150 dagsverk, enda skoðar hún ekki þennan styrk sem borgun fyrir unnið verk, heldur sem hvöt til að afkasta einhverju verulegu í búnaði. Tökum t. d. búnaðarfjelag með 10 meðlimum; þá eru það ein 15 dagsverk, sem koma á hvern fjelaga, og það getur ekki kallazt mikið verk. Jeg hefði betur getað skilið, að menn hefðu ekki viljað hafa neitt takmark, heldur en svona lágt, og ef 10 fjelagsmenn geta unnið 120 dagsverk, þá sýnist sannarlega ekki ofætlun, að þeir geti unnið 150 dagsverk. Þessi breyt.-till. virðist því hafa við lítið að styðjast. Að öðru leyti skal jeg að eins benda á, að rjettara mun vera, að orða fyrirsögnina þannig: »Tillaga til þingsályktunar um styrkveitingar til búnaðarfjelaga og fjenaðarsýninga«, og undir stafl. A ætti að standa: »Um styrk til búnaðarfjelaga«, en ekki eins og nú er orðað: »Um styrk til jarðabóta«. Þessu vona jeg að megi breyta, þótt ekki liggi fyrir nein breyt.till. um það.

Jón Jónsson þm. N.-Þ.: Þessar breytinga- og viðaukatill. nefndarinnar eru sumar þannig lagaðar, að jeg get ekki verið þeim samþykkur. Þannig skilst mjer, að nefndin setji fyrst það skilyrði, að fjelagið skuli hafa unnið 150 dagsverk minnst, en síðan að það skuli þó koma 10 dagsverk á hvern fjelagsmann til þess að styrkur fáist. Þetta sýnist mjer geta orðið ósanngjarnt. Jeg þekki fjelag, þar sem nærfelt þriðjungur fjelagsmanna eru búlausir menn, vinnumenn og bændasynir, sem af áhuga á málefninu eru með í fjelaginu og leggja þar sitt tillag, 2 kr. á ári, fjelaginu til eflingar. Ef nú þetta síðara skilyrði væri samþykkt, þá yrðu búendur að leggja miklu meira á sig til að ná í styrkinn, eða að takmarka inntöku í fjelagið, þannig, að útiloka alla þá, sem ekki hefðu ábúð. Jeg vil taka þetta fram til að benda á, að það geti verið varhugavert að samþykkja þessa breytingartillögu, því fyrir mitt leyti vil jeg heldur samþykkja 2. gr., eins og hún var fyrst hjá nefndinni. Þá er hin breytingartillagan, að undanskilja þær jarðabætur, sem áskildar eru í byggingarbrjefum jarða; það kann að vera mikið gott, en þó álít jeg það ekki rjett. Vitanlegt er það, að slíkar jarðabætur

má álíta nokkurn hluta afgjalds af jörðinni. En þegar eigandinn vill á þann hátt leggja fram fje til jarðabóta á sinni jörð, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að þær sjeu eins rjettháar til að öðlast styrk og aðrar jarðabætur, sem hann lætur gera, og þess vegna get jeg ekki verið þeirri breytingu meðmæltur.

Hinar aðrar breytingartill. h. nefndar eru þannig, að jeg get gjarnan gefið þeim atkvæði mitt.

Viðvíkjandi breytingartillögu þeirri, sem komið hefir fram frá 6 h. þingdm., þá verð jeg að vera h. framsögum. (S. St.) samdóma um, að þær eru þýðingarlitlar og lítt til bóta. Að síðustu vil jeg svo að eins brýna fyrir h. þingdm. að hugsa sig vel um 1. tölul. í breyt.-till. nefndarinnar, áður en þeir gefa honum atkvæði sitt.

Sigurður Jensson: Ásamt 5 öðrum þm. hef jeg komið fram með breytingartillögu í þá átt, að lækka takmarkið fyrir styrkveitingunni niður í 120 dagsverk úr 150 dagsverkum. Það er álit mitt, að aðaltilgangurinn með styrkveitingunni sje sá, að hvetja menn til að stofna búnaðarfjelög. Því, eins og menn vita, þá eiga slík fjelög opt erfitt uppdráttar í byrjuninni; menn eru tregir til að stíga hið fyrsta fótmál og ganga í fjelögin; í byrjuninni er líka kostnaðurinn mestur; þá þarf að kaupa verkfæri og þá eru venjulega fáir um að bera kostnaðinn; þess vegna er þá mest ástæðan til að styrkja þau.

En eptir því sem fjelögunum vex fiskur um hrygg, og búið er að sýna og sanna, að jarðabætur borgi sig bæði vel og fljótt, þá er ástæða til að styrkurinn geti minnkað og jafnvel að fullu fallið í burt. Jeg álít því, að færa niður takmarkið sje heppilegt til þess, að smáfjelögin, sem eru nýstofnuð, verði ekki alveg útilokuð frá öllum styrk, enda álít jeg nóg, að hin smærri fjelög fái að sjálfsögðu minni styrk en þau stærri, en óheppilegt að útiloka þau alveg. Þetta var það sem kom mjer og nokkrum öðrum þingmönnum, sem voru mjer samdóma í þessu, til að koma fram með þessa breyt.till.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Viðvíkjandi því, sem h. þm. N.-Þing. (J. J.) sagði um 1. breyt.till. nefndarinnar, þá skal jeg geta þess, að nefndin gerði þessa breyt.till. til þess að koma sjer saman við h. þm. N.-Múl. (J. J.), en öldungis ekki af því, að henni væri hughaldið, að hún næði fram að ganga. Þegar jeg svo sje eptir þeim upplýsingum, sem h. þm. (J J.) gaf, að þetta ákvæði gæti valdið ójöfnuði, þá vil jeg sem formaður nefndarinnar leyfa mjer að taka þessa breyt.till. aptur, og vona að h. deild greiði eins eptir sem áður atkvæði með tillögum nefndarinnar.

Hvað viðvíkur því, að undanskilja þær jarðabætur, sem áskildar eru í byggingarbrjefum, þá eru þær víst óvíða áskildar nema í byggingarbrjefum landssjóðsjarðanna. En hvað um það, hvort sem þær eru áskildar við byggingu á einstakra eignum eða þjóðeignunum, þá má skoða þær sem part af eptirgjaldinu, því væru þær ekki, þá væri eptirgjaldið hærra, og er það ekki meiningin að fara að styrkja menn til að borga eptir jarðir sínar, heldur sú, að hvetja menn til frjálsra samtaka í því sem er þeim og þjóðinni til framfara í þessu efni. Og þar sem þetta er aðaltilgangurinn með styrknum, þá er ekki sanngjarnt að eyða honum í að borga jarðeigendum, hvort heldur það eru privat-menn eða þjóðin, nokkuð af eptirgjaldinu eptir jarðirnar, sem þeir eiga að fá hjá leiguliðum sínum.

Viðvíkjand því, sem h. þm. Barðstr. (S. J.) sagði til að mæla fram með till. h. 6 þm., þá er það satt, að styrkurinn er ætlaður til að hvetja menn til að stofna fjelög, en hann er þá líka ætlaður til að hvetja menn til að vinna eitthvað. Því það er ekki nóg að fjelög sjeu stofnuð, heldur þarf að sjá um að þau haldist og láti eitthvað eptir sig liggja. Jeg verð að segja, að það er ekki mikill áhugi í því fjelagi, sem ekki getur komið af 150 dagsverkum. Það er víða regla, að minnsta kosti fyrir vestan, að fjelögin taka búfræðing frá því á vorin og fram á haust, sem vinnur fyrir fjelagið og þó enginn sje látinn vera með honum, þá vinnur hann einn miklu meir en þetta. Því að líklega taka fjelögin búfræðinga til að láta þá vinna að jarðabótum, en ekki til að láta þá róa og slá eða vinna þá vinnu, sem hver óbúfróður eða ólærður maður getur unnið. Jafnvel þó fjelögin hafi engan búfræðing, þá ætti þetta ekki að vera neinu fjelagi of vaxið. Jeg get því ekki sjeð, að nein ástæða sje til að færa takmarkið niður. Hitt álít jeg heppilegra, að hafa takmarkið heldur hærra en lægra, því með því er fjelögunum gefin meiri hvöt til að sýna verulegan áhuga og framkvæmdir.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg játa það, að mjer finnast tillögur h. nefndar yfir höfuð að tala vel hugsaðar, og jeg trúi ekki öðru en að þær verði til mikilla bóta. Það er auðvitað, að jafnan getur verið ágreiningur um, hvað mikið skuli leggja í dagsverk; það er komið undir svo mörgum atvikum, hve miklu hægt er að afkasta, jarðvegur er svo misjafn, sumstaðar miklu auðunnari en sumstaðar. H. framsögum. (S. St.) gat þess við 1. umræðu málsins, að hann áliti, að þessi landssjóðsstyrkur ætti að minnka með framtíðinni, eða jafnvel hverfa með öllu; jeg er á sama máli með það, en skilyrðið fyrir því, að svo geti orðið, er, að fjelögin jafnframt því sem þau vinna að jarðabótum komi sjer upp sjóði. Þó hef jeg jeg ekki komið með breyt.till. í þá átt, að fjelögin skyldu safna sjóði og leggja nokkuð við hann á hverju ári, enda hefir ekki verið auðvelt að koma breyt.till. að, þar sem málið hefir verið rekið nokkuð fljótlega, var á dagskrá á laugardag, og þá gerðar breytingar við till., og er tekið upp nú aptur, mjer liggur við að segja áður en hægt hafi verið að átta sig fullkomlega á því. Jeg álít það sem sagt nauðsynlegt, að hvert fjelag eignist sjóð, svo að þau þurfi ekki að hanga uppi á landssjóðsstyrknum einum, en detti þegar í mola, ef hann þrýtur. Við fyrri umræðuna kom það fram, að oflítið væri lagt í dagsverk, þegar um matjurtagarða væri að ræða í samanburði við túnasljettu, enda hefir nefndin tekið þetta til greina og fært dagsverkið upp úr 15 □ föðmum í 25 □faðma. Jeg álít, að þegar á allt er litið, sje ekki mikill munur á því, að búa til matjurtagarðinn og sljetta túnblettinn. Menn vita, að þegar órækt-uð jörð er rudd til garðstæðis, þá þarf miklu betur að mylja moldina en í túnasljettu. Stundum er að vísu, eins og h. 1. þm. Húnv. (E. Br.) tók fram, grassvörðurinn í garðstæðinu stunginn upp, og garðurinn umhverfis það hlaðinn úr honum, og þessi garður er lagður sjerstaklega í dagsverk. En þetta er óheppilega gert, því að með því er tekin burt bezta frjómoldin úr garðinum, og þarf þá að bæta hana upp með því að hrúga mjög miklum áburði í garðinn. Flestir, sem garða hafa ræktað, munu hafa reynt, að á meðan þeir eru nýir,

þurfa þeir mjög mikinn áburð, og það getur orðið ekki svo lítil fyrirhöfn að afla hans og koma honum í garðinn. Jeg er því ekki með breyt.till. nefndarinnar, því að jeg álít ekki auðunnara að rækta garð, en að sljetta jafnmarga □ faðma í túni.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. nefndarinnar (272) tekin aptur.

Breyt.till. (173) við A I. 2. felld með 14:5 atkv.

2. breyt.till. nefnd. (272) samþ. með 13 atkv.

3. breyt.till. nefnd. (272) samþ. með 11:4 atkv.

4. breyt.till. nefnd. (272) samþ. í e. hlj.

5. breyt.till. nefnd. (272) samþ. með 15 atkv.

Tillögurnar í heild sinni samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Tillaga til þingsályktunar um gagnfræðakennslu í lærða skólanum o. fl. (C. 272); fyrri umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til nefndarinnar sem kosin var til að íhuga tillögu til þingsályktunar um kennaramenntun.

Frumv. til laga um að íslenzk lög verði eptirleiðis að eins gefin á íslenzku (C 199); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. umræðulaust samþ. í e. hlj. og afgr. síðan til landsh. sem lög frá alþingi.

Frumv. til laga um ákvarðanir er snerta nokkur opinber lögreglumál (C. 291); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. umræðulaust samþ. í e. hlj. og afgr. síðan til Ed.

Frumv. til laga um afnám vistarskyldunnar og um heimilisfang verkmanna (C. 202, 308, 311); 3. umr.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Samkvæmt bendingum þeim, sem fram komu við 2. umr., hefur nefndin leyft sjer að koma með nokkrar breytingar við frv. (C. 308). Hæstv. landsh. tók það fram, að það gæti komið sjer illa, einkum í kaupstöðum og verzlunarstöðum, að verkamenn væru skyldir til að hafa sama ársheimili allt fardagaárið og mætti ekki leigja sjer herbergi fyrir skemmri tíma, þótt þeir gætu komizt að betri og hagfeldari leigukjörum annarstaðar. Þetta fannst nefndinni rjett að taka til íhugunar; breyt.till. sú, sem nefndin hefur komið fram með, til að ráða bætur á þessu, fer fram á, að verkamenn, hvort sem er í kaupstöðum eður til sveita, skuli hafa heimild til að skipta um ársheimili innan sama hrepps eða bæjarfjelags. Nefndinni þótti óviðkunnanlegt að tvískipta lögunum með því, að láta önnur ákvæði gilda til sveita en í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, enda hjelt hún, að það gæti engum glundroða valdið, þar sem það er gjört að beinu skilyrði, að hver sá, sem þessa heimild notar, verði að útvega sjer ábyrgðarmann, er hreppseða bæjarstjórn tekur gildan. Að þessum ábyrgðarmanni geta sveitarstjórnir og bæjarstjórnir jafnan snúið sjer með gjaldheimtuna, ef verkmaður sýnir vanskil á greiðslu lögboðinna gjalda. Breyt.till. nefndarinnar við 3. gr. er bein afleiðing af fyrri breytingunni.

Enn fremur eru komnar tvær breyttill. (C. 311) frá 6 h. þm. Fyrri breyt. till. fer fram á, að í frv. sje sett ákvæði um það, að enginn skuli vera laus við vistarskylduna, fyr en hann sje 20 ára. Nefndin getur ekki fallizt á þessa breyt.till.; henni finnst það eðli-

legast, að menn sjeu undanþegnir vistarskyldunni á sama aldri, sem þeir eru bærir um að ráða sig sjálfir í vist, það er að segja, þegar þeir eru 16 ára.

Hin breyt.till. fer fram á það, að hver, sem ekki ræðst í vist, skuli við byrjun hvers árs fá vottorð hjá hreppsnefndaroddvita um heimilisfang. Það kom til umræðu hjá nefndinni, þegar hún var að íhuga málið, að taka upp í lögin eitthvert ákvæði svipað þessu, en hún hvarf þó frá því; hún áleit það ekki heppilegt; hún bjóst við, að það mundi auka mjög umstang, án þess að nokkur veruleg trygging fengist. Það hefur stundum komið fyrir, að viðkomandi hefur gleymt eða glatað passa sínum, þegar farið er að spyrja hann um hann, og hætt er við að svipað mundi verða með vottorðin. *(J. J., N.-Þ.:* Þá er sektin). Nei, í breyt.till. er að eins tekið fram, að sekt liggi við, ef einhver vanrækir að fá sjer vottorð, en ekki þótt hann týni því. Jeg tek til dæmis, að einhver færi sjóveg upp á Akranes hjeðan, og hafi vottorð sitt í koffortinu sínu og að það fari í sjóinn, á þá að fara að sekta hann, ef hann kemur vottorðslaus upp á Akranes? *(J. J. N.-Þ.:* Hann á að sanna, að hann hafi fengið vottorðið). Já, en jeg sje þá ekki annað en að einmitt komi fram sömu vafningarnir og sömu skriptirnar, eins og þótt hann hefði ekkert vottorð haft. — Jeg verð að ráða h. deild frá að samþykkja þessa breyt.-till.; þær eru varla til bóta. Að svo stöddu finn jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið; hingað til hefur það fengið góðar undirtektir hjá h. d. og jeg vona að hún sendi það með eindrægni frá sjer.

Árni Jónsson: Jeg efast ekki um að allir h. deildarm. hafi gjört sjer ljósa grein fyrir, að hjer er um þýðingarmikið mál að ræða, og þótt umræður hafi ekki orðið miklar um það hingaðtil, hefur það varla komið af því, að málið hafi ekki fullkomlega þótt þess vert, heldur af öðrum atvikum. Það er ekki einungis hinn mesti vandi að skipa þessu máli svo vel sje, heldur eru tillögur manna um það og skoðanir bæði heima í hjeraði og hjer á þingi ærið sundurleitar. Þetta bendir á, að enn sje málið varla orðið fullljóst, eða skoðanir búnar að ná þeirri festu, sem æskilegt er, já nauðsynlegt, áður en því sje til lykta ráðið, þannig, að rífa vistarskylduna svona gjörsamlega upp frá rótum. Eptir því sem jeg hef athugað fundarskýrslur úr hjeruðunum í vor, fæ jeg ekki betur sjeð, en að landsmenn sjeu mjög óráðnir og hikandi í hvað gjöra skuli. Jeg sje ekki að beinlínis sje farið fram á að vistarskyldan sje afnumin nema í 5 fundarskýrslum, og það þó ekki nærri í einu hljóði. Aptur á mót er í 5 fundarskýrslunum beinlínis lagt á móti því að hún sje afnumin, svo að þessar tvennar 5 fundarskýrslur vega hvorar mót annari. Í þriðju 5 skýrslunum er farið fram á, að rýmkað sje um vistarbandið, á svipaðan hátt og frv. frá síðasta þingi fór fram á. Á sumum fundum hefur ekki verið minnzt á málið, og úr sumum kjördæmum t. d. Vestur-Skaptafellssýslu hafa engar fundarskýrslur komið.

Af þessu má sjá, að þótt málið hafi verið á dagskrá hjá þjóðinni í 4 ár, þá muni það ekki vera svo vel undirbúið enn, að ráðlegt sje að greiða atkvæði með því nú þegar, að vistarskyldan sje alveg afnumin. Það er á svo margt að líta, sem stendur í sambandi við þetta. Það er auðsjeð, að hjer á þingi hafa menn í þingbyrjun ekki

verið búnir að átta sig vel á málinu eða koma sjer niður á neitt fast í því. Um þetta ber það ljósastan vott, að þá komu hjer fram tvö frv. sem hvorugt fara í sömu átt sem frv., nefndarinnar; annað vill gjöra mönnum hægra fyrir með að vera lausamenn, en hitt leysa hvern sem er 21 árs undan vistarskyldunni, þó með vissum takmörkunum. Í frv. nefndarinnar eru aptur á móti því nær engin takmörk sett, nema þetta eina, að verkamenn sjeu skyldir að hafa ársheimili, en það mun sannast, að sú trygging, sem frumv. setur í því efni, mun reynast lítil, því að næsta erfitt mun reynast í framkvæmdinni að framfylgja þessu ákvæði. Jeg er að vísu á því, að vistarskyldan, eins og hvert annað hapt á frelsi manna, sje ekki eðlileg. Þess vegna hefi jeg verið því fylgjandi, að rýmka um vistarbandið. En þetta frumv. finnst mjer fara allt of langt.

Hjer er á það að líta, að hjer hagar öðruvísi til en í öðrum löndum; vistarskylda hefir verið hjer lengi, og menn hafa ekki kvartað stórum, en óánægja hefir einkum verið yfir því, að of hátt gjald hafi verið heimtað fyrir lausamennskuleyfi. Jeg er því á því, að þetta gjald ætti að lækka og gjöra mönnum hægra fyrir með að komast í lausamennsku, eða jafnvel undanþiggja þá með öllu vistarskyldunni, þegar þeir hafa náð vissu aldurstakmarki, og fram á það fer breytingartillaga sú, sem jeg ásamt fleirum h. deildarm. hefi leyft mjer að koma með. Þetta aldurstakmark vildum við ekki setja lægra en 20 ár. Mjer þykir það varúðarvert, að hver sem er orðinn 16 ára geti sagt, að hann ætli að vera laus og bjarga sjer sjálfur. Þetta getur ef til vill gengið vel yfir sumarið, en þegar vetrar og vinnu brestur, þá er hætt við, að öðruvísi fari, þá er hætt við, að hann hafi ekki safnað sjer nægum vetrarforða, heldur verði hreppsfjelag hans að taka við honum og sjá fyrir honum. Þannig er jeg hræddur um að fari fyrir óráðnum unglingum, og ekki örgrannt um, að sumir hinir roskn-ari verði ekki heldur vel búnir undir veturinn. Jeg held það væri ráðlegra að athuga eitthvað framfærsluskylduna í sambandi við þetta mál, þegar svona langt á að fara, og hvort ekki mundi þá ástæða til að breyta ákvæðum um hana, um leið og vistarskyldan er afnumin. Ef h. nefnd hefði í sambandi við afnám vistarskyldunnar viljað breyta framfærsluskyldu sveitarfjelaganna í þá átt, að afnema hana um leið og vistarskylduna, svo að hver og einn ætti eingöngu aðgang að því hreppsfjelagi, ef þörf gjörðist, er hann þá dveldi í, þá skyldi jeg vera manna fúsastur til að afnema vistarskylduna alveg. Ennfremur sýnast mjer ákvæðin í 2. gr. frumv. svo óákveðin, að næsta erfitt sje að fylgja þeim eða nota þau fyrir þá, sem þess þurfa. Það geta orðið æðimiklir vafningar á því, að vita, hvar verkmaður á heimili, ef hann hefir sjálfur engin skilríki að sýna fyrir því. Hjer á Suðurlandi getur hann sagt, að hann eigi ársheimili á Norðurlandi, og í Norðurlandi, að ársheimili sitt sje á Suðurlandi, og á það þó ef til vill á hvorugum staðnum; hjer eru engar tryggingar settar fyrir því, að verkamaðurinn hljóti að eiga ársheimili, engin ákvæði um, fyrir hverjum hann eigi að sanna, að hann eigi það. Það hefir hjá mörgum komið fram sú skoðun, að af leysing vistarbandsins mundi leiða mikla umferð og flakk, og því hafa ýmsir viljað láta setja einhverjar ákvarðanir til að fyrirbyggja slíkt; þetta virðist nefndinni þó ekki hafa þótt nauðsynlegt, en varla mun hún þar hafa með sjer al-

menningsálitið. Á suðurleið minni í vor bar mál þetta í tal á einu merkisheimili. Húsmóðirin, sem er mesta skynsemdar- og rausnarkona, sagði þá: »Þið megið gjarnan leysa vistarbandið, en þá þurfið þið um leið að setja lög um flakk, jeg vil ekki þurfa að hýsa alla þá, sem um munu fara, þegar enginn er skyldugur að vera í vist, en kann ekki við að taka upp á því, að fara að selja greiða«. Mjer virðist þetta frumv. eitt út af fyrir sig því ekki heppilegt, og eptir því sem jeg hef skýrt frá, mun skynsamlegast að fara varlega í málið, og hægt er að bæta úr vandkvæðum þeim, sem af vistarskyldunni leiðir, þótt ekki sje allt rifið upp frá rótum. Jeg held það sje nægilegt að byrja með því að gjöra aðgang að lausamennsku greiðari en verið hefir. Jeg sje heldur ekki betur en að meiri hluti þjóðarinnar hneigist einmitt að því.

Frá vinnufólkinu sjálfu, sem mál þetta snertir þó svo mikið, hefir ekki heldur komið eitt orð um það, að leysa vistarskylduna, og jeg álít þó, að sá flokkur manna hafi svo mikla menning og þekking til að bera, að hann mundi hafa látið eitthvað til sín heyra, ef hann hefði álitið mjög brýna nauðsyn á, að fá vistarbandið leyst. Hjer liggja þó fyrir ávörp frá þessum sama flokk, sem fara ómjúkum orðum um þingið fyrir það, að það hafi lagt á sig þunga byrði, ellistyrkinn. Af því er auðsjeð, að vinnufólkið hefir fulla meðvitund um rjett sinn og næma tilfinningu fyrir því, að ekki sje þrengt að hag sínum. Það virðist því líklegt, að það hefði eins vel getað sent ávarp um, að mega vera laust við vistarskyldu, eins og um að losast við þetta 1 kr. og 30 aura gjald, ef því hefði þótt eins brýn þörf á því. Jeg veit að allir h. þingdm., sem flestir eru húsbændur og þekkja því bæði hag húsbænda og vinnufólksins, jeg vona að þeir muni allir glögglega sjá og gæta að, hvílíka breyting þetta frv. muni gjöra á öllu heimilislífi, og hinu nána sambandi, sem hingað til hefir verið milli húsbænda og hjúa hjer á landi, og að óreyndu efast jeg ekki um, að h. deild muni fallast á breytingartillögu vora um, að enginn sje laus undan vistarskyldu fyr en hann er tvítugur; þetta vona jeg því fremur, sem 2 merkir þingdm., þm. Árn. (Þ. G.) og þm. Snæf. (P. Br.), hafa ekki viljað setja þetta aldurstakmark lægra en 21 ár. Sama er að segja um vottorð það, sem vjer förum fram á að verkmenn fái; jeg vona að hin h. deild aðhyllist, að það sje nauðsynlegt, og þung útgjöld geta það ekki heitið, þar sem að eins er farið fram á, að 25 aurar sjeu goldnir fyrir það. H. þm., sem jeg nefndi áðan, vildu þó hafa gjaldið 1 kr. Vjer höfum viljað koma þessu á, til að sýna með því, að sönnunarskyldan hvíldi á verkamönnunum, en að hreppsnefndir þyrftu ekki að vera að leita að ársheimilum þeirra út um »borg og bý«.

Jeg hef nú farið fám orðum um þetta þýðingarmikla mál, og vona jeg að h. deild íhugi það vel, áður en hún sleppir því frá sjer.

Jón Jónsson, þm. N.-Múl.: Af því jeg er einn af þeim 6 þingdm., sem komið hafa með breytingartill. á þingskjali 279 (C. 311), sem h. framsögum. (Sk. Th.) hafði svo mikið á móti, þá vil jeg víkja fáeinum orðum að mótmælum hans gegn tillögunni. Hann tók það sem dæmi, að það væri ósanngjarnt að sekta verkmann, sem færi hjeðan og upp á Akranes og liði skipbrot, svo hann missti vottorðið um heimilisfang sitt í sjóinn. Jeg skal játa, að það væri ósanngjarnt, en jeg vil benda h. framsögum. (Sk. Th.) á, að eptir 5. gr. frumv. á að fara með mál, sem rísa

út af brotum gegn lögum þessum, sem almenn lögreglumál. Þess vegna ímynda jeg mjer, að tekið yrði tillit til þess, undir rekstri málsins, að maðurinn hefði liðið skipbrot og misst þannig vottorðið og mundi honum því ganga hægt að fá frest í málinu, til að útvega aptur vottorðið. Jeg held því, að þessi mótbára h. flutningsm. (Sk. Th.) hafi ekki svo mikið að þýða.

Úr því jeg stóð upp á annað borð, verð jeg að fara fáeinum orðum um þetta mál, og það því fremur, sem skoðun mín á því er alveg gagnstæð skoðun allmargra kjósenda minna.

Fyrsta ástæðan til þess, að jeg er með því að afnema vistarskylduna, er sú, að mjer finnst það ósanngjarnt, að menn skuli ekki mega leita sjer atvinnu þar, sem þeim sýnist, og á þann hátt, sem þeim þykir bezt, því enginn mun þó neita því, að það sje eðlilegur rjettur hvers manns. Önnur ástæða mín er sú, að lausamennskulögin eru lög, sem engum dettur í hug að hlýða nje framfylgja. Þeim er hvorki hlýtt af vinnumönnum nje bændum, og heldur eigi framfylgt af hreppsstjórum nje sýslumönnum. Þau hafa enga stoð í meðvitund manna, af því flestum mun finnast brotinn frjáls og eðlilegur rjettur manna með því, að framfylgja þeim. Jeg skal samt ekki neita því, að það er einn flokkur manna, sem notar þessi lög. Það eru menn sem reiðast við einhvern verkamann, af því þeir fá hann ekki í vist eða vinnu, þegar þeir vilja; þá vilja þeir fá hann sektaðan eptir lausamannalögunum, en jeg vil ekki vera með að halda uppi lögum, sem ekki eru brúkuð nema af hefndargirni.

H. þm. Mýram. (Á. J.) hafði það á móti afnámi vistarskyldunnar, að vinnufólk hefði ekki látið til sín heyra í því máli. Mjer finnst það ekki nema eðlilegt, þótt vinnufólk sje uppburðarlítið, sem aldrei hefir neitt að segja í neinu máli, er almenning varðar, sem ekki hefir kosningarjett í sveitamálum, eða rjett til að kjósa til alþingis. Og þar sem jafnvel bændur, sem lengi hafa haft þennan rjett, þykja uppburðarlitlir að koma fram sínum málum, og fá þær breytingar fram, sem þeir vilja hafa framgengt, þá er ekki nema eðlilegt, þótt vinnufólk sje það.

H. þm. Mýr. (Á. J.) minntist á áskoranir, sem komið hefðu úr Þingeyjarsýslu, um að afnema styrktarsjóðsgjaldið, en eptir því, sem jeg hefi heyrt sagt um það, hvernig þessar áskoranir eru til komnar, þá hefði hann helzt ekki átt að minnast á þær. Annars held jeg, að það sje svo í raun og veru, að flestir sjeu lausamenn, sem vilja það, þrátt fyrir lausmennskulögin. *(Árni Jónsson:* Þá þarf ekki að afnema þau). Jú, allt eins, og miklu heldur, fyrir það, því til hvers er að hafa lög, sem enginn hlýðir? Jeg álít það ekki til annars en siðspillingar. Það hefir komið fram sú mótbára, að vinnukrapturinn mundi minnka, ef vistarskyldan væri afnumin, en jeg held að það sje almennt viðurkennt, að kaupafólk vinni meira en vinnuhjú gjöra almennt. Ekki get jeg heldur fallizt á, að lögin hefðu t. d. þá verkun, að ekki mundu fást eins góðir fjármenn eins og áður. Jeg held þvert á móti, að menn mundu sem lausamenn fremur en áður leggja sig eptir sjerstökum verkum, í von um hærra kaup, enda hefir hingað til verið gjörður allt of lítill munur á góðum vinnumanni og fjármanni, og þeim, sem lakari er. Lausamennirnir hljóta að sjá það, að til þess að fá álit á sig, og til þess að eptirsókn verði eptir þeim, og þeir geti æfinlega átt víst að fá peninga fyrir vinnu sína, þá þurfa þeir að leggja sig alvarlega eptir sinni

iðn. Það hefir verið sagt að kaupið mundi hækka, menn mundu flykkjast að sjónum. En slíkt fer eptir árferði. Vistarskyldan getur ekki komið í veg fyrir þetta. Í góðu ári er eptirsókn eptir vinnufólki, þá hækkar kaupið. Í góðum afla-árum flykkjast menn að sjónum. — En það er kostur við lausamennskuna, að lausamannakaupið hækkar og lækkar fljótara og jafnara eptir árferði, en vinnufólkskaupið.

Jeg veit, að kjósendur mínir, og enda fleiri, eru mjög á móti algjörðu afnámi vistarskyldunnar, eða þykir það of snemma uppborið; en af þeim ástæðum, sem jeg þegar hefi tekið fram, verð jeg að vera á því, að rjett sje að fá sem fyrst lög um þetta efni.

Hefði komið fram frv. sem skemmra hefði farið, skyldi jeg gjarna hafa verið með því, því jeg álít hvert spor, sem stigið er í áttina, til að afnema þessi óeðlilegu vistarskyldubönd, vera heppilegt framfaraspor.

Forseti: Það er of mikið mælt, að engum detti í hug, að hlýða lausamennskulögunum. Að minnsta kosti er það ekki svo, þar sem jeg þekki til.

Eiríkur Briem: Jeg er samdóma h. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) og h. flutningsmönnum þessa máls um það, að full ástæða sje til, að breyta lausamennskulögunum og rýmka skilyrðin fyrir því, að menn geti orðið lausamenn. En þótt jeg viðurkenni þetta, þá þykir mjer of langt farið í þessu frv. Hjer er að ræða um stórkostlegar breytingar á lögum, sem lengi hafa verið í gildi. Jeg hefi samt ekki komið fram með neinar breytingar við þetta frv., og það af þeirri ástæðu, að fram hefir komið hjer í deildinni annað frumv., en þegar það átti að koma til framhalds 1. umr., þá var það tekið út af dagskrá. Það frumv. inniheldur ákvæði, sem jeg get vel fallizt á, nefnilega að lækka stórum borgun fyrir lausamennskuleyfið.

Jeg skal ekki fara að tala um mál þetta yfir höfuð, því það er margrætt. Jeg skal viðurkenna, að það hefir marga kosti, að losa um vistarskylduna, en það hefir líka mikla ókosti. Flestar af breytingartill. þeim, sem fram eru komnar, eru til bóta, og vil jeg, að þær komist að, ef frumv. á að ganga fram. Þannig álít jeg það beinlínis nauðsynlegt, að engum sje leyft að vera í lausamennsku fyr en eptir 20 ára aldur. Þótt heimilislífið sje víða ófullkomið, þá er þó dvöl í vist og hlutdeild í heimilislífi fyrir óþroskaða unglinga sem nokkurs konar uppeldisstofnun í samanburði við umferð í lausamennsku. Jeg get yfirhöfuð ekki álitið það rjett, að leyfa mönnum að vera í lausamennsku, meðan þeir ekki hafa náð þeim aldursþroska, að þeir sjeu álitnir færir um að vera fjár síns ráðandi.

2. breytingartill. hinna 6 þm., um viðbótina við 2. gr., álít jeg og að hafi nokkra þýðingu og þá til bóta það það er.

Jeg óttast ekki svo mjög afleiðingarnar af afnámi vistarskyldunnar, þegar fram í sækti, því meðan búnaðarhættir manna eru eigi orðnir allir aðrir en þeir eru nú, þá mun mikill hluti vinnandi fólks eptir sem áður hljóta að vera í vistum. Það er helzt í byrjuninni, sem jeg er hræddur um óheppilegar afleiðingar. Þannig er jeg hræddur um, að svona lög mundu gefa tilefni til þess, að kaupgjaldið hækkaði í byrjuninni meir en eðlilegt væri. Jeg tek t. d. bónda, sem vill ráða til sín vinnumann. Ef vinnumenn segðu þá við hann einn eptir annan: Jeg er nú að hugsa um, að fara að vera laus eptirleiðis, þá gæti svo farið, að bóndi

yrði hræddur um, að hann gæti ekki fengið neinn vinnumann og færi svo að bjóða hærra kaup, en hann gæti staðið sig við.

Eins og jeg hefi tekið fram áður, þykir mjer of langt farið í þessu frv., og get því ekki gefið því atkvæði.

Ólafur Pálsson: Jeg er samdóma þeim h. þingdm., sem mælt hafa með þessu frumv. Þeir hafa tekið svo ljóslega fram allar þær ástæður, sem jeg vildi hafa tilgreint. Jeg stend þessvegna upp að eins til þess að gjöra grein fyrir atkvæði mínu. H. þm. Mýr. (Á. J.) talaði um, að afnám vistarskyldunnar mundi leiða til flakks, en jeg er hreint ekkert hræddur um það, enda sje jeg ekki betur en að það sje fyrirbyggt með frv. Vjer erum að tala um frelsi í öllum hlutum. Skyldum vjer þá ekki eiga að styðja að fullkomnu mannfrelsi? Mjer virðist mál til komið, að losa nú úr ófrelsinu vinnuhjúin, bæði vinnumennina og vinnukonurnar, sem vjer höfum haft undirokuð. Eða kannske menn vilji hafa þessa kúgun frá eilífð til eilífðar? Það get jeg ekki fallizt á, og gef þessvegna frv. þessu óhikað atkvæði mitt. Breytingartill. fæ jeg aptur á móti ekki sjeð, að sjeu til bóta.

Þorlákur Guðmundsson: Það var aldrei nema eðlilegt, að umræður yrðu um þetta mál, áður en það færi burt úr deildinni. Jeg vona, að það verði ekki fellt hjer, til þess að h. Ed. geti fengið að reyna á því skarpskyggni sína og frjálslyndi.

H. þm. Mýr. (Á. J.) talaði mest á móti málinu. Þótti honum varhugavert, að ganga svona langt, einkum þar sem vilji þjóðarinnar væri eigi eindreginn í þessa átt, eptir því, sem hann gæti fengið út úr þingmálafundaskýrslunum. Jeg held nú samt, að allir hljóti að vera á einu máli um það, að nauðsynlegt sje, að rýmka eitthvað um þann órjett, sem vinnuhjú vor hafa legið undið um langan aldur. Það hefir legið á verkamönnum óeðlilegt band, og þetta band er nú orðið mál að leysa. Hann minntist á, að ekkert hefði komið frá vinnufólkinu um þetta mál. Þessari mótbáru er þegar svarað af h. 1. þm. N.-Múl. (J. J.). Vinnufólkið okkar heldur ekki fundi, og það lætur ekki til sín taka á annan hátt.

Það hefir verið gefið í skyn, að áskoranir þær, sem komið hafa frá vinnufólki úr Þingeyjarsýslu, um að afnema styrktarsjóðsgjaldið, væru til orðnar fyrir áeggjan annara, og sýnir það bezt, hve vinnufólk er skammt komið í því að sjá hvað til síns friðar heyrir.

H. þm. Húnv. (E. Br.) virtist viðsjárvert, að sleppa 16 ára gömlum unglingum svona út í heiminn. Hann áleit, að það gæti orðið til hins verra. En jeg get eins hugsað, að það yrði opt til hins betra. Unglingar, sem aldir eru upp á miður góðum heimilum, geta haft gott af, að komast sem fyrst heiman að og á betri heimili, því þar geta þeir grætt margt á því, að kynnast við fólk, lært betri siði, fleira verklegt o. s. frv. Þannig mun mega mæla með og móti hvorutveggja. Það getur verið, að einstöku persónur kunni að daga uppi einhvern tíma á árinu, en jeg óttast ekki, að þau tilfellin verði mörg; en þeir, sem yrðu fyrir því, mundu þá læra af því, að vista sig, og það jafnvel upp á minna kaup, en almennt tíðkast. Eins gætu sveitarstjórnirnar gjört slíku fólki að skyldu, að borga aptur það, sem þeim hefir verið lagt. Jeg verð að álíta, að það yrði engu öðru að kenna, en aðhaldsleysi og skeytingarleysi hreppsnefnda, ef sveitarsjóðirnir hefðu tjón af lögum þessum. Ef að jeg væri í hreppsnefnd undir þessum lögum, mundi jeg ekki

spara að lesa yfir þess konar fólki þessi alþekktu orð: »Þeir sem ekki vilja vinna, eiga heldur ekki mat að fá«. Og slíku fólki þarf ekki að veita styrk, nema skuldbinda það til að vinna slíkt lán af sjer. Annars væri hægt, ef mönnum sýndist svo, að semja lög um betl og flakk, ef að reynslan væri búin að sanna þörf á slíku á næsta þingi.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Jeg skal fyrst leyfa mjer að benda á eitt atriði í frumv. Í 3. gr. er svo ákveðið, að rjett sje, að verkamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Það kom til tals í nefndinni, hvort ekki mundi rjett að bæta því ákvæði inn í þessa grein, að leggja mætti tiltölulegt gjald á verkmann á þeim stað, sem hann ræki atvinnu t. d. 4 mánuði ársins. En nefndinni þótti ónauðsynlegt, að taka um það ákvæði upp í frumvarpið, og með því að hún álítur, að þrátt fyrir hin almennu ákvæði frumvarpsins hljóti ákvæðin í lögum nr. 12, 9. ág. 1889, og í bæjarstjórnarlögunum, að standa óhögguð, svo að heimild sje til að leggja tiltölulegt útsvar á verkamanninn, þar sem hann rekur atvinnu 4 mánuði eða lengur.

H. þm. Mýr. (Á. J.) talaði um vilja þjóðarinnar í þessu máli. Jeg hefi lesið þingmálafunda-skýrslurnar á lestrarsalnum, og þingmaðurinn kveðst einnig hafa farið í gegnum þær, en hann hefir lesið þær nokkuð öðru vísi en jeg. Jeg held það sje ekki gott, að fá það út úr skýrslunum, að meiri hluti þjóðarinnar sje ekki þessu máli sinnandi. Jeg má segja, að það eru 11 kjördæmi, sem eru með afnámi vistarskyldunnar. En að því er snertir þau kjördæmi, sem eigi hafa sent neinar skýrslur, þá verður eigi þar út af dregin sú ályktun, að þessi kjördæmi hafi verið á móti afnámi vistarskyldunnar. Það mun þvert á móti rjett, að álíta, að þessi kjördæmi sjeu málinu hlynnt, því að menn í þessum kjördæmum máttu vita, að málið mundi koma fyrir þetta þing, og hefðu þeir því sjálfsagt reynt, að afstýra því með fundaályktunum, að málið næði fram að ganga á þingi, ef þeir hefðu verið því mótfallnir.

Þá skal jeg enn minnast lítið eitt á breytingartillögur hinna 6 þm., einkum á hina síðari. Í 4. gr. frumv. er tekið fram, að það varði sektum, frá 5—50 kr., ef verkmaður, sem ekki er í vist, eigi á vist ársheimili frá fardögum til fardaga, svo að sönnunarskyldan hvílir því á verkamanninum. Þar af leiðir, að síðari breytingartill. h. þm., um að verkmaður í byrjun hvers árs skuli fá vottorð hjá hreppsnefndaroddvita um heimilisfang, hefur litla þýðingu. Jeg skal samt ekki leggja mikla áherzlu á þessa breytingartill., en jeg vildi spyrja, hjá hvaða oddvita á verkmaðurinn að fá þetta vottorð? Getur sá oddviti, sem ekkert þekkir til mannsins, gefið honum vottorð, sem ekki verður vefengt? Ef t. d. verkmaður kemur til oddvita og segir við hann: Jeg á heima í þessum og þessum hrepp, og vil því fá vottorð þitt um, að jeg eigi þar heimilisfang. Skilríki hefur hann kannske engin að sýna oddvita, nema ef til vill brjef frá einhverjum bónda, sem oddviti ekkert þekkir. Hvaða sönnunarþýðingu á nú að leggja í vottorð, sem hreppsnefndaroddviti gefur á þennan hátt? Ef vefengingar geta komið fram, þá sje jeg ekki, hvaða gagn getur orðið að vottorðunum.

H. þm. Mýr. (Á. J.) tók það fram, að engin ósk hefði komið frá vinnufólki úti um land um afnám vistarskyldunnar. Þessari mótbáru er þegar svarað af h. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) og

h. þm. Árn. (Þ. G.). Jeg vil þó taka það fram, að í Ísafjarðarsýslu hefur vinnufólk átt fund með sjer og samþykkt áskorun til þingsins um að afnema vistarskylduna, og hafa þær verið birtar í blöðum á Vestur- og Norðurlandi. Auk þessa er aðgætandi, að vinnufólki gat ekki verið ókunnugt um, að þinginu myndu berast ýmsar áskoranir um afnám vistarskyldunnar frá þingmálafundum víðs vegar af landinu, og hefir það að líkindum borið það traust til þingsins, að þessar áskoranir þingmálafundanna yrðu til greina teknar. Vinnufólk er því miður heldur eigi enn almennt á því menntunarstigi, að það hafi mikil afskipti af almennum málefnum, og jafnvel ekki af þeim málum, er snerta sjálft það. Menning þess kemur fyrst með frelsinu.

Viðvíkjandi þeim mótbárum, sem h. þm. Húnv. (E. Br.) hreifði gegn frumvarpinu, að ekki sje hollt að leyfa ungmennum frá 16—20 ára að aldri, að eiga með sig sjálf, þá hefur h. þingm. Árn. (Þ. G.) svarað þeim að nokkru leyti. Jeg verð að vera honum samdóma um, að það sje bæði hollt og gott, að verða sem fyrst að treysta sínum eigin kröptum. Á hinn bóginn ímynda jeg mjer, að þeir muni eigi verða margir á þessum aldri, sem nota þennan rjett. Foreldrarnir munu eigi sleppa börnunum frá sjer, fyr en þeir treysta þeim til að ganga út í lífið. En ef einstöku maður, á aldrinum frá 16—20 ára, er fær um, og hefur löngun til að eiga með sig sjálfur, þá finnst mjer ósanngjarnt, að neita honum um það.

Hverjar munu verða afleiðingarnar af því, að nema vistarskylduna úr lögum, er ekki gott að segja. Það kann að vera, að þær verði að einhverju leyti ekki góðar í fyrstu, en einhvern tíma verður að stíga það spor, að leysa þetta órjettláta og óeðlilega band. Jeg fyrir mitt leyti er viss um, að afleiðingarnar verða yfir höfuð góðar, kaupgjaldið verður jafnara og sanngjarnara, þeir fá meira kaup, sem duglegir eru, en þeir minna kaup, sem eru miður duglegir.

Jens Pálsson: Jeg vildi að eins fara fáeinum orðum um frumv., enda þótt umræðurnar sjeu þegar orðnar nokkuð langar.

Það hefur komið fram ágreiningur um það, hvað menn úti um landið hugsi um mál þetta, hvort menn í raun og veru vilji láta afnema vistarskylduna. H. þm. Mýr. (Á. J.) færði einkum það fram sínu máli til stuðnings, að sjá mætti á sumum fundargjörðum, að menn væru því beinlínis mótfallnir, en jeg vil spyrja: Hverjir greiða atkvæði á þessum fundum? Það eru einmitt bændur, að eins annar af þeim flokkum, sem málið snertir.

Jeg held að jeg megi fullyrða, að það hafi hingað til verið álit manna, að það væri meiri hagur fyrir bændur, að halda hjú, heldur en daglaunamenn. Nú fyrst er sú skoðun að hverfa; nú er sú skoðun farin að ryðja sjer til rúms, að það sje eins affarasælt fyrir bændur, að halda verkamenn, að minnsta kosti að sumu leyti. En þar sem vjer nú stöndum á takmörkunum milli þessara tveggja skoðana, eða tímamótunum, þegar hin yngri skoðun er að vinna bug á hinni eldri, þá er við því að búast, að allmargir haldi enn í hugsunarleysi við hina gömlu skoðun, og álíti að það sje skilyrði fyrir því, að búskapurinn geti þrifizt, að hjúin sjeu skyld til þess að vera í vist. Þó eru það að eins fáir þingmálafundir, sem hafa verið því algjörlega mótfallnir, að vistarbandið væri leyst. Það er farið að komast inn í meðvitund manna, að

vistarbandið sje óeðlilegt, að það sje óeðlilegt, eins og gert er í núgildandi lögum, að skylda menn til að vera í stöðu, sem á öllum lakari heimilum þó óneitanlega er staða vægrar kúgunar. Jeg held þetta sje ekki ofsögum sagt, þegar litið er til eins ákvæðis í núgildandi lögum, sem jeg get aldrei hugsað um án gremju og blygðunar, þess ákvæðis, að það er gert ráð fyrir því undir vissum kringumstæðum, að menn sjeu boðnir upp, seldir í vistir á manntalsþingi. Ef maður getur ekki fengið vist af eigin rammleik, þá er hann neyddur til að ganga í vist, sem hann hefur ekkert atkvæði um sjálfur, en sem aðrir álíta fullgóða handa honum. Þessu er reyndar varla framfylgt, en það stendur þó í lögunum.

Jeg er einn þeirra, sem vilja láta leysa vistarbandið, sem jeg álít að hafi margar vondar afleiðingar. Í fyrsta lagi er öllum vinnuhjúum nú gert að skyldu að vinna hverja vinnu sem er, og með því er stór flokkur manna útilokaður frá því að gefa sig einkum við sjerstökum verkum, enda þótt margir kunni að hafa lyst og hæfilegleika til þess. Með því að skylda menn til að fást við alls konar verk er þeim fyrirmunað að öðlast æfingu og dugnað í sjerstökum verkum. Af þessu leiðir, að verði vistarskyldan leyst, mundi verknaði fara fram; hin mikilvægustu störf mundu verða betur unnin, betur af hendi leyst.

Önnur afleiðing vistarskyldunnar er sú, að hjúin venjulega álíta sjálfsagt að vinna með kappi einungis um aðalbjargræðistímann, í sveitum um sláttinn, í sjóplássum um vertíðir. Þegar þeim tímum sleppir, vilja karlmenn hafa sem minnst útiverk, en vilja hafa það náðugt, enda þótt kallaðir sjeu góðir vinnumenn. Þetta bendir á, að það hefst ekki eins mikið upp úr vinnu vistráðinna hjúa og ætti að vera og mætti vera, heilsu verkmanna og lífskjörum að skaðlausu. Ef vistarskyldan væri leyst, mundu allir skoða sig sem daglaunamenn, en það hef jeg reynt, að daglaunamenn álíta það skyldu sína, að vinna það sem þeim er lagt fyrir trúlega frá morgni til kvölds, þar sem vinnumenn helzt vilja hafa sem mestar frístundir. Með því að leysa vistarskylduna mundi verða unnið meira; það mundu verða fleiri verkamenn og færri hjú.

Ef vistarskyldan væri leyst, þá mundu bændur enn fremur losna við eina kvöð, sem hvilir á bændum með tilliti til hjúanna, þá kvöð, að þeir eru skyldir til að forsorga hjúin, þegar þau verða sjúk, enda þótt þau hafi sýkzt rjett eptir að þau komu í vistina. Þessi óeðlilega kvöð hverfur með vistarskyldunni, því að hún er leidd af henni.

Fjórða afleiðing vistarskyldunnar er sú, að hjúin venjast við fyrirhyggjuleysi með því að vera sífellt í vist og vera skyldug til að vera í vist. Þau fá ekki hina sönnu og rjettu hvöt til að græða og sýna fyrirhyggju fyrir sjálfum sjer. Það eru mörg dæmi til þess, að unglingar hafa verið mörg ár í vist og allt af varpað allri sinni áhyggju upp á húsbóndann, með það hvað þeir fái í kaup, og opt verður það lítið sem ekkert, sem slík hjú svo bera úr býtum, þegar þau fara úr vistinni. Víða er einungis talað lauslega um kaupgjald, en enginn formlegur samningur gerður. Ef bóndinn stendur sig illa, þegar hjúin fara úr vistinni, þá missa þau einatt kaup sitt, af því að þau hvorki vilja nje geta gengið fast að bóndanum.

Leysing vistarskyldunnar gefur hjúum eður verkmönnum, að því er mjer skilst, miklu meiri hvöt til fyrirhyggju og framsýni, og er það mikilsvert.

Mótbáru h. þm. Mýr. (Á. J.) mót því að leysa vistarband unglinga hefir þegar verið svarað að nokkru leyti. Jeg álít, að það verði ekki mikil hætta; flestir unglingar munu vera í vist, nema einstakir, sem eru framúrskarandi að framtakssemi, og munu þeir af reynslunni fljótt læra að neyta frelsis síns sjer til hagsmuna.

Yfir höfuð held jeg að mjög margir verði í vist eptir sem áður, það er að segja hjá þeim húsbændum, sem hjúunum líkar við, ef annars húsbændurnir kjósa fremur að halda hjú en daglaunamenn, en víðast verða sjálfsagt bæði hjú og daglaunamenn starfendur á heimilunum.

Sveinn Eiríksson: Jeg er einn af þeim, sem ekki vilja með öllu leysa vistarskylduna að svo stöddu, enda þó jeg játi, að frv. þetta sje samið og til orðið í góðum og frjálslegum tilgangi; jeg er þó hræddur um, að frv. þetta, þótt það yrði að lögum, nái aldrei þeim góða tilgangi sínum; það skyldi þá helzt vera hjer í Reykjavík eða annars staðar í kaupstöðum, þar sem menn þurfa ekki að fara langt til að ná í atvinnu. Allt öðru máli er að gegna upp til sveita. Reyndar geta gufuskipaferðirnar víða ljett undir, en þó er ekki allsstaðar nje allt af hægt að hafa þær. Og viðvíkjandi aldurstakmarkinu—það sannast, ef þetta frumvarp yrði að lögum, að einmitt hinir yngstu og óráðnustu færu ef til vill fyrst í lausamennsku, og það eru líka mörg dæmi þess, að þó einn maður sje gott hjú og vel vinnandi, þá getur hann þó ekki átt með sig sjálfan, eða verið sinn eigin húsbóndi.

Jeg þekki enn fremur mörg dæmi þess, að menn hafa farið úr sýslunum hjer sunnanlands til Austfjarða að vorinu til, til að leita sjer atvinnu um sumartímann, atvinnan hefir brugðizt, þeir prettaðir um kaupið, hafa svo komið aptur á haustin fjelitlir eða fjelausir, og orðið svo að setjast upp á húsbændur sína, sem kallaðir eru, og jetið svo upp tilvonandi sumarkaup sitt fyrirfram.

Það væri því mjög hætt við, að þessi lög mundu venja menn á flakk og þar af leiðandi iðjuleysi og óreglu, og get jeg því sem sagt með engu móti greitt atkv. með þessu frv.

Árni Jónsson: Jeg ætla að taka það upp aptur, af því mjer heyrist menn hafa misskilið mig, að jeg er því mjög hlynntur, að lausamennska sje gerð hægari en nú er, en jeg vil hins vegar ekki, að vistarskyldan sje nú þegar af numin án nokkurrar takmörkunar. Þess vegna hef jeg komið fram með þessar breyt.till. Hafi menn skilið orð mín áðan öðruvísi, þá er það misskilningur.

H. þm. N.-Múl. (J. J.) talaði um, að enginn hlýddi lausamannalögunum, en h. forseti gaf honum áminningu fyrir þau orð, sem jeg held að nægi. Þar sem hann sagði, að vinnufólk væri svo bælt, að það gæti ekki látið skoðun sína í ljósi, þá vil jeg benda h. þm. á, að konur hafa heldur ekki mikil rjettindi, ekki kosningarrjett o. s. frv., en látið hafa þær til sín heyra um sín áhugamál.

Jeg skal taka það fram, vegna orða h. þm. V.-Skaptf. (Ól. P.), að mjer datt ekki í hug að drótta því að honum, að hann hefði ekki boðað til fundar í kjördæmi sínu. Orð mín lutu einungis að því, að þar sem enginn fundur hefði verið haldinn, þá gætu menn ekki vitað, hver væri vilji kjósenda hans í þessu máli.

H. þm. Árn. (Þ. Guðm.) sagði, að þess yrði langt að bíða, að þjóðin yrði á eitt sátt í þessu máli. Eptir fundarskýrsl-

um að dæma virðist mjer þó útlit fyrir, að það verði ekki svo mjög langur tími. H. þm. (Þ. G.) sagði einnig, að menn væru nú nógu lengi búnir að borga lausamennskuleyfið ærnu verði, og þykja mjer þau orð hans undarleg, þar sem hann sjálfur hefir fyrir fám dögum komið með frv., sem fór fram á, að menn skyldu borga fyrir lausamennskuleyfið, og það skyldi bundið við vissan aldur, og sömu skoðun hafði hann á síðasta þingi; mjer finnst að hann ætti eptir því að greiða atkvæði með breyt.-till. vorum, sem lækka gjaldið niður í 25 a. og miða við 20 ár.

Ef h. þm. (J. G.) byggir á því, að hægt sje að breyta lögunum á næsta þingi, ef þau reynist illa, þá er það mjög hæpið. Jeg álít það miklu heppilegra að fara heldur hægra nú í byrjuninni, eins og breyt.till. vorar miða að.

H. framsögum. (S. Th.) sagði, að jeg mundi hafa lesið fundarskýslurnar öðruvísi en hann. Það getur vel verið, að hvor hafi lesið upp á sinn máta, en þá er eptir að vita, hvor hafi rjettara fyrir sjer. Jeg fór yfir skýrslurnar í morgun, og telst mjer til að 5 kjördæmi sjeu eindregið með því, af afnema vistarskylduna. Þessi eru: 1. Strandamenn, 2. Rangvell., 3. Suður-Þing., 4. Dalamenn, 5. Ísfirð. (á Kollabúðafundinum).

Á móti því eru: 1. Gullbringusýsla (Vatnleysustr.hreppur), 2. Húnvetn., 3. Norður-Þing., 4. Norður-Múlas., 5. Suður-Múlas.

5 kjördæmi vilja hafa takmörkun (18—20 ár). Þessi eru: 1. Mýras., 2. Reykjavík, 3. Skagafj., 4. Snæfell. (á öðrum fundinum), 5. Barðastrandars. vesturhlutinn.

Í 5 kjördæmum hefir annaðhvort ekki verið minnzt á málið á fundum eða enginn fundur haldinn:

1. Austur-Skaptaf., 2. Eyjafj.s., 3. Vestur-Skaptaf., 4. Borgarfj.s., 5. Vestmanney. (Í þessum 3 síðastnefndu hafa engir fundir verið haldnir).

Jeg get ekki skilið, hvernig hægt er að fá út úr þessu, að 11 kjördæmi vilji láta afnema vistarskylduna. Það eru eins mörg eindregið á móti eins og með því.

H. framsögum. (S. Th.) sagði, að ákvæðin í 4. gr. frv. gerðu aðra breyt.-till. vora óþarfa. Það eru reyndar lagðar sektir við því í þessari grein, að hafa ekki fast ársheimili, en hvernig fer, ef verkmaðurinn getur ekki fengið neitt ársheimili? Jeg held það geti eptir sem áður orðið erfitt að koma sjer niður, eins og h. þm. Dalam. (J. P.) talaði um, þegar hann minntist á, að lög heimiluðu að bjóða vistlausa menn upp.

H. framsögum. (S. Th.) spurði enn fremur um, hvaða gildi þessi vottorð oddvita ættu að hafa. Þau eiga að vera sönnun fyrir því, að sá sem hefir þau í höndum, eigi ársheimili. Þetta er meiri trygging en einungis sögusögn þeirra sjálfra, og með þessu verður síður hætt við vafningum en eptir ákvæðum frv. Þetta er fljótlegra fyrir alla, sem hlut eiga að máli, ef menn þurfa að vita, hvar ársheimili sje. Jeg skal játa það, að jeg mundi ekki eptir þeirri áskorun vinnufólks í Ísafjarðarsýslu. Mjer þykir vænt um, að sú áskorun hefir komið fram, en jeg álít, að það bendi einmitt á það sem jeg sagði, að vinnufólkið er ekki svo ómenntað og undirokað, að það gæti ekki látið til sín heyra, ef það vildi.

Ræða h. þm. Dal. (J. P.) snerti einkum hina almennu hlið málsins. Þó

minntist hann á, að unglingar mundu verða í vist eptir sem áður, og leit út fyrir, að hann áliti heppilegast fyrir unglinga að svo væri; en ef svo er, þá sýnist mjer rjettast að hafa bein ákvæði, um það, eins og í breyt.till. vorri.

Sigurður Gunnarsson: Þótt jeg sje einn af þeim, sem játa, að stefna sú, sem frv. byggist á, sje rjett og eðlileg, þá verð jeg þó heldur að hallast að því, að stíga fyrst skemmra sporið, í stað þess, eins og þetta frv. fer fram á, að taka nú þegar skarið af og afnema vistarskylduna með öllu.

Jeg hallast að þessari skoðun, af því jeg álít að málið sje ekki undirbúið nægilega. Jeg álít, að það hefði átt vel við, að þingmenn hefðu sýnt verkmannalýðnum þann sóma, að spyrja um álit hans á þessu máli. Jeg get reyndar nefnt 1 dæmi upp á þessa aðferð, því að 2. þm. N.-Múl. (Þ. Kj.) og jeg hjeldum fundi í 2 hreppum einmitt með vinnufólki til að leita álits þess. Jeg fullvissa um, að við reyndum engar fortölur, og við boðuðum fundina með nægum fyrirvara. Það kom í ljós á fundinum, að nálega engum þótti ástæða til að losa vistarskylduna alveg fyrst um sinn, en nokkrar raddir heyrðust, sem vildu láta losa um lausamennskuna.

Jeg er, eins og jeg sagði áðan, þeirrar skoðunar, að menn eigi ekki að hrapa að þessu, eigi ekki á þessu þingi að afnema vistarskylduna með öllu.

H. þm. V.-Skaptf. (Ól. P.) talaði um þá miklu kúgun, sem vinnufólk yrði fyrir. Jeg vil segja honum, að jeg hlustaði um daginn á umræður í Ed., og heyrði jeg, að einn h. konungkjörinn þm. ljet sjer þau orð um munn fara, að þessu landi væru húsbændurnir hjú og hjúin húsbændur. Það eru að vísu nokkrar öfgar í þessu, en þó nokkuð satt, en sje svo, þá þarf ekki að óttast kúgun af hendi húsbændanna.

H. framsögum. (S. Th.) sagði, að einhvern tíma yrðu menn að gera fyrsta stigið í þessu máli. Það er mikið satt; jeg vil, eins og h. þm. Húnv. (E. Br.) láta það vera fyrsta stigið, að rýmka um lausamennskuna. Það nægir í þetta sinn.

H. þm. Dal. (J. P.) tók það fram, að nú hvíldi á húsbændunum óeðlileg kvöð, að hjúkra hjúum sínum fyrir ekki neitt, ef þau sýktust. Þetta er satt. Hann sagði enn fremur, að húsbændur mundu losna við þessa kvöð, ef frv. þetta yrði að lögum. Það er líka satt, en er þetta meðmæli með frv.? Hverjir eiga að borga, ef húsbændurnir gera það ekki og verkamenn geta það ekki sjálfir? Hjer á landi eru engir spítalar, engar stofnanir, þar sem þess konar hjúkrun geti fengizt. Jeg er hræddur um, að bæði þetta og fleira, er snertir fátækralöggjöf vora, þurfi að íhugast, áður en frv. verði að lögum, og jeg held einnig að það sje betra, eins og vakti fyrir h. þm. Snæf. (S. Br.), að setja strangar skorður fyrir flakki. Slík lög þyrftu að koma jafnhliða, ekki á eptir þessu frv.

Af þessum ástæðum mun jeg greiða atkv. móti frv., enda þótt jeg sje hlynntur stefnu þess.

Gunnar Halldórsson: Það er nú bráðum að bera í bakkafullan lækinn, að taka til máls í þessu máli, enda er búið að taka flest af því fram, sem jeg hefði viljað segja.

Það eru einkum 2 aðalástæður, sem mjer virðast hafa komið fram hjá þeim, sem heldur hafa verið andmælendur þessa frv. Í fyrsta lagi að það sje svo mikið stökk, svo stórkostleg breyting, sem gerð sje með þessu, að þetta sje

svo stór breyting frá því sem nú er, að þeir þess vegna sjeu ragir við að vera með því, og vilji heldur að þetta vistarband sje losað smátt og smátt. Jeg veit ekki fyrir mitt leyti, hvernig hægt er að skipta þessari lausn frá vistarskyldunni í marga parta. Það hafa komið fram í umræðunum ummæli um að lækka þetta gjald, sem lausamenn nú verða að greiða, sömuleiðis frv. í þá átt; en með því get jeg ekki verið, þar sem jeg álít þau lög, sem lagt hafa þessi útgjöld á menn til þess að ráða sjer sjálfir, aldeilis óeðlileg og órjettlát. Jeg verð því að halda því fram, að hjer sje ekki nema um tvennt að gera, annaðhvort af eða á, annaðhvort halda því sem er, eða afnema það með öllu. Jeg sje heldur ekki neitt því til fyrirstöðu, að afnema þetta ófrelsi með öllu, þetta ófrelsi, að menn megi ekki vinna fyrir hvern sem er, og fyrir hvaða gjald sem þeir geta fengið; yfir höfuð að leita sjer þeirrar atvinnu, sem hver getur bezt. Í frv. er líka tekið fram, að hver maður verði að hafa eitthvert ársheimili, þar sem hægt sje að ná í hann og fá hjá honum þau gjöld, sem löglega eru á hann lögð, og önnur höft sje jeg ekki, að ástæða sje til að hið opinbera leggi á hann.

Hin ástæðan er sú, að vinnufólk hafi ekki látið í ljósi skoðanir sínar í þessu máli, ekki beðið um þetta. Það er rjett að vinnufólk hefir ekki gert það, en hitt vita líka allir, að vinnufólk á ekki svo hægt með það. Það er eitt, sem leiðir af þessu ófrelsi, að vinnufólk getur ekki komið á fundi, má ekki vera að koma saman, því er sagt annað að gera, það hefir engin ráð á tíma til að sækja fundi eða tala sig saman, sem eðlilega leiðir af þessu vistarbandi.

H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) kveðst hafa haldið fundi með vinnumönnum, og þeir hefðu lagt á móti því, að þetta yrði gert að lögum. Jeg trúi því vel. En hjer er ekki verið að tala um, að menn megi ekki ráða sig í vist, ef þeir vilja, og sem sjálfsagt margir gera eins eptir sem áður, heldur hitt, að þeir fái að vera lausir sem vilja. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða um þetta, en jeg get ekki sjeð, að þessari lausn frá vistarskyldunni verði skipt öðruvísi en svona. Hvað viðvíkur að setja 20 ára aldurstakmark, þá sje jeg ekki að sú breyting sje til bóta. Það er kannske helzt á þessum aldri, að menn fýsir að vera lausa, og jeg get ímyndað mjer, að menn geti hitt allt eins duglega verkmenn á því reki, t. d. 17—18 ára, eins og tvítuga.

Lárus Halldórsson: Það var hvorttveggja að ekki var talað mikið um þetta mál við 1. og 2. umr., sem engum blandast þó hugur um að útheimti fjarskalega rækilega íhugun, enda lítur út fyrir, að umræðan nú ætli að verða þeim mun lengri.

Jeg hef nú hlýtt á umræðurnar og eru flestar í þá átt, að sýna, að menn sjeu málinu hlynntir, ekki kannske í því formi sem það hjer kemur fram, en því, að á einhvern hátt sje rýmkað um hið óeðlilega band, sem í þessu tilliti liggur á atvinnufrelsi manna. Sjerstaklega var það h. þm. Dal. (J. P.), sem tók ljóst og greinilega fram margar þær ástæður, er mæla með þessu frumvarpi, og hef jeg fyrir mitt leyti litlu þar við að bæta. Eins og vant er í málum, hafa menn einnig í þessu máli borið fyrir sig fundargjörðir af þingmálafundum, og samkvæmt þeim talaði h. þingm. Mýr. (Á. J.) um þingmálafund Sunn-Mýlinga, og kvað þá hafa verið á móti því, að þetta mál **næði fram að ganga. Það er rjett;**

eptir fundargjörðunum er það svo, en sá fundur mun hafa verið næsta fásóttur, því eptir því sem jeg veit bezt held jeg mjer sje óhætt að fullyrða, að annaðhvort sárfáir eða helzt alls enginn hafi sótt þennan fund úr sjávarsveitum sýslunnar. Þetta kom til af því að h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) boðaði einn til fundarins og tiltók óhentugan fundarstað. Jeg hafði skrifað honum til og óskað eptir að við sameinuðum okkur um að boða fundinn á þeim stað, sem vant er að halda slíka fundi á; þetta brjef mitt fjekk hann ekki fyr en of seint eða eptir að hann hefði sent frá sjer fundarboðið; en jeg beið eptir svari frá honum, þangað til jeg af tilviljun rakst á fundarboð hans, sem hann hafði sent til að birtast í fjörðunum. Þessu fundarboði sinntu fjarðamenn sem sagt alls ekki. Jeg fyrir mitt leyti ætlaði að fara á fundinn, en treystist ekki einn til að fara upp á hjerað í þeim vatnavöxtum og yfirferð sem þá var. Þessa fundargjörð er því ekki fyllilega að marka, og jeg held mjer sje óhætt að lýsa því yfir, að í S.-Múlasýslu, eins og víðar mun eiga sjer stað, sjeu hjeraðsbúar eða sveitarbændur mótfallnir þessu, en menn í fjörðunum eða sjávarbændur með því. H. 1. þm. S.-Múl. (Sig. G.) kveðst vera meðmæltur þessu frumv. í »principi« sínu, en álítur það óundirbúið, og vill því að þingið skori á verkmannalýðinn að segja álit sitt um það. Jeg fyrir mitt leyti skil ekki hvað hann meinar með því að þingið eigi að skora á verkmannalýðinn. (*S. G.*: Jeg sagði þingmenn, en ekki þingið). Hann sagði þingið, jeg skrifaði það einmitt þegar þingm. sagði það. (*S. G.*: Nei, jeg sagði það ekki, misskilningur). Jæja; þetta kann að vera misskilningur og jeg skal því ekki fara meira út í það.

Þá talaði h. þingm. um fund, sem hann ásamt h. 2. þm. N.-Múl. (Þ. Kj.) hefði haldið með vinnumönnum og þeir hefðu allir í einu hljóði verið á móti leysing vistarbandsins. Jeg get ekki betur sjeð, en að þetta mál, sem sjálfsagt snertir vinnufólk mjög mikið, snerti bændur líka og það kannske eins mikið. H. þm. tilfærði orð eins h. þingm. í efri deild, að hjúin væru húsbændur, en húsbændur hjú. En ef svo er, þá er ekki von að hjúin kæri sig um þessi lög, því þau vilja eðlilega ekki missa af því að geta orðið húsbændur. Yfir höfuð er þetta hið mesta vandamál og mjög erfitt að segja fyrir, hverjar afleiðingar það kann að hafa. Í fyrstu held jeg samt að breytingin verði ekki svo fjarska stórkostleg. Jeg held margir haldi kyrru fyrir og ráðist í vistir eptir sem áður og að ekki sje eins hætt við umgangsflakki og iðjuleysi, eins og sumir háttv. þingdeildarmenn virðast óttast sem afleiðingu af lögum þessum. Annars lít jeg mest á þetta mál frá sjónarmiði almennra mannrjettinda. Eins og nú er, geta verkmenn ekki leitað atvinnu án þess að vera vistbundin hjú, nema með því að kaupa lausamennskubrjef. Þetta er mikið band, ekki að eins á verkmönnum, bæði körlum og konum, heldur líka á bændum. Þótt bændur vilji losa sig við fólk þá geta þeir það ekki, heldur mega sitja með það árið út. Eins er með hjúin; þau verða að vera í vistinni allt árið. Þetta er því band bæði á húsbændunum og hjúunum. Húsbændurnir geta ekki orðið af með hjúið, þótt þeir skömmu eptir krossmessu reki sig á, að það sje óhæft til að gegna þeim starfa, sem þeir höfðu ætlað því; og hjúin geta ekki losað sig, hversu illa sem þeim líkar vistin, og hversu betri kjör sem þeim kunnu að bjóðast annarsstaðar. Það liggur í hlutarins eðli, að til þess að rjettlæta svona óeðlilegt haft

á atvinnufrelsi manna, þá þarf að sanna, að það sje nauðsynlegt, að atvinnubrögð og búnaðarhættir gjöri það óhjákvæmilegt, að hafa það svona.

Það var eitt sem kom fram í ræðu h. þm. Dal. (J. P.) og sem jeg álít að sje ein versta afleiðingin af því fyrirkomulagi sem er, og það er sá sljóleiki í vinnubrögðunum, sem því miður á sjer stað. Hjúin telja það eins og hann tók fram einn aðalkost við vist, að þurfa lítið að gjöra, og álíta það yfir höfuð vart skyldu sína að vinna af kappi, nema ef vera skyldi um aðalbjargræðistímann; en um aðra tíma, og þegar, eins og tekið er til orða, ekkert sjerlegt er að gjöra, munu þau á mörgum heimilum kunna því illa, að þurfa að leggja mikið að sjer, þar sem aptur á móti daglaunamaðurinn og kaupamaðurinn álítur sjálfsagt, að vera allt af við verk. Það er ekki rjett, þetta, að hjúin gangi yfir höfuð húsbændum sínum, og fari eins mikið að sínum vilja og þeirra; það vottar gamla vísan:

> Fjórða boðorð öfugt er
> orðið á þessum tíðum:
> börn og hjúin heiðra ber
> o. s. frv.

Þegar búið er að afnema vistarskylduna og losa böndin, þá held jeg að eðlileg afleiðing af því verði sú, að vinnufólkið fari að reyna sig eitt við annað, reyni að afkasta sem mestu, reyni að vera sem duglegust. Líka komast þau þá að raun um það, að fæði, ljós og hiti fæst ekki fyrir ekkert.

Jeg held að þessi leysing á vistarskyldunni sje nauðsynleg. Dugnaðarmaðurinn hefur gott af því, sem líka er rjett og eðlilegt. Útsjónarsamur maður getur á þann hátt t. d. við sjóinn komizt miklu fyr í álnir en ef hann er í vist. Þeim er því gjört rangt til með því að skylda þá til að vera í vist eða kaupa lausamennskuleyfi. Ein afleiðing af leysing vistarbandsins hlýtur að verða sú, að það kemst á rjettara hlutfall milli vinnu og kaups, þar sem nú er allt of lítill munur gjörður á duglega hjúinu og hinu ónýta. Hvað breytingartillögunum viðvíkur, þá álít jeg, að sú sje heppileg, sem er í þingskj. 279 (C. 311) og fer fram á að takmarka þetta dálítið, þ. a. s. binda það við að menn sjeu fullra 20 ára að aldri. Það getur verið á margan hátt óheppilegt fyrir unglinga að vera lausir, því með því móti kunna þeir, við það sífellt að skipta um staði, að leiðast út í óreglu og soll, þar sem fast heimili hefir marga kosti til þess að varna því. Hvað síðari breytingunni í sama þingskj. viðvíkur, þá sýnist mjer það lítil kvöð á mönnum, að útvega sjer vottorð hjá hreppsnefndaroddvita um heimilisfang sitt, og gef henni því atkv. Aptur á móti er jeg í vafa um, hvort jeg á að vera með breytingartillögu nefndarinnar í þingskj. 270 (C. 308), en þar sem jeg sje ekkert á móti þeim, þá gef jeg þeim atkvæði.

Jeg fjölyrði svo ekki meir um þetta mál, en óska að það fái góðan byr og gott tylgi sem fyr og samþykki þingdeildarmanna.

Þorlákur Guðmundsson: Það var sjerstaklega það, að h. þm. Mýr. (Á. J.) benti á, að jeg væri ekki samkvæmur sjálfum mjer í því að halda nú þessu frumv. fram, en hafa þó í byrjun þings komið með annað frumv., þá vildi jeg benda á að þetta er ekki óvanalegt, þar sem menn opt laga sig hvor eptir öðrum og leiðrjetta hjá sjer eptir bendingum annara. Þar sem að talað var um að verkmannalýðurinn hefði ekki látið neitt frá sjer heyra í þessu máli,

þá er slíkt ekki tiltökumál; vinnufólk á mjög erfitt með að láta til sín heyra, en því meiri þörf er á að þeirra máli sje talað bæði hjer í þinginu og annarsstaðar, sem ekki eiga kost á sjálfir að tala sínu máli.

Við erum óánægðir með stjórnarskrána og viljum fá henni breytt, en notum þó ekki þau rjettindi sem í henni eru fólgin; í 57. gr. hennar segir svo: »Öll bönd þau, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal aftaka með lagaboði«. Þetta er band á atvinnufrelsinu og til þess að megi halda þessu bandi, þá þarf að sanna, að það sje gjört til almenningsheilla að halda þessu bandi, sem nú er á verkmannalýðnum, þeirri stjett til andlegs og líkamlegs tjóns.

Sigurður Gunnarsson: Jeg hermdi eptir einum háttv. konungkjörnum þm. í Ed. þau orð, að hann hefði sagt að hjúin væru húsbændur og húsbændurnir hjú, ekki af því, að jeg áliti það ástand heppilegt í landinu, eins og h. 2. þm. S. Múl. (L. H.) sagði, heldur til að sýna fram á, að vinnufólk ætti ekki eins illt, væri eigi svo mjög kúgað, eins og h. þm. V.-Skaptf. (Ól. P.) vildi láta í veðri vaka. — Jeg tók fram, að jeg væri ekki á móti »principi« eða stefnu frumv., heldur væri jeg á móti því af »opportunistiskum« ástæðum.

Jeg álít, eins og jeg sagði áðan, að máli þessu beri ekki að ráða alveg til lykta nú. Jeg verð að halda því fast fram, að jafnhliða sje nauðsynlegt að setja strangar skorður við flakki, eins og gjört hefir verið í öðrum löndum, svo sem Noregi. Eins mun alveg óhjákvæmilegt í sambandi við þetta mál, að gagnskoða fátækralöggjöf vora. Það sannast, að hollara mun að gjöra þetta hvortveggja jafnhliða vistarbandsleysingunni, en ekki á eptir. Því hefir ekki verið svarað, sem jeg tók fram gagnvart orðum h. þm. Dal. (J. P.). Hann sagði rjettilega, að þegar vistarskyldan væri af numin, fjelli sú kvöð niður, sem legið hafi á húsbændum, að fæða og hjúkra sjúkum hjúum sínum. En má jeg svo spyrja: hverjir eiga að greiða þennan kostnað, þegar efni hjúanna, sem einatt mun verða, hrökkva ekki til? Sveitarsjóðirnir náttúrlega; öðrum verður ekki til að dreifa. Hafa h. þingdeildarmenn hugleitt, hve stórkostleg upphæð þetta muni verða um land allt?

Framsögum. (Skúli Thoroddsen): Jeg stend að eins upp til þess að taka það enn einu sinni fram, að jeg álít það mjög ósanngjarnt, að meina unglingum frá 16—20 ára aldri að vera undanþegnir vistarskyldunni, ef þeir finna hjá sjer krapta og löngun til að berjast gegnum lífið á eigin spýtur, án þess að ganga í ársvistir.

Ef vistarskyldan er óeðlileg í sjálfu sjer, eins og flestir viðurkenna, er þá ekki ósanngjarnt að undanskilja þessa menn og láta þetta óeðlilega band hvíla á þeim einum? Það getur líka valdið töluverðum óþægindum að hafa þetta ákvæði. Það er ekki ávallt hægt að sjá það á mönnum, hvort þeir eru tvítugir eða ekki, svo að þeim veitir ekki af að hafa prestsseðilinn í vasanum, til að færa þeim heim sanninn, er þeir bjóða vinnu sína, og til þess að eiga það ekki á hættu, að þeir verði eltir og ofsóktir sem ólöglegir lausamenn.

Viðvíkjandi 2. breytingartillögunni, þá hefi jeg enn ekki getað sannfærzt um það, að hún hafi mikla þýðingu, enda hefir h. þm. Mýr. (Á. J.) ekki svarað fyrirspurn minni henni viðvíkjandi. Mjer þykir líka fullt eins mikil trygging í tillögu nefndarinnar, því jeg efast um, að oddviti muni í hvert skipti, áður en hann gefur vottorð um heimilis-

fang verkmannsins, fara að rannsaka það svo nákvæmlega, sem skyldi, hvort verkmaðurinn segir satt frá um ársheimili sitt.

H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) talaði á móti þessu máli, til að framfylgja vilja kjósenda sinna, þótt hann viðurkenndi, að hann í sjálfu sjer sje málinu hlynntur. (*Sig. G.:* Jeg hef sjálfur sömu skoðun á málinu og kjósendur mínir). Hann óttaðist, að afnám vistarskyldunnar mundi þyngja á sveitarfjelögunum, ef þau ættu að taka við skyldu þeirri, sem hingað til hefir hvílt á húsbændunum, að ala önn fyrir hjúum sínum í sjúkdómstilfellum. En jeg vil benda h. þm. S.-Múl. á það, að þegar vistarskyldan er afnumin, þá eru allar líkur til, að meira fjelagslyndi vakni hjá verkmannalýðnum, og framtaksemi í að safna fje, og þeim muni þykja skömm að því, að láta menn af sínum hóp fara á sveitina fyrir sjúkleik. Í kaupstöðum og fjölmennum hjeruðum get jeg ætlað, að með vaxandi fjelagslífi meðal verkmannalýðsins mundu rísa upp sjúkrasjóðir, eins og all-títt er í öðrum löndum; í sjóði þessa leggja verkmenn nokkra aura á viku hverri, en fá aptur styrk, ef sjúkdóm ber að höndum. Ennfremur mundi einmitt það, að verkamenn gætu búizt við að þurfa nokkru til að kosta í sjúkdómstilfellum, verða þeim hvöt til sparnaðar, svo að þeir verði ekki annara handbendi í sjúkdómstilfellum; en nú er sparnaðarhvötin minni, þegar vinnufólkið getur varpað allri sinni áhyggju upp á húsbændurna.

Jón Jónsson, þm. N.-Múl.: Jeg get verið stuttorður. Það var að eins eitt atriði í ræðu h. 1. þm. S.-Múl. (Sig. G.), sem jeg vildi minnast á. Hann sagði, að þingmönnum hefði verið innan handar að bera þetta mál undir verkmannalýðinn, með því að halda fundi með vinnufólki. Jeg er honum samdóma um það; jeg álít því betra, því fleiri menn í kjördæminu sem þingmenn tala við um þingmálin. Það er alveg rjett hermt, að h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) og h. 2. þm. N.-Múl. (Þ. K.) hjeldu fundi með vinnumönnum. En jeg vil benda á það, að það var að eins í 2 hreppum Norður-Múlasýslu, en í sýslunni eru 11 hreppar, (*Sig. G.:* Jeg tók það fram.) og frá vinnumönnum í þessum 2 hreppum hefir engin áskorun komið, hvorki hjer til þingsins eða til þingmálafundarins, sem haldinn var í Norður-Múlasýslu; svo mjer sýnist það ekki benda á mikinn áhuga hjá vinnumönnum í þessum sveitum, gegn afnámi vistarskyldunnar. — Og jeg verð að halda því fast fram, að þó það sje vilji allmargra bænda í Norður-Múlasýslu, að vistarskyldan sje ekki afnumin, þá fer vilji vinnufólksins í gagnstæða átt, nema ef það er þá í þessum 2 hreppum.

Jens Pálsson: Jeg ætla að eins að svara fyrirspurn, sem h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) beindi að mjer. Hvar á sú skylda að forsorga verkmenn í veikindum þeirra að lenda, þegar henni er ljett af húsbændunum? Svar: Fyrst og fremst á sjúklingunum sjálfum, meðan efni þeirra endast, og síðan á sveitarfjelögunum. Jeg álít ekki rjett að láta þessa skyldu hvíla sem lagaskyldu á einstökum mönnum. Sú skylda, að hjálpa og hjúkra sjúkum, hvílir auðvitað sem kristileg siðferðisskylda á hverjum manni, og á öllum án undantekningar; en sem borgaraleg lagaskylda verður hún að síðustu að lenda á hinu borgaralega fjelagi, eða sveitarfjelaginu.

ATKVÆÐAGR.: Af breyt.till. á þingskj. 279 (C. 311) var hin fyrri samþ. með 11 : 6 atkv., en hin síðari felld með 10 : 10 atkv.; breyt.till. á þingskj. 270 (C. 308) voru báðar samþ. með 13 atkv. hver. Frumv. með áorðnum breyt-

ingum var síðan samþ. með 14 : 2 atkv., og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 11. júlí 1890 um breytingar nokkrar á tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl. (C. 198); 2. umr.

Flutningsm. (Sig. Gunnarsson): Jeg vil að eins leyfa mjer að óska, að þessu máli verði vísað til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Allar frumv.greinarnar samþ. í e. hlj. hver um sig.; fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði (C. 272); 2. umr.

Flutningsm. (Sig. Stefánsson): Það er innileg ósk okkkar flutningsm., að þessu máli verði vísað til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og vísað til 3. umr. í e. hlj.

Tuttugasti og níundi fundur,

þriðjudaginn 4. ágúst kl. 12 á hádegi.

Allir á fundi nema þm. N.-Múl. (Þ. Kjerulf), er var sjúkur.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 1, 239, atkv.skrá 311); 2. umr.

Tekjubálkurinn.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Viðvíkjandi tekjubálkinum er það að segja, að fjárlaganefndin hefur ekki gjört margar breytingar við frv. stjórnarinnar. Upphæðirnar eru þar flestar byggðar á áætlunum, og því ekki hægt að segja með vissu fyrirfram, hvað háar þær muni reynast. Nefndin hefur haft fyrir sjer skýrslu um tekjurnar 1890, og eptir henni að dæma þykir henni áætlunin um tekjurnar í frv. sennileg. Að eins hefur hún ekki aðhyllzt áætlunina um tóbakstollinn. 1890 var hann 43,824 kr. og hugði nefndin að óhætt mundi að áætla hann 43000 kr. hvort árið, í stað þess, að í stjórnarfrv. er hann settur 40,000 kr. Að vísu er það aðgætandi, að árið 1890 var gott ár, og má því ef til vill ætla, að þá hafi keypt verið nokkuð meira af tóbaki en gjört mundi verða, ef miður áraði. En aptur er þess að gæta, að ýmsar verzlanir byrgðu sig með tóbak áður en tollhækkunin komst á 1889, svo að það hefur fyrir þá sök ekki fyllilega sýnt sig árið 1890, hve miklu tóbakstollshækkunin muni árlega nema að meðaltali, og má því ætla, að sú upphæð sje ekki of há, sem nefndin hefur sett.

Þá liggja hjer og fyrir breyt.till. frá póstmálanefndinni; það er 3. töluliður á atkvæðaskránni. Eins og kunnugt er var kosin nefnd hjer á þingi að tilhlutan fjárlaganefndarinnar, til þess að íhuga, að hve miklu leyti ástæða væri til að auka póstferðir hjer á landi. Áliti nefndar þessarar hefir nú verið útbýtt meðal þingdeildarmanna, og ræður nefndin til að fjölga póstferðunum, bæði aðalpóstferðum og aukaferðum að nokkrum mun. Fjárlaganefndin hefir alveg fallizt á þessar tillögur póstmálanefndarinnar, og þar af leiðandi einnig á þá breyt.till. hennar, að tekjurnar af póstferðum verði áætlaðar 20 þús. kr. á ári, í stað 18 þús. kr., sem áætlaðar eru í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, því að öll ástæða er að ætla, að þegar bætt er við 2 aðalpóstferðum á ári og aukapóstferðum að sama skapi, þá muni póstflutningar um leið töluvert aukast og þá jafnframt tekjurnar af þeim verða meiri.

Þá hefur nefndin stungið upp á, að bætt sje nýjum tekjulið, 14. liðnum, inn í 2. gr. Það eru tekjur af gufuskipi því, sem fjárlaganefndin leggur til, að haldið verði úti til strandferða á

kostnað landssjóðs, 12,000 kr. á ári. Nefndin vildi fara varlega í þá áætlun, hafa hana heldur lága, því að hún hafði þar ekki við reynslu að styðjast, og má því segja, að nefndin hafi að því leyti orðið að renna blint í sjóinn; frá h. 1. þm. Ísf. (S. St.) hefir komið fram breyt. till., 5. töluliður á atkvæðaskránni, er stefnir í líka átt og breyt.till. nefndarinnar. Í breyt.till. 1. þm. Ísf. eru tekjurnar af gufuskipinu áætlaðar 20,000 kr. á ári, og fellst fjárlaganefndin á þá breyt.till,, og má því tillaga fjárlaganefndarinnar skoðast sem apturtekin.

Þá hefur nefndin ennfremur lagt það til, að aptan við 4. gr. bætist: »Búnaðarskólanum á Hvanneyri veitist frestur á fjárhagstímabilinu á afborgun af lánum hans af viðlagasjóði«. Viðvíkjandi þessu skal jeg geta þess, að frá amtsráði Suðuramtsins barst tll fjárlaganefndarinnar beiðni um styrk handa skólanum á Hvanneyri, og sömuleiðis um frest á afborgunum á lánum hans. Þessi lán eru tvö og voru tekin árin 1885 og 1886; þau voru upprunalega 1200 kr. og 3000 kr., og áttu að endurborgast á 28 árum með 6% á ári í í rentur og afborgun, og er nú þegar nokkuð borgað af þeim.

Aðrar breyt.till. hafa ekki komið fram við tekjukaflann, hvorki frá nefndinni nje einstökum þingmönnum. Hef jeg því ekki fleiri athugasemdir að gjöra að svo stöddu.

Landshöfðingi: Eins og h. framsögum. (S. Th.) tók fram, eru breytingar h. nefndar við tekjubálkinn ekki miklar, einkum eptir að hún hefur tekið aptur breyt.till. sínar undir 4. tölulið á atkvæðaskránni.

Jeg get fullkomiega fallizt á tillögu h. nefndar um að hækka tóbakstollinn, og sama er að segja um tillögur h. póstmálanefndar; það er er eðlilegt, að pósttekjurnar færist upp um leið og gjört er ráð fyrir að póstferðunum fjölgi. Aðalbreytingaratriðið er 5. töluliður, breyt.till. h. 1. þm. Ísf. (S. St.) o. fl.; þar er færður til nýr tekjuliður, það er að segja tekjur af gufuskipsferðum, 20,000 kr. á ári. Eins og h. framsm. (S. Th.) tók fram, þá er hvorki hægt að segja af eða á um þessa upphæð; við vitum báðir jafnlítið um það, hvort hún muni verða 10,000 kr., 20,000 kr., eða 30,000 kr.; hún er að eins áætluð. En þessi breyting hefir mjög mikla þýðing, því að með henni er því slegið föstu, að landið sjálft eigi að halda úti gufuskipi. Jeg tók það fram við umræðurnar um annað mál hjer í deild, að jeg gæti ekki fallizt á þá tilhögun, að landsstjórnin hefði það á hendi að halda úti gufuskipi. Hún þekkti, eins og von er, lítið til slíkra starfa, sem bæði eru umsvifamiklir og margbrotnir. Fyrst og fremst þarf hún að leigja hentugt gufuskip, og það verður hún sjálfsagt að gjöra í útlöndum; en það liggur í augum uppi, að það muni ekki verða auðvelt fyrir landsstjórnina að fá hentugt skip með sem vægustum kjörum á þeim stutta tíma, sem hún getur haft til að leitast fyrir, frá því fjárlögin verða samþykkt og þangað til á að fara halda skipinu úti. Fleira er samfara þessu fyrirkomulagi, sem jeg álít ókleyft fyrir landsstjórnina að annast; hún þarf að sjá um að nægar kolabyrgðir sjeu til handa skipinu á öllum þeim stöðum, sem það á að koma við á; þá þarf hún og að útvega umboðsmenn þar sem skipið kemur innanlands og utan, og hafa umsjón með þeim, og eptirlit með reikningsfærslu þeirra. Ennfremur þarf hún að hlutast til um þann ágreining, sem búast má við, að stundum geti orðið út af vöruflutningum, annaðhvort af því að þær hafi ekki komið til skila, eða skemmzt, og gjöra alla samninga um flutningsgjald fyrir

vörur. Allt þetta eru mál, sem óhægt er fyrir landsstjórnina að fást við. Það má að vísu segja, að landsstjórnin geti haft framkvæmdarstjóra, en það er líka vandi fyrir hana á svo stuttum tíma að útvega sjer mann, sem hún geti trúað eins og sjálfri sjer; og fyrst skipið á ekki einungis að fara umhverfis landið, heldur og til útlanda, þá nægir ekki einn framkvæmdarstjóri; þeir verða að vera tveir, annar hjer á landi og hinn erlendis. Jeg hef svo litla trú á, að landsstjórnin geti haft fullnægjandi eptirlit með þessum ferðum, að jeg er hræddur um að bæði umboðsmenn hennar og aðrir geti á ýmsan hátt farið kringum hana eins og þeir vilja.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um tekjubálkinn, en skal taka það enn fram, að jeg álít það ógjörning, að fela landsstjórninni á hendur að standa fyrir gufuskipaferðunum, bæði af því, að hana skortir þekkingu á því, sem að þeim lýtur, og af því, að það er margreynt, að þau fyrirtæki, sem eru undir umsjón stjórnarinnar verða dýrari, en ef einstakir menn veita þeim forstöðu. Þetta er líka eðlilegt, landsstjórnin getur varla haft eins góða þekkingu á þeim eins og einstakir menn, sem sjerstaklega hafa lagt sig eptir að kynna sjer þau, og auk þess hafa einstakir menn enn meiri hvöt til þess, að þau verði þeim sem kostnaðarminnst og arðsömust. — Við síðustu breyt.till. nefndarinnar hef jeg ekkert að athuga.

Sigurður Stefánsson: Það er sjerstaklega breyt.till. frá mjer og öðrum h. þm., sem jeg vildi fara fáum orðum um. Eins og hæstv. landsh. tók fram, er farið hjer fram á stórvægilega breytingu. Við flutningsmenn breyt.till. fjellumst alveg á aðferð h. fjárlaganefndar með tilhögun gufuskipsferðanna kringum landið, en við höfum lagt það til, að hið sama skip fari líka landa á milli, haldi líka uppi samgöngum við útlönd, og í sambandi við það höfum við áætlað tekjurnar af því nokkru hærri en h. nefnd gjörði. Hæstv. landsh. taldi mörg tormerki á því, að landsstjórnin hefði umsjón með strandferðunum, og jeg játa að heppilegra mundi að gjöra samninga við einstaka menn eða fjelög, ef hægt væri að fá þá nægilega hagfellda fyrir oss. En það sem kom oss til að koma með breyt.till., er sú reynsla, sem vjer höfum haft af gufuskipaferðum vorum að undanförnu. Jeg skal taka það fram, að það er ekki landsstjórninni að kenna, þótt þessi reynsla hafi ekki verið sem glæsilegust; hún hefir samið við víst fjelag um halda uppi ferðunum; en allir munu samdóma um, að þetta fjelag hafi hagað ferðum sínum meir eptir sínu eigin höfði en vilja þingsins og enda stjórnarinnar sjálfrar; það hefir optast verið megn óánægja með þetta fjelag; menn hafa á ýmsan hátt tapað fje sínu, án þess að hafa fengið bætur á hjá þessu fjelagi; skipin hafa ekki komið á ýmsa áríðandi staði, þrátt fyrir ítrekaðar óskir löggjafarvalds og stjórnar. Það var þetta sem kom okkur til að koma með breyt.till., því vjer vildum reyna hvort ekki gæti fengizt hagfeldari ferðir með því fyrirkomulagi sem hjer er farið fram á, því að þó að það kunni að hafa ýmsa agnúa, þá hefur það líka marga og mikla kosti. Ef þing og þjóð tekur að sjer ferðirnar, þá mun það geta borgað þeim eptir eigin vild, eptir því sem það álítur haganlegast, en þarf ekki að eiga það — jeg leyfi mjer að segja — undir geðþótta einstakra manna, hvernig þeim er fyrir komið, ef til vill þvert ofan í vilja þjóðar og stjórnar. Mjer getur ekki vaxið það í augum, þótt allt

landið haldið úti einni fleytu um næsta fjárhagstímabil; því á ekki að vera það ofvaxið, og menn ættu ekki að hafna þeirri tilraun, þótt nokkur vandkvæði sjeu á; kostirnir eru líka ærnir.

Auðvitað eru það töluverð umsvif fyrir landsstjórnina, að takast á hendur stjórn gufuskipaferðanna, og jeg játa með hæstv. landsh., að hún geti ekki í einstökum atriðum haft þá þekkingu á gufuskipaferðum eins og þeir menn, er gjöra það að atvinnuveg sínum að halda þeim uppi. En varla mundi landið þó stórskaðast svo á gufuskipaferðunum fyrir vanþekkingu stjórnarinnar, að það stæðist ekki vel þann skaða. Landstjórnin mundi og að sjálfsögðu fá sjer framkvæmdarstjóra. Vjer vitum, að þegar um útlend gufuskipafjelög er að ræða, þá er það einstakur maður eða einstakir menn, sem hafa framkvæmdastjórnina á hendi, en ekki fjelagið allt; eins mundi verða hjer; það yrði einstakur maður, en ekki landsstjórnin, sem yrði fenginn til að standa fyrir gufuskipaferðunum. Munurinn er að eins sá, að í staðinn fyrir auðmannafjelag kæmi hjer þjóðfjelagið, og jeg trúi ekki öðru en að þjóðfjelagið eigi eins hægt með að fá duglegan framkvæmdastjóra eins og hvert annað fjelag. Hæstv. landsh. tók það fram, að eitt sem mundi hvíla á landsstjórninni, ef hún ætti að sjá um gufuskipaferðirnar, væri, að sjá allstaðar fyrir nægum kolabirgðum handa skipinu; en jeg hygg að það mundi hvíla á þeim sem skipið leigir og að það mætti gjöra það að skilyrði við hann, að sjá skipi sínu fyrir kolum. Kolin eru hið sama fyrir gufuskipin sem seglin fyrir seglskipin; hvorttveggja er skilyrði fyrir því, að þau komist leiðar sinnar, og eins og það er talið sjálfsagt, að segl fylgi leigu-seglskipi, eins má ætlast til, að kol fylgi því gufuskipi, sem á leigu er tekið. Hæstv. landsh. talaði um ágreining, er orðið gæti út af reikningsfærslu; það er auðvitað, að slíkur ágreiningur getur komið fyrir, en þar sem búast má við að framkvæmdarstjóri hafi á hendi alla reikningsfærslu og að reikningarnir svo liggi undir aðalúrskurð landstjórnarinnar, þá finnst mjer ekki þurfa að gjöra svo mjög mikið úr þessu.

Landsmenn hafa á hverju ári tapað, jeg vil ekki segja stórfje en þó allmiklu við flutninga á gufuskipunum dönsku, og það hefir ekki verið hlaupið að því fyrir þá að ná rjetti sínum eða fá skaða sinn bættan. En ef landssjóður tæki að sjer strandferðirnar, þá hvíldi og á honum, að borga skemmdir og tjón á vörum með strandferðaskipunum. Jeg skal enn taka það fram, að jeg álít það að vísu betra, ef hægt væri að fá einstakan mann, sem þing og stjórn treystir, eða fjelag, til að halda uppi strandferðunum samkvæmt óskum og þörfum þjóðarinnar, en hingað til höfum við ekki haft því láni að fagna. Landssjóður er sá einasti kapítalisti hjer, sem getur tekið að sjer strandferðir svo tryggilegt og hagkvæmt sje, og þótt hann kunni að tapa nokkrum þúsund krónum á þeim, þá er ekki í þær horfandi; landið mun óbeinlínis margvinna þær upp.

Jeg vona að h. deild taki vel þessari breyt.till. okkar, og lofi henni að komast fyrir það fyrsta til 3. umr.

Í nánu sambandi við þessa breyt.till. stendur önnur breyt.till. frá okkur, undir staflið 35 á atkvæðaskránni; en af því sá kafli fjárlaganna er nú ekki til umræðu, skal jeg ekki að þessu sinni tala um hana.

Páll Briem: Mjer finnst, þegar h. þingdm. hafa fyrir sjer breyt.till. undir 5. tölulið á atkv.skránni og eiga að greiða atkvæði um hana, þá sjeu þeir í töluverðum vanda staddir, og það því

fremur sem h. fjárlaganefnd hefir gengið inn á þessa breyt.till. án þess að færa nokkrar ástæður fyrir því, hverssvegna hún gjörði það, en fjelli frá sinni upprunalegu tillögu. Jeg hef hvorki hjá h. framsögum. (S. Th.) nje 1. þm. Ísf. (S. St.) heyrt neinar ástæður eða rök fyrir því, á hverju þeir byggja þessar 20,000 kr. tekjur, svo að mjer finnst þeir með því gefa til kynna, að þeir renni alveg blint í sjóinn með þær, og þá gjöra þeir h. þingdm. það ekki síður, sem þó hafa ekki átt eins góðan kost á að kynna sjer málið. Mjer fannst líka á orðum h. 1. þm. Ísf. (S. St.), að hann byggði alla fyrirætlan sína á talsvert veikum og óvísum hugmyndum. Jeg skal þannig taka til dæmis svar h. 1. þm. Ísf. (S. St.) til hæstv. landsh., að hann taldi það sjálfsagt, að sá sem skipið leigði, mundi líka leggja því til kol. Þetta álít jeg fjarri sanni, að það sje sjálfsagt. Skipið verður leigt einhversstaðar úti á Englandi eða annarsstaðar, og þá er ekkert líklegra en að sá sem skipið leigir sje allsendis ókunnugur, hvernig hjer hagar til og mönnum hjer; það mundi því verða óþarfa kostnaður og óhagræði við það, að skuldbinda hann til að sjá skipinu fyrir kolum allstaðar hjer við land, þar sem á þyrfti að halda. Jeg álít því að landstjórnin yrði að sjá skipinu fyrir kolum. H. 1. þm. Ísf. (S. St.) sagðist álíta það betra, að einstakir menn hjeldu úti strandferðaskipinu en landsstjórnin. Eptir þessu bið jeg h. þm. að taka vel og geyma í huga sínum. Það er álit þeirra manna, sem nú halda því fram, að landssjóður taki að sjer gufuskipaferðirnar, að betra væri þó, að þær væru í höndum einstakra manna. En ástæða þeirra fyrir því að landssjóður taki að sjer ferðirnar er sú, að menn hafi ekki verið ánægðir með þær ferðir, sem hingað til hafa verið; þetta er aðalástæðan. Fyrst það er viðurkennt, að í sjálfu sjer sje betra að gufuskipaferðirnar sjeu í höndum einstakra manna, þá bið jeg h. þm. að athuga vel, hvort þeir vilja leggja hjer út í óvissu, eða hvort þeir vilji ekki heldur reyna að koma á samningum við einstaka menn, þó þannig, að vel megi við una. Þetta er markið og miðið, sem að þarf að stefna. Jeg segi, að menn geti mjög auðveldlega fengið ferðirnar hjá einstökum mönnum, og eins hagkvæmar og menn vilja. Auðvitað er slíkt ekki hægt á svipstundu, en það er hægt með undirbúningi, og þegar um svo mikið er að ræða sem hjer er, þá verða menn að gæta þess, að hrapa eigi út í þetta hættulega fyrirtæki fyrirhyggjulítið.

Það er um að gjöra að fá ferðirnar eins og menn vilja, en fyrsta stigið til þess er að búa til ferðaáætlun, og það hefði átt að ganga á undan þessu. Þegar þingið hefir gjört áætlunina eins og það vill hafa hana, þá liggur næst fyrir að fela landstjórninni á hendur að reyna að útvega einhvern innlendan eða útlendan, sem með nægri tryggingu vill taka þessar ferðir að sjer fyrir minnst verð. Á þennan hátt mundum vjer geta fengið ferðunum eins haganlega fyrirkomið og vjer viljum, og þegar haft verður undirboð, þá er jeg einnig viss um, að vjer fáum ferðirnar svo kostnaðarlítið, sem verða má, og landsstjórnin þarf eigi að vasast í því, sem hún er ókunnug, en strandferðirnar eru faldar einstökum mönnum, sem h. 1. þm. Ísf. (S. St.) áleit að væri einmitt það allra-æskilegasta; vjer fengjum það, sem eptir áliti sjálfra forvígismanna tillögunnar er hið bezta. Jeg verð því að vera alveg á móti því, að landið taki að sjer gufuskipaferðirnar. Það mun verða miklu dýrara og mjög undir hælinn lagt, að ferðirnar verði

eins góðar og vjer vildum. Jeg hefði óskað að forgöngumennirnir hefðu fremur gengið inn á þann veg, sem jeg hef bent á; hann mun reynast happadrýgri.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): H. þm. Snæf. (P. Br.) þótti jeg ekki hafa gert nógu glögga grein fyrir því, hvað vakað hefði fyrir nefndinni, þegar hún tók aptur breyt.till. sína við 2. gr., að því er snertir tekjur af gufuskipinu, en aðhylltist breyt.till. 1. þm. Ísf. (S. St.) í staðinn. Ástæðan til þess, að nefndin upphaflega stakk upp á því, að verja skyldi 9000 kr. á ári til strandferða frá útlöndum, auk þeirra 50,000 kr., sem nefndin ætlaðist til, að varið yrði eingöngu til að halda úti skipi til strandferða kring um landið, var einkanlega sú, að það vakti fyrir nefndinni, að það gæti orðið mjög örðugt fyrir smáborgara, að reka verzlun og keppa við hina stærri kaupmenn, ef þeir gætu ekki átt kost á, að standa í beinu sambandi við útlönd með vöruflutninga, svo sem verið hefir að undanförnu, eins og hæstv. landsh. sýndi fram á við 1. umr. En þegar h. 1. þm. Ísf. (S. St.) kom með breyt.till. sína, sem fer í þá átt, að landssjóður haldi úti skipi, er geri hvorttveggja: að halda uppi sambandinu við útlönd, og að annast ferðir meðfram ströndum landsins, þá sannfærðist fjárlaganefndin um það, að þessi till. 1. þm. Ísf. væri í sjálfu sjer fullt eins heppileg, eins og till. nefndarinnar, þar sem landssjóður eptir tillögu fjárlaganefndarinnar hlaut að nokkru leyti að skapa sjálfum sjer »concurrent«.

H. þm. Snæf. (P. Br.) tók það fram, að upphæðin 20,000 kr., sem tekjur af gufuskipaferðum, væri óákveðin upphæð, og það er rjett, að þessi upphæð **er auðvitað að eins áætluð; en jeg ætla,** að það megi fullyrða, að hún muni ekki of hátt áætluð, einkum þegar gert er ráð fyrir, að skipið fari 3 ferðir til útlanda á ári. Það eru einmitt vöruflutningarnir frá útlöndum, sem danska gufuskipafjelagið hingað til hefir haft mestar tekjur af. Aptur hafa tekjurnar af flutningum milli hafna hjer á landi verið fremur litlar; aðaltekjur strandferðaskipanna hafa vitanlega verið tekjur af fólksflutningum.

H. þm. Snæf. (P. Br.) áleit það ráðlegra, að þingið semdi fyrst ferðaáætlun um strandferðirnar, eins og það vildi hafa þær, og fæli síðan landsstjórninni að bjóða mönnum að takast á hendur, að halda úti gufuskipi hjer við land eptir þessari áætlun fyrir ákveðið verð; en jeg hygg þó, að landsmenn sjeu orðnir fullsaddir á samningum stjórnarinnar við sameinaða gufuskipafjelagið, enda hefir það fjelag sjaldnast tekið mikið tillit til ferðaáætlana þeirra, sem samdar hafa verið af alþingi; mjer getur því eigi blandazt hugur um, að tími sje kominn til þess að breyta til, og láta landið sjálft taka strandferðamálið algerlega sjer í hönd. Þegar vel er að gætt, er áhættan heldur ekki svo mikil, þótt stigið verði þetta spor. Ef maður byggir á því, að tekjurnar af gufuskipaferðunum yrðu 20,000 kr., og leggur þar við þær 18000 kr., sem áður hefir verið varið til gufuskipaferða, þá nemur þetta alls 38000 sk., og er þá að eins um 12000 kr. aukakostnað að ræða á ári. Jeg skil nú ekki, að nokkrum þingdm. geti blandazt hugur um það, að rjett sje, að voga þessum 12000 kr., til að kaupa reynsla fyrir því, hvort það ekki muni borga sig betur fyrir landssjóð, að halda sjálfir úti gufuskipi á sinn kostnað, heldur en að hafa sama sleifarlagið á ferðunum og hingað til.

Mótbárum þeim, sem fram hafa komið frá hæstv. landsh., hefir h. 1. þm. Ísf. (S. St.) þegar svarað, og skal jeg því eigi fara út í þær; að eins verð jeg að taka það fram, að mjer virðist þá flest gert að vandræðagrýlum í þessu máli, þegar barið er við kolavandræðunum; eða hvers vegna skyldi kolaútvegun verða svo örðug og ósigrandi, þótt skipinu sje haldið úti á kostnað landssjóðs? Þegar skipið kemur frá útlöndum, hefir það auðvitað með sjer kol, og eins ætti framkvæmdarstjóri að sjá um, að næg kol yrðu til á helztu höfnum hjer við land, og gæti hann í því efni gert samninga við kaupmenn, t. d. í Reykjavík, á Ísafirði og á Akureyri, eins og gufuskipafjelagið nú gerir.

Það er auðvitað mun hægra fyrir landsstjórnina, að semja við hið sameinaða gufuskipafjelag, ekki sízt, þegar hún tekur sjer samningana eins ljett eins og hingað til; en þrátt fyrir ummæli landsh. verður þingdeildin að treysta því, að landsstjórnin ljeti ekki sitt eptir liggja, að greiða fyrir þessu máli, ef til kæmi.

Að endingu skal jeg geta þess, að ef h. þingd. aðhyllist þessa till., þá veit jeg, að fram muni verða borin hjer í deildinni þingsál.till. um allt fyrirkomulag þessara ferða, og er vonandi, að þessi þingsál.till. geti legið fyrir deildinni, þegar mál þetta kemur til 3. umr.

Landshöfðingi: Jeg vildi að eins gera eina athugasemd við ræðu h. þm. Ísf. (S. St.). Hann tók það mjög skarpt fram, að megn óánægja hefði verið með fyrirkomulag strandferðanna nú síðustu árin. H. þm. (S. St.) er þó víst kunnugt um, að fjárlaganefndarmenn á síðasta þingi áttu tal við mig um þau atriði, sem þeir álitu mest áríðandi, að því er snerti fyrirkomulag strandferðanna. Það, sem þeim einkum þótti áríðandi, var það, að 1. ferðin yrði farin fyr á árinu en áður, eða snemma í apríl, og seinasta ferðin seinna en áður, eða í október. Þessar óskir voru fullkomlega teknar til greina í ferðaáætluninni, sem út kom um áramótin 1889 og 1890, enda var þá ekki annað að heyra, en að allir væru ánægðir. Þess vegna furðar mig á að heyra nú, að menn skuli vera svo óánægðir með strandferðirnar. Jeg veit, að það hefir stundum áður vakið óánægju, að skipstjórar hafa farið fram hjá höfnum, sem stóðu á ferðaáætluninni, en sem þeir hafa afsakað með því, að þoka eða illviðri hafi gert þeim ómögulegt að fara inn á þessar hafnir. Þetta er nokkuð, sem ómögulegt hefir verið að girða fyrir, og það verður víst heldur ekki mögulegt, þótt landsstjórnin eigi að halda úti skipi algjörlega á kostnað landssjóðs. Jeg skil ekki, að menn geti ætlazt til, að landsstjórnin segi við skipstjórann: Þú verður nú að gera svo vel að fara inn á allar þær hafnir, sem á þessari áætlun standa, hvernig sem á stendur. Það kom líka stundum fyrir áður, að menn kvörtuðu yfir því, að skipstjórar færu frá viðkomustað nokkru fyr en tiltekið var í ferðaáætlununum, en þetta hefir, mjer vitanlega, ekki komið fyrir í mörg ár. Þá hefir enn fremur verið talað um, að landsmenn biði opt stórtjón af því, að vörur hefðu ekki komið til skila, en jeg veit ekki betur, en að menn hafi ávallt fengið skaða sinn bættan, þegar þær vörur ekki hafa komið til skila, sem staðið hafa á connossementi. Það var mikið talað um skaða, sem menn hefðu átt að bíða á seinustu strandferðinni næstliðið haust. Skaðinn, sem menn biðu þá, var að vísu eigi bættur strax,

en í vor hafa verið greiddar eigi allitlar skaðabætur til þeirra, sem gátu sýnt fram á, að þeir hefðu beðið skaða. En þegar mikið af gózi því, sem týnist, er farþegjagóz, ómerkt eða ónægilega merkt, þá er ekki gott, hvorki fyrir gufuskipafjelagið nje landssjóð, að bæta þann skaða. Sje það skipstjóra að kenna, að góz týnist eða skemmist, þá getur það eins komið fyrir undir umsjón landsstjórnarinnar, eins og hjá gufuskipafjelaginu. Landsstjórnin verður að taka skipstjórann með skipinu, og er þá nokkuð undir hælinn lagt, hvernig hann reynist. Jeg sje þess vegna ekki, að mótbárur h. 1. þm. Ísf. (S. St.) hafi við mikið að styðjast.

Sigurður Stefánsson: Að því er snertir ræðu h. þm. Snæf. (P. Br.), þá verð jeg að játa, að jeg skyldi ekki merg málsins hjá honum. Honum þótti það fyrirkomulag, sem jeg hef stungið upp á við gufuskipaferðirnar, vera svo erfitt og óvíst, og áleit betra, að semja við sjerstakan mann, sem vildi ganga inn á að fylgja þeirri ferðaáætlun, sem landsstjórnin setti. Ef vjer spyrjum reynsluna í þessu efni, þá veit jeg ekki betur, en að þingið og þjóðin hafi nú í 20 ár samið við einstakan mann, eða einstakt fjelag, um gufuskipaferðir hjer við land og við útlönd, en allir vita, að almenningur hefir alls ekki verið ánægður með þetta fyrirkomulag. Til skamms tíma hefir þetta einstaka fjelag sniðið ferðaáætlanirnar meira eptir sínu eigin höfði, en eptir vilja þings og þjóðar.

Það er rjett, sem hæstv. landsh. tók fram, að fjárlaganefndin ætti tal við hann um ferðaáætlun strandferðaskipanna á síðasta þingi, og hafa tillögur hennar verið teknar til greina, að því er snertir fyrstu og síðustu ferð strandferðaskipsins þessi tvö síðustu ár. Menn eru líka með ánægðasta móti nú með strandferðirnar, þó mönnum líki engan veginn, hvernig ferðum hefir verið hagað milli fyrstu og síðustu ferðar, enda eru þær strjálari en svo, að vel sje við unandi. Ef það er hægt að semja við einstakan mann, að taka að sjer gufuskipaferðirnar, eins og h. þm. Snæf. (P. Br.) heldur fram, þá ætti ekki að vera síður hægt að fá einstakan mann til að standa fyrir þessum ferðum fyrir landsstjórnarinnar hönd og undir hennar umsjón.

Hæstv. landsh. tók það fram, að það væri vant að bæta landsmönnum þann skaða, sem þeir yrðu fyrir, er vörur þeirra glötuðust eða skemmdust á skipum gufuskipafjelagsius. Það er þá nýkomið til, ef svo er. Jeg þekki mörg dæmi þess, að menn hafi orðið að bera skaðann sjálfir, og sjálfur hef jeg orðið fyrir því að missa góz, sem gufuskipafjelagið átti að skila mjer úr skipi sínu. Jeg hefi skrifað stjórn gufuskipafjelagsins, en enn þá hef jeg engar skaðabætur fengið, og eru þó 4 ár síðan. Jeg hef líka sjálfur verið sjónarvottur að því, að mokað hefir verið smjöri, kjöti og tólg upp úr skipi fjelagsins, og veit jeg, að fjöldi manna hefir engar bætur fengið fyrir það, sem þá eyðilagðist. Jeg veit um einn kaupmann, sem í fyrra haust beið mikinn skaða við þetta og ekki hefir honum gengið betur en svo að fá skaðabætur, að hann seinast þegar jeg frjetti ætlaði að höfða mál gegn fjelaginu. Eins og hæstv. landsh. veit, er enginn hægðarleikur, sízt fyrir umkomulitla vinnumenn og vinnukonur, að lögsækja fjelag þetta til skaðabóta, þar sem varnarþing þess er suður í Danmörku. Líklega verður seint við það komandi, að fá það fram, að gufuskipafjelagið hefði sitt varnarþing hjer á landi. Ef gufuskipaferðirnar yrðu kostaðar af landsfje, þá fengist meiri

trygging fyrir því, að menn fengju bættan þann skaða, sem þeir kynnu að verða fyrir af óskilum, og kalla jeg þetta ekki þýðingarlítið atriði.

Gæti h. þm. Snæf. (P. Br.) bent á mann, helzt innlendan, sem vildi taka að sjer nógu tíðar gufuskipaferðir með hæfilegu flutningsgjaldi og tryggingu fyrir því, að hann hjeldi sín loforð, þá væri mikið unnið, og ef til vill ástæða til að falla frá breytingartill. þeirri, sem jeg hef komið fram með, en jeg er hræddur um, að hjer á landi sje ekki völ á slíkum manni, því að það veit jeg að allir muni vera vjer samdóma um, að sá maður, sem tekst þessar ferðir á hendur, þurfi bæði að hafa afl og áreiðanlegleik, til þess að þing og stjórn geti með fullu trausti samið við hann um svo þýðingarmikið og áríðandi mál sem þetta.

Páll Briem: Jeg sje að h. framsögumaður (Sk. Th.) og h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) hafa að nokkru leyti misskilið orð mín.

Það kom ljóst fram hjá h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) þar, sem hann var að tala um að fá tilboð frá innlendum manni um, að taka að sjer gufuskipaferðirnar. En það var ekki mín meining. Jeg talaði um, að rjettast væri, að þingið byggi fyrst til ferðaáætlun, sem allir gætu verið ánægðir með; og síðan yrði landsstjórninni falið að bjóða ferðirnar upp samkvæmt þessari áætlun. Með þessu móti er jeg viss um að fá má gufuskipaferðir fyrir minna fje, en ella. Þetta hefir ekki verið gjört að undanförnu, heldur hefir þingið lagt fram 9,000 kr. eða 18,000 kr. til strandferðanna, en hinn málsaðilinn, sem ekki þekkir þarfir okkar og óskir, hefir búið til ferðaáætlun, að mestu eptir sínu eigin höfði, og eptir því, sem hann hefir þótzt geta staðið sig við. Það verður auðvitað ekki heimtað af mjer, að jeg setji tryggingu fyrir því, að sá, sem tekur að sjer ferðirnar, gjöri það að öllu leyti eptir samningum; það verður sá maður eða fjelag að gjöra, sem tekur að sjer ferðirnar. Ef til vill yrði það gufuskipafjelagið danska; það er alls ekki ólíklegt, að það vildi gjöra mikið fyrir það fje, sem nú er stungið upp á, að verja til þessara ferða, en ef til vill verður það einhver annar. Ef svona er farið að, eins og jeg nú hefi stungið upp á, að semja ferðaáætlun og bjóða mönnum svo að taka ferðirnar að sjer fyrir minnst verð, þá veit maður, að hverju maður gengur. En hvar hefir maður vissu fyrir því, að landsmenn verði ánægðir, ef farið er að eins og h. fjárlaganefnd og h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) hafa hugsað sjer? Jeg er líka viss um að það yrði miklu dýrara fyrir landssjóð, að halda úti gufuskipaferðum að öllu leyti, að ekki mundi fást mikið meira fyrir þessar 50,000 kr., en fengizt hefir fyrir það fje, sem hingað til hefir verið lagt til gufuskipaferða, enda er hætt við, að ferðir milli hafna innanlands yrðu ekki margar, ef hið leigða gufuskip á að fara 3 ferðir til útlanda, því til þess hlýtur að ganga langur tími.

Þetta mál, þar sem um svo mikil peningaútlát fyrir landssjóð er að ræða, dettur mjer ekki í hug að gjöra að persónulegu kappsmáli, en jeg verð að álíta það mjög varhugavert, að leggja út í fyrirtæki, sem landsstjórnin sjálf telur svo ísjárvert, að hún treystir sjer ekki að framkvæma það.

Lárus Halldórsson: Það sem sjerstaklega hefir verið talað um, er breytingartill. h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) á 253. þingskj. um tekjur af gufuskipaferðum, sem koma eiga inn eptir 13. tölul. í 2. gr. frumv., en jeg verð að lýsa því yfir, að jeg hef ekki lag á að tala um þessa breytingartill., án þess að tala jafnframt

um 10. gr. C. 6 í gjaldabálkinum, og breytingartill. fjárlaganefndarinnar við sömu gr. Sú tillagan, sem þar er farið fram á, er breytingartill. h. 1. þm. Ísf., sem framsögum. fjárlaganefndarinnar lýsti yfir að fjárlaganefndin aðhylltist, að landssjóður leigi gufuskip bæði til strandferða og ferða milli landa fyrir 50,000 kr. hvort fjárhagsár og svo á landsstjórnin að sjá um allt fyrirkomulag á göngu skipsins. Það dettur víst engum í hug að efast um, að þessar uppástungur, bæði hin upphaflega frá fjárlaganefndinni, sem nú er aptur tekin, og þessi, eru gjörðar í bezta tilgangi, þeim tilgangi, að hrinda samgöngum vorum áfram í viðunanlegt horf, en eigi að síður verð jeg að álíta, að hæstv. landsh. hafi haft mikið til síns máls, er hann taldi agnúa á þessu fyrirtæki. Hann tók það fyrst fram, að öll slík fyrirtæki hlytu að verða miklu dýrari undir umsjón landsstjórnarinnar, heldur en ef einstakur maður tæki þau að sjer. Jeg verð að vera á sömu skoðun, því mjer finnst eðlilegt að svo hljóti að verða, þar sem landsstjórnin ekki getur haft þá þekkingu á slíkum fyrirtækjum, sem einstakir menn hljóta að geta haft, er gjört hafa slíkt að aðalatvinnuvegi sínum og lagt sig eptir því sem sínu lífsstarfi. Gagnvart þessari mótbáru mun h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) hafa tekið það fram, að gufuskipafjelög fælu einstökum mönnum allar framkvæmdir fyrir fjelagsins hönd, og sama ætti þjóðfjelagið að geta gjört, en mjer finnst ólíku saman að jafna, gufuskipafjelagi og þjóðfjelagi, því gufuskipafjelagið hefir ekki nema um eina tegund mála að hugsa, en stjórn þjóðfjelagsins hefir ótal margt að annast og hugsa um. Það er heldur ekki við því að búast, jafnvel hve góðan framkvæmdarstjóra sem landsstjórninni tækist að útvega, að hann gæti reynzt eins vel, eins og sá, sem sjálfur hefir persónulegan hag af fyrirtækinu og ágóðanum af því, því það er ágóðinn, sem á að knýja slík fyrirtæki áfram.

H. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) kannaðist líka við, að það væri æskilegast, ef fengizt gæti einstakur maður, til að taka gufuskipaferðirnar að sjer. Jeg vil nú benda á, að það vill svo vel til, að það hefir komið til þingsins tilboð í þessa átt frá einstökum manni, — ekki útlendum, heldur innlendum. Jeg legg áherzlu á, að það er íslenzkur borgari, sem tilboðið hefir gjört. Að vísu býðst hann ekki til að þræða alla strandlengjuna, heldur vissan kafla hennar, og halda ferðunum áfram frá maí til nóvember. Jeg fyrir mitt leyti álít rjettast, að hallast að tilboði þessa manns, en fela gufuskipafjelaginu að annast strandferðirnar á þeim kafla, sem hann ekki hefir boðizt til að taka. Maður þessi er að vísu ekki innfæddur hjer, en íslenzkur borgari, sem hefir sýnt framkvæmdir í mörgu tilliti. Jeg álít, að það sje svo lofsvert, að einn einstaklingur á Íslandi skuli gjöra þetta tilboð, að jeg álít að þingd. geti varla verið þekkt fyrir að hafna því.

Gagnvart þeirri mótbáru hæstv. landshöfðingja, að það geti verið erfitt fyrir landsstjórnina, að sjá um, að aldrei þrytu hjer kol handa gufuskipinu, tók h. 1. þm. Ísf. (S. St.) það fram, að sá, sem leigði skipið, ætti líka að sjá fyrir kolunum, en mjer finnst, að leigjandinn geti eins orðið einhver maður, langt út í löndum, sem enga staðlega þekkingu hefur á þessu landi. Það hefur verið lögð áherzla á, að mikil óánægja hafi verið meðal landsmanna með gufuskipsferðirnar hingað til. Það kann að hafa verið ástæða til óánægju stundum, en stundum held jeg samt, að óánægjan hafi heldur ekki verið á sem fullkomnustum rökum byggð. En það er nú til

annað ráð, til að losast við gufuskipafjelagið danska, en það, að landssjóður taki sjálfur að sjer þessar ferðir, og það er, að snúa sjer til einhvers annars, t. d. til Otto Wathne, sem gjört hefur tilboðið, er jeg nefndi áðan. Það sem mjer finnst að þingið eigi að hugsa mest um, er það, hvað praktiskast sje fyrir landssjóð í þessu máli.

Hin upphaflega till. nefndarinnar laut að því, að leigja skip til strandferða fyrir 50,000 kr. á ári, og að halda áfram, að leggja 9000 kr. til gufuskipafjelagsins danska í því skyni, að það annaðist strandferðir frá útlöndum. En eptir uppástungu h. 1. þm. Ísf. (S. St.), sem fjárlagan. nú hefur hallazt að, er ætlazt til, að hið leigða gufuskip fari ekki einungis með ströndum fram, heldur einnig til útlanda. En ef skipið á líka að fara til útlanda, t. d. 3 ferðir, eins og talað hefur verið um, þá er jeg hræddur um, að ferðir þess kring um landið verði ekki meira fullnægjandi en þær, sem nú eru. Jeg er líka viss um, að skip, sem leigt yrði fyrir þessa upphæð, yrði of lítið til að halda uppi sambandinu við útlönd svo, að það gæti borgað sig.

Jeg hefi reynt að hugsa sem bezt um þetta mál, og hefði jeg helzt óskað, að breytingartill. nefndarinnar, um 9000 kr. til gufuskipafjelagsins danska, hefði verið látin standa, og að hún hefði náð fram að ganga, og enn fremur, að breytingartill. mín og fleiri þm. á þingskjali 260 um 12000 kr. til strandferða austur um land frá Reykjavík að Horni, næði fram að ganga. Þetta yrðu alls 21000 kr., og yrði það fyrirkomulag ódýrara, en það, sem breyt.till. h. 1. þm. Ísf. (S. Stef.) fer fram á. Og af því, að jeg álít, að strandferðirnar geti einnig á þann hátt orðið fullnægjandi þörfum landsmanna, en hefi enga vissu fyrir, að hið dýrara fyrirkomulagið verði meir fullnægjandi en það, sem nú er, þá vil jeg mæla sem bezt með því, að uppástunga okkar verði samþykkt.

Jens Pálsson: Þegar jeg tek til máls um þetta mikilsverða atriði, sem margt hefur verið talað um, nefnilega 4. og 5. tölulið á atkvæðaskránni, þá hef jeg einnig fyrir augum eins og h. 2. þm. S.-Múl. (L. Halld.), að þessir liðir standa í nánu sambandi við 32. tölulið á atkvæðaskránni. Það er með allt strandferðamálið fyrir augum, að jeg fer nokkrum orðum um þessa 2 töluliði.

Jeg vil þá nú þegar lýsa því yfir, að jeg álít breyt.till. h. 1. þm. Ísf. (S. St.) hina aðgengilegustu, enda hefur fjárlaganefndin aðhyllzt hana. Það hefur verið tekin fram sú mikilsverða ástæða fyrir þessari breyt.till., að ef landssjóður ræðst í það að halda úti skipi til strandferða á sinn kostnað, þá sje ekki ráðlegt að kosta fje til annara skipa, er fari sömu leið, og myndi eins konar samkeppni við skip landssjóðs. Jeg hef hlustað gaumgæfilega á mótbárurnar gegn þessu fyrirtæki, að landssjóður haldi úti strandferðaskipi á eigin kostnað. Mótbárum hæstv. landsh. hefur verið svarað af öðrum. Jeg vil einungis bæta því við, að þó sú mótbára sje mikilvæg, að landsstjórninni verði erfitt að annast um þetta, vegna þess að hana bresti þekkingu á við einstaka menn, þá má tilfæra þessa sömu mótbáru, ekki einungis gegn þessu, heldur fleiru, sem landsstjórnin hefur umsjón með, t. d. vegagjörð; það er þó ekki við því að búast, að landsstjórnin hafi neina sjerstaka þekkingu á vegagjörð, því í landsstjórninni eru ekki vegfræðingar. Sama er að segja um bankann; landsstjórnin hefir yfirumsjón með honum, en þó er ekki að ætlazt til, að hún sje sjerstaklega vel að sjer í bankamálum. Enn má tilnefna póstgöngurnar. Þó að póstmeistari annist ferðalög og

útbúninga í póstmála þarfir, þá hefur landsstjórnin yfirumsjónina. Af þessu er það ljóst, að þó þessi mótbára sje mikilsverð, á hún alveg eins vel heima um ýms önnur mál, sem landsstjórnin verður að hafa umsjón og eptirlit með, enda þó þau sjeu »forretningsmæssig«.

H. þingm. Snæf. (P. Br.) tók einnig fram nokkrar mótbárur gegn því, að landssjóður annist strandferðirnar. Sjerstaklega taldi hann það galla á þessu fyrirtæki, að menn renndu alveg blint í sjóinn. Jeg skal játa, að það er alveg byggt á áætlun, það sem gert er ráð fyrir að landssjóður mundi fá sem tekjur af þessu fyrirtæki, en hann hlýtur þó að fá ekki svo litlar tekjur, svo framarlega sem skipið er látið fara landa á milli og koma 3—4 sinnum á ári hlaðið frá útlöndum. Þar eru vissar tekjur af vöruflutningi. Þegar þess er enn fremur gætt, að vitanlega verða mörg hundruð manna að fara milli landsfjórðunga til að leita sjer atvinnu, þá fást með því verulegar tekjur af mannflutningum, svo framarlega sem skipið lagar ferðir sínar eptir þörfum þessara manna. Enn fremur vitum vjer með vissu, að margir menn á landinu þurfa árlega að fara margar langferðir, og getum vjer gert ráð fyrir að ýmsir þeirra ferðist með skipinu, og fást þannig einnig nokkrar tekjur. Þegar þess enn fremur er gætt, að ýmsar sýslur landsins þurfa að skiptast vörum á, vegna þess að afurðirnar eru mismunandi, þá álit jeg rjett að álykta, að menn muni nota svo hagkvæmt tækifæri til vöruflutninga, og sendi vörur úr sjávarplássum til sveita og frá sveitunum til sjávarplássanna.

Jeg skal einnig svara þeirri mótbáru, að erfitt sje að hafa allt af nóg kol til handa skipinu. Jeg skil ekki að það sje erfitt eða ómögulegt að fá menn eða fjelög til að leigja út, þó að samið sje um, að þeir sjeu jafnframt skyldugir til að sjá fyrir kolum. Að minnsta kosti hef jeg ekki heyrt þann mann telja tormerki á þessu, sem talað hefir verið rækilega við um þetta mál og beðinn að gera áætlun, og er hann þó þess konar málum kunnugur og vanur.

Það hefur verið tilfært sem ástæða til að ráðast í þetta fyrirtæki, að menn væru óánægðir með þær strandferðir, sem verið hafa hingað til, og með fjelagið, sem hefur gert skipin út. Jeg álít að þessi óánægja sje alls ekki ástæðulaus. Hún rís einkum af því, að ferðunum er ekki hagað nægilega vel eptir þörfum vorum, en ekki svo mjög af því, hvað ferðirnar sjeu fáar. Menn eru mest óánægðir með það, að skipin koma á svo fáa staði og haga sjer ekki að öðru leyti nægilega eptir þörfum landsmanna; menn þykjast sjá, að fjelagið fari ekki eptir aðalferðaþörf og flutningaþörf vorri. Einmitt vegna þessa nota miklu færri skipin en skyldi og annars mundi vera. Auk þess hefur mönnum fundizt fjelagið harðbýlt við landsmenn og að það taki ekki til greina sanngjarnar umkvartanir. Af öll þessu er þetta öfluga fjelag orðið mjög svo óvinsælt hjer á landi. Til að sanna þetta, að fjelagið ekki hagi sjer eptir þörfum manna, skal jeg tilnefna eitt dæmi. Í fyrra sumar fóru nokkur hundruð manna hjeðan frá Faxaflóa til Austurlands til að leita sjer atvinnu. Fólk þetta kom austur með gufuskipi, en allur fjöldinn þurfti að komast heim aptur fyrir 29. sept. vegna haustvertíðarinnar hjer. Nú stóð svo á ferðum gufuskipafjelagsins, að þeir samkvæmt ferðaáætluninni gátu ekki gjört sjer von um að komast suður fyrr en 15. okt. Raunar komust þeir af þessum

hóp, er strandferðaskipið notuðu norður fyrir land, eigi hingað fyrr en 29. okt. til Reykjavíkur eptir mikla hrakninga og tilfinnanlega fjáreyðslu. — En flestir voru svo heppnir að losna við þessa hrakningsferð, af því þeir í tíma tóku það til bragðs, að þeir sömdu við þann mann, sem nú hefur sent tilboð um að halda úti gufuskipi til strandferða sunnan um land, og flutti hann þá suður. Þetta var heppni þeirra. Ef það hefði ekki tekizt, hefðu þeir staðið uppi ráðalausir. Nú skyldu menn ætla, að fjelagið hefði breytt ferðaáætlun sinni þetta árið, en það er ekki. Þessum ferðum er hagað eins nú og í fyrra. Nú sem stendur eru að sögnum 600 manns hjeðan frá Faxaflóa fyrir austan. Hvernig eiga þeir nú að komast suður í haust í tæka tíð? Eiga þeir að ganga suður?

Jeg hefi tekið þetta dœmi til að sanna, að gufuskipafjelagið hagar sjer ekki eptir þörfum vorum.

H. þm. Snæf. (P. Br.) sagði, að menn renndu blint í sjóinn með tilkostnaðinn. Það er satt, að vissu leyti, en kostnaðurinn verður þó ekki nema 50,000 ÷ (18,000 + 20,000) kr. Mismunurinn 12,000 kr. er hreinn og beinn tilkostnaður, en menn verða að velta því fyrir sjer, hvort þessu fje sje kastað út fyrir ekki neitt. Sje því varið til þess að gera strandferðirnar þægilegri og betri til afnota, þá er því ekki varið til einskis. Jeg álít að slíkt skip sem þetta geti miklu betur fullnægt þörfum vorum en hingað til hefur verið.

Jeg hef hugsað mikið og lengi um þetta mál og nú síðast starfað að ferðaáætlun, sem nefndin í strandferða- og vegamálinu hefur áformað að leggja fyrir þingið, ef umræður og atkvæðagreiðsla um þetta mál á fjárlögunum gefur tilefni til þess. Það er full sannfæring mín, að eitt skip geti bætt mjög verulega úr ferðaþörfinni innanlands. En til þess að fullnægja þörfum vorum er miklu fremur undir því komið, að skipið leiti upp hina sönnu flutningaþörf, en því, að það fari svo margar ferðir. —

H. þm. S.-Múl. (L. Halld.) minntist á tilboð frá útlendum manni, sem er íslenzkur borgari. Jeg skal með honum fúslega játa, að þetta tilboð frá eins manns hálfu er álitlegt, duglegt og drengilegt, og jeg virði það. En þetta tilboð gildir einungis hálft landið, en hinn helmingurinn er þá óráðstafaður. Annað er það, að ekki er tekið fram, hvað margar ferðir hann ætli sjer að fara, og það er nokkuð undir því komið, enda þó jeg áðan segði, að það væri minna undir því komið en ýmsu öðru.

Jeg álít, að það sje hið bezta, hið eina rjetta, að landssjóður haldi sjálfur úti skipi. Að vísu játa jeg með h. þm. Snæf. (P. Br.), að það er nokkuð upp á óvissu, meðan engin reynslan er fengin; en jeg vil benda h. þm. (P. Br.) á það, að einmitt sá mannfjöldi, sem býr við sjávarsíðuna, mundi hafa mjög mikil not af þessu, og þessir menn eiga sanngirniskröfu til þess, að hið opinbera greiði götu þeirra, því það eru einmitt þeir, sem leggja drýgst til af tollunum nýju. Þessir menn, sem leggja tiltölulega mest í fjehirzlu landsins, en verða þó að renna blint í sjóinn, er þeir leita sjer atvinnu, þeir geta með sanngirni ætlazt til þess, að strandferðum sje svo hagað, að þeim sje ekki fyrirmunað að leita sjer atvinnu í öðrum landsfjórðungum, er þeir þurfa þess.

Það hefur verið tekið fram, að það væri trygging fyrir hentugu fyrirkomulagi strandferðanna, ef þingið semdi fyrst ferðaáætlun. Jeg skal játa, að það væri allmikil trygging, því að þm. hafa að öllu samanlögðu mikla staðlega þekkingu, en samt álít jeg, að þessi

ferðaáætlun sje ekki hin fullkomna trygging. Nei, hin bezta trygging liggur í eðli þessa fyrirtækis, að erfiða sig áfram. Jeg er viss um að landið verður fyrr eða síðar að kaupa sjer þessa reynslu. Staðarhættir og lega Íslands er þannig, að það verður að nota sjóinn sem aðalflutningabraut landsins, en úr því þessu er þannig varið, þá er það sannfæring mín, að bezt sje að byrja sem fyrst, fá sem fyrst reynsluna og gagnið af því, að landið reki sjálft sínar strandferðir.

Árni Jónsson: Hjer liggur reyndar ekki fyrir nema breyt.till. h. þm. Ísf. (S. St.), en af því umræðurnar sem eðlilegt er einnig hafa snúizt að strandferðamálinu yfir höfuð, þá ætla jeg líka að leyfa mjer að fara um það nokkrum orðum.

Málið hefur þegar verið rætt töluvert bæði með og móti, en eitt atriði í ræðu h. þingm. Ísf. (S. St.) hefur ekki verið minnzt mikið á. Hann sagði, að sjer yxi ekki í augum, þó landssjóður hjeldi úti á sinn kostnað einni fleytu. Mjer lízt að menn verði þó jafnframt að athuga, hvað það kostar að halda úti þeirri fleytu. H. þm. (S. St.) gerir ráð fyrir það kosti 50,000 kr., en þegar það er borið saman við álit fjárlaganefndarinnar, sem ætlar að halda úti skipi eingöngu til strandferða fyrir 50,000 kr. og ætlar auk þess 9000 kr. til strandferða frá útlöndum, þá finnst mjer auðsætt, að þessi áætlun þingm. sje ekki rjett. Jeg get ekki ætlað, að svona lítið skip, sem að eins kostar 50,000 kr. með öllu og öllu í 7 mánuði, geti fullnægt vöruflutningum hingað til landsins frá útlöndum og auk þess annazt strandferðir, svo í lagi sje. Jeg álít því að óhætt sje að bæta við að minnsta kosti þessum 9 þús. kr., sem fjárlaganefndin ætlar á um. Tekjurnar láta máske nærri lagi, en útgjöldin verða að líkindum miklu meiri, því að skip, sem fengist fyrir þetta verð, mundi verða allsendis ónógt til strandferðanna. Um leið og gjört er ráð fyrir, að landssjóður kosti allar strandferðirnar, þá þurfti einnig að gjöra ráð fyrir miklu stærra skipi og öðru vísi útbúnu en því skipi, sem fjárlaganefndin talar um.

Það er einnig fleira að athuga í þessu efni. Þannig er það ekki gefið, að skip sem landssjóður sjálfur kostaði fengi eins mikla vöruflutninga og skip gufuskipafjelagsins hafa fengið. Það getur vel hugsazt að fjelagið haldi áfram að senda sín skip til landsins með vörur sem keppinauta við skip landssjóðs, svo að ekki yrði eins mikið í aðra hönd og menn ímynda sjer.

Hæstv. landsh. tók fram, hve erfitt það yrði fyrir landsstjórnina að hafa umsjón með þessum gufuskipaferðum, og yfir höfuð er mál þetta þannig vaxið, að jeg vona að menn sjái, að það er athugavert að kasta sjer þannig út í það.

Það er að vísu satt, að menn eru ekki ánægðir með strandferðirnar nú, en menn eru heldur ekki ánægðir með að verða að verja 18,000 kr. til þeirra, og jeg tel það alveg óvíst, að mönnum verði ljúft að greiða enn 11—12 þús. kr. fram yfir þetta, ef þessi breyt.till. kæmist að. Menn verða að athuga, hvort umbæturnar muni svara kostnaðaraukanum, sem yrði tilfinnanlegur fyrir svo fátæka þjóð.

H. þm. Dal. (J. P.) taldi það sjálfsagt, að skipið kæmt allt af frá útlöndum hlaðið vörum, en jeg kalla það alveg óvíst. En auk þess veit jeg ekki til, að nú liggi fyrir nein skýrsla um, hvað miklu vöruflutningar gufuskipafjelagsins frá útlöndum nemi, og eins og jeg sagði

áðan, geta þeir flutningar orðið minni fyrir þetta ráðgerða skip vegna samkeppni. H. þm. (J. P.) talaði einnig um fólksflutninga. Jeg skal fúslega játa, að það er nauðsynlegt að menn geti leitað sjer atvinnu, einkum fyrir fólk hjeðan frá Faxaflóa, til annara landsfjórðunga. Þm. skýrði frá því, að síðasta haust hefði Wathne hjálpað fólki úr vandræðunum og flutt það suður, en þar sem þessi sami maður hefir nú sent þinginu tilboð um að halda uppi gufuskipsferðum, vonast jeg eptir að h. þm. Dal. (J. P.) hallist að þessu boði hans. Jeg álít það varlegra og hyggilegra, að reyna, hvort það geti ekki að miklum mun bætt þarfir manna á því svæði, sem um er að ræða. Herra O. Wathne er kunnugur að ötulleik og dugnaði; hann mundi leggja víða að landi og reyna fyrir sjer, og samtengja þannig þá staði, sem vilja skiptast vörum á.

Enn fremur vil jeg benda á það, þó það sje í smærri stýl, að till. fjárlaganefnd. um gufubátaferðir geta bætt töluvert úr samgönguskorti, þó það sje reyndar á smærra svæði.

Það sem sjerstaklega gerir, að jeg get ekki fellt mig við breyt.till. þm. Ísf. (S. St.) nje heldur fjárl.nefnd., er það, að mjer virðist fyrirtækið mikill ábyrgðarhluti, framkvæmdin erfið og mörg tormerki á, að það fari vel úr hendi, og loks kostnaðurinn, sem er mjög svo óvíst, hver verða muni. Það er margt sem bendir á, að þó nokkrir hagsmunir sjeu í aðra hönd, þá verði kostnaðurinn svo mikill, að tvísýnt er, hvort landsmenn vilji að svo komnu ráðast í svona stórkostlegt fyrirtæki.

Svo kemur sú spurning enn til greina, hvort menn muni ekki geta samið við einstaka menn eða fjelög, eins og h. þm. Snæf. (P. Br.) benti á, og þannig komið strandferðum svo fyrir, að þær verði mun betri en þær hafa verið hingað til, en landssjóður sje þó laus við ábyrgðina. Með þessu móti má og vel vera, að kostnaðurinn yrði minni.

Jeg vil svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, og vona jeg að menn skoði þetta vandlega fyrir sjer og taki þá stefnuna, sem er skynsamlegust.

Jón Jónsson, þm. (N.-Þ.): Jeg veit ekki hvort mjer muni takast að gera h. þm. það skiljanlegt, hvernig jeg lít á þetta mál og ástæðurnar fyrir atkvæði mínu.

Umræðurnar hafa, eins og von er, snúizt eins mikið eða meira að útgjöldunum við fyrirtæki þetta sem tekjunum, enda þótt tekjurnar einar liggi nú fyrir.

Við frh. 1. umr. var allmikið talað um stefnuna í fjármálapólitík fyrr og nú, og það kom þá þegar fram, að skoðanir manna voru töluvert mismunandi. Fjárlaganefndin hefir í þetta sinn, og hún á þakkir skilið fyrir það, einkum lagt áherzlu á það, að bæta samgöngur vorar á sjó og landi, en þó einkum á sjó.

Það er kunnugt, að h. þm. Dal. (J. P.) hefir einkum gert samgöngumálið að áhugamáli sínu. Það er svo að sjá, sem hann álíti, að þetta þing geri allt of lítið fyrir samgöngurnar, ef þessar stórvægilegu till. ná ekki fram að ganga; en jeg lít svo á, að þingið geri ákaflega mikið fyrir samgöngurnar, enda þótt allar þessar breyt.till. fjellu. Vjer sjáum þannig á áliti fjárl.nefnd., að styrkur er ætlaður til gufubátsferða á ekki minna en 4 stöðum; einn h. þm. (P. Br.) hefir bætt við hinum 5., og er engu minni ástæða til að samþykkja hann en hina, og það er heldur ekki ómögulegt, að mönnum á norðurströnd lands-

ins kunni að detta í hug að biðja um einn. Eins og það liggur fyrir nú, yrðu þetta 15,000 kr. á ári, og er það ekki svo lítil upphæð, eptir því sem hjer á landi hagar til, og mjer virðist það ekkert efamál, að þetta muni geta orðið að miklum notum. Mjer virðist þetta sönnun fyrir því, að þingið geri mikið fyrir samgöngur á sjó, enda þótt till. um að landssjóður haldi úti gufuskipi til strandferða á sinn kostnað yrði fellt.

Þá vil jeg minnast á breyt.till. hvora fyrir sig, til að skýra, hvernig atkvæði mitt fellur.

Fjárlaganefndin lagði það til að veita allt að 50,000 kr. árlega til strandferða og ætlast til að tekjurnar yrðu 12000 kr. En jeg vil ekki tala mikið um þetta, þar sem nefndin hefir nú tekið þá tillögu aptur, en jeg get ekki skilið, og vantar ástæður fyrir því, hvers vegna nefndin hefir á svo skömmum tíma skipt skoðun svo fjarskalega og aðhyllist nú þá breyt.till., sem mjer virðist fara í ólíkasta átt við tillögu nefndarinnar sjálfrar.

Breyt.till. þm. Ísf. (S. St.) vill fjárlaganefndin nú gera að óskabarni sínu. Jeg hef það mest á móti henni, að jeg get ekki sjeð, að hún miði til þess að gera samgöngurnar með ströndum fram og til útlanda betri en nú er. Skip, sem að fara að minnsta kosti 3 ferðir til útlanda til að sækja farm, sje jeg ekki að geti fullnægt betur innlendum þörfum. Þess er og að geta, að í þá tillögu vantar það, sem geri mönnum hægt að glöggva sig á kostnaðinum. Það sjest t. d. ekki, hvers konar skip það eigi að vera. Í fjárlaganefndarálitinu var gert ráð fyrir skipi, sem tæki 50 tons og hetði 100 farþegjarúm, en á milli landa eru 50 tons sama sem ekkert, en jeg geri ráð fyrir að þetta hafi þó vakað fyrir h. flutningsm. (S. St.), úr því hann setur kostnaðinn hinn sama og fjárlaganefndin. *(Sigurður Stefánsson:* Þetta liggur ekki fvrir nú). Futningsm. hefir ekki gert grein fyrir þessu í breyt.-till. sinni, og jeg hygg að jeg hafi ekki vikið lengra frá umtalsefninu en aðrir.

Jeg sje ekki að þessi tillaga geti orðið oss til bóta. Jeg óttast meira að segja, að hún verði oss til skaða, og þó verður það að minnsta kosti 12 þús. kr. aukakostnaður.

Þá er enn ein breyt.till., og stendur svo á henni, að einn góður borgari á Íslandi býðst til að halda uppi strandferðum sunnan um land milli Reykjavíkur og Skagafjarðar. Þetta tilboð hefir einn stórgalla, og það er, að ekki er hægt að sjá, hve stórt, gott, og hraðskreitt skipið eigi að vera. Í öðru lagi sjest ekki, hve margar ferðir hann ætli fara, og í þriðja lagi tiltekur hann annað og skemmra svæði en till. fer fram á.

Setjum nú, að till. verði samþykkt. Landstjórnin hefir þá undir höndum 12,000 kr. til að semja við mann þennan. Þá sje jeg ekki, hvernig eigi að fara að veita þær, nema þingið hafi sett nákvæmari skilyrði fyrir því, hvernig þeim skuli verja. Setjum svo enn fremur, að allt gangi vel, að þingd. komist að fastri niðurstöðu. En þá er eptir að vita, hvort þessi maður eða nokkur annar vilji ganga að þeim skilyrðum. Það getur líka verið að landstjórnin þykist sjá, að skipið sje ekki nógu gott; hvernig á þá að fara að?

Eins og menn vita, hefir h. þm. Dal. (J. P.) manna bezt hvatt menn til að efla samgöngur, en á ræðu hans áðan skildist mjer, að hann áliti brýnasta nauðsyn bera til að greiða fyrir þeim mönnum, sem þurfa að leita sjer atvinnu í öðrum landsfjórðungum, t. d.

frá suðurlandi til norður- og austurlandsins á sumrin og flytja þá til baka aptur á haustin. Mundi nú ekki hægt að bæta úr þessu með því að láta landstjórnina fá einhverja upphæð, sem þætti hæfileg, til að fá einhvern til að taka að sjer þessar 2 ferðir? Jeg hygg að það mundi fást fyrir lítið, og því ekki mikið í húfi, þó að ekki reyndist eins mikið gagn að þeim og vænta mætti.

Það er auðsjáanlegt, að afstaða mín í þessu máli er einkennileg. Jeg sje ekki betur en jeg verði að greiða atkvæði móti 4. og 5. tölulið á atkvæðaskránni og á móti öllum breyt.till. við gufuskipaferðir í útgjaldabálkinum.

Að því er snertir búnaðarskólann á Hvanneyri, þá hef jeg enn ekki heyrt, á hverju sú till. nefndarinnar byggist, að fresta afborgun af láninu. Það hefir engin skýring komið fram, og meðan það er ekki, verð jeg að vera á móti þeim lið.

Framsögum. (Skúli Thoroddsen): Það eru þegar orðnar nokkrar umræður um þetta mál; þó verð jeg enn að gjöra nokkrar athugasemdir, sjerstaklega út af ræðu h. þm. N.-Þing., er nú settist niður (J. J.). Hann kom í enda ræðu sinnar með þá fyrirspurn, hvers vegna fjárlaganefndin vildi veita búnaðarskólanum á Hvanneyri frest á afborgun á viðlagasjóðslánunum. Það lítur út fyrir, að h. þm. N.-Þing. (J. J.) hafi ekki kynnt sjer brjef og bænarskrá frá amtsráðinu í suður-amtinu, sem liggur frammi á lestrarsalnum viðvíkjandi þessum skóla. En í þessu brjefi er ekki að eins farið fram á frestun á afborgun af lánunum, heldur líka töluverða hækkun á tillagi til þessa skóla. Að leggja til að hækka tillagið til Hvanneyrarskólans sá fjárlaganefndin sjer ekki fært, eptir þeim skýrslum um skólann, sem fyrir lágu, en þar á móti þótti henni sanngjarnt að verða við þeirri beiðni, að frestur yrði veittur með afborgun af lánunum til viðlagasjóðs.

Umræður manna um tekjur af hinum fyrirhuguðu gufuskipsferðum hafa, sem eðlilegt er, sveigzt mjög mikið að ýmsum skyldum atriðum í gjaldabálkinum. En þegar jeg fyrst tók til máls, þá fann jeg mjer skylt að halda mjer sem mest við tekjubálkinn, sem lá til umr.; það eru því ýms atriði, sem hafa komið fram í umræðunum, sem jeg hef ekki skýrt fyrir mönnum, hvernig nefndin hefir hugsað sjer.

Nefndin áleit, að hún gæti ekki gengið að tilboði Otto Wathne fyrir þá sök, að það er mjög óákveðið. Hann býðst að eins til að halda uppi ferðum í 7 mán., frá Skagafirði austur fyrir land og hingað til Reykjavíkur, fyrir 10,000 kr.; en í tilboði hans er ekkert tiltekið, hversu margar ferðir hann vilji fara á þessum 7 mánuðum; og þess utan er það aðgætandi, að þó gengið væri að þessu tilboði, þá þyrfti að sjá vesturkjálkanum fyrir ferðum á annan hátt. Það má nú auðvitað segja, að á þessu verði bót ráðin með því að láta landsstjórnina semja við einhvern gufuskipseiganda, t. d. hið sameinaða gufuskipafjelag, um ferðir til Vestfjarða, eins og sumir þingdm. fara fram á. En þá er aðgætandi, að með því fyrirkomulagi er allt samband slitið milli norður- og vesturlandsins, og það eru þó töluvert mikil viðskipti milli þeirra landsfjórðunga.

H. þm. N.-Þing. (J. J.) segist ekki geta sjeð, að fyrirkomulag nefndarinnar sje neitt betra, en hann tekur þá ekki tillit til þess, sem þó er stórt atriði í þessu máli, að ef vjer höfum sjerstakt skip, sem landsstjórnin hefir til umráða, þá má haga ferðum þess eptir því sem menn vilja. Jeg vil taka til dæmis Breiðaflóann; það hefir hvað eptir annað komið beiðni frá Ólafsvík-

ingum til þingsins um það, að skip kæmi þar við, og neitar víst enginn h. þingdm., að full nauðsyn væri á því, að þessari sanngjörnu beiðni væri gaumur gefinn, jafn hörmulegt verzlunarástand og þar hefir verið. En þetta hefir enn ekki fengizt. En ef landsstjórnin hefir sjálf skip til umráða, þá má bæði láta það koma við í Ólafsvík, á Borðeyri og víðar.

H. þm. N.-Þing. (J. J.) áleit, að þó að þetta kæmist ekki á, þá væri nógu mikið lagt til að styrkja samgöngur á sjó, þar sem gjört væri ráð fyrir að leggja fje til að styrkja gufubátaferðir á Vestfjörðum, Breiðafirði, Faxaflóa og Austfjörðum. En við þetta er það athugavert, að þó að nefndin áætlaði þessari upphæð, þá gekk hún að því vísu, að þessi styrkur mundi naumast koma allur til útborgunar á fjárhagstímabilinu. Hún ákvað þennan styrk meir til uppörfunar, en af því að hún byggist við, að hann yrði allur notaður, enda er víst varla við því að búast, að gufubátur geti bráðlega komizt á, t. d. á Breiðafirði, þar sem Breiðfirðingar eru fyrst nýskeð farnir að hugsa alvarlega um það mál. Hitt þótti nefndinni aptur á móti miklu skipta, að hafa haganlegar strandferðir kringum landið, því að svo bezt geta menn haft gufubátanna full not, að strandferðunum kringum landið verði svo fyrir komið, að þær verði sem beztur samtengingarliður milli gufubátanna.

H. þm. N.-Þing. (J. J.) þykir nefndin hafa skipt um skoðun, þar sem jeg gaf í skyn, að henni mundi engu ókærara að framfylgja tillögu 1. þm. Ísf. (S. St.), en tillögu sinni um fyrirkomulag strandferðanna; en þetta er ekki nema misskilningur hjá h. þm., því að þótt nefndin nú aðhyllist tillögur h. 1. þm. Ísf. (S. St.), þá kemur engin ný skoðun fram í því, heldur er sá munur einn á milli tillögu nefndarinnar og tillögn h. 1. þm. Ísf., að það sem nefndin vildi gjöra með tveim gufuskipum, það hyggur 1. þm. Ísf., að takast megi með því að landið eigi eitt stórt skip, er annist bæði strandferðirnar og vöruflutninga frá útlöndum; og þegar nefndin sjer tök á að koma fram sinni eigin hugmynd með nokkru minni kostnaði, en henni hafði sjálfri hugkvæmzt, hvaða mótsögn felst þá í því, þótt henni sje engu ókærara að genginn sje þessi kostnaðarminni vegur?

H. þm. Mýr. (Á. J.) óttaðist, að þær 50 þúsundir króna, sem nefndin áætlar til að leigja skip fyrir, mundu ekki nægja; en jeg hygg það þó ekki vera. Eptir áætlun, sem nefndin fjekk frá manni, sem vit hefir á því máli, gjörir hann ráð fyrir, að skip það, sem nefndin ræður til að leigja, mundi með öllum nauðsynlegum útgjörðarkostnaði fást fyrir 320 pd. sterl. um mánuðinn eða 2,240 pd. sterl. í 7 mánuði og það er þó ekki nema rúm 40 þúsund krónur. Í stað þess áætlaði nefndin 50 þús. kr., til þess að vera vís í sinni sök, að áætla eigi of lágt; þótt nú breytt væri þannig til, að leigt væri skip, er hefði meira lestarúm, en minna farþegjarúm, þá þarf það ekki að valda kostnaðarauka, enda mun hægra að fá skip með minna farþegjarúmi, en meira lestarrúmi. Menn hjer á landi vilja líka flestir komast af sem kostnaðarminnst á ferðalagi, en kæra sig síður um fínt plúss; flestir, t. d. sjómenn og vinnufólk, eru á þilfari og fá svo að fara ofan í lestina, þegar veður versnar.

H. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) tók það upp aptur, sem hæstv. landsh. sagði, að slík fyrirtæki yrðu dýrari, ef landsstjórnin stæði fyrir þeim, en þegar »privat«-menn tæku þau að sjer. En jeg álít, að það sje komið undir því, hvað landsstjórnin er heppin í vali sínu með framkvæmd-

arstjóra. Jeg fyrir mitt leyti hef hugsað mjer, að framkvæmdarstjóri fengi »prósentur« af þeim ágóða, sem fyrirtækið gæfi af sjer, og þá er strax komin »privat interesse« fyrir hann; honum hlýtur að vera það hugarhaldið, að fyrirtækið gangi sem bezt.

Jens Pálsson: Jeg ætla að eins að segja fáein orð út af ræðu h. þm. N.-Þing. (J. J.).

Hann gekk út frá því sem sjálfsögðu, að skip sem fengist fyrir 50 þúsund kr. yrði lítið og fengi litlu áorkað. Hann áleit jafnvel, að þetta, að halda einu skipi úti í 7 mán., mundi reynast lakara en það fyrirkomulag, sem nú er. Jeg hef ekki um önnur spursmál hugsuð meira, ekki sízt nú um þingtímann, en einmitt það, hve miklu slíkt skip gæti áorkað. Og jeg treysti mjer til, að leggja fram áætlun, sem þegar er samin, og er mjög vel framkvæmileg, áætlun, sem sýnir, að þetta skip getur farið 6 ferðir kringum land, þar að auki 4 ferðir frá Reykjavík til Austfjarða og 2 ferðir til Vesturlandsins og flutt þrisvar vörufarm að landinu frá útlöndum — allt á 7 mánuðum. — Jeg miða auðvitað við það land, sem oss er næst, Skotland. Jeg treysti mjer til að sýna og sanna h. þm. N.-Þing. (J. J.), að þetta er engin fjarstæða. Hitt viðurkenni jeg, að ef þetta skip á að flytja vörur til landsins frá útlöndum, sem sumir telja svo nauðsynlegt, þá þarf það að hafa stærra lestarrúm en skip sem ætlað væri til hinna innl. strandferða einna saman; jeg hef hugsað mjer 150—220 lestir.

H. framsögum. fjárlaganefndarinnar (Sk. Th.) gat þess, að leiga á skipi þessu mundi verða 40,320 kr., en að fjárlaganefndin hefði fært það upp í 50 þúsund. Af því þessi uppfærsla er svo rífleg, þá gjöri jeg ráð fyrir, að fyrir þessa upphæð megi fá skip með mun stærra lestarrúmi, en gjört var ráð fyrir, þegar áætlunin var gjörð, enda kynni að mega sætta sig við lítið eitt minna farþegjarúm. En þótt ráðizt væri í að fá dálítið stærra skip, og afleiðingin yrði sú, að kostnaðurinn þokaðist dálítið yfir það, sem áætlað er, þá sje jeg ekkert háskalegt í því. — Sumt sem landssjóður kostar, er svo vaxið, að kostnaðurinn verður ekki ákveðinn fyrirfram með fullri vissu og nákvæmni, t. d. kostnaður við póstflutning; það eru því eigi nein einsdæmi, að kostnaður fari fram úr áætlun. Jeg fyrir mitt leyti álít það ekkert umtalsmál, þegar um eitthvert það fyrirtæki er að ræða, sem er landi og þjóð til heilla. —

Jeg hef heyrt því haldið fram sem líklegu, að hið sameinaða gufuskipafjelag mundi halda áfram ferðum hjer til lands, þó allur styrkur yrði af því tekinn, og mundi láta skip sín koma við á ýmsum höfnum hjer. Það væri sannarlega gleðiefni, ef það rættist. Það væri góð viðbót við hinar aðrar ferðir, og góð stoð fyrir samgöngurnar. Jeg álít það svo mikinn kost, að umferðin sje sem mest og tíðust, að meiri ferðafjöldi er í mínum augum sá kostur, sem vegur upp þann ókost, er ýmsum h. þm. þykir fólginn í þeim »concurrence«, sem af útlendum gufuskipaferðum mundi stafa gagnvart því innlenda gufuskipi.

Lárus Halldórsson: Það eru að eins fáeinar athugasemdir, sem jeg vildi gjöra, út af ræðum þeim, sem fallið hafa síðan jeg talaði síðast.

H. þm. Dal. (J. P.) talaði um framboð þess manns sem bauðst til að taka að sjer strandferðir fyrir sunnan land frá Reykjavík austur og norður fyrir land til Skagafjarðar. Hann fann það að, að þetta næði ekki yfir nema hálfa strandlengjuna og hann var samdóma h. framsögum. nefndarinnar (Sk. Th.) um þetta, og svo líka það, að með

þessu slitnaði sambandið milli norður- og vesturlandsins. En jeg vil taka það fram, að þó svo hafi verið hingað til, að sama skipið hafi farið hringinn í kringum landið, þá er efasamt, hvort það er svo heppilegt. Jeg held það væri eins gott, að sama skipið færi aðeins fram og aptur um vissan part landsins. Það er líka svo hæpið með þessar samgöngur milli norður- og vesturlandsins; hafísinn við Horn leyfir sjer svo opt að slíta þetta samband milli norður- og vesturlandsins, og kemur ruglingi á ferðirnar.

En þó jeg sjái reyndar ekki ástæðu til að leggja svo mikla áherzlu á þetta samband milli norður og vesturlandsins, þá er það meining okkar, sem viljum taka hinu umrædda tilboði herra O. Wathne, að þeim 9000 kr. sem lagðar verði til strandferða frá útlöndum verði varið til svipaðra ferða eins og hið danska gufuskipafjelag ljet fara 1888 og 1889, og halda þær þá uppi sambandinu milli norður- og vesturlands.

H. framsögum. (Sk. Th.), þm. Dal. (J. P.) og þm. N.-Þing. (J. J.), hafa fundið það að framboði hr. Otto Wathnes að það væri nokkuð óákveðið, þar sem ekki væri tekinn fram hraði skipsins, og heldur ekki, hve margar ferðir það ætti að fara. Það er þó tiltekið í tilboðinu, að skipið sje í förum frá maímánaðarbyrjun til nóvembermánaðarloka, og úr því hann gjörir ekki ráð fyrir, að það fari aðrar ferðir en þessar, þá má ætla að hann vilji láta það fara eins margar ferðir á milli og unnt er, og að hann vilji haga ferðunum eptir því sem bezt þykir henta eptir samráði við landsstjórnina. Það er satt sem þm. N.-Þing. sagði, að hraði og lestarúm skipsins er ekki tilgreint; frambjóðandi tekur að eins fram, að hann hafi í hyggju að brúka 1 »klassa skip«, sem kosti um 120 þúsund krónur. Hvað því að síðustu viðvíkur, að endastationin er miðuð við Sauðárkrók á Skagafirði, þá er það líklega af því, að hann hefir sjálfur ekki komið lengra vestur þeim megin, en jeg efast ekki um, að með lítilli viðbót sje hann fús til að bæta við sig Húnaflóa. Ennfremur telur hann upp fjölda af stöðum, er hann býðst til að koma við á. Jeg get því ekki sjeð annað en þetta framboð sje eins ákveðið og hægt er að vænta. Það er satt, að hann er fjarri nú til að gjöra samninga við hann þegar, en jeg sje ekkert á móti því, að fela landsstjórninni, að gjöra samninga við hann, eins og vant hefir verið að fela henni að gjöra samninga við gufuskipafjelagið.

Það var eitt af því, sem h. framsögum. taldi því til gildis, að landstjórnin hefði skip til umráða, að þá gæti hún látið það koma við á þeim stöðum sem henni þætti henta, og nefndi t. d. Ólafsvík fyrir vestan. Jeg hef ekki heyrt fyr, að þess hafi verið farið á leit, að fá hana tekna upp í áætlun skipanna. En jeg skil ekki annað, en, ef það er nauðsynlegt, að láta skipin koma þar við, þá sje líka hægt að fá það. Þingið gæti samið áætlun og slegið föstum nauðsynlegum viðkomustöðum.

H. þm. Dal. (J. P.) kveðst nú um þingtímann hafa hugsað um og samið áætlun yfir, hve miklu skip gæti afkastað, sem í 7 mánuði væri í förum. Það gæti farið 6 ferðir kringum land 4 ferðir milli Reykjavíkur og austurlands, 2 ferðir til vesturlandsins og 3 til útlanda. Jeg veit ekki, hvort hann meinar 6 ferðir fram og aptur kringum land. (*J. P.*: Nei). Nú, þá bara 6 í allt, 3 fram og 3 aptur, en hvað er þá ágengt orðið? Það er þá ekki eins margar ferðir og við höfum. Jeg álít

nú samt sem áður, að ef þetta eina skip á líka að fara þó ekki sje nema 3 ferðir til útlanda, þá geta strandferðir ekki orðið betri en þær sem við höfum hjá gufuskipafjelaginu, sem jafnaðarlega hefir 2 skip í förum. Svo er það líka, ef þetta skip á að annast flutninga frá útlöndum, þá er þetta 50 tonna lestarúm, sem nefndin fer fram á, allt of lítið, og eigi að bæta úr því með því móti, að fá skip með stærra lestarúmi, þá trúi jeg ekki að kostnaðurinn verði ekki miklu meiri.

Jeg ætla svo ekki að tala meira, en vil taka það upp aptur, að þó sumum þyki framboð hr. Otto Wathne óákveðið, þá veit jeg ekki hvernig það á að vera ákveðnara eða í öðru formi, og jeg álít viðurhlutamikið að hafna því, þar sem þetta er þó íslenzkur borgari, sem býðst til að taka að sjer ferðirnar.

Jón Jónsson, (þm. N.-Þ.): H. framsögum. (Sk. Th.) sagði það vera byggt á misskilningi hjá mjer, að jeg sagði, að nefndin hefði skipt um skoðanir. Jeg get enn ekki sjeð annað en það sje rjett álitið. Tillaga h. 1. þm. Ísf. (S. St.) gengur í þá átt, að áherzlan lendir á því, að hafa nokkurn veginn greiðar samgöngur til annara landa, og fer því í aðra átt en tillaga nefndarinnar, sem miðar eingöngu til að bæta samgöngur með ströndum; en tillaga h. þm. Mýr. (Á. J.) hefir það sameiginlegt við tillögu nefndarinnar, að greiða sem mest fyrir strandferðunum, og hún hefir þann kost, að hún gjörir ráð fyrir að ná þeim sama tilgangi á ódýrari hátt, þar sem hann eptir tillögum nefndarinnar er miklu dýrari. Jeg sje heldur eigi betur, en að rjett sje að meta það nokkurs og að það sje alls ekki svo þýðingarlítið, að maðurinn sje innlendur, og þess vænti jeg af h. framsögum., að hann álíti rjett, að leggja áherzlu á það.

H. þm. Dal. (J. P.) kveðst hafa gjört áætlun, sem ekki muni vera nein fjarstæða; jeg trúi því vel, að þm. geti gjört áætlun, sem ekki sje nein fjarstæða; en jeg gæti ímyndað mjer, að ef jeg ætti að yfirlíta þessa áætlun hjá honum, þá mundi jeg heldur vilja draga úr en bæta við.

En svo vantar alveg að vita hvað það mundi kosta, að halda þessum ferðum, sem till. h. þm. Ísf. (S. St.) gerir ráð fyrir, úti, og jeg er ófáanlegur til að styðja með atkv. mínu að mjög stórri fjárveiting úr landssjóð, sem er, ef ekki kastað í sjóinn, þá að minnsta kosti út í þoku og óvissu.

Framsögum. (Skúli Thoroddsen): Jeg vil leyfa mjer að benda á, að ef deildin vildi aðhyllast tilboð hr. Otto Wathne, þá leiðir af því, að norður- og austurland hafa ekkert samband við útlönd, og það veit jeg að mundi verða mörgum smáborgurum á norður- og austurlandi til mjög mikils baga.

H. þm. N.-Þing. (J. J.) tók það fram, að gufuskipafjelagið ætti að halda uppi skipaferðum til vesturlandsins, en það gagnar ekki mönnum á norður- og austurlandi, sem hljóta að hafa mikinn baga af því, að hafa ekki samgöngur við útlönd. Viðvíkjandi því, sem sami þm. tók fram, að það er innlendur maður, sem býðst til að halda uppi skipaferðunum, þá er að mínu áliti ekki meiri áherzla á það leggjandi en á hitt, að það er innlent fyrirtæki, að hafa skip í förum, sem landssjóður leigir.

Árni Jónsson: Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd við ræðu h. framsögum. (Sk. Th.). Það er, að jeg held, misskilningur hans á orðum h. þm. S.-Múl. (L. H.), að þessar 9 þúsund krónur sjeu að eins ætlaðar til að

halda uppi skipaferðum um vesturland. Það var aldrei meining okkar, heldur höfðum við að mestu það sama fyrir augum, sem h. fjárlaganefnd hafði sjálf í fyrstu, að sjá öllum smáborgurum fyrir gufuskipi til flutninga bæði frá útlöndum og innanlands, og að gufuskipafjelagið, sem kannske hvort sem er heldur ferðunum áfram, mundi fyrir þessa upphæð ekki að eins senda skip, eins og það gjörði 1887—89, 2 eða 3 ferðir kringum allt land, heldur einnig nokkrar aukaferðir til vesturlandsins, og þá er því hrundið, að slitið sje sambandið milli norður- og vesturlandsins, því ef það færi eins og við höfum hugsað okkur það, þá yrðu að minnsta kosti 3 ferðir kringum landið.

Það hefir enginn tekið fram, hvernig það skip ætti að vera, sem h. 1. þm. Isf. (S. St.) hugsar sjer. Ef það hefði t. d. 200 lesta rúm og 50 farþega, hvað ætli það kostaði? Ætli það gæti ekki farið nokkuð fram úr 50 þúsund krónum? En hvað sem því líður, þá er svo margt athugavert við þetta mál, að jeg ímynda mjer, að þm. þyki ekki svo fýsilegar þessar 20 þúsund króna tekjur, að þeir vilji greiða atkv. með því, að setja þær í tekjuliðinn.

ATKVÆÐAGR.: Tekjubálkurinn. 1. Breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. 11. samþ. með 20 atkv.; 2. Breyt.till. frá póstmálanefndinni við 2. gr. 13 samþ. með 21 atkv.; 3. Breyt.till. frá S. St. og fl. við 2. gr. felld með 11 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk 7 þingdm., og sögðu

já:	*nei:*
B. Sveinsson,	Páll Ólafsson,
Gunnar Halldórss.,	Sigurður Jensson,
Indriði Einarsson,	Árni Jónsson,
Jens Pálsson,	Eiríkur Briem,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Jónsson N.-Þ.,
Olafur Olafsson,	Jón Þórarisson,
Olafur Pálsson,	Jónas Jónassen,
Sig. Gunnarsson,	Lárus Halldórsson,
Sigurður Stefánss.,	Olafur Briem,
Skúli Thoroddsen.	Páll Briem,
Sveinn Eiríksson,	Þorl. Guðmundsson.

4. 2. gr. frumv. með áorðnum breyt. samþ. með 20 atkv.
5. 3. gr. frumv. óbreytt samþ. í e. hlj.
6. Breyt.till. nefndarinnar við 4. grein samþ. með 13 atkv. gegn 1.
7. 4. gr. frumv. með áorðinni breyt. samþ. með 20 atkv.
8. 5. gr. frv. óbreytt samþ. í e. hlj.
9. 6. gr. frv. —— — í e. hlj.
10. 1. gr. frv. (með breytingu samkv. atkvæðagr.) samþ. í e. hlj.

— Fundi frestað til kl. 5. e. h.

Fundur settur aptur kl. 5 e. h. og tekin til umræðu *gjaldabálkur fjárlaganna*, 7.—12. gr.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Jeg skal stuttlega fara yfir breyt.till. þær, sem stungið hefir verið upp á að gjöra, bæði af nefndinni og öðrum h. þm., við þær gr. frv. (7.—12. gr.), sem nú eru til umræðu.

1. breyt.till. er töluliður 15. á atkv.-skrá við 10. gr. B. 4. c. og er um að hækka hinn áætlaða kostnað við saka- og lögreglumál úr 1500 upp í 3000 kr. á ári. Breyt.till. þessi er byggð á því, að þessi kostnaður hefir verið næstliðin 3 ár að meðaltali 3066 kr. Þetta er að eins áætlaður kostnaður, svo að það stendur eigi á miklu, hver upphæð áætluð er, gjöldin verða hvorki meiri nje minni fyrir það, en eptir reynslu undanfarinna ára er full ástæða til að hækka þessa áætlun eins og nefndin hefir gjört.

Hin næsta breyting er við styrkinn til búnaðarskólanna. Í frv. stj. er far-

ið fram á, að veita þeim 10 þús. kr. öllum til samans. Nefndin vill halda þeirri aðalupphæð, og fellst á fjárveitinguna til skólans á Hólum og í Ólafsdal, en áleit að rjett væri að færa styrkinn sem ætlaður er í frv. skólanum á Hvanneyri, niður úr 2000 kr. í 1500 kr., en hækka aptur styrkinn til Eiðaskólans um sömu upphæð, og er það af þeim ástæðum, að Eiðaskólinn hefir nú fengið duglegan forstöðumann og eptir þeim skýrslum, sem nefndin hafði fyrir sjer um skólann, lítur út fyrir að hann sje í góðu lagi. Aptur á móti virtist nefndinni, eptir þeim skýrslum sem fyrir lágu um Hvanneyrarskólann, að hann væri eigi í æskilega góðu horfi, og jafnvel heyrðust raddir í nefndinni, sem vildu svipta þann skóla öllum styrk; en nefndin áleit þó eigi, að það væri gjörlegt, og leggur því til að hann fái 1500 kr. og jafnframt frest á fjárhagstímabilinu á afborgun af lánum sínum af viðlagasjóði, sem þegar er búið að samþykkja í þessari deild.

Breyt.till. undir tölul. 18 frá þm. Snæf. (P. Br.) fer fram á að hækka styrkinn til þessa síðastnefnda skóla um 1000 kr. fram yfir það, sem nefndin leggur til, þannig að hann verði 2500 kr.; þá breyt.till. getur nefndin eigi aðhyllzt.

Næsta breyt.till. er við styrkinn til búnaðarfjelaga. Stj.frv. stingur upp á 8000 kr., en nefndin vill hækka þann styrk talsvert, í þeirri von, að þessi styrkur beri talsverðan ávöxt, og að það gefi mönnum hvöt til að efla túnræktina, sem er hinn vissasti vegur til þrifa landbúnaðinum. Síðan álit nefndarinnar var prentað, hefir hún vikið við nokkuð breyt.till. sínum, og er það vegna þess, að síðan hafa komið fram hjer í deildinni ákveðnar reglur um, hvernig útbýta skuli styrknum til hinna einstöku búnaðarfjelaga, en með því að reglur þessar eru þannig lagaðar að búnaðarfjel. Suðuramtsins mundi eigi geta komizt að við útbýting fjárins, hefir nefndin stungið upp á að bæta við liðinn þessum orðum: «Þar af til búnaðarfjelags Suðuramtsins 2000 kr.«, sem og mun vera sú upphæð, er það fjelag hefir venjulega fengið. Nefndin ræður og til, að fella burtu úr frv. athugasemdina um, hvernig styrknum skuli útbýta, því að nefndin býst við, að reglur þær, er jeg hefi minnzt, á muni verða samþykktar af þinginu, og þá verður þessi athugasemd óþörf.

Breyt.till. tölul. 24 frá þm. Ísfirð. (S. St.) um fjárveiting til fjenaðarsýninga vill nefndin aðhyllast.

Aptur er nefndin mótfallin breyt.till. þm. Mýr. (A. J.) um, að ákveða styrkinn til búnaðarfjelaganna 10 þús. kr. Nefndin álítur, að eigi muni veita af 12 þús. kr. Búnaðarfjelög eru nú víða að komast á laggirnar og nauðsyn ber til að þess konar fjelög geti í byrjuninni fengið dálítið ríflegan styrk.

Nefndinni hefir borizt bænarskrá frá skólastjóra Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal, um að veittur verði styrkur til að gefa út á íslenzku kennslubækur fyrir búnaðarskólana. Eins og kunnugt er, hefir lærisveinum búnaðarskólanna verið gjört að skyldu, að nema dönsku, með því að kennslubækurnar eru flestar á því máli, en skólastjórnin hefir látið í ljósi, að þetta hafi eigi alllitla tímatöf í för með sjer, enda er eigi þesskonar kennsla ætlunarverk búnaðarskólanna, og búfræðingar geta sanarlega verið eins ötulir til að skera fram mýrar og rista sundur þúfur, þótt þeir kunni eigi dönsku. Nefndin vill því taka þessa bæn til greina og leggur til að veittar sjeu í

þessum tilgangi 300 kr. á ári. H. þm. Ísfirð. (S. St.) vill hækka styrk þennan upp í 500 kr., en nefndin álítur, að 300 kr. nægi, og ætlast til að styrkurinn nemi 20—30 kr. fyrir hverja örk, er prentuð verður.

Nefndin leggur og til, að til verklegs laxaklaks í Dalasýslu sjeu veittar 200 kr. Eins og kunnugt er, kom upp hjer um árið talsverður áhugi á því, að koma upp laxaklaki í nokkrum hjeruðum landsins, og veitti þá þingið til þess fyrirtækis dálítinn styrk; en nú eru þessar tilraunir aptur alstaðar fallnar um koll nema í Dalasýslu; þar er því haldið áfram. Nefndin varð nú að vera á þeirri skoðun, að það væri í sjálfu sjer óheppilegt, að byrja að styrkja ýms fyrirtæki, en kippa svo burtu styrknum og þar með fótunum undan fyrirtækinu í miðjum kliðum; nefndln áleit því rjett, að sýna þeim manni dálitla viðurkenningu, er haft hefir dugnað til að halda laxaklakstilraununum áfram, þótt landssjóðsstyrkurinn brygðist, og þar sem að eins er farið fram á svona litla upphæð, vonar nefndin, að þetta geti eigi valdið neinum ágreiningi.

Nefndin leggur einnig til, að veittar sjeu 4000 kr. í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum. Nefndinni hefir borizt bænaskrár frá fjelagi, er stofnað hefir verið í þessum tilgangi í Ísafjarðarsýslu, og hafa 20 menn þar vestra gengið í ábyrgð fyrir samtals 4000 kr., til þess að koma þilskipa-ábyrgðarfjelaginu á fót; sýslunefndin í Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórnin á Ísafirði hafa einnig veitt nokkurt fje til þessa þarflega fyrirtækis. Nefndin áleit rjett, að styrkja þetta fyrirtæki, til þess að eigi þyrfti strax í byrjuninni að skerða sjóð fjelagsins, ef mikil óhöpp bæri að höndum á fyrsta eða öðru ári. Nefndin varð og að viðurkenna það, að aðalskilyrðið fyrir því, að þilskipaeign manna geti þrifizt og aukizt, er það, að innlent ábyrgðarfjelag sje til fyrir þess konar skip, því að flestum þilskipaeigendum hjer á landi má heita því nær ókleift, að tryggja skip sín í útlöndum; efnaminni bændur þora því eigi að svo komnu að leggja fje sitt í þiljubáta, hversu æskilegt sem það ella kynni að vera fyrir atvinnu þeirra. En þilskipin eru þá fyrst viss eign, að auðið sje að halda þeim í ábyrgð; og þar sem mál þetta snertir annan helzta atvinnuveg landsmanna, sem að undanförnu hefir fremur verið út undan hjá þinginu, væntir fjárlaganefndin þess, að þessi litla fjárveiting mæti góðum undirtektum deildarmanna.

Undir staflið 26 hafa nokkrir háttv. þm. stungið upp á því, að heitið sje 500 kr. verðlaunum þeim manni, er gæti fundið óbilugt meðal gegn sauðfjárpestinni. Nefndin getur í sjálfu sjer eigi haft neitt á móti þessu og álítur þann mann allrar virðurkenningar verðan, er slíkt meðal gæti fundið; en á hinn bóginn telur nefndin óþarft, að setja þetta inn á fjárlögin. Nefndin verður að ganga út frá því sem sjálfsögðu, að sá maður sem gæfu bæri til að finna slíkt meðal, mundi af öllum verða talinn að verðskulda heiðurslaun, og það töluvert hærri en hjer er farið fram á.

Breyt.till. nefndarinnar, 42. tölul. á atkvæðaskránni, að fje það, sem verja skal til vegabóta og gufuskipsferða, sje flutt til 12. gr., svo að þar sjeu talin öll gjöld til samgöngumála, snertir að eins »posteringuna« á fjárlögunum, og vona jeg, að deildinni þyki sú tillaga nefndarinnar til bóta.

Stj.frv. fer fram á, að veita 3000 kr. til að útvega vegfróðan mann frá út-

löndum fyrir árið (1892), en fjárlaganefndin hefir leyft sjer að stinga upp á, að styrkur sje veittur í þessum tilgangi fyrir bæði árin, því að nefndin telur einkar- nauðsynlegt, að stjórnin hafi jafnan við hönd sjer vegfróðan mann, þegar nýja vegi þarf að leggja. Nefndin leggur og til að fje það, sem í frv. stjórnarinnar er ætlað til að leggja vegi á aðalpóstleiðum, verði hækkað um 1000 kr. hvort árið, og ætlast nefndin til, að af fje þessu sje nokkru varið til að byggja sæluhús á Þorskafjarðarheiði, því að hún er mjög hættuleg yfirferðar á vetrum, og svo ber og nauðsyn til að varða hana sem fyrst. Ennfremur ætlast nefndin til, að allt að 1500 kr. sje varið til að bæta aðalpóstveginn milli Akureyrar og Oddeyrar. Vegurinn milli þessara bæja er mjög örðugur og ógreiðfær; en enda þótt hann sje aðalpóstleið og áður hafi þráfaldlega komið fram bænir um aðgjörð á honum, þá hefir enn ekkert verið gjört við veginn, og hefir stjórnin borið því við, að eigi væri fje fyrir hendi. Nefndin varð að álíta það sjálfsagt, að höfuðstaður Norðurlands ætti heimtingu á, að þetta væri gjört sem fyrst, einkum þegar litið er til hinna mörgu þús. krón., er varið hefir verið til vegagjörðar í nágrenni við Reykjavík, og það með misjafnlega heppilegum árangri. Það verður og að sjálfsögðu að veita dálítið fje til vegagjörðar á ýmsum stöðum í landinu, þótt haldið sje áfram við þá vegi, sem byrjað hefir verið að leggja.

Þar næst kem jeg að þessu stóra deilu- og ágreiningsefni deildarmanna, að tillögum nefndarinnar um gufuskipsferðirnar. Jeg skal eigi fjölyrða um þessa till. nú; um það mál hefir verið svo ýtarlega rætt áður í dag. Jeg ætla því að hlaupa yfir það að svo stöddu, þangað til að umr. gefa mjer tilefni til frekari ummæla. Nefndin leggur og til, að veittar væri 3000 kr. til gufubátsferða á Breiðafirði, 3000 kr. til hins sama á Faxaflóa, og sömul. 3000 kr. til gufubátsferða á Austfjörðum; en í frv. stj. var að eins gjört ráð fyrir 3000 kr. fjárveiting á ári til gufubátsferða á Vestfjörðum. Nefndin áleit það mikilsvert fyrir samgöngurnar, ef gufubátsferðir gætu komizt á sem víðast, og hún hugði, að það mundi vera hin mesta hvöt til að koma á slíkum ferðum, ef styrks von væri af landssjóði, til að ljetta undir með kostnaðinn.

Breyt.till. undir tölul. 37 um gufubátsferðir meðfram suðurströnd landsins aðhyllist nefndin fyllilega.

Nefndin stingur og upp á því, að styrkurinn til gufubátsferðanna útborgist eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna, eða, ef þær greinir á, þá meiri hluta þeirra, með því að það verður að teljast eðlilegast, að þeir, sem not eiga að hafa af gufubátsferðunum, eigi og atkvæði um fyrirkomulag þeirra.

Nefndin er og samþykk skilyrði því fyrir styrkveitingunni, er sett er undir tölul. 33. Nefndin verður að álíta, að það sje eigi vottur um mikinn áhuga hjá mönnum, að koma á hjá sjer slíkum gufubátsferðum, ef þeir eigi vilja sjálfir leggja fram sem svarar 1/4 hluta á móts við landssjóðsstyrkinn.

Aptur á móti er nefndin mótfallin breyt.till. h. þm. Mýr. (Á. J.), tölul. 36.; hún álítur eigi nægilegt nje aðgengilegt tilboð það, er kaupmaður O. Wathne hefir gert; en við það tilboð virðist breyt.till. þm. Mýram. miðuð, enda þótt hún sje allógreinileg.

Nefndin álítur sig eigi bæra að dæma

um, hvort breyt.till. tölul. 38, um járnþak o. fl. á kirkjur í Skaptafellssýslu, sje á fullum rökum byggð; um þetta lágu engar skýrslur fyrir nefndinni, og virðist því það mál vanta allan undirbúning. Annars mun h. uppástungum. (Ól. P.) geta skýrt frá ástæðum sínum fyrir þessari breyt.till.

Svo er loks breyt.till. við 11. gr., um læknaskipunina. Nefndin leggur til, að bætt sje við 2 nýjum aukalæknishjeruðum. Sjerstaklega fannst nefndinni mikil þörf á aukalækni í Ólafsvík, enda hafa þaðan komið bænir til þingsins, bæði nú og optar áður. Nefndin leggur og til, að aukalæknir sje skipaður í Eyjahrepp á Breiðafirði og næstu sveitum Barðastrandarsýslu, en þó virtist nefndinni eigi þörf á, að aukalæknishjerað þetta yrði veitt, fyr en hjeraðslæknir Barðastrandarsýslu hefir flutt sig vestur í umdæmi sitt.

Það er að sögn talsverð óánægja í vesturhluta þessa læknishjeraðs yfir því, að hjeraðslæknirinn skuli sitja svo austarlega í hjeraðinu, á Brjámslæk á Barðaströnd, en ef því yrði framgengt, að læknirinn flytti sig lengra vestur, verður eigi hjá því komizt, að setja aukalækni í austurhreppa sýslunnar. Annars voru nokkuð skiptar skoðanir nefndarmanna í þessu máli.

Breyt.till. þær, er stungið er upp á við 12. gr., eru komnar frá póstmálanefndinni, og eru þær eðli'egar afleiðingar af þeim breytingum, sem hún vill ráða til að gera á póstgöngunum. Nefndin fellst á þessar breyt.till.

Jeg mun hafa gleymt að minnast áðan á breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.) um að hækka fjárveitinguna til að bæta vegi á aðalpóstleiðum upp í 30 þús. kr. á ári. Nefndin vildi ekki taka neina ákvörðun um, hvernig hún snerist við þeirri breyt.till., fyr en hún fengi að heyra, hvaða vegakafla uppástungumaður hefir sjerstaklega hugsað sjer að gera skyldi við fyrir það, sem hækkunin nemur.

Jeg hygg þá, að jeg hafi minnzt á flestar breyt. þær, er fram eru komnar við þessar greinir frv., og finn jeg eigi ástæðu til að fara frekar orðum um þær, fyr en jeg heyri undirtektir deildarmanna.

Landshöfðingi: Það hafa komið fram allmargar breyt.till. við þennan kafla frv., og skal jeg leyfa mjer að drepa á hinar helztu.

Fyrsta breyt.till. er frá nefndinni undir tölul. 15, og er fólgin í því, að færa upp fje það, sem áætlað er til sakamála og lögreglumála. Þetta er rjettara hjá h. nefnd heldur en í frv.

En svo koma næst breyt.till. viðvíkjandi búnaðarskólunum. Um breyting nefndarinnar á skipting þess styrks get jeg ekki verið henni samdóma. Jeg get ekki skilið í því, að gild ástæða sje til að hækka styrkinn til Eiðaskólans um 500 kr. og lækka styrkinn til Hvanneyrarskólans um sömu upphæð og veita þannig 1000 kr. meira til Eiðaskólans, heldur en Hvanneyrarskólans. Eptir því sem stendur í nefndarálitinu, hafa næstliðið ár verið 4 námspiltar á Eiðaskólanum, auk eins pilts, er dó þar; þetta virðist ekki bera vott um neinar sjerlegar framfarir. Skóli þessi hefir og 900 kr. á ári af vöxtum hins svonefnda eldgosasjóðs, og hefir hann því haft nær því 3000 kr. tekjur úr landssjóði og eldgosasjóði árlega síðastliðið fjárhagstímabil, og sömu tekjur mun hann hafa næsta fjárhagstímabil, eptir því sem stungið er upp á í stjórnarfrv. Jeg hygg að þetta sje allríflegur styrkur, þegar þessi skóli er borinn saman við

Ólafsdalsskólann, og mjög rausnarlegur styrkur í samanburði við það, sem Hvanneyrarskólanum er ætlað. Nefndin tilfærir í áliti sínu ástæður þær fyrir því að lækka styrkinn til skólans á Hvanneyri, að hún hafi heyrt ýmsar sögur um þann skóla, og hafi þær vakið hjá henni efasemdir um þann þroska, er sú stofnun hafi náð. Það er nú varla að búast við miklum þroska af stofnun, sem ekki er meira en 2 ára gömul, en það er þó tekið fram í áliti nefndarinnar sjálfrar, að þar muni nú sem stendur vera 7 námspiltar, og virðist það benda á, að skólinn sje ekki í slæmu áliti, heldur muni aðsókn að honum vera að aukast. Það er og meiri ástæða til að styrkja þær stofnanir, sem eru nýjar, en hinar, sem komnar eru á fastan fót, svo sem eru Ólafsdalsskólinn og Hólaskólinn; og ef þeir skólar þurfa styrk þann, sem þeim er ætlaður, er eigi klípandi af styrk þeim, sem frv. hefir gert ráð fyrir til Hvanneyrarskólans, þar sem hann er nýr og er að koma sjer fyrir.

Um styrkinn til búnaðarfjelaganna eru talsvert skiptar skoðanir. Það hafa heyrzt raddir, sem efast um, að þeim styrk sje ætíð vel varið, og að það kunni að brenna við á stundum, að menn myndi búnaðarfjelög að eins í þeim tilgangi að ná í einhvern styrk af opinberu fje, og skipti svo hlutaðeigendur styrknum milli sín. Jeg skal ekki segja neitt um, hvort þetta komi víða fyrir; vonandi er að styrkurinn sje optast vel notaður, en hvort ástæða er til að hækka hann mikið frá því, sem hann er áætlaður í frv. stjórnarinnar, skal jeg láta ósagt um; jeg er ekkert á móti því, það getur verið álitamál, hvort hann er settur 8 þús., 10 þús., eða 12 þús. kr. Aptur á móti finnst mjer eigi rjett, að fella burtu athugasemdina, því að þótt þingið semji reglur fyrir því, hvernig styrknum skuli útbýtt, er mikið gott að umsóknarbrjef búnaðarfjelaganna gangi gegn um hendur sýslunefnda og amtsráða. Sýslunefndir munu optast kunnugar búnaðarfjelögunum í sinni sýslu, og hið sama má álíta um amtsráðin, og fyrir því er það gott, að bónarbrjefin gangi í gegn um hendur þeirra, áður en þau koma til landshöfðingja.

Um hinar aðrar breyt.till. við 10. gr. C. 4. er eigi ástæða til að tala frekar. Um laxaklak í Dalasýslu, sem stungið er upp á að veita til 200 kr. styrk, er mjer ókunnugt. Það var upprunalega fjelag þar stofnað í þessum tilgangi, en hvort það fjelag er enn til, eða hvort það er nú einstakur maður, er fæst við laxaklakið, er mjer ókunnugt um, og eins um framkvæmdir þar í þessu efni og hvern árangur það kann að hafa. Styrkur sá, sem stungið er upp á að veita undir tölulið 25. staflið g., er nokkuð óákveðinn. Þar stendur: »Styrkur til sýslunefndar Ísafjarðarsýslu til að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum fyrra árið 4000 kr.«. Mönnum kynni að detta í hug, að eins og slíkt ábyrgðarfjelag hefur verið stofnað og er til við Eyjafjörð, án þess að hafa fengið opinberan styrk, eins geti og myndazt á Vestfjörðum fjelag í hinum sama tilgangi, án þess að fá styrk af landssjóði. Svo mun og eins mikil þörf á þess konar ábyrgðarfjelagi hjer við Faxaflóa, eins og á Vestfjörðum, og verði hinu vestfirzka fjelagi veittur slíkur styrkur, mundi fjelag hjer við Faxaflóa eiga sama rjett skilið. Það getur verið, að þess konar fjelagsskapur sje eigi kominn eins langt á leið hjer sem á Vestfjörðum, en einhver undirbúningur hefur þó verið

hafður og jafnvel verið samin lög fyrir slíkt fjelag. Það er eigi svo að skilja að jeg sje á móti því að styrkja þess háttar fyrirtæki, ef fjelagið væri komið á svo fastan fót, að trygging sje fyrir því, að það gjöri gagn. En mjer skilst svo á nefndarálitinu, að fjelag þetta á Vestfjörðum sje eigi svo vel tryggt enn þá, að það verðskuldi styrkinn, og sje það ekki, þá skil jeg ekki til hvers á að veita sýslunefnd Ísafjarðarsýslu þennan styrk. Ef fjelag þetta á að fá styrkinn, hví þá ekki að veita styrkinn beina leið til þess? Hví á sýslunefndin að vera milliliður? Jeg bjóst við að fá einhverja útskýringu á þessu, en hún hefur ekki komið enn. Svo stendur: »ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum«. Eptir því sem tízka er til, eru kallaðir Vestfirðir frá Látrabjargi og norður og vestur úr, en jeg álít, að slíkt fjelag ætti líka að ná yfir Breiðafjörð, því að þar eru einnig til þilskip, sem þyrftu að geta haft aðgang að tryggingum, og eins við Strandaflóa. Það væri og til eflingar fyrir slíkt tjelag, að það næði yfir sem víðast svæði og flest skip, og eigi landssjóður að leggja því styrk, ætti fyrst að gjöra það, þegar það er komið á fastan fót og þá beint, án nokkurs milliliðs. En ef hafa skyldi nokkurn millilið, lægi næst að það væri amtsráðið, því að í því sitja fulltrúar úr öllum hlutaðeigandi sýslum.

Jeg vil leyfa mjer að mæla með breyt.till. undir tölul. 29, um að færa styrkinn til að útvega vegfróðan mann, til síðara ársins (1893) og er það af þeim ástæðum, að 1892 verður eigi komizt yfir að leggja meiri vegi en til er »plan« yfir, gjört af vegfræðingi. Svo er og ráðgert hjer síðar í tillögu nefndarinnar, að fastur vegagerðarmaður geti fengizt, en hann verður eigi til fyrri en 1893. En þær 3000 kr., sem nefndin hefur áætlað fyrra árið, óska jeg að notaðar verði til annars, er jeg mun síðar minnast á, þá er 13. gr. er til umræðu.

Jeg vil einnig mæla fram með breyt.-till. undir tölulið 31. Mjer finnst eigi þörf á að sýna fram á neinn vissan vegarkafla, sem hafður sje í huga; það er svo mikið sem gjöra þarf að vegum á aðalpóstleiðum, að 30 þús. kr. eru eigi of mikið á ári.

H. fjárlagan. hefur ráðið til að verja allt að 1500 kr. til vegagjörðar milli Akureyrar og Oddeyrar. Jeg gæti ekkert haft á móti þessu, ef það væru meiri torfærur á þessum vegi en annarsstaðar eru á aðalpóstvegum; en ákvæði vegalaganna eru þannig, að fyrst skuli leggja veg þar, sem mestar eru torfærur. Jeg veit það, að það er erfitt á vetrum að fara þennan veg og þegar vegfræðingur var hjer í hitt eð fyrra, var hann látinn skoða þetta svæði; hans álit var, að hinn eini vegur til þess að gjöra þennan veg brúklegan, væri að sementera upp »mole« meðfram brekkunni, því þar er svo mikill ísgangur á vetrum, að vegur, sem lagður væri á venjulegan hátt, mundi sópast burtu. Eptir hans áætlun kostar vegagjörð þar langt um meira en 1500 kr., og af þessum orsökum er það, að landsstjórnin hefur eigi lagt út í að leggja þennan veg. Jeg er því hræddur um, að sá vegur, sem yrði lagður þar fyrir 1500 kr., mundi fljótt eyðileggjast, þótt hann kynni að verða brúklegur 1 ár eða svo.

Það hefir verið talað svo mikið í dag um styrk til gufuskips-strandferða, að jeg hygg eigi neina þörf á að bæta við það í þetta sinn.

Viðvíkjandi styrkjum þeim, sem ætlaðir eru til gufubátsferða undir stafl

c—f. virðist mjer eigi sjerlega ástæða til að veita á fleirum stöðum en þeim, sem líkur eru til, að gufubátsferðir komist á á fjárhagstímabilinu, sem eru Vestfirðir og Faxaflói; hitt virðist mjer óþarft, að nefna til gufubátsferðir á Breiðafirði og Austfjörðum. Þingið hefur sýnt í sumar, með því, að veita strax styrk til gufubátsferða hjer um Faxaflóa, að það er fúst til að styrkja þessi fyrirtæki, og er það því nóg hvöt fyrir Breiðfirðinga, ef þeir treysta sjer til, að koma á hjá sjer gufubátsferðum, að landssjóðurinn er reiðubúinn til að styrkja slík fyrirtæki. Hið sama er að segja um gufubáta á Austfjörðum; mjer sýnist engin hætta, að geyma að veita styrkinn þar til gufubátsferðir eru komnar þar á.

H. nefnd hefur samþykkt það skilyrði, sem ákveðið er undir tölulið 33, og álít jeg, að það skilyrði sje vel til fallið. Ísafjarðarsýsla hefur gengið à undan í því, að veita styrk til gufubátsferða, og jeg álít alveg rjett hjá háttv. framsögum. (Sk. Th.), að það sje eigi mikill áhugi á að koma á hjá sjer slíkum gufubátsferðum, ef menn eigi vilja leggja til einar 750 kr., þegar landssjóður leggur til 3000 kr.

Það er víst meiningin með uppástungunni undir tölul. 35, að það skip, sem þar er gjört ráð fyrir, sje með öðru vísi fyrirkomulagi en skip það, sem gjört er ráð fyrir í nefndarál. Það hefur verið gjört ráð fyrir, helzt að mig minnir af h. þm. Dal. (J. P.), að það skip skyldi vera 150—200 smálestir. En það skip sýnist mjer vera langt um of lítið. Jeg hygg að það mætti eigi vera minna en póstskipið Thyra. Það hefur opt komið fyrir, einkum 2 fyrstu ferðirnar og síðustu ferðina, að henni hafa borizt meiri vörur en hún hefur getað tekið, og mun hún þó vera yfir 400 tons. Hvort slíkt skip mundi kosta meira á leigu, en gjört er ráð fyrir í nefndarál., skal jeg eigi segja, en mig minnir, að jeg hafi heyrt, að skip eins og Thyra kosti á dag 250—300 kr., og þá væri það um 50,000 kr. í 7 mán.; reyndar kunna að bætast við kol, hafnargjöld og ýmislegt fleira. Jeg get eigi fellt mig við, að ekki muni þurfa meira rúm en fyrir 100 farþegja. Það er hjer um bil rúm fyrir 100 farþegja á Thyra, og þó hefur verið kvartað um, hve lítið pláss sje á henni. Að vísu má nota þilfar á milli hafna, en austan úr Múlasýslu og norðan um land til Rvíkur er það alls eigi boðlegt, nema þar með fylgi þau hlunnindi, sem farþegar hafa enga heimting á, nefnil. að vera undir þiljum eða í lestarrúmi; það er og opt svo fullt lestarrúmið af vörum, að eigi er hægt að hleypa neinum manni þar inn. Fyrir því hygg jeg, að alls eigi megi gjöra ráð fyrir minna farþegarúmi en þau skip hafa, sem nú ganga kring um landið. Jeg álít eigi þörf, að taka upp aptur það, sem jeg sagði í dag, um erfiðleika á því, fyrir landsstjórnina, að taka að sjer að halda út skipi til strandferða. Jeg skal að eins skýrskota til þess, sem jeg sagði þá, að hentugra mundi verða, að fela þess háttar einhverju fjelagi eða einstökum manni. Mjer er eigi ljóst, hver meiningin er með breytingunni undir tölulið 37; ef þessi fyrirhugaði gufubátur á að ganga um suðurströnd landsins frá Reykjanesi að Vík í Mýrdal, þá er sá landspartur eigi auðugur að höfnum. *(P. Br.:* Það er ekki meiningin). Jeg skal þá ekki tala neitt um það, fyrr en jeg heyri, hver meiningin er.

Jeg skal leyfa mjer að mæla með tillögunni undir tölul. 38, um að leggja járnþak á Langholtskirkju, því að jeg hygg, að það sje sparnaður fyrir landsjóðinn; aptur á móti er mjer eigi eins

kunnugt um hvort það muni vera eins nauðsynlegt að leggja járn á veggi og stafna Prestsbakkakirkju. Hin síðari tillaga undir tölulið 40 virðist mjer nokkuð skrítin. Þar er gjört ráð fyrir að stofna nýtt aukalæknishjerað, þegar hjeraðslæknirinn er fluttur frá Brjánslæk. Það getur vel verið, að sumir sjeu óánægðir með það, að læknirinn situr þar, en menn voru líka óánægðir áður, þegar hann sat á Patreksfirði, svo það er eigi gott fyrir hann, að búa þar, sem allir eru ánægðir með hann, sem eigi er heldur að búast við, þar sem læknishjeraðið er allt á lengdina. En mjer virðist hart að reka hann frá Brjánslæk, þar sem hann býr og er búinn að byggja upp, og sje það ekki meiningin að reka hann burtu, þá er tilgangslaust, að stofna aukalæknishjerað með þessu skilyrði.

Breytingartillögur þær, sem gjörðar eru við 12. gr., eru bein afleiðing af tillögum póstmálanefndarinnar; það er því sjálfsagt að veita það fje, sem stendur í sambandi við tillögur nefndarinnar, ef þær tillögur verða samþykktar. Jeg get eigi gjört mjer ljósa grein fyrir, hvort hækkun sú, sem stungið er hjer upp á, er nægileg, sjerstaklega til póstafgreiðslumanna og brjefhirðingarmanna. Fje það, sem til er tekið til póstflutninga, er ætlað að eins áætlað fje, og gjörir því minna til, hvort það samsvarar breytingum þeim, sem gjörðar eru á póstferðunum; en það hefur verið álitið svo, að borgun til póstafgreiðslumanna og brjefhirðingarmanna megi eigi fara fram úr hinni áætluðu upphæð í fjárlögunum, og þegar það hefur komið fyrir, hefur verið leitað aukafjárveitinga, og þess vegna er nauðsynlegt að sú upphæð sje nú í fjárlögunum hækkuð svo, að hún sje í hlutfalli við fjölgun póstafgreiðslumanna og brjefhirðingarmanna.

Ólafur Briem: Jeg vil leyfa mjer að víkja nokkrum orðum að breyt.till. nefndarinnar um að lækka tillagið til Hvanneyrarskólans úr 2,000 kr. niður í 1,500 kr. Nefndin hefir eins og sjá má af áliti hennar komizt að þeirri niðurstöðu, að stofnun þessi hafi ekki náð miklum þroska, og þess vegna hefir hún ráðið til að færa tillagið niður. Þareð allir munu játa, að auðurinn sje afl þeirra hluta sem gjöra skal, þá mun það og hverjum manni auðsætt, að skilyrðið fyrir því, að þessar og aðrar stofnanir nái nokkrum þroska, er, að þær sjeu styrktar með fjárframlögum. Þareð flestir munu telja æskilegt, að þessi stofnun, sem hjer er um að ræða, taki framförum, en deyi ekki út af, þá skil jeg ekki, hvers vegna nefndin hefir getað lagt það til, að lækka styrkinn, með því að það yrði einmitt til að koma í veg fyrir eflingu skólans framvegis, og hlýtur að standa honum fyrir þrifum, eins og hverri annari stofnun, er á erfitt uppdráttar sakir peningaleysis. Það hefði verið miklu nær fyrir nefndina, að binda styrkinn einhverju vissu skilyrði, heldur en að lækka hann. Jeg fyrir mitt leyti get því alls ekki fallizt á þessa breyt.till. nefndarinnar, og vildi enda láta hækka styrkinn svo, að hann verði 2,500 kr., eins og farið er fram á í breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.).

Að því er snertir till. nefndarinnar um styrkinn til sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu, til að koma á fastan tót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum, þá er jeg samdóma hæstv. landsh., að ekki sje rjett að taka þannig einn hluta landsins og gjöra honum hærra undir höfði en öðrum. Að minnsta kosti finnst mjer sá vegur, er hún hefir valið, hvað þetta snertir, alls ekki heppilegur. Hún stingur upp á að veita þessar 4,000 kr. sem gjöf, að eins til þess að koma þilskipaábyrgðarfjelagi á stofn, en mjer

finnst engin trygging vera fyrir því, að tillagið hafi þann árangur, að slíkt fjelag eflist til frambúðar. Ef landssjóður vildi styðja að því, að stofnað yrði sams konar fjelag og þetta, ætti hann auðvitað að taka að sjer ábyrgðina fyrst í stað, meðan sjóður væri að myndast. Á fyrstu árum geta vel komið fyrir óhöpp, er fjelagið þolir ekki, áður en sjóður er myndaður að nokkrum mun, en þegar hann er kominn á, ber hann ábyrgðina í raun og veru, en landssjóður þá ekki lengur, nema því að eins, að mikil óhöpp beri að höndum, sem ábyrgðarsjóðurinn getur ekki risið undir, og er þá eðlilegast að skoða það, er landssjóður þyrfti að leggja út, sem lán, er borgist síðarmeir að fullu af þeim, er tryggja skip sín að fullu í fjelaginu. Ef til vill kæmi þetta aldrei fyrir, að landssjóður þyrfti að hlaupa undir bagga með fjelagssjóðnum, að minnsta kosti ekki þegar hann væri kominn á fastan fót, en þótt svo yrði, þyrfti landssjóður engan halla að bíða við það, ef hann ætti heimtingu á endurgjaldi, undir eins og ábyrgðarfjelagið sjálft væri fært um að borga það.

Þá er að minnast á breytingartillöguna undir tölulið 26, um 500 kr. verðlaun í eitt skipti fyrir öll handa þeim manni, er finnur öruggt meðal gegn sauðfjárpestinni. Það væri auðvitað mjög gott, ef það gæti tekizt að finna þetta meðal, og væri allmikilla launa vert; en jeg er hræddur um, að svona löguð fjárveiting komi ekki að haldi. Jeg ímynda mjer, að það sje mjög óvíst, hvort nokkurt meðal til að lækna bráðafárið, það er að segja sjúkar kindur, sje til, og mjer er næst að ætla, að það sje ekki. En ef veita á verðlaun fyrir varnarmeðal gegn henni, þá er mikið vandhæfi á því. Það hafa opt verið reynd ýms varnarmeðul gegn þessu fári, sem í fyrstu hafa verið talin óyggjandi, en við frekari reynslu hefir komið í ljós, að þau væru hvergi nærri örugg nje einhlít. Það hefir t. d. verið talið mjög gott, að blanda lýsi saman við hey og sumir hafa jafnvel viljað telja það óyggjandi. Ætti þá að veita verðlaun fyrir þetta meðal, ef einhver kemur fram með það, eða rjettara sagt, fyrir þetta meðal, sem þegar hefir verið komið fram með? Hver á ennfremur að dæma um þessi meðul, hvort þau sjeu óyggjandi eða ekki? Jeg hygg því, að tillagan um þessi verðlaun geti varla komið að neinum notum.

Þá vil jeg minnast dálítið á breyt.-till. nefndarinnar, að því er snertir vegabætur á aðalpóstleiðum. Í stjórnarfrv. var stungið upp á 25,000 kr., en nefndin hefi hækkað það um 1,000 kr. eða upp í 26,000 kr. Jeg skil ekki, hvað nefndinni hefir gengið til að hækka fjárframlagið að eins um þetta eina þúsund. Þá verð jeg að segja, að jeg kann betur við breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.), sem fer fram á 5,000 kr. hækkun eða hækkun úr 25,000 kr. upp í 30,000 kr. Að því leyti, sem nefndin hefir lagt það til, að þessum 1,000 kr. verði varið til vegabóta á ákveðnum stað, það er milli Akureyrar og Oddeyrar, og á Þorskafjarðarheiði, þá skil jeg ekki, hver þörf sje á því, að ráðstafa þessu eina þúsundi á þennan hátt. Skyldi þá ekki eins vera ástæða til að ákveða upphæðina til vegabóta á einhverjum fleiri stöðum á landinu?

H. framsögum. (Sk. Th.) þóttist ekki skilja, hvar eða hvernig ætti að verja þeim 5,000 kr., er h. þm. Snæf. (P. Br.) vill láta bæta við upphæðina í stjórnarfrv., en það er víst óhætt að segja honum, að það verði ekki nein vandræði úr því, og að þeim verði varið til vegabóta þar, sem full nauðsyn er á, hvar svo sem það verður á landinu.

Um styrkinn til gufuskipsferða hefir

þegar verið rætt mikið á fundinum í dag, en samt hygg jeg ekki rjett að sneiða nú alveg fram hjá þessu mikilvæga atriði, og þótt atkvæðagreiðslan í dag færi svo, að tillögur nefndarinnar til fjárveitinga í þessu skyni væru felldar, er samt nauðsynlegt að íhuga vandlega, hversu þessu þýðingarmikla máli verði bezt hrundið í lag, og hvað tiltækilegast sje að gjöra, til þess að það geti komizt í viðunanlegt horf. Hjer er ein breyt.till. um, að veita 12,000 kr. styrk til strandferða austan um land frá Reykjavík að Horni. Framsögum. (Sk. Th.) sagði, að þetta væri miðað að eins við nokkurn hluta landsins og á þann hátt sje ekki hægt að fá samband milli Vestur- og Norðurlands. Þegar svo er, finnst mjer breyt.till. ekki alls kostar aðgengileg, eins og hún liggur fyrir, og jeg er hræddur um, að þm. N.-Þing. (J. J.) verði ekki einn á bandi með það, að fella þessa tillögu. Það sem næst liggur fyrir er, að komast að einhverri niðurstöðu um, hve miklu fje landssjóður eigi að kosta til gufuskipsferða og hvernig hentast sje að verja því, svo að ferðirnar geti komið að sem fyllstum og beztum notum. Það var talað um það hjer áður í dag, að gufuskipsferðirnar, eins og þær væru nú, væru alls ekki fullnægjandi og samsvöruðu ekki óskum nje þörfum landsmanna, og liggur þá beinast við að spyrja: af hverju stafar þetta? Þessu má að minni ætlun svara svo, að þetta sje auðvitað mest komið undir fjártillaginu úr landssjóði og væri það t. d. hækkað úr 18,000 kr. upp í 30,000 kr., eins og h. fjárlaganefnd vill kosta til gufuskipsferðanna kring um landið, þá efast jeg ekki um, að menn gætu fengið miklu fleiri og haganlegri ferðir. Þingið hefir aldrei boðið fram hærra tillag til gufuskipsferðanna en 18,000 kr., svo að menn hafa enga reynslu í þessu efni, hvort nokkrir vildu sæta slíku tilboði, og það er því ekki auðið að segja, að þetta yrði árangurslaust. Þá fyrst, þegar alþingi væri búið að bjóða fram hækkað fjártillag til strandferðanna, og enginn vildi ganga að því boði, mætti segja það, en fyr ekki, að þessar umleitanir væru árangurslausar. Ennfremur er jeg ekki viss um, nema fá mætti ferðunum nokkru haganlegar fyrir komið, án þess að hækka tillagið. upp úr 18,000 kr. Hæstv. landsh. minntist á, að sameinaða gufuskipafjelagið hefði fyrir sitt tilstilli að eins eptir munnlegum bendingum frá fjárlaganefndinni 1889 breytt ferðaáætlun strandferðaskipsins þannig, að fyrsta ferð þess yrði farin snemma í apríl, í staðinn fyrir um miðjan maí, og síðasta ferðin tímanlega í október, í staðinn fyrir nálægt miðjum sepbr. Jeg hygg því, að komast mætti að betri kjörum, og fá hagfelldari strandferðir en að undanförnu með þessari sömu upphæð, einkanlega ef þingið byndi fjárveitinguna einhverjum ákveðnum skilyrðum, því að jeg tel víst, að einhver fengist til að taka að sjer strandferðirnar fyrir þann fjárstyrk, sem nú er greiddur, og gengi að þeim skilyrðum, sem sett yrðu, enda þótt þau væru í harðara lagi. En það er mikill vandi að koma þessu vel fyrir, eptir mismunandi óskum manna og þörfum, þannig, að hæfilegt tillit sje tekið til alls, er taka þarf til greina, eins og bezt sjest af því, að önnur afleiðingin af bendingum fjárlaganefndarinnar 1889 var sú, að síðasta ferð strandferðaskipsins var færð fram á haustið eða fram í október, en þessi færsla hefir ekki orðið til bóta, heldur fremur til óhagnaðar. Einkum hafa menn af Austfjörðum ekki komizt hingað suður á haganlegasta tíma, bæði skólapiltar og aðrir, er þangað hafa farið austur á sumrin að leita sjer atvinnu hjeðan að sunnan. Síðasta

ferðin kringum landið frá Austfjörðum var áður um miðjan september, en hún var of snemma, því að þá var ekki úti kaupavinna, eystra nje syðra, þegar skipið fór þar um. Það hefði því verið nóg að færa að eins ferðirnar um fáa daga, en svona mikil færsla hefir ekki reynzt heppileg. Mjer virðist því einkum áríðandi, að þingið setji ákveðin skilyrði fyrir fjárveitingunni til strandferðanna og föst ákvæði um betri tilhögun á ferðunum framvegis en verið hefir.

Að því er snertir styrkinn til gufubátsferða, er nefndin hefir stungið upp á, þá er jeg á sömu skoðun og hæstv. landsh., að ekki sje nein ástæða til eða veruleg þörf á að veita fje til þessara gufubátsferða, nema þar sem einhver undirbúningur hefir verið hafður til að koma þeim á. Jeg fyrir mitt leyti held þannig, að fjárveiting sú, er h. fjárlaganefnd hefir farið fram á að leggja til gufubátsferða á Breiðafirði, sem að eins hefir verið ymprað á, hefði vel mátt bíða, og að engin hætta væri á því, að næsta þing greiddi ekki fyrir þessu máli, ef það sýndi sig, að fyrirtækið kæmist á og yrði að tilætluðum notum. Úr því að nefndin hefir stungið upp á svo miklum fjárveitingum til gufubátsferða, einkum á Vesturlandi, þá furðar mig á, að hún skyldi ekki einnig stinga upp á, að styrkja slík fyrirtæki norðanlands, t. d. gufubátsferðir á Eyjafirði, því að þar er allt eins mikil flutningaþörf eins og víða vestra. Að því er snertir skilyrði þau, er nefndin hefir sett, að styrkurinn til gufubátsferða útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna o. s. frv., skal jeg geta þess, að jeg er einn af þeim, sem komið hafa með viðaukatillögu við þetta (tölul. 33 við 10. gr. C. 6), að styrkurinn sje ennfremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til gufubátsferðanna einn fjórða á móti styrknum úr landssjóði. Meining uppástungumannanna var sú, að á móti 3,000 krónum úr landssjóði legðu hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög að minnsta kosti 1,000 krónur, en ekki að eins 750 kr., eins og hæstv. landsh. vildi skilja þetta ákvæði. En það væri ef til vill rjettara, að orða skilyrðið á þá leið, að tillagið frá sýslufjelögunum og bæjarfjelögunum mætti eigi minna vera en einn þriðji á móti landssjóðstillaginu.

Að því er snertir breytingaruppástungu póstmálanefndarinnar um útgjöldin við póststjórnina, þá eru þau eins og sjá má allmikið aukin. Jeg skal geta þess, að nefndin hafði ekki tíma til að ganga svo vel í gegn um þetta mál, sem þurft hefði, og gat þess vegna ekki gjört nákvæma áætlun þar að lútandi. Það er yfir höfuð ekki gott að ætlast á, hvað sje hæfilegt svona í fyrstu, og þótt landsh. teldi nauðsynlegt, að hafa fjárupphæðina nú þegar nægilega háa, þá sje jeg samt ekki brýna nauðsyn til að fara fram á meiri hækkun en nefndin hefir þegar lagt til. Það verður í fyrstu að vera nokkuð af handahófi, en þá má síðar lagfæra upphæðirnar. Hvað hækkunina til póstflutninga snertir, þá var kostnaðaraukinn við aukning póstferðanna áætlaður 8,000 kr., en þar að auki taldist nefndinni svo til, að í stjórnarfrumvarpinu væru gjöldin til póstflutninga áætluð 4,000 kr. lægri en líklegt er að þau muni verða, og hefir nefndin því hagað breyt.till. þannig, að hækkunin væri 12,000 eða úr 22,000, eins og stóð í stjórnarfrv., upp í 34,000, þareð ganga má að því vísu, að þessi kostnaður muni ekki fara minnkandi, heldur vaxandi, eptir því sem viðskiptalíf manna glæðist.

Páll Briem: Hjer liggja margar breyt.till. fyrir, og verða að líkindum um þær langar umræður, en jeg vil reyna að verða stuttorður. Jeg hef komið fram með breyt.till. um hækkun á tillaginu til Hvanneyrarskólans. Jeg er á sama máli og h. þm. Skagf. (Ól. Br.), að það væri athugavert að lækka þetta tillag, og þingmenn ættu að athuga það vandlega, áður en þeir greiddu atkvæði með því. Ef það á fram að ganga, sem nefndin stingur upp á, þá er auðsætt, að skólinn því síður getur uppfyllt þær kröfur, sem til hans eru gerðar; nú hafa verið 7 lærisveinar á skólanum og verða 8 í sumar eða haust, en ef fjárframlaginu yrði neitað, þá kæmi fjárskorturinn ómaklega niður á þessum piltum. Af því skóli þessi er í byrjun, er nauðsynlegt, að hann nái að þroskast; úr því að nefndin álítur, að þessi stofnun sje nauðsynleg, þá hefði hún ekki átt að færa tillagið niður; auðvitað geta óhöpp komið fyrir, t. a. m. hey orðið úti og þess konar. En ef eitthvað er í ólagi við skóla þennan, þá vantreysti jeg ekkert amtsráðinu til að sjá um, að skólinn sje í lagi. Hafi menn eitthvað á móti skólastjóra sjálfum, eða þyki hann ekki vaxinn stöðu sinni, þá er ekki annað en að skipta um, eða fá annan skólastjóra, eins og gert var á Hólum og Eiðum. Eptir því sem fjárhagur skólans er nú, þá er 2500 kr. minnsta tillag, sem hann getur komizt af með, og þyrfti í rauninni meira.

Þá er að minnast á styrkinn til búnaðarfjelaga. Breyt.till. frá þm. Mýr. (Á. J.) o. fl., um að hækka styrkinn um 2000 kr., eða alls upp í 10,000 kr.; álít jeg þessa hækkun yfrið nóga, úr 8000 kr., eins og var í stjórnarfrv., og óþarfa að veita meira, eða, ef talið er með tillag til fjenaðarsýninga, ekki meir en 11,000 kr. hvort árið eða 22,000 kr. bæði árin.

Að því er snertir 25. tölul. stafl. g., styrk til sýslunefndar Ísafjarðarsýslu til að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum, þá er jeg alveg á sama máli og h. þm. Skagf. (Ó. Br.), að það sje mjög óeðlilegt, að þessar 4,000 kr. sjeu veittar sem gjöf; það kom fram í dag frv. til laga um stofnun brunabótafjelags, og að landssjóður gengi í ábyrgð fyrir stofnun þess. Þetta sýnist mjer vera sú rjetta frumregla, en sem ætti einnig að vera fylgt um þilskipafjelagið á Vestfjörðum. Regla fjárlaganefndarinnar leiðir til ójafnaðar, en sú regla, sem jeg tala um, getur allsstaðar átt heima, og jeg er sannfærður um, að hún er miklu betri fyrir þilskipaábyrgðarfjelög og önnur slík ábyrgðarfjelög, heldur þessi bitlingaregla, sem hjer á að fara að innleiða; jeg verð þess vegna að greiða atkvæði móti þessum breyt.till. nefndarinnar, þótt jeg að öðru leyti sje því hlynntur, að þilskipaábyrgðarfjelög komist á. Að því er snertir breyt.till. mína um að hækka fjártill. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum úr 25,000 kr. upp í 30,000 kr., þá sagði framsögumaður fjárlaganefndarinnar, að hann eigi vildi segja neitt um þessa breytingu, af því hann vissi ekki, hvernig verja ætti þessari 5000 kr. viðbót; honum mætti þó vera kunnugt um, hversu vegir eru hjer í ólagi, og þar sem jeg þekki til hjer á suðurlandi, þá er vegurinn frá Kolviðarhól austur í Rangárvallasýslu mjög slæmur; skal jeg geta þess, að t. a. m. sýslunefndin í Rangárvallas. leggur ekki einungis helming, heldur allt vegabótagjaldið til vega á aðalpóstleið. Jeg álít mikla nauðsyn á að kippa þessu í lag, og að menn viti, að það sje ekki að fleygja peningum í

sjóinn, þó tillagið sje hækkað, því nóg er að gera við það, og jeg get ekki álitið, að það sje svo mikið, þótt á ári sjeu veittar 30,000 kr. til vegagjörða á aðalpóstleið.

Að því er snertir samgöngumál á sjó, hef jeg ásamt fleirum komið með breyt.-till. um 3000 kr. styrk til gufubátsferða meðfram suðurströnd landsins; þessi hluti landsins fer á mis við gufuskipsferðirnar. Meiningin var sú, að gufubáturinn gengi ekki að eins til Vestmannaeyja, heldur líka inn á Faxaflóa. Þegar það frjettist, að gufubátur væri kominn til Eyrarbakkaverzlunar, þá fóru menn að hugsa um að fá þennan gufubát til flutninga, en það var lítill tími til að undirbúa það mál. Á þessu svæði er mikil flutningaþörf, því að það mun óhætt að fullyrða, að 9000 vættir einungis í fiski sjeu fluttar frá sjó til sveitanna, og víða eru farnar 2 til 3 ferðir frá heimilunum í fiskiferðir. Svo eru og miklir vöruflutningar ofan úr sveitunum suður til sjávar. Breyt.-till. um styrk til gufubátsferða yfir höfuð fer fram á, að sýslunefndir og bæjarfjelög leggi til 1/4 gagnvart landssjóði. Viðvíkjandi austursýslunum vil jeg geta þess, að þetta er ekki rjettlátt, þar eð þær hafa svo lítið gagn af gufuskipsferðunum, en jeg vil þó ekki fella málið þess vegna, og greiði jeg atkvæði með þessari till. Eptir því sem umræðurnar um gufuskipsferðirnar fjellu í dag, ímynda jeg mjer að flestar breyt.-till. nefndarinnar falli, og jeg lýsi því yfir, að jeg gef þeim ekki mitt atkvæði. Það kom fram í umræðunum, að halda sjer við gufuskipafjelagið, og fá mætti ferðunum haganlegar fyrir komið, þótt ekki væri veitt meira fje til þeirra en nú er, og fellst jeg á það, því jeg hygg t. d., að ferð á haustin frá Austfjörðum gæti fengizt án þess styrkurinn væri hækkaður, og enn fremur ímynda jeg mjer, að breyta mætti ferðunum, t. d., að ferðinni, sem nú er í oktbr. norðan um land til Reykjavíkur, yrði haganlegar fyrir komið, og að menn gætu fengið allhaganlegar ferðir á þann hátt. Jeg álít rjett að taka málið til alvarlegrar íhugunar. Jeg vil spyrja framsögumann fjárlaganefndarinnar, hvort hún sje ótilleiðanleg að semja ferðaáætlun, því að ef hún vill ekki gangast fyrir því, þá er nauðsynlegt að kjósa aðra nefnd til að íhuga málið og semja ferðaáætlunina.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla að minnast lítið eitt á fáeinar till. á atkvæðaskránni. Verður þá fyrst fyrir mjer till. h. fjárlaganefndar viðvíkjandi búnaðarskólunum. H. nefnd hefir þar ekki breytt aðalupphæðinni, en jeg skil ekki í, hvern tilgang hún hefir haft með að breyta fjárveitingahlutföllunum milli skólanna, eins og hún hefir gert.

Hvanneyrarskólinn er nýgræðingur; jeg er honum lítt kunnugur, og skal því hvorki leggja á hann lof nje last, en mjer dettur ekki í hug að hlaupa eptir lausum flugufregnum um hann, og ólíklegt þykir mjer, að h. nefnd hafi heldur gert það. Hvanneyrarskólinn er, sem sagt, frumbýlingur, og því engin von, að hann standi á eins föstum fótum og eldri skólarnir; það er eins með þessa stofnun og hvern annan frumbýling, að eitthvert helzta skilyrðið fyrir því, að hún geti blómgast, er, að hún sje ekki látin þegar í byrjun dragast upp fyrir efnaskort; það er ekki nema eðlilegt, þótt eitthvað kunni að vera í barndómi hjá henni enn, eins og öðrum frumbýlingum, en engin ástæða til að ætla, að það geti ekki lagazt. Það hefir líka verið tekið fram undir umræðun-

um,að ekki sje svo mikil hætta á að styrkja þessa stofnun, því að þegar hin nýju amtsráð sjeu tekin til að starfa, þá muni þau láta sig miklu skipta um hana, þar sem í hinum nýju amtsráðum á að sitja einn maður úr hverri sýslu, og þá líka einn úr Borgarfjarðarsýslu, þá hlýtur það að hafa meiri kunnleik til að bera en amtsráðið nú getur haft. Þegar um nýjar stofnanir er að ræða, þá er annaðhvort að styrkja þær vel, svo að þær geti náð þroska, eða styrkja þær ekki og lofa þeim að falla um koll. Minni styrk en til er tekinn í stjórnarfrv. kemst hann ekki af með; verði hann minnkaður, mun það leiða til þess, að skólinn dragist upp og falli um koll, en það teldi jeg mjög illa farið, því að þessi stofnun er að mínu áliti næsta áríðandi, og mun geta haft mikla þýðingu í framtíðinni. Jörðin er ágætlega til þess fallin, að vera búnaðarskólajörð, einhver hin bezta á suðurlandi; hún getur tekið miklum umbótum, því að jarðvegur er hinn bezti, og hún hefir í sjer fólgið afarmikið efni til jarðabóta; auk þess liggur hún svo vel við samgöngum, að varla verður á betra kosið.

Um skólann í Ólafsdal er það að segja, að jeg hef fundið mjer skylt að heiðra hann, en hann stendur og fellur með hinum núverandi skólastjóra; hann er einstaks manns eign, og jörðin getur ekki tekið mikið meiri bótum en orðið er. Það er því ekkert sýnna en að hann leggist bráðum niður, og þá væri óheppilegt, að Hvanneyrarskólinn væri líka fallinn, því að þá væri enginn búnaðarskóli á suðurlandi og vesturlandi. Jeg gæti vel hugsað mjer og álít það heppilegt, að í framtíðinni sameini suður- og vesturland sig um einn búnaðarskóla á Hvanneyri, og þetta er enn ein ástæða fyrir því, að hlynna nú heldur að honum. Jeg get tekið undir það með h. þm. Snæf. (P. Br.), að ef hinum núverandi skólastjóra væri ekki treystandi til að standa fyrir skólanum, þá sje betra að víkja honum burt, en að fella skólann; hann er hvort sem er ekki fastráðinn við skólann æfilangt. Jeg lýsi því þess vegna yfir, að jeg hallast að breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.) með styrkinn til Hvanneyrarskólans.

Þegar um búnaðarfjelögin er að ræða, þá eru nokkuð skiptar skoðanir um, hvað mikinn styrk eigi að veita þeim. Jeg veit ekki með vissu, hverja upphæðina helzt á að veita þeim; en heldur sýnist mjer þó eiga að hækka styrkinn en lækka, einkum eptir að þau skilyrði fyrir styrkveitingunni hafa verið sett, sem h. deild hafði nýlega til meðferðar. Að búnaðarfjelag suðuramtsins fái 2000 kr. er í samræmi við það, að það hefur áður notið styrks. Þetta fjelag hefur að vísu afkastað miklu, en það á líka mikið fje í sjóði, svo að nokkuð er tvísýnt, hvort eigi að styrkja það af landsfje; þó mun jeg fremur hallast að því, að svo sje gjört. Jeg verð að vera samdóma hæstv. landsh., að betra sje að athugasemdin um styrkveitinguna til búnaðarfjelaga standi, en að hún sje felld burt; hún getur engan skaða gjört, en er til leiðbeiningar fyrir landsstjórnina við útbýting styrksins. Þegar um styrk til útgáfu kennslubóka er að ræða, þá skal jeg játa það, að jeg hef ekki mikið vit á því, en jeg held þó að ekki verði miklar bækur gefnar út fyrir 300 kr. Auk þess álít jeg að þeir sem ganga á búnaðarskólana eigi að geta fleytt sjer í dönsku, og varla er að búast við að svo mikið verði af búfræðisbókum á íslenzku fyrst um sinn, að af því veiti að búfræðingarnir geti einnig lesið slíkar bækur á dönsku. Til laxaklaks eru

ætlaðar 200 kr.; þetta er að vísu svo lítill styrkur, að varla er fært að leggjast á hann, og þó held jeg að jeg verði að gjöra það, og það sjerstaklega af því hjer er um nokkuð meira að ræða, sem stendur í sambandi við hann. Það er kunnugt, að fyrir nokkrum árum kom mikið upphot og átti þá að klekja út mörgum miljónum af feitum stórlöxum. Laxaklakshús voru reist á kostnað landssjóðs bæði á Þingvöllum og Reynivöllum í Kjós. Mjer er nú lítt kunnugt um árangurinn af þessum tilraunum, en helzt hygg jeg hann hafi orðið stórum minni; en við var búizt, á meðan nýjabrumið var á. Eins og jeg gat um, átti landssjóður laxaklakshús á Þingvöllum; þetta hús hygg jeg að muni standa í reiðileysi þar; h. þingm. Dalam. (J. P.) mun annars bezt geta gjört grein fyrir því, hvernig því líður, og hvort sem húsið nú er 10 aura eða 10 króna virði eða 100 kr., þá er það eign landssjóðs, og rjett, að honum sje gjörð grein fyrir því. Af því að svo illa hefur gengið með tilraunir þær, sem hingað til hafa verið gjörðar, get jeg ekki greitt atkvæði með þessari styrkveiting. Jeg hef enga vissu fengið fyrir, hvort nokkur not hafa orðið að tilraununum, hvort nokkur af þessum síl-um, sem út hefur verið klakið, hafa komið að notum. Það getur að vísu verið erfitt að sanna þetta, en það þarf að sanna það, ef á að halda lengra út í málið; annars er rennt blint í sjóinn og tilraunirnar gjörðar út í bláinn. Það hefur fyr verið sótt um þennan styrk til laxaklaks úr Dalasýslu, en þá var það fellt. Þá kem jeg að þessu atriði, sem svo mikið hefur verið rætt um, ábyrgðarfjelaginu á Vestfjörðum. Jeg er máli þessu mjög meðmæltur í prin-cipinu, en mjer þykir fjárveitingin eins og hún liggur fyrir nokkuð óákveðin. Jeg er á þeirri skoðun, að bezt væri að öll þilskip hjer á landi væru í ábyrgð. Jeg er viss um, að það stendur þilskipaútveginum hjer við Faxaflóa mjög fyrir þrifum, að hjer er ekkert ábyrgðarfjelag. Það eru litlar líkur til þess, að menn sjeu fúsir á að voga öllum eða mestöllum eigum sínum og ef til vill meiru til í skip, er getur farizt á svipstundu og þeir staðið uppi allslausir eptir. Ábyrgðarfjelagið tryggir þá gegn slíku stórtjóni, og gjörir þilskipaútveginn miklu minna lukkuspil en hann er nú. Það er eins nauðsynlegt að koma upp innlendu ábyrgðarfjelagi á skipum eins og innlendu brunabótafjelagi. Mjer hefur lengi sárnað að vita til þess, að tugir þúsunda hafa verið fluttir út úr landinu í ábyrgðargjald til ríkra útlendra fjelaga, í stað þessa að safna þessu fje í sjóð hjer og verja því í landsins þarfir. Mjer er óskiljanlegt, ef hyggilega er um búið að, landssjóður þurfi að bíða tjón af því að ganga í ábyrgð að einhverju leyti fyrir slík fjelög. En jeg hygg að með framtíðinni verði þau auðsuppspretta fyrir landið, og jeg er hjartanlega með að vilja styðja að því, að almennum á-byrgðarsjóð fyrir þilskip sje komið á fót. Þá skal jeg snúa mjer að till. um verðlaun fyrir ráð við bráðapestinni.

H. þingm. Skagf. (Ól. Br.) minntist á þetta og spurði, hver ætti að sanna, að ráðið sje óbrigðult. Jeg svara honum því, að það eigi reynslan að gjöra. Jeg trúi ekki að landsstjórnin mundi kasta út þessum 500 kr., þótt einhver kæmi og segði t. d. að hann hefði hellt lýsi ofan í kind og henni batnað af. Mjer vitanlega hefur enginn enn fundið ráð við bráðapestinni, og hjer er gjörð lítilfjörleg tilraun til að uppörfa menn til að leita eptir því; reyndar býst jeg varla við, að nokkur finni ráðið nú í bráðina, svo að þetta fje mun varla verða borgað út á næsta fjárhagstíma-

bili. En hjer er um svo mikilvægt mál að ræða, að mjer finnst þingið ætti að láta það eitthvað til sín taka. Okkur datt í fyrstu í hug að hafa upphæðina meiri, en hurfum þó frá því. Jeg hallast að till. h. þingm. Snæf. (P. Br.), að auka styrkinn til vegabóta á aðalpóstleiðum; þar er svo mikið að gjöra, að ekki er upp á of miklu stungið, og vjer höfum nú fengið reynslu fyrir, að þar er ekki kastað í sjóinn fje eða út í þoku, þótt sú reynsla hafi orðið nokkuð dýr.

Jeg hef í dag hlustað á umræðurnar um þessa stóru fjárveitingu, 50,000 kr. til gufuskipaferða. Jeg segi, að hvort sem er að ræða um till. h. nefndar eða till. h. þingm. Ísf. (S. St.) — 50,000 eru hinar sömu —, að jeg álít ísjárvert fyrir þingið að fara með svo mikið fje, svo stórt kapítal, jeg segi ekki í sjóinn, en út í þoku. Jeg veit að þessar tillögur eru sprottnar af áhuga á að bæta samgöngur vorar, sem jeg játa að eru miklu síðri en þær þyrftu og ættu að vera. En lengi mun mega bíða eptir því að allir verði ánægðir með gufuskipaferðirnar. Gufubátar þeir sem gjört er ráð fyrir mundu bæta allmikið úr samgönguskortinum, þótt eigi yrðu þeir einhlítir eða fullnægjandi, en víst er það, að nokkuð mundu þeir taka af atvinnu frá strandferðaskipinu; auk þess eru nú orðin hjer á ferð við landið ýms önnur gufuskip, þótt ekki hafi þau fasta ferðaáætlun. Þessi skip mundu líka draga frá strandferðaskipinu; til þessa verður að taka tillit, þegar áætlun er gjörð um tekjur þess. Allt er hjer áætlað bæði um tekjur og gjöld, og jeg hygg ekki ósennilegt, að þar verði útgjöldin stórum meiri en gjört er ráð fyrir. Það hefur að eins verið minnzt á hafísinn, enda má ekki gleyma honum, þegar um ferðir kringum landið er að ræða, þótt hann hafi ekki hindrað þær þessi 2 síðustu ár; hann getur haft stórmikla þýðingu í þessu máli og eyðilagt að góðum mun tekjur strandferðaskipsins. Það mun sannast að segja, að gufuskipafjelagið danska hafi grætt meir á öðru en ferðum sínum kringum landið; það hefur grætt mest á ferðunum til landsins.

Hjer er um að gjöra að samþykkja einhverja af þeim þremur tillögum, sem fyrir liggja; að sjálfsögðu hallast jeg að þeirri tillögunni, sem jeg er riðinn við. Jeg þakka h. framsögum. (Sk. Th.) fyrir það, hvað hann tók vel undir tillögu þá, sem við höfum gjört viðvíkjandi styrknum til gufubátanna. Það er ekki ofætlun fyrir nokkurt sýslufjelag, sem hefir áhuga á að fá gufubátsferðir, að styrkja þær með 1/4 á móts við landssjóð. Jeg álít að það sje þýðingarmikið, að gufubátsferðir sjeu styrktar við suðurströnd landsins. Það er þegar kominn einn gufubátur á því svæði; en hann er í höndum þess kaupmanns, sem þar ræður mestu, og hann hagar ferðum hans eptir sínum þörfum; en verið gæti að það yrði hægt að fá hann til að haga þeim meir að þörfum almennings, ef hann fengi styrk af landsfje, en vilji hann ekki þiggja styrkinn með þeim skilyrðum, er sýslunefnd setti, þá er er ekki óhugsandi að hægt yrði að fá annan gufubát, er »konkúrreraði« við þennan, sem þegar er kominn. Það munu þó allir játa, að enginn staður á landinu þarfnast þess meir, að greitt sje fyrir samgöngum á sjó og landi, en suðaustursýslurnar.

Eiríkur Briem: Það er að eins einn töluliður, 25. liður á atkvæðaskránni, sem jeg ætlaði að minnast á. Það hefir opt verið tekið fram bæði nú og áður, að sjávarútvegurinn væri ekki studdur að sama skapi sem landbúnaðurinn.

Líklega er þetta ekki eins mikið að kenna hinu opinbera eins og því, að hlutaðeigendur hafa ekki sýnt eins mikinn framfara- og framsóknarhug, eins og þeir sem að landbúnaðinum standa. Þó hefur sjávarútvegurinn nokkuð verið styrktur og að honum hlynnt, einkum þilskipaútvegurinn, enda er hann að minni meiningu eini vegurinn til að gjöra sjávarútveginn að nokkurn veginn tryggum atvinnuvegi; skal jeg til þess nefna hinn nýstofnaða stýrimannaskóla og farmannalögin, sem síðasta þing samþykkti. Það sem nú vantar einkum, er, að koma upp ábyrgðarfjelögum fyrir þilskip, og hverja viðleitni í þá átt verð jeg að telja mikilsverða. En það er miklum erfiðleikum bundið, að koma upp skipa-vátryggingarfjelögum, þótt það af annari hálfu sje eitt aðalskilyrðið fyrir því, að þilskipum fjölgi að mun hjá oss. Hæstv. landsh. tók það fram, að hægt væri að koma slíkum fjelögum á stofn, án þess að landssjóður styrkti, og nefndi hann til dæmis Eyfirðinga, að þeir hefðu styrklaust komið upp og haldið við ábyrgðarfjelagi. Það er satt, að þar er öflugt vátryggingarfjelag. En reynslan hefur þó sýnt, að slík fjelög hafa verið sein að komast á fót styrklaus, þegar engir skuli í öll þau ár, sem liðin eru, síðan Eyfirðingar stofnuðu sitt fjelag, hafa fetað í fótspor þeirra, hvorki Vestfirðingar nje menn við Faxaflóa. Nú er þó komið svo langt, að Vestfirðingar eru í þann veginn að koma upp slíku fjelagi, og finnst mjer full ástæða til að styrkja það nú þegar í byrjun.

Hæstv. landsh. tók það fram, að sjer þætti miklu eðlilegra að fjelagið sjálft væri styrkt, en að styrkurinn væri fenginn í hendur sýslunefndinni í Ísafjarðarsýslu, en með tilliti til þess skal jeg skírskota til þess, sem um það stendur í nefndarálitinu, hvers vegna ekki er hægt að semja við fjelagið sjálft að svo komnu. Fjárlaganefndinni hugkvæmdist því, að fá sýslunefndinni fjeð til umráða, svo að hún gæti styrkt með því þilskipafjelagið, þegar það væri komið á fót. Það hefur þótt nokkuð einskorðað, að styrkur þessi væri veittur handa fjelagi, er næði að eins yfir Vestfirði, en jeg skal taka það fram, að mjög líklegt er, ef þetta fjelag nær þroska, að það færist víðar yfir; það hefur hvöt til að færa út kvíarnar; en hins vegar skal jeg taka það fram, að á meðan það er í barndómi, er það miklum erfiðleikum bundið að það taki yfir mjög stórt svæði.

Sumir h. þm. hafa haldið því fram, að rjettast væri að styrkja fjelag þetta með ábyrgð landssjóðs. En jeg er hræddur um, að þilskipaútvegur sje enn í svo miklum barndómi, að eigi yrði hægt að fullnægja þeim skilyrðum með byggingu skipa o. fl., er nauðsynlegt mundi að setja, ef landssjóður ætti að taka að sjer ábyrgð. Öðru máli er að gegna með brunabótatrygging á húsum, þótt landssjóður taki þar ábyrgð á sig; það má heimta tryggingu fyrir byggingu húsanna og öðru því, er nauðsynlegt er. Mjer sýnist þessi stafliður vel mega vera í því formi sem hann er. Auðvitað mætti líklega hugsa sjer annan jafngóðan veg, en jeg hef ekki getað fundið hann eða sjeð, að aðrir hafi fundið hann, og á meðan svo er, fylgi jeg till. nefndarinnar.

Það er öll ástæða til að styrkja og efla með opinberu fje jafn lofsverðan áhuga og hjer hefur komið fram. Það hefur verið sagt, að ástæða væri til að styðja sams konar viðleitni víðar. Það er satt, og jeg skyldi vera manna fúsastur á að styrkja að slíkum fjelagsskap hjer við Faxaflóa, því að það er

víst um það, að ekkert er þilskipaútveg hjer meir til hindrunar, en skortur á ábyrgð fyrir þilskip.

Sigurður Stefánsson: Jeg er svo heppinn, eða öllu heldur óheppinn, að eiga nokkrar breyt.till. við þessar gr. frv. Breyt.till. mín við 10. gr. C. 4. b., um styrkinn til búnaðarfjelaga, nálgast að vísu breytingartill. nefndarinnar, en jeg verð að halda minni fram, vegna þess, að jeg get ekki álitið rjett, að veita 2,000 kr. til eins búnaðarfjelags, þ. e. búnaðarfjelags Suðuramtsins. Þetta fjelag er búið að standa lengi, og á, að jeg hygg, eigi alllítinn sjóð.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að breytingartillögu nefndarinnar undir 25. tölulið á atkvæðaskránni, um styrk til að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum, 4,000 kr. fyrra árið. Jeg er þakklátur h. þm. Húnv. (E. Br.) fyrir þau góðu liðsyrði, sem hann lagði þessari till., sem annars ekki hefir átt því láni að fagna, að fá mikil meðmæli hjá þeim h. þingdm., sem minnzt hafa á hana. Þessi styrkur miðar til að tryggja annan atvinnuveg landsbúa. Það er svo ástatt nú í Ísafjarðarsýslu, að fiskafli hefir alveg brugðizt á opnum bátum síðustu árin, en það er ekki einungis Isafjarðarsýsla, önnur mesta útvegssýslan á landinu, heldur líka Strandasýsla og Barðastrandarsýsla, sem liðið hafa við þetta aflaleysi, því að fjöldi fólks úr þessum sýslunum stundar sjó í Ísafjarðarsýslu. Þetta aflaleysi á opnum bátum hefir einkum knúið menn til að leita til þingsins með þennan styrk, því eitthvað verður að gjöra, til að halda lífinu í sýslubúum. Allir stærri bændur í Ísafjarðarsýslu hafa nú staðráðið, að taka upp nýja aðferð við fiskiveiðarnar. Þeir hafa nú sjeð að opnu bátarnir duga ekki og að brýn nauðsyn sje að fá sjer stærri báta eða þilskip. Þessum þilskipum mundi fjölga mikið, þegar næsta ár, ef tryggingin gæti fengizt. Annars yrði líklega lítið úr þessu fyrirtæki bænda, því þilskip eru völt eign, þegar þau ekki eru tryggð. Þess vegna hefir líka verið stofnað ábyrgðarfjelag á Vestfjörðum í vetur, þar sem 20 menn fengust til að ganga í ábyrgð fyrir 200 kr. hver. Þannig ábyrgjast þessir menn að sínu leyti sömu upphæð og þá, sem hjer er stungið upp á, að styrkja fjelagið með. Jeg vona að h. þingdm. blandist ekki hugur um, að hjer er um mikið og nauðsynlegt fyrirtæki að ræða, og þar sem stungið hefir verið upp á, að verja allt að 50,000 kr. til búnaðarskóla og búnaðarfjelaga, eða með öðrum orðum, til hins aðalatvinnuvegarins, landbúnaðarins, þá vona jeg að landbændur hjer á þingi neyti ekki svo aflsmunar, að þeir felli þennan styrk. H. þm. Snæf. (P. Br.) og Skagf. (Ó. Br.) vildu skoða þetta sem gjöf til ábyrgðarfjelagsins, en jeg veit ekki, hvað slík orðatiltæki eiga að þýða, því alveg eins má kalla styrkinn til búnaðarfjelaganna gjöf, því þeir peningar koma heldur ekki beinlínis í landssjóð aptur. Þessir h. þingdm. kváðust kunna betur við, að landssjóður gengi beinlínis í ábyrgð fyrir þilskip, þannig að hann bætti þeim skaðann, sem missti þilskip sín, en jeg efast stórlega um, að þingið vildi ganga inn á slíkt fyrirtæki. Það er nokkuð hættuminna, að styrkja lítið eitt ábyrgðarfjelag, sem þegar er komið á fót, en að skuldbinda landssjóð til að ábyrgjast þilskip manna. Jeg er fullkomlega samdóma h. þm. Húnv. (E. Br.) um nauðsyn ábyrgðarfjelaga, til að koma upp þilskipum hjer við land, og jeg skal bæta því við, að ábyrgðarfjelög eru beinlínis skilyrðið fyrir því, að stýrimannaskólinn geti þrifizt hjer, því ábyrgðarfjelögin munu taka það fram í »statútum« sínum, að þeir, sem tryggja vilja skip sín í fjelögunum, verði að

hafa lærða skipstjóra á skipunum, en eins og nú er og meðan engin ábyrgðarfjelög eru til, eru menn ekki fremur skyldir að hafa lærða en ólærða menn á skipunum. Það yrði þess vegna hvöt fyrir stýrimannaefni, að ganga á stýrimannaskólann, ef þeir ættu vissa von um að ganga fyrir öðrum sem skipstjórar eða stýrimenn. Þessi trygging fæst einmitt með því, að ábyrgðarfjelög myndist.

Hæstv. landsh. minntist á það, að Eyfirðingar hefðu stofnað ábyrgðarfjelag hjá sjer, án þess að leita til landssjóðs, og sama ættu Ísfirðingar að geta gjört. En jeg vil benda hæstv. landsh. á, að þegar ábyrgðarfjelag Eyfirðinga var stofnað, var landssjóður ekki til í sama skilningi og nú. Eptir reglu hæstv. landsh. ætti þingið heldur ekki að styrkja nein búnaðarfjelög, af því að einstaka búnaðarfjelag hefir verið stofnað án styrks úr landssjóði og skal jeg nefna því til sönnunar búnaðarfjelag Svínavatnshrepps; en það getur þó víst ekki verið meining hæstv. landsh. Jeg vona, að þeir h. þingdm., sem vilja styrkja hinn atvinnuveginn, landbúnaðinn, með svo ríflegum fjárframlögum, vilji ekki setja sjávarútveginn algjörlega hjá, heldur veita líka nokkurn styrk til hans. Jeg vona þess vegna, að h. þingd. verði þessu máli hlynnt, því þó hjer sje að eins að ræða um eitt ábyrgðarfjelag í í einni sýslu, þá geta þilskipaeigendur í öðrum hjeruðum landsins einnig tryggt skip sín hjá þessu fjelagi, og því fleiri skip, sem það tekur í ábyrgð, því öflugra verður fjelagið. Jeg skal taka það fram, að eptir lögum fjelagsins beiddum við formenn þess um styrkinn til fjelagsins sjálfs, en við höfum vel getað gengið inn á, að hann yrði veittur sýslunefndinni, því eins og sýslunefndin hefir gengizt fyrir því, að koma fyrirtæki þessu á fót, eins er henni vel treystandi til að ráðstafa þessum 4,000 kr. vel.

Um breyt.till. mína og fleiri h. þingdm. undir 27. tölul. á atkvæðaskránni, um að veittur verði 500 kr. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla, skal jeg taka það fram, að sá 300 kr. styrkur, sem nefndin hefir stungið upp á í sama skyni, ekki getur orðið nægilegur til að semja og gefa út allar þær bækur, sem skólastjórinn í Ólafsdal hefir bent á, að brýn nauðsyn væri til að fá útgefnar á íslenzku.

Um breyt.till. mína viðvíkjandi gufuskipaferðunum ætla jeg ekki að tala meira en jeg gjörði í dag undir umræðunum um tekjukaflann. Að eins skal jeg taka það fram út af orðum hæstv. landsh., að jeg hafði hugsað mjer, að það skip, sem jeg vil láta leigja, ætti að hafa miklu meira lestarrúm en fjárlaganefndin hafði ætlazt til í fyrstu. Um mismuninn á leigukostnaðinum, eptir stærð lestarrúmsins, getum vjer auðvitað ekki vitað með neinni vissu, en jeg, fyrir mitt leyti, skyldi vera manna fúsastur til að hækka tillagið enn meir, ef menn vildu ganga inn á þetta fyrirtæki.

Þá skal jeg minnast lítið eitt á breyt.-till. frá þm. Mýram. (Á. J.) o. fl. undir 36. tölul. á atkvæðaskránni um 12,000 kr. til strandferða austan um land frá Reykjavík að Horni. Jeg þykist vita, að styrkur þessi muni eiga að vera til Otto Wathne. En af því jeg fylgi þeirri reglu í lífinu: af tvennu illu að taka það minna, þá get jeg ekki gefið þessari till. atkvæði mitt. Gufuskipafjelagið danska getur þó æfinlega, ef það annars vill, uppfyllt sína samninga, og það enda þótt talsverð óhöpp geti komið fyrir. Þó t. d. eitt af gufuskipum þess farizt, þá getur það óðara sent annað í staðinn. En aptur er engin trygging fyrir því, að þessi maður geti uppfyllt allar skuldbindingar, ef illa kann til að takast. Ef hann til dæmis brýtur skip sitt, eins og hann hefir áður gjört,

hvaða tryggingu höfum vjer þá fyrir því, að hann þegar í stað geti fengið annað skip, og haldið ferðum áfram eptir sem áður? Jeg vona að enginn taki orð mín svo, sem jeg vilji gjöra lítið úr þessum manni. Þvert á móti. Það hefir gengið mikið orð af dugnaði þessa manns. En það er ekki gagn að dugnaðinum, ef efnin vantar. Hann hefir boðizt til að takast vissar ferðir á hendur, en það er engin trygging fyrir því, að þessar ferðaáætlanir bregðist ekki. Hann lotaði Austfirðingum í fyrra sumar, að taka þá af Vopnafirði og flytja þá til Akureyrar á hjeraðshátíðina, sem þar var haldinn þá; en þetta brást algjörlega. Þetta dregur nú eitt meðal annars úr því, að jeg geti haft fullt traust til þessa manns. Menn hafa komið með þá ástæðu fyrir styrkveitingunni, að maður þessi væri íslenzkur borgari. En hvað lengi verður hann það? Það hefir nú stundum komið fyrir, að einn Norðmaður hefir verið ósköp góður íslenzkur borgari í ár, en orðið góður norskur borgari að ári. Þingið verður að vera víst í sinni sök. Það væri óheppilegt líka, ef hann skorti efni til að gjalda skaðabætur, ef eitthvert óhapp kynni að koma fyrir, sem annaðhvort hann eða þingið ekki gæti sjeð fyrir.

Jón Jónsson, þm. N.-Þing.: Jeg stend ekki upp af því, að jeg eigi nokkra breytingartillögu að verja við þennan part fjárlaganna fremur en hina aðra. En það eru nokkur einstök atriði, sem jeg vildi fara fáeinum orðum um.

Það verða þá fyrst fyrir búnaðarskólarnir og styrkurinn til þeirra. Það er ekki gleðilegt, að skólarnir, sem svo að segja eiga að vera stoð búnaðarins og búnaðarþekkingarinnar í landinu, skuli vera vandræðagripir bæði hjer á þingi og heima í hjeraði. En er þá ekki full von, að svo sje, þegar fyrst er litið á mannfjöldann og fátæktina öðru megin og svo það, að við höldum uppi 4 búnaðarskólum, — er þá ekki von þó það vanti góða kennendur til að kenna, nemendur til að læra á þeim og fje til að halda þeim við svona mörgum? Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að við fáum aldrei gott lag á þetta, fyr en við erum svo skynsamir að hafa að eins 1 búnaðarskóla á öllu landinu, sem hægt sje að hafa okkar beztu kennara við og sem fái allan þann styrk, sem við getum veitt, svo hann geti orðið það, sem honum er ætlað að vera.

Það er auðvitað, að styrkurinn til búnaðarskólanna er mikill, en úr því þeir eru, og úr því Hvanneyrarskólinn er orðinn þetta handbendi landssjóðs, þá verður þó að reyna að halda honum við. Jeg get því ekki aðhyllzt breyt.-till. nefndarinnar, því sá styrkur nægir víst ekki. Breytingartill. h. þm Snæf. (P. Br.) þykir mjer nokkuð há, jeg ætla að halda mjer við það, eins og stendur í frumv., og sama er að segja viðvíkjandi styrknum til búnaðarskólans á Eiðum. Viðvíkjandi styrknum til búnaðarfjelaganna, þá hefir það verið tekið fram, að hann verði til að hvetja menn til að stofna búnaðarfjelög, en þá er aðgætandi, að eptir því sem búnaðarfjelögin verða fleiri, því minna fær hvert, ef við höldum styrkveitingunni við sömu upphæð og áður. Breyt.till. ganga líka í þá átt, að hækka upphæðina; þar þykir mjer þm. Mýr. (Á. J.) vera nokkuð skammsýnn, en jeg hallast mest að skoðun h. 1. þm. Ísf. (S. St.) um þennan styrk og styrk til fjenaðarsýninga.

Þá er 25. tölul. eptir atkvæðaskránni 10. gr. C. 4. staflið e. Þar eru ætlaðar 300 kr. til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla. Jeg veit ekki, hvort jeg hef þekking til að segja það, jeg held jeg verði þó að gjöra það, þó sumir muni álíta það ganga næst goðgá. En

jeg er algjörlega á móti þessum styrk, og vil taka undir með h. þm. Árn. (Þ. G.), að það sje meiningarlaust að fara að kosta til slíks af almannafje, en jeg vil bæta því við, að jeg álít það meira að segja skaðlegt. (*Sk. Th.:* «Það var skrítið«). H. framsögum. (Sk. Th.) sagði, að menn mundu ekki verða færari um að sljetta þúfur, þó menn kynnu dönsku. Þetta álit út af fyrir sig er mikið gott, en í sambandi við vorar kringumstæður er það alveg rangt. Jeg er ekki ánægður með að búfræðingur, sem búinn er að læra bóklegar »theóríur« á skólanum, leggi alveg árar í bát og lesi ekkert meira. Því þó þeir sjeu búnir á skólanum, þá þurfa þeir að auka sína þekkingu, þurfa að fylgja með tímanum, en til þess nægir ekki að leggja út nokkrar bækur á íslenzku, nokkrar helztu kennslubækur, heldur þyrfti líka að þýða öll helztu búnaðarrit á íslenzku jafnótt og þau koma út, og það býst jeg ekki við, að fái meðhald hjá mönnum.

Þá er næsti stafliður, f., um styrk til laxaklaks. H. þm. Árn. (Þ. G.) mælti á móti þessu, sagði reyndar að upphæðin væri ekki stór, en það væri óþarft. En jeg er ekki á sama máli og hann um það; jeg álít ástæðu til að veita þennan styrk. Eigi svo af því, að jeg álíti laxarækt til svo almennra nota, að það ætti þess vegna að styrkja hana, heldur af því, jeg álít það svo mjög viðurkenningarvert, að þessu fyrirtæki var haldið áfram í Dalasýslunni, þrátt fyrir það, að þingið kippti burt frá því styrknum, sem þó eyðilagði lík fyrirtæki annarstaðar. Og þegar sýndur er slíkur áhugi og dugnaður í einhverju, þá álít jeg ekki rjett af þinginu, að láta ekki viðurkenningu sína í ljósi.

Þá er næstur stafliður g. Af því umræður um hann hafa verið allmiklar, **þá ætla jeg ekki að bæta við þær, en** gef honum atkvæði mitt af þeim sömu ástæðum, sem h. 1. þm. Húnv. (E. Br.) og h. 1. þm. Ísf. (S. St.) tóku fram, því jeg álít, að það, að koma á ábyrgðarfjelögum, sje þjóðnýtilegt fyrirtæki, og það er sanngjarnt, að sjávarútvegur sje styrktur, sem hinir aðrir atvinnuvegir. En jeg get ekki neitað því, að jeg áliti það betra, sem þeir h. þm. Snæf. (P. Br.) og Skagf. (Ól. Br.) töluðu um, að landssjóður ábyrgðist þannig, að hann hlypi undir bagga með fjelaginu, ef það nú í byrjuninni yrði að borga meir en það ætti til, og þó það gæti orðið dálítið meira fyrir landssjóðinn, þá gæfi það fjelaginu meiri tryggingu og festu og væri að því leyti betra.

Þá er 28. tölul. á atkv.skr. Í frv. eru ætlaðar 3,000 kr. vegfræðingi fyrra árið, en ekkert seinna árið, en h. þm. Mýr. (Á. J.) vill snúa því við og veita 3,000 kr. seinna árið, en ekkert fyrra árið; nefndin þar á móti vill veita 3,000 kr. bæði árin og jeg held að það veiti heldur ekkert af að hafa verkfræðing hjer bæði árin og yfir höfuð á hverju ári, því jeg veit af því, að sumt, sem átti að láta vegfræðing gjöra 1887, er ógjört enn. Jeg gef því till. nefndarinnar atkv. mitt.

Þá kemur styrkveiting til vegabóta; jeg ætla ekki að eyða mörgum orðum henni viðvíkjandi, jeg er með till. h. þm. Snæf. (P. Br.), því jeg álít því betra, því meira sem varið er til þeirra og vona jeg þurfi ekki að færa ástæður að því.

Þá eru strandferðirnar. Það er mikið búið að ræða um þær; jeg ljet meiningu mína í ljósi í dag, svo jeg geng fram hjá þeim.

Þá er 38. töluliður á atkv.skr. Við hann er breytingartill. frá h. þm. V.-Skaptf. (Ól. P.). En það hefir orðið galli á þeirri breyt.till., svo lagaður, að jeg verð að greiða atkv. á móti henni. **Breytingartill. hefði átt að vera í tvennu**

lagi. Að leggja járnþak á þessar kirkjur gæti jeg verið meðmæltur, en ekki með því að leggja járn á veggi og stafna. *(Ól. P.:* Það er nauðsynlegt í Skaptafellssýslu). En til þess að ástæða sje til að leggja út fje til þess, þá þarf að sanna, að það sje nauðsynlegt, og þá þyrfti að liggja fyrir greinileg áætlun um það.

Þá er breyt.till. í tölul. 40, sem mjög lítið hefir verið rætt um; hún fer fram á, að bæta við 2 aukalæknum. Hvað hinni fyrri till., stafl. g, viðvíkur að setja aukalækni í Ólafsvík, þá er þar víst mjög mikil þörf, svo jeg gef henni atkv. mitt. Það hefir verið venjan á undanfarandi þingum, að stofna 1 eða 2 aukalæknishjeruð á ári, þar sem þörfin væri mest. Nú hefir á þetta þing komið beiðni um stofnun aukalæknishjeraðs bæði úr Ísafjarðarsýslu, norðurhluta Húnavatnssýslu, suðurhluta Suður-Múlasýslu og vestustu hreppum Mýrasýslu, og jeg álít, að á öllum þessum stöðum sje meiri þörf en þar, sem hjer er farið fram á í till. nefndarinnar, því ef lítið er á uppdrátt landsins, þá sjest, að ef þessu verður framgengt, þá verður svo að segja hver læknirinn ofan í öðrum þarna í kringum Breiðafjörðinn. Jeg greiði því atkv. á móti þeirri till.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Það hafa þegar orðið töluverðar umr. um þenna kafla, eins og eðlilegt er, þar sem um mörg mikilvæg atriði er að ræða.

Það hefir verið minnzt á, að fjárl.-nefndin hafi verið fremur ör á fje við Eiðaskólann, af, því að hún hefir lagt til, að styrkurinn væri hækkaður um 500 kr.; en eins og jeg tók fram áðan var orsökin til hækkunarinnar sú, að nefndinni bárust svo góðar skýrslur af skóla þessum. Menn hafa sagt hjer í deildinni, að svo mikið fje væri óþarft, þar sem ekki hefðu verið nema 4 skólasveinar á Eiðaskóla síðasta árið. Þetta er ekki allskostar rjett, því að eptir því sem mjer hefir verið frá skýrt, voru þeir 6, en að þeir eigi voru fleiri, kom ekki til af því, að ekki vildu fleiri ganga á skólann, heldur af hinu, að nýlega hefir verið samin reglugjörð, sem ákveður, að menn skuli dvelja 3 vetur á skóla þessum, en á meðan þessi breyting er að komast á, þá hafa eigi verið tök á, að taka fleiri á skólann.

Það hneyxlaði mig, að h. þm. N.-Þ. (J. J.) sagði, að það væri ekki einungis óþarft, heldur jafnvel skaðlegt, að hafa kennslubækur búnaðarskólanna á íslenzku. Það hneyxlar mig ekki svo mjög, að menn læri þar dönsku, heldur hitt, að það er nú beint skilyrði fyrir því að geta lært búfræði, að menn læri dönsku. H. þm. N.-Þ. (J. J.) lagði mesta áherzluna á það, að menn gætu fyrir dönskunámið fylgt með tímanum og lesið nýjar búfræðisbækur, en jeg hygg, að það sje nú einmitt einn aðalgallinn við búnaðarskóla vora, að menn leggi of mikla áherzlu á hina bóklegu menntun. Oss vantar ekki svo mjög sprenglærða búfræðinga, en oss vantar öllu fremur praktiska og duglega búfræðinga, sem elska vinnuna, en ekki verða ónýtir uppskafningar; jeg geri ráð fyrir, að búfræðingarnir kunni nú bækurnar upp á sínar 10 fingur, en sú hefir reyndin á orðið um suma þeirra, að þegar þeir fara að búa sjálfir, vill opt verða svo, að þeir fara á höfuðið. Menn mega þó ekki skilja orð mín svo, að jeg vilji lasta alla búfræðinga yfir höfuð; þeir hafa haft töluverða þýðingu margir hverjir, með því að vinna fyrir búnaðarfjelögin. Það er rangt að leggja alla áherzluna á hið theóretiska, vjer þurfum að fá praktiska búfræðinga og í því skyni hefir það litla þýðingu, hvort þeir kunna dönsku; en hins vegar

getur það auðvitað haft þýðingu, að hafa einstöku búfræðinga, sem skari fram úr að þekkingu og lærdómi; en það ætla jeg, að eigi sje hinn rjetti vegur, að gera dönsku að skyldunámsgrein, og útiloka þannig alla frá að afla sjer fræðslu á búnaðarskólunum, nema þeir læri dönsku; lofum þeim að læra dönsku, sem það vilja, en skyldum engan til þess. Auðvitað dettur hvorki mjer nje öðrum í hug, að komizt verði hjá bóklegri kennslu, og kennslubækur verðum vjer því að hafa, en mönnum er gert allt of erfitt fyrir með því, að hafa þær á dönsku.

Að því er snertir búnaðarskólann á Hvanneyri, þá hafa komið fram mótbárur móti till. fjárl.nefndarinnar, að lækka styrkinn til hans. Jeg hefði búizt við, að einhver af meðnefndarmönnum mínum hefði varið þessa tillögu sína, því að það er ofmikið heimtað af framsögumanni, að hann verji þær tillögur, sem hann er sjálfur mótfallinn. Jeg mun greiða atkvæði með tillögu stjórnarfrv. í þessu atriði.

Móti laxaklaki í Dalasýslu hafa ekki komið fram mikil mótmæli, helzt frá h. þm. Árn. (Þ. G.). Upphæðin er reyndar svo lítil, að það tekur því varla að tala mikið um hana. Menn hafa spurt, hvern árangur laxaklak hafi haft allt til þessa hjer á landi. Þessu svara kunnugir þannig, að það sje enn það allra fyrsta, að það geti sýnt sig. Það er sjálfsagt rjett athugað, að erfitt muni að þekkja silin aptur, er þau ganga í árnar sem fullorðnir laxar, eins og h. þm. Árn. (Þ. G.) tók fram, en árangurinn ætti með tímanum að sjást af því, að laxganga yxi í þeim ám. Jeg álít að vjer Íslendingar verðum að treysta því, að laxaklak muni gefast vel hjer eins og annarstaðar í heiminum, og ætti þingið því að taka upp aptur þessa litlu fjárveitingu. Það var nokkuð snubbótt af þinginu, að hætta að styrkja þau fyrirtæki.

Mótbárum hæstv. lands. gegn styrknum til þilskipaábyrgðar í Ísafjarðarsýslu hefir verið svarað svo greinilega af h. þm. Ísf. (S. St.) og h. þm. Húnv. (E. Br.), að það í rauninni er óþarfi að fara um það fleirum orðum. Jeg skal að eins geta þess, að það kom til tals í fjárlaganefndinni, að sjálfsagt væri að veita styrk til sams konar fyrirtækja annarsstaðar, ef óskir bærust til þingsins þar að lútandi, og fjelögunum væri svo hyggilega fyrir komið, að fulltryggjandi þætti; þingið hefir hvort sem er ekki gert svo mikið fyrir sjávarútveginn að undanförnu, að ástæða sje til að telja eptir lítilfjörlegan styrk til þilskipa-ábyrgðarfjelaga.

Sumir hafa haldið því fram hjer í deildinni, að fjárlaganefndin hafi farið of langt í styrkveitingu til búnaðarfjelaga; en jeg get ekki verið á þeirri skoðun. Menn hafa og því síður ástæðu til að láta sjer blæða þetta í augum, þegar þess er gætt, að þingið fyrir nokkrum árum veitti enda meiri upphæð, en hjer er farið fram á, til eflingar landbúnaði. Það er og mín sannfæring, hvað sem svo má segja um notkun þessa styrks í einstöku tilfellum, að hann hafi þó yfir höfuð orðið til góðs, og vakið að mun áhuga manna á búnaði. Jeg álít enda, að það mundi með tímanum borga sig fyrir landssjóð, ef hann gæti veitt verðlaun fyrir hverja dagsláttu, sem er sljettuð, og fyrir hverja dagsláttu óræktaðs lands, sem ræktuð er. Það er grátlegt að horfa á land vort, sem hefir verið byggt í meira en 1000 ár, að enn eru ekki ræktaðir nema litlir blettir rjett í kringum bæina. Það gætu lifað hjer margfalt fleiri menn, ef meira væri ræktað en nú er, og þingið ætti sannarlega að stuðla að þessu.

Jeg er ekki mótfallinn till. h. þingm. Snæf. (P. Br.), að hækka upphæðina til aðalpóstvega; en það vakti fyrir fjárlaganefndinni, að vjer erum eins og staddir á nokkurs konar vegamótum í vegalöggjöfinni; nú er borið upp frv. til nýrra vegalaga hjer á þinginu, sem fer fram á töluverðar breytingar. Þar sem því, eins og nú stendur, er allt í óvissu um vegalöggjöfina, vildi nefndin ekki leggja til að útgjöldin til aðal-póstvega væri hækkuð meira en um 1000 kr. Ef frv. hefði verið samþykkt, þá hefði jeg fyrir mitt leyti verið því hlynntur, að hækka þessa upphæð, ekki einungis upp í 30,000 kr., heldur enda meira.

Hæstv. landsh. og h. þm. Skagf. (Ó. Br.) töldu það óþarfa, að veita nú styrk til gufubátsferða á Breiðafirði og Austfjörðum. Austfirðingar sendu fjárlaganefndinni beiðni um þennan styrk, af því að þeir vonuðust eptir að geta samið við Otto Wathne um gufubátsferðir og er styrkveitingin til þeirra því ekki út í bláinn. Að því er snertir Breiðfirðinga, þá kom fram beiðni í þessa átt frá Dalamönnum á Kollabúðafundinum í vor, og þó að mál þetta sje enn að líkindum skammt á veg komið, get jeg að minnsta kosti ekki sjeð, að þessi styrkveiting sje skaðleg. Það skyldi þá vera, ef menn vildu brúka þá upphæð til einhvers annars; en eptir umræðunum í dag virðist mjer menn vilji halda spart á og vera heldur framkvæmdardaufir. Landssjóður bíður og engan hnekki af, ef fjárveitingin ekki verður notuð; en hins vegar verður því ekki neitað, að fjárveitingin er þó töluverð hvöt fyrir Breiðfirðinga til að koma fyrtæki þessu sem fyrst á fót. H. þm. Skagf. (Ó. Br.) sagði, að þegar Breiðfirðingar sæju, að aðrir fengju styrk til gufubátsferða, þá mættu þeir gera sjer vissa von um hið sama, ef þeir kæmu fyrirtæki þessu á fót; en slík von er þó aldrei eins vís og það fje, sem maður hefir í höndum, og ef Breiðfirðingar kæmu fyrirtækinu nú þegar á stofn, þá stæðu þeir þó uppi styrklausir á þessu fjárhagstímabili.

Þá er eptir að minnast á þetta stóra atriði, gufuskipaferðirnar. Umræðurnar um það atriði sýna, að skoðanir manna eru mjög á reiki; mönnum vex í augum að taka skip á leigu á landssjóðs kostnað; mönnum þykir það allt of mikil áhætta, að Íslendingar leggi út í það stórræði, að annast sjálfir sínar eigin strandferðir; en sú er spá mín, að ef þessi tillaga verður felld, þá kemur sá tími, að það verður einhvern tíma talið merkilegt í annálum Íslands, og menn munu furða sig á því stórlega, að á því herrans ári 1891 höfðu fulltrúar hinnar íslenzku þjóðar ekki meiri trú en svo á framförum og á framtíð fósturjarðar sinnar, að þeir þorðu ekki að láta allt Ísland halda úti einni fleytu. Jeg bið og h. þingdm. að gæta þess vel, að ef vjer tökum skip á leigu, þá getum vjer hagað ferðunum eptir eigin vild, en það hefir mesta þýðinguna í þessu máli, því að reynslan hefir sýnt, að það hefir ekki verið mögulegt hingað til að fá þá samninga, er tækju nægilegt tillit til vilja landsmanna.

Jeg skal að endingu geta þess, að ef það verður fellt, að landssjóður haldi úti skipi, þá mun jeg fyrir mitt leyti heldur hallast að því, að hækka fjárframlagið til gufuskipafjelagsins, og setja því þá ákveðin skilyrði, en að sinna boði herra Wathne, því jeg álít, að það væri að leggja þetta mál »í þoku«. Eptir því sem jeg hef haft spurnir af honum, er hann ekki sá kapítalisti, að það sje áreiðanlegt, að hann geti haldið samninga sína, ef óhöpp ber að; það er að vísu hægt að segja, svo sem sagt hefir verið hjer í deildinni, að lands-

stjórnin borgi ekki fjeð út, ef semjandinn stendur ekki við samningana, en þá vil jeg spyrja: Hvar stendur landið, ef vjer erum án gufuskipsferða í kannske 1—1½ ár? Er landsmönnum það þá nóg, að landsstjórnin hampi peningunum, og segi: þá hefi jeg þó eigi misst? Það getur verið, að þessi orð mín lýsi vantrausti á Wathne, en jeg byggi á orðum þeirra manna, sem kunnugir eru og áreiðanlegir.

Eins og jeg tók fram í dag, er það og annað atriði, sem jeg legg mikla áherzlu á, og það er það, að sambandið milli norður- og austurlands og vesturlands yrði of laust með þessu lagi. Menn kunna að segja, að setja mætti ferðirnar til vesturlands í samband við ferðir Wathne, en jeg efast um það. Fyrir 9000 kr. fáum vjer ekki það samband milli norður- og vesturlands, sem sje fullnægjandi. Ef menn fallast á þetta tilboð Wathne, þá sje jeg því ekki betur, en að menn gangi aptur á bak, í stað þess að feta sig áfram í þessu mikilsvarðandi máli.

Þrítugasti fundur, miðvikudaginn 5. ágúst kl. 12. Allir á fundi nema 2. þm. N.-Múl. (Þ. Kj.), sem var veikur.

Frv. til fjárlaga fyrir 1892 og 1893 (C. 1, 239, 311); 2. umr. (frh.).

Gjaldabálkurinn 7.—12. gr.

Ólafur Pálsson: Það eru að eins fáein orð, sem jeg vil taka fram viðvíkjandi breyt.till. minni um tillag til Prestsbakkakirkju til að klæða hana utan með járni, nefnilega veggi og stafna hennar, og Langholtskirkju til að leggja á hana járnþak og á austurgafl hennar. Það var á síðasta þingi gjörð ráðstöfun til, að lagt væri járnþak á Prestsbakkakirkju, en það nægir ekki til hlítar, því það mundi bezt borga sig fyrir landssjóð, heldur þarf og að klæða hana utan, en jeg veit reyndar ekki, hve mikið þyrfti til þess enn, því ekki var búið, þegar jeg fór, að fullgjöra það. Það er mín meining og það hafa menn sagt mjer, að betra væri að leggja járnþak en pappa, þó hann sje sumstaðar hafður, og eptir þeim upplýsingum, sem jeg hef aflað mjer um það, þá mun jeg, hvað mig áhrærir, heldur taka járn en pappa. En þó jeg komi fram með þetta, þá er það ekki af því, að kirkjurnar sjeu fremur mínar en deildarinnar, þó jeg sje umboðsmaður þeirra, eða komi mjer meira við en öllum hjer í deildinni, þar sem þær eru landssjóðskirkjur og þjóðeign.

Prestsbakkakirkja hefir nú þegar fengið járnþak, en Langholtskirkja þarf þess engu síður með, þar sem hún stendur í því plássi, sem er mest sandfokið, nefnilega Meðallandinu; en þó sumir kunni að svara því, að henni sje þar ekki við vært, þá mun hún geta staðið lengi þar sem er, líkt og Selvogskirkja, því í því mikla sandfoki, sem þar er, endist bikun ekkert, heldur skefst burtu jafnharðan.

Það er því mín skoðun, að járnþak sje það eina, sem dugi, og það sje betra fyrir landssjóð, að það sje lagt á sem fyrst, áður en bindingur og annað bilar.

Viðvíkjandi því, sem h. framsögum. sagði, að ekki lægi fyrir nein skýrsla, þá skal jeg geta þess, að jeg var búinn að biðja viðkomandi prófast að gera skoðunargjörð á landskirkjunum í vor, svo jeg gæti borið þær skoðanir nú fram; en hún er enn þá ekki komin.

Það er mín skoðun, að ef jeg sjálfur ætti þessar kirkjur, þá mundi jeg kljúfa þar til þrítugan hamarinn, að hafa ein-

hver ráð með að leggja járnþak á þær. Það er líka 3. kirkjan, Þykkvabæjarkirkja. Hún þarf þess líka með, að eitthvað sje gert við hana, ef hún á ekki að fúna, því sjerstaklega er það áríðandi, að bindingurinn ekki skemmist, og það var mín meining þegar á síðasta þingi, þó ekki kæmi hún fram, að á hana þyrfti að leggja járnþak áður langt um liði, en af því að jeg í vor komst að því, að hún þarf mikillar endurbótar við, hvað timbur áhrærir, áður en járn verði lagt á hana, þá sleppi jeg henni nú. Að þessu sinni orðlengi jeg þetta svo ekki meir; mjer ætti ekki frekar að vera þetta kappsmál en öðrum. En væru einhverjir sjerstaklega mikið á móti því, að klæða Prestsbakkakirkju að utan, þá skal jeg falla frá því að þessu sinni, með því skilyrði, að Langholtskirkja yrði þá öll járnklædd.

Ólafur Ólafsson: Það er fyrst og fremst út af þeim breyt.till., sem jeg er við riðinn, að jeg tek til máls, en þó mun jeg koma víðar við.

Það er þá breyt.till. frá h. fjárlaganefndinni, sem fer fram á að færa niður styrkinn til Hvanneyrarskólans í 1500 kr. úr 2000 kr., sem áætlað er í frv. Þetta get jeg ekki sjeð að sje til annars en að eyðileggja skólann, það er að segja, með þessu sje gerð tilraun til að stytta honum aldur. En það álít jeg mjög ódrengilega aðferð. Jeg held það væri drengilegra að aftaka hann alveg en að láta hann dragast upp af sulti og eymd. Hvað viðvíkur styrknum til búnaðarfjelaganna, þá hallast jeg helzt að till. h. þm. Mýr. (Á. J.), nr. 22 eptir atkvæðaskránni, og álít það allsómsamlegt, að leggja fram 10 þús. kr. til þeirra, en jeg vil þá ekki að athugasemdin falli burt. Því jeg álít heppilegt, að bæði sýslunefndir og amtsráð komi með ákveðnar tillögur, sem landshöfðingi svo taki tillit til, þegar hann úthlutar styrknum.

Nefndin leggur til, að 300 kr. verði varið til að gefa út kennslubækur fyrir búnaðarskólana. Því hefir verið hreyft, að það væri ekki heppilegt, að hafa þær á íslenzku. En jeg verð algjörlega að vera á móti því, og af því jeg álít þessi styrkur sje helzt til lítill, hallast jeg að breyt.till. h. þm. Ísf. (S. St.), að hækka hann upp í 500 kr. Það er aðgætandi, að þó það fyrst og fremst eigi að vera til þess að gera námið á skólunum ljettara, þá er það ekki það eina gagn sem þær gera, heldur verða þær til þess að opna fyrir öllum aðgang að búfræðislegri menntun, því það má gera ráð fyrir, að margir þeir, sem ekki ganga á skólana, lesi þær og þannig geta þær orðið til þess að efla þekkingu manna í þeim efnum.

Hvað viðvíkur fjárframlaginu til vegagjörða á aðalpóstleiðum, þá er jeg óhikað með breyt.till. h. þm. Snæt. (P. Br.), því jeg álít það mjög nauðsynlegt, að bæta þá sem bezt. Og öllum er kunnugt, í hversu vandræðalegu ástandi þeir eru. En að færa það úr 25 þús. upp í 26, álít jeg vera breyt.till. að eins til að breyta.

Þá er breyt.till. mín um verðlaun handa þeim, sem finnur meðal við sauðfjárpestinni. Tillaga þessi kom til umræðu í gær, og þó hún mætti ekki mikilli mótspyrnu, þá mætti hún þó nokkurri mótspyrnu. Mig minnir það væri h. þm. Skagf. (Ól. Br.) sem sagði, að eigi væri mögulegt að finna meðal við henni, og ekkert meðal væri einhlítt. Jeg játa það, að menn þekkja enn ekkert slíkt meðal, en jeg álít ekki óhugsandi, að á tímabilinu kynnu menn að finna það.

Það er ákafur skaði sem pestin gerir. Þann skaða, sem bændur t. d. hjer á suðurlandi höfðu af henni í haust, má telja í tugum þúsunda. Einstakir bændur misstu jafnvel um þúsund krónur eða þar yfir.

Fyrir nokkrum árum þá var landlækninum yfir Íslandi veittur styrkur til að rannsaka eðli bráðapestarinnar, en hvar eru ávextirnir af því? Minnsta kosti hefir engin skýrsla komið um gjörðir hans í þá átt. Hvað er þá óeðlilegra að styrkja þann, sem lengra kæmist í því efni? Og jeg verð að segja það, að sá maður, sem fyndi öruggt meðal gegn pestinni, ætti sannarlega meiri verðlaun skilið en þau, sem hjer er farið fram á. Það var sagt, að ekki mundi verða svo auðvelt að sanna fyrir landsstjórninni, að meðalið væri að gagni. En við höfum eitt ágætt sönnunarmeðal, og það er reynslan. Það er reynslan, sem á að sanna það, og þegar reynsla er fengin fyrir því, að það dugi, þá mun ekki bresta fullnægjandi skilríki.

Þá vildi jeg minnast á gufubátamálið, eins og það liggur hjer fyrir. Þar er tillaga frá mjer um það að leggja 3000 kr. til að styrkja gufubát, sem gengi með suðurströndinni, og hef jeg austurtakmörk hans við Vík í Mýrdal og Vestmannaeyjar. Hæstv. landshöfðingi áleit óþarft að áætla styrk til gufubátaferða, þar sem enginn bátur væri kominn, en jeg fyrir mitt leyti sje ekkert á móti því. Á Breiðafirði t. d. er enginn bátur, en þó viðurkenna allir, að þar sje þörf fyrir gufubátaferðir.

En hjer er samt öðru máli að gegna, því eins og öllum er vitanlegt, er þessi bátur til á Eyrarbakka, nógu stór til þess að fara ekki að eins meðfram suðurströndinni og til Vestmannaeyja, heldur líka hjer inn fyrir Reykjanes. Eptir því sem við höfum hugsað okkur, þá ætlumst við til, að hann gengi hingað til Reykjavíkur, kæmi svo við í Hafnarfirði, Keflavík, Höfnum, Grindavík, Herdísarvík, Selvogi, Þorlákshöfn, Eyrarbakka, Landeyjasandi, Vestmanneyjum og Vík. Það er alls ekki ómögulegt, að leggja slíkum bát að við sandana, sem eru fyrir Rangárvallasýslu, ef notaður er hinn bezti tími til þess, sem sje mánuðirnir júní og júlí. Má sjá og sannfærast um þetta af því, að einmitt á þessu sumri hafa 3 skip lagt þar að með timbur og allt farið vel.

Að svo sje áskilið, að bæjarstjórnin eða sýslufjelög leggi 1/4 á móti styrknum í landssjóð, þá er jeg með því; ef þeim er þetta kappsmál, þá er þeim heldur engin vorkunn á að leggja sinn skerf til. En ef það er veruleg ástæða til að styrkja gufubátafjelög fyrir austan og vestan, sem jeg hef ekkert á móti, þá er þó enn meiri ástæða til að styrkja gufubátaferðir á þessu svæði. Vestur- og austurland njóta þó góðs af gufuskipaferðunum, en Árnesingar og Rangvellingar geta engin not haft af þeim. Það gæti því verið álitamál, hvort ekki væri sanngjarnt að gera undantekningu undan þessari reglu, að því er snertir oss Rangæinga og Árnesinga; en jeg vil ekki gera það að neinu kappsmáli.

Hvað því viðvíkur að leggja fram fje til að bæta turninn á kirkjunni á Vestmanneyjum, þá er það sjálfsagt nauðsynlegt, og jeg er ekkert á móti því. En af því jeg hef á hjeraðsfundum, þar sem kirkjureikningar hennar, eins og annara kirkna í prófastsdæminu, eiga að leggjast fram, þó prófasti hafi stundum gengið erfitt að ná þeim, haft um hönd kirkjureikninga þessarar kirkju,

þá vil jeg geta þess, að þeir eru öðruvísi færðir en kirkjureikningar almennt. Þar stóðu t. d. í gjöldunum sjerstaklega 2 liðir athugaverðir, fyrst meðhjálparalaun yfir 20 kr., og svo miklu hærra gjald fyrir ræstun en almennt; þessi meðhjálparalaun veit jeg ekki, að nokkursstaðar annarsstaðar sjeu borguð af kirknafje. Á einum reikningi þaðan stóð líka sjerstök borgun fyrir að moka snjó úr kirkjunni. Þó við hefðum viljað gera athugasemdir við þessa liði, þá var enginn sem mætti á fundinum og gæti gefið upplýsingar, hvernig á þessum útgjöldum stæði. Jeg bendi sjerstaklega á þetta, af því þessi kirkja er landssjóðseign.

Það hefir verið talað um, að nauðsyn bæri til að setja aukalækni í Ólafsvík, en þá held jeg það sje ekki síður í Eyjahreppi, því það má víst segja, að fólk geti opt dáið drottni sínum út í Eyjum, áður en næst í læknir, sem er einhversstaðar á meginlandinu. Jeg gef því atkvæði með báðum þessum tillögum.

Jens Pálsson: Jeg vildi leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þessa gjaldaliði, sem innan skamms koma til atkvæðagreiðslu hjer í deildinni. Jeg skal fara fljótt yfir og að eins minnast stuttlega á sumt. Yfir höfuð fylgi jeg tillögu h. fjárlaganefndar; þó mun jeg í örfáum tilfellum víkja frá þeim við atkvæðagr.

Það er þá fyrst um búnaðarskólana; þar fylgi jeg stjórnarfrumv. viðvíkjandi Eiðaskólanum og Hvanneyrarskólanum. Þá er styrkveitingin til búnaðarfjelaga; eðlilegust og heppilegust þykir mjer tillaga nefndarinnar, að til búnaðarfjelaga sjeu veittar 14000 kr., en þar af búnaðarfjelagi Suðuramtsins 2000 kr. Það á það aldrei nema skilið; það er gott, gamalt og gagnlegt fjelag, sem lengi mun að gagni koma. Þá kem jeg að styrkveitingunni til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla. Þessa fjárveiting álít jeg mjög nauðsynlega; það er ekki þýðingarlaust, að beiðnin um þessa fjárveiting er komin frá manni, sem almennt mun álitinn okkar mesti og bezti búnaðarskólamaður, og sem hefur langa reynslu í búnaðarskólastjórn. Bendir ekki einmitt það, að beiðnin er frá þessum manni, ljóslega á, að hann er búinn að finna, hversu gagn-nauðsynlegt það er, að eiga kost á íslenzkum kennslubókum handa þeim nemendum, sem, þegar þeir koma á búnaðarskólana, hafa ekki sjeð útlent mál? Það hlýtur að taka mikinn tíma frá búnaðarskólanáminu sjálfu, þetta dönskunám, og fjarri rjettu lagi álít jeg það vera, að eyða tíma og kennslukröptum búnaðarskólanna til kennslu tungumáls.

Jeg skoða því ekki huga minn um að greiða atkv. með tillögunni nr. 27 á atkvæðaskr. frá h. 1. þm. Ísf. (S. St.), sem fer fram á 500 kr.

Þá er næsti liður á atkvæðaskránni: styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu. Þessi styrkveiting hefur annars fengið heldur góðar undirtekir, nema hvað nokkur ummæli h. þm. Árn. (Þ. G.), virtust benda á, að hann væri ekki hlynntur henni. Jeg vildi að hann hefði lofað mjer að gefa sjer upplýsingar um laxaklakið í Dölum, áður en hann talaði móti styrkveitingunni, en jeg vona hann taki þær eins til greina, þó þær komi fyrst nú.

Í nokkur ár var veittur styrkur til verklegs fiskiklaks hjer á landi, og var þá mikill áhugi í mönnum með fiskirækt og fiskiklök, enda vissu menn, að nágrannaþjóðirnar voru teknar að leggja mikla stund á fiskirækt og sjerstaklega fiskiklök. Menn höfðu í íslenzkum ritum verið fræddir um, að aðrar þjóðir hefðu með stórkostlegu

fiskiklaki bæði aukið fiskiför í sjó, ám og vötnum, og enda komið upp fiskiveiðum þar, er engar voru áður. — Það var því eðlilegt, að menn yrðu fulltrúa um, að fiskiklök hlyti eins að verða að liði hjer á landi. Menn skildu brátt þann tilgang fiskiklaka, að efla viðkomuna, vernda gegn förgun, og uppfóstra á æskuskeiði dýrmætar fiskitegundir, sem af náttúrunnar völdum eru háðar þeim vandkvæðum, að mikill partur ungviðisins fer forgörðum áður, en hann kemst á legg; enda er auðsætt, hversu áríðandi og gagnlegt það er, að vernda ungviði laxins frá eyðileggingu.

Eptir að þingið 1883 vakti máls á laxaklaki, þá var farið að gjöra tilraunir á ýmsum stöðum meir og minna, og sjerstaklega eptir 1885, þegar þingið veitti styrk til þess, þá komst það allveg á veg, og sumstaðar voru byggð hús undir klakið. Þegar svo þingið 1887 hætti að styrkja þessi fyrirtæki, þá dró úr tilraununum, með því líka þær hafa töluverða fyrirhöfn og erfiðleika í för með sjer. Þar sem þær nú hafa annarsstaðar fallið gjörsamlega niður, þá haldast þær við í Dalasýslu. En til upplýsingar h. deild skal jeg leyfa mjer að gefa skýrslu um klakið þar.

Klakið er í Hjarðarholti skammt frá Laxá, sem var lax-auðugasta áin þar um pláss fyrir 3 áratugum, en má heita að hafi verið laxlaus nú í nokkur ár undanfarin. Menn kenna laxþurrðina í ánni sumpart því, að of mikið hafi um tíma verið veitt í ánni, einkum seinni part sumars, og áin verið sópuð með ádráttum á haustin. En þó var nokkur laxgengd í henni allt þangað til eptir frostaveturinn mikla, og kenndu menn hinum miklu ísalögum á ánni um veturinn, því stórkostlega umróti, sem ísskriðið gjörði á farvegi hennar, hina fullkomnu laxþurrð, sem eptir það kom í ljós, enda er áin víðast grunn, og gat þetta umrót því eytt mestöllu því ungviði, sem þá var í ánni.

En síðan 1885 hafa þar verið hafðar tilraunir með laxaklak og hafa þær heppnazt í 4 ár af 6. Fyrsta árið var ekki nema litlu klakið út vegna áhaldaleysis, og var þá að eins hleypt í ána 4—5 þúsund lifandi laxasílum. Eitt árið af þessum 4 var hleypt út 20 þúsundum síla og hin tvö 30 þúsund hvort árið. En 2 ár hefur það sem sagt ekki tekizt, annað árið vegna þess, að þeir stofnfiskar, sem fengnir voru, misstust úr kví, sem þeir voru geymdir í, og búin hafði verið til við sjálfa ána, en um haustið óx áin óvanalega mikið og tók allt saman. Hitt árið gekk lítill sem enginn lax í ána, og náðust því engir stofnfiskar.

Jeg hef skoðað þetta klakstæði, og get lýst því yfir, að það hefur kostað mikla fyrirhöfn og marga peninga, að koma því upp og gjöra það svo prýðilega vel úr garði, eins og það nú er. Jeg þekki dálítið til fiskiklaks, bæði af ritum og reynslu, með því jeg hef sjálfur stundað fiskiklak með allgóðri heppni, og, að því er jeg fæ sjeð, er Hjarðarholts klakhúsið hentugt og á hentugum stað. Það er veitt vatni gegn um það frá hærri stað, og streymir síðan gegnum nægt af góðum áhöldum, kalifornískum klakkössum. Síðan er vatninu veitt burtu undir húsinu og þá rennur það í geymslupoll fyrir stofnfiska, sem grafinn er þar fyrir framan húsið, og er svo stór, að þar má geyma alla þá stofnfiska, sem þörf er á, og þarf því ekki framar að óttast að áin taki þá; í þennan geymslupoll má líka hleypa sílum fyrst að vorinu, til að láta þau æfa sig áður, en þeim er hleypt í ána. Jeg hef nákvæma skýrslu um klakið, sem jeg get vísað til. Eigendur veið-

innar í Laxá hafa gjört samning um veiðina í ánni, við þá sem hjeldu uppi klakinu, en þegar svo ekki varð klakið út í tvö ár, þá álitu þeir samningana ógilda, og álíta sig ekki bundna við þá. Síðan hvílir það á einum manni að halda klakinu uppi, en hann hefir ekki þreytzt, heldur látið starfa ýmislegt að því síðan, svo sem að grafa þennan geymslupoll. Hann hefir haldið til þess mann, sem nú er fullorðinn og lærði laxaklak á Reynivöllum hjá sænskum manni, sem þar var 1 vetur að klekja út. En hann vill auðvitað ekki stunda klakið fyrir ekki neitt.

Laxaklak í Dalasýslu getur haft mjög mikla þýðingu fyrir sýsluna, því þar er fjöldi af ám laxgengum, sem engınn eða lítill lax er í og sem frá þessum eina stað gætu fengið síli til laxfjölgunar, ef þetta klak ekki legðist niður. Það var líka á síðasta sýslu- og amtsráðsfundi lagðar þessu fyrirtæki 50 kr. frá hvorum, og þó það sjeu ekki stórar upphæðir, þá sýnir það, að þessi stjórnarvöld viðurkenna, að klakstofnunin er nauðsynleg og gagnleg. Vona jeg svo, að ekki þurfi fleira fram að taka til að sannfæra h. þm. Árnes. (Þ. G.) um, að svona sannarlega gagnleg stofnun eigi skilið að fá þessa litlu viðurkenningu, enda munu allir aðrir þm. vera mjer samdóma.

Hvað snertir spurningu h. þm. Árn. (Þ. G.), sem hann beindi helzt að mjer, um það, hvað gengi með laxaklak á Þingvöllum og hús, sem byggt hefði verið til þess, þá get jeg ekki svarað henni án þess að fara um það fáeinum orðum. Eins og honum er kunnugt, þá var veittur styrkur úr landssjóði »til verklegs fiskiklaks«; og var það gjört eptir ráði hr. Arthur Feddersens fiskifræðings, sem að ráðstöfun þingsins ferðaðist hjer á landi. Hann skoðaði Þingvallavatn og Öxará, og áleit það einkar-hentugan stað til að reyna urriðaklak, og það var líka klakið út töluverðu af urriða veturinn 1884—85, og svo aptur 85—86, og þó ekki liggi fyrir um klakið seinna árið nein skýrsla, þá get jeg fullvissað um það, að klakið var engu minna og gekk engu síður seinni veturinn en hinn fyrri. En hvað viðvíkur tilraununum við laxarækt þar, þá var það að eins 2 þúsund laxahrogn, sem klakið var út, og jeg veit að þessum laxasílum var hleypt út heilum og bráðlifandi; var þessi litla laxaklakstilraun þar fremur gjörð til fróðleiks, en í von um peningalegan árangur, því í Öxará og Þingvallavatni hafði laxför aldrei verið. Reyndar hefir lauslega frjetzt, að einstaka branda hafi veiðzt, sem ætla mætti afkomanda þessara laxsíla, en sem sagt: þessi 2 þúsund laxasíli voru fremur sett í vatnið til reynslu, en af því menn álitu það mundu verða til gagns.

Þá tvo vetur, sem urriðaklakið stóð á Þingvelli, voru klakkassarnir hafðir í lind á bersvæði, og reyndist mjög erfitt að stunda klakið úti undir beru lopti, einkum í hríðarveðrum; þess vegna var sótt um styrk til að byggja yfir það skýli og til að hlaða stíflugarða. En hvort landssjóður svo eigi það hús, skal jeg ekki segja um; það er ekki mitt að skera úr því. Jeg vil heldur ekki dæma um, hvort hann á klakhúsið á Reynivöllum, nje ýmsar stofnanir annarsstaðar, sem hann hefur styrkt til að komast á fót.

Að endingu skal jeg taka það fram, að mjer er kunnugt um að eptirmaður minn gjörði tilraun með klak veturinn 1886—87, en tilraunin heppnaðist ekki í það sinn. En klakhúsið mun hann hirða og halda því við, eins og öðru, er hann tók þar við.

Hvað viðvíkur þeim 4000 kr. styrk, sem áætlaður er til að styrkja þilskipaábyrgðarfjelag á Vesturlandi, þá er jeg þeim styrk mjög hlynntur, af hinum sömu ástæðum, sem h. 1. þm. Húnv. (E. Br.) tók mjög rækilega fram. Og þó þessi styrkur sje að eins til fjelags í einum landsfjórðungi, þá vildi jeg óska, að í hinum fjórðungunum risu sem fyrst upp slík fjelög, svo alþingi gæti haft þá ánægju að veita styrk jafngagnlegum fyrirtækjum.

Þá kem jeg að merkilegasta og þýðingarmesta atriðinu í gjaldabálkinum, samgöngumálinu. Þar verð jeg að aðhyllast tillögu nefndarinnar, að hafa verkfræðing bæði árin. H. þingm. N.-Þing. (J. J.) tók í gær fram ástæður fyrir nauðsyn þess, og skal jeg ekki taka þær upp aptur nú. En í sambandi við það skal jeg geta þess, að jeg vona að sem fyrst verði stofnað fast embætti fyrir verkfræðing hjer á landi, því jeg álít það hið nytsamasta embætti, er stofnað geti orðið á þessu landi. Og að jeg hef ekki komið fram með frumv. í þá átt, er af því, að jeg veit ekki, hve mikil laun þarf að áætla til þess, að dugandi »ingenieur« vildi setjast að hjer á landi og helga oss allt sitt starf; en jeg læt mjer nægja þessar 3000 kr. nú, því jeg vona, að það sje að eins tímaspursmál, hvenær fastur »ingenieur« fæst í þjónustu landsins.

Hjer liggja fyrir tvær breyt.till. um, að hækka fjárframlag til vegagjörðar á aðalpóstleiðum. Vill h. fjárlaganefnd hækka það upp í 26000 kr., en h. þm. Snæf. (P. Br.) upp í 30000 kr. Jeg er tillögu h. þm. Snæf. (P. Br.) hlynntari að því leyti, að því meira sem hlynnt er að vegabótum, því meira er um leið hlynnt að samgöngunum. En um hvora upphæðina sem er að ræða, þá sjer að eins lítið á, þegar litið er á það, að aðalpóstleiðirnar eru líklega 2—3 hundruð mílur á lengd. Og eigi að gjöra þær allar að akvegum, samkv. vegalögunum 1887, þá kostar það svo stórar upphæðir, að í það kostnaðardjúp eru einar 30 þúsund krónur öldungis hverfandi. Þessi upphæð mun meira að segja gjöra lítið betur en að halda því við, sem búið er að gjöra, og bæta það sem er alveg bráðófært yfirferðar. Jeg hef sýnt fram á, að aðalpóstvegirnir eru svo langir, og svo erfitt að gjöra þá að 6 álna breiðum akvegum, að slíkt mundi kosta of-fjár. Kostnaðurinn hefir verið áætlaðurinn 4—5 miljónir króna, og það er þó líklega of lítið í lagt. Það hefur verið sýnt fram á þetta, og því hefur ekki verið mótmælt, enda mun það rjett. Þó jeg hefði álitið rjettara að leggja fyrir þingið breytingartill. í þá átt, að þessu fje skyldi varið þar á aðalpóstleiðunum, sem þær koma saman við aðalflutningabrautirnar, sem til eru teknar í vegalagafrumv. því, sem nú er fyrir þinginu, þá hef jeg ekki gjört það, því jeg álít nóga tryggingu fyrir því, að fje þessu verði ekki varið til akvega annarsstaðar, og fólgna í því, að hæstvirti landsh., sem hefur umráð yfir þessu fje, er samgöngumálinu svo hlynntur, að hann sjer um að því verði að eins varið þar, sem þörfin er mest, eða á aðalflutningabrautunum.

Af þessum ástæðum gef jeg till. h. þm. Snæf. (P. Br.), atkvæði mitt.

Þá kem jeg að gufuskipunum. Það var rætt svo mikið um þetta mál í gær undir tekjubálkinum, að ætla mátti að umræður í dag um það mál mundu verða stuttar; en sú varð ekki raunin á, enda er það mál seint of rætt. Jeg talaði um í gær, að jeg vildi helzt aðhyllast till. h. þm. Ísf. (S. St.) um það, að nema burtu þessar 9 þúsund kr. til strandferða frá útlöndum, en láta 37

þúsund kr. halda sjer. Jeg sagði, og segi enn, að jeg hallast mest að þessari till.; en eptir því, sem út lítur eptir atkvæðagreiðslunni í gær, þá eru allar líkur til, að þessi tillaga fái ekki framgang, og þá vil jeg, fyrst maður ekki fær það bezta, taka það næsta, sem er tillaga nefndarinnar, að hafa bæði þessar 9 þúsund og líka hin 50 þúsund kr. Það hefir verið tekið fram, að á þeirri tillögu sje sá galli, að með því að veita þessar 9 þúsund kr., fái maður »concurrent« við strandferðir þess innlenda skips, og það er að því leyti á rökum byggt, að það hlýtur að taka nokkuð frá landssjóðsskipinu, en þó álít jeg það ekki fráfælandi. Og því verður ekki neitað, að samgöngurnar verða tíðari og betri með því, að skipin sjeu tvö. Það sem ísl. þjóðin græðir á hinum bættu samgöngum vegur í mínum augum upp á móti því, sem landssjóðsskipið mundi í missa. Svo þó það yrði beinn skaði, að því leyti að það yrði skarð í tekjurnar, þá yrði það óbeinlínis hagnaður. Jeg álít líka sjálfsagt, að það skip, sem landssjóður tæki á leigu til strandferða, gæti einnig farið til útlanda, ef á þyrfti að halda.

Ennfremur hefir verið sagt, að þetta skip mundi ekki hafa nóg að gjöra; en svo hefir aptur heyrzt, máske frá hinum sömu mönnum, að það skip sem nefndin áætlar væri allt of lítið, þó það hefði rúm fyrir 100 farþegja og 50 tons lestarúm. Þessu kem jeg ekki heim. Ef skipið er of lítið, þá bendir það ekki á, að það muni hafa lítið að gjöra. En jeg skal leyfa mjer að benda á, að þetta skip er ekki svo lítið, og því til sönnunar skal jeg taka það fram, að sje slíkt skip sem hefir 50 tons lestarúm fyrir vörur hlaðið af eða lestarúmið fyllt af t. d. ull einni saman, þá tekur það c. 35000 pd., af harðfiski einum c. 400 vættir, af saltfiski einum c. 450 skpd., af smjöri einu c. 12000 fjórð., af kjöti einu c. 400 tunn. Þetta tek jeg fram til leiðbeiningar, svo menn sjái, að það getur þó flutt nokkuð.

Ótta hefir verið hreyft fyrir því, að áætlun, sem nefndin hefir gjört um kostnaðinn, muni vera of lág.

Þessi áætlun er þó gjörð af manni, sem er vel að sjer um slíka hluti, áreiðanlegur og gagnkunnugur, og hefir sjálfur í nokkur ár haft skip í förum hjer við land; hann álítur, að 320 pd. st. um mánuðinn eða 40,320 krónur í 7 mán. muni nægja til að halda skipinu úti, og með því hann var beðinn um, að leggja ríflega í kostnaðinn, og það svo ríflega, að óhugsandi væri annað en hin áætlaða upphæð yrði full-nóg, er jeg viss um að áætlun hans er fremur of há en of lág. Í þessa átt bendir og sú mikilsverða upplýsing, sem hæstv. landsh. gaf h. deild, um það, hvað úthald »Thyra« kosti; hann gat þess, að gufuskipið »Thyra«, sem er allstórt skip, þó ekki sje það eins stórt og »Laura«, þá hefir það víst allt að 600 tons *(Landsh.:* 584) lestarúm og stórt farþegjarúm, einkum síðan það var aukið svo mjög í vetur, — hann gat þess, að það kostaði 250—300 krónur á degi hverjum. Ef miðað er við hina lægri upphæð, 250 kr. á dag, verður kostnaðurinn í 7 mánuði rúmar 50 þús. kr. *(Landsh.:* án kola). Svo! það heyrði jeg ekki hæstv. landsh. taka fram. — En stærðarmunurinn er svo mikill, að jeg geti ekki annað sjeð, en allt bendi á, að áætlun nefndarinnar sje fullhá. En að skipið geti ekki vanalega fengið nóg að gjöra, get jeg hreint ekki skilið. Gætum við fengið skip, sem hefði rúm fyrir 50 farþ. og 290 tons lestarúm, sem gengi til útlanda 3 ferðir og kæmi þaðan hlaðið vörum, þá sjáum við, að

eptir þeirri «porto«, sem vanalega hefir borguð fyrir tonnið, 20 kr., þá verða það 4 þúsund kr. fyrir hverja ferð eða 12 þúsund kr. fyrir þessar 3 ferðir; en svo eru að auki allir flutningar hafna á milli innanlands. Jeg vona því að allir sjái, að skip, sem getur 3 sinnum komið fermt frá útlöndum og þar að auki fer 6 ferðir kringum landið fyrir utan aukaferðir til austur- og vesturlandsins, hljóti að hafa ekki að eins 20 þúsund kr. tekjur, heldur miklu meira, jeg vil segja 30 þúsund eða þar yfir. Jeg get heldur eigi skilið, að hið sameinaða gufuskipafjelag færi að fara ferðir í kringum Ísland fyrir 9—18 þús. kr., ef það allt af ár frá ári hefði helberan skaða af því; eða ætlar h. þingd. að hið sameinaða gufuskipafjelag sje að þessu af einskærri hjartagæzku við oss? Jeg veit reyndar, að það flytur líka vörur til Færeyinga, um leið og það fer hingað til lands, og græðir á því. Jeg veit líka, að hefir mikinn krapt til að þola áhalla; en það sannar ekkert. Það er lifandi sannfæring mín, að þetta fyrirtæki mundi innan skamms ekki að eins að bera sig, heldur líka gefa af sjer beinan arð, og að því reki fyr eða seinna, að menn verði að gjöra þessa tilraun.

Allar þær umræður, sem fallið hafa hjer í deildinni, hafa styrkt mig í þeirri skoðun, að landssjóður þegar ætti að ráðast í þetta fyrirtæki og kaupa sjer reynslu í þessu efni, og jeg er viss um, að hjá hinni íslenzku þjóð fengi jafndugmikið fyrirtæki hinar beztu undirtektir.

Viðvíkjandi styrkveitingunni til gufubáta, þá eru víst allir á sama máli um, að veita þann styrk sem áætlaður er til Ísafjarðar- eða Vestfjarðabátsins. En viðvíkjandi Breiðafirði sjerstaklega, þá skal jeg taka það fram, að það er einmitt nú að vakna mikill áhugi á málinu og það mest í Dalasýslunni eða kringum Hvammsfjörð; ekki að eins einstakir menn, heldur allur almenningur í þeim byggðum hefir nú orðið glöggt auga fyrir því, hversu ágæt flutningabraut Hvammsfjörður er. Og að menn sjeu búnir að skapa sjer sannfæringu fyrir þessu, sjest bezt á því, að sýslunefndin í Dalasýslu tók þetta mál til meðferðar á síðasta fundi og samþykkti þá tillögu, að skrifað væri sýslunefndum í sýslunum kring um Breiðafjörð og borið undir þær, hvernig þessi hjeruð í sameiningu gætu bezt komið þessu máli áfram. Síðan hef jeg fengið brjef frá sýslumanninum í Dalasýslu, þar sem hann segir, að áhuginn sje mikill og hann hafi von um, að jafnvel einn viss einstakur maður ráðist í að halda þar út gufubát á firðinum þegar næsta ár, ef verulegur styrkur fengist. Þess vegna álít jeg nauðsynlegt, að styrkur til gufubáts á Breiðafirði sje settur í fjárlögin nú þegar, til þess að hvetja menn til að koma þessum bátaferðum á fót á næsta fjárhagstímabili.

Hvað snertir hina aðra gufubáta, þá er jeg alveg á sama máli og nefndin um styrkveitingu til þeirra. Breytingartillögu h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) um styrk til gufubáts fyrir sunnan land er jeg mjög hlynntur og það því fremur, sem h. þm. Snæfell. studdi hana svo rækilega, sem gladdi mig mjög mikið, eða rjettara sagt það, hvernig hann gjörði það. Hann gaf í skyn, að á þessu svæði væri ákaflega mikið að flytja. Jeg skal ekki rengja hann um það; en get þess, að hver sem hugsar lengi og rækilega samgöngumálið, mun

fljótt komast til þeirrar sannfæringar, að það er víða ákaflega mikið að flytja. Hann tilnefndi til dæmis 9 þúsund vættir af fiski. *(P. Br.*: Frá sjó). Jæja, það þarf að flytja þær samt. Þó jeg hafi ekki þorað að setja fram svo tilteknar flutningaupphæðir opinberlega, þá get jeg ekki dulizt þess, að fyrir hugsjón minni hafa á ýmsum svæðum landsins birzt upphæðir áþekkar þessari. Eða mun þetta flutningamagn þarna vera nokkurt einsdæmi? Því fer fjarri. Jeg vona að h. þm. (P. Br.) verði að játa, að þegar ekki er um stærra svæði að ræða en þarna og eru þó svona miklir flutningar, þá sje hreint ekki rennt blint í sjóinn, þegar fullyrt er, að mikið sje að flytja hjer innanlands. Það eina sem er vorkennandi þessu fyrirtæki, er það, að á þessu svæði eru svo fáar hafnir, að verða mun erfitt að láta hann fara reglulegar ferðir. Jeg þekki ekki aðrar hafnir austan fjalls en Eyrarbakka með sínum hafnarfestum, og svo Þorlákshöfn. Á Stokkseyri er því miður engin höfn enn þá; skip verða uð liggja þar á rúmsjó fyrir opnu hafi. Annars veit jeg, að víða má koma við á gufubát, þó ekki sjeu hafnir, ef gott veður er, og þannig má leggja gufubát víða að söndunum í Skaptafellssýslu og skipa þar upp og út, að minnsta kosti að sumrinu til, þegar vel stendur á veðrí og sjó.

Út af því sem jeg tók fram í gær, viðvíkjandi strandferðunum, þá vildi jeg að eins leyfa mjer að bæta því við, að það þurfa að vera minnst 2 ferðir milli Reykjavíkur og Austurlandsins, haust og vor; eins vil jeg taka það aptur fram, að það er ekki allt komið undir því, að ferðirnar sjeu margar, heldur er mest komið undir því, að ferðirnar sjeu á hentugum tíma og sem víðast komið við, og að lagt sje að fyrir framan þá staði, sem flutninga er von, svo að fólk þurfi ekki að flytja sig fyrst langar leiðir, áður en það kemst á skip, og allan farangur þurfi ekki að flytja óraveg af skipi og á.

Hvað viðvíkur breytingartill. h. þm. Mýr. (Á. J.) um, að styrkurinn sje bundinn því skilyrði, að sýslufjelögin leggi fram einn fjórða móti landssjóði, þá getur það verið óheppilegt, því ef ágreiningur kæmi upp milli sýslufjelaganna um ýms smá-atriði, þá kynni eitt að draga sig í hlje og fyrir bragðið komið truflun á allar framkvæmdirnar. Þótt þetta skilyrði um styrk frá sýslufjelögunum sje að vísu ekki ósanngjarnt í sjálfu sjer, þá getur það orðið agnúasamt i framkvæmdinni; vildi jeg því kjósa, að það fjelli burtu, þótt ekki vilji jeg gjöra það að kappsmáli.

Indriði Einarsson: Það hefir verið tekið fram, að undarlegt sje, að fjárlaganefndin hafi lækkað styrkinn til Hvanneyrarskóla. Það getur verið, að svo sje, en jeg held það hafi einkum vakað fyrir meiri hlutanum í nefndinni, að hækka ekki tillagið til búnaðarskólanna í heild sinni á þessu fjárhagstímabili. Það er víst margra skoðun, að það sje alveg meiningarlaust að halda við fjórum búnaðarskólum hjer á landi, þar sem nægilegt væri að hafa að eins einn skóla *(B. Sv.:* Heyr!) og hann meira að segja gæti gjört meira gagn og verið betri en þessir 4 eru. Aðsóknin að skólunum er ekki heldur svo mikil, að einn skóli gæti ekki tekið móti henni allri. Á einum skólanum voru rjett fyrir skemmstu 8 nemendur, á öðrum 16, á hinum þriðja 6, og á hinum fjórða hefir verið að eins einn nemandi, að því sem sagt er; nú kunna þeir að vera nokkru fleiri, svo að allt í allt má búast við fram undir það 40 nemendum á öllum þessum skólum. Að búta

landssjóðsstyrkinn þannig í fjóra hluti, verður til þess, að hann kemur ekki að eins góðum notum, eins og ef honum væri haldið í einu lagi; því mundi jeg ekki hafa á móti, þótt landssjóðsstyrkurinn væri smátt og smátt dreginn frá skólunum og þeim með því fækkað. Ef sýslur eða ömt vilja hafa skóla innan sinna takmarka, þá er eðlilegast, að þau kosti þá sjálf; það er eðlilegast, að þau borgi sína skóla sjálf, og hafi allan veg og vanda af þeim. Það lítur svo út, sem nærsveitirnar hafi ekki mikið traust á skólanum á Hvanneyri. Jeg skal ekki segja um, á hverjum rökum þetta er byggt; það getur verið á góðum rökum byggt og getur líka verið, að það sje það ekki. Jeg skal sannfærast um, að vantraustið sje ekki á rökum byggt, þegar jeg heyri meðmæli amtráðsmannsins úr Borgarfjarðarsýslu með skólanum. Að vísu veit jeg, að jeg get ekki fengið þau meðmæli að sinni, en jeg bíð eptir þeim.

Jeg get ekki sleppt að minnast á þær 4,000 kr., sem ætlaðar eru til að styrkja þilskipaábyrgðarfjelagið á Vestfjörðum. Jeg vona að enginn hjer í salnum ímyndi sjer, að persónulegar ástæður hafi verkað til þess, að fjárlaganefndin hefir ráðið til að veita fje þetta. H. þm. Húnv. (E. Br.) hefir greinilega skýrt frá ástæðunum fyrir því; en jeg man ekki, hvort hann tók það fram, að af þeim 20 mönnum, sem í ábyrgð hafa gengið til að koma þilskipaábyrgðinni á fót, eru einir 3, sem sjálfir eiga þilskip; mjer sýnast það meðmæli með málinu, að þessir menn vildu leggja svo mikið í sölurnar til þess að koma þilskipaábyrgð á fót fyrir aðra.

Jeg veit ekki, hvort það er til nokkurs hlutar að heita verðlaunum þeim, sem hjer er farið fram á undir 26. t.lið á atkvæðaskránni; það eru 500 kr. handa þeim, sem finnur óbrigðul ráð við bráðapestinni, því að mjer sýnist að sá maður, sem fyndi öruggt ráð gegn henni, mundi þurfa svo mikinn vísindalegan undirbúning og rannsóknir, að 500 kr. mundi reynast harla lítil borgun fyrir það. Jeg veit ekki betur en að Pasteur sjeu veittir 100,000 frankar á ári til rannsókna sinna, og að Koch hafi verið veitt 100,000 ríkismörk til að finna meðul gegn brjóstveiki, og hjer sýnist mjer vera að tala um sams konar efnafræðislegar rannsóknir og þeirra rannsóknir eru. Jeg þekki reyndar þrjú góð ráð við bráðapestiunt; fyrsta ráðið er góð hirðing, annað ráðið góð hirðing, og þriðja ráðið er góð hirðing; og getur verið að ekkert þeirra komi að notum.

Jeg get ekki leitt hjá mjer að minnast á tillögur nefndarinnar um gufuskipaferðirnar. Nefndin hefir komið með þá tillögu, að í stað þess að halda sjer til gufuskipafjelagsins danska, skuli nú byrjað á því nýmæli, að halda út skipi á kostnað landssjóðs. Þessi till. kemur af því, að nefndinni er svo annt um sjálfstæði Íslands. Heiður og sómi Íslands þolir ekki þær skapraunir, sem þetta fjelag sýnir okkur hvað eptir annað; það er varla til sá alþýðumaður, sem ekki finni það. Heiður og sómi stjórnar okkar þolir ekki, að hún skuli ekki geta fengið gufuskipafjelagið til að fullnægja samningum sínum. Auk þess er varla hægt að skilja annað, en að þessar ferðir muni innan skamms borga sig fyrir oss sjálfa, ef landið heldur skipinu út. Eins og h. þm. Dal. (J. P.) tók fram, þá er það næsta ótrúlegt, að gufuskipafjelagið mundi halda uppi ferðum kring um landið, ef það hefði helberan skaða á þeim; það er óhugsandi, að það eða nokkur annar maður hjeldi uppi þeim ferðum, sem aldrei borguðu sig; slíkt fjelag færi svo óráðlega að, að það er ekki unnt að

ætla gufuskipafjelaginu slíkan búskaparmáta.

Um gufubátana mun flest hafa verið tekið fram, nema það, hver áhrif ferðir þeirra mundu hafa á prísana hjer innanlands. Eins og kunnugt er, löggildir alþingi ár eptir ár nýjar hafnir. Á þeim — jeg veit jeg muni hneyksla menn — rísa upp einokunarholur; þar kemur upp ein verzlun, sem við ekkert hefir að keppa og selur svo dýrt sem hún getur. Ef gubátaferðir komast á, þá verður ómögulegt að halda prísunum á einokunarholunum mikið hærri eða lægri en annarsstaðar, því að þá liggur svo nærri að panta vörur frá þeim stöðum, þar sem verzlun er hagfelldari og senda vörur sínar þangað með bátnum. Nefndin hefir fyrir sitt leyti samþykkt breyt.-till. h. þm. Rangv. (Ól. Ól.); og við álítum, að gufubáturinn á Eyrarbakka mundi geta komið við á fleiri höfnum en nefndar hafa verið, t. d. Stokkseyri og í Þjórsárós. Það er líka vel athugandi, að í góðu veðri getur svona bátur, sem á svo hægt með að taka sig upp og er fljótur í förum, lagzt við sandana fyrir Rangárvallasýslu og fært þangað vörur og tekið við vörum. Þetta hafa norsk seglskip gjört hvert á fætur öðru, og þá ætti gufubátur ekki síður að geta gjört það.

Þá mun jeg verða að minnast dálítið á Vestmannaeyjakirkju. Stjórnin hefir stungið upp á, að 500 kr. væru veittar til þess að gjöra við turninn á henni, og fjárlaganefndin hefir fallizt á þessa fjárveitingu. Það er kunnugt, að kirkjan er landssjóðskirkja, og það er líka kunnugt, að landssjóður tekur við tekjunum af kirkjum sínum, en þá hvílir líka sú skylda á honum, að sjá um, að þær sjeu viðunanleg guðshús. H. þm. Rangv. (Ól. Ól.) þótti undarlegt, að meðhjálparanum væru borgaðar 26 kr. á ári af kirkjufjenu. En það eru alveg sjerstakar ástæður fyrir því. Kirkjan stendur hvorki á prestsetrinu nje í kaupstað og yfirhöfuð ekki hjá neinum bæ; það er því fyrir langa löngu komið á, að borga meðhjálparanum þessar 26 kr. fyrir umsjón og hirðing á kirkjunni. Að þessi hirðing sje ekki með öllu þarflaus, held jeg h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) hafi bezt borið vitni um, er hann minntist á, að þurft hefði að borga fyrir að moka snjó úr kirkjunni. En af hverju mun það hafa komið? Sjálfsagt af því, að kirkjan hefir ekki verið fokheld. Nú hriplekur turninn, og kirkjan liggur undir skemmdum, sje ekki gjört við hann. Jeg get ekki annað skilið, en að h. deild fallist á þessa fjárveitingu, sem í sjálfu sjer er ekki mikil, en er til að firra kirkjuna meiri skemmdum. Það er opt góður sparnaður, að gjöra heldur fyr en síðar við það sem aflaga fer.

Sigurður Jensson: Jeg ætla að leyfa mjer að tala fáein orð um breyt.till. nefndarinnar við 11. gr. 2. h., um aukalækni í Eyjahreppi og nokkrum hluta Barðastrandarsýslu. Þessi póstur hefir fengið nokkur mótmæli, en lítil meðmæli; meðmælin hafa einkum komið frá h. þm. Rangv. (Ól. Ól.), líklega af því, að hann mun vera einn af þeim fáu þm., sem kunnugur er, hvernig þar hagar til. Jeg bið h. deild að athuga það vel, að Vestureyingar eiga að leita læknis í Stykkishólm, en ekki að Brjámslæk. Eins og sjá má af kortinu, er sjóleið þangað 6 vikur sjávar, eða helmingi lengri en úr Reykjavík og upp á Akranes. Af þessu má sjá, hve óhægt muni fyrir Eyjamenn að ná í lækni og hvílíkur kostnaður það er. Það er ekki í fyrsta sinn nú, að beiðni kemur úr eyjunum um lækni, heldur hafa 5 sinnum áður komið bænarskrár til þingsins um það. 1887 lá við, að fjárlaganefndin veitti þetta, en þá spillti það fyrir, að

læknirinn í 5. læknishjeraði var um sömu mundir nýlega fluttur að Brjámslæk, og þá áleit nefndin að bætt væri úr brýnustu þörfinni, En þess er að gæta, að sá læknir er ekki skyldur að fara, þótt hans sje leitað úr Eyjunum. Hann hefir meira að segja lýst því yfir, að hann áliti sig ekki skyldan að fara út úr hjeraði sínu og mætti það ekki; og jeg get ekki láð honum, þótt hann vilji ekki takast á hendur ferðir út úr hjeraði sínu, sem opt geta tekið langan tíma. Að vísu hefir hann samt sem áður sinnt þeim, sem hafa leitað hans í vandræðum, af því hann er of góðsamur maður til að neita mönnum um hjálp, en hann er alls ekki skyldur til að gjöra þetta. Auk þess bætist það við, að í hjeraði hans er megn óánægja yfir því, að hann situr á Brjámslæk. Til þingsins hefir nú komið bænarskrá um aukalækni úr vesturhluta Barðastrandarsýslu, eða þá að lækninum verði þá uppálagt að flytja sig vestar í umdæmið.

Hæstv. landsh. hefir, mót von minni, heldur mælt á móti þessari tillögu, og kom mjer það mjög óvart; jeg get betur skilið, að þm., sem sjálfir hafa slíkar beiðnir meðferðis, sjeu á móti þessu, af því þeim þykir það spilla fyrir, að þeir fái sína aukalækna, ef þessi aukalæknir verður skipaður; honum fannst nærri hlægileg þessi óánægja yfir því, að læknirinn sæti á Brjámslæk, þar sem menn áður voru óánægðir með, að hann sat á Patreksfirði. Það getur verið, að það sje af því, að jeg hef fundið sjálfur til þess, hve óþægilegt það er, að geta ekki náð í lækni, að mjer finnst það ekki hlægilegt, þó að menn sjeu óánægðir yfir því, að læknirinn býr of langt í burtu frá þeim. Það er heldur engin ósamkvæmni í því, þó menn sjeu nú óánægðir yfir því, að læknirinn situr á Brjámslæk, en hafi áður verið óánægðir yfir því, að hann sat á Vatneyri. Því að þess er að gæta, að þegar ákveðið var, að hann sæti á Barðaströnd, þá var ekki meiningin, að hann skyldi setjast að yzt á henni. Lækninum sjálfum þykir það að minnsta kosti ekki óeðlileg krafa, að hann flytji sig.

H. þm. N.-Þing. (J. J.) taldi upp allar bænir, sem komið hefðu til þingsins um aukalækna, og sagði, að sízt væri ástæða til að veita þessari áheyrn af þeim öllum; hann sagði, að ekki þyrfti annað en líta á kortið til að sannfærast um það. Jeg verð að efast um, að h. þm. hafi öðlazt þessa sannfæringu af því, að skoða kortið. Að vísu má fá margvíslegt út við það að skoða kort, þegar maður er með öllu ókunnugur. Sá, sem rannsakaði kortið, gæti t. d. hæglega komizt að þeirri niðurstöðu, að óþarfi væri að hafa lækni í Vestmannaeyjum; þær eru litlar um sig, og stutt sjóleið til lands, ekki nema hjer um bil 2 vikur sjávar. Í Eyjahreppi eru nú hjer um bil eins margir íbúar og í Vestmannaeyjum, og nærri tvöfalt fleiri, ef Múlahreppur og Gufudalssveit upp á landi eru talin með, og sjóleið til Stykkishólms úr eyjunum er þrefalt lengri en úr Vestmannaeyjum til lands; þó þykir sjálfsagt að hafa sjerstakan lækni í Vestmannaeyjum, en þá er það líka meira en sjálfsagt að hafa hann í Eyjahreppi.

Viðvíkjandi gufuskipunum er það að segja, að jeg er einn af þeim, sem gjarna vilja losast við gufuskipafjelagið danska. Jeg þykist hafa fulla ástæðu til að vera óánægður við það fyrir mitt kjördæmi. En jeg álít, að við getum þó ekki verið án áreiðanlegra strandferða, er standa í sambandi við útlönd, vegna borgaranna, kaupfjelaga, og einstakra manna, sem panta vörur sínar frá útlöndum. Því var jeg móti því 1887

að styrkurinn til strandferða væri minnkaður eða tekinn af. Þó var hann minnkaður, en þegar ferðaáætlunin kom út, kom það í ljós, að strandferðunum var mjög haganlega skipað fyrir Vesturland. 1889 vildu Norðlendingar eins og eðlilegt var fjölga ferðum til sín, og var í því skyni styrkurinn til strandferða tvöfaldaður. Í fjárlaganefndinni studdi jeg þá uppástungu, að styrkveitingin væri orðuð þannig: Til sömu strandferða og verið hafa 9,000 kr., og til aukinna strandferða 9,000 kr. Þetta gekk fram á þingi, en þegar sú nýja ferðaáætlun kom, brá mjer heldur en ekki í brún; ferðum var að vísu fjölgað til Norðurlandsins, en til Breiðafjarðar fækkaði þeim. Af auknum ferðum lengu Breiðfirðingar ekki annað eða meira, en að þeir sáu það af ferðaáætluninni, að strandferðaskipin fóru fram hjá Breiðafirði bæði í fyrstu og síðustu ferð. Því var jeg með því í fjárlaganefndinni, að landssjóður leigði lítið gufuskip sjálfur, og tæki sjálfur að sjer strandferðir innanlands. En þó jeg væri með þessu, þá vildi jeg líka, að strandferðunum frá útlöndum væri haldið uppi líkt og 1888 og 1889, vegna kaupmanna og kaupfjelaga, sem nota þær ferðir og sem við megum ekki eyðileggja svona allt í einu. Þessi tillaga mætti svo mikilli mótspyrnu hjer í deildinni við 1. umr., að meiri hluti fjárlaganefndarinnar hefir sleppt sinni eigin tillögu og aðhyllzt aðra tillögu mjög ólíka hinni; hún hefir aðhyllzt það, að landssjóður taki að sjer bæði strandferðirnar og ferðir milli landa, og leigi til þess stórt skip, en ekki lítið skip, eins og upphaflega var til ætlað. Að þessu get jeg ekki gengið, einkum eptir að jeg hef heyrt hæstv. landsh. lýsa því yfir, að landsstjórnin treystist ekki til að taka að sjer umsjón með þessum ferðum. Jeg tel víst, að þetta fyrirkomulag mundi verða ærið kostnaðarsamt, þar sem meðal svo margs annars yrði að launa umboðsmönnum bæði í Englandi og Danmörku, og jeg er hræddur um, að þetta mundi allt falla um koll, er stjórnin tekur það að sjer með hangandi hendi og sárnauðug; úr því stjórnin sjálf treystir sjer ekki til að annast þetta, þá get jeg heldur ekki treyst henni til að framkvæma það, svo vel fari. Jeg mun því halda mjer að gömlu tillögu nefndarinnar, að kosta 9,000 kr. til ferða frá útlöndum, og gjöra út lítið skip til strandferða. Við þetta er miklu minni kostnaður og umsvif. Hjer í Reykjavík mun auðvelt að fá mann til að hafa alla umsjón með þessum ferðum. Ýmsum hefir vaxið í augum kostnaðurinn við þetta, en jeg tel víst, að hann verði töluvert minni en 50,000 kr., þó nefndin hafi nefnt þá upphæð, eins og jeg aptur á móti tel það víst, að kostnaðurinn verði töluvert meiri en 50,000 kr., ef leigt er stórt skip, er jafnframt fari landa á milli.

Landshöfðingi: Jeg tek til máls einungis til að leiðrjetta misskilning, sem kom fram í ræðu h. þm. Barðstrendinga (S. J.). Jeg skildi ekki betur, en að hann beindi því að mjer, að jeg hefði lagt á móti því, að skipaður væri læknir í Eyjahreppi á Breiðafirði. Þvert á móti, jeg er því mjög meðmæltur, að þar sje skipaður læknir, bæði af því hvernig eyjarnar eru settar, og af því að læknirinn á Brjámslæk er ekki skyldur að gegna læknisstörfum í eyjunum. En jeg var á móti því, hvernig tillaga fjárlaganefndarinnar er orðuð; það er fráleitt að binda skipun læknis í Eyjahreppi því skilyrði, að læknir í öðru hjeraði verði fyrst að flytja burtu. Það getur líklega ekki komizt að, eptir því sem þingsköpin hafa verið skilin, að bera þennan tölulið upp í tvennu lagi, þótt ástæða væri

til þess, svo að þeir sem vilja að læknir sje skipaður í Eyjahreppi, geti greitt atkvæði með því, en greitt atkv. móti skilyrði nefndarinnar, ef þeim sýnist svo.

Gunnar Halldórsson: Fyrst ætla jeg að minnast lítið eitt á búnaðarskólana. Það hafa komið fram ýmsar breyt.till. við frumv. stjórnarinnar um styrkinn til þeirra; sumar vilja hækka hann, aðrar lækka. Styrkurinn til skólans á Eiðum hefir verið eptir breyt.till. h. fjárlaganefndar hækkaður um 500 kr., en lækkaður að sama skapi styrkurinn til Hvanneyrarskólans. Jeg skal geta þess í sambandi við þetta, að þegar jeg sá álit fjárlaganefndarinnar, þá lá við, að jeg væri fyrst samþykkur þessari lækkun, einkum af því, að á suðurleiðinni hafði jeg haft tal af mönnum í nágrenni við skólann, og heyrðist mjer þeir gjöra sjer litla von um, að honum mundi framfara auðið, með þeirri forstöðu, sem hann hefir haft þessi árin. Líka liggur hjer á lestrarsalnum fundargjörð úr Mýrasýslu, er bendir á, að þetta sama vantraust nái þangað. En í byrjun eiga fyrirtæki optlega örðugt uppdráttar, og misjafnir dómar eru felldir um þau; því finnst mjer ekki nægileg ástæða til að draga úr styrknum til skólans að þessu sinni. Jeg vona, að skólinn standi til bóta, að hægt sje að bæta úr annmörkunum og kippa skólastjórninni í lag. Jeg hugsa mjer því að fylgja stjórnarfrv.

Það hefir mikið verið talað um styrkinn til búnaðarfjelaganna, og að ekki mundi gild ástæða til, að veita þeim eins mikinn styrk og farið hefir verið fram á, þar sem óvíst sje, hvernig fjenu sje varið. Að svo miklu leyti sem jeg þekki til, efast jeg um að nokkur styrkur til framfara landbúnaði hafi komið að betri notum en þessi, sem búnaðarfjelögunum hefir verið veittur. Búnaðarfjelögum hefir fjölgað mjög seinni árin, og kapp vaknað þeirra á milli að afkasta einhverju töluverðu. Jeg hallast því að þeirri tillögu, að þeim sjeu veittar 12000 kr. og búnaðarfjelagi Suðuramtsins auk þess 2000 kr., jafnvel þótt mjer sýnist það nokkuð mikið handa því fjelagi, sem á svo stóran sjóð, og er orðið svo gamalt og gróið.

Þá kem jeg að kennslubókunum, og get jeg ekki annað en verið með því, að styrkurinn til útgáfu þeirra sje settur 500 kr., einkum af því, að jeg hef talað við ýmsa búfræðinga, sem á búnaðarskólanum hafa verið, og hafa þeir sárkvartað yfir því, hvað örðugt það hafi verið, og hvað mikið það hafi tekið af þeim stutta skólatíma, sem þeim er ætlaður, að læra dönsku og á danskar bækur.

Um 25. lið C. 4, g, hef jeg ekki ástæðu til að tala; um hann hefir svo ýtarlega verið rætt; að eins treysti jeg því, að h. deild samþykki hann.

Þá koma verðlaun handa þeim, sem finnur ráð við bráðaprestinni. Að vísu tel jeg lítil líkindi til, að nokkur finni óyggjandi meðal gegn henni á þessu fjárhagstímabili; þó mun jeg greiða atkvæði með því, að þeim sje heitið; það getur orðið til þess, að menn leggi sig meir eptir að finna ráð við henni, og hjer er um landplágu að ræða og hana þunga.

Þá kem jeg að 30. tölulið um vegabætur á aðalpóstleiðum. Jeg er algjörlega með breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.) og mun gefa henni atkvæði mitt. Þegar um þá tillögu h. nefndar er að ræða, að veita 400 kr. til sæluhúsbyggingar á Þorskafjarðarheiði, þá er jeg henni hlynntur, en mjer blandast ekki hugur um, að 400 kr. muni vera allt of lítil upphæð, ef sæluhúsið á að geta komið að fullum notum á vetrum, en til þess mun það einkum vera ætlað.

En um leið og húsið er byggt, þarf að varða heiðina, því að fyrsta skilyrðið fyrir að húsið komi að notum, er að það finnist.

Hjer liggja fyrir ýmsar tillögur um styrk til gufuskipsferða. Fyrst er tillaga nefndarinnar, að landssjóður leigi skip fyrir 50,000 kr. og haldi því út til strandferða og þar að auki leggi landssjóður til 9000 kr. til strandferða frá útlöndum. Undir eins og jeg sá þetta, verð jeg að segja, að jeg gat ómögulega fellt mig við það, að landssjóður legði fje í sölurnar til þess að halda út strandferðaskipi á eigin kostnað, og um leið borgaði strandferðir frá útlöndum, sem hljóta að konkurrera við hinar ferðirnar. Það verður að vera svo, að skipið frá útlöndum komi víða við, ef það á að geta orðið að liði þeim borgurum, sem fá vörur sínar frá útlöndum, en af því leiðir, að það hlýtur að taka mikla flutninga frá landsins eigin skipi. Jeg hef því með h. 1. þm. Ísf. (S St.) komið með þá breyt.till., að landssjóður taki líka að sjer ferðirnar milli landa. Jeg vil að hann gjöri mannalega tilraun til að sjá bæði um strandferðir og að það strandferðaskip sje svo útbúið, að það sje hæfilegt til vöruflutninga landa á milli. Jeg sje sannast að segja engin sjerleg tormerki á, að þetta geti gengið.

Það er rjett, sem hæstv. landsh tók fram, að landsstjórnin er fyrst í stað ókunnug því, hvernig bezt sje að haga umsjón allri með strandferðaskipinu, en með góðum vilja ætti það fljótt að lagast, og þó af þessu gæti leitt, að vjer hefðum í fyrstu færri strandferðir en æskilegt er, þá vona jeg,að eptir svo sem tvö ár verði menn fúsir að fjölga þeim, og jafnvel vilji halda úti öðru skipinu til. En ef menn vilja ekki leggja út í eins mikið og við fórum fram á, og mjer heyrast sumir ekki treysta sjer til þess, þá lýsi jeg því yfir, að jeg get ekki verið ánægður með breyt.till. frá h. þm. Mýr. (Á. J.) o. fl., þar sem svo er að sjá, sem þeir voni eptir, að þeir geti fengið strandferðir kring um mikinn hluta landsins fyrir 12,000 kr. Jeg hef sjeð hjer á lestrarsalnum tilboð frá herra kaupm. O. Wathne um að takast á hendur strandferðir frá Reykjavík til Skagafjarðar austan um land fyrir 1000 kr. Þetta tilboð hafa þeir líklega haft fyrir augum, þegar þeir sömdu breyt.-till., og þess vegna bætt 2000 kr. við, og um leið ætlazt til, að þær strandferðir næðu að Horni í Ísafjarðarsýslu. Í fljótu bragði sýnist þetta tilboð álitlegt; það eru taldir mjög margir staðir, sem hann býðst til að koma við á, en það vantar, að ekki er getið um, hvað margar ferðir hann vilji fara. Þegar jeg fer að athuga málið betur, þá verða strandferðirnar eptir þessari breyt.till. ekki svo ódýrar; til þeirra á þó að kosta 12,000 kr., og auk þess 9000 kr. til strandferða frá útlöndum; því að þess er að gæta, að þetta er borgað út án þess að eiga von á að fá nokkuð í aðra hönd. Mjer blandast ekki hugur um, að ef landið þorir ekki að kosta strandferðir sínar sjálft, þá muni jeg halla mjer að sameinaða gufuskipafjelaginu. Jeg get ekki sagt með h. þm. Barðstr. (S. J.), að jeg vilji breyta til, til þess að losast við sameinaða gufuskipafjelagið. Jeg get sem sagt ekki gefið breyt.till. h. þm. Mýr. (Á. J.) atkvæði, því að þótt hún sýnist í fljótu bragði álitleg, þá hefir hún þann stóra galla, að eptir henni er eiginlega ekki um strandferðir kring um landið að ræða; það á að skipta því í parta; en mjer finnst þó nauðsynlegt að haga þeim svo, að vestur- og norðurland geti átt greið samskipti. Þá

kemur styrkur til gufubáta; honum er jeg hlynntur, og mjer sýnist landssjóður ekki geta á annan hátt greitt meir fyrir samgöngunum með ekki meira fje. Því hefir verið slegið fram, að ekki væri ástæða fyrir landssjóð að bjóða fram fje að fyrra bragði til gufubátaferða, þar sem vissa sje fyrir, að landssjóður muni fús til að styrkja, þá þegar þeir sjeu komnir. Þetta tilboð landssjóðs er þó til að hvetja menn til að fá bát sem fyrst, og enginn skaði er að því, þótt það standi í fjárlögunum. Jeg er fullkomlega samþykkur því, að sýslufjelögin leggi nokkuð úr sínum sjóði til gufubátaferðanna; jeg held þau hafi meira að segja gott af því; þau geta þá betur ráðið því, hvernig ferðunum er hagað, og jeg gæti trúað að menn muni þá hugsa meira um að nota bátana en ella. Sumir menn hugsa sem svo, ef bátarnir koma: jeg hef komizt af án þeirra hingað til og get það líklega enn; en eigi að borga til þeirra, þá verður það hvöt fyrir þá til þess að nota þá líka.

Þá kem jeg að aukalæknunum. Jeg get fullkomlega fallizt á, að nýr aukalæknir sje skipaður í Ólafsvík. Dálítið öðru máli er að gegna með Eyjahrepp, meðfram af því, að sá læknir á líka að þjóna næstu sveitunum á landi. H. þm. Barðstr. (S. J.) tók það fram, eins og náttúrlegt er, að mjög örðugt er með að ná í lækni á landi úr eyjunum, en þar sem jeg býst við, að þessi nýi læknir verði settur í einhverja eyna, þá skil jeg ekki í, að svo mikið hægra verði að ná í hann úr landi eða jafnvel hinum eyjunum í illviðrum og stormi. Sú eina ey, er hann sæti í, gæti haft verulegt gagn af honum, og að því leyti er það bót, en þó svo lítilfjörleg, að jeg ekki get verið með, að fyrir það sje vert að stofna nýtt aukalæknishjerað. Eptir því sem á stendur með læknaskipun, álít jeg meiri þörf á lækni víða annarsstaðar en í Eyjahreppi; þar á meðal tel jeg það, sem okkur þm. Ísafjarðarsýslu var falið á hendur, að reyna að útvega aukalækni á Hornstrandir. Við höfum ekki álitið okkur fært að koma með þessa beiðni, en ef þessi læknir fæst, sje jeg ekki ástæðu til annars en að við reynum að koma okkar lækni að, því að jeg er viss um, að þingið muni álíta meiri en ekki minni þörf á honum, en á lækni í Eyjahreppi.

Jón Jónsson, 1. þm. N.-Múl.: Af því að jeg var svo óheppinn, að lenda í fjárlagnefnd, sem hefir nú fengið svo harðan dóm hjá mörgum h. þingdm., þá ætla jeg að leyfa mjer að tala fáein orð. Jeg finn yfir höfuð að tala ekki ástæðu til að tala um hinar almennu athugasemdir, sem gerðar hafa verið við aðalstefnu nefndarinnar í fjármálunum, því h. framsögum. (S. Th.) hefir svarað þeim svo rækilega. Þó vildi jeg leyfa mjer að gera eina athugasemd því viðvíkjandi. Það heyrðust hjer við 1. umr. margar raddir um óskynsamlegar fjárlagastefnur, sem fjárlaganefndin hefði tekið.

Einkum var það h. þm. Snæf. (P. Br.), sem talaði svo mikið um, að fjárlaganefndin hefði gert sitt til að sólunda því fje, sem safnazt hefði í landssjóðinn næstliðið ár, og fleiri hafa farið líkum orðum um aðgjörðir nefndarinnar. Eptir þessu skyldi maður hafa ætlað, að breyt.-till. einstakra þm. mundu fara í þá átt, að breyta sem flestum uppástungum nefndarinnar, og stefna þeim meira í sparnaðaráttina; en það er öðru nær, en að svo hafi reynzt, því alls ein breyt.-till. af þeim 13, sem fram hafa komið, miðar til að spara fje landsins, en hin-

ar allar fara fram á, ýmist að nýjum útgjöldum sje bætt við, eða að hækka útgjaldatillögur nefndarinnar. Þetta finnst mjer benda á, að sparnaðarandinn hjer í deildinni, fyrir utan fjárlaganefndina, hafi ekki verið eins rótgróinn, eins og látið var í veðri vaka.

Jeg stend sjerstaklega upp til þess að verða við áskorun h. framsögum. (S. Th.) viðvíkjandi styrknum til Hvanneyrarskólans, sem hann vildi láta vera hinn sama, sem stjórnin stingur upp á í frv. sínu, en sem meiri hluti nefndarinnar vildi lækka. Af því jeg var einn í þessum meiri hluta, skal jeg nú stuttlega skýra frá, af hvaða ástæðum jeg var með því að lækka styrkinn til þessa skóla.

Fyrst skal jeg taka það fram, að því er snertir búnaðarskólana yfir höfuð, að jeg er algjörlega samþykkur h. þm. N.-Þing. (J. J.) og h. þm. Vestm. (I.E.), að það hafi verið mesta óráð, að stofna og kosta svona marga búnaðarskóla á landinu. Jeg hefi áður lýst þessari skoðun minni opinberlega, og verð að halda fast við hana enn. Jeg held það hefði verið hyggilegra þegar í upphafi, að hafa fyrir sjer dæmi Norðmanna, sem þá voru horfnir frá þeirri hugmynd, að hafa marga skóla, en vildu hafa skólana fáa, en styrkja þá því betur. Það er nú opt sagt, að vjer Íslendingar megum eigi fara eptir því, sem er hjá öðrum þjóðum, en í einu er oss þó óhætt, að fylgja annara þjóða dæmum, og það er í því að færast ekki í fang að kosta stofnanir, sem miklu ríkari og fólksfleiri þjóðir treysta sjer eigi að kosta. Því ekki hefir vor fámenna þjóð fremur efni til þess. Jeg held líka, að búnaðarskólarnir hjer hafi verið styrktir með hangandi hendi, og sú styrkveiting borið vott um, að þingið og þjóðin tryði eigi á framtíð þeirra svona margra. Styrkurinn hefir jafnan verið svo lítill, að þeir hafa ekki getað komið sjer fyrir, eins og þeir hefðu átt að vera. Þegar því er að ræða um, að þingið styrki búnaðarskólana, þá verð jeg að álíta rjett, að taka tillit bæði til þess styrks, sem þeir hafa úr öðrum áttum, og til þess álits, sem þeir hafa á sjer hvor um sig. Jeg tók tillit til þess hvorutveggja, þegar jeg greiddi atkvæði með því í nefndinni, að lækka styrkinn til Hvanneyrarskólans. Þessi skóli fær miklu meira fje annarsstaðar að, en t. d. Eiðaskólinn, því hann fær bæði búnaðarskólagjald suðuramtsins, sem nemur árlega um 1620 kr., og enn fremur vexti af búnaðarskólasjóði amtsins, sem nema 1613 kr. Suðuramtið hefir sem sje lagt upp allt búnaðarskólagjald, sem greitt var þangað til þessi skóli var stofnaður, eins og hin ömtin gerðu líka, en bæði er búnaðarskólagjald suðuramtsins langhæst árlega, og svo var Hvanneyrarskólinn síðast stofnaður, og búnarskólasjóður suðuramtsins var því miklu hærri en í hinum ömtunum, þegar til hans þurfti að taka.

Búnaðarskólagjaldið í Norður- og Suður-Múlasýslu, sem allt til þessa hafa verið saman um Eiðaskólann, hefir allt verið brúkað í þarfir skólans, bæði það sem árlega gelzt og sem áður hafði safnazt, til þess að sýslufjelögin þyrftu ekki að biðja nema um sem minnstan styrk úr landssjóði. Auk þess hafa Múlasýslurnar lagt stórfje úr sýslusjóði til Eiðaskólans. Jeg verð þess vegna að leggja mikla áherzlu á það, að suðuramtið leggur svo lítið árlega til Hvanneyrarskólans, að það kemst ekki í neinn samjöfnuð við það, sem Múlasýslurnar leggja árlega til Eiðaskólans,

af því Hvanneyrarskólinn hefur svo mikinn fastan tekjustofn, sem Eiðaskóli hefur ekki, og því finnst mjer ekki sanngjarnt gagnvart Austfirðingum, að Sunnlendingar fái svo mikinn styrk til búnaðarskóla, að þeir þurfi ekkert aukagjald að leggja á sig árlega og ekki taka á gömlum peningabyrgðum. En Austfirðingar þurfa fyrst að eyða upp öllum gömlum tekjum og leggja svo á sig stór aukagjöld að nýju, til eins skóla. Þegar jeg nú, auk þessa, verð að taka tillit til þess álits, sem búnaðarskólarnir hafa fengið, og álit manna á Hvanneyrarskólanum ekki er nærri glæsilegt, eptir því sem jeg hefi komizt að raun um af viðtali við greinda búmenn, og þeir sem búa í nánd við skólann helzt hafa óskað, að skóli þessi væri ekki til, þá hefi jeg orðið að vera með því, að lækka styrkinn til þessa skóla, og það því fremur, sem búnaðarskólastjórinn sjálfur hefur gefið eina miður fallega upplýsingu í skýrslu sinni um þennan skóla. Hann getur þess í skýrslunni, að sjer hafi í fyrra ekki tekizt að ná inn allmiklu af heyi, en segir um leið, að þetta geti ekki talizt búnaðarskólanum einum til hneysu, og virðist mjer á þeim ummælum, að honum hafi þótt það hneysa fyrir búnaðarskólann, en ekki hann einan, því fleiri hafi ekki náð heyjum sínum. En jeg hefi heyrt, að menn hafi getað hirt hey sín á öllum bæjum í kring um Hvanneyri. Þetta tek jeg fram, ekki til að fullyrða það sje satt, heldur til þess, að þeir, sem kunnugri eru en jeg, geti borið þetta til baka, ef sögusögnin hefur ekki við neitt að styðjast. En sje hún sönn, þá á sannarlega að halda henni á lopti, til leiðbeiningar við styrkveiting til skólans.

Þá kem jeg til þeirrar einu breytingartillögu, sem jeg gat um áðan, að miðaði til að spara fje. Það er breytingartill. h. 1. þm. Ísf. (S. St.) o. fleiri. Það er eptirtektavert, að efst á blaði, hjá þessum h. þingm., af því sem þeir vilja spara, er styrkurinn til búnaðarfjel. — Þar næst styrkur til gufuskipsferða umhverfis landið, og svo styrkur til vegfræðings. Jeg bið h. þingd. menn, að taka vel eptir, að þetta er það, sem þessir h. þm. sjá helzt brýna þörf á að spara. Hvað snertir búnaðarfjelögin, þá get jeg ekki skilið það, að menn skuli ekki vilja styrkja þessi fjelög meira en verið hefur, ef menn á annað borð vilja styrkja þau nokkuð. Annaðhvort er að stryka styrkinn alveg út, eða styrkja þau svo að muni um; ef styrkurinn er eigi til neins, er eigi vert að vera að búta þannig niður landssjóðinn. En jeg hef nú fulla trú á að þessi styrkur gjöri verulegt gagn og greiði jeg þess vegna atkvæði með hærri upphæðunum. Að því er snertir 29. breytingartill. frá h. þm. Mýr. (Á. J.) o. fl., um að fella burtu 3000 kr. annað árið til að útvega hingað vegfróðan mann, þá get jeg með engu móti fallizt á hana, því jeg held, að öllum megi vera það ljóst, að slíkur maður hafi hjer nóg að gjöra bæði árin á fjárhagstímabilinu, og enda meira en hann kæmist yfir.

Að því er snertir styrkinn til gufuskipsferðanna, þá hefur verið rætt svo mikið um hann, að það má segja, að það sje að bera í bakkafullan lækinn, að fara um hann fleiri orðum. Nefndinni hefur verið borið á brýn, að hún hafi sýnt hviklyndi í því, að hverfa svo fljótt frá sinni eigin till., og snúa sjer að breytingartill. h. 1. þingm. Ísf. (Sig. St.). Jeg get nú ekki sjeð, að svo sje. Hugmyndin er hin sama í breytingartill. h. 1. þm. Ísf. (S. St.), eins og í breytingartill. nefndarinnar, þótt hann að vísu gangi lengra, því nefndin varð að fallast á, að einmitt það, að láta

skipið jafnframt ganga til útlanda, gæfi meiri vissu um verulegar tekjur af fyrirtækinu. En við atkvæðagreiðsluna í gær um tekjubálkinn sýndi það sig, að breytingartill. h. 1. þm. Ísf. (S. St.) hefur ekki góðan byr hjer í þingd., en jeg hefi enn ekki getað sannfærzt um, að þetta sje rjett. H. 1. þm. Ísf. (Sig. St.) tók það fram, að ef tillaga hans næði eigi fram að ganga, þá mundi hann helzt hallast að því, að veita eins og áður, styrk til gufuskipafjelagsins danska, og enda meiri styrk en áður. Þessu er jeg alveg á móti, enda furðaði mig á því, að h. 1. þm. Ísf. (S. St.) skyldi koma með þessa tillögu.

Jeg hefði heldur óskað, að landið sjálft hefði tekið gufuskipaferðirnar að sjer, ekki af því, að jeg ímyndi mjer, að það fyrirtæki mundi í bráðina geta orðið nein fullkomlegleikans fyrirmynd, heldur af því, að jeg vil jafnvel leggja nokkuð í sölurnar til þess að kaupa reynslu fyrir því, hvort þess konar fyrirtæki muni ekki geta lánazt. En ef þetta getur ekki gengið, þá mun jeg halla mjer helzt að breytingartill. h. þm. Mýr. (Á. J.) o. fl. þm. undir 36. tölul. á atkvæðaskránni. Jeg held, að landsmenn hafi ekki verið eins óánægðir með neitt, eins og gufuskipsferðir gufuskipafjelagsins danska, og sú óánægja hefur alls ekki verið að ófyrirsynju. Skipin hafa aldrei komið á margar hafnir, sem menn þráfaldlega hafa óskað eptir, að þau kæmu á. Ferðaáætlununum hefur ár eptir ár verið haldið í sama horfinu, og þar með öllu viðskiptalífi landsbúa. Gufuskipafjelagið hefur sýnt stirðleika og hlutdrægni í viðskiptum við landsmenn; það hafa opt orðið skemmdir á vörum, og engar bætur fengizt. Fjelagið hefur rofið samninga sína við landsstjórnina, og engu góðu til svarað. Jeg skal taka það upp aptur, að mig furðaði á því, að h. 1. þm. Isf. (Sig. St.) skyldi vilja veita jafnvel meira fje til þessa fjelags en að undanförnu, þar sem hann jafnvel tók það fram, að talsverðu af skemmdum mat og vörum hefði verið mokað upp úr einu af skipum fjelagsins, og að menn hefðu orðið að bíða þetta bótalaust. Hvað mælir með því, að halda við slíkt fjelag, og veita því enda aukinn styrk? Það hefur ýmislegt verið haft á móti fjárveitingunni til gufubátsferða á Austfjörðum. Jeg get gefið þá upplýsingu, að bænarskrá um þennan styrk var sjerstaklega komin fram af því, að mönnum eystra leikur mjög hugur á, að freista uppsiglingar í Lagarfljótsós. Upp með því fljóti er stórt og fjölmennt hjerað, þ. e. Fljótsdalshjerað, sem mundi hafa ómetanlegt gagn af því, ef það heppnaðist að koma upp verzlun við Lagarfljót. Allir aðflutningar í Fljótsdalshjeraði eru afar-erfiðir og kostnaðarsamir. Það er t. d. fullt eins dýrt að flytja timbur upp í hjeraðið, eins og kaupa það, og heiðar, sem sækja verður yfir í kaupstaðinn, eru opt ekki færar, fyr en undir slátt, einkum í bágum árum; og á þeim tímum er, eins og menn vita, allt annað að gjöra í sveitum en fara kaupstaðarferðir.

Öllum kemur saman um, að mögulegleiki sje á því, að sigla upp í ósinn, en til þess þarf sjerstaklega útbúin skip, skip sem ekki rista eins djúpt, eins og skip almennt gjöra, og gufubát til að draga þau. Til þess hefur verið sókt um styrkinn, að hægt væri að kaupa slíkan bát, og eins er þessi bátur ætlaður til að fara inn á smærri firði og víkur, sem stærri gufuskip ekki geta farið inn á.

H. framsögumaður (Sk. Th.) tók það fram í gær, að það mundi þykja merkilegt, að lesa það í annálum landsins, að árið 1891 hefði þingið ekki haft dug

til að greiða fyrir samgöngum landsins með 50,000 kr. fjárupphæð til gufuskipaferða. Jeg held að eptirkomendunum muni þykja fleira merkilegt við fjárhagsstefnu þessa tíma, t. d. það, að þingið skuli ár eptir ár gefa atkvæði með, að goldið sje úr landssjóði um 190,000 kr. á ári til dómgæzlu og gjaldheimtu, reikningamála og umboðsstjórnar í þessu litla landi, hjá þessari friðsömu og fátæku þjóð, án þess þingið hugsi nokkuð um, hvort ekki mætti koma þessu fyrir á kostnaðarminni hátt, en sama þingið fer strax að hugsa um kostnaðinn, þegar efla á samgöngur, og enn fremur, að úr landssjóði skuli goldið árlega um 50,000 kr. í eptirlaun, án þess að þingið gjöri nokkuð verulegt til að fá því afstýrt. Líka get jeg ímyndað mjer, svo jeg nefni nú eitthvað smátt líka, að seinni tíma mönnum muni þykja merkilegt að sjá, að þingið hefur á þessu ári viljað verja 500 kr., til að setja bót á einn kirkjuturn.

Skal jeg svo eigi fara fleirum orðum um þetta, en jeg vildi beina ofurlitilli fyrirspurn til h. þingm. Vestm. (I. E.); þess var getið að landssjóður þyrfti að launa meðhjálpara á Vestmannaeyjum, gagnstætt því sem er annarstaðar. H. þingm. Vestmanneyja (I. E.) sagði, að kirkjan þar væri ekki hjá nokkrum bæ eða í kaupstað. Heldur ekki h. þingm. að hann gæti komið því leiðar, að maður sá, sem hingað til hefur fengið laun fyrir, að vera meðhjálpari í Vestmannakirkju, gæti í þess stað, eptir að þessi veglegi turn væri reistur, haft leigulausan bústað í turninum? Það væri sparnaður fyrir landssjóð.

Sveinn Eiríksson: Það er búið að ræða svo mikið um styrkinn til búnaðarskólanna, að jeg kem mjer varla til að lengja umræðurnar um það mál, jafnvel þó mörgu mætti þar við bæta og jafnvel þyrfti mörgu við að bæta. Jeg vil þó taka það fram, að þar sem greinilegar skýrslur eru fram komnar frá skólastjóranum á Eiðum um búnaðarskóla-ástandið þar og virðast allar bera með sjer, að hann sje á framfaravegi, þá hika jeg ekki við að greiða atkvæði með fyllsta styrk, er hjer er farið fram á, til þess skóla.

En að því er snertir búnaðarskólann á Hvanneyri, verð jeg að vera á öðru máli. Eptir þeim upplýsingum, sem jeg hefi þegar fengið um þann skóla, held jeg helzt, að sú upphæð, er h. fjárlaganefnd hefir í álíti sínu stungið upp á, sje næsta nóg, og tillagið til hans ætti máske ekkert að vera. Jeg skal bæta því við það, sem h. 1. þingm. N.-Múl. (J. J.) tók fram um þennan skóla, að þar, en líklega hvergi annarsstaðar í þeirri sýslu, hafi mikið hey orðið úti í fyrra, og byggði það á skýrslu skólastjórans sjálfs, að jeg hefi heyrt, að skólastjórinn sjálfur væri opt vikum, að jeg ekki segi mánuðum, saman burtu frá skólaheimilinu; þá hefir mjer dottið hug, að eðlileg afleiðing af því mundi geta verið sú, að hey yrði úti á haustin. Ef þetta og því líkt skyldi satt vera, þá verð jeg að telja ísjárvert að styrkja þessa stofnun af landsfje.

Annars verð jeg að vera á sama máli og h. þm. Vestm. (I. E.) um það, að þessar búnaðarskóla-hyttur gjöri ekki mikið gagn. Jeg verð að álíta að einn skóli mundi gjöra margfalt meira gagn, ef hann fengi eins mikið tillag, eins og nú gengur til allra þessara smáskóla. Slíka stofnun væri vert að styrkja ríflega, þar sem hún gæti breitt út frá sjer mikla verklega og þar að auki bóklega kunnáttu.

Breytingartill. undir 21. tölul. við 10. gr. C. 4. b. um 12,000 kr. styrk til búnaðarfjelaganna vil jeg helzt aðhyll-

ast; þótt þessi fjelög hafi hingað til verið í smáum stýl, þá er jeg sannfærður um, að þau eru búin að gjöra búnaði vorum margfalt meira gagn en búnaðarskólarnir hafa gjört hingað til.

Styrknum til fjenaðarsýninga er jeg heldur ekki mótfallinn.

Sömul. vil jeg gjarnan veita þessa litlu upphæð, 200 kr., til laxaklaks í Dalasýslu, því það ber þó vott um ofurlítinn framfara-anda.

Þá skal jeg minnast lítið eitt á þennan 4000 kr. styrk til þilskipaábyrgðarfjelags í Ísafjarðarsýslu. Um þennan styrk segi jeg það, að hann er betri en ekkert til að efla þennan aðalatvinnuveg landsmanna. Ábyrgðarfjelag þetta, ef það efldist, mundi vafalaust leiða af sjer eður stuðla til þess, að einstakir menn færu heldur að ráðast í að koma sjer almennt upp þilskipum, sem er vafalaust hinn fyrsti vísir eða fyrsta stig til verulegra framfara í fiskiveiðum vorum, og gef og honum því eindregið atkv.

Að því er snertir styrk til þess manns, er kynni að finna óbrigðult ráð við bráðasóttinni, þá er víst ekki ástæða til að vera á móti honum; hann er ekki svo stór, því það er víst og satt, að bráðasóttin í sauðfje voru gjörir opt og tíðum næsta mikið tjón. Annars held jeg að nóg hefði verið að auglýsa í dagblöðunum, að sá, sem fyndi slíkt ráð, gæti sjálfsagt átt von á dálitlum styrk eða dálítilli viðurkenningu. En jeg er hræddur um að þetta ráð finnist ekki fyrst um sinn.

Jeg er með styrknum til að gefa út kennslubækur á íslenzku handa búnaðarskólum, því jeg álít það gangi hneyksli næst, að neyða íslenzka pilta til að læra íslenzka búfræði á dönskum kennslubókum; þeir sem vildu lesa erlendar kennslubækur í þeirri grein, gætu það gjarnan fyrir því, þó að þeir, sem ekki vildu eða eigi hefðu efni á því, væru ekki kúgaðir til þess.

Jeg er sömuleiðis með því að leggja fram styrk til vegfróðs manns bæði árin. Jeg held, eptir því, sem vegir á Íslandi eru enn á sig komnir, að það veitti ekki af, þó slíkur maður væri hjer að staðaldri.

Það hefir verið stungið upp á ýmsum upphæðum til vegagjörða á aðalpóstleiðum. Jeg fyrir mitt leyti hallast eindregið að breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.), um að veita til þeirra 30,000 kr. hvort árið. Vegir eru víða hinir verstu, ekki sízt í Austur-Skaptafellssýslu, þar sem jeg þekki bezt til. Þar eru víða hreinar vegleysur, og vafalaust hvergi eins brýn nauðsyn til að gera veg, eins og á aðalpóstleiðinni gegnum þá sýslu, nefnil. á vegasvæðinu frá Steinasandi að vestan til Staðarár að austan; enda vona jeg að landsstjórnin eða hæstv. landsh. ráði sem fyrst bót á því.

Viðvíkjandi hinum margumræddu styrk til gufuskipaferðanna skal jeg geta þess, að jeg hefði helzt viljað, að landssjóður tæki ferðirnar að sjer, að hann tæki í þeim tilgangi skip á leigu fyrir 50,000 kr. En nái þessi uppástunga ekki fram að ganga, þá held jeg helzt að jeg halli mjer að þeirri uppástungu h. þm. Mýr. (Á. J.) o. fl., að veita 12000 kr. styrk til Otto Wathne.

Þessi maður er búinn að sýna, að hann er öruggur og duglegur maður, og þó hann hafi brotið skip sín einstöku sinnum, þá hefir hann óðara aflað skipa aptur, og sýnir þar með, að hann er ekki blásnauður, eða þá að einhver stendur á bak við hann.

Viðvíkjandi styrkjunum til gufubátanna er það að segja, að jeg er þeim öllum meðmæltur, einkum þó till. h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) um styrk til gufu-

bátsferða með suðurströndum landsins, því þar er þörfin mest fyrir þessar ferðir, þar sem aðrar strendur landsins hafa meira og minna gagn af gufuskipaferðunum. En af því að það getur opt komið fyrir, að ómögulegt er að lenda við sandana, þá vildi jeg helzt, að báturinn gæti líka gengið lengra austur á bóginn, t. d. austur á Kárahöfn og jafnvel austur í Hornafjörð, því þar gæti hann ætíð haft öruggt hæli, hvernig sem viðraði. Endurbæturnar á Langholts- og Prestsbakkakirkjum álít jeg alveg nauðsynlegar, og gef því atkvæði með styrknum til þeirra.

Árni Jónsson: Það ætlar nú að fara að togna heldur mikið úr umræðunum, og er mjer ekki geðfellt að lengja þær mikið, en vegna þess að jeg á breyt.-till. við þennan kafla, neyðist jeg til að tala lítið eitt um fáein atriði.

Það var sagt hjer í gær, mig minnir af h. þm. N.-Þing. (J. J.), að búnaðarskólar vorir væru vandræðagripir, og h. framsögum. (S. Th.) sagði, að það væri reynsla fyrir því, að þegar búfræðingar reistu bú, bæru fæstir þeirra af öðrum bændum, nje væru til fyrirmyndar. Þegar þetta er borið saman, sjest það berlega, að um vandamál er að ræða, þar sem er styrkveiting til búnaðarskóla. Það hefði verið æskilegt að ekki hefðu þotið upp svo margir búnaðarskólar, en að menn hefðu fylgt hyggilegri tillögu hins núverandi skólastjóra á Hvanneyri, sem kom fram í Andvara fyrir fáum árum, að hafa einungis einn búnaðarskóla, eins og reynsla manna í Noregi hafði sýnt að gafst bezt.

Sá búnaðarskólinn, sem síðast var stofnaður, virðist eiga erfitt með að festa fætur. Jeg skal geta þess, af því nú er að ræða um styrk til þessa skóla, að þeir sem jeg hafði tal af á Mýrunum, sögðu mjer, þegar jeg var þar á ferð til þings, að þeir vildu helzt sem fæst tala um þá stofnun, og álitu hana ekki til fyrirmyndar. Á þingmálafundi Mýramanna kom búnaðarskólamálið til umræðu, og var þar samþykkt að skora á alþingi að sameina skólana í Ólafsdal og á Hvanneyri og hafa hinn sameinaða skóla á Hvanneyri, og sameina þar kennslukrapta beggja skólanna. Menn væntust þess, að ef þessu yrði framgengt, mundi fást duglegur búnaðarskóli á Hvanneyri, og auk þess mundi það verða sparnaður bæði fyrir landssjóð og þær sveitir, sem styrkja þessa skóla. Enn fremur var samþykkt á fundinum, að skora á þingið að leggja Hvanneyrarskólanum engan styrk, ef þessi tillaga næði ekki fram að ganga, nema svo væri, að fram kæmi fullnægjandi skýrslur frá skóla þessum um það, að honum færi vel að stafni. Mjer þótti nú viðurhlutamikið að koma fram með uppástungu í þessa átt, áður en skýrsla birtist frá skólanum. En hún var hjá fjárlaganefndinni þangað til núna fyrir fám dögum. Nú er sú skýrsla komin, og sýnist mjer hún ekki fullnægjandi, og jeg get engan veginn verið samdóma h. þm. Árn. (Þ. G.), að það sjeu tómar »snattsögur«, sem ganga af þeim skóla. Jeg held að óhætt sje að fullyrða, að skólanum hafi ekki búnazt vel hvorugt árið, sem hann hefir staðið, þó að mönnum kunni að þykja tala lærisveinanna nú álitleg, enda vona jeg, að hann geti nú útskrifað einn pilt eptir 3. árið, því enginn hefir útskrifazt þaðan hingað til. Það eru regluleg vandræði, að þurfa að leggja svona stofnun fje úr landssjóði, þar sem búskapurinn gengur eins báglega.

Að því er búnaðarfjelögin snertir, þá

áleit h. þm. N.-Múl. (J. J.) það undarlegt af mjer og fl., að vilja leggja minna fje til þeirra en fjárlaganefndin ræður til, og í gær komu fram fleiri líkar bendingar. Það var ástæðan fyrir breyt.-till. okkar, að við vissum ekki, á hvaða skýrslum nefndin byggði þessa tillögu sína, að færa styrkinn til þeirra úr 8000 upp í 15000 kr., og við vitum það ekki enn. Okkur er til efs, að það borgi sig betur, að kasta til þeirra miklu fje í einu, heldur en að skammta þeim smátt og smátt. Jeg man heldur ekki til, að jeg hafi sjeð í neinni fundarskýrslu, að nokkurt kjördæmi hafi óskað, að styrkurinn væri aukinn. (*J. J.*, þm. N.-Múl.: Þau hafa álitið það sjálfsagt). Menn kynoka sjer þó sannarlega ekki við það nú, að biðja um fjárframlög til ýmislegs. H. þm. N.-Múl. (J. J.) sagði enn fremur, að styrkurinn væri nú svo lítill, að búnaðarfjelögin munaði ekkert um hann; en ef svo er, þá vil jeg segja, að þau muni þá heldur ekki um viðbót fjárlaganefndarinnar; það yrði þá að margfalda styrkinn enn meir, til þess þau drægi mikið um hann. Mjer finnst, að hjer, eins og víðar, komi fram sú stefna, að kasta fje að nokkru leyti út í bláinn. Menn gleyma hjer þessari góðu gömlu reglu: «Help yourself« (hjálpaðu sjálfum þjer). Það er sannarlega affarabezt í búnaði, eins og öðru, að menn læri að treysta sínum eigin kröptum, og að menn sameini krapta sína til að efla heill og framfarir, hvað sem svo styrk úr landssjóði líður. Það gerðu Svíndælingar áður og unnu með því stórmikið gagn, enda voru þar dugandismenn, sem gengu á undan öðrum og sýndu mönnum fram á, hve nauðsynlegar búnaðarframfarir væru. Þeirra eptirdæmi held jeg hafi haft meira að þýða fyrir búnaðarfjelagið en þessar krónur úr landssjóðnum. Þegar menn fá styrk úr landssjóði, skoða þeir það sem skylduhjálp, og það er langt frá, að þess konar fjárveiting auki mönnum jafnan sjálfstæði. Það er að vísu satt, sem h. framsögum. (S. Th.) tók fram, að styrkurinn hefði áður verið meiri en nú. All-lengi var hann 20,000 kr. Jeg hjelt því í fyrstu, að þetta væri gott til að efla landbúnaðinn, en við nákvæmari umhugsun og eptirtekt á því, hvernig þetta fje notaðist, varð það ofan á fyrir mjer, að þetta væri óþarflega mikið, enda var styrkurinn síðar færður niður í 6000 og svo aptur í 8000 kr. Það var líka eitt, sem benti á, að styrkurinn væri óþarflega mikill, nefnilega að menn notuðu sjer hann ekki allan. 1887 ljetu t. d. Eyfirðingar 760 kr. ónotaðar, og 1889 notuðu Norður-Þingeyingar ekki 140 kr. og Suður-Þingeyingar ekki 300 kr. af styrknum, og Ísfirðingar heldur ekki 300 kr. Þetta bendir annaðhvort á, að fyrir 2 árum síðan hafi búnaðarframfarir ekki verið svo miklar, úr því menn notuðu ekki þennan vissa styrk, eða þá hitt, að sýslunefndirnar gegn um oddvita sína hafa ekki búið svo um, að þær gætu fengið styrkinn, en þingið setti þó sannarlega ekki hörð skilyrði fyrir því, að menn gætu hirt þetta fje, sem þeim var veitt og fram boðið úr landssjóði.

Af þessum ástæðum höfum við viljað lækka styrk þann, sem fjárlaganefndin fer fram á, en ef þingdm. gætu sannað, að búnaðarfjelögunum færi svo mjög fram við styrk þennan, þá gæti jeg greitt atkvæði með því. Mjer virðist engin ástæða til að sleppa athugasemdinni í stjórnarfrv. við styrkveiting þessa. Jeg vil benda á, að á síðasta þingi voru

samdar tillögur um útbýting styrks til barnaskóla, og var þó athugasemdinni haldið.

Að því er snertir fjárveitingu til að útvega vegfróðan mann, þá virtist mjer h. þm. N.-Múl. (J. J.) taka það óstinnt upp fyrir okkur, að við vildum spara í þessum gjaldalið. Hæstv. landsh. tók það fram í gær, að nóg verkefni væri fyrir höndum næsta ár, án þess að vegfræðing þyrfti til, og hins vegar vakti það fyrir okkur, að nú liggur fyrir bænarskrá um ferðastyrk frá efnilegum íslenzkum vegfræðingi. Við vildum gjarnan, að hann fengi þennan styrk, en bjuggumst ekki við, að hann gæti bæði ferðazt og verið hjer. Oss virðist bezt, að búið yrði til embætti handa þessum manni, svo að ekki þyrfti síðan allt af að seilast eptir útlendum manni, og vonast jeg því eptir, að h. deild fallist á þessar till. okkar.

Jeg skal ekki verða langorður um gufuskipamálið. Eptir því sem mjer skildust orð h. framsögum. (S. Th.) við byrjun umræðunnar, þegar hann lýsti því yfir, að nefndin tæki aptur áætlun sína um tekjur af gufuskipaferðum í tekjubálkinum, áleit jeg að nefndin tæki einnig aptur tillögur sínar um strandferðir í útgjaldabálkinum, og skal jeg því ekki fara mörgum orðum um það atriði. Jeg skal einungis geta þess, að jeg hef síðan í gær fengið þá upplýsingu hjá kunnugum manni og vönum við þess konar, að skip, sem einnig ætti að fara til útlanda til vöruflutninga, mundi kosta 80—90,000 kr., því að ekki veitti af, að það væri 400 tons.

Jeg verð enn að fara nokkrum orðum um breyt.till. okkar um 12000 kr. til strandferða sunnan um land og vestur að Horni. Það er rjett, að sú tillaga er einkum bundin við tilboð herra Wathne. Hann býðst reyndar ekki til að fara lengra en til Skagafjarðar, og þess vegna bættum við 2000 kr. við upphæð þá, sem hann tiltekur, til þess að fá hann til að lengja ferðasvæðið. — Þessar 9000 kr., sem við leggjum til, að verði varið til strandferða, ætluðumst við til, að fá mætti fyrir strandferðir líkt og 1889, og það gladdi mig mikið, að h. þm. Barðstr. (S. Jenss.) lýsti því yfir, að þær ferðir hafi verið hinar heppilegustu fyrir vesturland. Þar eð þessar ferðir eiga að vera kringum land allt, er það ekki rjett, að sambandið milli Norður- og Vesturlands slitni. Hjer liggur fyrir ákveðið tilboð, og þó það sje ekki eins ýtarlegt og æskilegt væri, þá er vonandi, að það gæti lagazt. Jeg get ómögulega kunnað við það, sem h. þm. Ísf. (S. St.) sagði um mann þennan, að hann væri óþekktur, og óvíst að hann hefði fjármagn til að halda uppi ferðunum. Maðurinn er alls ekki óþekktur. Eins og h. þm. Dal. (J. P.) tók fram í gær, hjálpaði hann mönnum í fyrra haust, þegar strandferðirnar brugðust, og hann hefir hjálpað áður, að minnsta kosti fyrir austan Horn. Hvort hann líka hefir gert það fyrir vestan Horn, skal jeg láta ósagt. Það er einnig kunnugt, að hann hefir haft í förum 2—3 gufuskip síðari árin bæði landa á milli og meðfram nokkrum hluta landsins.

Þá á jeg enn eptir eitt atriði, en það er styrkveiting til aukalækna. Það kom fram bænarskrá úr mínu kjördæmi um aukalækni, en af því fjárlaganefndin gat ekki sinnt henni, vildi jeg ekki að svo stöddu koma því á breyt.till., þó jeg nú hálfvegis iðrist eptir því, þar sem jeg sje, að komin er ný breyt.till. um aukalækna, en jeg vil geta þess, svo að kjósendur mínir sjái, að jeg hef

komið bænarskránni á framfæri. Verið getur og, að jeg komi fram með breyt.-till. um þetta við 3. umr.

Annars virðist mjer yfir höfuð þessi stefna óheppileg, að setja alla þessa aukalækna. Nú eru 6 fyrir, og eptir þessu eiga að bætast enn 2 við. Með þessu viðurkennir þingið reyndar, að þörf sje á fleiri læknum, en bætir þó ekki fyllilega úr þeirri þörf, þar sem aukalæknar fá ekki nema 1000 kr. laun, en eigi föst embætti og eigi rjett til eptirlauna. Þeir taka þessi embætti, ef svo má segja, einungis til bráðabirgða, búa ekkert um sig, af því þeir hugsa um að losna hið fyrsta, þegar betra býðst. Hjer er þá í rauninni eigi nema hálfgjört verk, og dregur til þess, að fækka aukalæknum, en fjölga læknishjeruðum og föstum læknum, og í sambandi við þetta væri sjálfsagt heppilegast að fara um leið yfir alla þá læknahjeraðaskipun, sem nú er. Þetta er einungis peningaspursmál. En sje svo, að þingið viðurkenni þörfina á meiri og hagkvæmari læknishjálp, eins og það virðist gjöra, með því að bæta 1—2 aukalæknum við á hverju þingi, þá sýnist mjer, að á sumum stöðum, þar sem aukalæknar eru settir, ætti eigi að horfa í þessar 500 kr., því að það geta ekki aðrir en einhleypir menn lifað á 1000 kr. á ári, og þess vegna sækja þeir um hin föstu embætti, þegar þau losna og rífa sig svo upp, kannske þegar menn eru orðnir þeim kunnugir og hafa tekið ástfóstri við þá. Er því ósýnt, að þeir fái aukalækni þegar aptur, þótt enn þá hafi verið svo margir til, að það hafi eigi beðið lengi.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Þótt umræðurnar hafi orðið langar, þá hef jeg ekki fundið, að neitt verulegt, nýtt hafi komið fram í þeim.

H. þm. Rangv. (Ól. Ól.) þótti óheppilegt, að fella burtu athugasemdina um útbýtingu styrks til búnaðarfjelaga. Fjárlaganefndin kom með þessa tillögu, af því, að henni fannst hún ekki eiga við, enda er það mótsögn, að skipa landshöfðingja í öðru orðinu að úthluta fje eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða, en að skipa honum í hinu orðinu með þingsályktunartillögu að úthluta styrknum eptir ákveðnum reglum, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að hann þurfi að fara eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða. En það er auðvitað ekkert á móti því, að landshöfðingi leiti álits amtsráða og sýslunefnda í þessu efni, og, ef menn vildu tryggja það, mætti koma með breyt.till. til 3. umr.

H. þm. Mýr. (Á. J.) virtist breyt.till. nefndarinnar um styrkinn til búnaðarfjelaganna of há. Nefndin stakk upp á, að þeim væru veittar 14000 kr., og að þar af gengi til búnaðarfjelags Suðuramtsins 2000 kr.; en h. þm. Mýr. (Á. J.) vill að eins hækka styrkinn úr 8 upp í 10 þúsund kr., án þess að taka neitt sjerstakt fram um búnaðarfjelag Suðuramtsins. Það getur því ekki orðið neins styrks aðnjótandi eptir þessari breyt.till. þingmannsins, þar sem styrknum skal úthlutað eptir tölu þeirra dagsverka, er hvert búnaðarfjelag um sig hefir unnið; en með því að allir verða að játa, að búnaðarfjelag Suðuramtsins hafi ráðizt í mörg þarfleg stórfyrirtæki, væri það næsta ósanngjarnt að svipta það nú öllum styrk, og neyða það þannig t. d. til að hætta við ræktun sandanna í Skaptafellssýslu. Af Stj.tíð. 1890 sjest, að það ár hafa alls 83 búnfjelög hlotið styrk, þar af eru 28 í Suðuramtinu, 17 í Vesturamt. og 38 í Norður- og Austuramtinu; en af því að fjeð, sem veitt var á núgildandi fjárlögum, var svo lítið, þá hefir eitt fjelag ekki fengið hærri

styrk en á 7. krónu, og sum þetta frá 20 til 30 kr. Jeg vona að þingm. sjeu mjer samdóma um, að þetta sje mjög óverulegur styrkur. Nefndin gekk og að því sem vísu, að búnaðarfjelögunum mundi fjölga, og í sambandi við það skal jeg geta þess, að í Ísafjarðarsýslu var ekki nema 1 búnaðarfjelag, sem styrk fjekk árið 1890, en nú er vaknaður talsverður áhugi á að koma fjelögum á stofn í flestum hreppum sýslunnar, og það er líklegt, að þessu líkt eigi sjer stað í öðrum sýslum. Það verður og heldur til að ýta undir menn, ef menn hafa von um að fá styrk.

Mig furðaði á því, að þm. Mýr. (Á. J.) skyldi koma með þá ástæðu, að það væri ekki betra fyrir fjelögin að fá allmikinn styrk einu sinni, því að svo yrði brátt algjörlega hætt að veita styrk. En hver hefir frætt þm. um það, að það eigi einungis að veita styrk til búnaðarfjelaga á þessu fjárhagstímabili? Jeg verð að álíta, að þingið eigi að halda áfram að veita þennan styrk. — Önnur skoðun hins háttv. sama þingm. virtist mjer og nokkuð undarleg, er hann ljet í ljósi, að þessar styrkveitingar mundu drepa kjark úr mönnum. en gjöra þá framtakslitla og heimtufreka. Þetta finnst mjer alls ekki eiga við nein rök að styðjast; jeg hygg þvert á móti, að það muni á sannast, að því fremur sem menn sjá, að þing og stjórn vill leggja fram fje til eflingar búnaði, að menn verði þá einmitt ötulli og framtakssamari.

Sami háttv. þingm. hafði það ennfremur á móti þessum styrk, að það sæist á því, að hann væri óþarflega hár, að styrkur sá, er sýslufjelögum hefði verið ætlaður á fjárlögum undanfarin ár, hefði eigi allur gengið út; en getur þm. Mýr. (Á. J.) fullyrt, að þetta hafi verið sýslufjelögunum að kenna? Eða ætli að það hafi eigi að minnsta kosti stundum verið fullt eins mikið landsstjórninni að kenna? Að því er snertir þær 300 kr., sem þm. gat um, að dregnar hefðu verið af styrknum til Ísafjarðarsýslu 1888, get eg frætt þm. Mýramanna um það, að sýslunefnd Ísfirðinga hafði lagt það til við landsstjórnina, að þessi upphæð gengi til »Kaupfjelags Isfirðinga« til verðlaunaúthlutunar fyrir vandaða fiskverkun. Kaupfjelagið hafði sjálft veitt 200 kr. úr eigin sjóði til verðlauna-úthlutunar, samið reglur um fiskverkun, verðlaunaúthlutun og fl.; en landsh. neitaði að útborga styrkinn. Veitti kaupfjelagið þessar 300 kr. síðan úr eigin sjóði, og úthlutaði verðlaunum til þeirra, er höfðu bezt verkaða vöru, og þessi verðlaun höfðu þau áhrif, þó lítil væru, að kaupfjelagið fjekk gott orð, og fiskur þess hefir jafnan síðan verið talinn bezti fiskur frá Vesturlandinu. Jeg tek þetta að eins fram til að sýna, að það hefir ekki ávallt verið landsmönnum að kenna, þó þeir ekki hafi fengið búnaðarstyrkinn, því í þessu tilfelli var það landsstjórninni að kenna, og ef til vill hefir þetta komið fyrir í öðrum sýslum, þótt mjer sje það ekki vel kunnugt eða jeg þori að fullyrða það.

Lárus Halldórsson: Jeg játa að vísu, að mjer finnast þessar umræður orðnar nokkuð langar, en af því jeg hef komið fram með eina breyt.till., þá tek jeg til máls. Án þess jeg ætli að ganga í gegn um breytingarnar lið fyrir lið, ætla jeg að byrja á styrknum til búnaðarskólanna. Jeg er samþykkur þm. Vestm. (I. E.) og þm. N.Þing. (J. J.), að þetta búnaðarskólamál sje komið á óheppilegan rekspöl. *(B. Sv.:* Heyr!). Jeg man, að þegar farið var að tala um stofnun búnaðarskóla, var jeg á því, að

að nægilegt væri að hafa einn búnaðarskóla í landinu; en það var þá talið næst goðgá eða jafnvel verra, að álíta ekki landsháttu svo ólíka, að það þyrfti fleiri skóla en einn, og nú eru þeir líka komnir 4. Jeg sagði, að jeg hefði talið það óheppilegt, að hjer væru 4 búnaðarskólar með ferföldum kostnaði og sjerstökum húsum, í stað eins, eða einn mætti nægja; en eitt er það, hvort rjett er að koma einni stofnun á fót, og annað hitt, hvort rjett er að rífa hana niður, þegar hún er komin upp. Úr því sem komið er, þá greiði jeg atkv. með búnaðarskólunum í þetta sinn. En þessi ummæli hjer í þingd. gætu ef til vill orðið til þess, að farið væri að hugsa um að gjöra einhverjar breytingar á skólunum frá því, sem nú er, svo að t. a. m. einn skóli væri kostaður af landsfje, en hinir yrðu þá meir sem »privat«-skólar, sem ættu að geta verið í smærri stíl og með því fyrirkomulagi, að þeir gætu komizt af án styrks af landssjóði.

Þá ætla jeg næst að fara nokkrum orðum um styrkinn til búnaðarfjelaganna. Í stjórnarfrumv. er stungið upp á 8,000 kr., en þar við hafa komið 4 breyt.till.; 2 þeirra eru frá fjárlaganefndinni, en önnur, sem fór fram á 15,000 kr., hefir verið tekin aptur, og er hún endurfædd í tveimur breyt.till. er önnur stingur upp á 14,000 kr., og þar af 2,000 kr. til búnaðarfjelags Suðuramtsins, en hin fer fram á 1,000 kr. til fjenaðarsýninga, nefnilega breyt.till. 1. þm. Ísfirðinga o. fl. Jeg skal láta þá meiningu mína í ljósi, að jeg er samdóma h. 1. þm. Ísf. (S. St.), að óþarft sje að styrkja búnaðarfjelag Suðuramtsins; það er komið á svo fastan fót og orðið svo öflugt, að það naumast mun þurfa styrks við. Hvað önnur búnaðarfjelög snertir, þá er það skoðun mín, að tillagið úr landssjóði eigi að hafa þá þýðingu, að hvetja menn til að stofna slík fjelög og styrkja þau í byrjuninni, t. a. m. til verkfærakaupa, en þegar þeim tilgangi er náð, þá álít jeg styrkurinn eigi að fara minnkandi eða jafnvel hverfa, því að úr því á hagurinn, sem fjelögin gjöra, að vera nægileg hvöt til að halda þeim áfram. Það er nú orðið »móðins«, að taka ekki svo smáar fjárupphæðir úr landssjóði, og dreifa þeim út um allt land í smáskömmtum til búnaðarfjelaga, sveitakennara o. fl. Jeg get ekki annað en verið á því, að þessar mörgu styrkveitingar, sem bitaðar eru svo smátt, að þær koma að svo sem engu haldi á hverjum stað, geti orðið skaðlegar, og að h. þm. Mýr. (Á. J.) hafi nokkuð til síns máls í því, að þetta geti orðið til að ala upp þann hugsunarhátt, að hreyfa hvorki legg eða lið nema í von um að fá styrk af almannafje. Margt, sem er gott í sjálfu sjer, getur orðið skaðlegt, ef það er brúkað of mikið og of opt; þannig t. a. m. að veita verðlaun fyrir dugnað í búnaðarframkvæmdum; sje þeim beitt skynsamlega og með hófi, geta þau haft góð og gagnleg áhrif; en ef þau fara að verða of tíð, aðgangur of greiður, verðlaun veitt fyrir hleðslu nokkurra faðma í túngarði eða sljettun nokkurra þúfna o. s. frv., þá álít jeg, að það hafi illar afleiðingar, en ekki góðar. Það er eins með þetta og annað, að þó tilgangurinn sje góður, geta þó afleiðingarnar verið skaðlegar. Þetta hefir vakað fyrir h. þm. N.-Múl. (J. J.); hann sagði jeg vildi spara, og þessi sparnaður hefði komið óheppilega niður á búnaðarfjelögunum, en taldi þó á hinn bóginn efasamt, að þessi fjárveiting til þeirra væri heppileg, en þá verð jeg að segja, að ef það er vafasamt, hvort styrkveiting þessi er heppileg, þá er efalaust rangt að hlaupa úr 8,000 kr, upp í 15,000 kr. Jeg hefði helzt viljað láta þessa upphæð halda sjer, eins og

hún er í stjórnarfrumvarpinu; en til þess að fara eins konar miðlunarveg og koma í veg fyrir meiri hækkun, hef jeg með nokkrum þingmönnum komið fram með breytingartill. um að hækka þennan styrk um 2,000 kr. eða upp í 10,000 kr. Út af því sem h. sami þm. hefir minnzt á viðvíkjandi breyt.till. frá mjer o. fl., að 3,000 kr. sjeu veittar, að eins síðara árið, til að útvega vegfróðan mann, skal jeg taka fram, að það vakti fyrir uppástungumönnum, að fjárlaganefndin hefir lagt til að veita efnilegum íslenzkum manni ferðastyrk til Noregs til að læra vegagjörð, og eptir því sem jeg hef komizt næst, ætti það að verða einmitt hann, sem ætti að verða þessa styrks aðnjótandi síðara árið. Þessi breyt.till. styðst einnig við orð hæstv. landsh., þar eð hann sagði, að óþarft mundi að hafa hjer vegfræðing næsta ár, því nógar útmælingar eptir vegfróða menn lægju hjer fyrir.

Þá verð jeg enn að minnast á eina breyt.till. nefndarinnar um styrk til sýslunefndar Ísafjarðarsýslu, til að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum. Þótt allir menn kannist við, að landssjóður eigi að styrkja slík fjelög, þá get jeg samt ekki verið meðmæltur svona lagaðri fjárveitingu, og það fyrst af þeirri ástæðu, að upphæðin er svo lítil, að ef þessir menn geta komið þessu fjelagi á fastan fót með þessum 4,000 kr., þá gætu þeir það eins vel án þeirra. Jeg kynni betur við, að styrkur til slíkra fyrirtækja væri veittur sem lán með vægum kjörum, eða þá, eins og h. þm. Skagf. (Ól. Br.) tók fram, að sömu reglu væri fylgt, eins og gjört er ráð fyrir í lögum þeim um stofnun brunabótafjelags, sem eru til meðferðar á þessu þingi, að landssjóður stæði á bak við, og veitti fjelaginu sjerstakt lán, ef allmikil óhöpp bæru að höndum, og væri svo það, er landssjóður legði út, endurborgað sem rentulaust lán. Jeg er mjög mótfallinn öllum gjöfum úr landssjóði, en álít betra, að hann veiti slíkum fjelögum sem þessum lán fyrst í stað, meðan þau eru að komast á fót.

Það sem jeg sjerstaklega ætlaði að tala um, var um gufuskipsferðirnar, sem mikið hefir verið rætt um hjer í deildinni, en mjer finnst þær umræður hafi farið nokkuð á víð og dreif, og ekki bera vott um, að menn hafi hugsað sjer nokkurn fastan grundvöll til að byggja á. »Varðar mest til allra orða, að undirstaðan rjett sje fundin«, segir máltækið, og jeg vil því leitast við að finna einhverja undirstöðu í þessu máli. Það hefir hvað eptir annað verið tekið fram, að gufuskipsferðirnar ættu að laga sig eptir flutningaþörfum landsmanna, og því má auðvitað slá föstu, sem þeirri fyrstu undirstöðu til að byggja á; en þegar til framkvæmdanna kemur, þá er það að ætlun minni rjettilega tekið fram í tilboðinu frá O. Wathne, að engin von sje á því, að strandferðir geti verið í nokkru lagi, ef sama skipið á að annast ferðirnar til og frá útlöndum og svo líka í kringum landið. Þessi sama regla hefir vakað fyrir nefndinni, áður en breyt.-till. 1. þm. Ísf. (S. St.) kom fram, því nefndin lagði það til, að varið yrði 50 þús. kr. til strandferðaskips, og svo 9,000 kr. til strandferða frá útlöndum, eins og 1888—89. Það er þessi breyt.till. h. 1. þm. Ísf. (S. St.), sem jeg tel óheppilega, að sama skipið eigi að annast ferðir kring um landið og til og frá útlöndum, og jeg held það sjeu varla deildar meiningar um það. Þetta er önnur undirstaða málsins, sem jeg vil s á fastri. En hvernig á þá að haga strandferðunum? Á að láta sama skipið fara kringum allt land? Jeg álít rjettara að hafa 2 skip, sem gengju frá Reykjavík, annað austur fyrir land að

Horni á Hornströndum og hitt vestur fyrir land að Horni, og til að annast sambandið við útlönd, ætti að hafa sjerstakt skip, sem yrði að vera stærra og hafa miklu meira lestarrúm en strandferðaskip það, sem nefndin ráðgjörir. Þetta var það, sem vakti fyrir mjer og öðrum h. þm., sem komu með breyt.till. um að veita 12,000 kr. til strandferða austan um land frá Reykjavík að Horni, og þar að auki 9,000 kr. til ferða frá útlöndum og strandferða um Vesturland. Ýmsar mótbárur hafa komið fram gegn þessu, og jeg lái ekki nefndinni, þó hún vilji halda fast við sína tillögu um sjerstakt skip, en mjer finnst hún hafa gjört það að heldur miklu kappsmáli eptir atkvæðagreiðsluna í gær um tekjuliðina, því það liggur í augum uppi, að tilsvarandi útgjaldaliðir standi og falli með þeim. Jeg vík svo máli mínu að ræðu h. þm. Dal. (J. P.). Hann lagði þungan dóm á strandferðir hins danska gufuskipafjelags, og sagði, að þær væru alls ófullnægjandi, og held jeg það sje almannarómur og eigi við rök að styðjast. En með hverju vill hann bæta úr þessu, og gjöra strandferðirnar fullnægjandi? Jú, með því að landssjóður haldi út sjerstöku gufuskipi á sinn kostnað. Mjer skildist á orðum hans í dag, að hann hallaðist að breyt.till. 1. þm. Ísf. (S. St.) að fella burtu 9,000 kr. til ferða frá útlöndum, samkvæmt tillögum nefndarinnar, en að þetta skip færi báðar leiðir. Jeg hef ekki sjeð þá áætlun, sem h. þm. Dal. (J. P.) hefir gjört um ferðir þessa skips, en eptir því, sem mjer skildist, þá verður það að vera annaðhvort framúrskarandi hraðskreitt, eða viðstöðurnar á millistöðvunum verða allt of litlar, ef það á að fara 3 ferðir til og frá útlöndum, 3 ferðir í kring um landið og 6 aukaferðir, annaðhvort 4 austan um land og 2 vestan um, eða þá 3 og 3 hvora leið. Jeg er nú hálfhræddur um, að þetta eina skip bæti lítið úr þeim strandferðum, sem nú eru. Þegar jeg skoða ferðaáætlun skipa hins danska gufuskipafjelags frá 1888, þegar tillagið úr landssjóði var 9,000 kr., þá fer strandferðaskipið 3 ferðir frá útlöndum og 3 ferðir kring um landið, og auk þess 3 ferðir vestur á Ísafjörð, og hefi það komið við á flestum fjörðum vestra. Þetta gjörði danska gufuskipafjelagið fyrir 9,000 kr.; jeg segi ekki, að ferðirnar hafi verið eins fullkomnar, eins og þær eiga að verða í áætlun þm. Dal. (J. P.), en það er líka mikill munur á 50 þús. kr. og 9 þús. kr.; þótt tekjur af þessum ferðum yrðu nokkrar, þá er jeg hræddur um, að flutningsmennirnir hafi gjört sjer of miklar vonir og of glæsilegar hugmyndir um þær. Jeg fyrir mitt leyti held þetta skip verði þrefalt dýrara en hjá gufuskipafjelaginu 1888.

H. þm. Vestm. (I. E.) tók það fram gagnvart danska gufuskipafjelaginu, að stjórnin fengi ekki fjelagið til að fullnægja samningnum, en þá er líka fjelagið ofjarl stjórnarinnnar eptir því.

Þá skil jeg því síður í þeirri yfirlýsingu h. framsögum. (Sk. Th.) og 1. þm. Ísf. (S. St.), að ef þeirra tillögur ekki komist að, þá ætli þeir sjer að halla sjer að danska gufuskipafjelaginu, og jafnvel hækka tillagið. Jeg hefði ekki trúað, að þetta hefði komið fram, hefði jeg ekki heyrt það. Jeg vil sjerstaklega leyfa mjer, að vikja orðum að því, sem h. 1. þm. Ísf. sagði, að af tvennu illu vildi hann velja hið minna, og ef þessi hugmynd um skip, kostað af landssjóði, fengi ekki framgang, þá vilji hann af tvennu illu heldur snúa sjer til gufuskipafjelagsins, heldur en að taka tilboði O. Wathne. Hann sá ótal ljón á veginum, þar sem ræða var um O. Wathne; hann sagði t. d., að hann gæti glatað skipinu og hefði eng-

an krapt til um hæl að senda nýtt skip. Það er satt, að þessi maður er ekki eins auðugur, og hið danska gufuskipafjelag, en það játa víst allir, sem til hans þekkja, að hann sje mikill dugnaðarmaður, er sjaldan verður ráðafátt, og hefir klofið fram úr mörgu, er flestum öðrum hefði verið ókleift. Jeg get því ekki lagt eins mikla áherzlu á þetta atriði, eins og háttv. 1. þm. Ísf. Ef innlent gufuskipafjelag hefði boðizt til að takast þessar ferðir á hendur, þá vil jeg spyrja, hvort þingið mundi hafa hafnað því boði, og jeg vil leggja áherzlu á, að svo lengi sem stjórnin og þingið þorir ekki að semja við aðra en útlend stórauðug fjelög um þessar ferðir, þá er sannarlega ekki glæsileg framtíð hins íslenzka gufuskipafjelags. H. 1. þm. Ísf. (S. St.) leyfir sjer meir að segja, að koma fram með dylgjur um, að O. Wathne hafi reynzt óáreiðanlegur, og taldi öll tormerki á því, að eiga nokkuð við hann að skipta. Mjer þykir það leitt, að hann skuli hafa fengið last og ámæli fyrir það, að hann hefir haft áræði til að bjóðast til, að taka þetta að sjer; jeg er ekki talsmaður hans, en jeg get ekki liðið, að hann skuli fá hnútur á bak hjer í þingsalnum hjá fulltrúum þjóðarinnar fyrir þetta.

H. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) tók það fram, að honum virtist undarlegt, að þingið ekki vildi veita þetta lítilræði, en veitti 50 þúsund kr. í eptirlaun, til umboðsstjórnar, dómgæzlu og lögreglustjórnar 383 þúsund kr., og til að endurbæta turn á kirkju 500 kr. En hjer er ólíku saman jafnað, að því er snertir eptirlaunin og kostnaðinn til dómgæzlu og lögreglustjórnar, sem að mestu leyti er ákveðið með sjerstökum lögum. Það vildu víst allir, að sá kostnaður væri minni en hann er, og þingið er smám saman að reyna að minnka hann með niðurfærðum launum og breyting á eptirlaunalögunum, sem er til meðferðar á þessu þingi. Það er þá einungis turninn á Vestmannaeyjakirkju, þessi 500 kr. fjárveiting til Vestmannaeyjakirkju, sem fjárlaganefndin hefir ekki komið með neitt breytingaratkv. við. H. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) er sjálfur í fjárlaganefndinni og hefir því líklega samþykkt þetta; að minnsta kosti hefir hann ekki komið með breyt.till. um það. Hann sagði einnig, að af umræðunum hefði hann ekki getað sannfærzt um það, að ekki væri rjettast að landssjóður hjeldi skipi úti á sinn kostnað. Þetta getur vel verið, en jeg held samt, að samanburður sá, er jeg gjörði á ferðaáætlun þm. Dal. (J. P.) og póstskipanna, ætti að geta sannfært hann. Það er ef til vill rjett og gott að kaupa reynslu dálítið dýrt, en jeg hygg þó betra að taka hinn veginn. Sami þingm. lýsti því þó yfir, sem gladdi mig mikið, að hann aðhylltist það, að þingið ætti að taka tilboðið frá O. Wathne til greina, ef hitt ekki næði fram að ganga. Mig furðaði stórlega að heyra, að þeir þm.. sem áður ekki vildu hafa neitt með gufuskipafjelagið að gjöra, vilja nú negla sig við það og veita því jafnvel meira fje, þegar þeir halda, að tillögur sínar um landssjóðsskip falli. Skyldu menn halda, að þetta auðuga fjelag gangist fyrir nokkur 1000 kr. hærri styrk, eða verði þægara við stjórnina og stimamýkra við landsmenn fyrir það? Jeg er hræddur um ekki, og jeg held að jeg megi segja, að ef nokkuð getur orðið til þess, að sól þessa »pólitiska« flokks, sem háttv. framsögum. (Sk. Th.) er einn af forvígismönnum fyrir, lækki á lopti, þá muni það verða, ef hann fer að rígnegla sig við þetta fjelag, sem einmitt menn úr þessum flokki hafa borið hinar verstu sögur, enda vita allir, að ferðir þess,

hafa almennt líkað illa, og þjónar þess hafa bakað sjer óvinsældir með ólempni við landsmenn, að vísu ekki undantekningarlaust.

H. framsögum. (Sk. Th.) sagði í ræðu sinni, að einhvern tíma mundi verða fært í annála, að árið 1891 hefði alþingi Íslendinga ekki borið áræði til, að halda úti einni fleytu á kostnað landssjóðs. Jeg svara þessu svo, að í hinum sama annál mun einnig standa, að árið 1891 hefði það komið fyrir, sem aldrei áður hefði borið við, að innlendur maður hefði boðizt til með mjög vægum kjörum (já, otrúlega vægum, vil jeg segja), að taka að sjer gufuskipsferðir, og þá vildi jeg líka óska, að þar gæti staðið, að þingið hefði tekið þessu boði, þrátt fyrir mótmæli h. framsögum. og annara fleiri. Svo stóð á, að þegar þessir herrar, er voru í fjárlaganefndinni, þóttust sjá forlög Kartagóborgar, nefnilega tillögu sinnar um að leigja skip á landssjóðs kostnað, þá leituðu þeir samkomulags við mótstöðumenn sína, um að lofa þessari tillögu að ganga til efri deildar, en ef hún yrði þar felld, og kæmi svo málið aptur til neðri deildar, þá skyldu þeir aðhyllast tilboð O. Wathne; »svona var farið að hafa hrossakaup á þeim tímum«. Jeg heyri, að sumir kalla það ósannindi; en jeg segi það heilagan sannleika, og kalla það hrossakaup. (*Forseti* hringir). Jeg sje, að forseti grípur í bjölluna, hvenær sem jeg nefni hrossakaup, en þetta er algengt orð á þingi, og sje jeg ekki, að það sje nokkur óhæfa að nefna það. En þegar þetta gat ekki gengið, þá hefir það þau áhrif á sannfæring þessara manna, að þeir vilja heldur una við kjötkatlana í Egyptalandi, og hverfa aptur að danska gufuskipafjelaginu, heldur en að samþykkja tilboð Wathnes; það gæti því staðið í annál þessum: parturiunt montes, nascitur ridiculus mus = fjöllin taka jóðsótt, en fæðist lítil mús. Jeg kalla það mús, ef forvígismenn þessa máls, sem upphaflega komu með svo stóra og drengilega tillögu, sem jeg virði mikils, þó jeg geti eigi á hana fallizt, einungis fyrir kapps sakir, þegar þeir eigi koma sínu máli fram, snúast gegn tilboðinu frá Wathne, og vilja veita hinu danska gufuskipafjelagi aukinn styrk, til að halda áfram gufuskipaferðum, sem að mínu áliti eru ófullnægjandi.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Það eru að eins nokkur orð í ræðu h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.), sem jeg ætla að svara, og skal jeg þá fyrst minnast á ummæli hans um búnaðarskólana; þar var h. þm. eigi mótfallinn skoðunum nefndarinnar yfir höfuð, en ein setning hjá honum þótti mjer undarleg, og bera vott um þessa einkennilegu »logik«, sem h. þm. (L. H.) temur sjer. Hann sagði, eins og rjett er, að þegar búnaðarskólar væru komnir á stofn með styrk úr landssjóði, þá væri sjálfsagt að láta landssjóðinn halda áfram að styrkja þá, til þess að styrknum væri eigi á glæ kastað, en svo sagði h. þm. (L. H.) líka, að þegar búnaðarfjelög væri komin á stofn með styrk úr landssjóði, þá væri sjálfsagt að láta landssjóðinn hætta að styrkja þau, og láta þau sigla sinn eigin sjó, hvort sem þau færu um koll eða eigi! Þetta er »logikin« hjá honum. Það er sams konar »logik«, eins og kom fram hjá honum um annað atriði, er hann sagði, að af því að h. þm. Vestm. (I. E.) sagði, að danska gufuskipafjelagið væri stjórninni ofjarl, þá skildi hann eigi í þeirri ósamkvæmni, er lýsti sjer hjá mjer og h. 1 þm. Ísf. (S. St.). Aðalmergurinn í ræðu h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) mun

annars hafa átt að vera þessi saga, sem hann var að gæða þingdeildinni með viðvíkjandi fundi, sem fjárlaganefndin átti með honum og nokkrum öðrum þingmönnum, til þess að leita samkomulags um gufuskipsmálið; þenna söguburð um privat-samræður þingmanna, virðist h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) hafa tekið í erfðir af gömlum samþingismanni sínum (Jóni Olafssyni), sem fyrstur fann upp þann drengilega óvinafagnað. En hver var þá aðal-orsökin til þessa fundar, sem þingm. var að segja sögur frá? Hún var sú, að hann lýsti í stjórnarskrármálinu óánægju sinni yfir því, að eigi hefði verið haldinn samkomulagsfundur áður málið kom inn á þing, en jeg lýsti því þá yfir, að fyrir oss, sem byggjum á þeim sama grundvelli, sem þjóðin sjálf viðurkenndi svo fyllilega með kosningunum 1886, hefði ekki verið ástæða til að halda slíkan fund, heldur hefði það staðið nær h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.), sem riðlaðist úr fylkingunni 1887, og svo kunningja hans, »miðlaranna«. Fjárlaganefndin áleit nú sjálfsagt að gjöra h. þm. S.-Múl. (L. H.) þá ánægju, að lofa honum að eiga fund með sjer í fjármálum. Á fundi þessum var rætt um gufuskipamálið sjerstaklega, en eigi minnzt á hrossakaup, og lýsi jeg þau ummæli h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) einber ósannindi.

Þá ljet h. 2. þingm. S.-Múl. (L. H.) sjer þau spásagnarorð um munn fara, að ef jeg og þeir, sem líkar skoðanir hafa, hölluðumst að því, að veita hinu sameinaða danska gufuskipafjelagi styrk á þessu þingi, þá mundi hin »pólitiska« sól vor lækka á lopti; það er auðsætt á þessu, að þm. þykir gaman að senda frá sjer hnútur, og segja mönnum sögur; en úr því að h. þm. S.-Múl. (L. H.) hefir slíka ánægju af því að segja mönnum sögur, þá ætla jeg nú líka að segja litla sögu; hinir h. þingd.m. munu muna eptir þessari dómadagsræðu, sem h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) hjelt hjer í deildinni um daginn í stjórnarskrármálinu, og sem átti að vera drepandi rothögg fyrir mig og aðra, er h. 2. þingm. S.-Múl. (L. H.) þykir standa sjer fyrir ljósi. Hvað halda menn, að þm. hafi gengið til þeirrar ræðu? Ja, taki menn nú eptir; hann sagði við mig um daginn, að ræða sú, sem hann hefði haldið í stjórnarskrármálinu, hefði verið endurgjald fyrir nokkuð gamalt. *(L. H.:* Það er ósatt, jeg hef eigi sagt það*).* Jú, satt er það, og það voru þingmannslegar hvatir.

Jeg mun hafa getið þess, að ef fjárlaganefndarálitið viðvíkjandi strandferðaskipinu fjelli, þá vildi jeg láta leggja meira fje til gufuskipsferða en að undanförnu, af því, að jeg eigi áliti nægа tryggingu fyrir því, að skip það, sem Otto Wathne ætlaði að leggja til, væri nægilega gott. En því að eins vildi jeg veita gufuskipafjelaginu eða hverjum öðrum meiri styrk, að hann væri bundinn skilyrðum, sem stjórnin gæti eigi farið fram hjá í samningum sínum.

Hvað hinni »pólitisku« sól viðvíkur, þá skal jeg eigi segja, hvort mín sól muni lækka eða hækka á lopti, en hin »pólitiska« sól h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) getur eigi lækkað á lopti; hún var þegar gengin til viðar eptir atkvæði hans í stjórnarskipunarmálinu 1887.

Sigurður Gunnarsson: Umræðurnar eru nú þegar orðnar nokkuð langar, en jeg verð samt að leyfa mjer að drepa á ýms atriði í breytingum þeim, er liggja fyrir við frumv.

Jeg ætla að byrja á upphafinu eða 16. tölulið, styrknum til búnaðarskólanna. Breyting fjárlaganefndarinnar ræðir um það, að hækka styrkinn til búnaðarskólans á Eiðum um 500 kr. —

Mig minnir, að hæstv. landsh. hefði í ræðu sinni í gær á móti þessari hækkun, en þó eigi neitt sterklega, og færði til sem ástæðu, að fáir hefðu verið á skólanum að undanförnu. Það er að vísu svo, að síðustu 2 árin hafa fáir nemendur verið á skólanum, en orsökin til þess er ekki sú, að eigi hafi fleiri sótt um að fá aðgang að honum, heldur er ástæðan sú, að skólastjórnin hefur verið að búa undir að koma á í honum nýju fyrirkomulagi, semja handa honum nýja reglugjörð, og gjöra á honum þá breytingu, að nemendurnir sjeu á honum í 3 ár, og hið 3. ár sje einkum notað til æfinga í verklegum búnaði; þessi stefna skólans hygg jeg að heldur mæli með honum en móti, því að jafnaðarlega hefur það verið fundið að slíkum skólum, að of lítil áherzla sje lögð á hinar verklegu æfingar. Næsta ár er ákveðið að taka í skólann 10 nemendur, og hafa þó fleiri sótt um aðgang, en skólastjórnin hefur eigi sjeð mögulegleika til að taka við fleirum. Allir í stjórn skólans eru að mínu áliti, og jeg hygg allra sem til þekkja, mjög virðingarverðir menn; jeg sje eigi neitt á móti því að nefna þá hjer. Þeir eru, auk sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, síra Einar Jónsson á Kirkjubæ, alkunnur ráðdeildar- og dugnaðarmaður, og Eiríkur bóndi Einarsson, mikill fyrirhyggjumaður. Þegar því að skólanum stjórna duglegir og hæfir menn, skólinn hefur hið bezta orð á sjer og engin óánægja hefur komið í ljós yfir honum, vona jeg, að h. þingmenn verði eigi almennt á móti þessari litlu hækkun.

Svo vil jeg minnast á breyt.till. frá h. þm. Mýr. (Á. J.) og fleirum, tölul. 29., um að 3000 kr. til verkfræðings skuli að eins veittar hið síðara árið (1893). Jeg get eigi aðhyllzt þessa breyt.till., en vil halda fast við till. nefndarinnar. Jeg álít, að vegagjörð sje komin á þann rekspöl hjer á landi, að nauðsyn beri til að hafa fastan verkfróðan mann ár eptir ár hjeðan af. Mjer virðist heldur eigi ræða hæstv. landshöfðiugja ónýta það, að gagn muni vera að því, að hafa nú þegar fastan vegfræðing, þó að nægilega útmældir vegir af vegfræðingi sjeu til að leggja; jeg hygg að nauðlegt sje að hafa við höndina slíkan mann, og að ef til vill sjeu menn hjer á landi tæpast færir um að leggja vegina fulltryggilega, enda þótt þeir hafi fyrir sjer útmælingar vegfræðings.

Þessu næst skal jeg leyfa mjer að minnast á breyt.till. undir tölulið 32. staflið a. b. og í sambandi við það till. frá h. þingm. Ísfirðinga (S. St.) 35., C. 6. a.

Jeg verð að játa það, að því meir sem jeg hugsa um þetta gufuskipsmál, því meir hallast jeg að breyt.till. h. þm. Ísf. (S. St.), en næst þeirri breyt. till. verð jeg að kjósa breyt.till. nefndarinnar. Það hefur nú margt verið talað um þessar tillögur hjer í þessari h. deild, og mátt skilja það á ræðum manna, að hjer sje farið ógætilega í sakirnar, já, jafnvel glannalega. En jeg get ekki verið á þeirri skoðun. Af mótmælum þeim, sem fram hafa komið gegn því að leigja skip, hefi jeg eigi getað sjeð nje sannfærzt um, að neinir ókleifir erfiðleikar sjeu á því, enda þótt landsstjórninni sje falið að koma þessu í verk. Jeg fæ eigi betur sjeð, en að nú sje kominn tími til þess fyrir þing og þjóð, að voga einhverju í þessa átt og sýna rögg af sjer.

Það er eigi svo langt síðan, að bæði þjóð og þing varð að horfa á það með rólegu geði, að meir en 20 þús. kr. af fje landsins væri fleygt í sjóinn fyrir ekki neitt, og það var þolað með mesta jafnaðargeði, að komast í mörg hundruð

þús. kr. skuld úr ríkissjóð Dana. En nú, þegar þessi litla og fámenna þjóð vill sýna dálitla rögg af sjer í einu af sínum velferðarmálum, samgöngumálinu, þá lítur út fyrir, að allir skjálfi og nötri á beinunum, og geri ráð fyrir öllu hinu versta. Jeg fæ þó eigi sjeð, að áætlanir þær, er þeir sem mæla á móti þessu nýmæli bera fyrir sig, sjeu í nokkru nær sanni en áætlanir hinna, er styðja breyt.till. þessa. Jeg álít ekki svo mikið í hættu, þótt kostnaður þessi kynni að yfirstíga 50 þús.kr.; það er þó eigi farið fram á lengri tíma en eitt fjárhagsár, og það getur aldrei drepið oss. Ef menn hallast að till. h. þm. Ísf. og leigja skip á stærð við Thyru, þ. e. 400 tons, þá mundi þess konar skip, eptir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið, eigi verða dýrara en það, sem áætlað er, og þó má búast við, að talsvert miklar tekjur komi inn af ferðum skipsins milli landa og meðfram ströndum landsins. Það hefir verið talað um, að skipið mundi eigi geta farið nema 3 heilar ferðir í kring um landið, en jeg get eigi aðhyllzt þá skoðun, og að án efa megi búast við, að það geti farið 5 ferðir í þá 7 mánuði, sem gert er ráð fyrir, að skipið sje í ferðum, því að aðgætanda er, að ef vjer ráðum sjálfir ferðunum, mun skipið eigi verða látið eyða mörgum dögum til dvalar á Færeyjum, svo sem títt er með skip hins danska gufuskipafjelags. Í öðru lagi er heldur eigi að sjálfsögðu nauðsynlegt, að skipið fari í hverri ferð til Danmerkur, heldur að eins til Skotlands. Jeg skal geta þess, að jeg hef átt tal við mann, sem opt hefir verið í förum, og er nákunnugur þessum ferðum, og hefir hann ætlað svo á, að skip með líkum hraða sem Magnetic muni geta farið ferðina fram og aptur frá útlöndum, kring um strendur landsins og til útlanda aptur á 5 vikum, og eptir þeirri áætlun er eigi of mikið sagt, þótt gert sje ráð fyrir 5 heilum ferðum á 7 mánuðum. Það er heldur eigi nauðsynlegt, að skipið dvelji á endastöðvunum, t. a. m. í Reykjavík, eins lengi eins og venja er af hinum dönsku gufuskipum. Jeg get því eigi annað en vonazt eptir því, er menn skoða vel huga sinn, að menn hallist að því, að reyna þetta fyrirkomulag eitt fjárhagstímabil. Jeg get heldur ekki sjeð, að það sje svo óframkvæmilegt fyrir landsstjórnina að fá umboðsmann til að stýra þessum ferðum og gera annað það, er fyrirtæki þetta útheimtir, nje að kostnaðurinn við það sje svo gífurlegur, að mönnum þurfi að blöskra hann. Uppskeran verður þó ætíð mikil með tilliti til reynslu þeirrar, er menn fá, þó að fyrirtækið beri eigi sýnilega peningaávexti á fjárhagstímabilinu. Jeg vil treysta því, að þessi h. deild og þetta h. þing muni, þrátt fyrir mótmæli þau, er fram hafa komið, hallast að þessu fyrirkomulagi.

Jeg skal svo að lokum leyfa mjer að minnast á viðaukatill. þá, er jeg hefi leyft mjer að koma fram með við 11. gr. um, að stofnað verði aukalæknishjerað í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum. Þó að jeg hefði þann heiður að vera kosinn í fjárlaganefndina, var jeg eigi svo heppinn, að hún vildi með atkvæðaafli taka þessa till. til greina. En af því að mjer getur eigi betur sýnzt, en að hún hafi við fullt eins mikil rök að styðjast sem aðrar slíkar bænir, er betri byr hafa haft, hef jeg leyft mjer að koma fram með hana hjer í þessari h. deild. Beiðni sú, er till. þessi byggist á, er mjög gagnorð, og er undirskrifuð af 121 búanda í hinum umgetnu hreppum, og hafa þeir í

mörg ár fundið til þess, hve miklum erfiðleikum það er bundið, að fá læknishjálp bæði frá lækninum í 15. og 16. læknishjeraði, þar sem hinn fyrri býr norður á Eskifirði, en hinn síðari suður í Hornafirði. Umdæmi læknisins í 16. læknishjeraði eru 5 dagleiðir á lengd, og ef einhver úr syðsta hreppni sýslunnar (Suðurmúlas.), Geithellnahreppi, þarf að ná í lækni norður á Eskifirði, eru það að minnsta kosti 3 dagleiðir, og vegurinn er mjög torsóttur, hvort sem leitað er til læknis á Eskifirði eða læknis suður í Hornafjörð. Um allt þetta getur h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) borið vitni með mjer.

Það er og tekið fram í bænarskrá þessari, að torfærurnar eru opt svo miklar, að ómögulegt er að ná í lækni, þótt líf liggi við, og kostnaðurinn við slíkar ferðir er opt svo mikill, að numið getur 60 kr., og má nærri geta, að fátæklingum muni ómögulegt að kljúfa þann kostnað, einkum þar sem svo er ástatt, sjerstaklega við Djúpavog, að fólk er mjög fátækt. Með beiðni þessari fylgja sjerstök meðmæli frá hjeraðslækninum í 16. læknishjeraði; tekur hann fram, hverjir erfiðleikar eru fyrir þá, sem hjer eiga hlut að máli, að vitja hans. Á leiðinni eru 3 vondar ár, og ýmsar heiðar, vondar yfirferðar, einkum Lónsheiði, sem er mjög snjósæl á vetrum, og það svo, að ómögulegt er stundum að koma hesti yfir hana. Enn fremur er Almannaskarð mjög hættulegt yfirferðar á vetrum. Fjarðaleiðina er heldur eigi hægt að fara, nema þá utan við alla firði á stórum bát með fullri áhöfn á, eða þá á gufubát, og því engin tök á slíku.

Jeg vona því að h. deild kannist við, að hjer er um meir en litla sanngirniskröfu að ræða, og jeg ber það traust til hennar, að hún gefi viðaukatill. þessari atkvæði.

Jeg skal svo eigi orðlengja meira að svo stöddu.

Jónas Jónassen: Það er að eins 2 atriði í breyt.till. þessum, sem jeg vil fara nokkrum orðum um.

Það er mjög eðlilegt, þótt talað hafi verið um strandferðirnar, því að allir sjá, að mikið er í þær varið. Eins og kunnugt er af frv. stjórnarinnar, eru áætlaðar 18 þús. kr. til þessara ferða, en h. fjárlaganefnd hefir gert við þetta stórkostlega breytingu, og af því að hjer er um svo mikið fje að ræða, er nauðsynlegt, að menn geri sjer ljóst, hvort reynsla undanfarinna ára hefir sýnt viðvíkjandi vöruflutningum með strandferðunum, að þörf sje á þessari miklu breytingu, og hvort strandferðirnar hafi verið svo langt frá því, að fullnægja flutningsþörfum hafna á milli í landinu. Jeg fæ eigi betur sjeð, en að einmitt reynsla síðustu ára sje hinn bezti mælikvarði fyrir flutningsþörfinni.

H. þm. Dal. (J. P.) hefir gert mjög mikið úr þessari flutningsþörf, en jeg skil ekki í öðru en að ástæður hans sjeu mikið byggðar í lausu lopti. Jeg held h. þm. Dal. (J. P.) mundi verða öldungis hissa, ef hann sæi, hve lítil sú »fragt« er venjulega, sem gufuskipin hafa frá hinum ýmsu fjörðum landsins og til Reykjavíkur. Jeg skal leyfa mjer að taka eitt dæmi. Þegar Thyra kom hingað í vor í aprílferðinni, eptir að liðið höfðu 6—7 mánuðir, frá því að skip hafði gengið alla leið í kring um landið, — hve mikla »fragt« halda nú menn að hún hafi haft þá? Jeg skal gefa upplýsingar um það. »Fragtin« var frá Seyðisfirði 3 kr., Vopnaf. kr. 2,10, Akureyri kr. 7,25, Sigluf. 1 kr., Sauðár-

krók 69 kr. 34 a., Ísaf. kr. 10,36, Önundarf. kr. 1,33, Dýraf. 1 kr., Patreksfirði 2 kr. og Stykkishólmi ekkert. Þetta er samtals í »fragt« 97 kr. 38 a. Segi og skrifa 97 kr. 38 a.! Hvað segir h. þm. Dal. (J. P.) nú? Auðvitað getur nokkur flutningur hafa verið milli hinna einstöku hafna, en flutningurinn frá öllum þessum höfnum hingað til Reykjavíkur var alls kr. 97,38. Þegar menn íhuga þetta, vona jeg að öllum verði ljóst, hversu lítil flutningsþörfin er. *(J. Pálsson:* En borgun fyrir farþegja?). Setjum, að borgun tyrir farþegja hafi verið 200 eða 300 kr.; það verður alls eigi nema kr. 397,38, og þegar menn athuga, að Thyra kostar um 300 kr. á dag, held jeg að öllum sje ljóst, að ferðin hefir ekki einu sinni borgað kolin. Jeg skal taka annað dæmi af júníferð Thyru 1890. Þá var »fragtin«: frá Beruf. 1 kr., Seyðisf. 2,50, Vopnaf. 7,95, Húsavík 16 kr., Akureyri 25 kr., Sigluf. 2,28, Sauðárkrók 13,50, Skagastr. 6,00, Ísaf. 1 kr., Dýraf. 1 kr., Arnarfirði 2,00, Flatey 48,00, Stykkish. 23 kr. eða alls kr. 149,13. Nú skulum vjer bæta við 300 kr. fyrir farþegja, og verður það samtals alla leiðina 449 kr. 13 a.! Þetta eru ljós dæmi og sláandi, er sýna, að allar þessar ímyndanir um hina miklu flutningsþörf meðfram ströndum landsins eru bara gripnar úr lausu lopti. Þetta er heldur engin furða. Vestfirðingar hafa lítið að senda hingað suður til Reykjavíkur, og vjer höfum heldur lítið að senda þangað vestur. Og þó að norðurland sendi nokkur 1000 pund af smjöri til vesturlandsins og hingað suður til Reykjavíkur, þá segir það ekki neitt handa heilu gufuskipi. Þess vegna er það bersýnilegt, að ef gufuskipafjelagið hefði ekki eins mikla »fragt« frá útlöndum upp til Færeyja og Íslands, hefði það svo stórkostlegan »Underbalance«, að ekki væri tiltök að fara strandferðirnar. Og þess vegna segi jeg það, að á öllum þeim ferðum, sem þetta fyrirhugaða strandferðaskip á að fara umhverfis strendur landsins, hlýtur það að hafa stórkostlegan »Underbalance«. Það kemur jafnvel opt fyrir á sumrin, að gufuskipin hafa ekki á vissum tímum einu sinni hálfa »fragt« upp til Íslands, því að kaupmenn brúka þá seglskip sín til vöruflutninga.

Það hefir verið talað um megna óánægju með gufuskipafjelagið danska. En jeg hygg, að það standi öldungis á sama, hvaða gufuskipafjelag vjer fáum til að annast strandferðirnar; það mun ætíð verða meiri eða minni óánægja með þær. Það hefir verið kvartað yfir því, að flutningsgóz komist ekki til skila, en hverju er að kenna? Í fyrra haust komu mjög margir smjörbögglar o. fl. með skipinu alveg ómerktir og öllu þessu var hrúgað upp á pósthúsið. En hver á nú þessa böggla? Þó að jeg eigi von á smjöri með skipinu, á jeg þá þann smjörböggul eða hinn? Hver getur sagt um það? Það voru mörg hundruð pund af smjöri, sem svona voru ómerkt. En hverjum er þessi óregla að kenna? Að sjálf. sögðu langmest þeim mönnum, sem bögglana senda. Þetta er það sem öðru fremur vekur óánægjuna.

Þess ber og að gæta, að svona skip, sem ómögulega má vera minna heldur en Thyra, hefir mikil útgjöld á hverri höfn, þannig t. a. m. hjer í Reykjavík um 100 kr. í hverri ferð, og um 50 kr. í hverri annari sýslu, sem það kemur við í. Jeg held því yfir höfuð að tala, að margt sje að athaga, þegar á að setja svona stórkostlegt fyrirtæki á stokkana. Þegar svona stórt skip á að koma svo að segja á hvern fjörð og hverja vík, og það má það náttúrlega til að gjöra,

annars verða þeir, sem þar búa óánægðir — þá er það ekki svo lítill kostnaður, og á því fleiri staði, sem skipið kemur, því lengur verður það á ferðinni kring um landið, og því dýrara verður að fara með því. Kaupafólki dettur t. a. m. ekki í hug að fara með því; það verður allt of dýrt fyrir það; það fer langtum heldur landveg t. d. norður í Skagafjörð; það verður bæði lengur á ferðinni að fara með skipinu og það verður langtum dýrari ferð fyrir það. Jeg er sannfærður um, að það er langhyggilegast, að fela stjórninni að gjöra trygga samninga við danska gufuskipafjelagið, auka dálítið tillagið til strandferðanna og heimta það, að skipið komi á fleiri hafnir. Þetta álít jeg það eina rjetta og skynsamlega, og langt um kostnaðarminna heldur en að fara að leigja skip sjálfir; það verður líka allt af klúður úr því fyrir landsstjórnina að hafa umsjón með svona skipi.

Það er enn fremur eitt atriði; það er aldrei lögð nóg áherzla á það að hafa góð skip. Það er alls eigi lítið varið í það, að hafa til þessara ferða góð skip, eins og vjer höfum nú; þeim hlekkist aldrei á og þau halda gróflega vel ferðaáætlun sína. Jeg álít að það sje höfuðatriðið, að skipin sjeu góð; — það er ekki lítið í það varið að hafa skip eins og »Laura« og »Thyra«. Þó að nú t. d. kaupmaður Wathne verði látinn taka að sjer þessar ferðir, þá er ekki hin minnsta trygging fyrir því, að vjer fáum gott skip til ferðanna, og ef skipinu hlekkist á, hvar stöndum vjer þá? Það er engin vissa fyrir því, að vjer fáum svo fljótt sem þarf bætt úr því; hann er víst ekki svo ríkur maður, enda þótt einhverjir standi á bak við hann. En hitt vitum vjer, að gufuskipafjelagið danska er mjög öflugt fjelag og það getur sent strax upp annað skip, þótt einu hlekkist á.

Jeg get því ómögulega gengið inn á það, að 59 þús. kr. sje varið til þess að halda út skipi á kostnað landssjóðs.

Það er og annað atriði, sem mig furðar stórkostlega á viðvíkjandi 11. gr. 2. í fjárlögunum, styrknum til aukalæknanna. Jeg skil ekki í þeim h. þm., sem hefir nú á þingi 1891 haft til meðferðar bænarskrá um aukalækni í Mýrasýslu, en hefir stungið þessari bænarskrá undir stól. Jeg skil ekki í, hvernig h. þm. Mýr. (Á. J.) fer að forsvara þess konar athæfi við kjósendur sína og fyrir kjósendum sínum. Jeg segi fyrir mig, ef jeg væri einn í því kjördæmi, skyldi jeg róa að því öllum árum, að þm. væri krafinn til reikningsskapar fyrir slíkar athafnir. Jeg sje það, að sumir þingdm. brosa að þessu; en þetta er alvarlegt málefni. Þjóðin kveinar út af læknaleysi, en þm. stinga bænum hennar undir stól. Jeg veit ekki, hvar þörf er á aukinni læknishjálp, ef það er ekki í vesturhluta Mýrasýslu; jeg hef opt átt tal við menn þaðan, sem komið hafa til mín, og það er hörmulegt að heyra um ástand þeirra. Þótt líf liggi við og kona liggi í barnsnauð, er opt öldungis ómögulegi fyrir ám og ófærð og vegalengd að ná í nokkurn lækni. Þótt þingmenn ekki finni til þess, þegar þeir sitja á þingmannabekkjunum, þá finna þessir aumingjar til þess, er lenda í þessum kringumstæðum. Hvaða meining er í því að halda hjer læknaskóla, þegar bænum manna um aukalækna er ár eptir ár stungið undir stól? Jeg er mjög þakklátur h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) fyrir viðaukatill. hans um aukalækni í syðstu hreppum Suður-Múlasýslu. Það er víst fyllsta nauðsyn til að stofna þar aukalæknishjerað. Jeg get heldur ekki skilið í, hvernig Eyjahreppur á Breiðafirði getur komizt af án sjerstaks læknis. Jeg vil, að þeir fái lækni út af fyrir sig,

sem ekkert hefir við Barðaströnd að gjöra. Sömuleiðis er víst hin brýnasta nauðsyn til að setja aukalækni í Ólafsvík. Það er ekki allt af sól og sumar heldur opt og tíðum ótærð og illviðri, og sængurkonur liggja dauðvona hjálparlausar. Jeg tek það upp aptur, jeg kemst við af því, að þingmenn skuli stinga bænarskránum um aukalæknana undir stól, einkanlega, þar sem er um þennan smánarlega litla 1,000 kr. styrk er að ræða. Annaðhvort verður að gjöra, að loka læknaskólanum alveg eða að búa til embætti fyrir þá, sem útskrifast þaðan, þar sem brýnust nauðsyn ber til.

Jeg skal minnast lítið eitt á breyt.-till. tölul. 32. frá þm. Snæf. (P. Br.) um að hækka fjárveitinguna til póstveganna upp í 30 þús. Þetta er skynsamlegt. Það álít jeg mjög skynsamlegt, að bæta sem allra mest vegina, svo að hægt sje að komast um landið. Jeg vil langt um heldur veita þessar 44 þús. krónur til aðgjörða á vegum landsins, en til þess að leigja fyrir þær gufuskip.

Jeg skal að síðustu geta þess, að mjer virtist orð hins háttv. framsögum. í gær, viðvíkjandi dönskukennslunni í búnaðarskólunum, nokkuð skrítin. Hann áleit að sjálfsögðu, að nemendur búnaðarskólanna þyrftu ekki að kunna dönsku til þess að sljetta þúfur og skera fram mýrar. Þetta getur nú verið mikið gott og rjett, og jeg hef ekkert á móti því, að settur sje ofurlítill styrkur til að snúa kennslubókum fyrir búnaðarskólana á íslenzku. En þessar kennslubækur geta aldrei orðið meira en stutt ágrip, en ef lærisveinarnir kunna ekkert útlent tungumál, ekki einu sinni dönsku, sje jeg ekki betur, en að alveg sje loku skotið fyrir, að þeir geti nokkurn hlut fullkomnað sig í námi sínu af bókum, eptir að þeir eru komnir af skólunum. Mjer finnst það því nokkuð skrítið að hafa á móti því, að lærisveinar búnaðarskólanna nemi dönsku. En jeg vil samt sem áður leggja meðmæli með því, að veittur sje styrkur til að koma út á íslenzku þessum fyrirhuguðu námsbókum, og mjer finnst 500 kr. allt of lítil upphæð.

Jeg held nú að jeg sje búinn að ausa úr mjer því, sem mjer lá þyngst á hjarta. En því skal jeg lofa, að það skal einnig koma annarstaðar fram, að þm., sem hafa til flutnings bænarskrár, leggi þær fram á lestrarsal alþingis og hugsi svo ekkert um þær meira.

Sigurður Stefánsson: Jeg ætla að minnast lítið eitt á breyt.till. mína um gufuskipsferðirnar. Það hefir verið haft margt á móti henni, en hin síðasta ræða h. þm. Rvík. (J. Jónassen) virtist mjer einkum sýna, að breyt.till. mín sje hin hyggilega. Jeg hef ekki ástæðu til að rengja skýrslu hans um »fragtina« milli hafna hjer á landi, því jeg veit hún er lítil, og það var það sem kom mjer til að koma fram með breyt.till., að jeg vonaði heldur, að það yrði fjárvon af fyrirtækinu, ef landssjóður kostaði líka ferðirnar til útlanda, því að þær eru það, sem gufuskipafjelagið græðir mest á. Jeg skil því ekki, hvers vegna margir þm. hafa tekið breyt.till. svo óstinnt upp; jeg get ekki skilið, að landssjóður sje ekki fær um þennan kostnað, og að minnsta kosti er hann færari um það, en hver einstakur maður.

H. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) talaði um, að það væri hjer ekki fastur grundvöllur til að byggja á; en er það fastari grundvöllur, að láta einhvern og einhvern taka að sjer ferðirnar, og fleygja þannig fje út í eins konar óvissu?

H. sami þm. sagði ennfremur sjer þætti undarlegt, að menn vildu fremur hallast að gufuskipafjelaginu danska, heldur en þessum íslenzka borgara, sem

hann ber svo mjög fyrir brjóstinu. En jeg verð að segja, að jeg vil heldur að gufuskipafjelagið annist ferðirnar kring um landið, heldur en þeir menn eða fjelög, sem jeg get ekki borið fullkomið traust til að geti staðið í skilum með samningana, hvað sem upp á kemur. Jeg segi þetta ekki af neinni persónulegri óvild til nvkkurs manns; en jeg álít, að landssjóður eigi ekki að spila fje sínu út í óvissu. Aptur á móti finnst mjer það engin óvissa vera, að landssjóður kosti ferðirnar, og jeg vil ekki gjöra svo lítið úr landsstjórninni, að hún geti ekki sjeð um, að ferðunum verði haganlega fyrir komið, einkum þegar hún hefir tillögur þingsins sjer til stuðnings. Það var ekki nein ásökun til gufuskipafjelagsins, þótt jeg segði, að mokað hefði verið skemmdum vörum upp úr skipinu á Isafirði í fyrra haust, því hvorki það fjelag nje aðrir geta stöðvað veður nje vind, það sjá allir. Jeg sagði ennfremur, að það væri örðugt að fá bætur hjá gufuskipafjelaginu; en það yrði ef til vill ekki hægra, að fá þær hjá öðrum, sem ferðirnar kynnu að hafa á hendi. Jeg tók það ennfremur fram, að ef hið opinbera kostaði ferðina, þá mundi miklu hægra að fá skaðabætur fyrir það, sem misfærist. Jeg býst við að mín till. verði eigi samþykkt, en jeg kom aldrei með hana til þess, að gjöra hana að deiluefni hjer í þingsalnum, eða gjöra hana að þrætuepli, þannig að hnútum yrði kastað hjer í salnum, eins og 2. þm. S.-Múl. (L. H.) ljet sjer sæma. Jeg verð samt að álita, að mín till. sje betri en fjárlaganefndarinnar; jeg tel það hyggilegra, að landssjóður kosti ferðirnar bæði frá útlöndum og umhverfis landið, því þótt gufuskipafjelagið engan styrk fengi, hjeldi það ef til vill ferðunum uppi; en jeg ímynda mjer, að því sjeu ætlaðar þessar 9,000 kr. hjá fjárlaganefndinni til strandferða frá útlöndum, og þá verð jeg að segja, að það er óviðkunnanlegt að vera að veita fje úr landssjóði til að styrkja þennan keppinaut, því það er sama og að landssjóður »konkúrreri« við sjálfan sig. Jeg held yfir höfuð, að till. mín sje ekki á lausari grundvelli en till. h. 2. þm. S.-Múl. (E. H.), og er það röng athugasemd hjá honum, að hún sje gagnstæð tillögu nefndarinnar; hún fer einmitt í sömu átt, en dálítið lengra.

Sami h. þm. spurði deildina með miklum spekingssvip, hvorf þingið mundi neita, ef innlent gufuskipafjelag byðist til að taka að sjer ferðirnar; jeg vil svara því, að ef það væri bláfátækt fjelag, og menn ekki vissu gjörla um hagi þess, eins og á sjer stað með Wathne þennan, þá held jeg það hafnaði boðinu.. Þetta verður nú kannske kallað að baktala þenna austfirzka borgara, en jeg hef heyrt Austfirðinga sjálfa segja, að ómögulegt væri að vita um efnahag hans, því annað árið gæti hann sýnzt ríkur, hitt árið fátækur, í ár hafði hann t. d, grætt mikið á síldarveiðum og myndi því standa sig allvel nú; en að eiga gufuskipaferðir kringum Ísland að nokkru leyti undir síldarveiðum á Austfjörðum, það getur hver talið hyggilegt sem vill. Jeg hef aldrei sagt þessi maður væri óáreiðanlegur, það er útúrsnúningur hjá 2. þm. S.-Múl. (L. H.). En hitt er alkunnugt, að 1885 samdi hann, að mig minnir, ferðaáætlun fyrir skip sitt, sem þá átti að fara ákveðnar ferðir og fólk reiddi sig á, en þessar ferðir fór hann aldrei. Það varðar mest í þessu efni, að samningarnir sjeu tryggir og að þingið ráði ekki til þessa mann, sem eigi getur staðið í skilum og eigi hefir nægilegt traust á sjer. Þá vil jeg heldur halla mjer að þeim aðila, sem hefir dálítinn

mátt, og þar af leiðandi má bera traust til. Jeg hef aldrei lagt orð að því, að jeg vildi hækka styrkinn til fjelagsins, en það getur verið, að jeg verði því ekki mótfallinn. Jeg er samdóma þm. Snæf. (P. Br.), að þingið hingað til ekki hafi gengið eins vel og skyldi frá skilyrðunum fyrir útborgun gufuskipsferðastyrksins. Hvað sem h. deild gjörir nú við þetta mál, þá vona jeg samt, að umræðurnar um það gjöri það að verkum, að þingið gæti sín í því, að hafa þessi skilyrði sem tryggust. Hvort það eru íslenzkir eða útlendir menn, sem annast gufuskipsferðirnar, stendur mjer á sama, og eins um það, þótt 2. þm. S.-Múl. (L. H.) prjediki á hverjum sunnudegi í fríkirkjunni á Reyðarfirði, að jeg hafi lastað þennan mann (ɔ: Watne) hjer í þingsalnum, því jeg hef ekki sagt annað um hann en það, sem mjer stæði á sama þótt hann sjálfur hefði hlustað á. Þrátt fyrir öll mómæli h. þm. S.-Múl. (L. H.) gegn breyt.till. mínum, vona jeg samt, að hann greiði atkvæði með henni; því það fer að verða einkennilegt með þennan þm., að hann greiðir atkvæði þvert á móti því sem hann sjálfur segir í umræðunum; þetta hefir optar komið fyrir, og núna seinast talaði hann t. a. m. móti búnaðarskólunum, en kvaðst þó mundi greiða atkvæði með þeim. Á þinginu 1887 var hann einn af helztu fylgismönnum stjórnarskrárbreytingarinnar og talaði með henni, en greiddi atkvæði móti, og á þessu þingi talaði hann manna mest á móti stjórnarskrármálinu en greiddi atkv. með því, samkvæmt þessu hef jeg beztu von um, að hann greiri atkvæði með breyt.till. minni einmitt, einmitt af því, að hann hefir barist svo rösklega móti henni.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er þakklátur h. þm. Dal. (J. P.) fyrir skýrslu þá, er hann með mikilli hreinskilni gaf mjer, þótt hún sje mjer ekki fullnægjandi. Það, sem mjer gekk til að leita upplýsinga var það, að jeg vildi vita, hvort nokkurt gagn hefði orðið af laxaklaki annarstaðar en í Dalasýslu, eða þá þar. Að því snertir laxaklakshúsið á Þingvöllum, þá sýndi þm. (J. P.) ósjerplægni í því, að hann ekki hefir eignað sjer það, þegar hann fór þaðan. Það er alveg rjett að minni ætlun, þegar landssjóður veitir lán til einhvers fyrirtækis, og eitthvað er eptir af því, sem fjenu hefir verið var til, hús eða annað, er að einhverju leyti er verðmætt og sem enginn eignar sjer, þá sje þetta eign landssjóðs; hefði þá rjettast verið, að bjóða húsið upp; jeg veit að þingmaðurinn lagði mikla elju á þetta laxaklak og urriðaklak. Jeg hef heyrt það einu sinni að minnsta kosti, að verið hafi síli í vatninu, sem ef til vill hefir verið laxsíli, en sá sem veiddi sýndi það ekki öðrum, heldur gleypti það óðara (hlátur), og sagði svo á eptir það mundi hafa verið lax; en jeg held hann hafi ekki spúið því aptur óskemmdu upp á þurrt land, eins og hvalurinn Jónasi spámanni; svona fór nú um það.

H. þm. Vestm. (I. E.) fór að gjöra dálitla árás, ofur hógværa þó, eins og honum er lagið, á litla viðaukatill. frá mjer og öðrum h. þm., um verðlaun handa manni, sem finnur öruggt meðal gegn sauðfjárpestinni. Það kemur líklega ekki fyrir, því ver og miður, að þetta meðal finnist nú þegar, og þá kemur það ekki til útborgunar á fjárhagstímabilinu. Jeg veit að vísu, að góð meðferð á fje; er eitthvert hið bezta meðal gegn fjárprestinni, en því verður ekki við komið nema á stöku stað; fjáreign manna verður þá mjög lítil á mörgum stöðum og jafnvel ómöguleg, ef taka ætti fje á gjöf strax á haustnóttum, og svo dugar það ekki, nema fóðrið sje

gott, og sjerstaklega dugir það eigi fyrir Vestmanneyinga, þar sem fje að mestu gengur í útieyjum, og varla er tekið á gjöf, enda er þar og mikil bráðapest, og það hefir, ef til vill, ekki meiri þýðingu fyrir neina fremur er einmitt fyrir Vestmanneyinga, að þetta meðal finnist, og vona jeg því að þingmaðurinn verði með viðaukatillögnnni.

H. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) sagði, að búnaðarskólarnir væru of margir og árangurslitlir. Hvað Hvanneyrarskólann snertir, þá þekki jeg hann lítið, og skal því ekki neitt lofa hann. Hann hefir ef til vill litla tiltrú, en það dugar ekki að koma slíkum stofnunum á fót, og svipta þær svo styrk, og tala svo um að slengja þeim saman. Ef slengja ætti t. a. m. öllum 4 skólunum í eitt, þá hefði þingmaðurinn átt að koma með ákveðna uppástungu í þá átt, en jeg er sannfærður um, að það er heppilegra að styrkja þá til næsta þings, og hugsa sig betur um; en það dugar ekki að vera að tala um það á þessu fjárhagstímabili, nl. að slengja þeim saman. Hann sagði að Hvanneyrarskólinn ætti fje á vöxtum, búnaðarsjóð Suðuramtsins, en vildi þó fá fje úr landssjóði; það hefir orðið að taka lán úr bankanum og veðsetja verðmæt brjef búnaðarsjóðsins til þess að kaupa jörðina, og allir vita að hún hefir kostað undrafje. Svo þarf og einnig fje til að kaupa bústofn, áhöld og byggja hús, þar sem allt var í flagi, og menn geta ekki ætlazt til mikils af frumbýling fyrst í stað; autvitað hljóta allir að viðurkenna, að það varðar mestu, að fá góðan og duglegan forstöðumann.

H. 1. var. N.-Múl. (J. J.) tók upp orð framsögum. (S. Th.), að þess mundi getið í annálum, að þingið 1891 hefði eigi viljað leggja fje til gufuskipsferða á kostnað landssjóðs, en legði svo og svo mikið fje til dómgæzlu, eptirlauna, kirkju- og kennslumála o. s. frv.; en þess mundi þá líka getið í sama annál, ef uppástungmenn hefðu lagt það til, að ljett væri á útgjöldum til dómgæzlu, lögreglustjórnar, eptirlauna og fl. og komið því fram, og væri það, er ekki til neins að vera að tala um að fækka sýslumönnum; það hefir verið reynt og það er hægra ort en gjört í því efni, og liggur að miklu leyti í strjálbyggð og víðlendi landsins, að það verður hjer að kosta fleiri embættisti menn að tiltölu við fólksfjöldann, en í öðrum löndum, ef til vill í nokkru öðru landi.

H. þm. Reykv. (J. Jónass.) var harðorður um þá þingmenn, sem hafa undir höndum beiðni frá kjósendum sínum um aukalækna; og er jeg einn af þeim. Jeg efast ekki um, að þessi ummæli þingmannsins sjeu sporttin af góðum vilja þingmannsins, en það er ekki rjett að tala um tómt hirðuleysi hjá hlutaðeigandi þingmönnum í þessu efni, því að það vakir fyrir þeim, að þótt þeir viðurkenni að þörfin sje mikil, þá sje þetta þó dýrt. Engin þjóð ver meiru til dómgæzlu og lögreglustjórnar en við, og engin meir til latínunáms, engin meir til kirkju- og kennslumála, og jeg held varla engin meir til lækna, í samanburði við fólksfjöldann hjá oss, og ef við gætum stofnað læknaembætti handa læknaefnum með litlum tilkostnaði, þá gæti jeg verið með, þó stofna ætti embætti í hverjum hreppi.

Páll Briem: Það er margt og mikið að athuga við þetta mál, og er því von þótt umræðurnar verði langar. Jeg ætla að fara eptir orðum hins h. forseta, og fara ekki að bera saman sparnað hjá mjer og sparnað hjá fjár-

laganefndinni; jeg skal heldur ekki tala um styrkinn til þilskipa-ábyrgðarfjelags á Vestfjörðum, en það sem er nauðsynlegt að gjöra sjer ljóst, og vildi jeg minnast á, er um styrkinn til gufuskipsferða. Jeg tel þetta mál sje á því stigi, að þingmenn sjái, að uppástungur nefndarinnar; ekki eru heppilegar, og að eigi sje ráðlegt að byggja strandferðirnar eingöngu á flutningaþörf milli hjeraða innanlands. H. þingm. Reykv. (J. Jónassen) sýndi mönnum fram á, að kostnaður fengist ekki að neinu leyti endurgoldinn á þennan hátt, og að hinar glæsilegu vonir forvígismannanna mundu ekki rætast að þessu leyti. Jeg vil eigi fjölyrða meir um þessa uppástungu nefndarinnar, jeg vildi að eins óska, að hún hefði tekið hana aptur.

Að því er snertir tillögu h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.), að landssjóður haldi uppi gufuskipsferðum frá útlöndum og umhverfis landið, þá segi jeg, að þar sem um tvennt er að ræða, það, sem er, og það, sem á að verða, þá tel jeg það betra sem er, en það, sem við eigum að fá; en svo er athugavert, að það er miklu meira fje, sem á að leggja til hinna væntanlegu strandferða, því að kostnaðurinn verður beinlínis að minnsta kosti 30 þúsund kr., í stað 18 þúsunda, eins og nú er, svo að mismunurinn verður 24 þúsund kr. á fjárhagstímabilinu, og er það talsvert fje. Og svo er þess að gæta, að þrátt fyrir það, þó að fjeð sje meira látið úti, þá verða hinar væntanlegu strandferðir með þessu skipi h. 1. þm. Ísf. (S. St.) verri strandferðir, og jeg vil meira að segja strandferðir, sem eru talsvert verri en þær, sem nú eru.

H. 1. þingm. S.-Múl. (S. G.) sagði, að hann tryði ekki öðru en skipið gæti farið 5 ferðir kringum land, en jeg held að h. þingm. Dal. (J. P.) hafi rjettara að mæla, þar sem hann heldur að skipið geti ekki farið meir en 3 ferðir fram og aptur. (*Jens Pálsson:* 6 ferðir áfram). Það er sama sem 3 ferðir fram og til baka, þar sem við nú höfum 10 ferðir áfram eða 5 ferðir fram og til baka. Fyrnefndur h. 1. þm. S.-Múl. (Sig. G.) sagði, að skipið þyrfti ekki að bíða eins lengi við endastöðvarnar eins og h. þm. Dal. (J. P.) gjörir ráð fyrir en biðir á endastöðvum eru nauðsynlegar til þess að ferðirnar ekki fari í glundroða. Það verður að sjá við því, að þótt skipið tefjist í einni ferð, þá þurfi næsta ferð eigi að verða öll á ruglingi þess vegna. Af þessum 2 uppástungum er það, sem nú er, miklu betra, en við þurfum ekki að haga ferðunum alveg eins og nú er, og hygg jeg að varla þyrfti nema orð frá þinginu til að gjöra þær hagfelldari, t. d. að skipið kæmi við á Austfjörðum á haustin og tæki þar fólk.

Eins og h. 1. þingm. Isf. (S. St.) tók fram, þá hefur þingið ekki undirbúið mál þetta nógu rækilega, eða sett nógu góð eða trygg skilyrði hingað til, en nú vona jeg að þingmenn gæti sín betur, og sýni þá framkvæmd, að sameina skoðanir sínar í þessu velferðarmáli; það má ekki hver pota sjer með sína uppástungu, heldur verður maður að koma sjer saman um að búa til ferðaáætlun með góðum skilyrðum. Jeg tel það t. a. m. vel til fallið, að það væri tekið fram sem skilyrði fyrir styrknum, að fjelagið hefði varnarþing hjer á landi, og það mætti meira að segja fara fram á það, að ýms ágreiningsatriði væru lögð undir úrskurð landshöfðingja, t. a. m. falið að ákveða skaðabætur, þá væri mönnum þó nokkurn veginn borgið; hafi fjelagið aptur á móti varnarþing hjer á landi, þá kemur það til úrlausnar dómstólanna. Þingmenn ættu yfir höfuð ekki að gjöra þessar tillögur sínar að kappsmálum, þótt þær kynnu að geta marizt fram með 1 atkvæðis mun

hjer og í efri deild, því þegar þær koma í sameinað þing þá falla þær eflaust. Menn þyrftu nú þegar í tíma að hugsa sig rækilega um skilyrðin fyrir útborgun á styrknum til gufuskipafjelagsins, að skipið t. d. skyldi koma við á Austfjörðum á leið til Reykjavíkur eða þá fyrst til Reykjavíkur og síðan til Austfjarða; þingið þyrfti auðvitað ekki eingöngu að binda sig við gufuskipafjelagið, heldur gæti það samið við þann, sem byði bezt kjör, hvort heldur það væri Wathne eða Englendingar, mjer er sama hver tekst ferðirnar á hendur, en jeg vil að eins láta setja næga tryggingu fyrir því, að samningarnir sjeu haldnir, svo að ferðirnar geti orðið landsmönnum sem tryggastar og haganlegastar, en landssjóði sem kostnaðarminnstar.

Lárus Halldórsson: Jeg gleymdi að minnast á breytingartill. frá h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) um stofnun aukalæknishjeraðs í Breiðdals, Beruness og Geithellna hreppum, og jeg vona að jeg þurfi ekki að fara um hana mörgum orðum, þar sem h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) skýrði svo vel frá þeim knýjandi ástæðum sem lægju til grundvallar fyrir þessari beiðni, og eptir þá löngu og röggsamlegu ræðu h. þm. Reykv. (J. Jónassens) hjelt um lækna, en vona að hin h. deild líti á þörfina og veiti þessa bæn.

Jeg skal svo fara fljótt yfir sögu.

Þegar jeg talaði áðan þá tóku tveir h. þm. að æpa »ósatt! ósatt!«.

Jeg held það sje sómalegast að viðhafa sem minnst af slíkum orðum, því þeir vita þó, að minnsta kosti annar þeirra, að það var satt sem jeg sagði.

H. framsögum. (Sk. Th.) sagði, að í ræðunum í stjórnarskrármálinu þá mundi jeg hafa farið að róta upp í gömlum sökum og þess vegna farið hörðum og ómjúkum orðum um sig og »Þjóðviljann«. Í þessu er sá sannleikur, að á eptir umræðunum hitti jeg h. framsögum. (Sk. Th.) og h. 1. þm. Ísf. (S. St.), og minntist jeg á þessar gömlu sakir. En hitt er engu síður satt, að á meðan á umræðunum stóð, þá mundi jeg ekkert eptir þeim, og þær áttu alls engan þátt í að stíla orð mín.

En þetta kemur ekkert málinu við.

H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) talaði um, að það væri ekki langt síðan þing og þjóð hefðu mátt horfa á með rólegu geði að meira en 20 þúsundum króna var fleygt í sjóinn fyrir ekki neitt, nl. Fensmarksskuldinni, og eins þyldu menn með jafnaðargeði, að landið væri látið komast í mörg hundruð þúsund króna skuld við ríkissjóðinn. Hann kvað þetta ekki vaxa mönnum í augum, en að sumir virtust álíta þessa 50 þúsund króna fjárveitingu ógætilega og jafnvel glannalega; en það held jeg sje alls eigi tilfellið, og jeg held að þau orð hafi aldrei fallið hjer í salnum.

Hann kvaðst heldur ekki sjá neinn ómögulegleika á því, að landssjóður haldi úti gufuskipi. Nei, það er fjarri því, að það sje á nokkurn hátt ómögulegt; en hitt er annað mál, hvort það er »praktiskt«.

H. þm. S.-Múl. (S. G.) tók það enn fremur fram, að það mætti þó reyna það þetta eina fjárhagstímabil; það dræpi okkur ekki. En jeg álít það bæði rjett og »praktiskt« í fjármálum að öðru jöfnu, að taka það ódýrara. Að öðru jöfnu, segi jeg; en jeg þykist meira að segja hafa sýnt fram á, að þær ferðir, er vjer fengjum með þessu 50 þúsund króna skipi, yrðu verri, en eigi betri, heldur en þær sem nú eru.

Það hefur annaðhvort verið af misskilningi eða þá af vísvitandi útúrsnúningi, að h. 1. þm. Ísf. (S. St.) ranghermdi

svo margt í ræðu minni. Jeg var öldungis ekki að tala um grundvöllinn undir tillögum hans, heldur tók að eins fram, að umræðurnar í dag sýndu það, að menn gjörðu sjer eigi ljósa grein fyrir grundvöllum undir málum almennt.

Tillaga okkar mætti harðri og ómjúkri móttöku hjá h. þm. Reykv. (J. Jónassen). En jeg skal benda á, að í þeim er kaupm. Otto Wathne hvergi nefndur. Geti hann ekki sett það »garanti«, sem landsstjórninni þykir nægja, eða verði ekki samkomulag á milli, þá hefur landsstjórnin fullan rjett til að semja við hvern annan sem henni sýnist, svo persóna hr. O. Wathne þarf ekki að vera nein grýla og kemur málinu eigi við.

Jeg þarf ekki að svara því sem h. þingm. Ísf. (S. St.) sagði, að jeg myndi greiða atkvæði með hans tillögu eða tillögu fjárlaganefndarinnar og vildi leiða það út af atkvæðagreiðslu minni í stjórnarskrármálinu 1887, og atkvæðagreiðslu í sama máli nú síðast. Jeg veit ekki hvernig hann svo gáfaður og greindur maður getur farið að misskilja svo hroðalega, eða hvaða rjett hann hefur til þess að rangfæra svo mjög framkomu mína í þessu máli, þar sem jeg þykist fullviss, að hann skilji vel atkvæðagr. mína 1887, og líka þau orð mín nú, 1891, þar sem jeg gjörði fulla grein fyrir atkvæðagr. minni. Jeg veit hann hlýtur að skilja þetta vel, eins og hver sá, sem les orð mín í þingtíðindunum frá 1887, og það er jeg talaði nú í þessu máli; en hvaða rjett hefur hann þá til að rangfæra framkomu mína og reyna þannig að hnekkja áliti mínu í þingd. og út um allt land, sem enginn maður hefur orðið fyrr til að gjöra, því »Þjóðviljann«, sem á einum tíma mun hafa verið að finna að framkomu minni 1887, tel jeg ekki mann. En þó h. þm. Ísf. (S. St.) sje prestur, þá sje jeg að hann er gjarn á að leggja út á verri veg. *(Forseti* hringir). Jeg hef ekki talað neitt ósæmilegt nje brotið þingsköpin. Jeg byggi beinlínis á þeim orðum, sem h. þm. Isf. (Sig. St.) talaði og jeg vona að jeg standi jafnrjettur uppi fyrir þeim áburði hans.

Hvað viðvíkur búnaðarskólunum, þá tók jeg það skýrt fram að þó jeg áliti það óheppilegt að þeir væru orðnir svona margir og vildi óska að breyting kæmist á þann rekspöl, sem búnaðarskólamálið er komið á, þá vildi jeg þó ekki láta svipta þá fyrirvaralaust þeim styrk, er þeir hafa notið.

En það var dálítið meira, sem jeg ætlaði að segja við h. 1. þm. Ísf. (Sig. St.). Jeg hef heyrt sagt, að hann muni vera höfundur að nokkrum vísum um mig, sem einu sinni stóðu í »Þjóðviljanum«, og væri það, þá eru vísurnar þess verðar, að því sje haldið á lopti, hver sje höfundur þeirra, því það er svo mikil »poësi« og andagipt í þeim, og því vildi jeg leyfa mjer að hafa þær yfir, svo þær gæti komið fyrir almenningssjónir í þingtíðindunum. *(Forseti*: Þetta er ekki til umræðu). Vísurnar eru svona, jeg hef þær yfir reyndar að eins eptir minni, og ef mig misminnir eitthvað, þá geymi jeg mjer rjett til að leiðrjetta það síðar:

»Ef illa gjöldin greiðast
»fríkirkjunni frá,
»Lalla fer að leiðast
»að lappa upp á þá.

»Feiknin öll af feiti
»falla í hinna gjöld,
»þjóðkirkjan þeytir
»þeim upp í völd.

»Bezt er að vera bljúgur
»— bænin hreyfir fjöll —
»í Dana liði drjúgur,
»þá drjúpa prestaköll«.

Undir vísunum stóð minnir mig Z.

Þetta er hinn einkennilegi, ekta »Þjóðvilja-«still, fullur af dylgjum og getsökum. Það átti að telja sóknarmönnum mínum trú um, að jeg hjeldi með Dönum, til að spilla fyrir mjer, og þetta var gjört undir nafninu gaman og alvara; öllu gamni fylgir líka alvara. Þetta kalla jeg að gjöra tilraunir til að sverta mannorð síns náunga, sem ekkert hefir til saka unnið.

Jón Jónsson þm. N.-Múl.: Jeg ætla að víkja fáum orðum að h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.). Hann talaði í ræðu sinni um búnaðarfjelögin og lagði heldur á móti styrkveitingunni til þeirra. En þegar að er gætt held jeg það sje ekki svo mikið millibil milli hans skoðana og okkar sem viljum hafa styrkinn.

Hann sagði að fjelögin ættu erfitt með að komast á fót, því það hefði mikinn kostnað í för með sjer fyrstu árin sjerstaklega, verkfærakaup o. fl. En af þessari skoðun leiðir ekki að nauðsynlegt sje að hafa styrkinn lítinn og það svo lítinn, að þegar hann skiptist, þá verði hann því nær til einskis gagns, heldur þvert á móti. Þess vegna er ástæða til að styðja þau ríflega í byrjuninni. Ef það er sannfæring hans, að þau þurfi styrk í byrjuninni, finnst h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) þá ekki nauðsynlegt að hafa hann svo mikinn, að þau hafi hans full not?

H. 2. þingm. S.-Múl. (L. H.) gat þess að rjettast mundi að afnema allan styrk til búnaðarfjelaga, en veita heldur lán með vægum kjörum; jeg skal nú ekki dæma um það, en kæmi h. þingm. með þess háttar tillögu mundi jeg hugsa mig vel um áður en jeg greiddi atkvæði móti henni. En það er aðgætandi að ágóðinn af jarðabótum er lítill fyrstu árin, svo jeg hygg að töluverðir örðugleikar yrðu á því á að fá menn í fjelögunum til að leggja fram fje og vinnu, ef menn líka jafnframt þyrftu að taka lán, og svo yrði það lán að vera með mjög góðum skilmálum, löngum borgunarfresti og lágri rentu.

Annars hygg jeg flesta vera á því máli, að heppilegast sje að leggja fram styrk til búnaðarfjelaganna til að stofna þau, en því nauðsynlegra álít jeg að halda þeim styrk áfram, þangað til þau eru komin á það stig, að allir fara að sjá, að það er hagar að jarðabótum fjelaganna; þá fyrst en fyrr ekki getur það komið til álita, að svipta þau styrknum.

Viðvíkjandi því sem h. 2. þingm. S.-Múl. (L. H.) sagði, að jeg hefði ekki gjört ágreiningsálit í fjárlaganefndinni viðvíkjandi eptirlaunum og öðrum launum til embættismanna, þá er það misskilningur hjá h. 2. þingm. S.-Múl. (L. H.); því öll þau laun eru fyrir fram ákveðin með sjerstökum lögum, svo það kemur ekki ágreiningsatr. í fjárlaganefndinni neitt við, enda nefndi jeg það í sambandi við fjárhagsstefnu þessa þings og undanfarandi þinga, en ekki í sambandi við fjárlaganefndina eða atkvæðagreiðsluna í fjárlögunum nú.

Viðvíkjandi því að veita 500 kr. til að setja turn á Vestmannaeyjakirkju, þá var jeg ekki með því í fjárlaganefndinni. Því þar sem h. 2. þingm. S.-Múl. (L. H.) talaði um, að jeg hefði engar bakdyr út um að smjúga í því atriði, af því jeg hefði greitt atkvæði með því í nefndinni, þá fer h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) þar með ósannindi. Jeg vil skjóta því til h. samnefndarmanna minna, hvort jeg ekki þegar greiddi atkvæði á móti því í nefndinni.

En annars mun það hafa verið algild regla, sem jeg ætlaði h. 2. þingm. S.-Múl. (L. H.) mundi þekkja, að gjöra ekki ágreiningsatriði í fjárlaganefndinni út

af hverju einstöku atriði, sem þá ekki væri því meira um vert. Öðru en þessu sje jeg ekki ástæðu til að svara því, sem h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) beindi að mjer.

Jens Pálsson: Jeg skal fyrst svara orðum h. þm. Árn. (Þ. G.) um laxaklakshúsið á Þingvöllum. Það hefir verið notað síðan jeg var þar. Hinn núverandi prestur þar gjörði tilraun með laxaklak 1886 og 1887, en af sjerstaklega miklum vatnavöxtum óhreinkaðist vatnið mjög, svo að tilraunin mistókst, og var því umkennt meðfram, að kassarnir voru ekki svo hentugir sem skyldi. Síðan hafa verið gjörðar ítrekaðar tilraunir, til að útvega þangað klakkassa frá útlöndum, og er það að kenna óhæfilegum undandrætti A. Feddersens, að þeir eru ekki löngu fengnir.

Þá beindi h. þm. Reykv. (J. J.), í hinni löngu ræðu sinni, mörgum orðum til mín, en mjer dettur ekki í hug, að svara því öllu. Með því, að skýra frá vöruflutningum, er strandferðaskip á 2—3 ferðum, einmitt þeim ferðum, þegar minnst er að flytja, hefði, vildi hann sanna, að ekki væri mikil þörf á þessu skipi, sem hjer er um að ræða, en það, sem hann tók fram þessu viðvíkjandi, sannar alls ekki neitt, enda komst h. þm. líka alveg í mótsögn við sjálfan sig seinna í ræðu sinni, þar sem hann áleit, að innanlandsflutningar og ferðalög væru hjer svo mikil, að eigi nægði minna skip en Thyra. *(Jónas Jónassen:* Jeg sagði til flutninga milli landa). Jeg hjelt, að jeg hefði þó hermt rjett orð h. þm., en hann hefir sjálfsagt haft útlendu flutningana í huganum. Það getur verið rjett, sem h. þm. tók fram, að vöruflutningarnir milli hafna sjeu stundum svo litlir, að þeir borgi ekki kolin, en h. þm. gleymdi alveg farþegjunum, en þegar þeir eru teknir með, þá borga ferðirnar sig víst betur, eða dettur h. þm. í hug, að hann geti talið mjer, eða nokkrum öðrum, sem nokkuð hugsar, trú um það, að annað eins gróðafjelag, eins og gufuskipafjelagið danska, væri að halda hjer úti 2 skipum ár eptir ár, ef það gjörði ekki annað en tapa á þeim? Engum manni með heilbrigðri skynsemi ætti að geta dottið slíkt í hug. H. þm. var að tala um, að hjer væri ekki mikið að flytja, en jeg er svo opt búinn að sýna og sanna, að þetta er misskilningur; en það er ekki undarlegt, þó að flutningsþörfin sje ekki komin í ljós, slík sem hún í raun og veru er, þar sem þessi strandferðaskip varla gjöra annað en að skjótast fáeinum sinnum á ári fyrir annes landsins, án þess að koma við nema á örfáum höfnum í fjörðunum. Mest er undir því komið, hvernig flutningaferðunum er hagað. Þá vildi hann gjöra lítið úr óánægju manna með strandferðaskipin; en hún er því miður mikil, eins og allir vita, mest af því, að skipunum og ferðum þeirra er ekki hagað eptir þörfum landsmanna. Jeg skal nefna t. d. eitt óanægjuefni, og það er, hvað farþegjarúm á Thyru hefir verið lítið; það hefir að vísu verið bætt dálítið í sumar, en um langan undanfarinn tíma hafa margir farþegjar haft af því mestu óþægindi. Þá er það alkunnugt, hvernig að óskum allra landsmanna, um að skipið kæmi við á sem flestum höfnum, hefir verið fullnægt, og þó er það einmitt skilyrði fyrir því, að skipin geti fengið meira að gjöra, og að ferðirnar komi að sönnu gagni. Þá er mjer alveg óskiljanlegt, hvernig h. þm. Reykv. (J. J.) gat komið með það, að engu skipi gufuskipafjelagsins hefði hlekkzt hjer á. Jeg held flestum sjeu þó minnisstæð afdrif gufuskipsins »Phönix«, en hefðu skipstjórnarmenn þá verið kunnugir því, að á

Hafnaleir og Sandgerðishöfn er gott skipalægi í norðanátt, þá hefðu þeir, getað bjargað sjer þangað, og legið þar af sjer veðrið, þar sem þar er allkyrr sjór í norðanveðrum, þótt mjög sje ókyrrt inni í Faxaflóa. H. þm. Reykv. (J. J.) sagðist geta skilið það, ef menn hefðu viljað verja 75,000 kr. til akvega á aðalpóstleiðum, en hvað langan akveg vill hann gjöra fyrir 75,000 kr.? Sumstaðar að minnsta kosti, t. d. í kringum Hvalfjörð, þar sem ekki er annað en skriður og klungur í snarbröttum fjallahlíðum, þætti mjer gott, ef hann legði meir en 2 mílur akvega fyrir þetta fje. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg sje á móti vegabótum, því þær eru nauðsynlegar, en þær hljóta að ganga seint, enda þótt allmiklu fje væri varið til þeirra árlega.

Jeg skyldi ekki vera móti því, ef menn gætu komið með góða till. í þá átt, að landsstjórnin kæmist að betri samningum við gufuskipafjelagið, eins og h. þm. Snæf. (P. Br.) áleit, að ætti að vera hægt. Ef jeg hefði tryggingu fyrir því, að gufuskipafjelagið gengi að slíkum samningum, þá skyldi jeg taka uppástungu h. þm. með mestu gleði. En það hefir verið ráðið til þessa fyr hjer á þingi, og þó vita allir, að óánægja með fjelagið hefir ekki minnkað fyrir það. Jeg hefi þess vegna litla trú á, að gufuskipafjelagið mundi taka öll skilyrði til greina.

Jeg vona, að árangurinn af þessum umræðum verði þó sá, hvernig svo sem fer um þetta mál, að reynt verði hjer eptir að setja tryggingarskilyrði, og komast að betri samningum við gufuskipafjelagið, en hingað til, ef annars nokkuð verður við það átt.

Þá skal jeg minnast nokkrum orðum á ræðu h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.). Hann áleit, að ferðunum yrði miður borgið með innlendu skipi, af því það gæti ekki leyst af hendi allt sem því væri ætlað, svo vel sem æskilegt væri. Og ennfremur sagði hann, að tekjurnar af þessu skipi væru allt of hátt settar. Þetta er fullyrðing, sem er slegið fram alveg út í bláinn. Það er tóm ímyndun og ekkert annað. Hann sagði, að 1 skipi væri ómögulegt að fara þær ferðir, sem jeg hefði áætlað, nema það væri óvenjulega hraðskreitt, enda hefði sjer verið sagt, að svo væru því ætlaðar stuttar viðstöður á sumum viðkomustöðum, að menn varla gætu hrækt frá sjer. Mjer komu slík ummæli frá þessum h. þm. alveg á óvart, því jeg hef haft þá trú á honum, að hann áliti það sjálfur fyrir neðan virðingu sína, að kasta svona fullyrðingum fram, út í bláinn. Hann hefir ekki einu sinni sjeð áætlun mína, og hvernig getur hann þá farið um hana slíkum orðum? Jeg skal auk þess benda honum á, að gagn og þýðing strandferðanna er ekki eins mikið komin undir því, hve ferðirnar eru margar, eins og undir því, hve víða og hvenær skipin eru á ferðinni.

Jeg varð einnig öldungis hissa á vanvirðingar-orðum sama h. þm. til vor, sem höfum haldið fram hinu innlenda skipi, á kostnað landssjóðs; jeg áleit það einnig langt fyrir neðan virðingu h. þm., að kasta til vor ásökunum um ósæmilegt makk, eða eins og hann orðaði það: «hrossakaup«, í þessu máli. Hvaðan sem h. þm. hefir haft þau ásökunarorð, sem hann við hafði í þessu efni, þá voru þau að minni vitund ósönn. Þessari »hrossakaupa«, ásökun var ómótmælanlega stefnt að okkur »gufuskipsmönnum«; jeg hef því ástæðu til að finna mig, sem aðra, meidda með henni, — og þótt jeg ekki hafi mætur á hnútukasti í orðum, get jeg ekki látið rýra mannorð mitt sem þingmanns og manns í augum almennings, með

rangri ásökun, án þess að mótmæla henni. Að öðru leyti vil jeg ekki eiga orðakast við h. þm. og má hver sem vill ætla mig því óvaskari mann en aðra, sem mjer kann að vera óljúfara að vega að öðrum með móðgunarorðum. Jeg skal játa, að mjer lætur ekki, að brýna særandi orða-örvar á aðra menn. Svo skal jeg ekki tala meira um ræður þm., en að eins fáein orð um málið almennt.

Atkvæðagreiðslustundin í þessu máli er þegar komin; og þessi stund er alvarleg og hátíðleg, því málið hefir mikla þýðingu fyrir velferð og sóma landsins. Strandferðamálið er sannarlegt velferðarmál fyrir land og lýð. Undir því er komið, hvort þjóðin fær bót einhverra sinna mestu nauðsynja. Undir atkvæðagreiðslunni í þessu máli er það ef til vill komið, hvort vjer enn um óákveðinn tíma eigum að búa undir náð eða ónáð þess fjelags, sem hefir lítilsvirt kröfur vorar og rofið samninga, sem landsstjórnin hefir gjört við það um farþegjarúm, án þess að landsstjórnin hafi rekið rjettar vors, og krafizt með lögsókn hæfilegra skaðabóta fyrir samningsrofið, sem harðast hefir komið niður einmitt á fátæku fólki. Jeg efast ekki um, að landsstjórninni sje það óljúft, að rjettur vor sje fyrir borð borinn. En víst er það, að eigi hefir henni tekizt að rjetta hluta vorn gagnvart hinu mikla peningastórveldi, gufuskipafjelaginu sameinaða. Þjóðernistilfinning mín er særð, þegar rjettur þjóðar minnar er þannig fyrir borð borinn, og jeg vil helzt ekki eiga rein viðskipti við þá, sem það gjöra. Þannig er mín hugsun; aðrir geta haft sínar hugsanir. Menn tala um, að verzlun vor mundi í hættu stödd, ef vjer hjeldum ekki fast við þetta fjelag. En má jeg spyrja? Hvar hefir sýnt sig sú hjálp, sem verzlun vor hefir hlotið af strandferðum þessa fjelags? Er verzlunaraðferðin ekki enn hin sama, eins og hún var, áður en þessar strandferðir hófust? Helzt ekki enn við sama vörukiptaverzlunin, sama lánsverzlunin, þetta átumein þjóðmegunar vorrar og menningar? Hverjir eru það, sem hafa komið á peningaverzlun við bændur hjer á landi? Það hafa gjört menn, sem hafa haft eigin gufuskip í förum, bæði milli annara landa og þessa lands, og hjer við strendur vorar. Hvað hefir hið opinbera gjört fyrir þá? Alls ekki neitt; þeir hafa eigi verið styrktir með einum eyri af landsins fje. Eitt hið fyrsta skilyrði fyrir því, að þessi illa verzlunaraðferð leggist af, en að góð, eðlileg og þjóðleg verzlun komist á, er það, að haganlegar strandferðir komist á út frá Reykjavík til sem flestra hafna kring um land allt. Þetta er skilyrðið fyrir því, að hjer geti komizt upp kaupmenn, sem verzla ekki einungis með útlendar vörur, heldur líka innlendar.

Hnattstaða þessa lands heimtar það, eðlisásigkomulag þess heimtar það, tímarnir heimta það, að þetta eyland fari að leggja fram fje til strandferða, sem það sjálft hafi öll umráð yfir. Þessi tími er ef til vill ekki kominn enn, en sú tíð kemur, að Íslendingar gjöra ekki að eins þetta, sem vjer erum að berjast fyrir; það kemur sú tíð, að þeir ekki að eins leigja sjer gufskip, heldur eiga sjálfir sín gufuskip. Jeg legg ekki þennan spádóm til endilegra úrslita h. þingdeildar nje þeirra manna, sem nú lifa, en jeg legg hann öruggur undir úrslit sögunnar.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Það er sjerstaklega ræða h. þm. Reykv. (J. J.), sem gaf tilefni til, að jeg stend nú upp.

H. þm. tók það fram, þegar hann tal-

aði um gufuskipaferðirnar, að það mætti ganga að því vísu, að það yrði stór »Underbalance«, ef landið rjeðist í það stórræði, að halda úti skipi á eigin kostnað; en ef gengið er að till. nefndarinnar, verður kostnaðaraukinn þó engin ósköp. En yfir höfuð mega menn ekki allt af nota þann mælikvarða, hvort hitt og þetta muni borga sig, þegar um samgöngur er að ræða í svo strjálbyggðu landi sem Ísland er. Ef menn hefðu verið vissir um, að fyrirtæki þetta mundi borga sig, hefðu líklega ekki heyrzt eins margar raddir til að spilla fyrir því, en jeg bið menn gæta þess, að fleira eru peningar en það, sem látið verður í budduna, svo sem ýmis konar óbeinlínis hagnaður; ef landið hjeldi úti skipi til strandferða á eigin kostnað, má því ekki eingöngu líta á þær beinu tekjur, sem landið fengi, heldur og á það margvíslega hagræði, sem almenningur hefir af haganlegum samgöngum.

H. þm. (J. Jónass.) talaði mikið og heitt um aukalækna; beiðni um aukalækna hefir borizt úr 7 stöðum, en nefndin sá sjer ekki fært að sinna nema 2 af þeim. Þm. ámælti deildinni fyrir illar undirtektir í þessu máli, en jeg held það hafi ekki við rök að styðjast, þegar þess er gætt, að þingið hefir í hvert einasta sinn fjölgað aukalæknum eitthvað.

Annars er jeg persónulega ekki svo fjarskalega hrifinn af þessum góðu læknum, að mjer finnist ástæða til að hafa þá á annari hvorri þúfu. Að minnsta kosti þykir í mínu byggðarlagi reynsla fengin fyrir því, að því meir sem læknum fjölgar, þess meir aukast sjúkdómar. Það getur nú verið að þetta hneyksli h. þm. Rvík (J. Jónass.); en þessi er þó trú og reynsla margra manna.

Það getur auðvitað opt verið gott, að hafa lækna sem næst, en á voru landi höfum vjer annað að gera við fje vort en að verja því til að fjölga embættum. H. þm. Rvík (J. Jónass.) sagði einnig, að menn gætu eins vel strax lokað læknaskólanum, ef menn vildu ekki fjölga embættunum, en jeg held það sje þó almennt viðurkennt, að embættin eigi að vera fyrir almenning, en ekki fyrir embættismennina eingöngu. Í þessu efni verðum vjer að fara hægt, eptir því sem efnin leyfa, en ekki hugsa til að gera allt í einu.

H. þm. tók fram, að sízt mætti vera án læknа, þegar konur lægju í barnsnauð. Það er satt, að í þess konar tilfellum geta læknar gert gagn, og eins þegar um útvortis sjúkdóma er að ræða; en þegar þeir eiga að fara að fást við innvortis sjúkdóma, þá vitum við Ísfirðingar, að vanalega er viðkvæðið, líkt og hjá skottulæknum, að það sje »þessi limpía, sem gangi«, o. s. frv.

Eins og jeg sagði áðan, geta læknar gert gagn, þegar konur eru í barnsnauð, en ætli ekki mætti komast hjá því á annan hátt? Mætti ekki leyfa yfirsetukonum að brúka verkfæri? Jeg skýt því til h. þm. Rvík (J. J.). Það yrði kann ske til þess að stöðva þessar sífelldu bænir um lækna, sem landið rís ekki undir, því þó líf og heilsa sje mikilsverð, þá verða menn líka að hafa eitthvað ofan í sig; en til þess er það einkar-nauðsynlegt, að atvinnumálum og fjárframlögum til þeirra sje sem mestur gaumur gefinn.

H. þm. Snæf. (P. Br.) talaði með mikilli, enda óvanalegri sanngirni um samgöngumálið, og lagði áherzlu á, að menn yrðu að reyna að koma sjer saman, og er jeg því samdóma.

H. 2. þm. S.-Múl. (L. Halld.) o. fl. töluðu með brennandi áhuga um þenn-

an íslenzka borgara, sem menn gerðu rangt til, ef 12000 kr. styrkurinn til strandferða austan um land að Horni yrði felldur. En gæti menn vel að því, að hjer er ekki að ræða um neinn sjerstakan íslenzkan borgara, ekki verið að tala um herra Wathne, heldur einungis um 12000 kr. Landsstjórnin getur, eins og fjárveitingin er orðuð, snúið snjer til hvers, sem hún vill, og hefir algerlega frjálsar hendur. Jeg sje því eigi betur, en að allar hinar brennandi ræður um þennan íslenzka borgara sjeu talaðar út í hött. Ef menn vilja endilega hafa hann, þá verða þeir að koma fram með breyt.till. um það við 3. umræðu.

Þar sem h. þm. (L. H.) var að segja sögu af hrossakaupum, þá get jeg frætt hann á því, að ekki var á fundinum minnzt á þetta, sem hann talaði um, en jeg get vel trúað því, að einhver þm. hafi »privat» talað við hann, og sagt sem svo: Lofaðu till. nefndarinnar að komast upp í Ed., og sjáum hvernig hún fer með hana; ef hún vill ekki fallast á hana, þá skulum við hallast að hinni. Jeg fæ ekki betur sjeð en að þetta sje góð og skynsamleg aðferð. Maður verður opt, einkum í tvískiptu þingi, að hafa margt í höfðinu í einu, og halla sjer að þessu, ef hitt fæst ekki.

H. þm. (L. H.) hafði líka yfir skemmtilega og spaugilega vísu um sjálfan sig, sem hefir staðið í blaði, sem jeg vona, að vjer allir metum mikils. En af því jeg er því máli nokkuð kunnugur, get jeg lýst því yfir, að það eru rangar getsakir, að eigna hana h. 1. þm. Ísf. (S. St.), enda þótt hann sje hagyrðingur. *(Lárus Halldórsson:* Það eru engar getsakir. Jeg sagðist hafa heyrt það).

Ólafur Ólafsson: Það er ekki ot mikið sagt, að gufuskipamálið sje nú komið í allóvænlegt horf og í eina bendu. Hjer er hver höndin móti annari og úir og grúir af breyt.till. Það er eðlilegt, að menn spyrji, hver sje bezt, en erfitt er að svara því, því að 2 og að líkindum einnig hin þriðja eru byggðar á ósannanlegum áætlunum. Jeg vil ekki gera málið að neinu kappsmáli, en finnst sómasamlegt fyrir h. þingdm. að reyna að samrýma skoðanir sínar. Eins og málið stendur nú, hef jeg helzt hugsað mjer að greiða atkvæði með breyt.till. fjárlaganefnd., ekki af því að jeg undirskrifi hana að öllu leyti, eða af því jeg haldi, að allar áætlanirnar sjeu óyggjandi, heldur af því, að jeg geri mjer helzt von um, að með þessu móti muni helzt takast að greiða úr bendunni, og fá heppileg úrslit.

Sigurður Gunnarsson: Jeg vildi drepa á það, sem h. þm. Snæf. (P. Br.) sagði um endastöðvar skipanna, út af því sem jeg talaði í þá átt. Hann sagði, að það væri nauðsynlegt, til þess að ferðirnar lentu ekki í ruglingi, að ákveðinn væri ríflegur tími. Jeg skal játa þetta, en jeg álít þó enn, að tíminn sje til tekinn óþarflega langur hjá gufuskipafjelaginu, einkum þegar þess er gætt, að ferðir þess ber upp á hentugasta og bezta tíma ársins.

H. þm. (P. Br.) vildi helzt semja við gufuskipafjelagið danska. *(Páll Briem:* Sama hvert fjelag það er). En hann vildi einnig að þingið semdi ferðaáætlun og fengi fullnægjandi tryggingu; þetta er auðvitað mjög gott; en ef samið yrði við gufuskipafjelagið danska, þá höfum við reynsluna fyrir okkur í því, að gufuskipafjelagið vill ekki ganga inn á ferðaáætlun þingsins. Við erum nú, að því er mig minnir, búnir að hafa viðskipti við fjelag þetta í 16 ár, og við höfum líka verið óánægðir með það í 16 ár, og

finnst mjer nú tími kominn til að reyna eitthvað annað.

H. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) skildi ekki að orð mín um tjón það, er landið beið af embættisfærslu Fensmarks, og skuld landssjóðs við ríkissjóð, kæmi þessu máli við. Jeg skal þá taka upp aptur, hvað jeg meinti. Jeg sagði, að þjóðin hefði með þolgæði og stillingu orðið að horfa upp á þetta og þvílíkt, og jeg tók það fram í sambandi við till. h. þm. Ísf. (S. St.) um að halda úti gufuskipi á landsins kostnað, sem h. þingdm. ætla, að ekki muni geta borið sig, en jeg hygg þó að það sje þolanlegra að kaupa þá reynslu dýrt en hina, sem jeg minntist á. Þessi reynsla verður sannarlega ekki árangurslaus eða ávaxtarlaus, og jeg trúi því varla, að menn þurfi að iðrast þessa eptir á.

H. 2. þm. S.-Múl. (L. Halld.) efaðist um, að skip landssjóðs gæti farið 5 ferðir, en hallaðist að áætlun h. þm. Snæf. (P. Br.) um 3 ferðir, en jeg heyrði hann ekki færa fram neinar ástæður fyrir þessari skoðun sinni.

Viðvíkjandi þeirri tillögu, að fela kaupmanni O. Wathne strandferðir á hendur, þá er eitt atriði, sem mjer sýnist nægja til að gera boð hans hartnær óaðgengilegt. Setjum, að þingið gengi að tilboði hans, og slægi fastri ferðaáætlun, sem því þætti bezt henta, já, þá er ekki hægt að vita, hvort O. Watne mundi vilja ganga að þeirri ferðaáætlun, eða hvort hann einu sinni gæti það. *(L. Halldórsson*: Jeg tók allt þetta fram áðan). Jeg legg mikla áherzlu á þetta, og einmitt af þessum ástæðum hallast jeg frá honum, eins og jeg líka helzt af öllu vildi hætta við gufuskipafjelagið danska, en fylgja till. h. þm. Ísf. (S. St.). Fjárveiting í þessu skyni er þó að eins miðuð við eitt fjárhagstímabil, sem ekki er nein eilífð, og jeg held það hafi verið tekið greinilega fram, að kostnaðurinn við þetta fyrirtæki gæti ekki orðið í neinu tilliti voðalegur.

ATKVÆÐAGR.: 10.—11. tl. 8. og 9. gr. frumv. samþ. óbreytt í e. hlj. hvor.

12. Breyt.till. nefnd. (188) við 10. gr. B. 4. c. samþ. með 21 atkv.

13. Breyt.til. nefnd. (188) við 10. gr. C. 4. a. felld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
Indriði Einarsson	Árni Jónsson,
Jón Jónss., þm. N.-M.	Bened. Sveinsson,
Jón Þórarinsson,	Eiríkur Briem,
Lárus Halldórsson,	Gunnar Halldórss.,
Ólafur Briem,	Jens Pálsson,
Olafur Olafsson,	Jón Jónss., þm N.-Þ.
Páll Briem,	Jónas Jónassen,
Sig. Gunnarsson,	Ólafur Pálsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Stefánsson,
Sveinn Eiríksson.	Þorl. Guðmundss.

14. Breyt.till. (275) við 10. gr. C. 4. a. 5. felld með 17 : 4 atkv.

15. a. Breyt.till. (188) við 10. gr. C. 4. a. 4. felld með 13 : 8 atkv.

15. b. Breyt.till. (277) við 10. gr. C. 4. b. felld með 12 : 8 atkv.

16. Breyt.till. við 10. gr. C. 4. b. (síðari hluti) felld með 13 : 8 atkv.

17. Breyt.till. (253) við 10. gr. C. 4. b. samþ. með 13 : 5 atkv.

18. Breyt.till. (277) við 10. gr. C. 4. b. felld með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
Eiríkur Briem,	Árni Jónsson,
Gunnar Halldórss.,	Bened. Sveinsson,
Indriði Einarsson,	Jens Pálsson,
Jón Jónss., þm. N.-M.	Jón Jónss., þm. N.-Þ.
Jón Þórarinsson,	Jónas Jónassen,
Sigurður Gunnarss.,	Lárus Halldórsson,
Sig. Stefánsson,	Olafur Briem,

já:	*nei:*
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Ólafsson,
Sveinn Eiríksson.	Ólafur Pálsson,
	Páll Briem,
	Þorl. Guðmundsson.

19. Breyt.till. (253) við 10. gr. C. 4. b. samþ. með 16 atkv,
20. Breyt.till. (253) við 10. gr. C. 4. felld með 13 : 8 atkv.
21. Breyt.till. (188) við 10. gr. C. 4. e. samþ. með 15 : 3 atkv.
22. Breyt.till. (188) við 10. gr. C. 4. f. samþ. með 14 samhlj. atkv.
23. Breyt.till. (188) við 10. gr. C. 4. g. samþ. með 17 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir skriflegri ósk 6 nafngreindra þm. (S. St., G. H., Sk. Th., J. P., J. J. N.-M., J. J. N.Þ.), og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Árni Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Lárus Halld.son,
Sigurður Jensson,	Ólafur Briem,
Eiríkur Briem,	Ólafur Pálsson,
Gunnar Halldórss.,	Páll Briem.
Indriði Einarsson,	
Jens Pálsson,	
Jón Jónss., Þm. N.-M.,	
Jón Jónss., þm. N.-Þ.,	
Jón Þórarinsson,	
Jónas Jónassen,	
Ólafur Ólafsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Stefánsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Eiríksson,	
Þorl. Guðmundsson.	

24. Breyt.till. (247) við 10. gr. C. 4. felld með 12 : 8 atkv.
25. Breyt.till. (188) við 10. gr. C. 5. a. samþ. með 14 : 6 atkv.
26. Breyt.till. (275) við 10. gr. C. 5. b. samþ. með 19 atkv.
27. Breyt.till. (253) við 10. gr. C. 6. a. felld með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eptir skrifl. ósk sömu 6 þm. og áður, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Árni Jónsson,
Gunnar Halldórss.,	Páll Ólafsson,
Indriði Einarsson,	Sig. Jensson,
Jens Pálsson,	Eiríkur Briem,
J. Jónss., þm. N.-M.,	Jón Jónss., þm. N.-Þ.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Þórarinsson,
Sig. Stefánsson,	Jónas Jónassen,
Skúli Thoroddsen,	Lárus Halldórsson,
Sveinn Eiríksson,	Ólafur Briem,
	Olafur Olafsson,
	Olafur Pálsson,
	Páll Briem,
	Þorl. Guðmundsson.

28. Breyt.till. (188) við 10. gr. C. 6. a. samþ. með 12 atkv.
29. Breyt.till. (188) við 10. gr. C. 6. b. felld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eptir skriflegri ósk sömu 6 þm., og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
B. Sveinsson,	Árni Jónsson,
Gunnar Halldórss.,	Eiríkur Briem,
Indriði Einarsson,	Jón Jónsson N.-Þ.,
Jens Pálsson,	Jón Þórarisson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jónas Jónassen,
Olafur Olafsson,	Lárus Halldórsson,
Sig. Gunnarsson,	Olafur Briem,
Sigurður Stefánss.,	Ólafur Pálsson,
Skúli Thoroddsen.	Páll Briem,
Sveinn Eiríksson,	Þorl. Guðmundsson.

30. Breyt.till. (188) við 10. gr. C. 6. c. samþ. í e. hlj.
31. Breyt.till. (188) við 10. gr. C. 6. d. samþ. með 21 atkv.
32. Breyt.till (188) við 10. gr. C. 6. e. samþ. með 21 atkv.
33. Breyt.till. (188) við 10. gr. C. 6. f. samþ. með 21 atkv.
34. Breyt.till. (250) við 10. gr. C. 6. samþ. í e. hlj.
35. Breyt.till. (188) við 10. gr. C. 6. (aths.) samþ. með 19 atkv.

36. Breyt.till. (261) við 10. gr. C. 6. samþ. með 19 atkv.
37. Breyt.till. (188) við 10. gr. C. 5. og C. 6. samþ. í e. hlj.
38. Breyt.till. (260) við 10. gr. C. 6. a. (b) samþ. með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Árni Jónsson,	Gunnar Halldórss.,
Benedikt Sveinss.,	Indriði Einarsson,
Eiríkur Briem,	Jón Jónss., N.-Múl.,
Jens Pálsson,	Jónas Jónassen,
Jón Jónss., N.-Þing.,	Páll Briem,
Jón Þórarinsson,	Sig. Gunnarsson,
Lárus Halldórss.,	Sigurður Stefánss.,
Ólafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
Olafur Ólafsson,	
Olafur Pálsson,	
Sveinn Eiríksson.	
Þorl. Guðmundss.	

39. Breyt.till. (262) við 10. gr. C. 10 (fyrri partur) felld með 16 : 2 atkv.
40. Breyt.till. (362) við 10. gr. C. 10. (síðari partur) felld með 11 : 10 atkv.
41. 10. gr. frv. með áorðn. breyt. var svo samþ. með 19 atkv.
42. Breyt.till. (188) við 11. gr. 2. (g) samþ. með 18 atkv.
43. Breyt.till. (188) við 11. gr. 2. (h) samþ. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
Bened. Sveinsson,	Árni Jónsson,
Eiríkur Briem	Gunnar Halldórsson,
Indriði Einarsson,	Jón Jónsson, N.-M.
Jens Pálsson,	Jón Jónsson, N.-Þ.
Jón Þórarinsson,	Jónas Jónassen,
Olafur Olafsson,	Lárus Halldórsson,
Olafur Pálsson,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Páll Briem,
Sig. Stefánsson,	Þorl. Guðmundsson.
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Eiríksson,	

44. Viðaukatill. við breyt.till. (188) við 11. gr. 2. samþ. með 12 : 8 atkv.
45. 11. gr. frumv. með breyt. samþ. í e. hlj.
46. Breyt.till. (188) við 12. gr. samþ.
47. Breyt.till. (257) við 12. gr. 1. b., 1. c., 2. og 3. e. samþ. með 19 atkv.
48. 12. gr. frumv. með breyt. samþ. í e. hlj.

Þrítugasti og fyrsti fundur, fimmtudaginn 6. ág., kl. 12 á hád. Allir á fundi nema 2. þm. N.-Múl. (Þ. K.), er var veikur.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 1, 239, 311); 2. umr.

Gjaldabálkurinn.

Forseti óskaði eptir, að menn takmörkuðu svo ræður sínar, að þeim og atkvæðagreiðslunni gæti orðið lokið á kvöldfundi.

Framsögum. (Skúli Thoroddsen): Það er þá síðari kaflinn, frá 13. gr. til enda frumv., sem nú er til umr.

Við þann kafla eru komnar ýmsar breyt.till. bæði frá nefndinni og frá öðrum; skal jeg nú stuttlega minnast á þessar breyt.till.

Í frumv. stjórnarinnar er farið fram á, að Gufudalsprestakalli verði veittar sem bráðabirgðaruppbót 300 kr. hvort árið; eins og kunnugt er, var þessu prestakalli í síðustu fjárlögum veittur styrkur til húsabygginga, enda hafði þar áður verið prestslaust um mörg ár; prestssetrið var niðurnítt úr hófi, og styrkurinn var veittur til þess að fá prest í brauðið. Nefndin er einhuga um, að veita beri nú aptur nokkurn styrk; en hún vill þó ekki fyllilega aðhyllast stj.frv., að veita 300 kr. hvort árið, heldur vill hún láta borga styrkinn allan út fyrra árið, en þá um leið færa hann

niður um 100 kr., svo að hann verði að eins 500 kr.; þetta hyggur og nefndin, að viðkomandi presti muni koma vel, þar sem hann að líkindum mun standa í töluverðum skuldum vegna húsabygginga. Við þessa tillögu í frv. hefir komið breyt.till. frá h. þm. Mýr. (Á. J.) um, að töluliðurinn verði felldur burt, það er, að þessi styrkur sje alls ekki veittur; en fjárlaganefndin verður alveg að mæla á móti þessu, því að hjer á í hlut fátækur prestur, sem er nýkominn að brauðinu og hefir þurft að hafa ákaflega mikinn kostnað. Bæinn varð hann að flytja úr stað og byggja af nýju, og verði honum ekki gjört mögulegt að búa nokkurn veginn um sig, þá helzt hann þar ekki við. Sóknarmönnum mundi þykja mikil eptirsjón í honum, því að hann er góður prestur og dugandi maður í sveitarfjelaginu.

Þá er að minnast á tölul. 50 á atkv.-skr., breyt.till. frá h. þm. Rangv. (Ól. Ól.), er fer í þá átt, að Stóruvallaprestakalli veitist bráðabirgðaruppbót, 300 kr. hvort árið. Fjárl.nefndinni barst beiðni um þessa uppbót, og viðurkennir fúslega þörfina á því, að bæta þetta prestakall að nokkru, þar sem «brauðið« mun vera í tölu allra-tekjurýrustu brauða, tekjurnar c. 650 kr. á ári, enda hefir nefndin, þó ekki beinlínis, þá samt óbeinlínis, tekið þessa beiðni til greina; í stj.frv. 13. gr. A. b. 2. eru ætlaðar 2,700 kr. til uppbóta fátækum brauðum, þar af 400 kr. til hins núlifandi Grímseyjarprests; þennan gjaldalið hefir nefndin íhugað vandlega og hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að áætlunin sje 200 kr. of há. Tillög til brauða, þar sem prestakallalögin enn ekki eru komin á, telur stjórnin 1,800 kr., og þar í ætlar nefndin, að þessi 200 kr. misreikningur liggi; uppbótin skiptist að lögum þannig:

Staður í Grindavík	300 kr.
Staður í Aðalvík	600 —
Tjörn á Vatnsnesi	300 —
Höfði í Höfðahverfi	100 —
Lundarbrekka í Bárðardal .	300 —
Þetta verða ekki nema alls:	1600 kr.

Nefndin hefir samt ekki lagt til að færa þessa upphæð niður, heldur áleit hún, að með því að láta þessa upphæð standa, tæki hún bezt til greina beiðni um uppbót á Stóruvallaprestakalli, sem nefndin ætlast til, að beri þessar 200 kr. úr býtum. Nefndin verður því að vera mótfallin till. h. þm. Rangv. (Ól. Ól.), þó að henni þyki reyndar ekki miklu skipta, hvort hún fær framgang eða ekki.

Þá er 51. tölul. á atkv.skr.; það er breyt.till. frá nefndinni, að bæta 100 kr. við þær 3,000, sem í frumv. eru ætlaðar til viðbóta á eptirlaunum þeim, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá að lögum. Fjárlaganefndinni barst bænarskrá um eptirlaun handa síra Guðmundi Gísla Sigurðssyni, sem um mörg ár hefir verið vitskertur. Í bænarskránni er þess getið, að bóndi sá, sem hefir haldið hann, og fengið fyrir 300 kr. á ári af fje því, er synodus hefir til úthlutunar, sjái sjer ekki fært að halda hann lengur með þessu meðlagi; þar sem nú stendur svo sjerstaklega á, og þessi uppgjafaprestur nýtur engra eptirlauna, þá vill nefndin leggja það til, að hækka nefndan tölul. um 100 kr., og ætlast hún til, að þessar 100 kr. gangi til síra Guðmundar Gísla Sigurðssonar.

Þá er næst 52. tölul. á atkv.skránni; það er breyt.till. frá nefndinni, sem fer í þá átt, að nema burtu eina af ölmusunum við prestaskólann. Í stj.frumv. er lagt til, að ölmusurnar verði 4, eða 800 kr. á ári, en nefndinni fannst ekki

ástæða til að hafa þær fleiri en 3, eða 600 kr. hvort árið; sumir nefndarmenn vildu jafnvel ganga lengra í niðurfærslunni, og vildu þá sjerstaklega lækka eða afnema húsaleigustyrkinn við prestaskólann og læknaskólann; en með því að sú tillaga eigi náði fram að ganga í nefndinni, fer jeg eigi frekara út í það.

53. tölul., 13. gr. B. III. c. 5, breyt.-till. nefndarinnar, fer ekki fram á neina breytingu á upphæð ölmusanna við lærða skólann; en nefndin hefir að eins leyft sjer að bæta við dálitilli athugasemd um úthlutun þessa styrks, þannig, að það verði landshöfðingi, sem eptir tillögum kennarafundar úthlutar styrknum, en ekki stiptsyfirvöldin, eins og verið hefir að undanförnu. Það var tekið fram í álitsskjali fjárlaganefndarinnar 1889, að eðlilegast væri, að kennararnir, sem eru nákunnugir öllum högum pilta, rjeðu mestu um útbýtingu ölmusnanna, en stiptsyfirvöldin munu hafa viljað ráða mestu eptir sem áður. Jeg skal svo ekki fara frekara út í þetta að svo stöddu, en vona að mjer gefist kostur á að skýra þetta nákvæmar, ef umræðurnar gefa tilefni til þess.

54. tölul. á atkv.skr. er breyt.till. frá nefndinni við 13. gr. B. III. c. 9; í stj.-frv. eru ætlaðar 400 kr. hvort árið til áhaldakaupa við kennsluna í náttúrufræði og eðlisfræði í lærða skólanum. Fjárlaganefndin fjekk bænarskrá frá kennurunum í báðum þessum námsgreinum, þar sem þeir fara fram á, að meiri styrkur verði veittur til þessa, en að undanförnu, og að jafnframt verði til tekið, hve mikið skuli ganga til hvers fyrir sig. Nefndin hefir kynnt sjer söfn þessi og þykir full ástæða til, að verða við þessum beiðnum, og leggur því til, að þessi tölul. orðist svo:

»Til vísindalegra áhalda við kennslu:
a. í náttúrufræði . . . . 500 — 200
b. í eðlisfræði . . . . . 500 — 200«

það er að segja, 500 fyrra árið til hvors fyrir sig og 200 síðara árið.

55. tölul. á atkv.skr. er breyt.till. frá h. þm. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) við 13. gr. B. IV. b., sem fer fram á, að nýjum tölul. sje við bætt, sem hljóði þannig:

»Til þess að kaupa hús til ábúðar á jörðinni Möðruvöllum í Hörgárdal veitast 4,500 kr.«.

Fjárlaganefndin hafði meðtekið beiðni frá Jóni A. Hjaltalín skólastjóra á Möðruvöllum í þessa átt, en nefndin sá sjer ekki fært að taka hana til greina að svo stöddu; það er flestum kunnugt, að það hefir verið skoðanamunur um það, hvort skólinn væri heppilega settur á Möðruvöllum, og jafnvel hefir komið til mála, hvort ekki væri æskilegt, að flytja hann á einhvern annan stað; þar að auki höfðu nefndinni borizt fregnir um það, að skólahúsið væri töluvert skemmt orðið, og lægi ef til vill undir eyðileggingu af svampi. Nefndin sá sjer því eigi fært, að fara að leggja út í kostnað að þessu sinni; enda sá fjárlaganefndin eigi, að neitt væri í hættu, þótt mál þetta væri látið bíða til næsta þings, og fengi þá endanleg úrslit, er það væri betur íhugað og undirbúið.

56. tölul. atkv.skr. fer að eins fram á litlar orðabreytingar. Í stj.frumv. stendur »sjómannaskóli«, en nefndin leggur til að í þess stað komi: »stýrimannaskóli«, eins og skóli þessi heitir að lögum.

57. töluliður á atkv.skr. er breytingartill. frá nefndinni um, að hækka styrkinn til húsnæðis, eldiviðar og ljósa við stýrimannaskólann. Nefndinni barst bænarskrá frá forstöðumanni skólans, þar sem hann fer fram á, að 500 kr. verði veittar í þessu skyni á ári, og telur hann það til, að hann hafi beinlínis orðið að byggja hús vegna skól-

ans. Nefndin viðurkennir, að þessar hans ástæður sjeu á rökum byggðar, því að það er ekki hægt, að hafa stýrimannaskóla í hvaða húsi sem er, heldur þarf að útbúa það sjerstaklega fyrir »observationer« og fl.; nefndin leggur því til, að þessi liður, sem í stj.frv. er talinn 300 kr. á ári, verði hækkaður upp í 400 kr.

Þá kem jeg að kvennaskólunum. Nefndin hefir stungið upp á, að styrkurinn til þeirra verði hækkaður um samtals 1300 kr., þannig, að veittar verði til kvennaskólans í Reykjavík 1800 kr., til kv.skól. á Ytri-Ey 1200 kr. til kvennaskólans á Laugalandi 1200 kr. og ennfremur 2000 kr. til skipta milli skólanna á Ytri-Ey og Laugalandi. Fjárlaganefndin gerir sjer vísa von um, að þetta mæti góðum byr hjer í þingdeildinni, því að engum mun blandast hugur um það, að kvennaskólarnir bæði geti gjört, og hafi þegar gjört ómetanlega mikið gagn, og þegar fjárframlagið til þeirra er borið saman við það fje, sem lagt er árlega til annara skóla, þá sjer maður bezt, hversu lítið það er, sem gjört er til að mennta kvennfólkið, í samanburði við það, sem kostað er til menntunar karlmönnunum.

Breyt.till. frá h. þm. Mýr. (Á. J.) og fl., sem fer fram á, að kvennask. á Ytri-Ey fái 2000 kr. á ári og að þar af gengi 800 kr. árlega til húsabygginga, álítur nefndin heppilega og aðhyllist hana því. Aptur er önnur tillaga frá h. þm. Snæfell. (P. Br.), að til Ytri-Eyjar kvennaskólans verði veittar á ári 2500 kr. Þessa breyt.till. sjer nefndin sjer ekki fært að aðhyllast, því að það mundi gjöra mismuninn á milli skólanna allt of mikinn. Að vísu játar nefndin, að þessi skóli hafi getið sjer mjög gott orð fyrir dugnað og þrek forstöðukonunnar, að koma skólanum vel á laggirnar; einnig er nefndinni það kunnugt, að landsmenn hafa mjög mikið álit á þessum skóla, en með því, að aðhyllast breyt.till. þm. Mýr. þykist fjárlaganefndin sýna skóla þessum nokkra viðurkenningu, og ræður því deildinni til að samþykkja hana; hvað mig sjálfan persónulega snertir, væri jeg þó ekki ófús á, að ganga að breyt.till. þm. Snæf., ef hann vildi þá jafnframt styrkja til, að meira yrði lagt til hinna kvennaskólanna, svo að ekki kæmi fram eins mikill ójöfnuður á milli skólanna.

Þá er 65. tölul. á atkv.skr., breyt.till. frá h. 1. þm. Ísf. (S. St.), að styrkurinn til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum sje 4000 kr., í stað 3000 kr., á ári, sem hann er áætlaður í stjórn.frv. Þessa tillögu aðhyllist fjárlaganefndin. Næsti tölul. er sams konar till. frá h. þm. Dal. (J. P.), sem jeg því ekki þarf að fjölyrða um; en athugasemdina frá h. sama þm. í tölulið 67 getur nefndin ekki fellt sig við; í athugasemd þessari segir meðal annars svo: »Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutímans, nemendafjölda, kennslukröptum og kennsluáhöldum skólans, og með því skilyrði, að« o. s. frv. Nefndin fær nú ekki betur sjeð, en að landshöfðingi muni eiga mjög erfitt með og enda ómögulegt með að taka tillit til alls þessa, og að mjög torvelt verði að fá áreiðanlegar skýrslur í því efni, t. d. um kennslukraptana.

Tölul. 68 á atkv.skr. er breyt.till. frá nefndinni, að færa styrkinn til sveitakennara úr 2500 upp í 4000 kr. á ári. Styrkveitingin til sveitakennara hefir yfir höfuð, að því er nefndinni er kunnugt, hvervetna mælzt mjög vel fyrir, og

þykir hafa komið að góðu liði; nefndin þóttist því geta gjört sjer von um, að sveitakennurunum mundi fjölga að svo miklum mun á fjárhagstímabilinu, sem í hönd fer, að 2500 kr. yrði allt of lítið. Í frv. stjórnarinnar er sett sú athugasemd við þessa styrkveitingu, að landshöfðingi skuli útbýta fjenu eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvalda; en nefndinni virðist það ekki nema óþarfakrókur, að láta styrkbeiðslurnar fara til stiptsyfirvaldanna, enda treystir hún því fyllilega, að landsh. muni vera einfær um úthlutan styrksins.

70. tölul. á atkv.skr. eru tvær tillögur frá nefndinni. Hin fyrri fer fram á að leggja 250 kr. hvort árið til verzlunarskólans í Reykjavík. Fjárlaganefndinni barst bænarskrá frá stjórnendum þessa skóla, og með því að nefndin fúslega viðurkennir, hve lofsvert það er, að einstakir menn hafa þegar upp á eigin spýtur sett þennan þarfa skóla á fót, þá álítur hún rjett að veita þennan litla styrk í viðurkenningar- og uppörfunarskyni. Þá er síðari liðurinn um það, að 1000 kr. sjeu veittar þeim manni, sem vill takast á hendur að afla sjer fræðslu í kennslu heyrnar- og málleysingja. Nefndinni barst brjef frá hæstv. landshöfðingja hjer að lútandi, og þar eð enginn er nú sá hjer á landi, er fær sje um að taka að sjer þennan starfa, síðan síra Páll Pálsson í Þingmúla fjell frá, þá vonar nefndin að þessi tillaga hennar fái góðar undirtektir.

71. töluliður er breyt.till. frá h. þm. Mýr. (Á. J.) og fl., þar sem farið er fram á, að 13. gr. B. VII. a.—d. stj.-frv. falli burt; og er það tillaga stjórnarinnar um fjárframlög til að koma á fót kennslu í skólaiðnaði í Reykjavík; en af því að jeg í fjárlaganefndinni leit nokkuð öðru vísi á þetta mál heldur en meiri hluti samnefndarmanna minna, sem fjellust á tillögu stjórnarinnar, þá geri jeg ráð fyrir, að þeir finni sjer skylt, að taka þessa breyt.till. þm. Mýr. til bæna frá sínu sjónarmiði.

Þá er 72. töluliður á atkv.skr., breyt.-till. frá nefndinni, er fer fram á, að aptan við 13. gr. B. bætist nýr töluliður svohljóðandi:

VIII. Til sundkennslu

a, í Reykjavík 200 kr. hvort árið. Lærisveinar latínuskólans njóti ókeypis kennslu.

b. til sundkennslu annarstaðar 400 kr. hvort árið.

c. til að gjöra við sundlaugina hjá Laugarnesi fyrra árið 500 kr.

Jeg þykist vita, að allir h. þingdm. muni vera mjer samdóma um, að það sje mikilsvert að sundkennsla komist sem víðast á fót hjer á landi, og til þess mundi það einkar-heppilegt, að lærisveinum hins lærða skóla í Reykjavík væri gjört að skyldu að nema sund, því að með þeim mundi svo sundkunnáttan aptur breiðast út um landið. En fjárlaganefndinni var sömuleiðis kunnugt um, að ýms sýslufjelög hafa þegar af eigi hvötum lagt fram nokkurt fje til sundkennslu, bæði í Ísafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og víðar; þessa lofsverðu viðleitni taldi fjárlaganefndin þinginu skylt að styrkja, og leggur því til, að 400 kr. á ári verði veittar til sundkennslu utan Reykjavíkur; hvað mig persónulega snertir, skal jeg þó lýsa því yfir, að mjer þótti fjárlaganefndin vera helzt til smátæk, og mun jeg því fyrir mitt leyti fylgja breyt.till. h. þm. Ísf. (S. St.), að til sundkennslu annarstaðar en í Reykjavík veitist þúsund kr., og að sú styrkveiting sje bundin því skilyrði, að þær sýslunefndir, sem

fá styrkinn, leggi til helming á móti landssjóðsstyrknum.

74. tölul. á atkv.skránni er breyt.till. frá nefndinni, er gengur í þá átt, að tillagið til landsbókasafnsins til bóka- og handritakaupa sje hækkað úr 1200 kr. í 1800 kr. Nefndinni barst hænarskrá frá stjórn landsbókasafnsins, sem fór fram á, að tillagið væri hækkað upp í 2000 kr.; hefir nefndin því samkvæmt, lagt til, að veittar verði 1800 kr. árlega, enda verður ekki annað sagt, en að 1200 kr. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá sje allt of lítið og ómögulegt að komast af með það. — Þá hefir fjárlaganefndin einnig lagt það til, sjerstaklega eptir bendingu yfirskoðunarmanna landsreikninganna, að brunabótagjaldið fyrir landsbókasafnið yrði hækkað svo, að tryggja mætti safnið fyrir 75 þús. kr., í stað þess að það áður hefir að eins verið tryggt fyrir 50 þúsund kr.

76. tölul. á atkv.skránni hefir að eins inni að halda litla orðabreytingu, að í staðinn fyrir »til bókasafnsins í Stykkishólmi« komi: »til bókasafns Vesturamtsins». Nefndin áleit vafasamt, hvort heppilegt væri, að hafa bókasafnið í Stykkishólmi, og ef amtsráði Vesturamtsins skyldi virðast það heppilegra, að safnið yrði flutt, þá gæti orðaval frumvarpsins orðið því til fyrirstöðu, að styrkurinn yrði útborgaður.

77. tölul. er breyt.till. frá nefndinni, að fyrir umsjón á Forngripasafninu sjeu veittar 400 kr. á ári. Nefndin fjekk beiðni frá Sigurði Vigfússyni fornfræðing, þar sem hann fer fram á, að fá 300 kr. hækkun á launum sínum fyrir þennan starfa; nefndinni þykir Sigurður Vigfússon allrar viðurkenningar verður fyrir elju sína og dugnað í því, að safna forngripum, og leggur því til, að launin fyrir umsjónina við safnið sje færð úr 200 kr. upp í 400 kr., með því líka að nefndin vonast þá til, að þegar Sigurður fær þennan styrk, þá verði hann fær um að númera og raða niður forngripunum að svo miklu leyti, sem húsrúm leyfir. H. 1. þm. Ísf. (S. St.) fer fram á það í breyt.till., að beiðni hr. Sig. Vigfússonar verði að fullu til greina tekin, þannig, að hann hljóti fyrir umsjónina 500 kr. á ári. Fjárlaganefndinni er það í sjálfu sjer ekkert kappsmál, hvort tillaga 1. þm. Ísf. eða tillaga nefndarinnar verður ofan á; en henni virðist 200 kr. hækkunin mega nægja.

79. töluliður er breyt.till. frá nefndiuni um, að aptan við 13. gr. bætist nýr stafliður, sem er styrkur til Fornleifafjelagsins, 300 kr. hvort árið. Það er vitaskuld, að þessi síðustu árin hefir engin árbók komið út, en nefndinni þótti samt ekki ástæða til, að fella styrkinn niður, heldur að eins að binda hann því skilyrði, að hann verði því að eins útborgaður, að árbók sje gefin út.

80. töluliður í atkvæðaskr. er þess efnis, að náttúrufræðisfjelagið fái 400 kr. styrk á ári, eins og á yfirstandandi fjárhagstímabili. Það hefur verið talað um, að fjelag þetta muni vera mjög dauft og aðgjörðalítið; en nefndinni barst þó mjög löng og ýtarleg prentuð skýrsla um gjörðir fjelagsins og virtist hún benda á allt annað en svefn og aðgjörðaleysi.

Þá er næst að minnast á 81. tölulið, að veita stórstúku Íslands 300 kr. styrk á ári, til útbreiðslu bindindis og bindindisrita. Nefndin ætlar, að allir verði að viðurkenna, hve mikið þetta fjelag hefur áunnið hjer á landi í þá átt, að útrýma ofdrykkjunni; fjárveiting sú, er hjer um ræðir, er svo lítil, að landið

munar það engu; það er að eins lítil viðurkenning fyrir starfsemi fjelagsins, sem allir verða að játa, að hafi orðið til mikils gagns og frelsað mörg heimili frá drykkjuskapar-eymdinni; en fjelaginu myndi þó geta orðið nokkur styrkur að, þó að upphæðin sje ekki hærri, sjerstaklega ef fjelagið vildi senda mann út um landið til að tala fyrir bindindi.

Þá er næst styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi. Nefndin hafði reyndar fengið umsókn frá tveim nafngreindum mönnum um þennan styrk, en af því að hún áleit ekki rjett að binda hendur landsstjórnarinnar, og svo líka sjerstaklega af því, að nefndin áleit rjett að fleirum gæfist kostur á að sækja um þennan styrk, þá leggur hún til, að til þessa sjeu veittar 1200 kr. hvort árið, ótiltekið handa hvaða mönnum.

83. töluliður er ferðastyrkur til cand. med. Guðm. Magnússonar. Nefndinni barst bænarskrá frá honum um ferðastyrk til Þýzkalands til að fullkomna sig í læknisfræðinni, og með því að þessi maður hefur sýnt það, að hann er mjög efnilegur og duglegur námsmaður, og í þeirri von, að sú þekking, er hann aflar sjer, muni síðarmeir verða landinu til góða, þá leggur nefndin til, að honum sjeu veittar 1200 kr. fyrra árið í nefndu skyni. —

84. töluliður er mjer of skyldur, og skal jeg því ekki fara neinum orðum um hann, eins og jeg heldur eigi ætla mjer að greiða atkvæði um hann.

85. töluliður er styrkur til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til að koma skipulagi á landsskjalasafnið og halda áfram skrásetningu yfir það. Nefndinni barst beiðni frá þessum manni um 1200 kr. árl. styrk. Nefndin, eða rjettara sagt 2 menn úr henni, skoðuðu safnið og kynntu sjer ásigkomulag þess, og það var skoðun þessara manna, að brýn nauðsyn væri að vinda bráðan bug að því, að skipa safninu niður, sortera það, og skrásetja og setja það í umbúðir, svo að það ekki grotnaði niður, sem kynni að hafa sögulega þýðingu. Nefndin álítur og þann mann, sem hjer um ræðir, mjög vel fallinn til þessa starfs, með sjerstöku tilliti til þess, að hann hefur mikla þekkingu á sögu landsins. Nefndin leggur því til, að honum sjeu veittar 600 kr. hvort árið.

86. töluliður í atkvæðaskr. er styrkur til Boga Melsteðs cand. mag., til að búa sig undir að rita sögu Íslands. Nefndin fjekk bænarskrá frá þessum manni um 1000 kr. árlegan styrk, en hún gat ekki orðið ásátt um að veita meira en 500 kr. hvort árið. Hitt var nefndin samdóma um, að nauðsynlegt sje að rita sögu Íslands og að sjálfsagt sje að veita þeim manni styrk, sem vill takast þenna starfa á hendur, og sem talinn er fær um það.

Við breytingartillögu h. þingm. Mýr. (Á. J.), að styrkurinn verði 1000 kr. á ári, hefur nefndin því ekkert verulegt að athuga; henni er ekki kappsmál um, hvort ofan á verður. Það er að eins álitamál, ef allir eru samdóma um hin atriðin.

Þá er breyt.till. frá hinum h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) um 1500 kr. ferðastyrk til Ásgeirs Blöndals hjeraðslæknis. Nefndinni barst beiðnin frá þessum mikilsverða lækni, um það leyti sem hún var að ljúka við starf sitt, og þar sem hún þá var búin að taka til greina sams konar beiðni frá cand. Guðmundi Magnússyni um ferðastyrk til Þýzkalands, þá þótti nefndinni helzt til um of, að veita þeim báðum styrk, og getur því ekki verið meðmælt þessari breytingartill.

88. töluliður á atkvæðaskr. er styrkur til frú Torfhildar Hólm til ritstarfa,

Nefndinni barst beiðni frá skáldkonu þessari um styrk til ritstarfa, og hefur nefndin lagt til, að henni sjeu veittar 500 kr. á ári. Nefndinni þótti þessi skáldkona einkar-viðurkenningarverð fyrir stakan dugnað hennar í ritstörfum, og sum ritsmíði hennar, eins og t. d. skáldsagan Brynjólfur biskup Sveinsson, þóttu svo mikilsverð, að hún ætti skilið, að henni í viðurkenningarskyni yrði veittur þessi lítilfjörlegi styrkur.

Sömuleiðis hefur nefndin lagt það til, að skáldinu Matthíasi Jochumssyni yrðu veitt 1000 kr. skáldlaun á ári. Þótt þessi styrkur sje óverulega lítill, og ætti í raun og veru að vera miklum mun meiri, í lítilfjörlegu viðurkenningarskyni við þetta sí-fjöruga og sí-unga þjóðskáld vort, þá þótti hentugra, eptir því sem til hagar hjer á landi, að fara heldur varlega í slíkar styrkveitingar, enda líklegt, að sumum muni þykja þetta nógu langt farið, eptir þeim nápínu-hugsunarhætti, sem sumum er því miður of eiginlegur. Jeg skal svo ekki fara ýtarlegar út í þetta atriði að sinni, nema umræðurnar gefi mjer tilefni til þess, enda virðist mjer mál þetta svo vaxið, að það ætti að hafa talsmann í hjarta hvers hinna háttvirtu þingdeildarmanna.

Þá eru 2 breytingartill. frá h. þm. Reykvík. (J. Jónassen) og h. 1. þingm. Ísf. (S. St.), um að tannlækni Nickolin sje veittur styrkur. Nefndinni barst beiðni frá þessum manni, en sá sjer ekki fært að taka hana til greina; virðist nefndinni nokkuð á það líta, að þar sem hann er sá eini maður hjer á landi, sem kann til tannlækninga, þá mætti ætla, að hann gæti haft viðunanlega og lífvænlega atvinnu.

Frá gagnfræðaskólanum í Flensborg barst fjárlaganefndinni beiðni, sumpart um meiri fjárstyrk úr landssjóði, en að undanförnu, og sumpart um að fá lán gegn veði í skólahúsinu og jörðinni Flensborg. Nefndin vill mæla fram með lánbeiðslunni með þeim skilyrðum, sem um var beðið, 6% í vexti og afborgun á 28 árum, en nefndin hefur ekki sjeð sjer fært að auka tillagið til gagnfræðaskólans.

Jeg hef þá stuttlega drepið á breytingartillögur þær, sem fram eru komnar, en mun síðar gjöra ýtarlegri grein fyrir skoðun minni og nefndarinnar, eptir því sem umræðurnar gefa mjer tilefni til.

Árni Jónsson: Jeg hafði reyndar ekki búizt við að taka til máls nú þegar, en mjer þykir líklegt, að þinginu þætti snubbótt að láta umræðurnar falla niður nú þegar, eptir þeim umræðum að dæma, sem urðu um fyrri kaflann.

Jeg get verið h. framsögum. (Sk. Th.) yfir höfuð þakklátur fyrir, hve góðar undirtektir breyt.till. mínar fengu hjá honum.

Að því er snertir breyt.till. okkar um að fella burt bráðabirgðaruppbót á Gufudalsbrauðinu, þá komum við fram með hana einkum af þeirri orsök, að okkur var kunnugt, að þessi bráðabirgðaruppbót var veitt á síðasta þingi, einungis til þess eina fjárhagstímabils, en það var ekki meining þingsins þá, að þetta yrði áframhaldandi uppbót. Ætluðum við því, að nú mundi mega spara þessa upphæð. Okkur var ekki eins kunnugt og h. framsögum. (Sk. Th.), að þessi upphæð, sem var ætluð til húsabygginga, var ekki nægileg, og leggjum við það því á vald deildarinnar, hvort á að halda þessari uppbót, en ef það er gjört, þá álítum við heppilegra að veita alla upphæðina fyrra árið, eins og nefndin ræður til.

Næsta breyt.till., sem jeg á hjer, er

um kvennaskólann á Ytri-Ey, en þar eð fjárlaganefndin hefur fallizt á hana, skal jeg ekki orðlengja það meir.

Þá er 70. tölulíður, styrkur til verzlunarskóla í Reykjavík. Jeg get ekki fallizt á þetta, þó að jeg reyndar játi, að skólinn mundi geta gert gagn. En jeg ímynda mjer, að bæði sje skólinn ekki kominn enn á fastan fót, og hins vegar auðmenn á bak við hann, sem munu styrkja hann, og virðist mjer því ekki nauðsyn á þessu, enda þótt ekki sje um stóra upphæð að ræða.

Að því er snertir sundkennslu, þá er talsvert álitamál um þann styrk, því að jeg veit ekki betur, en að menn allvíða úti um landið haldi henni við af eigin rammleik. Mjer virðist heldur ekki kostnaðurinn standa í vegi fyrir, að hún er ekki notuð eins almennt og ætti að vera, heldur valdi því áhugaleysi manna. Meðan engin áskorun er komin til þingsins um þetta, virðist mjer, að það gæti beðið; en ef menn vilja fara að bjóða hjer fram fje, þá virðist mjer till. h. þm. Ísf. (Sig. Stef.) aðgengilegri en till. fjárlaganefnd., að því er snertir athugasemdina, að sýslurnar sjálfar verði að styðja þetta mál og leggja einnig fram fje að sínu leyti.

Aðalbreytingartillaga okkar er í tölulið 71 á atkvæðaskránni, að kennslan í skólaiðnaði sje felld. Jeg skal játa, að okkur er þetta mál ekki vel kunnugt, því að það hefur nýlega komizt á lopt hjer á landi og þekktist hjer mjög lítið fyrr en næstliðinn vetur, þegar hjer var haldinn fróðlegur og skýrandi fyrirlestur um þetta efni. Stjórnin hefir nú tekið þetta mál upp og má sjá ástæður hennar í frumv., en samt sem áður held jeg að þetta mál sje tekið of snemma upp hjer. Menn eru enn ekki búnir að átta sig á því, og hafa því síður haft tíma til að sníða það eptir vorum högum. Þótt það sje gagnlegt í öðrum löndum, hagar öðru vísi til hjer. Tilgangurinn mun vera að fá heilnæm og styrkjandi störf fyrir líkamann. Hjer í Reykjavík verður sjerstaklega að miða þetta við latínuskólann, en nú er svo með þessa lærisveina hans, að þeir leita til sveitanna á sumrin í hið hreina og heilnæma fjallalopt; þar dvelja þeir optast um 3 mánaða tíma við ýmisleg störf, sem styrkja kraptinn, herða líkamann, svo þeir koma í skólann á haustin aptur með endurnýjuðu fjöri og auknum kröptum, er þeir hafa safnað upp til sveitanna í sumarfríinu. Auk þess eru flestir lærisveinar latínuskólans hjer langt um þroskaðri og eldri en í slíkum skólum í öðrum löndum. Þar eru latínuskólarnir framhald af barnaskólum. Þar er sumarleyfið ekki nema 1 mánuður, hjer 3 mánuðir, og er því eðlilegt, þó þeir þurfi meiri styrkingar við en vjer. Í barna- og gagnfræðaskólum vorum er kennslutíminn enn styttri, sumarfríið enn lengra og að því leyti enn minni þörf á skólaiðnaði. Að því leyti sem þessi kennsla ætti að miða að því að gera menn búhaga, þá læra margir piltar það í heimahúsum, bæði að laga verkfærin handa sjer sjálfir við heyvinnu, að tálga tinda og enda smíða skeifur, og er það fullt eins gott og sumt, sem kennt er á þessum skólum.

Enn fremur er þess að gæta, að þessi skólaiðnaður er ekki alls kostar gamall. Það eru ekki meira en 25 ár, síðan þetta kom upp í Svíþjóð og Finnmörk, og er þar nú algengt. Í Norvegi mun það minna og í Danmörku óvíða, að minnsta kosti á opinberum skólum.

Hjer er heldur ekki um lítið fjárframlag að ræða, þar sem beðið er um rúmar 11000 kr., til þess bæði að byggja hús og launa kennara ríflega. Mjer þykir of mikið að byrja svona geyst.

Jeg held að það hefði verið heppilegra að byrja í smærri stýl og vita, hvort menn gætu ekki fengið þetta með minni kostnaði. Hjer í Reykjavík hefur nú um hríð verið framboðin svipuð kennsla hjá manni, sem öðrum fremur er laginn til þessa, en því hefur að sögn verið lítill gaumur gefinn. Þó svo sje, að sjá á fyrirlestrinum, sem jeg minntist á, að það hafi ekki þótt gefast vel, að láta trjesmiði kenna skólaiðnað, þá myndi þó ekkert á móti því fyrir okkur að byrja þannig; því að það kostaði minna, enda trúi jeg ekki öðru, en að það mundi reynast fullvel hjer á landi.

Jeg er heldur ekki svo sannfærður um ágæti þessa skólaiðnaðar eins og margs annars, sem er bráðnauðsynlegt, t. d. kennaramenntun. Það er einkennilegt, jafnvel sorglegt, að þó margir þingmálafundir hafi óskað eptir meiri og betri alþýðumenntun, þá hefir þingið ekki gefið því neinn gaum, nema hvað fjárlaganefndin — og jeg er henni þakklátur fyrir það — hefur lagt til að auka styrkinn til sveitakennara; en það sporið, sem mjer og öðrum er nú orðið ljóst, að áríðandi er, er enn óstigið, nefnilega kennarafræðsla. H. þm. G.-K. (J. Þ.) kom reyndar fram með till. til þingsályktunar, en eins og jafnvel hæstv. landsh. tók fram, var það í mjög smáum stýl og hógværlegt, enda hætt við, að það komist ekki langt áleiðis á þessu þingi. Jeg mundi miklu fremur hafa óskað, að þessu fje væri ekki varið til skólaiðnaðar, heldur til kennaramenntunar, sem jeg álít langt um gagnlegri og sem tekur yfir miklu meira svæði, þar sem þeir menn menntast, sem eiga að fræða alþýðuna. Það hefur reyndar verið sett nefnd í þetta kennarafræðslumál, og þó hún sje enn ekki komin að fastri niðurstöðu, þá mun henni vera það áhugamál, að hrinda þessu áfram.

Af þessum ástæðum komum við fram með þessa breyt.till. Vona jeg að menn athugi þetta vel og hvort það sje ekki heppilegra í bráð og lengd, að hugsa um kennaramenntun, heldur en skólaiðnað, eins og nú hagar til.

Þá á jeg enn ásamt hinum 2 öðrum h. þingm., eina breyt.tillögu, að hækka styrkinn til Boga Melsteðs til að rita sögu Íslands úr 500 kr. upp í 1000 kr. Þessi tillaga er samkvæm þeirri bænarskrá, er hann sendi þinginu, og með sjerstöku tilliti til þess, að fjárlaganefndin leggur til, að honum sje veittur 500 kr. styrkur. Með því hefur hún viðurkennt, að þörf sje á því, að Íslands saga sje rituð sem fyrst, og í annan stað að þessi maður, sem hefur boðið sig fram, hefði hæfilegleika til þess. Hann hefir í bænarskrá sinni tekið til hina minnstu upphæð, sem hann gæti komizt af með, til þess að gefa sig eingöngu við því, að búa sig undir að rita Íslands sögu. Svo framarlega sem nokkuð er veitt, er bezt að fá verkið unnið sem fyrst, og til þess þyrfti hann að verja öllum kröptum sínum, enda sagði og h. framsögum. (Sk. Thor.), að sjer væri þetta ekki kappsmál. Jeg vil leggja það undir álit manna, hvort þeim finnist ekki heppilegra að binda manninn við borð og geta jafnvel heimtað, að hann verji til þessa öllum kröptum sínum, heldur en að hann verði að hafa það í hjáverkum.

Ólafur Briem: Það var margt uppbyggilegt í ræðu h. framsögum. (Sk. Th.), sjerstaklega þar sem hann sagði, að ef farið væri fram á að hækka tillag til kvennaskólanna allra, þá mundi hann ekki vera því mótfallinn. Jeg kalla þetta sjerstaklega gleðilegt, því að kvennaskólarnir hafa að undanförnu

átt erfitt uppdráttar á þingi. Frá því fyrsta hefir styrkurinn verið lítill, og ef farið hefir verið fram á að hækka hann, þá hefir það mætt mótmælum. Hjer er nú stigið spor lengra en áður og er það viðurkenningarvert, en þó ónógt. Jeg skal nefna frekar að eins einn skóla, nefnilega skólann á Ytriey. Það hefir legið frammi á lestrarstofunni skýrsla og áætlun frá stjórn skólans, og jeg held að ekki sje hægt að sanna, að sú áætlun sje of há, ef skólinn á að vera í því lagi, sem hann þarf að vera og getur verið. Jeg hygg að enginn geti mótmælt því, að sá skóli geti fullnægt sanngjörnum kröfum, ef hann hefir nægilegt fje til umráða. Sú breyt.till., sem fer fram á hina hæstu fjárveitingu til þessa skóla, fer þó ekki fram úr þeirri upphæð, sem beðið er um af stjórn skólans. Vona jeg þess að breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br. verði samþykkt og jafnframt, að við 3. umr. komi breyt.till. um meiri jöfnuð við hina skólana, sjerstaklega að skólinn á Laugalandi fái meira.

Eins og skýrslurnar sýna, að styrkurinn er nauðsynlegur, eins vona jeg, að almannarómurinn, og aðsókn víðsvegar af landinu, að Ytrieyjarskólanum, sýni, að það er ekkert oflof, sem borið er á hann. Viðvíkjandi kvennaskólum yfir höfuð, mun enginn neita, að með þeim sje stigið verulegt spor til að greiða fyrir alþýðumenntunarmálinu yfir höfuð. Það er viðurkennt, að það sje nauðsynjamál, en það er líka vandamál, því menn hafa ekki getað komið sjer saman um neitt. Þar sem stungið er upp á að hækka tillög til sveitakennara, þá er það viðurkenningarvert, þó að jeg reyndar ímyndi mjer, að þeirri kennslu sje mjög ábótavant. En kvennaskólarnir eru verulegt spor til að bæta alþýðumenntun, því að húsmæðurnar hafa mest að gera með barnauppfræðslu, og þær ráða mestu um heimilisbraginn. Þeir menntunarstraumar, sem frá þeim kvíslast út um allt þjóðfjelagið, hafa óendanlega mikil áhrif.

Þá sný jeg mjer að skólaiðnaðinum. Jeg mun óhikað greiða atkvæði með því, að styrkurinn til hans sje felldur. Mig furðar stórlega, að þetta mál skuli hafa komizt svo langt á leið, án mótmæla. En þar sem þessi 3 stórveldi: kennarafjelagið, landsstjórnin og fjárlaganefndin hafa tekið það undir sinn verndarvæng, er líklega bezt að fara um það sem fæstum orðum, því að það er lítið útlit fyrir, að þau hrífi nú. En jeg get ekki gert við því, að mig furðar stórlega, að það er eins og stjórnin álíti, að það sje, ef ekki hið eina nauðsynlega, þá að minnsta kosti mest um varðandi, til að koma landinu upp, að setja á stofn kennslu í skólaiðnaði, því að það er hið helzta nýmæli í frumv. stjórnarinnar til fjárlaga. Viðvíkjandi ýmsum einstökum töluliðum í þessari till., þá get jeg ekki skilið, að menn geti fallizt á þá. Það er þannig ætlazt til, að veittar sjeu 1000 kr. handa manni til að læra að kenna skólaiðnað, en jeg veit ekki betur, en að hjer í grennd við Reykjavík sje kvennmaður, sem hefir lært skólaiðnað, og mun hún fær um að kenna, án þess nokkur þörf sje á fje til að láta mann læra þetta. Ef kvennmaður ætti að fá 2400 kr. í árleg laun, eins og gjört er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, þá er það sannarlegt nýmæli, því að hingað til hafa konur ekki átt slíku að fagna, jeg segi nýmæli, og það gleðilegt nýmæli, en jeg er hræddur um, að enda stjórnin sjálf kynni að vilja kippa að sjer hendinni, ef sú yrði niðurstaðan, að kona ætti að verða launanna aðnjótandi.

Að því er snertir styrk til einstakra

manna, þá virðist mjer fjárlaganefndinni hafa tekizt vonum betur að velja úr bænaskrám þeim, er þinginu hafa borizt, og að hún hafi yfir höfuð mælt með þeim einum styrkveitingum, sem helzt eru líkindi til, að megi að gagni koma, en það er auðvitað vandi að dæma um þess konar. Þó allar upphæðirnar samanlagðar sjeu nokkuð miklar, þá er það ekki meira en hóflegt. Til skamms tíma var veitt til vísindalegra og verklegra fyrirtækja 10,000 kr. og útbýtti stjórnin þeim. Síðar var það fært niður í 6000 kr. og loks af tekið með öllu, ekki af því þingið vildi ekki veita styrk í þessu skyni, heldur af því, að því þótti stjórninni ekki farast útbýtingin sem bezt úr hendi.

Viðvíkjandi breyt.till. um að hækka styrkinn til að rita Íslands sögu, þá skal jeg geta þess, að jeg get ekki betur sjeð, en að saga Íslands ætti að standa framar en öll önnur vísindaleg fyrirtæki. Það er að vísu erfitt fyrir þingið að gangast fyrir þessu, og færi betur á því, að bókmenntafjelagið gerði það. Það hefir færari mönnum á að skipa til að dæma um slík ritstörf en þingmenn, sem bæði hafa nóg annað að starfa, enda líður svo langur tími milli þinga. Breyt.till. fer fram á, að hækka styrk þennan úr 500 kr. upp í 1000 kr., og finnst mjer það fara í rjetta átt. Það er mikið spursmál, hvort nokkuð sje unnið við, að klípa af þessari fjárveitingu. Menn gætu sagt, að þá megi halda áfram að veita styrkinn þeim mun lengur, en það er óvíst, hvort þá er völ á sama manni, eða öðrum jafnhæfum til þessa starfa. Næsta þing getur líka betur dæmt um, hvernig styrknum sje varið, ef hann er svo ríflegur, að ætlast megi til, að hlutaðeigandi leggi alla stund á að vinna það verk, sem styrkurinn er veittur fyrir.

Að því er snertir skáldalaun Matthíasar Jochumssonar, skal jeg geta þess, að á þingmálafundi í Skagafirði var í einu hljóði samþykkt, að skora á þingið að veita þessum manni viðurkenningu, sem einu af helztu skáldum landsins. Þótt jeg reyndar gæti verið samdóma h. framsögum. (Sk. Th.), að það hefði kannske verið rjettara að hafa upphæð þessa hærri, þá er það að athuga, að ætlazt er til, að hann eptir sem áður gegni embætti sínu, og lít jeg svo á, að tilgangurinn með þessari fjárveitingu sje ekki að eins sá, að sýna hlutaðeigandi maklegan sóma, heldur einnig að ljetta af honum áhyggjum og losa hann við þau óþægindi, að þurfa að slíta sjer upp á ýmsri aukavinnu, sem liggur fyrir utan starfsvið hans, svo sem tímakennslu eða blaðamennsku, enda er sárt fyrir þjóðina að vita til þess um slíkan hæfileika- og verðleikamann. Jeg vona h. þingdm. verði þessu meðmæltir og jeg skil ekki annað en landsmenn yfir höfuð verði vel ánægðir með að leggja sinn skerf til þess, að þessi maður, sem á við erfið kjör að búa, er fjölskyldumaður og býr í kaupstað, hafi nóg fyrir sig að leggja, geti menntað börn sín og lifað áhyggjulausu lífi það sem eptir er ævinnar. Jeg þykist viss um, að almenningur kunni þinginu þakkir fyrir að veita þessu þjóðskáldi voru árlegan launastyrk, sem viðurkenningu fyrir hina andlegu nautn, sem hann hefir með ljóðum sínum veitt hverju mannsbarni á landinu.

Jón Jónsson þm. N.-Þing.: Sá kafli fjárlaganna, sem nú kemur til umræðu, hefir optast valdið mestum og áköfustum umræðum á þingi, en eptir bendingu h. forseta skal jeg takmarka sem mest orð mín, og ekki tala nema um fáein atriði. Jeg get lýst yfir þeirri skoðun minni, að h. fjárlaganefnd hafi yfir höfuð tekizt vel með þennan kafla

laganna, og líka með þá grein hans, 13. gr., sem kölluð hefir verið bitlingagreinin. Jeg verð að láta í ljósi gleði mína og ánægju yfir því, hve vel nefndinni hefir farizt við kvennaskólana, sem hafa verið olbogabörn þingsins til þessa. Eins og h. þm. Skagf. (Ó. Br.) tók fram, var það lengi regla, að ákveða í fjárlögunum vissa upphæð, sem hjet: »Styrkur til vísindalegra og verklegra fyrirtækja«, og sem landsstjórnin svo útbýtti eptir því, sem henni þóknaðist eða sýndist rjett í hverju tilfelli. Þessu var breytt á þinginu 1887, þar sem þessi gjaldliður var numinn úr fjárlögunum. Aptur tók þingið upp þá aðferð, að veita sjálft einstökum mönnum og fyrirtækjum styrk. Mjer er það kunnugt, að þeir, sem helzt komu þessari breytingu fram, ætluðust alls ekki til, að það væri gjört til sparnaðar, eða í þeim tilgangi, að minna yrði veitt til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Þeir bjuggust þvert á móti við því, að þessi styrkur eðlilega hlyti að fara vaxandi. Mín meining er nú, eins og jeg hefi tekið fram, að nefndin hafi farið mjög skynsamlega með þessa svo kölluðu bitlinga. Að vísu er jeg henni ekki alveg samdóma í öllum tillögum hennar, en sá meiningamunur mun ekki valda neinum ágreiningi milli mín og h. nefndar. Það er einn liður í breytingartill. við þessa gr., sem ekki er kominn frá h. nefnd, heldur frá háttv. varaforseta (B. Sv.), sem jeg vildi minnast á með fáum orðum. H. framsögum. (Sk. Th.) lýsti því yfir, að komið hefði til fjárlaganefndarinnar bænarskrá frá hjeraðslækni Ásgeiri Blöndal um 1500 kr. ferðastyrk, en að bænarskrá þessi hefði eigi komið fyr en um það leyti, sem nefndin var að ljúka störfum sínum, og hefði hún því eigi orðið tekin til greina, með fram af því, að nefndin var búin að ákveða öðrum lækni ferðastyrk. Þegar jeg nefni læknana, þá dettur mjer í hug nokkuð af því, sem h. þm. Reykv. (J. J.) tók fram í gær. Þó menn hjer í Reykjavík, þar á meðal vjer alþingismenn, meðan vjer búum hjer, innan um fjölda lækna, finni ekki til læknaskortsins, þá finna menn því betur til hans víða úti um landið, þar sem margur verður að deyja drottni sínum, án þess að geta fengið nokkra hjálp. Þetta má líka skoða alveg »prosaiskt«; það má í mörgum tilfellum meta reikningslega það tjón, sem læknaleysið hefir í för með sjer. Hvað vilja menn meta líf húsmóður, sem deyr frá mörgum börnum, af því að ekki varð náð til læknis, til að bjarga lífi hennar? Það má gjöra nokkurn veginn greinilega peningaáætlun yfir þetta tjón, en hversu mikilli hjartasorg það veldur, það er ómögulegt að reikna. En jeg er viss um, að h. þingdm. munu þó meta það nokkurs og þykja það máli skipta. Í raun og veru álít jeg, að engu fje sje betur varið en því, sem varið er til læknaskipunarinnar, einkum til að gjöra læknana sem bezta og fullkomnasta. Þessvegna get jeg heldur ekki sjeð neitt á móti því, að 2 læknum sje veittur ferðastyrkur, ef þeir á annað borð eru mannvænlegir menn. Að því er snertir ferðastyrkinn til Ásgeirs Blöndals, þá er það alkunnugt, að hann er einn sá bezti, vinsælasti og skylduræknasti embættismaður, auk þess sem hann er mikill framfaramaður, sem t. d. hefir lýst sjer í því, að hann hefir stungið upp á, að læknar hjer á landi ættu með sjer fundi, sem allir verða að játa, að getur orðið til hins mesta gagns. Það er eitt með fleiru, sem er öfugt hjer hjá oss, að vjer höfum fyrir löngu fengið læknaskóla, en enn þá ekki neinn lagaskóla, og þó kemur víst öllum saman um, að lög hvers lands, sem er, svo vors lands

sem annara, verði bezt og auðveldast lærð í því landi, sem þau eiga heima, og á þeirri tungu, sem lögin eru skráð á, en aptur á móti, að læknisfræði sje það, sem sízt verði numið hjer á landi, svo nokkurt verulegt lið sje í. Hjer skortir allt til þess, en þó einkum allt, sem þarf til verulegrar verklegrar reynslu. Það kveður jafnvel svo rammt að, að hjer hefir stundum verið svo erfitt að fá lík að jafnvel hefir þurft, að því er mjer hefir verið frá skýrt, að reyna kandídata í læknisfræði á dýraskrokkum. Jeg get líka nefnt, í sambandi hjer við, að sú saga gengur, að maður, sem búinn var að vera nokkurn tíma, jafnvel fleiri mánuði, í aukalæknisembætti, hafði eigi átt önnur »kirurgisk« verkfæri en einn skegghníf.

H. framsögum. (Sk. Th.) sagði í gær, jeg veit reyndar að hann sagði það að gamni sínu, að reynslan sýndi, að því fleiri sem læknarnir væru, því meiri væru veikindin, en jeg veit að hann mun aldrei segja, að veikindin verði því meiri, sem læknarnir verða betur menntaðir. Hjer er að ræða um 1500 kr. ferðastyrk, sem jeg verð að álíta alveg hverfandi, þegar litið er á allar kringumstæður og þá nauðsyn, sem hjer er á því, að sem flestir læknar geti orðið sem bezt að sjer í sinni mennt. Það eru varla tvær meiningar um, að rjett sje að veita kand. Guðmundi Magnússyni þann styrk, sem h. nefnd hefir stungið upp á, og jeg fellst alveg á þá fjárveitingu, og vænti þess, að allir h. þingdm. sje henni samþykkir, en ef ástæða er til að veita honum þennan styrk, þá er eins mikil eða jafnvel meiri ástæða til að veita Blöndal styrkinn. Mjer dettur ekki í hug að gera ráð fyrir, að kand. G. M. noti sjer fjeð og komi svo ekki til Íslands aptur, þótt slíks sje ýms dæmi. En Blöndal, sem er embættismaður, verður að koma aptur, og auk þess er hann búinn að afla sjer mikillar reynslu um það, hvað hjer á bezt við og hvers hjer er einkum þörf. Jeg greiði þess vegna óhikað atkvæði með þessari breyt.till. h. varaforseta (B. Sv.), og treysti því og óska þess innilega, að sem flestir h. þingdm. verði að styðja þessa tillögu með atkvæðum sínum.

Í sambandi við þetta vil jeg spyrja h. þingdm., hvort þeir hafi tekið eptir, hvernig þessi bænarskrá frá hjeraðslækni Ásgeir Blöndal er orðuð. Hann tekur það fram í bænarskránni, að hann kæri sig ekki um að fá nema nokkurn hluta styrksins útborgaðan, fyr en hann hafi sýnt með vottorðum, að hann hafi notað tímann vel, og ef hann geti ekki sýnt það, skuli hann borga aptur það, er hann hefir fengið. Þessi læknir hefir líka í öðru tilliti farið nokkuð annan veg en aðrir, sem senda bænarskrár um styrkbeiðni. Mjer er það kunnugt, að sýslunefndin í Þingeyjarsýslu gaf honum vottorð og meðmæli, til að senda með bænarskránni til þingsins; en hvað gerir svo læknirinn? Hann sendir bænarskrána, en skilur vottorðin eptir, og hvers vegna hann gerir það, má sjá af nokkrum orðum í brjefi, sem hann hefir skrifað mjer, og sem jeg skal láta h. þingdm. heyra. Hann skrifar þetta: »Jeg hefi að vísu fengið ágæt meðmæli frá sýslunefndinni hjer, en jeg sendi þau ekki, því jeg vil láta málefnið (principið í því) berjast sjálft fyrir sjer;

. . . . . .

jeg vil ekki fá styrkinn, ef það er ekki álitið »principielt« forsvaranlegt, að veita hann. Mjer finnst, að þegar jeg býð þá »garanti«, sem jeg býð í sóknarbrjefinu fyrir því, að jeg muni nota

styrkinn vel, þá eigi málefnið að mæla með sjer sjálft«. Jeg vil benda h. þingdeildarm. á þetta, því jeg vona, að það spilli ekki fyrir beiðninni. Að öðru leyti vona jeg, að h. varaforseti tali fyrir þessari breyt.till..

Þá er hjer ein breyt.till., sem jeg vil minnast dálítið á. Það er breyt.till. h. þm. Mýr. (Á. J.) o. fl. undir 71. tölul. á atkvæðaskránni, um að liðurinn B. VII. a—d í 13. gr. falli burt. Þegar jeg lít á frv. og sje, hvað hjer er um að ræða, þá er það um styrk til að koma á fót kennslu í skólaiðnaði í Reykjavík:

Til þess að útvega skólahús . 4000 kr.
— að kaupa verkfæri og önnur áhöld . . . . . 1200 —
— kennara til að menntast í skólaiðnaði . . . . . 1000 —

Þetta á að veita fyrra árið, en hvort árið fyrir sig á að veita laun til kennara 2400 kr., og til eldiviðar og ljósa 200 kr., eða alls á fjárhagstímabilinu 11,400 kr. Þessi till. er nú komin frá h. stjórn. Það er landsstjórnin, sem kemur fram með þetta, og þegar jeg gæti þess, þá sje jeg, að h. framsögum. (S. Th.) hefir ekki haft rjett fyrir sjer, þegar hann sagði við 1. umræðu þessa máls, að stjórnarfrv. innihjeldi ekki neitt nýtt, sem landinu mætti verða til gagns, heldur væri í frv. að eins það gamla. Hjer er þó sannarlega um nokkuð nýtt að ræða, svo spónnýtt, að fæstir hjer á landi, víst ekki tíundi hver maður, hafi heyrt það nefnt. Jeg efast alls ekki um, að stjórnin hafi viljað gera gott með þessu. Hjer er þó að minnsta kosti eitt, sem er mjög mikilsvert, og sem jeg er stjórninni þakklátur fyrir, því að landinu og þjóðinni er hjer sýndur sá heiður, að hjer skuli koma á fót stofnun, opinberum skóla, þjóðinni til framfara og heilla, þótt ekki sje komin á nein slík opinber stofnun hjá sjálfri »móðurþjóðinni« eða í »móðurlandinu«. Þegar um það er að ræða, að stofna skóla, eða annað slíkt, sem á að vera til frambúðar, þá er það venjulegt, að það sje gert með sjerstökum lögum, en ekki með einni saman fjárveiting á fjárlögum. Hjer á að stofna skóla með fjárlögum, og sýnist það bera vott um, að stjórninni sje þetta talsvert kappsmál. Ef misskiptar skoðanir eru um eitthvert mál á þingi, og málið kemst í sameinað þing, eins og opt ber við, þá eru miklu meir líkur til að fá það fram, ef það er í fjárlögum, heldur en ef það er í öðru almennu lagafrv. Þetta leiðir af fyrirmælum þingskaparma. Þegar nú á að fara að koma hjer á kennslu í skólaiðnaði, þá þarf einhver að læra að kenna hann, og til þess eru líka ætlaðar 1000 kr. í frv. stjórnarinnar. Kennaraefnið verður því að fara utan; en hvar á hann að læra? Ekki getur hann farið að ganga á privat-skóla, þar sem hann á að læra til að kenna á og standa fyrir opinberum skóla, þjóðstofnun. En enginn opinber skóli er til í Kaupmannahöfn og ekki í öllu Danaveldi; aðrir slöid-skólar eru ekki til í Kaupmannahöfn en privat-skólar. Hann verður því að fara utanríkis, en þá ímynda jeg mjer, að fjeð reynist ef til vill, nokkuð lítið, og það geti farið svo, að það verði farið fram á viðbót á fjáraukalögum, er lögð verði fyrir næsta þing.

Það væri því má ske heppilegast, að fá ungan og efnilegan trjesmið, því hann hlyti að verða miklu fljótari að nema þetta. Það mun svo, hvort sem er, vera mest trjesmíði, sem kennt er á þessum skólum; annað smíði, t. d. járnsmíði, mun þykja of hart. Hvað hafa menn

svo lært, þegar menn eru búnir að ganga á þessa iðnaðarskóla? Jeg hefi þó fengið að sjá hjer í Reykjavík ýmsa hluti, sem búnir hafa verið til á þessum skólum, svo jeg hefi dálitla hugmynd um, hvað menn læra þar. Jú, það kvað vera smíðaður fjarskinn allur af myndarömmum, og meðal þeirra muna, er jeg sá,—jeg skoðaði þá í dag — voru skammel, smáhyllur og fleira þvílíkt. Þetta hafði verið gert á slöidskóla í Svíþjóð. Jú, eitt sá jeg enn. Jeg sá axarskapt. Það er bókstaflega satt. Jeg sá laglegt axarskapt. Jeg ímynda mjer reyndar, að þó axarsköpt sjeu þarfleg, þá geti verið vafi á, hvort vjer þurfum að fara langt út fyrir pollinn, til að læra að búa til axarsköpt, eða hvort vjer sjeum ekki allvel byrgir af slíku í bráð.

Þá kemur ein spurningin þessu máli viðvíkjandi: Ef skóli þessi kemst á fót og margir menn, má ske 100 til 200, vinna að því að smíða þetta smáglingur, hver á þá að kaupa það? Hvar er markaðurinn fyrir það? Ætli það verði ekki erfitt að koma þessu út? Að minnsta kosti verður það að vera ódýrt. Væri þá ekki rjettara að smíða á þessum okkar tilvonandi skóla, t. d. rokka, sem mjög eru notaðir hjá oss og mikið keyptir, eða þá hestajárn. Það kann nú annars að vera nokkuð gróft smíði það. En nú á að fara að járna hvert tæveturt tryppi, svo ekki er ólíklegt, að nokkuð talsvert seljist af hestajárnum, og þær ofboð litlu og nettu skeifur væri þó má ske takandi í mál að smíða á skólanum. Það tíðkaðist hjer lengi, svo lengi, að sumir eldri menn kunna það enn, að skera út með fallegum rósum askalok og smjöröskjur. Mjer sýnist vel fallið, að þessi þjóðlega iðn væri lífguð aptur og að þetta væri kennt á skólanum. Það gæti líka verið þjóðarhagur, því allt af má fá rekaviðarspýtur til slíks. En allir þekkja útlenda leirtauið; það er dýrt og fjarskalega brothætt.

Það er nú sjálfsagt af fávizku, það sem jeg hefi sagt um þessa nýju stofnun og fyrirkomulag hennar; en jeg get ekki litið öðruvísi á þetta mál en jeg nú hefi gert.

Það er margt í molum hjá oss á þessu þingi. Stjórnarskrárfrv. er fallið, gufuskipsmálið er dottið í mola og fleira hefir illa farið. Þegar vjer þingmenn nú komum heim í hjeruðin eptir þing, þá má búast við, að bændurnir spyrji oss: »Hvað hafið þið nú gert til viðreisnar landinu á þingi í sumar«? Vjer segjumst þá náttúrlega hafa gert það og það, og svo höfum vjer stofnað skólaiðnað, sem vjer þá kann ske nefnum útlendu nafni og köllum »slöjd», af því vjer verðum þá nýkomnir að sunnan úr Reykjavík, þá munu bændur spyrja: Hvað er nú það, piltar? Sumir af oss eiga þá kann ske bágt með að segja, hvað þetta eiginlega er, en við gætum þó í öllu falli sagt þeim, að það eigi að fara að kenna piltunum í latínuskólanum og stúlkum á kvennaskólanum, og annars hverjum sem vill, að búa til myndaramma, axarsköpt og þess konar. Mjer er sem jeg sjái framan í gömlu mennina, þegar þeir heyra allt þetta.

Jeg heyri þegar hvað þeir segja; þeir segja: »Nei, hættið þið nú, piltar! þingið ykkar mislukkast algjörlega«. Og — sleppum öllu glensi. — Er ekki von að þeir segi það?

Páll Briem: Við 1. umr. ljet jeg í ljósi óánægju með nefndarálitið, einkum að því er snertir menntun almennings. Jeg hafði þá í huga, ekki einungis hvað lítið væri lagt til alþýðumenntunar, held-

ur einnig, hvað mikið væri ætlað til skólaiðnaðar. Jeg álít að skólaiðnaður sje mikið góður, en hann ætti að koma á eptir öðru, sem meira er um vert.

Síðan hef jeg orðið ánægðari. Nefndin hefir breytt ýmsu í þá átt, sem jeg vildi hafa; hún hefir hækkað tillagið til barnaskóla, og það er nú búið að fella þá tillögu, að lækka tillagið til Hvanneyrarskólans; einnig gladdi það mig að heyra, að h. framsögum. (Sk. Th.) vill fella sig við, að styrkurinn til skólans á Ytriey sje hækkaður, en þó með þeim skilyrðum, að einnig sje aukinn styrkurinn til hinna annara kvennaskóla. Jeg er með því að auka einnig styrkinn til hinna, því jeg álít, að þeir fái nú of lítið. Kvennaskólinn á Ytriey hefir óskað að fá 3,500 kr., og skyldu 500 kr. af því ganga til námsmeyja. Þegar þetta er borið saman við, hvað aðrir skólar fá, álít jeg, að þetta sje alls ekki of mikið. Þannig fá búnaðarskólarnir 10,000 kr., en þó ganga færri á alla búnaðskólana til samans en á Eyjarskólann einan. Jeg get ekki sjeð, að búnaðarskólar hafi meiri þýðingu en kvennaskólar. Það er nauðsynlegt, að konan geti stjórnað heimilinu vel, enda er sagt, að ekki sje minni vandi að gæta fengins fjár en afla þess; en yfir höfuð má segja: bóndinn aflar fjárins, konan gætir þess. Jeg hef verið svo óheppinn að sitja í fjárlaganefndinni á 2 hinum síðustu þingum, og eptir gamalli venju gat jeg ekki komið fram með tillögur mínar, að hækka styrkinn til kvennaskóla; en þar sem jeg nú er fyrir utan fjárlaganefndina, þá get jeg komið fram með tillögur í þá átt, því að jeg hef nú frjálsar hendur. Þar sem sumir menn eru nú allt af að tala um kvennfrelsi, rjettindi þeirra og menntun, þá álít jeg hvergi sje betur hægt að sýna áhuga sinn í því efni, en með því að veita ríflegan styrk til kvennaskólanna.

Launin fyrir kennslu á kvennaskólum eru óhæfilega lítil. Þannig fá 4 kennslukonur minni laun, en ætlazt er til að einn kennari í skólaiðnaði fái. Betra væri minna og jafnara.

Jeg vona að þingmenn hafi kynnt sjer fjárhag kvennaskólans á Ytriey og jeg vil spyrja, hvort þeir geti bent á nokkurn lið, sem sje of hár. Að því er snertir orð h. framsögum. (Sk. Th.), að láta kvennaskólana fá hjer um bil jafnmikinn styrk, þá vil jeg benda á, að búnaðarskólarnir fá ekki allir jafnmikið, enda er heldur ekki hagur allra kvennaskólanna jafngóður. Jeg veit að skólinn á Ytriey hefir orðið að taka lán til þess að geta fullnægt sanngjörnum kröfum. Hann verður að greiða afborgun og vexti af þessu láni, þar sem hinir kvennaskólarnir eiga í sjóði og njóta góðs af vöxtunum. Auk þess er viðhaldskostnaðurinn meiri á kvennaskólanum á Ytriey, af því að aðsóknin að honum er meiri en hinum, og er því ekki nema sanngjarnt, að hann fái meira, en jeg er engan veginn mótfallinn því, að hinir fái líka meira, þvert á móti. Jeg vildi óska, að hinir kvennaskólarnir gætu fengið nokkra viðbót. Jeg veit ekki, hvernig fjárhagur Laugalandsskólans er, því að engin skýrsla eða reikningur er til sýnis frá honum, en jeg ímynda mjer, að fjárhagur hans sje erfiður, eins og jeg veit að svo er um kvennaskólann í Reykjavík. Hann verður að spara kostnað til tímakennslu nærri því meira en sæmilegt er, því að konur, sem hafa þar tímakennslu, fá eina 35 au. í kaup. Nú vita menn þó, að til þess að geta kennt, þarf nokkurn undirbúning undir tímana, og jeg er því viss um, að þetta er ver borgað en hver önnur vinna.

Að því er snertir skólaiðnaðinn, skal jeg geta þess, að jeg hef beðið forseta að greina liðina sundur, þegar kemur til atkvæðagreiðslu. Það er reyndar

líklega ekki til neins að vera að malda í móinn, þar sem 3 stórveldi hafa tekið þetta mál undir verndarvæng sinn, eins og h. þm. Skagf. (O. Br.) sagði; þó má það vera öllum ljóst, að einn liðurinn er óþarfur, nefnilega styrkur til manns til að læra skólaiðnað, því að hjer í bænum er kvennmaður, sem hefir lært það við »sløid«-skóla í Svíþjóð. Eins og h. þm. N.-Þ. (J. J.) hef jeg verið svo heppinn að fá að sjá það, sem hún hefir smíðað, enda hefði jeg annars ekki vitað, hvað það eiginlega var, þetta »sløid«. En smíðisgripirnir voru smámunir, svo sem rammar, skammel, ýmislegt, sem notað er í eldhúsum erlendis og líka axarsköpt — mjer finnst þetta ekkert hlægilegt, því að þau gjöra sitt gagn. —

Jeg held að menntunin sje einkum í því fólgin, eins og við teikningu, að kenna mönnum að sjá hlutföllin milli hinna einstöku parta og geta sýnt það í verkinu; en það held jeg menn geti lært án skólaiðnaðarnáms. Þó búnir sjeu til munir, sem brúkaðir eru í eldhúsum erlendis, þá getur það verið gott þar og enda selzt vel, en hjer á það ekki vel við. Hjer þyrfti fremur að búa til hrífuhausa, klárur o. s. frv., en þess konar er ekki svo vandlært, að flestir geti ekki gjört það öðruvísi en á dýrum skólum.

Í samanburði við önnur lönd álít jeg skólaiðnaðarkennslu óþarfa við skólana hjer, vegna þess að sumarfríið er svo langt, og piltar flestir hafa mikla vinnu á sumrin; það hafa menn ekki erlendis.

Þar sem tekið er fram í ástæðum stj.frumv., að leikfimiskennsla við lærða skólann sje ófullkomin, þá hefði stjórnin heldur átt að sjá um, að hún væri bætt. Jeg skal taka það fram, að í minni tíð — og líklega eins nú — var svo mikill óþrifnaður í leikfimishúsinu, að þegar menn fóru að hreifa sig, var rykið svo mikið, að nálega var ólíft þar inni. Þessu hefði stjórnin átt að ráða bætur á.

Jeg verð að telja það nokkuð mikið til tekið, þegar fjárlaganefndin segir í áliti sínu, að hún sjái ekki, að þetta verði kennt til hlítar fyrir minni upphæð en farið er fram á í stj.frv., nefnilega 11,400 kr. Þetta er undarleg skoðun, þar sem til er hjer kvennmaður, sem hefir lært þetta í Svíþjóð. Jeg er viss um, að hún mundi fúslega veita tímakennslu í þessu fyrir miklu minni upphæð. Jeg sje heldur ekki, að ástæða sje til að þrengja þessu upp á pilta í latínuskólanum; jeg held að þeir verði varla ánægðir með það, og vegna heilsu þeirra er það að mínu áliti óþarfi.

Það er svo margt sem þarf að gjöra hjer á Íslandi, sjerstaklega í menntamálum, sem við erum komnir svo skammt í. Erlendis hafa menn lengi haft gagnfræðaskóla og kennaramenntun. Það vantar oss hjer; einkum hefir opt verið kvartað yfir því, að oss vantaði gagnfræðakennslu hjer í Reykjavík. Við verðum að gæta þess, að hjer á Íslandi, þar sem svo lítið fje er til umráða, verðum við að taka tillit til þess, sem gjörir mest gagn. Jeg neita því ekki, að skólaiðnaður gjöri gagn undir vissum kringumstæðum, en gagnfræðakennslan í Reykjavík er enn þarflegri. Það er leiðinlegt, að þessi 3 stórveldi, sem hafa tekið skólaiðnaðinn undir verndarvæng sinn, skuli ekki hafa tekið hitt ráðið, að koma upp gagnfræðakennslu fyrir þetta fje. Með því hefðu þau kannske náð því, sem jeg hef heyrt að væri tilgangurinn, þannig, að allir yrðu ánægðir með það, þeim tilgangi, að mennta alþýðu og auk þess stofna nýtt kennaraembætti.

Ólafur Ólafsson: Jeg á eina breyt.-till., nefnilega að láta Stóruvallaprestakall fá bráðabirgðaruppbót. Þessi till.

hefir nú ekki verið svo heppin að ná hylli fjárlaganefndarinnar að öllu leyti, en reyndar má jeg vera h. nefnd þakklátur fyrir það, að hún hefir að nokkru leyti tekið tillit til hennar. En af því jeg er ekki að öllu leyti ánægður með þá úrlausn, verð jeg enn að halda fram breyt.till. minni.

Jeg játa, að eptir undirtekum fjárlaganefndarinnar er ekki að öllu leyti loku skotið fyrir það, að presturinn fái uppbót, en hún verður þó 100 kr. minni árlega en beðið var um, og fátækan prest munar um þetta.

Það hefir verið gefin skýrsla um það, að tekjurnar hafi verið 623 kr. árið 1889—90, en 686 kr. árið 1890—91. Það sjá nú allir lifandi menn, hvort nokkur tæki sjeu á því, að maður geti lifað á þessu með konu og börnum. Mig minnir ekki betur, en að sagt væri, að 1000 kr. þóknun til aukalækna væri haltgerð sultarlaun; en jeg held að þessi prestur mundi þakka fyrir þau laun.

Þegar prestakallalögin voru samin, mun það hafa verið meiningin, að láta ekkert prestakall vera tekjulægra virt en 1000 kr.; en þetta hefir ekki tekizt nema á pappírnum. Sú sveit, sem þetta prestakall liggur í, hefir nýlega orðið fyrir áföllum af sandfoki, svo miklum, sem líklega engin önnur sveit. Bændur eru þar margir fátækir, margir fluttu burt og lá við að prestakallið legðist alveg niður, og voru þá teknir frá því nokkrir bæir. Fáist nú engin uppbót á brauðinu, þá neyðist líklega sá prestur, sem er þar nú, til að yfirgefa brauðið, en jeg þekki svo til þar, að ef þessi prestur fer þaðan, þá er mjög lítil von til að annar fáist. Fyrir nokkrum árum síðan sótti þangað ungur og efnilegur prestur, en varð að fara þaðan vegna tekjuskorts. Það er mjög erfitt að þjóna því frá nágrannabrauðunum, það get jeg borið um, því að jeg hef gert það í 4½ ár, en það er ómögulegt til lengdar og ekki nema fyrir hraustan og ungan mann. Vona jeg því, að h. þingd. samþykki þessa breyt.till.

Jeg felli mig vel við þann tölulið, þar sem ræðir um styrk handa Guðm. G. Sigurðssyni. Þar stendur öðrvísi á á en um nokkurn annan prest. Hann hefir alls engin eptirlaun haft, og er hann líklega hinn einasti embættismaður á landinu, sem svo er ástatt fyrir.

Að því er snertir kvennaskólana, þá gef jeg eindregið breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.) atkv. mitt. Það er fjárframlag til kvennaskóla, sem getur látið sig heyra. Jeg get ekki stillt mig um að bera saman það fje, sem varið er til að mennta kvennfólkið, og hitt, sem gengur til menntunar karlmönnunum. Mig minnir að varið væri á síðasta fjárhagstímabili 136,000 kr. til karlmanna, en ekki einu sinni 10,000 kr. til kvennfólks. Jeg vona að h. þm. samlagist mjer til að koma fram við 3. umr. með breyt.till um, að hækka einnig fjárframlag til hinna kvennaskólanna.

Viðvíkjandi tölulið 68, um styrk til sveitakennara, þá er jeg hlynntur því að auka hann, því að jeg veit, að þeir gera gagn.

Tillag til verzlunarskóla í Reykjavík er alveg ný útgjaldagrein, en mig furðar nærri því á því, hvað lítilþægir umsækjendur eru. Jeg ímynda mjer, að ef þessi skóli kemst á fót, mundi hann geta gert landinu mikið gagn. Það hefir verið sagt, að þessi stjett væri óþjóðleg, ómenntuð og á eptir tímanum og fleira, sem henni hefir verið fundið til foráttu, en jeg álít að greiðasti vegurinn til að bæta úr þessu sje, að hún fái góða innlenda menntun.

Það hefir verið talað mikið um skóla-

iðnað, og vil jeg ekki lengja þær umræður mikið. Hingað til hefir verið talað mest um skuggahliðarnar. Jeg þekki þetta mál ekki fullkomlega, en jeg ímynda mjer að tilgangurinn sje ekki að gera menn að smiðum, heldur að glæða smekk og fegurðartilfinningu og einkum að glæða virðingu fyrir vinnu í latínuskólanum. Í minni tíð í skóla ríkti sá hugsunarháttur, að fremur þótti óvirðing að því að vinna. *(Sig. Stef.:* Nei). Jú, það var svo. Yrði þessu kippt í lag, væri ekki til einkis barizt. Jeg get reyndar ekki einskorað greitt atkvæði með tillögu stjórnarinnar, en vona, að við 3. umræðu verði sumir liðirnir færðir niður.

Þá er styrkurinn til náttúrufræðisfjelagsins. Það getur verið að það komi af því, að jeg þekki ekki fjelag þetta vel, að jeg hef enga trú á því. Nýlega hefir í stóru blaði hjer staðið skýrsla um aðalfund þess. Eptir henni að dæma fær maður ekki háar hugmyndir um það, enda get jeg ekki betur sjeð, en að hann hendi sjálfur gaman að því.

Að því er snertir bitlingana, sem svo eru nefndir, þá felli jeg mig vel við suma þeirra, en ekki alla, og mun það sjást síðar. Þó vil jeg nú þegar geta þess, að jeg get ekki fallizt á styrk til tannlæknis Nickolins, sem er skipað aptast. Jeg játa fúslega, að hjer á landi sje mikil tannveiki, einkum í Reykjavík; en það er ekki nema um tvennt að gera; annaðhvort leita margir þessa tannlæknis, og þá hefir hann góða atvinnu, því það hef jeg fyrir satt, að ekki gefi hann handtök sín; eða hans leita fáir, þar sem margir eru tannveikir, og þá hlýtur það að koma af því, að menn hafa ekki traust á honum. Auk þess finnst mjer óviðkunnanlegt af þinginu að veita styrk fyrir svona verk, sem það getur ekki dæmt um.

Viðvíkjandi því að hækka eptirlaun Katrínar Þorvaldsdóttur upp í 300 kr., þá er jeg því alveg samþykkur. Hún er ekkja eptir svo mikinn sómamann, að þinginu ætti að vera ánægja í, að styrkja hana í elli hennar. Þó að maður hennar, Jón heitinn Árnason, væri ekki embættismaður, þá varð hann landinu til meiri sóma í útlöndum en flestir embættismenn.

Indriði Einarsson: Það sem umræðurnar hingað til hafa einkum snúizt um, er breytingartill. undir 71. tölul. á atkvæðaskránni, þar sem stungið er upp á því, að ákvæði stjórnarfrumv. um skólaiðnaðarkennslu skuli falla burt. H. þm. Snæf. (P. Br.) tók það fram, sem líka stendur í ástæðum stjórnarinnar fyrir fjárveitingunni til skólaiðnarins, að leikfimiskennslunni við lærða skólann væri ábótavant. Vjer sem vorum í fjárlaganefndinni vissum þetta líka, og vildum gjöra tilraun til að bæta nokkuð úr því, með því, að veita 200 kr. hvort árið til sundkennslu í Reykjavík, er lærisveinar latínuskólans tækju þátt í, og nefndinni er kunnugt um, að stiptsyfirvöldin hafa ætlað sjer að gjöra lærisveinum skólans að skyldu, að læra sund. Þetta held jeg, að miði til að bæta leikfimiskennsluna nokkuð, þó henni sjálfsagt verði í ýmsu ábótavant, eptir sem áður, þar sem hjer eru t. d. ekki kenndar heræfingar eða skotæfingar, sem annarsstaðar er lögð svo mikil stund á í lærðum skólum. Jeg held jeg hafi verið sá eini, sem hreyfði því í nefndinni, að eitthvað þyrfti að gjöra fyrir leikfimiskennsluna. Og jeg skyldi ekki vera síðastur til að stinga upp á því, að keyptir yrðu 24 Remingtons- eða minni riflar handa latínuskólanum, og að leikfimiskennarinn væri látinn sigla, til að taka undirforingja-

próf, til þess að geta kennt lærisveinunum heræfingar og skotfimi.

Sund og leikfimi yfir höfuð að tala er einkar-holl fyrir heilsuna, en það eru æfinlega nokkrir, sem ekki þola slíkar líkamsæfingar, og einmitt fyrir þá, sem annars yrðu út undan með sundið og leikfimina, álít jeg að skólaiðnaðurinn ætti að koma í staðinn. Það hlýtur að vera, að útsögun á trje sje mikið holl vinna fyrir unglinga, sem sitja of mikið fyrir. Það reynist opt svo, að menn, sem ganga menntaveginn, verða ekki eins hraustir eins og aðrir, sem hafa meiri líkamlega vinnu. Þeir verða gráhærðir fyrir tímann, og opt stirðir og taugaveikir. Ef »slöjd« yrði sameinað kennslunni í skólunum, þá mundi þetta batna. Þó er þetta ekki aðalatriðið fyrir þeim, sem vilja styðja kennsluna í skólaiðnaði. Hjá þeim ræður það meira, að almennt er álitið, að menn, með því að taka þátt í skólaiðnaðarkennslu, verði flinkari, reglusamari og gangi betur í öðrum námsgreinum. Ef því lærisveinar með þessu námi fengju aukinn styrk og aukna reglusemi, þá get jeg ekki álitið það mikið, þó til þessa væri varið 2400 kr., eða jafnvel 3000 kr. á ári. Mikið af kostnaðinum, sem farið er fram á í frumv. stjórnarinnar, kemur að eins á fyrra árið. Síðara árið þar á móti er ekki gjört ráð fyrir meiri kostnaði en 2400 kr. Jeg ímynda mjer líka, að kostnaðurinn geti aldrei farið fram úr 3000 kr.

Vjer getum ekki farið eptir öðru í þessu máli en því, hvernig skólaiðnaður hefir reynzt annarstaður. Þetta slöjd er norrænt og er komið upp úr trjeskurðunum, sem tíðkuðust einnig hjer á Íslandi. Það getur heldur ekki verið til annars en góðs, að smávegis innanstokks munir líti vel út, og allir vita, sem vanir eru vinnu, að það er eins og hvíld, að ganga frá einu verki til annars. Skólaiðnaðurinn mundi því verða lærisveinunum hvíld frá öðrum námsstörfum.

Þá skal jeg minnast með fáum orðum á ferðastyrkinn til cand. med. Guðmundar Magnússonar og cand. polyt. Sigurðar Thoroddsens, sem nefndin hefir stungið upp á undir 83. og 84. tölul. Það var meining nefndarinnar með því, að veita þennan styrk, að laða þessa menn að sjer og tryggja landinu þá, þar sem annar þeirra er sjerstaklega gott læknisefni, og hinn hefir stundað fræði, sem enginn Íslendingur hefir stundað á undan honum. Eptir því sem menn hugsa meira um bætta vegi og brýr yfir stórár landsins, eptir því verður meiri þörf á þeim mönnum, sem hafa lagt fyrir sig verkfræði.

Þeir bitlingar, sem nefndin hefir stungið upp á, hlaupa ekki meira en 6000 kr. hvort árið, ef maður leggur þá alla saman bæði árin, og deilir þeim svo með 2, og ef maður leggur þar við þær 100 kr., sem nefndin vill bæta við frú Katrínu Þorvaldsdóttur hvort árið, þá verður aðalupphæðin á ári 6100 kr.

Þá skal jeg að eins minnast á styrkinn, sem nefndin vill veita cand. Boga Melsted, til að búa sig undir að rita sögu Islands. Hann er 500 kr. hvort árið. Fyrir þeim mönnum í nefndinni, sem gjörðu út um það, að þessi styrkur fremur varð 500 kr. en þúsund krónur eða þá hreint ekkert, vakti það, að áður hefir verið veitt ekki svo lítið til sagnafræðinnar yfir höfuð að tala. Jeg skal benda á, að einum manni hafa áður verið veittar til sögukennslu og söguiðkunar 1800 kr., og nú hefir nefndin stungið upp á að veita cand. Hannesi Þorsteinssyni, til að koma skipulagi á landsskjalasafnið, 600 kr. hvort árið, sem einnig ganga til sams konar tilgangs; alþingi hefir veitt og

vill veita framvegis 600 kr. á ári til útgáfu fornbrjefasafnsins, og þegar enn bætist við til Boga Melsteds 500 kr., þá verður það alls til söguiðkunar 3500 kr. Þetta er ekki svo lítil upphæð; það er svona nokkurn veginn heil prófessors laun, enda þóttist jeg ekki geta verið með því, að veita cand. Boga Melsted alla þá upphæð, sem hann beiddi um. Ef til vill hefir það líka ráðið úrslitum í nefndinni, að þegar pláz Páls Melsteds við latínuskólann losnaði, sem kannske verður ekki langt að bíða, eptir brjefi því, sem hann ritaði fjárlaganefndinni, að þá yrði cand. Bogi Melsted ef til vill settur í hans stað.

Um styrkinn, eða skáldlaun til síra Matthíasar Jochumssonar, hefir h. þm. Skagf. (Ó. Br.) farið mörgum og góðum orðum, og hefi jeg engu þar við að bæta, nema því, að jeg hefði helzt óskað, að hann hefði getað fengið enn meiri styrk.

Um styrkinn til tannlæknis O. Nickolíns er engin till. komin frá nefndinni, heldur frá einstökum þm. Sá sem hefir stungið upp á hinum hærra styrk, er sá einasti læknir, sem nú er hjer í deildinni; hinir eru þingmenn annarsstaðar að. Mjer finnst ástæða til að veita þennan styrk, því ef þessi tannlæknir færi hjeðan, eins og heyrzt hefir að hann mundi gjöra, ef hann engan styrk fengi, þá yrðu menn að sigla til að leita sjer hjálpar við tannveiki og þar sem svo margir hafa fengið tennur hjá honum, þá yrðu þeir að senda tennurnar út, þegar þær fara að brotna. Jeg hefði kannske viljað hafa þennan styrk enn hærri, en gjöra honum svo að skyldu, að ferðast á vissum tímum á vissa staði, til að hjálpa mönnum; en jeg er ekki viss um, hvernig þessu hefði orðið tekið. Jeg vona samt, að h. þingd. samþykki hinn hærra styrkinn.

Sigurður Stefánsson: Það eru að eins nokkur breyt.atkvæði, fyrir utan mín eigin, sem jeg vildi minnast á með fáum orðum.

Jeg get tekið undir með þeim þingmönnum, sem líkar þessi partur fjárlaganefndarinnar eins vel og hinn fyrri. Hvað kvennaskólana snertir, þá hef jeg verið einn af þeim, sem hef haldið þeim fram, sem og því, að veita ríflegan styrk til þeirra, enda virðist mjer engin ástæða til, að skera þenna styrk við neglur sjer. Mjer virðist ekki fremur ástæða til að spara fje til kvennaskólanna, heldur en til búnaðarskólanna, og þótt jeg sje ekki kvennfrelsismaður í þeim skilningi, sem menn taka það orð almennt, þá álít jeg það mjög nytsamt, að styrkja kvennaskólana, því það er á þeim, sem kvennfólkið á uppvaxtar-árunum nemur hið allra nauðsynlegasta, til þess að geta gegnt hinni háleitu skyldu sinni í þjóðfjelaginu. Jeg halla mjer því að tillögum hins háttv. þingm. Snæf. (P. Br.) viðvíkjandi styrknum til kvennaskólans í Ytriey; að honum hefur aðsóknin verið í mesta lagi, og það jafnvel fremur en Reykjavíkurskólanum, að honum ólöstuðum; þeir kvennmenn úr minu kjördæmi, sem hafa farið á Ytrieyjaskólann, láta mjög vel yfir öllu þar. Þessum skóla er því meiri þörf á auknum fjárstyrk, þar sem húsakynnin eru þar í fremur lakara lagi, en á hinum skólunum, sem þó er eitt aðalskilyrðið fyrir því, að skólarnir geti þrifizt, og komið að tilætluðum notum. Þegar vjer lítum á þann styrk, sem veittur er til menntunar karla og kvenna, þá hljótum vjer að viðurkenna það, að hingað til hafi það verið mjög svo af skornum skammti, sem varið hefir verið

til menntunar kvenna, og með tilliti til þess getur manni sýnzt, að vjer karlmennirnir höfum ekki skorið styrkinn til sjálfra vor við neglur oss.

Viðvíkjandi barnaskólum í sjóþorpum þykist jeg eigi þurfa að bæta neinu við, þar sem h. framsögum. (Sk. Th.) hefir þegar talað svo ýtarlega fyrir því máli, en að eins láta það álit mitt í ljósi, að jeg álít fjölgun þeirra mjög nauðsynlega.

Hvað snertir breytingartillögu h. þm. Mýr. (Á. J.), þá skal jeg geta þess, að jeg er ekki í þeirra tölu, sem gjöra lítið úr skólaiðnaði, en jeg er aptur á móti á þeirri skoðun, að mál þetta sje eigi nægilega undirbúið til þessa þings, þar sem það var allsendis ópekkt af alþýðu manna, þar til er fyrirlestur Jóns Þórarinssonar kom út um það efni; auk þess er mjer með öllu ókunnugt, hvernig landsmenn í heild sinni muni fagna þessu nýmæli; þar sem engar raddir hafa látið til sín heyra í þá átt, má vel vera að það sje ekki landsmönnum ógeðfellt, en jeg verð að svo komnu að álíta, að málefni þessu væri betur farið, að það geymdist til næsta þings, þar sem mönnum á þeim tima gæfist kostur á að kynna sjer það ýtarlegar. Kæmist þessi kennsla á fót, þá er hún, að því er mjer er kunnugt, eigi að eins fitl, útskurður og þess konar, heldur einnig til að æfa augað og höndina; auk þess mætti haga kennslunni svo, að hún geti haft talsverða praktiska þýðingu í lífinu, bæði með því að smíða amboð og annað þess háttar.

Jeg get ekki annað en tekið undir með h. þingmönnum, sem hafa furðað sig á ummælum hæstv. landshöfðingja um þetta atriði; jeg fyrir mitt leyti hefði kunnað betur við, að það hefði komið fram sem sjerstakt lagafrumv., en ekki sett á fjárlögin. Þó jeg haldi að kennsla í þessari grein gæti komið að praktiskum notum, þá hygg jeg þó að oss liggi á öðru meira, og þar sem h. deild taldi sjer í gær allsendis of vaxið að halda úti einni fleytu á kostnað alls landsins, til að flytja nauðsynjavörur til og frá ströndum landsins, þá get jeg vel trúað því, að landsmenn kunni oss litla þökk fyrir, þótt vjer komum með einn skólann enn heim af þessu þingi; oss vantar annað fremur en skóla; atvinnuvegir landsins hrópa miklu hærra á umbætur heldur en allir þessir skólar, sem sumir vilja hrúga hverjum ofan á annan.

Það er algjörlega rennt blint í sjóinn, hvernig þessi skólaiðnaður yrði notaður af latínuskólasveinum, því hvernig er ekki með leikfimis-kennsluna, sem er þó holl og styrkjandi fyrir líkamann. Gæti maður nú ekki hugsað, að hið sama ætti sjer stað með skólaiðnaðinn? Jeg fyrir mitt leyti vildi stuðla til þess, að málið biði næsta þings.

Viðvíkjandi breytingartill. frá mjer og öðrum háttv. þingmanni, um, að til sundkennslu sjeu veittar 1000 kr. hvort árið, þá furða jeg mig á því, að hin háttv. fjárlaganefnd ekki skyldi verða ríkari á fje til jafn-gagnlegs fyrirtækis, því engum mun blandast hugur um, að sund hafi enda miklu praktiskari og nauðsynlegri þýðingu en skólaiðnaður, hversu gagnlegur sem hann kann að vera í sinni röð. Jeg hef því leyft mjer að koma fram með þessa breytingartillögu, sem veitist með því skilyrði, að sundkennslan njóti eigi minni styrks annarsstaðar frá, en sem nemur helmingi við landssjóðsstyrkinn. Af þessum 1000 kr., sem breytingartill. fer fram á að sje veitt til sundkennslu, koma að eins liðugar 50 kr. á hvert sýslufjelag og getur það sannarlega ekki talizt nema lítilræði. Jeg hef heyrt, að það ætti að vera kostnaðar-

lítið að koma sundkennslu á fót á vissum stöðum, en því er eigi þannig varið hvervetna. Það er allvíða töluverðum erfiðleikum bundið, að koma þessari kennslu á fót. Vjer Ísfirðingar sem í vor byrjuðum á þessu urðum t. a. m. að fá sundkennara norðan úr Eyjafirði, og þótt sýslulefndin legði 200 krónur til kennslunnar, þá hrökk sú upphæð ekki nærri því til að borga kennslukaup, ferð kennarans og viðgjörð við sundstæðið, sem var töluverð. Mjer getur ekki blandazt hugur um, að hinir h. þingdeildarmenn sjeu í nokkrum vafa um, að því meiri fjárframlag sem þingið veitir þessu fyrirtæki til eflingar, því meiri þýðingu hefir það fyrir heilsu og líf einstaklinganna, sem taka þátt í kennslunni. Jeg get því ekki skilið að hin háttv. deild felli þessa breytingartillögu.

Mjer finnst það miður höfðinglegt af hinni háttv. fjárlaganefnd, að klípa af þeim fáu krónum, sem fornfræðingur S. Vigfússon hefir beðið um. Þegar litið er til þess, að þessi maður hefir, frá því fyrsta hann tók við umsjón þessa safns, verið vakinn og sofinn við það, og sýnt staka elju og atorkusemi í að safna fornmenjum og koma þeim í það skipulag, sem hann bezt mátti og efni leyfðu, þá getur mjer ekki betur sýnzt, en að hann eigi viðurkenningu skilið af þings og þjóðar hálfu, engu síður, heldur fremur en sumir þeirra, sem í embættum sitja og hafa setið. Jeg ber því það traust til hinnar h. deildar, að hún fallist á þessar breytingartillögur mínar.

Hvað viðvíkur styrknum til frú Thorfh. Holm, þá hefir enginn hinna háttv. þingm. látið svo lítið að minnast á það; jeg fyrir mitt leyti álít það sannarlegt gleðiefni, að geta gefið þessu atkvæði mitt, og það því fremur, sem þetta er sá fyrsti kvennmaður, sem hefir sent bænarskrá til þingsins um styrk til bókmennta, og auk þess sýnt mikla starfsemi og dugnað í samningi skáldrita; þótt rit þessarar einu skáldkonu vorrar þoli ef til vill ekki strangasta dóm, þá eru þau bókmenntum vorum fremur til heiðurs en vanheiðurs, að minnsta kosti sum þeirra.

Ekki sje jeg minni ástæðu til, að veita þeim Ásg. Blöndal og Guðmundi Magnússyni styrk þann, sem þeir hafa beðið um til utanfarar, í þeim tilgangi að efla þekkingu sína í læknisfræðinni. Hvað Guðm. Magnússon snertir, er það maður með beztu hæfilegleiknum og ágætum vottorðum frá Kaupmannahafnarháskóla. En hjeraðslæknir Ásgeir Blöndal hefur það aptur til síns ágætis, að hann er að allra rómi sem til þekkja einn hinn samvizkusamasti og duglegasti læknir, sem land vort hefur átt, og þeim embættismönnum, sem þennan vitnisburð eiga skilið, vil jeg sýna viðurkenningu; þeir eru ekki svo margir. Annars hefur h. þm. N.-Þing. (J. J.) með svo mikilli andagipt talað um lækni þennan, að það er að bera í bakkafullan lækinn, að fara fleiri orðum um það; aðrir h. þingm. munu eigi í neinu telja ofsögum sagt um dugnað þessa manns.

Aptast og neðst á botninum er tillaga um að veita tannlækni Nickolin 500 kr. styrk hvort árið; þessi maður, sem að vísu ekki hefir tekið embættispróf, er mikið þykir í varið, er einstæðingur, frændalaus og vinalaus hjer á þingi, hefir það til síns ágætis, að geta læknað þann sjúkdóm, sem, að því er jeg veit, enginn hjeraðslæknir hjer á landi getur læknað. Enginn getur borið á móti því, að þeir eru og margir, sem þurfa að fá tennur, og að þær sjeu nauðsynlegar eins og hver

annar partur líkamans. Jeg hef heyrt, að fái þessi maður ekki einhvern styrk, verði hann neyddur til að flytja af landi burt. H. þingm. Rangv. (Ól. Ól.) hjelt því fram, að svo framarlega sem maður þessi hefði mikið að gjöra sem tannlæknir, þá leiddi þar af, að hann hefði viðunanleg laun, og ef hann hefði lítið að gjöra, þá myndi hans ekki vera þörf. En sje þetta rjett athugað hjá h. þingm. Rangv. (Ól. Ól.), þá ætti að vera óþarft að launa þeim læknum af landssjóði, sem mikið hafa að gjöra, en hinna alls engin þörf sem lítið hafa að starfa, en launaðir eru þó af landsfje. Hjer vantar öll þau skilyrði, sem erlendis eru fyrir hendi fyrir því, að læknar, sjerstaklega specialistar, geti lifað af praxis einni saman, hversu nauðsynlegir sem þeir eru. Jeg get ekki sjeð, að landsmönnum yrði það kostnaðarminna, að sigla til annara landa, til að fá tannlækningar, sem eru mjög dýrar, og fátæklingum allsendis ómögulegar, heldur en af landssjóði að verja litlu fje til þess, að kosta mann innanlands, sem geti lifað sómasamlegu lífi og orðið mönnum að gagni. Mjer er kunnugt um, að þegar maður þessi eitt sinn dvaldi á Ísafirði, voru þar margir, sem leituðu hans þá, og óska komu hans þangað aptur.

Jeg vona því að þingið, þegar það íhugar, hve styrkur þessi er lítill, en hagsmunirnir miklir, og að þessi maður hefir engin þau hlunnindi, sem aðrir læknar, að það þá veiti samþykki sitt þessari beiðni.

Landshöfðingi: Þessi kafli fjárlaganna, sem nú er til umræðu, er í svo mörgum liðum, að enginn tími er til að minnast á þá alla, og því mun jeg að eins athuga fáeina þeirra.

Undir 48. tölul. á atkvæðaskránni hefir h. fjárlaganefnd komið með þá breyt.till., að í stað þess sem í stjórnarfrv. er gert ráð fyrir bráðabyrgðaruppbót á gufudalsprestakall 300 kr. hvort árið, þá skuli 500 kr. vera veittar fyrra árið, en ekkert síðara árið. Við þetta hef jeg ekkert að athuga. En hins vegar finnst mjer ekki sanngjörn breyt.till. undir 49. tölulið, að fella uppbótina alveg niður. H. þm. munu muna, og auk þess tók h. framsögum. (S. Th.) það ljóslega fram, að orsökin til þess, að Gufudalsprestakall gat fengið sinn eigin prest, sem það hafði lengi orðið að vera án, var sú, að þingið 1889 veitti þessu prestakalli sama styrk fyrir fjárhagstímabilið, sem nú er farið fram á í stjórnarfrv. Þessi styrkur var veittur til þess að færa bæinn úr stað og byggja hann upp að nýju. Jeg veit, að öllum h. þm. er það ljóst, að 600 kr. muni hrökkva skammt til þess, að byggja sæmilegan bæ fyrir, og jeg veit að hinn þjónandi prestur sótti um brauðið í vissri von um, að hann mundi fá að halda styrknum einnig þetta í hönd faranda fjárhagstímabil. Sjerstaklega skal jeg taka það fram, að bærinn er ekki eign prestsins, heldur prestakallsins; þessi styrkur er því ekki veittur prestinum persónulega, eins og hver önnur bráðabirgðaruppbót, heldur er hann veittur til þess að gera prestakallið aðgengilegra.

Það er rjett hjá h. framsögum. (S. Th.), að bráðabirgðaruppbótin handa fátækum brauðum er ekki alveg rjett tilfærð í stjórnarfrv.; hún er þar rangt reiknuð um 200 kr., og meining stjórnarinnar var, að hún skyldi ekki vera nema 2,500 kr., í stað þess, sem hún er tilfærð 2,700 kr. í stjórnarfrv. Nefndin hefir þó ekki breytt þessari upphæð, en ætlast til, að hún sje veitt öðrum fátækum brauðum en þeim, sem átt er við í ástæðum stjórnarfrv., og þá einkum tek-

ið tillit til Stóruvallaprestakalls. Nú má búast við því, að eitthvert af þeim brauðum, sem nú eru á bráðabyrgðauppbót, fái fasta uppbót á fjárhagstímabilinu, og því eru öll líkindi til, að Stóruvallaprestakall geti notið þess styrks, sem sótt er um handa því af bráðabyrgðaruppbótinni, að minnsta kosti síðara árið, og því er síður nauðsynleg breyt.till. undir tölul. 50.

Þá hefir h. nefnd komið með till. um, að skipta styrknum til vísindalegra áhalda við latínuskólann í tvennt. Þessi breyting er óþörf, því að styrknum hefir hingað til allt af verið skipt jafnt, eins og nefndin játar, til áhaldakaupa við kennsluna í náttúrusögu og eðlisfræði.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um breyt.till. við styrkinn til kvennaskólanna; þær fara fram á að hækka hann, og atkvæðagreiðslan sýnir þar, hvað ofan á verður.

Orsökin til þess, að stjórnin hækkaði ekki styrkinn til barnaskólanna, var sú, að hún hefir einu sinni áður reynt að fá styrk þennan hækkaðan, en þá þótti þinginu ekki ástæða til þess; það er því gleðilegt, að h. nefnd hefir nú tekið upp þessa upphæð, sem einu sinni var hafnað, þegar stjórnin fór fram á hana.

Jeg er samdóma h. framsögum. (S. Th.) um, að mjög sje erfitt fyrir landsstjórnina að haga styrkveitingunni til barnaskólanna eptir öllu því, sem talið er upp í breyt.till. h. þm. Dal. (J. P.); sjerstaklega er það varla hægt fyrir hana að dæma um kennslukrapta og kennsluáhöld, enda þótt hún fái ýtarlegar skýrslur frá skólunum, því að ekki mun einungis eiga að taka til greina, hvað kennarar sjeu margir við hvern skóla, heldur mundi hún líka eiga að meta, hvað góðir þeir eru. Það hefir líka komið til tals, að hækka styrkinn handa sveitakennurum; orsökin til þess, að stjórnin stakk upp á hækkun á honum, var sú, að 1890 varð ekki einu sinni úthlutað öllu því fje, sem ætlað var til sveitakennara, af því að ekki komu nógu margir umsækjendur, er fullnægðu skilyrðum þeim, sem þingið setti 1889. Auðvitað er það, að hægt hefði verið að úthluta öllu fjenu, ef öllum umsækjendum, sem til greina gátu komið, hefðu verið veittar 50 kr. hverjum; en eptir skýrslunum á að fara eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og veita engum hærra en 50 kr. Þegar svo var, að þeir, sem lengst höfðu kennt og flesta nemendur haft, gátu að eins fengið 50 kr., þá hlutu hinir að fá minna; en verið getur, að sveitakennurum fjölgi svo nú á þessu fjárhagstímabili, að þessi upphæð verði ekki of mikil. Viðvíkjandi athugasemdinni um meðmæli sýslunefnda, þá skal jeg taka það fram, að lítill stuðningur er fyrir veitingarvaldið í meðmælum þeirra, því að það kemur varla fyrir, að sýslunefnd mæli ekki með öllum umsækjendum úr sinni sýslu, enda er það skiljanlegt; þær hafa litla ástæðu til annars, þar sem búast má við, að sýslunefndir í öðrum sýslum fari svo að.

Jeg er þakklátur h. nefnd fyrir það, að hún vill veita þær 1000 kr., sem jeg bef beðið um handa manni til að læra að kenna heyrnar- og málleysingjum.

Þá kem jeg að 71. tölul., sem í dag hefir gefið tilefni til einna lengstra, snarpastra og fyndnastra umræða. En jeg sje ekki betur, en að flest mótmælin sjeu sprottin af misskilningi, af því að menn hafi blandað saman tvennu ólíku, heimilisiðnaði (husflid) og skólaiðnaði (slöid). Allt, sem talað hefir verið um eldhúsgögn, sleifar, axarsköpt o. s. frv., snertir alls ekki slöid, heldur heimilisiðnað. Meiningin með því að

innleiða skólaiðnað í skóla, er að gefa nemendum hentuga og hressandi vinnu á frístundum sínum. Það er nauðsynlegt fyrir nemendur að hafa eitthvað fyrir stafni í tómstundum sínum, annaðhvort leik eða annað, og hefir slöid verið innleitt til þess að útvega nemendum þau hvíldarstörf, er bæði styrkja sál og líkama. Skólaiðnaðurinn miðar og að því, að vekja nemendur til að sýna nákvæmni og eptirtekt með því, sem þeir gera, og um leið eflir hann handlægni þeirra og glæðir smekktilfinningu. Það hefir verið sagt, að heppilegt mundi að kenna nemendum að járna hesta og tinda hrífur; en hjer er ekki um það að ræða; það á ekki að kenna þeim beinlínis neitt handverk, er þeir geti notað síðar, heldur á að kenna þeim að nota rjett hönd og auga, og þannig á skólaiðnaðurinn óbeinlínis að verða að gagni, þegar á að tinda hrífur o. s. frv. Það hefir líka verið tekið fram, að óþarfi væri að útvega skólasveinum hjer slík störf í frítímum sínum, af því að sumarfríið væri svo langt, og að þá gætu nemendur hreszt og styrkzt af þessu heilnæma lopti, sem við með rjettu getum verið stoltir af, og af sumarvinnunni. En gallinn er sá, að heyvinnan er of mikil áreynsluvinna fyrir nemendur; það er ekki hressandi fyrir þá, sem 9 mánuði ársins sitja stöðugt að bóknámi, að leggja á sig þunga líkamsvinnu hina 3 mánuðina.

Jeg vona, að við þessa skýringu á muninum á heimilisiðnaði og skólaiðnaði falli burt sú ástæða, að skólaiðnaðurinn komi ekki að notum. Það hefir verið bent á verzlunarmann hjer í bænum, sem hafi byrjað á kennslu, en fengið daufar undirtektir; en það var ekki skólaiðnaður, sem þessi maður kenndi, heldur að saga og skera hluti út. Sama er að segja um stúlku þá, sem nefnd hefir verið; hún mun ekki hafa lært skólaiðnað, heldur heimilisiðnað, og þaðan eru runnin verkfæri þau, sem h. þm. N.-Þing. (J. J.) beitti fyndni sinni á að telja upp.

Jeg vona, að h. þing sjái, að þótt stjórnin hafi tekið þetta mál upp eptir tillögum Kennarafjelagsins, þá hafi hún ekki rennt alveg blint í sjóinn, þar sem hún fann sjer skylt að taka málið að sjer. Hún vissi og, að þetta er mjög mikið áhugamál erlendis nú um stundir, einkum í Kaupmannahöfn; þar er einmitt maður, sem stendur fyrir skóla, þar sem kennarar og kennaraefni læra á skólaiðnað; það er því engin hætta við því, eins og fleygt hefir verið fram, að maður hjeðan af landi þurfi að fara lengra en þangað, til þess að læra skólaiðnað, og þá ekki hætt við að þurfi að taka upp á fjáraukalög aukakostnað við för hans til annara landa. Þessi maður, sem stendur fyrir skólanum í Kaupmannahöfn, er í mjög miklu áliti, og skóli hans er alls eigi eingöngu privatskóli; ríkissjóður styrkir hann með miklu fje, eitthvað um 3,000 kr. á ári, en alls er lagt úr ríkissjóði til slöid-kennslu 25,000 kr. á ari; þessi maður er í svo miklu áliti, að til hans streyma menn frá útlöndum til að læra kennsluaðferð hans, bæði frá Englandi, Ameríku, Noregi og Svíþjóð, og hann var rjett nýlega fenginn suður á Þýzkaland til að kenna aðferð sína þar og leiðbeina við að koma upp skólaiðnaði.

Það hefir verið sagt, að mál þetta hafi verið borið upp of snemma; það er ekki gott að segja, hve nær hinn rjetti tími er. Stundum kveður við: Stjórnin gerir ekkert að fyrra bragði; þetta hafa allar þjóðir, hve nær fáum við það? Nú vildi stjórnin reyna að fylgja með

þeirri hreyfingu, sem hefir orðið í þessa átt hjer á Norðurlöndum, og þá er sagt, að málið sje of snemma upp borið. Það hefir verið sagt, að málið hefði gott af að hvíla sig til næsta þings, en jeg sje ekki, að hverju leyti það muni þá geta orðið betur undirbúið en nú. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en sleppi alveg að svara fyndniorðum um þrjú stórveldi, sem um þetta mál eiga að hafa fjallað. En viðvíkjandi þeim getsökum, sem fram hafa komið um, að tilgangurinn með þessu væri sá að stofna embætti, mjer skildist handa vissum manni, þá verð jeg að afbiðja stjórninni þær. Jeg veit ekki til að hún hafi nokkurn vissan mann fyrir augum til að takast embættið á hendur. Jeg hef einmitt í dag lesið í einu blaði hjer, að til væri flinkur Íslendingur í Kaupmannahöfn, sem mundi vera fær um þetta starf, en jeg efast um að stjórnin þekki þann mann.

Viðvíkjandi styrkveitingum þeim, sem standa undir staflið 79 o. s. frv., skal jeg geta þess, að því er til Fornleifafjelagsins kemur, þá var ekki stungið upp á neinum styrk handa því í stjórnarfrv., af því að styrkurinn fyrir árin 1890—91 kemur líklega aldrei til útborgunar eptir þeim skilyrðum, sem sett voru fyrir útborguninni. Jeg veit yfir höfuð ekki, hvort nokkurt líf er með þessu fjelagi lengur; jeg er einn af fjelagsmönnunum, og jeg veit ekki til, að fundur hafi verið haldinn í því nú um mörg ár.

Orsökin til þess, að náttúrufræðisfjelaginu var enginn styrkur ætlaður í stjórnarfrv., var sú, að engin skýrsla var þá komin frá því fjelagi, því síður sú skýrsla um aðalfund þess, sem nýlega birtist í einu blaði hjer, og sem við allir sjálfsagt höfum lesið með mikilli ánægju.

Þá er að ræða um styrkinn til Sigurðar Thoroddsens. Jeg er samdóma því, sem segir í nefndarálitinu, að æskilegt væri að hafa hjer stöðugun vegfræðing til að sjá um vegagjörðirnar; jeg er því líka samdóma, að sú þekking, sem hægt er að fá í Danmörku, sje ekki nægileg til þess að geta staðið fyrir vegagjörð á Íslandi. Það er því æskilegt, að þessum manni, sem eptir styrknum hefir óskað, gæfist kostur á að kynnast vegagjörð í Noregi og Sviss. En jeg skil ekki í, að nefndin skyldi ekki ákveða honum hærri ferðastyrk. Jeg gat þess við umræðurnar um 10. gr., að stjórnin hefði ætlazt til, að 3000 kr. væru veittar handa vegfræðingi að eins seinna árið, en þá hafði jeg jafnframt í huga, að hinum 3000 kr., sem h. fjárlaganefnd hefir bætt við fyrir fyrra árið, væri varið til styrks handa manni til að gera sig vel færan um að takast á hendur umsjón með vegagerð hjer á landi. Jeg hef þá skoðun, að honum veiti að minnsta kosti ekki af tveim árum til að nema praktiska vegfræði. Jeg hefði viljað, að honum hefðu verið veittar 2000 kr. á ári í tvö ár; það er þó hóti minna en þær 1200 kr., sem honum eru nú ætlaðar, og 3000 kr. handa vegfræðingnum fyrir árið. Þessi breyting getur að vísu ekki komizt að við þessa umræðu, en við 3. umræðu má breyta því. Úr því það er meining þingsins, að fá hjer fastan vegfræðing, þá ætti það líka að stuðla að því, að hann fengi góðan undirbúning undir starf sitt.

Um 97. tölulið er það að segja, að það gleður mig, að h. nefnd hefir þar komizt til sannleikans viðurkenningar. Þegar stjórnin stakk upp á 300 kr. ept-

irlaunum handa þeirri heiðurskonu, sem þar ræðir um, klippti þingið 100 kr. af þeim. Nú hefir h. nefnd kippt þessu í samt lag aptur, og hefði betur farið, að því hefði verið lofað að standa frá upphafi, sem stjórnin stakk upp á.

Þorldkur Guðmundsson: Jeg var með því á seinasta þingi, að lagður yrði styrkur til Gufudalsprestakalls þannig, að hann gengi til bæjarbyggingar, til að koma byggingunni í verk. Nú finnst mjer aptur á móti ekki ástæða til að styrkja prestinn lengur í þessu efni; eins og aðrir hefir hann sjálfsagt notið góðs af hinu góða árferði, sem er margra peninga virði, og kemst því vonandi af án þessa styrks, því það var að skoða sem ofanálag.

Jeg skal með mestu ánægju vera með því að hækka styrkinn til barnaskólanna og sveitakennara. Því það hygg jeg, að muni að verulegum notum koma.

Þá kem jeg að 71. tölul. á atkvæðaskránni, sem útlit er fyrir að verði að þrætuefni. Jeg skal játa, að jeg varð hálf-hrifinn í fyrstu, þegar jeg las um þennan skólaiðnað og hugsaði með sjálfum mjer, að hjer mundi meðalið fundið við meinsemdinni, það er við ódugnaði og eljuleysi; en eptir því sem jeg las lengur um þetta mál, bæði í fyrirlestri þeim, sem út er kominn um skólaiðnað, og í blöðunum, þá varð jeg trúarveikari. H. þm. Rangv. (Ól. Ól.) sagði, að þingdm. hefðu meira litið á skuggahlið þessa máls; en jeg skal benda honum á, að það er skylda vor þm., að skoða einnig þá hliðina. Hin hliðin, ljóshliðin, hefir þegar verið tekin fram í fyrirlestrinum um málið og í blöðunum, og nú síðast af hæstv. landsh. Þó sannfærðist jeg einna mest af orðum hæstv. landsh. um það, að hjer væri ekki um eins verulegan og verklegan iðnaðarlærdóm að ræða, eins og jeg hafði í fyrstu hugsað, og jeg áleit þörf á að fá. Jeg gæti miklu fremur skilið, að styrkur væri ætlaður til heimilisiðnaðar, þar sem búnir væru til hlutir, er gætu orðið að gagni fyrir lífið og búskapinn. En þetta fítl held jeg að sje ekki til mikils gagns. Jeg held að allir, sem unnið hafa að þessu máli, hafi verið of fljótfærir, og h. stjórn líka. Nýmæli er þetta hjer á landi, og er það ekki undarlegt, þar sem það jafnvel er nýmæli í sumum hinum menntaðri löndum. Því er haldið fram, að þessi skólaiðnaður hafi þýðingu fyrir heilsuna og eigi að koma í staðinn fyrir vantandi hreyfingu hjá námsmönnum, en mjer virðist, að sumt af þessu muni meira verða að teljast til kyrrsetu; en það þarf að koma eitthvað það, sem hefir verulegt gildi fyrir lífið. Mín meining er sú, að allir, og þá líka embættismenn og embættismannaefni, eigi að bera virðingu fyrir allri vinnu, hverju nafni sem nefnist. Jeg álít embættismanninum eins skylt að vinna, eins og verkmanninum, þegar hann hefir tíma til þess fyrir embættisstörfum, og það sóma fyrir hann að hirða hestinn sinn og kúna, ekki að jeg meini, að hann eigi ekki að gjöra sjer dagamun, eða kuuna að hafa fataskipti. Vjer höfðum áður þá presta, sem gengu því nær að allri vinnu, og það munu nokkrir prestar gjöra enn. Mig furðar þess vegna á því, ef það er rjett hjá h. þm. Rangv. (Ól. Ól.), að skólapiltum á hans skólaárum hafi þótt óvirðing að vinnunni. H. þm. Vestm. (I. E.) var hlynntur þessu máli, eins og nefndin yfir höfuð að tala. Hann sagði, að kostnaðurinn yrði lítill, og mestur fyrsta árið. Það er að vísu svo, en það er líka alkunnugt, að nýjar menntastofnanir þurfa áður langt líður, að fá breytta kennslu og aukna kennslukrapta og margt fleira, og verða þær því dýrari með tímanum. Þessi

stofnun, sem nú er ráðgjört að kosti yfir fjárhagstímabilið 11,400 kr., mundi eptir 10—20 ár verða komin upp í 20,000. Það væri mikið gott, ef þetta mál gæti náð augnamiði sínu, en jeg efast mikið um það. Það er mikið spursmál, hvort mál þetta er svo þroskað, að það eigi nú að ganga í gegn.

Það er eitt atriði í stjórnarfrumv., og sem nefndin hefir að mestu haldið óbreyttu, sem jeg vildi minnast lítið eitt á. Það er styrkurinn til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi. Mjer vitanlega hefir engin skýrsla komið til þingsins um þetta safn. Jeg man eptir því, að á einu þingi var það gjört að skilyrði fyrir útborgun styrksins, að send yrði skýrsla um safnið, sem sýndi, að vert væri að styrkja það. Jeg sá seinna skýrslu um þetta safn, og fannst mjer hún benda á, að safnið væri óverulegt. Það er líka á óheppilegum stað þarna í Stykkishólmi, í afskekktri verzlunarholu, sem ef til vill er að deyja út. Það er eins og gömul skrudda lægi bak við kolryðgaðan ofn í skúmaskoti. Jeg álít, að fjárlaganefndin hefði átt beinlínis að stinga upp á því, að safnið sem fyrst yrði flutt á Ísafjörð, til þess að það geti komizt á manna höndur, og þá sjálfsagt orðið fleirum að notum en nú.

Um fornleifafjelagið og náttúrufræðisfjelagið er það að segja, að jeg álít, að styrkurinn til þeirra eigi að hverfa, eins og stjórnin hefir látið hann hverfa úr fjárlagafrumv. Það er mjög leiðinlögt að hugsa til þess, að ekkert skuli geta orðið gjört, nema með styrk af almannafje. Það drepur niður allar framkvæmdir, ef menn ekki þurfa annað, en leita til þingsins með styrk og þurfa lítið eða ekki neitt fyrir að hafa sjálfir. Það er allt öðru máli að gegna, að veita einstökum mönnum styrk, til að ferðast, svo þeir geti leitað sjer frama og fullkomnunar í sinni mennt Jeg er með því, að veita þessum ungu mönnum styrk; sjerstaklega vil jeg veita styrk til að skrifa sögu landsins, og að því er styrkinn til læknanna snertir, þá álít jeg honum miklu betur varið, en peningum til að búa til ný aukalæknisembætti fyrir þá, sem eru að skjótast út af læknaskólanum, máske með misjöfnum vitnisburði. Þessi kvennmaður, sem hjer er talað um styrkja, frú Torfhildur Holm, getur verið allrar virðingar verð, en annað mál er það, að fara að veita henni fje úr landssjóði, og jeg greiði atkvæði á móti styrknum. Um styrkinn til tannlæknisins mun jeg ekki orðum eyða, en greiða atkv. móti honum.

Jens Pálsson: Töluliðirnir eru svo margir, að það hentar ekki að rekja þá alla. Einungis vil jeg lýsa því yfir, að þó vandrataður sje rjettur vegur og mjött mundangsopið, þá þykir mjer nefndinni hafa tekizt mjög vel, og mun jeg fylgja henni í flestum greinum, og að eins í einstöku atriði víkja frá henni.

Jeg á hjer að eins eina breyt.till. Það er tillaga um hækkun styrks til barnaskóla; hún er samhljóða till. h. 1. þm. Ísf. (S. St.). Það er mjög auðvelt, að færa ástæður fyrir þessari breyt.-till. Það verður að líta á almenningsskóla hvers lands sem eina heild; þessa heild nefni jeg alþýðuskólann. Í þessari heild eru allir þeir opinberir skólar, sem ætlaðir eru alþýðu, henni til menntunar; allir slíkir skólar eiga að standa í nánu sambandi hverjir við aðra, mynda eina heild; barnaskólarnir eru rjettilega skoðaðir sem neðsti liðurinn, en jafnframt sem undirstaða alþýðuskólans; þeir eru neðsta rimin í skólastiganum, en hana má ekki vanta. — Hin mikla þýðing barnaskólanna mun hjer eins og annarstaðar verða því augljósari, sem alþýðumenntunarmálinu verður meira

sinnt, og öllu sem þar að lýtur verður komið í betra lag. Þótt barnaskólarnir hafi átt erfitt uppdráttar, hefir nauðsynin knúð þá áfram í kaupstöðum og stærri sjóþorpum. Nokkrir — jeg held tveir — unglingaskólar hafa og verið stofnaðir í sveitum, staðið nokkur ár, og gjört þann stutta tíma mikið gagn, en orðið að hætta, þegar þeir voru undanskildir barnaskólastyrknum, og augljóst varð, að þeir gátu lítinn sem engan styrk fengið. — Það eru víst alls 16—17 barnaskólar utan kaupstaða, sem nú eru í gangi, og þó ástand þeirra sumra hverra, hvað húsnæði og áhöld snertir, sje eigi sem bezt — jafnvel bágborið — þá hefir samt miklu verið kostað til þeirra; til sumra hafa einstakir menn orðið að leggja fram stórfje, og sveitarfjelögin leggja sumstaðar mjög hart á sig, til þess að halda þeim í sem beztu lagi; þeir gjöra alstaðar gagn, þó vitanlega sje það mjög mismunandi. Á hinn bóginn er nauðsyn þeirra í kauptúnum og sjóplássum alveg óyggjandi. Af þessum ástæðum álít jeg rjett og sjálfsagt, að þeir sjeu verulega studdir, en ekki settir hjá, þar sem aðrar menntastofnanir fá svo mikinn styrk. Þegar 3,000 kr. skiptast niður á 16 skóla, þá sjá allir, að það er ekki mikið sem hver fær; við suma barnaskólana eru þó 2 kennarar og þarf til launa handa þeim töluvert fje árlega, enda þótt kaup þeirra sje mjög lágt.

Ef að þessi styrkur er hækkaður upp í 4,000 kr., þá koma 250 kr. á hvern skóla, og er það sannarlega ekki of mikið.

Jeg hefði gjarnan viljað skrifa hærri tölur, en jeg þorði það ekki, og hugsaði jafnvel, að það gæti orðið málefninu til skaða; það mundi síður ganga fram. Fyrir styrkveitingunni hef jeg sett önnur skilyrði en áður voru, því þá var styrkur veittur hverjum skóla eptir, því hve mörg börn gengu á hann; þetta hefir mjer alla tíð þótt mjög óheppilegt og órjettlátt, því þó mörg börn gangi á einn skóla, þá gjörir hann ef til vill mikið minna gagn, ef til dæmis kennarinn er ónýtur, húsið slæmt, áhöld lítil og allt gengur í ólestri, heldur en skóli, sem hefir færri börn, en góða kennara og næg áhöld. Hæstv. landsh. kvað erfitt mundi verða að fá glöggvar skýrslur, svo hægt væri að dæma nákvæmlega um kennslukrapta, áhöld og ástand skólanna. Ef hæstv. landsh. telur sjerlega mikil vandkvæði á að framfylgja þessum mínum skilyrðum, þá gjöri jeg þau ekki að neinu kappsmáli, en legg það að eins undir dóm h. deildar.

Töluliður 69 á atkv.skr. er um, að í skilyrðunum um útbýtingu styrks til sveitakennara falli orðin »og stiptsyfirvaldanna» burtu. Mjer þykir þessi breyting til skaða, því eptir henni, þá er landshöfðingi bundinn við, að veita hverjum, þeim styrk, sem sýslunefndin mælir með. Við vitum allir, hvað sumar sveitanefndir eru ókærnar með, að velja góða menn fyrir sveitakennara, og hversu sýslunefndir eru örlátar á meðmælum með þessum sveitakennurum; jeg gæti jafnvel ímyndað mjer, að þær kynnu að mæla fram með einhverjum sem hneyksli væri að hafa fyrir sveitakennara. Jeg vil því ekki að landshöfðingi sje bundinn við slíkar tillögur einar, heldur álít jeg heppilegt, að hafa einhvern lið milli hans og sýslunefndanna, sem safni öllum skýrslunum saman, og gjöri svo till. í hendur landsstjórnarinnar. Þá er jeg kominn að því atriðinu í 13. gr. B. VII., sem mest er um vert. Við það er breyt.till. að 13. gr. B. VII a.—d. falli burt, að ákvæðin í frv. um að stofnaður sje sjerstakur skóli í skólaiðnaði falli burt.

Þegar jeg fyrst sá þetta frv. til fjárlaga og sá þetta þar, þá varð jeg satt að segja alveg hissa. Og ósjálfrátt varð mjer að leggja fyrir mig spurninguna: »hvaðan, hvernig, hvert?». Hvaðan er þetta komið inn á fjárlagafrumvarpið? Jeg var upplýstur um það áðan, að þetta væri borið upp af 3 stórveldum; það væri þegar búið að ganga gegnum 2 og nú komið á herðar því þriðja. Jeg spurði hvernig, af því jeg man ekki, að jeg hafi fyr sjeð neitt slíkt sett inn á fjárlögin. Og jeg held það sje athugavert frá þeirri formlegu hlið, að setja skóla á stofn á þennan hátt. Jeg veit ekki betur, en bæði læknaskólinn, Möðruvallaskólinn og fleiri, sjeu stofnsettir með sjerstöku lagaboði. Og jeg held þetta geti haft mikla þýðingu; jeg sje ekki annað, en það væri frá formsins hlið fyllilega »conseqvent«, að deildin setti lagaskóla eða jafnvel háskóla inn á fjárlögin. Þá er næst, hvert er stefnt með þessari ákvörðun. Jeg held þó, að höfuðatriðið, sem hugir þeirra manna, sem mest hugsa um alþýðumenntunarmálið, snúast mest um, sje það, hverri aðalstefnu eigi fram að halda í því máli.

Við höfum 16 barnaskóla, sem njóta styrks; 8 þar að auki. Ennfremur 3 kvennaskóla, 4 búnaðarskóla, 1 gagnfræðaskóla, 1 stýrimannaskóla, 1 verzlunarskóla og 1 latínuskóla, sem jeg líka tel með til þessa 1. flokks. Þessir skólar eru því alls 30. Svo er læknaskólinn og prestaskólinn, sem eru hinar æðri menntastofnanir. En hvernig eru þessir skólar og hvernig eiga þeir að vera? Það hafa þeir menn tekið fram, sem mest hafa um það ritað; sjerstaklega vil jeg nefna forstöðumenn Flensborgarskólans og Möðruvallaskólans, sem og cand. Boga Melsteð. Og hvert hefir verið umtalsefnið fyrir þeim? Það að fá einhverja fasta stefnu í skólamál vor, svo að þessir 30 skólar, sem jeg nefndi, sjeu ekki eitt »óorganiserað« hrúaldur, og ekkert samband milli þeirra, heldur verði settir í »system«, «organiserða« heild.

H. skólastjóri í Flensborg hefir barizt virðingarverðri baráttu fyrir því, að fá þessa skóla í organiserða heild, og bar á síðasta þingi fram frv. í þá átt. Hann hefir barizt fyrir, að sett væri upp inspection milli skólanna, til þess að fá vissu fyrir því, að sumir af kennurunum væru ekki óhafandi. En það reyndist ofraun að því sinni. Það vita þó allir, að sumir af þeim mönnum, sem fást við barnakennslu, eru allsendis óhafandi. Einkum hafa menn verið óvandir í vali sveitakennaranna; jeg veit dæmi til þess, að það hafa verið teknir til þess menn, sem um einhvern tíma hafa verið við verzlan, en orðið að hverfa þaðan vegna slarks og óreglu. Ef menn kunna dálítið að reikna, og skrifa laglega hönd, þykja menn fullgóðir sveitakennarar, þótt eigi sjeu þeir hæfir til að hafa sannmenntandi áhrif á æskulýðinn; enda er skrift bara »Færdighed«, sem ekki er beint menntandi.

Fyrst svona er nú ástatt hjá oss, er það þá það, sem fyrst á að gjöra í menntunarmálinu, að stofna nú nýjan skóla, sem auðvitað ekki passar inn í neina heild, því það er engin heild til, að maður ekki tali um, að sú menntun, sem þessi skóli veitir, hefir litla praktiska þýðingu?

Finnst mönnum það nú ekki standa nær, að leggja aðaláherzluna á það, að koma skólunum í system og koma upp eptirliti með því, hvort skólarnir geri gagn og verði að tilætluðum notum? Þetta á þingið að mínu áliti að gjöra, koma skólunum í system og setja upp

innspection og ennfremur bæta úr skortinum á hæfilegum kennurum. Þetta vill þjóðin láta gjöra, en ekkert af þessu kemur fram í fjárlagafrv. stjórnarinnar. Það er vitanlegt, að þessi skóli kemur umfram það sem hefir verið, en þó vantar alveg ráðstafanir til að bæta úr því, sem í ólestri fer, auka kennslukraptana og gjöra þá betri. Skólarnir eru eins eptir sem áður látnir eiga sig, eptirlit svo aumt, að það má »drífa stærsta humbug« með þá.

Ef hirðulítill prestur og hreppsnefnd, sem ekkert vit hafa á þessum málum, gefa hrósandi skýrslu, þá er það gott og gilt, til þess að fá styrkinn. Jeg hef reynt að íhuga sem rækilegast ástæður stjórnarinnar fyrir þessu máli; og þegar þær reyndust mjer of veikar til þess, að verða sannfærandi fyrir mig, vaknaði hjá mjer sú ósk og von, að umræðurnar mundu bæta það upp, en það hefir heldur ekki orðið. H. þm. Reykv. (J. J.) tók fram, að þessi skóli væri stofnaður til að vekja virðingu hjá námsmönnum fyrir vinnunni. Jeg veit, að tilgangurinn er meðfram þessi, og er hann góður. En jeg hef enga vissu fyrir, að kennsla í þessum iðnaði mundi vekja virðingu fyrir nauðsynlegri búvinnu. Jeg er ekki vel kunnugur, hvernig kennslan er, en sumir af þeim, sem hafa átt kost á að sjá muni frá slíkum »slöjd«-skóla, hafa lýst þeim. Hæstv. landshöfðingi segir reyndar, að þessir munir heyri ekki til »slöjd«, heldur heimilisiðnaði. En þessir munir voru búnir til á skólanum í »Nääs« og eru með því merki. Á þann skóla einmitt gekk þessi ungfrú, sem hefir gjört hlutina; þar er og Dr. Otto Salomon, nafnfrægur kennari í slöjd. Jeg skal nú leyfa mjer að lesa 3 línur úr fyrirlestri skólastjóra Jóns Þórarinssonar um skólann í Nääs:

»Skólinn á Nääs í Svíþjóð, sem til skamms tíma hefir verið talinn fremstur í skólaiðnaði, hefir ekki þessa aðferð. — Dr. Otto Salomon er formaður þessa skóla«.

Þetta er nóg til að sýna og sanna, að skólinn á Nääs, sem munirnir eru frá, er einmitt slöjd-skóli.

H. þm. Vestm. (I. E.) tók það fram, að sund og slöjd ættu að verða skyldugreinar við lærða skólann og koma fyrir gymnastik handa þeim piltum, sem ekki þyldu hana. Skyldu ekki piltar fljótt komast upp á að losa sig líka frá þessum greinum? Ætli þeir, sem fá sjer læknisvottorð fyrir því, að þeir geti ekki tekið þátt í »gymnastik«, geti ekki líka fengið sjer vottorð um, að þeir geti ekki verið með í slöjdinni?. Hann tók fram, að námsmönnum væri hætt við taugaveiklan. Jeg get ekki skilið, að það sje nein hætta á því fyrir þá menn, sem vinna 3 mánuði af árinu, og um hinn tímann hafa næga frítíma til hreyfingar.

Jeg mótmæli því hreint ekki, að slöjdið geti gjört nokkurt gagn sem menntunarmeðal, en jeg vil að eins spyrja: er það svo bráðnauðsynlegt, að drífa þetta í gegn í þessum stýl einmitt nú, að ekki sje annað, sem á undan ætti að ganga og meir er áríðandi fyrir menntamál landsins? H. þm. Vestm. (I. E.) talaði um vöntun á skotvopnum við skólann; kannske hann komi með frv. um skotmennskuskóla á næsta þingi; að skotkunnáttu getur þó orðið gagn. En það er líka einhver fröken, sem hefir sótt um styrk til að læra dans; þegar hún er búin, þá gæti komið til orða að stofna dansskóla. Þetta kann nú allt að vera mikið gott, en að sinna alþýðumenntunarmálinu öðruvísi, held jeg okkur sje þó hollara og gagnlegra.

Hæstv. landsh. áleit, að vanaleg sumarvinna væri of erfið og gæfi ekki hressing. Já, jeg get hugsað að það sje mikið til í þessu. Og mættu allir sem á skóla ganga kasta frá sjer hinu þunga sumarerfiði, þá gæti þessi ástæða komizt að; en meðan það er ekki, meðan flestir piltar verða að vinna gagnlegt erfiði á sumrum, þá get jeg eigi fallizt á skoðun hæstv. landshöfðingja.

Þá er kostnaðarhliðin. Jeg skil það svo, að á þennan skóla eigi að ganga lærisveinar latínuskólans, lærimeyjar kvennaskólans, kannske líka nemendur á stýrimannaskólanum og verzlunarskólanum, þroskuðustu börnin í barnaskólunum, að minnsta kosti 2 efstu bekkirnir, og svo sjálfsagt ýms börn hjer í höfuðstaðnum, heldri manna börnin sjálfsagt, sem einkum mundu verða látin nota þessa stofnun. Svo framarlega sem stjórnin ætlast til þessa, þá verð jeg að álíta, að nauðsynlegt sje að byggja stórt hús og hafa mikil áhöld. Þessar 4 þúsund kr. segja víst lítið til húsnæðis handa svo mörgum nemendum, máske á 3. hundrað manns. Svo þarf sjálfsagt að skipta kennslustarfinu á fleiri kennara, minnsta kosti 2 eða 3. Hvað viðvíkur þeim 1000 kr., sem ætlaðar eru manni til utanferðar, til að læra skólaiðnað, þá er hann fyrst ekki nema handa einum, og í öðrulagi kann jeg ekki við, að styrkja mann fyrst til þess síðan að taka við álitlegu embætti.

Þegar allt kemur til alls, þá hygg jeg að þessar tölur sjeu allt of lágar; en að vísu er það út af fyrir sig ekkert meginatriði, því sje hjer um virkilega gagnlegt og nauðsynlegt fyrirtæki að ræða, þá á ekki að horfa í fjeð. Annars held jeg að miklu nær væri að reyna að koma á fót kennaraskóla og verja þessu fje til hans, og kæmi h. 2. þingm. K.-G. (J. Þ.) með frumv. um

það, þá skyldi jeg fagna því meir en þessu. Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar um hina aðra töluliði. Út af styrkveitingunni til frú Torfh. Holm hef jeg það að segja, að jeg álít að hún með skáldsögunni »Brynjólfur Sveinsson« hafi gjört svo mikið og viðurkenningarvert starf, að rjett sje að hlynna að þessari fyrstu skáldkonu, sem við höfum; jeg gef henni því atkvæði mitt, úr því þessar styrkveitingar annars eiga sjer stað, en bezt kynni jeg við, að svo væri eigi. Hvað skáldið Matth. Jochumsson snertir, þá verð jeg að segja, að sá maður á viðurkenning sem skáld skylda, og að handa þeim manni, sem kveðið hefur kvæðið »Hallgrímur Pjetursson«, handa þeim manni, sem hefur ort sálminn »Fyrst boðar guð sitt blessað náðarorð«, handa þeim manni eru 1000 krón. sannarlega allt of lítið, móts við það sem hann verðskuldar.

Þá er styrkveitingin til Nickolíns. Það hagar einu sinni svo til hjer á landi, að læknar geta ekki eingöngu lifað af sinni »praxis«, eins og í útlöndum. Tannpína er hjer almenn og fer óðum í vöxt; væri hann ekki, þá yrði líklega að styrkja mann til að sigla til að læra tannlækningar. Allar tannlækningar eru dýrar og því draga flestir í lengstu lög, sem eðlilegt er, að leita sjer lækninga; afleiðingin er sú, að sá, sem þessa atvinnu stundar, hefir lítið upp úr henni.

Jeg held að það yrði ekki vel þakkað, ef við látum Nickolín fara burtu, og það er ekkert ósanngjarnara að styrkja hann heldur en hvern annan »praktíserandi« lækni. Menn ættu ekki að gjöra þessar styrkveitingar að neinu kappsmáli, en jeg verð að segja, að mjer finnst nefndin víðast hafa ratað rjettan veg.

Benidikt Sveinsson: Jeg hef ekki

lengt umræðurnar í þessu máli; það eru sjerstaklega tillögur hins h. framsögum. (Sk. Th.), sem hvöttu mig til að taka til máls.

H. framsögum. (Sk. Th.) lýsti því yfir, að nefndin eigi hefði sjeð sjer fært, að taka til greina breyt.till. mína við 13. gr. B. IV. b., og því til stuðnings tók hann fram 2 ástæður: 1., að það væri óvíst, hversu Möðruvallaskólanum yrði lengi haldið þar við, og all-líklegt, að hann yrði fluttur á Akureyri; 2., að húsið auk þess væri svo hrörlegt, að mikið spursmál væri, hvort það þrifist eða eigi. Jeg fæ ekki sjeð, hvernig h. framsögum. (Sk. Th.) álítur það heppilegra, að skólinn sje fluttur á Akureyri; jeg get ekki, sem fulltrúi Eyfirðinga, sem fulltrúi landsins, gengið inn á, að skólinn sje betur settur á Akureyri en Möðruvöllum, nje heldur, að þýðing hans sje meiri þar, en þar sem hann er nú settur, á beztu jörð og stórbýli, þar sem piltum ætti að geta gefizt kostur á, að neyta hinnar góðu og hollu sveitafæðu. Jeg get ekki sjeð, að sje skólinn fluttur til Akureyrar, að hann í einu nje neinu mundi eiga glæsilegri framtíð fyrir höndum, en þar sem hann nú er, á Möðruvöllum. Eða skyldi gnægt af afurðum af jörðinni sjálfri, sem ætti að geta verið í fullum mæli fyrir hendi, nemendunum til viðurværis, á Möðruvöllum, ef stórbýli þetta væri setið eins og því hæfir, vera miður til þess fallin, en mölin á Akureyri, að mennta unga menn fyrir góða og gilda borgarastjett á Íslandi? Jeg held því fast fram, að hið heppilegasta og bezta fyrirkomulag við gagnfræðaskóla hjer á landi sje einmitt það, að sameinuð sje sem mest bókfræðsla, þekkingin og menntunin, sem skólinn veitir, við starfa, sem bundinn sje við landið sjálft, og við þess hæfi. Jeg verð því að vera allsendis á móti því, að nokkur h. þingmanna láti já-yrði sitt í tje í þá átt, að skólinn sje fluttur að Akureyri, því það er hin mesta fjarstæða og pólitisk vanhyggja.

Viðvíkjandi hinni annari ástæðu h. framsögum. (Sk. Th.), að húsið á Möðruvöllum sje orðið svo hrörlegt, og í viði þess sje kominn svo skæður sjúkdómur, að gjöra megi ráð fyrir, að það verði ef til vill innan skamms með öllu óbyggilegt, þá get jeg ekki minnzt þess, að jeg hafi nokkurn tíma áður heyrt talað um slíkan trjáviðarsjúkdóm hjer á landi (sveppa eða svampa eða hvað menn kalla það), nema í alls einu húsi í Hafnarfirði; en jeg get glatt h. framsögum. (Sk. Th.) með því, að skólastjórinn á Möðruvöllum hefur þegar látið tvo valda smiði frá Akureyri, Snorra timburmann og Jón Stefánsson, skoða og rannsaka húsið nákvæmlega, og kom það þá í ljós, að þessi trjásjúkdómur var að eins kominn í gólfið á 2 herbergjum — að eins 2 herbergjum —, og hafa þessir hinir sömu tveir menn nú þegar læknað þetta sár og gjört húsið þannig jafngott. Þessi ástæða h. framsögum. (Sk. Th.) fellur þá algjörlega um sjálfa sig, og skal jeg því ekki fara um hana frekari orðum, en snúa mjer til málefnisins sjálfs.

Eins og sjest á bónarbrjefi skólastjórans á Möðruvöllum, er ábúandi skyldur að veita námssveinum fæði og þjónustu, en allir sjá, að í litlum og hrörlegum torfbæ, þá verður það með öllu ómögulegt að láta slíkt í tje, og þegar maður gengur út frá þessu sem gefnu, hlýtur eptir hlutarins eðli bein skylda að hvíla á þinginu, til þess að ráða bót á þessu, og það verður ekki gjört á annan hátt en þann, að það hlutist til um, að landssjóður annaðhvort byggi sæmilegt hús á jörðinni í staðinn fyrir hinn fallna moldarbæ, eða þá kaupi hús það, sem nú er á boðstólum. Jeg álít þeim pen-

ingum alls eigi fleygt í sjóinn, sem varið er til að varðveita nytsama—jeg vil segja úr því sem komið er ómissandi — stofnun, frá eyðileggingu.

Jeg vil taka það fram, að þingið hefir með því að stofna þenna skóla, fyrir fram skuldbundið sig til, að leggja það fje fram, sem reynist nauðsynlegt til þess, að skólinn geti haldið áfram starfi sínu, og náð tilgangi sínum í fullum mæli. Þingið hefur sem menn kalla á útlendu máli: »voteret Foretagendet«, og það tjáir því ekki að vilja umflýja nauðsynina; þingið getur með öðrum orðum ekki verið þekkt fyrir annað, en að kaupa hús þetta hæfilegu verði, nema það sjái önnur betri ráð til þess, að sjá stofnun þessari borgið.

Jeg hef komið fram með aðra breyt. till., sem er getið undir nr. 90 á atkv.-skránni, og vil jeg leyfa mjer að biðja h. forseta að bera hana upp á undan nr. 85, eða á eptir 44 — — 12 í nefndarálitinu.

Viðvíkjandi þessari breyt.till., sem fer fram á ferðastyrk til Ásgeirs læknis Blöndals, þá hefur h. þingm. N.-Þing. (J. J.) tekið af mjer ómakið að tala fyrir henni, því jeg get með góðri samvizku skrifað undir hvert orð, sem hann talaði um verðleika beiðandans. Þó vil jeg enn taka fátt eitt fram í þessu tilliti. Það er öllum kunnugt, að þessir læknir hefur þjónað embættum í hinum erfiðustu læknisumdæmum landsins, nefnil. Skaptafellssýslu og Þingeyjarsýslu, og þori jeg að ábyrgjast, að þótt maður gengi fyrir hvers manns dyr í þessum hjeruðum, þá mundu hvervetna vera lokið lofsorði á hann, og þó mest hjá hinum sjúku og nauðlíðandi.

Í öðru lagi get jeg vottað það, að hann er næsta fátækur maður, að jeg ætla mest fyrir hjálpsemi, umlíðunarsemi og meðalagjafir til fátækra, sem eigi hafa getað keypt læknismeðul, og auk þess hefur hann varið stórfje, eptir sínum efnahag, til að kaupa verkfæri og vísindaleg rit, sem hann les allar stundir, sem hann getur misst frá sínum örðugu embættisstörfum. Í einu orði sagt, hann ver hverri stundu til annaðhvort að hjálpa sjúkum eður nema þá list að lækna þá. Honum er starf þetta svo ástfólgið og hann leggur þá framúrskarandi alúð við það, að hann ver öllum tómstundum til þess að mennta sig og fylgjast með tímanum, og komi maður í öðrum erindagjörðum til hans, en þeim, sem snerta embætti hans, er það gjarnan viðkvæði hans, að hann geti ekki sinnt því. Jeg hef fengið, segir hann þá, það og það vísindalegt rit með póstinum, sem jeg verð endilega að lesa. Það eru hrein vandræði, að fá slíkan mann til þess, að slá slöku við embættisskyldu sína og vísindalegan áhuga!

Það er alveg satt, sem h. þingm. N.-Þing. (J. J.) sagði, að þetta mál var lagt fyrir sýslunefndir Þingeyjarsýslna og lögðu þær báðar eindregið með beiðni hans, en hann hefur af eintómri kurteisi látið það ógjört, að senda þau meðmæli til þingsins. Þessi maður hefur enn fremur skuldbundið sig til að fá vottorð frá áreiðanlegum læknum um það, að hann hafi varið styrknum vel, og meira að segja, þá lofar hann að borga hann aptur, ef það yrði svo álitið, að hann ekki hefði gjört það; og það er þetta, sem jeg verð að leggja mesta áherzluna á, því í þessu atriði liggur það bersýnilega, að þessi styrkur verður að skoðast eins vel sem lán, og verð jeg þá að segja, að það væri heldur dauft, ef þingd. eigi einu sinni vildi rjetta slíka hjálparhönd einhverjum hinum nýtasta og samvizkusamasta embættismanni landsins, í vísindalegar þarfir.

Jeg hefi að vísu í höndum skjal, þar

sem einn h. ungur Íslendingur hefur farið fram á að fá styrk til að fræðast og menntast í læknisfræði, og þessum manni hefur h. fjárlaganefnd verið meðmælt, en það er eðlilegt, að hún hefur eigi mælt með styrk til Ásgeirs Blöndals, af því bónarbrjef hans var eigi komið til hennar í tíma, en jeg efast eigi um, að h. nefnd mundi hafa verið honum meðmælt, hefði hænarskrá hans legið fyrir henni jafnhliða, já, jeg er sannfærður um, að hún meira að segja hefði látið Ásgeir Blöndal sitja í fyrirrúmi, því hjer er sá munur á, að þegar maður í er embættí, þá veit maður þó, að hann kemur aptur, en hinn segir að eins í bónarbrjefi sínu um þetta mikilsverða atriði: »ef kringumstæðurnar leyfa mjer, þá kem jeg aptur til Íslands«. En með þessu er það að eins gefið í skyn sem mögulegt, en alls engu lofað. Hitt er víst, að Blöndals ferð verður Íslandi að notum, ef honum endist aldur til. Og »ceteris paribus« (að öllu öðru jöfnu), þá hygg jeg, að sá sem hefur verið læknir á Íslandi í fleiri ár, geti orðið Íslendingum að meiri notum en sá, sem aldrei hefur verið hjer læknir og þekkir eigi íslenzka sjúkdóma. Ef jeg sjálfur ætti að fara erlendis nú í slíkum erindum, þá ætla jeg að jeg hefði nokkrum mun meira gagn af því en ef jeg hefði farið það ungur og alls óreyndur. Jeg vil því skjóta þessu máli til skynsemi og hjartagæzku þingmanna, og bið þá að minnast þess, að hjer ræðir í rauninni eigi um annað en lán, og skyldi fyrirtækið misheppnast á þann hátt, sem beiðandanum væri tilreiknanlegur, og þar að auki að beiðandinn verður að leggja mikið fje úr eigin vasa, því þessar 1500 kr. eru auðsjáanlega allt of lítið fje til fararinnar.

Áður en jeg sezt niður, er það eitt atriði, sem jeg enn vildi minnast á; það er skólaiðnaðurinn. Jeg get eigi neitað því, að mjer þykir mál það mjög svo ísjárvert frá formlegri hlið: að fara að kaupa áhöld til skóla, sem eigi er til, að fara að byggja skólahús fyrir skóla, sem eigi er til o. s. frv., það virðist mjer nokkuð hjákátlegt. Það gæti dregið dilk á eptir sjer, ef þetta yrði samþykkt, að minnsta kosti mundi stjórnin þá ekki »conseqvent« geta neitað því, að smeygja mætti t. a. m. lagaskólanum eða háskólanum inn í fjárlögin á þenna sama hátt.

En jeg get alls eigi fylgt með þeim á hinn bóginn, sem fordæma mál þetta frá rótum. Jeg álít að það hafi í sjer fólgin gullkorn, þau gullkorn, að skólaiðnaðurinn geti orðið til þess, að kenna landsmönnum að virða og elska vinnuna. Og sannarlega er það svo, að hin bókfræðislega þekkingarlöngun hjá oss er orðin allt of mikil í samanburði við vinnulöngunina, og sannarlega er það svo, að jeg kysi heldur, að hin íslenzka þjóð yrði vinnuþjóð en bóknámsþjóð, að hún heldur yrði sívinnandi og sístarfandi þjóð, en sílesandi þjóð. Það er allt svo hið dýrmæta gullkornið í skólaiðnaðinum, ef hann gæti orðið til þess, að koma eðlilegu jafnvægi millum líkamlegrar vinnu og starfssemi og bóklegrar þekkingar hjer á landi, ef hann sem sagt gæti kennt hinni íslenzku þjóð, að meta og elska vinnuna, og í því trausti, að laga megi málið í þessa stefnu, greiði jeg óhikað atkvæði með því til 3. umr.

Jeg legg eigi mikla áherzlu á skarpar »definitionir» á skólaiðnaði. Það getur verið í borgum erlendis, að það eigi ekki við að sameina svonefna »husflid« og skólaiðnað, en auk þess að mjer er ekki ljóst, að þessi aðgreining sje byggð á öðru en hreinum misskilningi,

Þá er auðsætt, að vjer getum hagað þessu máli alveg eptir þörfum og högum lands vors, án þess að binda oss við kreddur annara landa, og að minnsta kosti get jeg ekki sjeð, hvaða niðrun það ætti að vera fyrir embættismannsefni, að vera sem menn segja lagtækur maður, og geta búið til meðal annars, amboð og búsgögn af ýmsu tagi.

Jeg skal svo eigi segja meira, heldur setjast niður og steinþegja, þó aðrir h. þm. fjölyrði um fjárlögin.

Páll Briem: Jeg hjelt, að h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) tæki til máls á undan mjer.

Það var sjer í lagi um þessar 11,400 kr. til skólaiðnaðar, sem jeg ætlaði að tala.

Hæstv. landsh. beindi því víst að mjer, að stjórnin hefði eigi haft neinn vissan mann fyrir augum sem kennara; en þetta álít jeg að hún vel hefði getað haft. Í útlöndum er það opt, að stofnað er sjerstakt embætti, ef völ er á góðum manni. Og jeg get nefnt manninn. Á alþingi 1883 var farið fram á, að stofnað yrði embætti í Flensborg, og 1889 sömuleiðis, og nú talar maður varla svo við mann, að eigi sje sagt, að skólastjórinn í Flensborg eigi að verða kennari í skólaiðnaði. Sá maður hefir sýnt mikinn dugnað af sjer í menntamálum vorum, og jeg get ekki sjeð neitt undarlegt í því, þótt hann verði látinn sæta betri kjörum, en hann á nú við að búa. Þótt hæstv. landsh. segði, að jeg hefði blandað saman heimilisiðnaði og skólaiðnaði, þá er það alls eigi rjett; þessi stúlka, sem jeg talaði um, hefir einmitt verið á »sløid«-skóla, og hlutir þeir, sem jeg lýsti, voru »sløid«-hlutir. Jeg sagði, að mjer hefðu helzt virzt þeir vera eldhúsgögn í kaupstöðum, en jeg verð að játa, að marga af þeim þekkti jeg alls ekki. En þar sem menn eru á reiki með, hvað »sløid« er, þá sýnist mjer varasamt að hlaupa út í að stofna þennan skóla. Jeg vildi gjarnan vera með til þess að veita einhvern styrk til kennslu í skólaiðnaði, en að stofna þennan »sløid«-skóla, þykir mjer of mikið í ráðizt og er því alveg mótfallinn. Enn fremur má geta þess, að kennarastaðan við hann verður mjög svo ótrygg, því ef meiri hlutinn á þingi næst verður á móti þessum skólaiðnaði og fellir hann, þá stendur sá eptir atvinnulaus, sem hefir haft kennsluna á hendi. Kostnaðurinn álít jeg einnig að sje áætlaður of lítill, en jeg skal eigi fjölyrða frekar um þetta atriði.

Jeg vil minnast á orð 1. þm. Árn. (Þ. G.), þar sem hann talaði um bókasafnið í Stykkishólmi. Jeg er viss um, að hann hefir ekki haft rjettar sagnir af því; jeg veit raunar eigi um, hvernig það hefir verið fyr á tímum, en í fyrra var það í góðu lagi og bækur flestar í vænu bandi, og, eptir útliti bókasafnsins að dæma, var það meir notað en landsbókasafnið hjer í Reyjavík. Jeg sje því enga ástæðu fyrir fjárlaganefndina til að kippa af þessum styrk, sem það hefir haft, og ætti að taka hann af, af því eigi hefði verið send skýrsla, þá væri eins ástæða til að taka hann af landsbókasafninu.

Jón Þórarinsson: Jeg hafði eigi ætlað mjer að taka til máls við þessa umr. fjárlaganna, heldur ætlaði jeg að vera í algjörðu orðabindindi í fjárlögunum, en framsögum. (Sk. Th.) fjárlaganefndarinnar skaut því til okkar, sem hefðum haldið vörnum uppi fyrir 13. gr. VII. í stj.frumv., að við mundum halda uppi svörum fyrir skólaiðnaðarmálinu, þar sem hann hefði verið einn á móti því þar.

Ef jeg ætti að rekja til róta allar ræður í þessu máli og sýna fram á allan þann misskilning og alla þá skekkju,

sem komið hefir fram í því ræðu-hrúgaldi, ef jeg mætti taka mjer í munn orð eins h. þm., þá mundi eigi þetta kveld endast til þess og eigi allur morgundagurinn, því að það þarf lengri tíma til að hrekja rangar setningar en að setja þær fram. Jeg ætla mjer eigi að fara að tala um, hvað »sløid« er; menn ættu að þekkja það af ræðum og ritum, sjerstaklega í blöðunum.

Sumir þingmenn halda því fram, að málið sje illa undirbúið; en það er sjaldan, að nokkurt mál hafi verið jafnreglulega og formlega undirbúið, og þetta, þegar inn í þingið hefir komið, þó þm. Skagf. (Ó. Br.) gjörði gys að því og segði að það væri borið fram af þremur stórveldum. Hvaðan átti málið fremur að koma en frá Kennarafjelaginu, sem hefir það fyrir mark og mið, eigi að eins að bæta þá kennslu og kennslustofnanir, sem eru, heldur einnig að styðja að því, að auka nýjum við, eptir því sem þörf krefur?

Þegar þessu máli var hreyft í Kennarafjelaginu, heyrðist engin rödd á móti; þegar málið var ýtarlega skýrt í »Ísafold« og uppástungunni um það tekið fegins hendi, bæði í því blaði og »Þjóðólfi«, þá heyrðist ekki ein rödd í gagnstæða átt; þvert á móti; og megi ganga út frá því sem sjálfsögðu, að skólaiðnaður hafi holl áhrif í öðrum löndum og bægi unglingum frá villugötum og innræti þeim virðing fyri líkamlegri vinnu og reglusemi, hví skyldi það þá ekki einnig vera hjer á landi? En það eru náttúrlega margir, sem eigi skilja, að skólaiðnaður geti haft þessi áhrif eða gjört mikið gagn, af því að þeim hefir ekki gefizt kostur á að kynna sjer hann; en það veitir þeim enga heimild til að fella áfellisdóm yfir honum, þó að þeir hvorki skilji gagnsemi hans nje þekki hann af eigin reynd.

Þá mótbáru, að málið sje ókunnugt meir en einum tíunda af landsmönnum, get jeg eigi lagt mikla áherzlu á. Öll mál eru einhvern tíma ný; þau verða einhvern tíma að vera borin upp í fyrsta skipti; og hvenær sem byrjað verður að kenna handvinnu í skólum hjer á landi, bæði körlum og konum, þá verður það nýmæli, sem öllum almenningi verður ókunnugt. Um það geta aptur á móti verið skiptar skoðanir, hvernig ætti að byrja þetta.

Það hefir verið sagt hjer í deildinni, að eitthvað sje ískyggilegt við það, hvernig þetta mál er komið fram. Hvernig er það að skilja?

Hið íslenzka Kennarafjelag samdi áætlun um kostnaðinn við að byrja skólaiðnað við latínuskólann, af því að það komst til þeirrar niðurstöðu, að happadrjúgast og bezt til framkvæmdar mundi það reynast, að láta embættismannaefnin ríða á vaðið; frá þeim, sem eru leiðtogar þjóðarinnar, má þess og vænta, að þessi handvinna breiðist mest og bezt út til þjóðarinnar. Þessa áætlun hefir stjórnin svo í öllu verulegu tekið til greina, og er mjer ómögulegt að sjá, hvað hneykslanlegt er í því.

Þó þetta mál sje nýtt hjer, þá er það þó yfir 300 ára gamalt. Það er meira en 300 ár, síðan menn fóru að hugsa um, hvernig kennsla í praktiskri þekkingu yrði sameinuð við bóklega þekkingu. Það er reyndar fyrst fyrir 20—30 árum, að menn eru farnir að nota skólaiðnaðinn almennt í þessu skyni, og þar sem 20—30 ára reynsla er fyrir gagnsmunum hans annarstaðar, einmitt í því formi og á þann hátt, sem hjer er gjört ráð fyrir, þá getur enginn sagt, að þetta sje nýmæli í heiminum. En það er nýtt fyrir þingmönnum, eins og jeg get vel skilið, því þeir hafa eigi tíma eða hentugleika til að fylgja með og setja sig inn í, hvað þess konar málum líður í útlöndum.

Skólaiðnaðurinn hefir 2 hliðar: aðra uppeldishliðina, sem þegar hefir verið drepið á, þau góðu og gagnlegu áhrif, sem hann hefir á siðferði unglinga og allan hugsunarhátt. Hin hliðin er meira út á við, ef svo mætti segja, miðar sjerstaklega til þess að gera unglinga hæfa til að gegna störfum lífsins, hver sem þau verða. Og að þessu leyti get jeg ekki betur sjeð en að skólaiðnaður sje eins nauðsynlegur hjer eins og annarsstaðar. Jeg verð að ætla, að skólaiðnaðurinn hafi heillavænleg áhrif, ef hann getur stemmt stigu fyrir því, að sá snefill af heimilisiðnaði, sem vjer höfum, hverfi með öllu. Engum dylst, að heimilisiðnaður er hjer á landi á mjög lágu stigi. Menn sitja auðum höndum, af því að unglingarnir hafa ekkert lært að gera í höndunum. Hversu skaðlegt það er fyrir unglinga að venjast ekki þegar starfsemi frá unga aldri, vita allir og viðurkenna; og hversu mikið tjón það er fyrir hverja þjóð, að sitja auðum höndum, í stað þess að brúka tímann til að vinna, getur hver maður skilið. En að skólaiðnaður hefir bætandi áhrif í þessa átt, er ekkert annað en bláber reynsla annara þjóða. Þetta sýnir sig t. d. hjá nágrannaþjóðum vorum, Norðmönnum og Svíum; þar er heimilisiðnaður á miklu hærra stigi en hjá Dönum, einmitt af því að þeir hafa um mörg ár kennt »slöid« í skólum sínum. Nú hafa Danir fyrir nokkrum árum tekið sjer röggsamlega fram í þessu efni, og því er mjer óskiljanlegt, hvernig þm. N.-Þing. (J. J.) getur sagt, að í Danmörku sje skólaiðnaður að eins kenndur á 2 skólum, og að þessir skólar sjeu eigi styrktir af opinberu fje. Þessu verð jeg að mótmæla, því eptir skýrslum, sem jeg hef frá síðasta ári, var heimilisiðnaður kenndur á 65 skólum í Danmörku.

Jeg furða mig á því, að þeir 6—7 þm., sem nú hafa mælt svo fast á móti skólaiðnaðinum, skuli eigi hafa gert það fyr. Þetta spursmál hefir ritstjóri »Ísafoldar«, eins og jeg tók áðan fram, skrifað allmikið um, og h. þm. gafst nægur tími og tækifæri til að taka til máls í blöðunum; en það hafa þeir ekki gert. «Þjóðólfur« hefir einnig tekið vel undir málið, svo þingmenn gátu búizt við að það kæmi fyrir á þessu þingi. *(Margir:* Nei). Jeg get eigi skilið, að h. þm. hafi haldið, að þeir, sem rætt hafa og ritað um þetta mikilsvarðandi mál, hafi verið að því að eins að gamni sínu, án þess að hafa jafnframt í huga, að reyna að koma því til framkvæmda. Nei, hvorki þegar um er að ræða uppeldis- eða kennslumál, megum vjer tala í gamni eða alvöruleysi; vjer megum ekki sitja hjá og horfa á framsókn annara þjóða, heldur taka einarðan þátt í framsókninni; annars drögumst vjer meira og meira aptur úr.

Fundartíminn leyfir mjer eigi að tala lengi, enda þótt jeg vildi gjarnan hafa skýrt afstöðu þessa máls við þarfir vorar og rakið eptir mætti þau áhrif, sem vænta má að þessi nýja stefna í uppeldi, sjerstaklega embættismannalýðsins, hafi fyrir þjóðfjelagið í heild sinni.

1. þm. Árn. (Þ. G.) leyfði sjer að kalla skólahandvinnu »fitl«, sem enginn hefði gagn af, þegar hann kæmi út í lífið. Jeg veit eigi, hvað h. þm. meinar, þegar hann nefnir »lífið«; en þó að þúfnasljettun eða eitthvað því um líkt kynni að vaka fyrir þm., þó að »lífið« sje tekið bókstaflega í þeirri merkingu, þá getur þm. verið viss um, að uppeldis-

iðnaðurinn kemur að góðum notum. Jeg ætla mjer eigi að fara að rekja allt það, sem h. þm. Dal. (J. P.) sagði. Það er að eins eitt, sem jeg vildi minnast á. Hann áleit það, sem í stjórnarfrv. er áætlað til húsabyggingar, langt of lítið, en jeg held að til grundvallar fyrir þessu áliti hans liggi misskilningur. Þegar eigi er kennt fleirum í einu en svo sem 30, þá mundi húsrúm vera nægilegt, þó eigi sje meiru til þess kostað; en ef ætti að kenna öllum piltum latínuskólans í einu, þá getur maður skilið, að húsrúmið yrði of lítið. Jeg veit eigi, hvað jeg á að segja um orð h. þm. Snæf. (P. Br.); en jeg verð að kalla það ósæmilegt af honum, að blanda persónum inn í hvert einasta mál. *(Páll Briem:* Það gera allir). Jeg ætla eigi að fara að þrátta við þingmanninn, því hann hefir sýnt það, að hann kann eigi að stjórna tilfinningum sínum og tungu, heldur vil jeg bíða þess tækifæris, að mjer gefist kostur á að svara honum á þann hátt, sem mjer þykir bezt við eiga.

Það er eitt atriði, sem jeg vildi minnast á. Þingmenn hafa verið að slengja þessu máli saman við kennaraskóla og sagt, að það lægi mikið nær að stofna kennaraskóla. Seinastur mun jeg verða til að neita því, að kennaraskóli sje eitt af vorum fyrstu lífsskilyrðum. En um hitt má auðvitað lengi deila, hvað þingið eigi fyrst að gera af mörgu nauðsynlegu. Fyrir 4 árum flutti jeg frv. hjer á þingi um skipulag alþýðumenntunarmála, og var í því frv. gert ráð fyrir, að mennta alþýðukennara á 2 skólum, sem áður voru báðir til og eru enn. En hvað skeði? Þingið felldi frv., og það sjerstaklega af þeirri ástæðu, að kennaraskólarnir væru óþarfir, og menn ljetu þá uppi, að gagnfræðaskólarnir veittu kennurum nægan undirbúnig undir starf sitt. Þá var sjerstök kennaramenntun óþörf. Nú lítur svo út. sem h. þm. sje snúinn hugur. Jeg álít enn kennaraskóla lífsnauðsynlegan, en hann kostar sem sjerstakur skóli mikið fje. Hjer er ekki farið fram á að stofna sjerstakan skóla með lögum, heldur einungis gert ráð fyrir fjárframlögum á fjárlögum til að koma á fót kennslu í skólaiðnaði.

Kennaraskólamálið er eigi tími til að ræða hjer, en jeg flutti um það þingsályktunartill., sem jeg vildi óska, að hefði góðan árangur. Lengra þorði jeg ekki að fara á þessu þingi, vegna þeirra undirtekta, sem það mál hefir fengið á þingi hingað til. Tillagan fer fram á að gera að minni meiningu heppilega tilraun með sárlitlum kostnaði. Þessa byrjun má una við næsta fjárhagstímabil, og treysti jeg því, að þá verði svo sterkur áhugi vaknaður á því máli, að ekki verði horft í, að leggja meira í sölurnar.

Indriði Einarsson: H. 1. þm. Eyf. (B. Sv.) tók það fram, að sig hefði furðað á því, að fjárlaganefndin hefði ekki tekið til greina það, sem tilfært er í breyt.till. undir 55. tölul. á atkvæðaskránni. Jeg held það hafi ráðið, að minnsta kosti hjá sumum nefndarmönnum, að þeim hafi þótt upphæðin nokkuð há, og þó einkum það, að þeir álitu hana þess eðlis, að hún ætti að koma frá landsstjórninni.

Það hefir verið talað svo mikið og margt um skólaiðnað, að jeg hef fáu við að bæta. H. þm. Dal. (J. P.) tók fram ýmislegt móti honum, og því sem jeg hafði talað um hann. Hann spurði, hvers vegna ekki hefði komið fram sjerstakt frv. um stofnun þessa skóla. Jeg sje í engu verra, að þetta sje þann-

ig upp borið, því að þessum gjaldalið má þá kippa af fjárlögunum, hve nær sem vill. En ef sjerstök lög hefðu verið gefin um slöid-kennslu, þá gat verið efasamt, hvort konungur hefði samþykkt lög um að afnema þessa kennslu, þótt þingið vildi gera það.

Þar sem h. þm. (J. P.) sagði, að allir gætu tekið þátt í fimleikanáminu, þá getur það verið, að í sumum hlutum þess geti flestir tekið þátt. En eins og menn vita er það alsiða, að margir fá sig undan þegna því með læknisvottorði, að taka þátt í þessu námi, enda er sumt svo mikil áreynsla, t. d. að stökkva yfir hestinn, að ekki er hættandi á það fyrir heilsulitla, t. d. brjóstveika, unglinga. Það sem jeg talaði um riflakaup í dag, þá var það mín meining, að það mundi vel við eiga, að skotæfingar væru við hafðar hjer í skólanum, eins og tíðkast í skólum erlendis,— og með því mundi jeg hafa greitt atkvæði. Jeg hugsaði að jeg stæði einn uppi með þessa skoðun; það gladdi mig að heyra, að h. þm. Árn. (Þ. G.) var mjer samdóma. Hann sagðist efast um, að allir latínuskólasveinar gætu tekið þátt í sundnáminu við laugarnar. Þetta gæti og verið efamál. En þar sem stiptsyfirvöldin vilja gera sundnámið að skyldu, þá má búast við að þau sjái um, að kennslunni í latínuskólanum sje svo hagað, að piltum geti gefizt kostur á að nema sundið bóknámsins vegna, enda sóttu þeir vel sundið í vor sem leið.

Hjer er lítill liður, sem jeg þori ekki að ganga fram hjá. Fjárlaganefndin hefir stungið upp á því, að 500 kr. sje varið til að gera við sundlaugina við Laugarnes. Botninn í henni er svo ótryggur, að hjer um árið drukknaði maður þar, af því að hann festist í botnþnum. Auk þess er næsta torvelt að kenna sund í gruggugu vatni; í því er ómögulegt að kenna að kafa; til að kafa þurfa menn að fara með opin augun ofan í vatnið. Þessi viðgerð á að miða til þess að gera botninn öruggan, og jeg skal geta þess, að þessar 500 kr. munu ekki einu sinni nægja til þess; til þess þarf líklegast 2000 kr.

H. þm. Árn. (Þ. G.) fór fáum kurteisum orðum um það, að hann mundi ekki greiða atkvæði með þessum 300 kr. styrk til stórstúku Íslands. Jeg get skilið það, að hann sje tregur til þess, vegna sparnaðarskoðana sinna. En jeg skal leyfa mjer að skýra frá, hvað kom stúkunni til að sækja um styrk þennan; það var það, að hjer eru allar ferðir svo dýrar, að stúkunni er of vaxið að kosta þær nokkuð svipað því sem þyrfti. Fjelagsmenn eru fátækir, og það sem gert er af stúkunnar hálfu til að útbreiða bindindi, er gert með privatsamskotum. Stúkan álítur, að geti hún fengið styrk þennan, muni hún fá töluverðu afkastað. Hún ætlar að verja styrknum sumpart til þess að senda menn út til að halda fyrirlestra og stofna nýjar deidir, og sumpart til þess að gefa út bindindisrit.

Jeg skal bæta því við það, sem h. 1. þm. Ísf. (S. St.) sagði um tannlækni Nickolin, að þótt hann sje hjer útlendingur, og eigi hjer enga ættingja, þá á hann hjer þó marga kunningja, það er að segja alla þá, sem til hans hafa leitað og fengið hafa hjálp hjá honum, eða búast við að þurfa þess, og það er af hvötum þessara manna, að hann hefir sótt um styrkinn; þeir sem hann þekkja, vilja ekki missa hann, og þeim mundi þykja það illa farið, fengi hann ekki þennan litla styrk.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Fyrir hönd fjárlaganefndarinnar get jeg

verið þakklátur hæstv. lands. og h. þingdm. fyrir undirtektir þær, sem meðferð nefndarinnar á þessum kafla fjárlaganna hefir fengið. Væri nefndin hörundsár, mætti hún segja, að þessi dagur hefði verið sjer mun gleðilegri, en dagurinn í gær; en þó mundi meiri hluta fjárlaganefndarinnar hafa verið ljúfara, ef hún hefði notið að meira fylgis í gufuskipsmálinu í gær, þó að hún hefði þá orðið að sætta sig við, að ögn meira hóf hefði verið á þakklætinu í dag. En það er þó eitt atriði, sem miklar umræður hafa spunnizt út af, og sem nefndin hefir hlotið lítið lof fyrir, en það er um skólaiðnaðinn; þó geta þessar ákúrur að vísu ekki náð til mín, því að, eins og h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) tók fram, greiddi jeg í fjárlaganefndinni ásamt öðrum nefndarmanni, atkvæði á móti útgjöldunum til skólaiðnaðarins; jeg skal þó gagnvart ummælum 2. þm. Eyf. (B. Sv.) taka það fram, að jeg engan veginn greiddi svo atkvæði formsins vegna, því að jeg fæ ekki sjeð, hvað vjer Íslendingar ættum að hafa á móti málinu frá þeirri hlið; þvert á móti, fyrst stjórnin hefir farið þessa leið, þá hefir hún með því bent þinginu á, hvaða leið það ætti að fara, ef oss t. d. skyldi hugkvæmast, að vilja nú loks koma hjer upp lagaskóla, sem stjórnin hefir verið liðlegust við; það, sem einum er leyfilegt í þessu efni, hlýtur og öðrum að vera heimilt, og óvandur er eptirleikurinn. En úr því að jeg minntist á, að jeg hefði greitt atkvæði móti skólaiðnaði, þá skal jeg geta þess, að það vakti fyrir mjer, að þótt jeg í sjálfu sjer játi skólaiðnað þarflegan, þá þótti mjer upphæðin í stjórnarfrumv. helzt til há. Jeg vakti máls á því í nefndinni, hvort ekki mundi heppilegra að fara aðra kostnaðarminni leið, t. d. að veita einhverjum af kennurunum við latínuskólann styrk til utanferðar, til þess að nema skólaiðnað, og veita honum síðan einhverja litla árlega þóknun fyrir að kenna hann við latínuskólann. Á þennan hátt hefði verið hægt að afla sjer kostnaðarlítillar reynslu í þessu efni. Jeg óttaðist og, að svo gæti farið, að þessi skólastofnun yrði landinu töluvert dýrari en áætlað er; jeg er hræddur um, að kostnaðurinn við hússbygginguna gæti auðveldlega farið fram úr 4000 kr., enda er sú upphæð að eins áætlun; síðan kynnu að koma fram bænir um meiri og meiri fjárframlög; sje það meiningin að kenna skuli öllum lærisveinum latínuskólans o. fl. á skóla þessum, þá er hætt við, að bráðum þætti þurfa að auka við nýjum kennara, og þá gæti nú kostnaðurinn farið að aukast að mun. En sem sagt, mínir h. meðnefndarmenn voru á annari skoðun; jeg lýsti því þá yfir, að jeg myndi greiða atkvæði gegn þessum útgjaldalið.

Það hefir þegar verið rætt um styrkinn til kvennaskólanna og breyt.till. þær, sem komið hafa fram um hann. Jeg get tekið undir hinar almennu athugasemdir h. þm. Snæf. (P. Br.) og h. 1. þm. Ísf. (S. St.) um þetta mál. Mín skoðun í fjárlaganefndinni var sú, að rjett væri að styrkja kvennaskólana enn meir, en meiri hluti nefndarinnar vildi; jeg get því ekki gefið h. 1. þm. Ísf. (S. St.) vissa von um, að fjárlaganefndin komi með tillögu um að hækka styrkinn. En jeg hef hugsað um að samlaga mig við h. þm. (S. St.) og fleiri h. þm. um að koma með breyt.-till. til 3. umr. Því að ef skólinn á Ytri-Ey fær þá hæstu upphæð, sem farið er fram á, þá ættu hinir skólarnir líka að fá meira, en þeim er nú ætlað; og þótt jeg játi það með h. þm. Snæf. (P. Br.), að tillit eigi að taka til álits skólanna og verðleika, þá virðist mjer

það nokkuð hart, að hinir skólarnir fá helmingi minna en skólinn á Ytri-Ey. Jeg vona því, að h. þm. (P. Br.) verði því hlynntur, að nokkuð sje hækkað við þá.

Um styrkinn til sundkennslunnar hafa ekki mikil mótmæli komið, nema helzt frá þm. Mýr. (Á. J.); hann talaði um, að engar óskir um þann styrk hefðu komið frá landsmönnum. En nefndin áleit sig ekki eingöngu bundna við óskir landsmanna, heldur yrði hún líka að fara eptir sannfæring sinni um það, hvað fyrir beztu væri. Það er kunnugt, að töluverður áhugi er vaknaður og töluverð viðleitni á að útbreiða sundkennslu í ýmsum hjeruðum landsins; þessari vitleitni áleit nefndin rjett að mæta á miðri leið og styrkja hana.

H. þm. (Á. J.) hreyfði einnig mótmælum gegn þessum litla styrk til verzlunarskólans; hann sagði, að skólinn stæði ekki á föstum fæti, en í öðru orðinu sagði hann þó, að auðmenn stæðu á bak við hann. Jeg skal ekkert segja um það, en hjer er um lofsverða framtakssemi að ræða, sem þess er verð, að hún sje styrkt. Mjer hefir stundum blöskrað að sjá suma þessa búðardrengi uppþemda af hroka, kunnandi þó varla annað en 4 species í reikningi, og dálítið að babla afbakaða dönsku, — mjer hefir blöskrað að sjá þá koma fram með þótta og mikilmennsku gagnvart heiðvirðum bændum; en einmitt þetta mundi lagast að góðum mun við menntunina; menntunin gerir menn kurteisari, og kurteisin er kostur, sem kemur sjer vel gagnvart viðskiptamönnunum. Yfir höfuð er það áríðandi, að reyna að koma upp verzlunarstjett vorri og mennta hana; það mun að minni hyggju borga sig margfaldlega; þá munum vjer fá nýtari og betri verzlunarsjett, en vjer eigum nú.

H. þm. Árn. (Þ. G.) hreyfði mótmælum móti styrknum til Torfhildar Holm, og kvaðst ekki mundi greiða atkvæði með honum. Mjer þótti þetta ekki riddaraleg yfirlýsing frá h. þm. Mjer datt í hug grein í blaði í vetur, þar sem kona ein ávarpaði hann út af grein hans um lyngkranzana; mjer fannst h. þm. (Þ. G.) satt að segja ekki heldur fara rjett riddaralega, þegar hann svaraði konu þessari, og hafði í heitingum að koma henni í tukthúsið, ef hún rifi sjer lyngbríslu í landi hans. En jeg vona, að það sýni sig, að öðrum farist drengilegar við atkvæðagreiðsluna um þennan styrk, en h. þm. (Þ. G.). Jeg skal ekki dæma um »æsthetiska« þýðingu ritverka frú Torfhildar Holm, en jeg dáist að þeirri »energi«, sem þessi fátæka kona hefir sýnt, og það er allrar virðingar og viðurkenningar vert.

Jeg er þakklátur ýmsum h. þingdm., einkum 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) og þm. Vestm. (I. E.) fyrir það, hve vel og hlýlega þeir hafa tekið undir tillögu fjárlaganefndarinnar, að veita sjera Matthíasi Jochumssyni skáldlaun. Jeg held, ef þessi tillaga kemst fram, sem jeg vona, að óhætt sje að segja, að hún muni verða þinginu til sóma, og fáir hjer á landi muni verða til að telja þeim peningum illa varið, sem sjera Matthías fær í viðurkenningarskyni fyrir hin ágætu skáldrit sín.

Mjer þóttu nokkuð hörð ummæli h. 1. þm. Ísf. (S. St.) til nefndarinnar, að hún hefði klipið af styrknum til Sigurðar Vigfússonar. Hún tók þó til greina beiðni hans, þótt hún gjörði það ekki að öllu leyti. Það má ekki ætlið eingöngu fara eptir því, hvað beðið er um; það verður líka að taka tillit til hins, hvað hæfilegt sje að veita.

Sumir hafa verið á móti styrkveitingunni til náttúrufræðisfjelagsins, og h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) og þm. Rangv.

(Ól. Ól.) hafa vítnað í skýrslu, sem nýlega birtist í einu blaði hjer í bænum, þar sem skýrt er frá aðalfundi þess; jeg skal játa það, að þessi skýrsla er nokkuð undarlega stílsett; en jeg vona að h. þm. Rvík. (J. J.) geti gefið þingdeildinni fullnægjandi upplýsingar um fjelagið, því að hann mun vera einn í stjórn þess.

Viðvíkjandi þeirri tillögu fjárlaganefndarinnar, að í staðinn fyrir »til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi« komi: »til amtsbókasafnsins í vesturamtinu«, líkuðu mjer ummæli h. 1. þm. Árn. (Þ. G.). Jeg held, að þótt h. þm. Snæf. (P. Br.) hafi verið kunnugur safninu fyrir nokkrum árum, þá sje hann það ekki nú. Jeg átti nýlega tal við mann, sem kynnti sjer safnið í vor, og sagði hann mjer, að það væri ekki í svo góðu lagi, sem æskilegt væri, útlán væru lítið takmörkuð og bækur ekki heimtar inn á rjettum tíma, og því hefðu þá fáar nýtar bækur verið inni á safninu, og það yfir höfuð ekki samboðið þeim styrk, sem það hefir fengið. Jeg hef og fengið upplýsingar um, að safnið sje mestmegnis brúkað af fáeinum prestum, en að almenningur í nærsveitum kringum Stykkishólm hafi litla rænu á að hagnýta sjer það. Með tillögu nefndarinnar er alls ekki tekið fram, hvar safnið eigi að vera, eða að það skuli flytja það úr stað, heldur að eins að það skuli verða styrksins aðnjótandi, hvar sem það er, eða þótt því sje jafnvel skipt á fleiri en einn stað. Ef amtsráðið álítur betra, að hafa það á öðrum stað eða skipta því, þá þarf það ekki að missa styrkinn fyrir þá sök.

Þá skal jeg minnast á breyt.till. h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) um að kaupa hús handa skólanum á Möðruvöllum fyrir 4500 kr. Mjer heyrðist h. þm. (B. Sv.) leggja mikla áherzlu á, að þessi fjárveiting væri nauðsynleg til þess að halda skólanum við, en jeg sje ekki, að svo sje. Í brjefi frá skólastjóranum á Möðruvöllum, sem fylgir skjölum þessa máls, segir svo, að á ábúandanum á Möðruvöllum hvíli sú kvöð, að selja skólasveinum fæði og þjónustu, eða matreiðslu og þjónustu, og þar sem þetta er kvöð, sem á ábúandanum hvílir, verður hann að hafa þau húsakynni, sem útheimtast til að fullnægja þessari kvöð. Jeg sje því ekki, að svo mikið liggi á þessum húskaupum, að þau megi ekki vel bíða þetta fjárhagstímabil. H. þm. (B. Sv.) tók það líka sjálfur fram, að málið væri ekki í sem æskilegustu formi komið fyrir þingið; því mun bezt að láta það bíða næsta þings; þá á það að geta komið vel undirbúið. Nefndin er í sjálfu sjer ekki á móti málinu, en eins og það liggur nú fyrir, getur hún ekki aðhyllzt það.

H. þm. Dal. (J. P.) sagði, að sjer geðjaðist ekki að þeirri tillögu nefndarinnar, að stryka út stiptsyfirvöldin, þar sem ræða er um afskipti að styrkveitingu til sveitakennara. Nefndin gjörði þetta ekki af neinu vantrausti á stiptsyfirvöldunum, heldur þótti henni það óþarfa krókur, að skýrslurnar gengju fyrst í gegn um hendur þeirra; þau munu hvort sem er ekki gjöra annað, en reikna út og gjöra yfirlit yfir, hvernig styrknum skuli úthluta, og um það mun landshöfðingi vera allt eins fær; það sýnist því rjettast, að spara hinum háu stiptsyfirvöldum þetta ómak.

Jón Jónsson (N.-Þ.): Jeg gjöri það ekki að gamni mínu að lengja þessar löngu umræður, en jeg finn mig þó knúðan til þess, því að mjer virtist h. þm. G.-K. (J. Þ.) beina því að mjer, að sumt það, sem jeg hefði talað í dag, hefði verið ósatt eða óáreiðanlegt. Jeg sagði, að jeg vissi ekki til, að það væri neinn opinber slöjd-skóli í Kaupmanna-

höfn, já, og jeg veit það ekki enn. Jeg hef haft fregnir af því, að í ár hafi að eins verið tveir slöjd-skólar þar, og að nemendur hafi orðið að borga að öllu kennsluna á þeim báðum. Jeg verð því að mótmæla ummælum bæði hæstv. landsh., og h. þm. G.-K. (J. Þ.), þrátt fyrir allan fróðleik hans, og jeg veit enn ekki betur, en að jeg hafi haft fullkomlega rjett fyrir mjer, og verð að halda mjer við það, sem jeg sagði í dag, nema h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) sýni og sanni með fullum, órækum rökum, að jeg hafi rangt fyrir mjer.

Viðvíkjandi því sem h. þm. (J. Þ.) talaði um, að nú væri orðinn of naumur tími til að koma á kennaramenntun, þá get jeg bent honum á ráð, sem dugir; það þarf ekki annað en setja inn á fjárlögin, að nú skuli byggja hús fyrir kennaraskóla, og þá má líka setja kennaralaunin þar. Það má eins vel, sýnist mjer, stofna kennaraskóla með fjárlögum, eins og »slöjd-skóla«.

Jónas Jónassen: Jeg skal leyfa mjer að gefa dálitlar upplýsingar um náttúrufræðisfjelagið. Eins h. þm. mun kunnugt, var þetta fjelag stofnað fyrir fáum árum; það á nú marga mjög góða muni, og jeg efast ekki um, að ef h. þm. vildu skoða safnið, þá mundi þeim lítast vel á það, og það er einuugis þeim styrk að þakka sem það hefir fengið, að það er í svo góðu lagi. Menn verða að gæta þess, að allir náttúrugripir eru mjög dýrir. Til sönnunar því skal jeg benda á það, að ef menn vilja fá landsins eigin fugla setta upp, þarf fyrst að fá þá troðna út hjer og síðan þarf að senda þá út til þess að setja þá upp, og kostar hver fugl þannig uppsettur 8—14 kr. Af þessu geta menn sjeð, að 400 kr. eru ekki mikill styrkur. Það var óheppilegt, hvernig formaður fjelagsins skrifaði fundarskýrsluna síðast í Ísafold, en menn þekkja hann, og vita að hann skrifar stundum dálítið undarlega, og að ekki má jafnan taka orð hans bókstaflega. Ef fjelaginu eru ekki veittur þessi umbeðni styrkur, þá er sama sem að því sje kastað í sjóinn, sem því hefir áður verið veitt, því að fjelagið hlýtur þá að líða undir lok. Það er ekki að búast við miklum árangri af fjelaginu enn, en hann kemur smátt og smátt, og þegar hús verður byggt handa söfnunum, mun það koma í ljós, að hjer er um stórmerkilegt safn að ræða, sem útlendingar mundu vilja gefa mörg þúsund krónur fyrir.

Þá skal jeg minnast á ferðastyrkinn til hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndals; jeg þekki þennan mann mjög vel, því að hann hefir verið einn af lærisveinum mínum, og jeg veit, að hann hefir fjarskamikinn áhuga á lækningum. Enginn, sem gengið hefir hjer á læknaskólann, hefir sýnt eins lifandi áhuga og hann á því að afla sjer þekkingar. Hann er hinn eini, sem á hverju ári ver stórfje til þess að kaupa sjer hinar dýrustu og beztu bækur. Jeg hef sjeð pantanir hans hjá bóksölunum og mig hefir alveg furðað á því, hvað mikið hann hefir getað lagt í sölurnar af sínum litlu launum til bókakaupa. Jeg er alveg viss um, að landið muni hafa mikinn ábata af för hans, því að jeg veit, að þegar hann kemur til útlanda, mun hann verja tímanum mjög vel; hann hefir þegar fengið töluverða reynslu, og það er enn meiri trygging fyrir því, að förin verði að góðu gagni. Mjer sýnist því ekki áhorfsmál að veita styrk þennan.

Jeg á hjer dálitla breyt.till., um að veita tannlækni Nickolin dálítinn styrk. H. þm. Ísf. (S. St.) hefir mælt svo vel

fyrir breyt.till. sinni, sem stefnir að hinu sama, að jeg hef varla öðru við að bæta, en að jeg álít þennan mann alveg nauðsynlegan hjer. Í öðrum löndum þykja tannlæknar allsendis nauðsynlegir. Við hjer á hala veraldar höfum verið á eptir í þessu, og við höfum lagt litla rækt við það, sem aðrir leggja hina mestu rækt við, það er að segja tennurnar. Jeg sem læknir hefi opt haft tækifæri á að sjá hugsunarleysi almennings í þessu efni; jeg hefi margopt sjeð hnefastóra sykurmola rekna upp í ungbörn og þau látin sjúga þá; við þetta skemmast tennurnar, en menn verða að gæta þess, að tennurnar hafa mikla þýðingu fyrir heilsuna. Það er rjett, að veita þessum manni styrk, því hann hefir hjálpað mjög mörgum hjer og mundi gera það víðar, ef hann gæti ferðast um, og það má vona, að hann komi því smámsaman inn hjá Íslendingum að passa betur tennur sínar en þeir hafa gert. Hjer er um lítil gjöld að ræða, einar 500 kr.; jeg tel það illa farið, ef deildin veitir ekki þessum bláfátæka og þarfa manni þennan litla styrk. Á sumrum hefir hann að vísu nokkra atvinnu, en á vetrum er hún svo lítil, að hann hefir stundum alls ekki haft ráð á að kaupa sjer miðdegismat. Jeg veit að það má spyrja, hversvegna hann fari þá ekk hjeðan af landi. Því er nú svo varið, að hann, er hefir verið hjer æði-lengi, kann vel við sig og hefir lagt rækt við landið. Maður þessi er ekki einungis nauðsynlegur til þess að átvega nýjar tennur, sem eru alveg eins góðar og vorar eðlilegu tennur, þær eru svo góðar, að með þeim má bryðja harðan fisk, en hann getur líka læknað tennur með plombering, fyllt í holar tennur, svo að þær endast miklu lengur en ella; þær geta enzt í ein 20 ár, í stað þess sem þær hefðu ekki enzt meir en í 2 ár, án plomberingar. Þessi maður hefir ekki einungis gert gagn í Reykjavík, heldur er mjer kunnugt að margir menn víðsvegar um landið hafa leitað til hans. Menn mega ekki ásaka hann fyrir, þótt það hafi komið fyrir, að plombering hafi dottið upp úr tönn; slíkt getur komið fyrir hjá beztu læknum. Þegar jeg var síðast í Kaupmannahöfn, barst það í tal milli mín og kunningja míns þar, að hjer væri enginn tannlæknir og furðaði hann sig stórum á því. Mjer stendur nokkuð á sama, hvort upphæðin er 500 eða 600 kr., en jeg vona að h. d. greiði að minnsta kosti atkvæði með lægri upphæðinni; með það skal jeg gjöra mig ánægðan. Yfir höfuð er jeg mjög ánægður með aðgjörðir fjárlaganefndarinnar.

Að því er kvennaskólana snertir, mun jeg greiða atkvæði með hæstu tölunum; jeg er farinn að sjá, að þeir gjöra mjög mikið gagn, og það var leiðinlegt að h. nefnd skyldi ekki hafa tillagið til þeirra hærra en hún hefir gert.

Sigurður Jensson: Jeg skal leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd út af orðum h. þm. G.-K. (J. Þ.), þar sem hann talaði um atkvæðagreiðslu í fjárlaganefndinni um skólaiðnaðinn. Það hefir ekki verið vani og á ekki við, að tala í þingræðum um atkvæðagreiðslu í nefndum; af því að h. þm. (J. Þ.) skýrði frá að þessi liður hefði verið samþykktur með 6 atkvæðum móti einu, og jeg kannaðist ekki við það, fór jeg til framsögumanns nefndarinnar, sem hafði skrifað hjá sjer atkvæðagreiðsluna, og sá hjá honum, eins og mig minnti, að hann hafði verið samþykktur með 5 atkvæðum móti tveimur. Náttúrlega

er enginn fastbundinn við atkvæðagreiðslu sína í nefnd, ef hann hefir fengið síðar skýringu á málinu, sem hafa breytt skoðun hans. Það mun sjást á sínum tíma við atkvæðagreiðsluna, hvort jeg hef skipt skoðun eða ekki, síðan jeg greiddi atkvæði í nefndinni.

Þá skal jeg minnast á bókasafn Vesturamtsins. H. þm. Árn. (Þ. G.) sagði, að það yrði að komast í manna hendur. Hvað meinar hann með þessum orðum? Er það meining hans, að það sje ekki í manna höndum nú? Jeg get gefið h. þm. þá upplýsingu í þessu máli, að bókasafn þetta er fyrst og fremst undir umsjón amtmannsins í Vesturamtinu, og hefir hann látið sjer mjög annt um það; telur h. þm. (Þ. G.) hann ekki í manna tölu? auk þess get jeg nefnt annan heiðvirðan mann, sem hefir umsjón með safninu. Jeg veit það, að enginn þm. verður krafinn til reiknings utan þings fyrir orð sín í þingsalnum. En það er skylda hvers heiðvirðs þingm. að sanna það, þegar hann við hefir slík orð sem h. þm. Árn. (Þ. G.), og skora jeg á hann að gjöra það, ef hann getur. H. þm. (Þ. G.) talaði líka um breyt.till. við 13. gr. A. b. 4. um, að Gufudalsprestakalli veitist bráðabirgðaruppbót. Um þetta fór h. þm. skrítnum orðum, þegar þau eru borin saman við orð hans um sama málefni á þinginu 1889. Á þinginu 1889 sagðist hann ímynda sjer, að það fje, sem þá var veitt Gufudalsprestakalli, væri allt of lítið til þess að byggja upp bæinn; nú þegar ræða er um að veita meiri styrk, þá talar hann um, að hann hafi skoðað hinn fyrri styrk sem þóknun, er nú megi fella burt, úr því árferðið hafi batnað; þá hafði hann það á móti styrknum, að honum þótti hann oflítill, og nú hefir hann það á móti honum, að hann sje of mikill. Hann talaði líka um það árið 1889, að sjer sýndist nauðsynlegt, að bærinn væri fluttur og byggður upp á öðrum stað, og til þess vildi hann þá veita fje. Þetta hefir nú verið gjört og þess vegna á presturinn nú að fá meiri styrk, en það undarlega er, að nú, þegar það hefir verið gjört sem þingmaðurinn vildi 1889, þá er hann óánægður og vill engan styrk veita. Jeg vil ráða h. þm. (Þ. G.) til að útvega sjer þær bækur, sem hans eigin orð eru prentuð í, og kynna sjer þau vandlega, svo að hann komist ekki aptur svona ógurlega í mótsögn við sjálfan sig og segi sitt í hverju orðinu.

Jens Pálsson: Jeg mun halla mjer að breyt.till. h. þm. Mýr. (Á. J.) o. fl. undir 87. tölul., um að styrkurinn til cand. Boga Melsteðs verði 1000 kr., í staðinn fyrir 500 kr., eins og nefndin hefir stungið upp á. Að rita sögu Íslands er svo veglegt og mikið verk, að jeg álít sjálfsagt, að styrkja þann mann, sem vill helga krapta sína svo þýðingarmiklu starfi.

Þá skal jeg minnast nokkuð á ræðu h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) um skólaiðnaðinn. Eins og við mátti búast, tókst honum vel og vasklega að verja sitt mál; samt fannst mjer hann fara nokkuð ríkum orðum um það, sem jeg og aðrir höfðum talað á móti málinu, eins og vill verða, þegar menn tala af of miklum hita. Hann talaði um áfellisdóma, sem fram hefðu komið, en jeg segi fyrir mig, að jeg hef engan áfellisdóm kveðið upp yfir »slöjd«, sem slíku, þvert á móti; jeg viðurkenni þýðingu þess. Hann ber á móti því, að hjer væri um það að ræða, að stofna sjerstakan skóla. Þá mótbáru hans get jeg ómögulega skilið, því ef hann les ástæður stjórnarinnar í frv., þá sjer

hann, að landshöfðingi hefir fremur ráðið til þess, að stofnaður yrði sjerstakur skóli, heldur en að kennsla þessi yrði sett í samband við lærða skólann. Þessi ummæli landsh. ber ráðgjafinn fyrir sig, og kveðst fallast á þau. Jeg vona því að öllum sje ljóst, að hjer sje að ræða um, að stofna sjerstakan skóla.

H. þm. lagði áherzlu á, að mikið hefði verið ritað um þetta mál í Ísafold og Þjóðólfi, og þess vegna hefði mönnum ekki verið vorkunn á að kynna sjer það til hlítar og skrifa um það. En þegar rjett er að gætt, þá var fyrst farið að rita um málið eptir nýjár á næstliðnum vetri, og þegar nú blöðin ekki hafa borizt út um land til þingmanna fyr en undir vor, þá er eigi von, að þeir hafi getað kynnt sjer málið til hlítar, allra sízt, þar sem þeir ekki hafa getað aflað sjer fleiri rita um þetta mál. Auk þessa þykir mjer málið ekki vel undir búið frá hinni formlegu hlið. Það kemur hjer fram í fjárlagafrumv., en ætti að berast upp í sjerstöku frumv., því eins og h. þm. N.-Þing. (J. J.) tók fram, er það, sem stendur í fjárlagafrumv., öðrum forlögum háð eptir þingsköpunum, en það, sem borið er upp í sjerstökum frumv. Annars verð jeg að taka það fram, að jeg bjóst við, eptir því, sem á undan var farið, að h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) mundi í broddi fylkingar bera merki alþýðuskólamálsins í heild þess inn á þetta þing, og halda fyrst fram stofnun kennaraskóla og þeirri stefnu, að koma alþýðuskólunum í eðlilega samanhangandi heild. Þessi von mín hefir því miður ekki rætzt. H. þm. virðist nú leggja mesta áherzlu á þetta skóliðnaðarmál, sem mjer virðist of snemma upp borið, og fremur mega bíða.

Það hefir verið talað um, að »sløid« ætti að efla vinnulöngunina og virðinguna fyrir vinnunni. Hvað skilur maður þá við vinnu? »Sløid« er víst, eptir því sem hæstv. landsh. lýsti því, hæg og hressandi vinna, þar sem sú vinna, sem lærisveinar latínuskólans hafa haft og hafa enn, er eptir hans skoðun of þung. En ef sú skoðun gengur út frá »sløid«-skólanum og innrætist ungum mönnum, að vinnan hjá okkur sje of erfið og þung, þá veit jeg ekki, hvort það miðar til að efla vinnnulöngunina og virðinguna fyrir vinnunni. Jeg veit, að það hefir brunnið við hjer í latínuskólanum, að piltar hafa þar margir hverjir ekki haft þá virðingu, sem allir ættu að hafa fyrir að hjálpa sjer sjálfir, og er það skiljanlegt, þar sem þeim er þjónað í öllu af dyraverði, þegar er þeir koma í skóla. Víða annarsstaðar er höfð önnur aðferð við skólalærisveina, t. d. í Ameríku. Þar eru piltar sjálfir látnir þvo gólfin, búa um sig o. s. frv. Ef um það hefði verið að ræða, að innleiða slíkt hjer, þá hefði jeg vel getað verið með því.

Jeg hef sem sagt ekki á móti »sløid« í sjálfu sjer, en jeg álít að það sje ekki það fyrsta, sem nú eigi að gjöra, til að kom alþýðumenntunarmálinu í betra horf.

Þorlákur Guðmundsson: H. þm. Snæf. (P. Br.) vildi leiðrjetta orð mín, að því er snerti amtsbókasafnið í Stykkishólmi. Það er sjálfsagt, að hann er kunnugri í Stykkishólmi en jeg, en eptir því sem h. framsögum. (Sk. Th.) fórust orð, er hann minntist á safn þetta, varð jeg að ætla, að hjer væri eitthvað að, enda get jeg heldur ekki skilið, að stórt bókasafn geti þrifizt í Stykkishólmi. Það getur verið gott og gagnlegt, að hafa þar lestrarfjelag eins og víða á sjer stað.

H. framsögum. (Sk. Th.) þótti mjer ekki farast riddaralega við þessa einu konu, sem hjer væri um að ræða að styrkja. Jeg fór engum óriddaralegum

orðum um þessa konu, enda verðskuldar hún það ekki; annað mál er, hvort bókmenntir hennar eða bókaútgáfa er svo, að landssjóði beri að styrkja þær eða launa. Það, að mjer hafi ekki farizt riddaralega við þá konu, er h. framsögum. (Sk. Th.) nefndi, að við mig hefði átt orðastað í blaði ekki fyrir löngu, getur verið frá hans sjónarmiði, en jeg verð að ætla, að hún hafi ekki verðskuldað betra, því að hún talaði ekki skjaldmeyjarlega til mín, þegar hún kvaðst fara inn á mitt land og taka mína eign, hvað sem jeg segði, og sendi þessi orð úr skúmaskoti, án þess að nafngreina sig.

H. þm. Barðstr. (S. J.) talaði þrumandi orð til mín út af því, að jeg vil ekki vera með að veita nú styrk til Gufudalsprestakalls, þar sem jeg hefði sagt á þingi 1889, að það, sem þá var að ræða um að veita þessu prestakalli, væri of lítið. Jeg get ekki sjeð, að það sje nein mótsögn í því. Jeg hafði aldrei sagt á þingi 1889, að það væri of lítið um aldur og æfi undir breyttum kringumstæðum og árferði, þar sem líka prestinum, sem nú er á Gufudal, ekki mun heldur hafa verið veitt brauðið með vissu um þetta fje. Honum hlaut að liggja mest á því í fyrstunni til byggingarinnar. Annars hefi jeg fyr orðið þess var, að þegar um hag presta þar á vesturlandi hefir verið að ræða, þá hefir þm. (S. J.) ekki verið hlífinn við landssjóð.

Þá var h. sami þm. ósköp reiður út af því, sem jeg sagði um amtsbókasafnið í Stykkishólmi. Jeg sagði, að það væri gott, ef bókasafnið gæti komizt í manna hendur, en jeg bar aldrei á móti því, að það hefði verið í manna höndum. Jeg held að h. þm. hafi ekki hrakið orð mín í neinu. Stjórn þessa safns ætti ekki að vera ofætlun að senda fáeinar línur til hvers þings um ástand og hag safnsins, og þó að amtmaðurinn í Suður- og Vesturamtinu sje í stjórninni, þá sjá það allir, að honum er að mestu ómögulegt að sjá um það í jafnmiklum fjarska eða hvaða manni sem væri, og jeg vildi ekki eiga bækur á slíku ferðalagi, sem bækur safnsins hljóta að vera, ef útlánið er nokkurt. Væri þar annars nokkurt slíkt fjelag, þá ætti það að skoðast sem annað hreppslestrarsfjelag.

Þrítugasti og annar fundur, föstudag 7. ágúst kl. 12. Allir á fundi nema 2. þm. N.-Múl (Þ. K.), er var veikur.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 1, 239, 311); 2. umr.

ATKVÆÐAGR. (á 13. gr. til enda frv.):

49. Breyt.till. (260) við 13. gr. A. b. 4. felld með 14 : 7 atkv.
50. Breyt.till. (188) við 13. gr. A. b. 4. samþ. með 17 atkv.
51. Breyt.till. (245) við 13. gr. A. b. felld með 15 : 6 atkv.
52. Breyt.till. (188) við 13. gr. A. b. 6. samþ. með 12 atkv.
53. Breyt.till (188) við 13. gr. B. I. b. 2. samþ. með 15 atkv.
54. Breyt.till. (188) við 13. gr. B. III. c. 5. samþ. með 18 atkv.
55. Breyt.till. (188) við 13. gr. B. III. c. 9. samþ. með 19 atkv.
56. Breyt.till. (255) við 13. gr. B. IV. b. felld með 14 : 4 atkv.
57. Breyt.till. (188) við 13. gr. B. V. samþ. án atkv.gr.
58. Breyt.till. (188) við 13. gr. B. V. b. 1. samþ. með 19 atkv.
49. Breyt.till. (188) við 13. gr. B. VI. a. 1. samþ. með 20 atkv.
60. Breyt.till. (275) við 13. gr. B. VI. a. 2. felld með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eiríkur Briem,	Páll Ólafsson,
Jón Þórarinsson,	Sig. Jensson,
Jónas Jónassen,	Árni Jónsson,
Ólafur Briem,	Bened. Sveinsson,
Olafur Olafsson,	Gunnar Halldórsson,
Páll Briem,	Indriði Einarsson.
Sig. Gunnarsson,	Jens Pálsson,
Sig. Stefánsson,	Jón Jónsson, N.-M.
Skúli Thoroddsen,	Jón Jónsson, N.-Þ.
Sveinn Eiríksson,	Lárus Halldórsson,
	Ólafur Pálsson,
	Þorl. Guðmundsson.

61. Breyt.till. (261) við 13. gr. B. VI. a. 2. samþ. með 19 atkv.
62. Breyt.till. (188) við 13. gr. B. VI. a. 3. samþ. í e. hlj.
63. Breyt.till. (188) við 13. gr. B. VI. a. 4. samþ. með 16 atkv.
64. Breyt.till. (188) við 13. gr. B. VI. a. 4. samþ. með 20 atkv.
65. Breyt.till. (253) við 13. gr. B. VI. b. 1. samþ. með 20 atkv.
66. Breyt.till. (242) við 13. gr. B. VI. b. 1. felld með 12 : 4 atkv.
67. Breyt.till. (188) við 13. gr. B. VI. b. 2. samþ. með 20 atkv.
68. Breyt.till. (188) við 13. gr. B. VI. b. 2. felld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson,	Páll Ólafsson,
Bened. Sveinsson,	Sig. Jensson,
Gunnar Halldórss.,	Eiríkur Briem,
Indriði Einarsson,	Jens Pálsson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Jón Þórarinsson,
Jón Jónsson, N.-Þ.,	Jónas Jónassen,
Ólafur Ólafsson,	Lárus Halldórsson,
Ólafur Pálsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Páll Briem,
Sveinn Eiríksson,	Sig. Gunnarsson,
Þorl. Guðmunddss.	Sig. Stefánsson.

68. Breyt.till. (188) við 13. gr. B. VI. (e) samþ. með 14 atkv.
70. Breyt.till. (188) við 13. gr. B. VI. (f) samþ. í e. hlj.

Í fundarbyrjun hafði þm. Snæf. (P. Br.) afhent forseta skriflega ósk: »Um 71. tölul á atkv.skr., að 13. gr. B. a—d verði bornir upp til atkvæða hver í sínu lagi«. Forseti kvaðst ekki geta tekið ósk þessa til greina, fyrst og fremst sökum þess, hve ósk þessi væri ógreinilega orðuð, og að öðru leyti með skírskotun til 23. og 36. gr. þingskapanna, og neitaði umræðum um það sakir dagskrárinnar, sjerstaklega fjárlaganna.

71. Breyt.till. (260) B. VII. felld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sig. Jensson,	Páll Ólafsson,
Árni Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Jens Pálsson,	Eiríkur Briem,
Jón Jónsson, N.-Þ.	Gunnar Halld.son,
Lárus Halldórsson,	Indriði Einarsson,
Olafur Briem,	Jón Jónsson, N.-M.,
Olafur Pálsson,	Jón Þórarinsson,
Páll Briem,	Jónas Jónassen,
Sig. Stefánsson,	Olafur Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
Þorl. Guðmundsson.	Sveinn Eiríksson.

Eptir atkv.gr. um 71. lið á atkvæðaskránni afhentu 8 þingmenn forseta kröfu um að bera hina einstöku liði frumv. 13. gr. B. VII. a.—d. undir atkvæði, en forseti neitaði því. Gengu þá 3 þingmenn af fundi (Páll Briem, Ólafur Briem, Jón Jónsson þm. N.-Þ.) og tóku þeir ekki þátt í því sem eptir var af atkvæðagreiðslunni.

72. breyt.till. (188) við 13 gr. B. VIII. (a) samþ. með 13 atkv.
73. breyt.till. (253) við 13. gr. B. VIII. (a) felld með 10 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Páll Ólafsson,
Gunnar Halldórss.,	Sigurður Jensson,
Jónas Jónassen,	Árni Jónsson,
Olafur Olafsson,	Eiríkur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Indriði Einarsson,

já:	*nei:*
Sig. Stefánsson,	Jens Pálsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Jónsson, N.-M.
Sveinn Eiríksson,	Jón Þórarinsson,
Þorl. Guðmundss.	Lárus Halldórsson,
	Ólafur Pálsson.

74. breyting.till. (188) við 13. gr. B. (VIII b) samþ. með 13 atkv.

75. breyt.till. (188) við 13. gr. B. (VIII c) felld með 10 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
Benedikt Sveinss.,	Árni Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Halldórss.,
Indriði Einarsson,	Jón Jónss., N.-Múl.,
Jens Pálsson,	Lárus Halldórss.,
Jón Þórarinsson,	Ólafur Pálsson,
Jónas Jónassen,	Sigurður Stefánss.,
Ólafur Ólafsson,	Skúli Thoroddsen,
Sig. Gunnarsson.	Sveinn Eiríksson,
	Þorl. Guðmundss.

76. breyt.till. (253) síðari liður við 13. gr. B. samþ. með 17 atkv.

77. breyt.till. (188) við 13. gr. C. I. d. samþ. með 13 atkv.

78. breyt.till. (188) C. 1. f. samþ. með 17 atkv.

79. breyt.till. (188) við 13. gr. C. 2. samþ. með 14 : 1 atkv.

80. breyt.till. (253) við 13. gr. C. 5. b. felld með 10 : 7 atkv.

81. breyt.till. (188) við 13. gr. C. 5. b. samþ. með 15 atkv.

82. breyt.till. (188) við 13. gr. C. (a) samþ. með 11 : 2 atkv.

83. breyt.till. (188) við 13. gr. C. (b) samþykkt með 11 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Sig. Jensson,	Páll Ólafsson,
Ben. Sveinsson.	Árni Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Halldórss.,
Indriði Einarsson,	Jens Pálsson,
Jón Jónss. N.-M.	Lárus Halldórsson,
Jón Þórarinsson,	Ólafur Ólafsson,
Jónas Jónassen,	Ólafur Pálsson,
Sig. Gunnarsson,	Þorl. Guðmundss.
Sig. Stefánsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Eiríksson.	

84. breyt.till. (188) við 13. gr. C. (c) samþ. með 12 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
Benid. Sveinsson,	Árni Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Halldórss.,
Indriði Einarsson,	Jón Jónss., N.-Múl.
Jens Pálsson,	Lárus Halldórsson,
Jón Þórarinsson,	Ólafur Pálsson,
Jónas Jónassen,	Þorl. Guðmundss.
Ólafur Ólafsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Stefánsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Eiríksson.	

85. breyt.till. (188) við gr. C. (d) samþ. með 16 atkv.

86. breyt.till. (246) við breyt.till. (188) frá Ben. Sv. samþ. með 14 atkv.

87. breyt.till. (188) við 13. gr. C. (e) samþykkt með 18 atkv.

88. breyt.till. (188) við 13. gr. C. (f) samþ. með 18 atkv.

89. breyt.till. (188) við 13. gr. C. (g.) samþ. með 10 atkv.

90. breyt.till. (261) við breyt.till. 188, 13. gr. C. h. samþ. með 10 atkv.

91. breyt.till. (188) við 13. gr. C. (i) samþ. með 11 : 6 atkv.

92. breyt.till. (188) við 13. gr. C. (j) samþykkt með 12 atkv.

93. breyt.till. (253) við 13. gr. C. samþ. með 10 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sig. Jensson,	Páll Ólafsson,
Benid. Sveinsson,	Árni Jónsson,
Gunnar Halldórss.,	Eiríkur Briem,
Indriði Einarsson,	Jón Jónsson N.-M.

já:	*nei:*
Jens Pálsson,	Lárus Halldórsson,
Jón Þórarinsson,	Ólafur Ólafsson,
Jónas Jónassen,	Ólafur Pálsson,
Sig. Stefánsson,	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,	Þorl. Guðmundss.
Sveinn Eiríksson.	

94. breyt.till. við 13. gr. frv. með áorðnum breytingum samþ. með 13 atkv.
95. 14. gr. frv. óbreytt samþ. í e. hlj.
96. breyt.till. (188) við 15. gr. samþ. í e. hlj.
97. breyt.till. (188) við 15. gr. 2. samþ. án atkv.gr.
98. breyt.till. (188) við 15. gr. 3. samþ. með 13 atkv.
99. 15. gr. frv. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.
100. 16. gr. frumv. óbreytt samþ. í e. hlj.
101. 17. gr. frv. (breytt samkv. atkv.-gr.) samþ. án atkv.
102. 18. frv. óbreytt samþ. í e. hlj.
103. Viðaukatillaga nefndarinnar (188) samþ. með 18 atkv.
104. Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.-greiðslu.
105. Fjárlagafrv. með áorðinni breyting samþ. í e. hlj., og vísað til 3. umr. sömul. í e. hlj.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 260, 289, 306); 2. umr.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): Það frumv., sem hjer liggur fyrir til umræðu og atkvæðagreiðslu, hefi jeg, sem framsögumaður nefndarinnar, ekki mikið um að segja, enda vonast jeg eptir, að háttv. þingmenn hafi þegar kynnt sjer skýrslur þær, sem legið hafa frammi á lestrarsalnum, um dýrleika, afgjaldsupphæð og matsverð, umboðsmanna og sýslunefnda, á jörðunum, og svo það söluverð, sem nefndin hefir sett á þessar jarðir; eins og getið er um í nefndarálitinu, hefur ekki alstaðar verið fylgt fyrirmælum í auglýsingu landsh. frá 17. nóvember 1879.

En þetta er meira formsspursmál, en að það hafi verulega þýðingu, hvað söluverð jarðanna áhrærir. Við hina einstöku liði í frv. hafa fáar athugasemdir eða breytingartillögur komið. H. þingm. Skagf. (Ól. Br.) hefir gjört breytingar við 1. grein 17.—21. lið, sem gengur að eins í þá átt, að lækka söluverð þeirra jarða, sem þar eru undir þeim töluliðum, um 800 kr. samtals. Nefndin getur ekki fundið ástæðu til, að fallast á breytingar h. þm. Skagf. (Ól. Br.), þar sem hún þykist hafa, við verðmat jarðanna, farið eptir þeim bezta mælikvarða, sem föng voru á, þar sem var mat umboðsmannsins sjálfs, sem er háttv. sami þingm., og sumar af þeim jörðum eru þar á ofan í góðum sveitum, með góðum engjum og hagbeitarlöndum, og þar af leiðandi hafa margt það, er þeim verði talið til gildis. Sumar jarðirnar hafa verið færðar langt niður úr hinu fyrverandi ákveðna söluverði, þar á meðal eru t. d. Páfastaðir í Skagafjarðarsýslu, sem samkvæmt lögum 18. nóv. 1883 var leyft að selja á 3000 kr.; en sem umboðsmaður hennar hefir álitið hæfilegt að lækka niður í 2,800 kr., þessi jörð, hefir nú í nefndarfrumv. verið færð niður í 2,650 kr. eða með öðrum orðum 350 kr., frá matinu 1883, svo ætla má að verðið sje nú ekki of hátt. Varmaland hefur umboðsmaður metið á 1400 kr., en nefndin á 1350 kr., svo líka má ætla að það sje sanngjarnt. Sömuleiðis var leyft að selja Hafragil í Skefilstaðahreppi með lögum 8. jan. 1886 fyrir 2,500 kr., og hefur umboðsmaður álitið það hæfilegt verð, og hefur nefndin

haldið sig við það. Með sömu lögum var leyft að selja Skíðastaði fyrir 5000 kr., er umboðsmaður hafði álitið hæfilegt verð; henni er líka talið það til gildis, að hún væri stór jörð, með góðu túni, fullar 20 dagsláttur, að meðtöldu túni hjáleigunnar, og góðum engjum, og víðáttumiklu beitilandi, sellandi, og kjarngóðu sumar og vetur, og hún væri því alls eigi ofseld fyrir það verð, þó að hún liggi í harðindasveit. Jeg skal samt sem áður geta þess, að nefndinni er það ekki kappsmál, þó að hinar tvær síðustu á breyt.till. væru færðar niður. Annars er nefndin á því, að jörðin undir tölul. 28 ætti helzt ekki að seljast, undir þeim kringumstæðum sem nú eru. Að öðru leyti, þó eigi ávallt hafi verið fylgt þeim reglum, sem landsstjórnin hafði sett með auglýsingu frá 17. nóvember 1879 eins og áður er getið, er nefndin þrátt fyrir það, viss um, að þingið eigi selur þessar jarðir landssjóði eða landi í óhag; þar sem sölu- eða borgunarskilmálar eru mjög svo aðgengilegir fyrir kaupanda, þá má ætla að flestar þeirra sjeu ekki of hátt verðsettar.

Hvað viðvíkur tölul. 54, um jörðina Langholt í Skaptafellssýslu, þar sem kirkjan er eign landssjóðs, þá áleit nefndin það ekki tiltökumál, að selja jörðina eina, en sitja með kirkjuna, og vill því eindregið ráða til, að kirkjan fylgi kaupunum, ella að jörðin verði óseld.

Við breyt.till. h. þm. Skagf. (Ól. P.), er lítið að athuga, en jeg fyrir mitt leyti verð að mæla á móti því, að seldir sjeu partar úr jörðum, enda er það í ósamkvæmni við það, sem þingið áður hefur samþykkt, það er, að fækka sundurskiptingu jarða í Skaptafellssýslu, eða þar sem að 2 eða fleiri ábúendur óska eptir kaupum á jörðinni, nema því að eins, að einhver einn af kaupendunum, eða annars sjeu þeir tveir, ábyrgist skilvísa greiðslu fyrir hönd hinna kaupendanna á andvirði jarðarinnar, því ella mætti búast við, ef að sú trygging væri ekki fengin, að partar úr jörðunum yrðu eigi seldir, og landssjóður sæti uppi með þá, og ætti undir reið, að þeir seldust nokkru sinni eða eigi, svo að honum yrði þá ekki til mesta óhagræðis, enda gæti svo farið, að slíkir partar úr jörðum byggðust ekki.

Ólafur Pálsson: Jeg hef leyft mjer að koma fram með fyrir h. þingd. litla viðaukatill. um sölu þjóðjarða í Skaptafellssýslu, sem h. nefnd hefir þóknast að sleppa úr mati sínu. Jeg skal henni til skýringar leyfa mjer að fara nokkrum orðum um hverja jörð fyrir sig. Þá er fyrst að telja:

1. Hruna, sem er 10 hndr. 84 áln. með 2 ábúendum, býr þá hver á 5.42.
2. Hörgsland, sem er 44 hndr. 10 áln. með 5 ábúendum.
   1. ábúandi býr á 14.100.
   2. —— — - 7.50.
   3. —— — - 11.15.
   4. —— — - 5.67½.
   5. —— — - 5.67½.
3. Breiðabólstaður 12 hndr. 24 áln. með 2 ábúendum, hvor á 6.12.
4. Norðtunga 15 hndr. 36 áln. með 2 ábúendum, hvor á 7.78.
5. Geirland 28 hndr. 60 áln. með 2 ábúend., annar á 21.45.
   hinn á 7.15.
6. Efri-Steinsmýri 21 hndr. 60 áln. með 4 ábúendum, hver á 5.45.
7. Syðri-Steinsmýri 25 hndr. 64 áln. með 5 ábúendum, 3 búa hvor á 6.45.
   2 — — - 3.23.
8. Giljar 13 hndr. 96 ál. með 2 ábúendendum, hver á 6.108.

Sem auðvitað er, hafa sumar af þessum jörðum gengið töluvert af sjer, síðan 1861 að jarðabókin gekk í gildi, svo sem helzt tölul. 6.—7., en hinar minna. Jeg get ekki sjeð, að nokkuð sje á móti því, eða að landssjóður bíði nokkurn baga við það, eins og h. framsögum. (Þ. G.) tók fram, þó að þingið veitti heimild til að selja þessar jarðir, þó að fleiri en einn ábúandi sjeu á hverri þeirra, þegar allir ábúendurnir, hver í sínu lagi, óska eptir kaupum á þeim parti jarðarinnar, er þeir búa á, og mjer fyrir mitt leyti sýnist allt mæla með því, að bændur, sem byggt hafa jarðirnar um lengri tíma, hvort sem þeir eru heldur einn eða fleiri, sjeu látnir sitja í fyrirrúmi á kaupum á jörðunum. Mjer finnst það alls ekki ganga í sanngirnisstefnu, að binda einn ábúanda við borð, með að hann annaðhvort verði að vera af kaupunum, eða að kaupa jörðina í heild sinni, því þá getur eða verður brotinn rjettur hinna, eptir því sem ákveðið er í lögum; en þótt hundraðatalið sje ekki hátt á öllum þessum jörðum, sem sumir búa á, veit jeg fyrir víst, að víða um land búa menn ekki á stærri jörðum, þar sem efnahag þeirra getur verið svoleiðis varið, að þeir ekki megni að kaupa hana alla, þó að þeir, hver í sínu lagi, gætu greitt borgun síns hluta. Jeg skal enn fremur geta þess, að sumum eða jafnvel öllum ábúendum á jörðum, sem jeg hef tekið upp í breyt.till. minni, er það allmikið áhugamál, að fá þær jarðir keyptar með sanngjörnu verði; en hvort þeim þykir sanngjarnt verð á þeim eða ekki, þá geta þeir sagt sig frá kaupunum, ef þeim sýnist svo, en þingsins er að gefa þær falar, og þessi stefna þingsins nú kemur í mótsögn við það, sem það hefir áður gert, því ein jörð var nýlega seld, og voru 3 ábúendur á henni, og ekki nema 9 hndr. 24 áln., sem hver bjó á; þetta kalla jeg mótsögn. Jeg skal taka til dæmis annan bóndann á Giljum, sem, eptir því sem jeg hefi frjett úr brjefi, síðan jeg kom til Reykjavíkur, er nú dáinn, en hafði óskað eptir á deyjanda degi, að sonur hans, sem nú er 18 ára, efnilegur maður, mætti ganga inn í kaupið, og hefir beðið 2 áreiðanlegustu mennina í sinni sveit að annast um þetta, og þeir hafa skrifað mjer báðir og ætla að ábyrgjast andvirðið, sem ekki þarf með, því búið stóð sig vel. Jeg skal svo ekki fara frekar orðum um það, en vonast eptir að h. deild sje orðið þetta svo kunnugt, að hún víli ekki fyrir sjer, að gefa breyt.till. minni atkvæði sitt.

Framsögumaður (Þorlákur Guðmundsson): H. þm. Skaptf. (Ól. P.) gat þess, að nefndin hefði metið nokkrar jarðir of hátt; en nefndin hefir víðast hvar, eins og jeg gat um áðan, farið eptir mati umboðsmanna og sýslunefnda í þeim sýslum, sem jarðirnar eru í, og hefir hún, með þeim mælikvarða fyrir augum, og að svo miklu leyti sem þekking nefndarmanna náði á hinum sjerstöku jörðum, ætlað, að hún mundi fara næst sanni. Viðvíkjandi sölu á jörðum, þar sem 2 eða fleiri eru ábúendur og æskja eptir kaupum á þeim, þá mætti við 3. umr. koma með breyt.till. í þá átt, og með hvaða skilyrðum tiltækilegt þætti að selja jarðirnar undir þeim kringumstæðum, sem fyrir liggja með hverja jörð fyrir sig.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. 1.—16. tölul. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. við 17. tölul. felldur með 12:8 atkv.

Breyt.till. við 18. tölul. samþ. með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Benedikt Sveinsson,	Páll Ólafsson,
Gunnar Halldórsson	Sigurður Jensson,
Indriði Einarsson,	Árni Jónsson,
Jón Jónss., þm.N.-M.,	Eiríkur Briem,
Jón Jónss., þm.N.-Þ.	Jens Pálsson,
Jónas Jónassen,	Ólafur Ólafsson,
L. Halldórsson,	Ólafur Pálsson,
Ólafur Briem,	Sig. Stefánsson,
Páll Briem,	Sveinn Eiríksson,
S. Gunnarsson,	Þorl. Guðmundsson.
Skúli Thoroddsen.	

Breyt.till. við 19. tölul. felld með 11:7 atkv.

Breyt.till. við 20. tölul. samþ. með 12 atkv.

Breyt.till við 21. tölul. samþ. með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Benedikt Sveinsson,	Árni Jónsson,
L. Halldórsson,	Eiríkur Briem,
Indriði Einarsson,	Jens Pálsson,
J. Jónsson, þm. N.-M.	Ólafur Ólafsson,
J. Jónsson, þm. N.-Þ.	Olafur Pálsson,
Jónas Jónassen,	Skúli Thoroddsen,
L. Halldórsson,	Sveinn Eiríksson.
Páll Briem,	
Sigurður Gunnarsson,	
Sigurður Stefánsson,	
Þorl. Guðmundsson.	

1. gr. tölul. 17.—21. samþ. með 14 atkv.

Viðaukatill. Ólafs Pálssonar felld með 11:6 atkv.

1. gr. tölul. 22.—64. samþ. með 20 atkv.

2. gr. samþ. í e. hlj.

3.—4. gr. samþ. með 20 atkv. hvor.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frv. til laga um að selja þjóðjörðina Miðskóga í Miðdalahreppi (C. 113, 260); 2. umr.

Landshöfðingi tók það frv. aptur í byrjun umræðunnar um næsta mál á undan.

Frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885, 25. gr. (C. 289, 301, 323); 3. umr.

Indriði Einarsson: Það eru að eins fáein orð, er jeg vildi tala í þessu máli. Eins og kunnugt er, hafa flutningsmenn þessa máls farið fram á, að laun starfsmanna bankans eða þeirra, sem vinna við hann, sem sje fjehirðis og bókara, sje lítið eitt hækkuð; en eins og sömuleiðis er kunnugt, hafa nokkrir h. þm. komið fram með breyt.till. um, að þá fyrst gæti þetta orðið að lögum, þegar að framkvæmdarstjóri við bankann hefði ekki önnur embættisstörf á hendi. Eptir þessum breyt.till., og eptir því sem nú stendur á með starfsmenn bankans, gæti það dregizt um lengri tíma, og orðið æði langsamt fyrir þá að bíða, þar til hinn núverandi bankastjóri fer frá, sem ekki er gamall maður enn, þótt hann sje ekki ungur lengur. Jeg hefði fellt mig betur við, að þetta hefði komið fram í sjerstöku lagafrv. Jeg vil því ráða h. þingd. til, að breyt.till. 310 sje felld, svo bókari og gjaldkeri geti fengið þá launahækkun, sem farið er fram á í frv., því jeg vonast eptir, að h. þingd. sje það ljóst, að það er allt annað en sannsýnilegt, að starfsmenn bankans, sem viðurkennt er, að hafi mikil og vandasöm störf á hendi, geti enn beðið óákveðinn tíma með þau litlu laun, sem þeir nú hafa, og held mjer fast við, að heppilegast væri, að fella burtu ákvæðið um launahækkun bankastjórans, og að hann megi ekki gegna öðrum embættisstörfum.

Skúli Thoroddsen: Af því að jeg er einn af þeim, sem stend undir breyt.-

og viðaukatill. 310, og þar sem h. þm. Vestm. (I. E.) hefir farið nokkuð hörðum orðum um hana, þá finn jeg mig knúðan til, að svara því í fám orðum. H. þm. Vestm. rjeð deildinni fastlega frá að samþykkja þessa till., með því að hún lýsti stakri ósanngirni við bókara og gjaldkera bankans, en jeg vonast eptir, að fari svo, að þessi breyt.till. vor verði felld, að h. þingd. lofi þá frv. sjálfu að fara í sömu gröfina.

Við 1. umræðu þessa máls var það skýrt og skorinort tekið fram, að það væri gagnstætt vilja landsmanna yfir höfuð, að bankastjórinn hefði önnur störf á hendi en þau, sem bankann varða, þar sem hann að öðrum kosti yrði að hafa bankastarfið í hjáverkum; með rjettu eða röngu eigna menn ýmsar þær misfellur, sem á bankanum þykja vera, einmitt því, að framkvæmdarstjórn bankans hefir verið sameinuð háyfirdómaraembættinu, og mjer getur ekki blandazt hugur um, að landsmenn kunni þinginu sáralitlar þakkir fyrir að hreyfa þessu máli nú, ef árangurinn yrði að eins sá, að laun bókara og fjehirðis væru hækkuð; jeg get að vísu verið því samdóma, að laun starfsmanna bankans sjeu helzt til of lág, þar sem störf þessara manna verða hjeðan af naumast höfð í hjáverkum með öðrum störfum, ef bankinn hagar störfum sínum að vilja landsmanna; en jeg verð aptur á móti að álíta, að ef þingið gerir ekkert til þess, að bankinn færi út kvíarnar, og allt situr við sinn keip, svo að bankinn t. d. að eins er hafður opinn, eins og hingað til, 2 stundir á dag, þá sjeu laun starfsmanna allviðunanleg í bráð.

H. þm. Vestm. (I. E.) sagði í ræðu sinni, að það væri ósanngjarnt af deildinni að samþykkja þessa breyt.till.; en jeg get ekki verið þm. samþykkur í því, þar sem það verður algjörlega á landsstjórnarinnar valdi, hvort hún lætur bókara og fjehirði búa lengur eða skemur við sömu launakjör og nú; ábyrgðin verður eingöngu á stjórninni, en alls ekki á þinginu, þar sem þingið býður fram launin, jafnskjótt og sjerstakur bankastjóri er skipaður, sem eigi hefir embættisstörf á hendi.

Þm. Vestm. (I. E.) gat þess sömuleiðis, að hann hefði kunnað betur við, að breyt.till. vor hefði komið fram í þingsályktun, heldur en í frumvarpsformi, en jeg sje ekki, hvað h. þm. (I. E.) getur gengið til þess að hafa á móti þessu, ef hann á annað borð játar, að það sje æskilegt, að bankastjórn sje eigi sameinuð embættisstörfum; jeg er hræddur um, að ef þingið reyndi að fá þessu framgengt eingöngu með þingsályktunartillögu, að henni kynni þá að verða stungið undir stólinn. Jeg vil því mælast til, að þingið aðhyllist frv., eins og það kom frá nefndinni, með þeim breytingum, sem vjer höfum ráðið til að gera við það, en felli hún þær, þá að láta frv. fara á sömu leið.

Árni Jónsson: Af því jeg ásamt 5 öðrum h. þm. hef leyft mjer að koma fram með breyt.till. við frumv. þetta, skal jeg leyfa mjer að fara um hana nokkrum orðum.

Breyt.till. fer fram á að lækka laun bankastjóra niður í 4000 kr. úr 5000 kr. Okkur virðist, að þó starf þetta sje mikilsvarðandi og áríðandi, og þó við sjeum á þeirri skoðun, að ekki sje rjett að sameina það við embættisstörf, þá sjeu þó 4000 kr. laun sæmileg, enda þótt bankastjóri verði að setja hátt veð og staðan sje ábyrgðarmikil. Jeg er ekki viss um að fleiri mundu sækja um þenna starfa, þó að launin væru 5000

kr. Það lítur út fyrir, að sá sem nú er bankastjóri þurfi ekki að verja mjög miklum tíma til þess, og þótt við vonum að nýr bankastjóri mundi verða að verja lengri tíma í bankans þarfir, þá búumst við við því, að ef honum þykja launin of lítil, muni hann geta unnið sjer nokkuð inn á annan hátt, enda þótt hann megi ekki hafa embættisstörf á hendi.

Hin tillagan fer fram á, að bókari bankans fái 2400 kr. í laun. Við 2. umr. var samþykkt að hækka laun gjaldkera upp í 2000 kr. og auk þess 1/20/00. Flutningsm. má vera kunnugt hvort það verið hafi ástæða til þess, en okkur finnst þá líka sanngjarnt að hækka laun bókara. Þetta kemur ekki af því að okkur langi eptir launahækkunum yfir höfuð, en oss virðist sú skoðun vera orðin ríkjandi, að í Reykjavík sje engum ætlandi öllu minni laun en 2400 kr., ef hanu á að lifa á þeim einum.

Eptir því sem okkur er kunnugt, hefir bókari nú talsvert meiri starfa en gjaldkeri. Gjaldkeri hefur reyndar meiri ábyrgð vegna talninga, en við höldum ekki að munurinn eigi að vera svo mikill. Ef báðar tillögurnar ganga fram, sparast þó 600 kr. og við álítum að með þessu fáist meira samræmi á launum þessara 3, sem starfa við bankann.

Að öðru leyti er jeg fyllilega samdóma h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) um það, sem hann sagði viðvíkjandi breyt.till. sinni. Jeg þarf ekki að bæta því við, að það er almennings ósk, að bankamálið komist í gott horf, sjerstaklega að því er snertir bankastjórnina.

Skúli Thoroddsen: Jeg vildi að eins gera þá athugasemd, að jeg gleymdi að geta þess áðan, að orsökin til þess, að vjer komum með breyt.till. vora, var skilningur hæstv. landsh. á frumv., sem kom fram við 2. umr. Þessum skilningi hæstv. landsh., sem kom í beinan bága við tilætlun vor nefndarmanna, var þá ekki mótmælt af framsögumanni, og þess vegna höfum vjer komið fram með breyt.till., svo að tekin yrðu af öll tvímæli.

Jens Pálsson: Jeg vildi leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breyt.till. Það er þá fyrst sú till., sem fer fram á, að launa bankastjóra með 4000 kr. í stað 5000 kr. Jeg get ekki verið þessu samþykkur, því að jeg álít að þetta starf sje svo vandasamt og áríðandi fyrir landið, að launin eigi að vera ríflег, sjerstaklega þar sem engin eptirlaun eru í vændum. Þau eiga að vera svo ríflег, að margir sæki um þetta embætti, svo að hægt sje að velja úr hinn duglegasta, og þetta fæst varla með lægri launum en 5000 kr.

Að því er snertir hina till., að færa laun bókara upp í 2400 kr., þá er jeg henni samdóma, því að jeg veit að það eru ekki of há laun. Jeg veit að þessir menn hafa svo mikið að starfa við bankann, að enda þótt bankinn sje ekki opinn nema 2 klukkutíma á dag enn sem komið er, þá ættu þeir ekki að hafa nein önnur veruleg og þreytandi störf; og 2400 kr. er ekki of mikið til að geta staðið straum af konu og börnum hjer í Reykjavík. Hins vegar er það misskilningur af h. þingm. Mýr. (Á. J.), að laun gjaldkera hafi verið hækkuð með breyt.till. við 2. umræðu. Hún gekk ekki í þá átt að hækka laun hans, heldur einungis að tryggja honum nægilegar skaðabætur vegna mistalningar. Jeg held, að þessi minn skilningur sje rjettur; mistalningarpeningar eru skaðabót, en ekki launabót.

Breyt.till. sem var útbýtt í dag (310) þykir mjer athugaverð. Jeg get reyndar fallizt á þá tillögu að í stað »önnur

embættisstörf« komi embættisstörf, en hina tillöguna get jeg ekki fallizt á, því að samkvæmt orðum, sem fallið hafa hjer, má búast við því að þetta verði til þess, að menn, sem starfa við bankann fyrir of lítið kaup, fari á mis við sanngjörn laun fyrir starfa sinn. Jeg skildi orð hæstv. landsh. við 2. umr. svo, að þótt þetta frumvarp yrði samþykkt, fengist með því engin trygging fyrir því, að bankastjóraskipti yrðu, og ef nú þessir 2 menn, sem víst öll þingd. viðurkennir að eigi sanngirniskröfu til að fá hæfileg laun fyrir starfa sinn, ef þeir verða um langan tíma að starfa fyrir of lág laun, þá vil jeg ekki stuðla að því, að slíkri ósanngirni sje beitt. Það getur orðið til þess að þessir menn verði að fara frá bankanum, og jeg er allsendis óviss um, að eins hæfir menn fáist fyrir þau laun. Jeg álít að landsmenn bíði tjón af því, og mjer lízt svo á báða þessa menn, að þeim sjeu aðrir vegir færir. Bankinn hefur engan hagnað af því, og með því er ekkert gert til að fullnægja óskum landsmanna.

Sigurður Stefánsson: Jafnvel þó h. 1. þingm. Eyf. (Sk. Th.) hafi talað um breyt.till. á þingskjali 310, vil jeg þó bæta við nokkrum orðum. Þar sem farið hefur verið fram á að lækka laun bankastjóra niður í 4000 kr.; skal jeg taka fram, að jeg hef frá byrjun verið því hlynntur, að launa honum með 5000 kr. Jeg álít starf þetta svo mikilsvert að menn eigi ekki að skera launin við neglur sjer. Þetta er eitthvert hið mikilvægasta starf, og enda miklu þýðingarmeira en sum hin hálaunuðustu embætti hjer á landi, t. d. amtmannaembættin.

Ef launin eru 4000 kr., þá veit jeg reyndar, að menn fá í mætti t. a. m. einhvern ungan og óreyndar lögfræðing til að gegna starfi þessu, en jeg vil taka það fram, að það er ekki lögfræðisleg þekking, sem er aðalskilyrði fyrir duglegri og framkvæmdarsamri bankastjórn, og jeg verð að segja að jeg vil enda ekki skipta hinum núverandi bankastjóra við ungan og óreyndan mann, þótt lögfræðingur sje. Jeg vil að stjórnin geti átt kost á sem flestum mönnum, sem hafa fengizt við lík störf, t. d. verið við stórar verzlanir, eða sem hafa haft mikil peningastörf á hendi. Menn geta nú ekki búizt við, að slíkir menn yfirgefi ábatasama stöðu, til að takast slíkt starf á hendur, nema það sje vel launað, því að þess ber einnig að gæta, að hjer er ekki um embætti að ræða og enginn eptirlaunarjettur; sje það viðurkennt að starfið sje áríðandi, þá mega menn heldur ekki skera launin við neglur sjer, og get jeg því ekki gefið þessari tillögu atkvæði mitt.

Hinu er jeg ekki mótfallinn, að hækka laun bókara, en allt þetta á frá mínu sjónarmiði að vera bundið því skilyrði, að bankinn fái annan framkvæmdarstjóra og komist þannig í það horf, sem landsmenn óska.

H. þm. Dal. (J. P.) tók fram, að það gæti verið ósanngjarnt gagnvart bókara og gjaldkera, að binda launahækkunina þessu skilyrði. Jeg get ekki sjeð, að það sje neinn ábyrgðarhluti fyrir þingið, en það getur verið það fyrir landsstjórnina. Þó að bankastjóri sá sem nú er sje góður, er þó ekki ómögulegt að fá annan betri; en sje svo, get jeg ekki skilið hvernig h. þm. Dal. (J. P.), getur sagt að það sje ósanngjarnt. Jeg geri ekki ráð fyrir, að landsstjórnin muni vilja halda svo miklu dauðahaldi í þann bankastjóra, sem nú er, að hún fyrir þá sök vilji gera sig seka í ósanngirni við bókara og gjaldkera.

Verði þessi breyt.till. okkar til þess

að þessir menn verði að sitja lengi við of lág laun, þá er það landsstjórninni að kenna en ekki þinginu.

Jeg tek undir með h. 1. þingm. Eyf. (Sk. Th.), að óánægja landsmanna með bankann er einkum sprottin af því, að framkvæmdarstjórinn hefur það starf í hjáverkum við annað áríðandi embætti. Jeg álít að það sje skylda þingsins að bæta úr þessu, en það gerir það engan veginn með því að hækka laun 2 starfsmanna bankans, ef það ekki um leið kemur því fram, að bankastjóri hafi ekki annað á hendi. Jeg skal enn fremur geta þess, að jeg og fleiri höfum hugsað oss að koma fram með tillögu til þingsályktunar, sem væri eins og áframhald af þessu frumv. og sem fer fram á að skora á landsstjórnina að skipa sjerstakan bankastjóra, láta bankann vera lengur opinn, og hafa útibú eins og gert er ráð fyrir í bankalögunum. Ef þessi þingsályktun yrði samþykkt, þá get jeg ekki skilið að landsstjórnin reyndi ekki til að fá annan bankastjóra eða þverskallaðist ár eptir ár við því að fullnægja óskum þjóðarinnar í þessu efni.

Árni Jónsson: H. þm. Dal. (J. P.) og h. þm. Ísf. (S. St.) voru báðir mótfallnir þeirri breyt.till. að færa laun bankastjóra niður í 4,000 kr. og færðu einkum þá ástæðu til, að menn hefðu þá ekki vissu fyrir, að margir nýtir menn mundu sækja um það starf. Jeg get nú ekki sjeð, að menn hafi miklu meiri vissu, þó launin væru 1,000 kr. hærri. Jeg vil líka benda á, að það er ekki þingið, sem velur bankastjóra, heldur landsstjórnin, og því er ekki víst, að hinn bezti fáist eptir áliti einstakra þingm. Jeg efast ekki um, að þó launin væru ekki nema 4,000 kr., þá mundu margir fúsir á að takast starfið á hendur. H. 1. þm. Ísf. (S. St.) hafði helzt augastað á mönnum, sem hefðu verið við verzlun, og væru það þá helzt faktorar, sem um væri að ræða, en þeir hafa víst flestir minni laun en þessi eru. Hitt tel jeg óvíst, að menn, sem verzla fyrir eigin reikning, mundu sækja um að verða bankastjórar, enda þótt 5,000 kr. væru í boði.

H. þm. Dal. (J. P.) áleit, að það væri misskilningur hjá mjer, að laun gjaldkera hefðu verið hækkuð við 2. umr. Mjer virðist sem það komi allt í sama stað niður, hvort menn kalla það launaviðbót eða skaðabótapeninga; víst er það, að hann fær meira fje fyrir störf sín við bankann fyrir það ákvæði, og munar það líklega, eptir því sem nú er, 300 — 400 kr. á ári, en getur orðið enn meira, ef umsetning bankans eykst.

Páll Briem: Jeg hef ásamt nokkrum öðrum komið fram með breyt.till. um, að færa laun bankastjóra niður í 4,000 kr. Mig furðar, að h. þm. Ísf. (S. St.) skyldi taka það svo óstinnt upp, að við álítum 4,000 kr. fullboðleg laun, þar sem þingd. hefir nýlega ákveðið 3,500 kr. laun handa dómendum í hinum hæsta dómstól hjer á landi. Starf þetta er að vísu þýðingarmikið fyrir landið og þarf undirbúnings við, en jeg get ekki fellt mig við kröfur h. þm. (S. St.) til bankastjóra. Það er auðvitað gott, ef völ er á kaupmanni, ungum og duglegum, sem að öðru leyti fullnægir þeim skilyrðum, sem vera ber, en jeg þekki ekki þess konar menn hjer á landi. H. þm. (S. St.) hafði ekki trú á lögfræðingum og áleit lagaþekkingu óþarfa, en jeg álít að kunnátta í lögum sje mjög gagnleg fyrir bankastjóra. Hann sagði, að menn gætu þá alveg eins vel haft háyfirdómara til bankastarfa, en óánægjan yfir honum er einmitt sprottin af því, að hann hefir önnur embættisstörf og hefir varið aldri sínum til annars en að búa sig undir bankastörf; en ef um tvo er að ræða, þá hlýtur hver maður að játa,

að að af öðru jöfnu stendur sá framar, sem lagaþekkingu hefir, heldur en hinn. Það er gott að bankastjóri kunni lög, ekki svo mjög þegar um málaferli bankans er að ræða, því að þá mun að líkindum optast leitað til málafærslumanns, en það er einkum við samninga. Margir danskir kaupmenn láta syni sína taka próf í lögum áður en þeir fást við verzlunina, einmitt vegna þess, að það er nauðsynlegt, þegar samningar eru gjörðir, að maðurinn hafi þekkingu á lögum, og það er einkar-áríðandi hjer, þar sem gjöra má ráð fyrir, að hinir aðrir starfsmenn bankans sjeu ekki lögfróðir.

Það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í, og það er betra að samningarnir sjeu lögformlegir frá byrjun.

Jens Pálsson: Jeg ætla að eins að skýra dálítið betur skoðun mína á viðaukatill. á þingskj. 310.

Út af því, sem h. þm. Ísf. (S. St.) sagði, skal jeg taka það fram, að jeg get ekki betur sjeð, en ef þessi viðaukatill. yrði samþykkt, þá gæti svo farið, að 2 af starfsmönnum bankans yrðu fyrir mjög hörðum misrjetti, þar sem langir tímar gætu liðið svo, að þeir fengju ekki hæfilega borgun fyrir starfa sinn, því í þessari tillögu er beinlínis sett það skilyrði fyrir því, að nokkur liður laganna komi í gildi, að nýr framkvæmdarstjóri verði settur. En jeg skildi hæstv. landsh. svo, að eptir frv. kæmu ákvæðin um laun framkvæmdarstjórans fyrst til greina, þegar ástæða þætti til að skipa nýjan mann til að gegna þeim starfa. H. þm. Vestm. (I. E.) lagði þann skilning í frumv., að með því væri hinn núverandi bankastjóri settur af, sem ekki væri þó heppilegt að gjöra með lögum og mundi varla ganga fram. Út af þessu dreg jeg þá ályktun, að hinn sami bankastjóri muni ef til vill um alllangan tíma halda áfram starfa sínum, og þá hljóti hinir aðrir starfsmenn bankans að búa undir hinum sömu kjörum og þeir nú hafa, við hin sömu ósanngjörnu laun.

H. þm. Ísf. (S. St.) segir að ábyrgðin á því hvíli ekki á þinginu, heldur stjórninni; jeg get ekki sjeð annað, en stjórnin geti alveg eins sagt, að ábyrgðin hvíli ekki á sjer, heldur á þinginu, og hvað er maður svo bættari með því?

Það hafa þegar verið margar og langar umræður um þetta mál, svo jeg hika ekki við að lengja þær með dálítilli athugasemd.

Það hefir verið eindregin ósk landsmanna, að bankastjórastörfin yrðu ekki falin þeim manni, sem hefði þau í hjáverkum, og þessu yrði breytt svo, að þau yrðu fengin þeim manni í hendur, sem gæti gefið sig allan við þeim. En fyrst svo mikið hefir verið talað um þessa ósk landsmanna, þá vil jeg einnig láta það koma fram í umræðunum, að þessi ósk er ekki fram komin af því, að mönnum finnist gróði bankans of rýr, eða fjárhagur hans eigi í lagi í höndum núverandi bankastjórnar. Jeg vil láta það koma fram í umræðunum, að menn viðurkenni hans dugnað í þá átt, að láta bankann græða, og gjöra hann að sterkri og álitlegri stofnun, viðurkenni hans miklu varúð og varfærni, og kunni honum og gæzlumönnunum þakkir fyrir þeirra fyrirhyggjusama búskaparlag, sem hefir leitt til þess, að bankinn nú er orðinn svo sterk stofnun, að við höfum vonir um, að hann geti starfað og gagnað margfalt meira framvegis en hingað til. Það er fyrir þetta, sem jeg vil láta viðurkenningu mína í ljósi hjer í deildinni, því þetta hefir leitt til þess, að landsmenn hafa fullt traust á bankanum sem sterkri peningastofnun, og að almennur áhugi er nú vaknaður hjá landsmönnum á því, að bankinn úr þessu fari að neyta styrkleika síns, og sinna

fleiru og meiru en hingað til, og vegna þess vilja menn nú svo eindregið, að framkvæmdarstjórinn hafi ekki nema það eina starf, svo hann geti gefið sig allan við bankanum og látið bankann gjöra sem mest. Eins og jeg hika eigi við, að gefa framkvæmdarstjóra bankans þessa maklegu viðurkenningu fyrir starf hans, eins treysti jeg því, að hann muni ekki halda fast í þennan aukastarfa, þar sem hann er í vellaunuðu embætti. Og jeg treysti honum til þess, að eins og hann hingað til hefir látið sjer annt um hag bankans, eins muni hann vilja unna bankanum þess, að fá mann, sem geti gefið sig við honum heill og óskiptur.

Jeg held því, að úr þessu muni innan skamms greiðast með fúsum vilja allra hlutaðeigenda, og þess verði ekki langt að bíða, að framkvæmdarstjórastarfið verði sjerskilið og fengið sjerstökum manni í hendur, og hygg jeg því, að eigi þurfi á 2. tölul. í breyt.till. á þingskj. 310 að halda.

En vilji menn ekki taka hana aptur, heldur haldi henni til streitu, og hún fengi svo fram að ganga, þá gæti það hæglega orðið til þess, að fæla 2 flinka starfsmenn frá bankanum; þeir mundu sjá sig neydda til að yfirgefa hann og ryðja sjer aðra atvinnubraut. Og það hika jeg ekki við að segja, að gæti orðið til mikils skaða.

Jeg lýsi því yfir, að jeg mun ekki greiða atkvæði með þessari tillögu, og vildi biðja h. forseta að bera töluliðina upp, hvern í sínu lagi.

Indriði Einarsson: Jeg get ekki látið þetta mál ganga fram hjá mjer, án þess að segja nokkur orð.

Út af breyt.till. um laun bankastjórans, þá skal jeg taka það fram, að jeg hallast meir að 5 þúsund en 4 þúsund krónum, af þeim sömu ástæðum sem h. 1. þm. Ísf. (S. St.) tók svo vel fram. Mjer heyrðist að einhver tæki það fram, að ef laun bankastjórans yrðu að eins 4 þúsund kr., þá ætti veðið, sem hann setur nú, að falla burtu, en það er hreint ekki meiningin, og þess vegna greiði jeg atkv. með 5 þúsund, en móti 4 þúsund kr. Jeg verð líka að biðja menn að gæta þess, að framkvæmdarstjóri landsbankans er maður, sem hefir ákaflega mikið vald. Hann ræður yfir viðskiptum, að minnsta kosti peningaviðskiptum, manna að miklu leyti. Hann grípur miklu meira inn í viðskiptalífið en nokkur annar maður, þar sem hann hefir ótakmarkað vald til að neita mönnum um eða veita mönnum peningalán; hann gjörir í mörgum tilfellum fátækan eða ríkan og hefir í því tilliti meira vald en dómari, amtmaður eða jafnvel landshöfðingi. Við vitum að t. d. dómarar geta haft mikil áhrif á hag einstaklingsins, en það eru mest glæpamenn, og svo þeir, sem af einhverjum ástæðum eru neyddir til að fara í mál, sem þeir hafa áhrif á. En þetta starf snertir alla þá, sem nokkur viðskipti vilja hafa við bankann, og það eru ærið margir, enda munu lánbeiðnir til bankans vera miklu fleiri en þau mál, sem koma fyrir alla dómstóla landsins til samans.

H. þm. Snæf. (P. Br.) sagði, að það væri nauðsynlegt að bankastjóri kynni lög. Það er hreint engin brýn þörf á því; lagakunnátta er að miklu leyti fyrir utan þeirra verkahring. Það er venja víðast hvar ytra, að hver banki hefir vissan málafærslumann, sem hann spyr til ráða þegar á þarf að halda. Bankinn hjer hefir líka eða að minnsta kosti hefir haft vissan málafærslumann, sem hefir flutt öll mál fyrir bankann. Það er reyndar satt, að fyrir bankastjóra eru teknir stundum málafærslumenn, af því að málafærslumenn ytra fá svo mikla reynslu í peningaviðskiptum við

það, að þeir innkalla fje fyrir hina og þessa og annast um útborganir eptir erfðaskrám, standa fyrir skiptum á búum og hafa opt mjög mikið fje uudir höndum og eru opt yfir höfuð að tala millimenn milli lánbeiðanda og lánveitanda. Bankastjórar annarstaðar eru vanalega kaupmenn og verksmiðjueigendur og aðrir slíkir menn, sem fengið hafa reynslu í peningamálum. Bankastjórar í Danmörku eru opt stjórnfræðis-kandídatar, af því að þeir hafa lært bankafræði, þjóðmegunarfræði o. s. frv. og hafa »theoretiska« þekkingu, en vanalega eru það ekki »juristar«, en hver banki hefir æfinlega einhvern »juridiskan consulent«.

H. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) kvað menn vera mjög óánægða með það, að framkvæmdarstjórastörfin væru fengin hálaunuðum embættismanni í hendur. Jeg get ómögulega respekterað þá óánægju manna, sem sprottin er af öfund yfir því, að einhver dugandi maður hefir há laun. Þegar talað er um almenna óánægju og gert svo mikið úr þýðingu hennar, þá er mjer sama, hvort hún er almenn eða eigi; aðalatriðið er, hvort hún er á rökum byggð.

Út af breyt.till. þingskj. 310, þá skal jeg taka það fram, að samkvæmt skilningi hæstv. landsh. á 1. málsgrein frv. við 2. umræðu, þá ætti hún að vera óþörf, en það getur verið, að jeg hafi misskilið hæstv. handsh.. En hvað um það. Álítur deildin, að það sje til að bæta samkomulagið milli starfsmanna bankans, að setja þessi ákvæði, þessi ákvæði, sem hljóta að spilla allri samvinnunni í bankanum. Þegar þessir 2 starfsmenn, sem fyrir órjettinum verða, sjá bankastjórann, þá hlýtur þeim eðlilega í hvert sinn að detta í hug: »Já, þarna situr þá hinn gamli refur». Þessi deild er ei ein um þetta frv. fremur en önnur, og af því jeg þykist fullviss, að efri deild kippi þessu í lag, þá greiði jeg ekki atkvæði mót frv., þó þessi breyting kæmist á, til þess að frv. geti komizt áfram til efri deildar.

Sigurður Stefánsson: Jeg þarf ekki að svara mörgu því, sem h. þm. Snæf. (P. Br.) sagði um, að bankastjóri þyrfti að vera lagamaður, því h. þm. Vestm. (I. E.) hefir þegar gert það. Það er ekki allt komið undir því, að fá góðan lagamann til að stjórna bankanum, heldur miklu fremur undir því, að fá til þess hygginn og duglegan kaupmann, eða góðan »forretningsmann«.

H. þm. Snæf. (P. Br.) sagði, að jeg vildi helzt hafa hinn núverandi bankastjóra áfram með þessum launum, sem hjer er stungið upp á. Það voru ekki mín orð, en jeg sagði, að þó kostur væri á ungum kandídat og óreyndum, þá vildi jeg ekki hafa skipti á þeim framkvæmdarstjóra, sem vjer höfum nú, og honum.

H. þm. var líka að tala um, að framkvæmdarstjóri þyrfti ekki að vera fjarskalöglærður. Hvað löglærður skyldi hann þurfa að vera? Það lítur út fyrir, að h. þm. sje að benda á einhvern vissan mann, þegar hann talar svona. Jeg vil hafa menn, sem eru vanir peningastörfum, og það eru þeir menn vanalega, sem lengi hafa staðið fyrir stórum verzlunum. En til þess að fá slíkan mann, sem ef til vill yrði að yfirgefa stóra kaupverzlun, verður að launa starfið vel, og því get jeg ekki álitið nóg að launa það með 4000 kr. Jeg verð að álíta þetta starf meira áríðandi en hæstu embætti á Íslandi.

Það er slæmt, að jeg skuli hafa talað svo ógreinilega, að h. þm. Dal. (J. P.) skyldi ekki geta skilið mig. Jeg sagði og segi enn, að mjer sje ómögulegt að skilja, að landsstjórnin geti ekki

bráðlega útvegað annan nýtan framkvæmdarstjóra í stað þess, sem nú er. Jeg geng út frá því að þetta sje hægt, og það mun innan skamms koma fram hjer í deildinni þingsál.till. um, að landsstjórnin geri þetta hið bráðasta. Jeg get þess vegna ekki sjeð, að nokkur geti skellt sökinni á þingið, þó að þessir 2 starfsmenn verði enn um nokkurn tíma að búa við sömu kjör og þeir hafa nú. Það verður að vera á ábyrgð landsstjórnarinnar, ef hún vill halda einum vissum manni í bankastjórasýslaninni um aldur og æfi, ef jeg mætti segja svo. H. þm. Dal. (J. P.) talaði mikið um, að það væri allrar virðingar vert, hve vel og búmannlega hinn núverandi bankastjóri hefði staðið í stöðu sinni. Mjer dettur ekki í hug að bera á móti þessu, jafnvel þó jeg á hinn bóginn ekki geti lokið sjerlegu lofsorði á framkvæmdarstjórann, þó hann hafi getað látið bankann græða talsvert fje. Jeg held meira að segja, að hjer í þessari þingd. sjeu margir svo miklir búmenn, að þeir mundu hafa getað grætt talsvert fje á sama tíma, ef þeim hefði verið fengnar 500,000 kr. rentulaust til að ávaxta. Jeg segi þetta ekki til þess að álasa neinum, en jeg álít að ekki þurfi að halda langar lofræður um það, að bankinn hefir grætt þessi ár.

Þar sem h. þm. Dal. (J.P.) enn fremur tók það fram, að landsstjórnin mundi fús á að gera það, sem breyt.till. fara fram á, enda þótt það stæði ekki í lögunum, þá skil jeg ekki, að hverju leyti það getur þá skaðað frv., þótt þessar breyt.till. komizt að, eða þótt það sje tekið fram með ljósum orðum, sem þingið vill í þessu efni. En ef landsstjórnin vill halda fast við hinn núverandi framkvæmdarstjóra, þá verður það að vera stjórnarinnar sök, eins og jeg sagði áðan, að starfsmenn bankans fá ekki hærri laun.

Sami h. þm. sagði, að ef hinir núverandi starfsmenn bankans gengju úr hans þjónustu, þá mundi bankinn líða stórtjón við það, og jafnvel missa það traust, sem menn nú hefðu á honum. Þetta get jeg ómögulega skrifað undir, því þó að einir 2 eða 3 menn fari frá, þótt nýtir sjeu, þá útilokar það engan veginn, að aðrir fullt eins nýtir menn geti gefið sig fram. Mjer er ómögulegt að skilja, að ekki megi fá á öllu Íslandi eins góðan bankastjóra, eins góðan bókara og eins góðan gjaldkera, eins og þá, sem nú eru við landsbankann, enda þótt jeg játi, að þeir sjeu allir mjög vel hæfir menn, hver í sínum verkahring. En jeg vona, að landsstjórnin og bankastjórinn láti það aldrei þurfa að koma til, að starfsmennirnir þurfi að fara frá. Þess vegna get jeg heldur ekki skrifað undir það, að bankinn þurfi að missa tiltrú manna, þótt frv. þetta með tilheyrandi breyt.till. verði að lögum.

Jeg get heldur ekki fallizt á, að h. þm. Vestm. (I. E.) hafi rjett fyrir sjer í því, að óánægjan með bankastjórann sje sprottin af öfund almennings yfir þeim háu launum, sem hann hefir. Jeg held það sje ekki ástæða til að brigzla Íslendingum um, að þeir öfundi embættismennina af þeirra háu launum, því í því tilliti munu þeir vera hinar meinlausustu skepnur á guðs grænni jörðu. Jeg segi fyrir mig, að þó jeg sje að berjast fyrir þessu frv., þá er það ekki sprottið af öfund til neins manns, heldur af því einu, að jeg er sannfærður um, að það er bankanum sjálfum fyrir beztu, að breyting komist sem fyrst á stjórn hans og starfsvið.

Sigurður Gunnarsson: Jeg skal ekki vera langorður um þetta mál, en að

eins taka fram nokkur atriði því viðvíkjandi.

H. þm. Vestm. (I. E.) talaði um, að það væri hin mesta nauðsyn, að laun bókara og gjaldkera við landsbankann væru hækkuð. Þetta kannast jeg við, og þykist enda hafa sýnt það í verkinu. En h. sami þm. sagði einnig, að það væri ósanngjarnt, að taka launahækkun þessara starfsmanna upp í sama frv. og laun bankastjórans, þar sem til þess gæti komið, að ákvæðin um laun hinna lægri starfsmanna fyrir það sama næði eigi fram að ganga. En þess ber að gæta, að það má heldur ekki gera þjóðinni, sem á að nota bankann, rangt til. En, til þess að þjóðinni ekki verði gert rangt til, heyrir það meðal annars, að bankinn sje opinn fyrir almenning á hverjum tíma dags, sem vera skal, og framkvæmdarstjóri hans jafnan við höndina. Sumir segja, að það sje ekki svo mikið að gera í bankanum, eins og nú stendur; en er það sönnun fyrir því, að störf bankans gætu ekki verið meiri og ættu ekki að vera meiri? Er bankastörfunum gegnt eins vel og eins lengi á degi hverjum sem vera ber? Jeg tel með öllu víst, að viðskiptin við bankann fari vaxandi, ef sjerstakur bankastjóri yrði skipaður, sem allt af væri til taks á skrifstofunni.

H. þm. Vestm. (I. F.) sagði, að það mundi eiga langt í land, að hinn núverandi bankastjóri færi frá, því hann þyrfti þess ekki, þótt þetta frv. yrði að lögum, en jeg skil ekki, hvað landsstjórninni ætti að geta gengið til, þvert á móti sanngjörnum kröfum þings og þjóðar, að vilja ekki útvega sem fyrst annan hæfan, sjerstakan bankastjóra, sem ekki hefði öðrum störfum að gegna, eða hvað hinum núverandi bankastjóra ætti að geta gengið til að vilja einu sinni sjálfur halda þessari aukagetu, ásamt sínu hálaunaða embætti. Jeg er viss um, að annar eins sómamaður, eins og hann er, lítur meira á hag alls landsins en þessar krónur, sem hann hefir fyrir þetta aukastarf sitt. Jeg veit, að hann er svo mikill föðurlands vinur.

Þar sem h. þm. Dal. (J. P.) tók fram, að hinn núverandi bankastjóri ætti miklar þakkir skilið fyrir starfsemi sína í þarfir bankans, þá get jeg vel fallizt á það, að svo miklu leyti sem hann hefir reynzt gætinn og áreiðanlegur maður við það starf; en jeg hygg þó, að bankinn mundi að sjálfsögðu hafa verið kominn miklu lengra á veg, og að viðskiptin við hann hefði verið miklu fjörugri, ef upphaflega hefði verið skipaður sjerstakur bankastjóri, því ef það hefði verið duglegur og fær maður, þá er auðvitað, að hann hefði getað starfað meir og betur í þarfir þess konar stofnunar og þjóðarinnar, en hinum núverandi bankastjóra hefir verið mögulegt í sambandi við sitt vandasama embætti.

Jeg verð þess vegna að vera með breyt.- og viðaukatill. 6 h. þm. á þingskjali 310, en aptur á móti þeirri lækkun á bankastjóralaununum, sem farið er fram á í þingskjali 238.

Loks get jeg vel fallizt á, að hækka laun bókarans um 400 kr.

ATKVÆÐAGR.: Fyrri breyt.till. 258 samþ. með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalla, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Árni Jónsson,	Benidikt Sveinsson,
Jón Jónss. þm. N.-M.	Gunnar Halldórss.,
Jón Jónss. þm. N.-Þ.	Indriði Einarsson,
Lárus Halldórsson,	Jens Pálsson,
Ólafur Briem,	Jón Þórarinsson,

já:	*nei:*
Ólafur Ólafsson,	Jónas Jónassen,
Olafur Pálsson,	Sig. Gunnarsson,
Páll Briem,	Sig. Stefánsson,
Sveinn Eiriksson,	Skúli Thoroddsen.
Þorl. Guðmundsson.	

Eiríkur Briem greiddi ekki atkv.

Fyrri breyt.till. 310 samþ. með 20 atkv.; síðari breyt.till. 258 samþykkt með 14 atkv.; viðaukatill. 310 samþ. með 17:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir skriflegri ósk 6 nafngreindra þm. og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Sig. Jensson,	Jens Pálsson,
Árni Jónsson,	Jónas Jónassen,
Benidikt Sveinss.,	Lárus Halldórsson,
Gunnar Halldórss.	Sig. Gunnarsson.
Jón Jónsson þm. N.-M.	
Jón Jónssnn þm. N.-Þ.	
Jón Þórarinsson,	
Ólafur Briem.	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Pálsson,	
Páll Briem,	
Sigurður Stefánsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Eiríksson,	
Þorlákur Guðmundsson.	

Þm. Vestm., Indriði Einarsson, greiddi ekki atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 21 atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um þóknun handa hreppsnefndarmönnum (C. 289); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. orðalaust í e. hlj. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um breytingu á lögum nr. 30, 11. júli 1890 um breytingar nokkrar á tilsk. 4. mai 1872, um sveitastjórn á Íslandi o. fl. (C. 198); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði (C. 272); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. orðalaust og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um stofnun háskóla á Íslandi (C. 205); 2. umr.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg skal geta þess, að þegar við 1. umr. fjekk þetta mál góðar undirtektir hjá h. þingd., og skal jeg því ekki að þessu sinni orðlengja mjög að nauðsynjalausu um það, nje fara út í hin einstöku atriði málsins, með því líka jeg veit, að h. þingd. hefir kynnt sjer frumv., sem hefir verið látið liggja frammi, til 2. umr., en skal geyma mjer það til 3. umr., en jeg skal að eins leyfa mjer að lýsa því yfir, að í sambandi við reynslu og vaxandi þekkingu þjóðarinnar hefir fest sjer djúpar rætur hjá henni, að þörf sje á þess konar menntastofnun hjer á landi, þar sem íslenzkum lögum og rjettarfari væri skipað öndvegi, og jeg er sannfærður um það, að h. þingd. er mjer í fyllsta máta samdóma um, að slík stofnun, væri ekki einungis nauðsynlegt skilyrði fyrir eðlilegum framförum, festu og þroska í löggjöf og rjettarfari alls landsins, heldur fyrir alla þjóðlega starfsemi, sem hvervetna er viðurkennd að efli alla dáð og dugnað, ekki einungis hjá einstaklingnum, heldur allri þjóðinni í heild sinni; því »vísindin efla alla dáð«.

Í sambandi við kostnaðinn í 4. gr., skal jeg stuttlega taka það fram, að áhrif þau, sem vísindin hafa á land og lýð, og þeir hagsmunir og sú hagsæld

sem af þeim leiðir, þegar þau hafa fest rætur í hjarta þjóðarinnar, þá borgar hún margfalt — já, jeg segi þúsundfalt — þann tiltölulega litla kostnað, sem það hefir í för með sjer, til þess að koma þessari stofnun á fót.

. Jeg skal svo ekki að nauðsynjalausu — eins og jeg sagði áðan — fara fleiri orðum um þetta að sinni, fyr en jeg heyri raddir frá einstökum þm., en að eins að endingu árna þessu velferðarmáli alls góðs hjá h. þingd.

. ATKVÆÐAGR.: 1. og 2. gr. voru samþ. í e. hlj. með nafnakalli; 3. gr. samþ. í e. hlj.; viðaukatill. við 3. gr. (ný 4. gr.) samþ. í e. hlj.; 4. gr. sem verður 5. gr., samþ. í e. hlj.; breyt.-till. við 5. gr. samþ. í hlj.; 5. gr. sem verður 6. gr. samþ. í e. hlj.; 6. gr., sem verður 7. gr. samþ., í e. hlj.

Frumv. svo vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumv, til laga stofnun ullarverksmiðju (C. 183, 227); 2. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Við 1. umr. málsins komu þær mótbárur fram frá nokkrum h. þingdm., að þingið hefði eigi næga tryggingu gagnvart landssjóði fyrir láni því, sem frv. fer fram á, en jeg þóttist þá, eptir því sem föng voru á, sýna þeim fram á, að þetta væri byggt á misskilningi og ókunnugleika á málinu, en jeg hef samt sem áður í hyggju, með öðrum h. þm. að koma með breyt.till. við 3. umr., er fari í þá átt, að hækka veðið, þannig að verksmiðjan með öllu tilheyrandi ásamt verkefni og vörubyrgðum skuli metin og vátryggð fyrir 160,000 kr. Þm. Borgf. (Gr. Th.), sem stendur núna svo brosleitur hjer við hliðina á mjer, lagði það til á síðasta þingi, að 80,000 kr. aukaveð væri sett fyrir láninu, en þetta skilyrði var auðsjáanlega svo gíturlegt, að alls engin hvöt gat legið með því móti í lögunum, til þess fyrir nokkurn mann að koma máleíni þessu eða fyrirtæki á fót. — H. þingd. má ómögulega gleyma því, að á þessum 10 árum, sem frumv. tekur fram að lánið skuli veitast vaxtalaust, þá kemur þingið saman 5 sinnum, og í sambandi við það hefir landsstjórnin allan þann tíma bæði töglin og hagldirnar, og er því innan handar að haga sjer eptir því, sem atvikin og ástand verksmiðjunnar horfa. H. þingd. má ekki gleyma því, að þetta er hin mesta velgjörð fyrir allt landið, fyrirtæki, sem getur gjört og hlýtur að gjöra það sjálfstætt gagnvart öðrum þjóðum og vinna því ógrynni fjár, með því að margfalda arðinn af hinum helztu afurðum þessullinni. Jeg skal á hinn bóginn geta þess, að maður getur hugsað sjer, að lánið sje greitt, áður en verksmiðjan er fullsmíðuð. Ef t. d. ríkur Englendingur setur fulla tryggingu fyrir, að verksmiðjan verði reist, áður en búið er að byggja hana, þá getur það verið alveg það sama, sem fyrirtækið væri bókstaflega komið á fót, því óhult trygging er óhult trygging, í hverju sem hún er fólgin.

Ólafur Ólafsson: Jeg hafði gjört mjer von um, að nú við 2. umræðu þessa máls yrði komin fram breyt.till. við frumv. þetta, en sú von hefir brugðizt. Jeg er sömu skoðunar sem fyr, að meðan frumv. liggur fyrir eins og það er, verð jeg að vera á móti því. Jeg rengi eigi þann mögulegleika, að verksmiðjan geti borið sig, en það getur líka verið að hún ekki beri sig, og þá álít jeg tryggínguna lítilsvirði fyrir landssjóðinn; landssjóðurinn yrði eptir frv. skaðlaus, einungis ef verksmiðjan brynni, en ekki ef önnur óhöpp bæru að hendi. Ef

verksmiðjan gengi illa, annaðhvort af því að forstöðumaðurinn væri ónýtur eða af öðru, þá hlyti landssjóður að skaðast, því jeg vil eigi drótta að neinum þeim glæp, að hann fari að kveikja í henni, bara til þess að landssjóður eigi biði fjártjón. Jeg vil eigi láta landssjóðinn ráðast í neitt fyrirtæki í blindni, jeg vil eigi vísvitandi baka honum skaða. Þetta getur verið glæsileg hugmynd, en jeg er eigi enn þá orðinn svo hugfanginn af vaðmálsströngunum, sem von er á úr verksmiðjunni, að jeg fyrir það hafi lokað augunum fyrir tjóni því, sem landssjóðurinn getur orðið fyrir í því efni. Breyt.till. kann að geta lagað frumv., en hún verður að koma áður en jeg get gefið því atkvæði. Það verður að búa hjer betur um hnútana, ef jeg á að verða málinu fylgjandi. Jeg neita því eigi, að þetta geti orðið landinu til einhvers góðs, en jeg held að það sje margt fleira, sem geti orðið auðsuppspretta, en að stofna ullarverksmiðju, og það enda betri. H. varaforseti (B. S.) gat þess við 1. umr., að verksmiðjan skyldi vinna 60 þús. pd. af ull á ári, en nú er flutt út um 1½ miljón pd. af ull. Það yrði þá ekki nema dálítill hluti af ullinni okkar, sem þessi mikla fabrikka gæti unnið. Það veitti þá líklega eigi af að stofna eins margar verksmiðjur eins og sýslur eru í landinu eða enda einar 25 verksmiðjur, þótt jeg hafi eigi reiknað það nákvæmlega, en um það leyti að þær eru allar komnar á laggirnar með sama eða líku fyrirkomulagi og hjer er farið fram á, mætti landssjóður blæða. Það er ætíð varlegra, að stíga eigi út á hálku, svo maður brjóti eigi bein sín. Ef einum manni eða fjelagi væri gefinn kostur á að fá lán með svo vægum kjörum, sem hjer er farið fram á, þá held jeg fleiri færu að koma til að fá sömu kjör. Frumv. þarf að taka miklum breytingum til þess, að jeg geti aðhyllzt það. Nú er að eins ein umræða eptir, og misheppnist breytingarnar á frumv. við þá umræðu, þá verður verra við að gjöra. Það hefði verið betra fyrir flutningsmennina og alla, að breyt.till. hefðu komið í tíma.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Það er fátt, sem jeg hefi að athuga við tölu h. þm. Rangv. (Ól. Ól.). Jeg get mjög vel sætt mig við þau orð hans, að fyrirtækið gæti borið sig og að það gæti líka verið, að það ekki bæri sig, því þetta má segja um öll mannleg fyrirtæki; það er eigi til það fyrirtæki, sem ekki getur brugðizt. H. þm. getur eigi stigið eitt fótmál, sem eigi getur brugðizt. Ef þm. Rangv. (Ól. Ól.) ætlaði að ganga út úr þingsalnum, þá gæti vel svo farið, að hann dytti niður steindauður áður en henn gæti lokið upp hurðinni. Ef farið er út í slíkar »Yderligheder«, þá fer maður út fyrir þau takmörk, sem skynsamlegri umræðu og íhugun um þetta og öll önnur mál eru samboðin. Það er þessvegna í sjálfu sjer engin skynsamleg ástæða fyrir því í þessu máli, að þetta fyrirtæki geti borið sig, nje heldur móti því, að hugsazt geti, að það ekki beri sig. Á hinn bóginn er það skylda þingsins, að gjöra sjer ljósa grein fyrir því, hvort nokkrar skynsamlegar líkur geta legið til þess, að hið síðara yrði ofan á. Gjöri menn ráð fyrir, að hjer sje unnið úr sama efni, íslenzku ullinni, sem unnið er úr á Englandi, í jafngóðri verksmiðju og þar, og henni svo stjórnað af jafnnýtum manni, eins og þar, þá fer jeg nú fyrir mitt leyti ekki að geta skilið, að árangurinn og arðurinn af verksmiðjuvinnunni geti orðið að mun annar hjer og annar á Englandi. —

Flutningurinn á ullinni til Englands hlýtur þó að kosta eitthvað, það er ómögulegt að flytja hana án kostnaðar til Englands. Það er því þýðingarlítil og jafnvel barnaleg mótbára, að verksmiðja geti eigi eins borgað sig hjer eins og í öðrum löndum, og þó á Englandi sje, þar sem vinnukrapturinn er einmitt dýrari en hjer. Það er hreinn og beinn misskilningur hjá þm. Rangv. (Ól. Ól.), að verksmiðjan eigi að búa til vaðmál. Nei, hún á að búa til klæði, dúka o. fl., ekki meðfram úr upptánum fatatuskum, eins og þau klæði eru, sem Rangæingar nú girnast og kaupa í sölubúðum kaupmanna, heldur úr hreinni góðri íslenzkri ull, þeirri sömu ull, sem Rangæingar og Íslendingar yfir höfuð senda nú út úr landinu óunna fyrir lítið verð, til þess að geta rænzt eptir útlenzku fataefni og ljereptum fyrir ofur hátt verð, sem þeir standa svo í nötrandi og skjálfandi í vetrarkuldanum á Íslandi. Jeg skil aldrei þá þingmenn, eða aðra menn, sem eru að ímynda sjer, að Íslendingar sjeu í raun og veru menntuð (civiliseruð) þjóð, en eigi þó um aldur og æfi að vera dæmdir til að vera vinnuþrælar annara þjóða, að þeir geti látið sjer nægja með að klekja upp nokkrum þúsundum sauðkinda í eymd og volæði, en flevgja svo burtu frá sjer ullinni, þessu ágæta fatnaðarefni, eins og hún kemur af skepnunni, og láta erlendar selstöðu-blóðsugur fara með hana óunna fyrir sárlítið verð rjett framan í augunum á sjer til þess, að vinna hana í klæði og dúka, og á þann hátt græða á henni ógrynni fjár. Ef menn vildu fylgja æfisögu dúkanna og klæðanna, sem kvennfólkið á Íslandi er að sækjast eptir í hverri búð, þá mundu menn komast að raun um, að efnið í þeim sumum hverjum er eigi merkilegt. Það er ósköp að vita til þess, hvað Íslendingar sækjast eptir þessum útlendu klæðum, sem bæði eru haldverri, kaldari en jafnvel vor eigin ófullkomni ullarvefnaður. H. þm. Rangv. (Ól. Ól.) ætti fremur að hugsa um þetta, en að vera allt af að hugsa um óskynsamleg breyt.atkv.

Þingmaðurinn var hræddur um að verksmiðjustjórinn yrði ónýtur, og sagði það yrði bezt að verksmiðjan brynni. En jeg er viss um að h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) yrði fyrstur manna til þess, eptir því sem hann nú talar, að láta sjer hugfallast, ef verksmiðjan brynni, því vart mundi hann hugrakkari að endurreisa hana, en hann nú er að koma henni upp í fyrstu, en vissi þingmaðurinn um það, hvernig gengur með slíka hluti hjá öðrum þjóðum, þá mundi hann ekki æðrast. Nei, brenni slíkar verksmiðjur hjá þeim, eru þær þegar í stað reistar upp aptur, og óskandi væri að það væri nær skapi þingmannsins að hætta ekki við hálfgjört verk, heldur byrja aptur og aptur og hætta eigi fyr en hinum góða tilgangi er náð, þótt hann kosti margar tilraunir.

H. þm. Rangv. (Ól. Ól.) tók það enn fram, að það sem þessi verksmiðja gæti unnið væri að eins lítill hluti af íslenzku ullinni, en hvað sýnir það annað, en að vjer fylgjendur þessa máls viljum fara varlega? Vjer viljum byrja á því, sem er »kvantitativt« lítið, en »kvalitativt« fullkomið, eða með öðrum orðum, lítið að stærð. en fullkomið sýnishorn í sjálfu sjer, eða því, sem það nær. Á móti þessu getur þingmaðurinn ekki haft, án þess að komast í berustu mótsögn við varúðar-viðbárur sínar.

Þá er einlægt verið að klifa á því, að það sje svo mikil hætta fyrir landssjóðinn að veita lán það, sem frumv. fer fram á, rjett eins og engin hætta geti annars verið á ferðum, þegar fje

er lánað út. En þetta er aptur rammasti misskilningur. Jeg skal taka sem dæmi, að einhver kemur til bankans í dag og fær 5000 kr. að láni móti jarðarveði, en svo kemur jarðeldur upp á morgun og gjöreyðir jörðinni. Hvað mundi svo h. þingm. Rangv. (Ól. Ól.) segja um trygginguna fyrir þessu láni? Allir heilvita menn sjá, að þetta er nokkuð, sem enginn getur varazt.

Jeg álít þetta spursmál ekkert annað en eins konar tímaspursmál fyrir h. þm. Rangv. (Ól. Ól.), úr því hann ekki vill beita skynsemi sinni við það, en jeg get fullvissað hann um það, að þetta mál hlýtur að ryðja sjer til rúms fyr eða síðar, og jeg þori alls óhræddur að bera þetta frumv. fram sem hið mesta og gagnlegasta áhugamál framtíðarinnar, þó vjer á þessari stundu sjáum ekki eða getum ekki gjört oss grein fyrir þýðingu þess fyrir land og lýð.

Jeg hjelt að h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) tryði mjer að öðru leyti til þess að koma fram með breyt.atkv. það, sem jeg ráðgjörði, og að jeg mundi sjá ráð til að koma því löglega inn í þingið við 3. umr., enda vona jeg að hann verði mjer hjálplegur í því. Ef þingmaðurinn hefur fleiru að bæta við frv., þá vil jeg gjarnan njóta aðstoðar hans, sje það frumv. til bóta, en mjer hefur eigi getað hugsazt nema þessi eina breytingartillaga, sem sprottin er af mótbárum þingmannsins sjálfs.

Ólafur Ólafsson: Mig furðar stórum á því að h. framsögum. (B. Sv.) skuli allt af vera að bera þessa verksmiðju sína saman við verksmiðjur í Englandi. Það vita þó allir, að hvergi á byggðu bóli er eins hentugur staður fyrir verksmiðjur eins og á Englandi og — jeg held mjer sje óhætt að segja — hvergi eins óhentugur eins og hjer úti á hala veraldar.

Hann sagði að ekki þyrfti að flytja ullina frá Íslandi til Englands, ef verksmiðjan væri hjer, og að sá flutningskostnaður sparaðist. En nokkuð mun það þó kosta að flytja ullina hjer innanlands til verksmiðjunnar, og skyldi ekki þurfa að flytja eitthvað annað frá Englandi til Íslands, til þess að geta unnið ullina hjer? *(B. Sv.:* Mjög lítið). Að minnsta kosti mun þó þurfa að flytja eitthvað af kolum til verksmiðjunnar, þótt verkvjelarnar sjálfar verði drifnar með vatnsafli, og flutningsgjaldið á þeim frá Englandi til Íslands mun varla verða minna en flutningsgjaldið á ullinni frá Íslandi til Englands. Jeg skal nú gjöra ráð fyrir að allt gangi vel, og að góð og vönduð klæði — jeg skal gjöra h. þm. (B. Sv.) það til geðs að nefna ekki vaðmál — verði unnin í verksmiðjunni. En hvað leiðir af því? Það, að klæðin verða dýr. Og hvað leiðir aptur af því? Af því leiðir að alþýða kaupir ekki klæðin hjer, og þau verða flutt út, en Íslendingar klæðast útlendum ljereptsrýjum eptir sem áður. Jeg neita ekki að vinna megi hjer í verksmiðju eins góð klæði og á Englandi, en klæði unnin hjer mega til að verða dýrari vegna þess, að allur tilkostnaður verður hjer miklu meiri; um það þýðir ekki að prátta. Það er hætt við að fari líkt og með sauðina. Íslendingar ala þá nú á seinni árum minnst upp til matar handa sjer, heldur til þess að selja þá til útlanda, og kaupa svo þaðan aptur fyrir þá rúg og annað ljettmeti. Það er satt, sem h. framsögum. (B. Sv.) sagði, að jarðir geta eyðzt af jarðeldi; en mun ekki verksmiðjan geta það líka? Það er ekki langt á að minnast, að á Húsavík högguðust traustar byggingar við jarðskjálfta.

Jeg hef enn ekki getað sannfærzt um ágæti verksmiðjunnar, og því síður hef

jeg getað sannfærzt um það, að rjettur landssjóðs sje vel tryggður með þessu frumv. Jeg vil ekki að landssjóður bíði neitt tjón við þessa lánveiting, það vil jeg tryggja, og jeg veit að sú er og meiningin hjá h. framsögum. (B. Sv.); jeg er sannfærður um að hann vill ekki að landssjóður skaðist um einn eyri; en hitt er annað mál, hvort hann hefur sjeð vel fyrir að svo verði ekki, ef hann fær þessu frumv. framgengt. Landssjóður getur skaðazt, af því að veðið reynist of lágt, ef til þess kæmi að þyrfti að selja verksmiðjuna til skuldalúkningar. Það skaðar ekki hjer fremur en endrarnær að búast við hinu illa, hið góða skaðar ekki. Það er satt að vjer getum hrasað og fallið, og þess vegna göngum vjer varlega. (*B. Sv.*: Jeg geng hart). Það getur verið satt, en h. þm. (B. Sv.) horfir niður fyrir fætur sjer; en jeg kalla það ekki að horfa fyrir fætur sjer, ef ekki er rutt úr veginum þeim steinum, sem þar liggja til falls og foraðs.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): H. þm. Rangv. (Ól. Ól.) sagði, að rangt væri að bera það saman, að vinna ull í verksmiðjum á Íslandi og í Englandi, og að hann gæti varla ímyndað sjer verri stað fyrir verksmiðjur en Ísland. Jeg gæti eptir þessu ímyndað mjer að h. þingm. Rangv. (Ól. Ol.) hefði heldur átt að segja að guð hefði sett Ísland á hinn versta stað á hnettinum. En hvernig stendur á því að ekki er hægt að vinna ull á Íslandi? Það er máske ekki heldur hægt að framleiða ull þar? Eptir setningu h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) ættu vinnukonur hans að flytja sig og rokk sinn til Englands og spinna ullina þar; fyrst það er svo miklu hægra að vinna ullina yfir höfuð þar en hjer, þá er líklega þeim mun hægra fyrir vinnukonur þingmannsins að spinna hana þar en hjer! Hvernig stendur á því að ekki er eins hægt að vinna ull á Íslandi eins og í Englandi með alveg sömu verkfærum og af alveg eins vel hæfum manni? Það kemur líklega til af því, að maðurinn verði fyrir þeirri »metamorfósis« eða eðlisbreytingu hjer á Íslandi, með öðrum orðum, að hann missi þekkingu sína við það að koma til Íslands? Látum það satt vera, að eitthvað lítið eitt þurfi að flytja af kolum til verksmiðju hjer á landi.

En það get jeg ómögulega skilið, nema h. þingm. Rangv. (Ol. Ól.) sýni mjer að svo sje, að vatnið hjer sje ekki eins hentugt til að hreyfa verkvjelar á Íslandi eins og í Bradford, eða að þyngdarlögin sjeu öðru vísi hjer en þar. H. þm. Rangv. (Ól. Ol.) veit, að ekki eru kolanámur hvervetna á hnettinum, og að þau eru víða brúkuð í verksmiðjum, þar sem þau eru miklu dýrari en í Englandi. Jeg skal nefna Kaupmannahöfn, þangað eru kol fluttt frá Englandi og allir vita að litlu ódýrara er að flytja þau þaðan til Kaupmannahafnar en til Íslauds.

H. þingm. Rangv. (Ól. Ól.) játaði að verksmiðjan mundi geta búið tll góð og vönduð klæði. En mig furðaði stórum á því, að mjer skildist ekki betur, en að hann teldi það skaða fyrir verksmiðjuna, að frá henni kæmu góð klæði. (*Ól. Ól.*: Jeg sagði að alþýða mundi ekki kaupa þau). Það getur verið að h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) ætli að það sje eptir smekkvísi stúlknanna í Rangárþingi, að vilja ekki góð og vönduð klæði, en jeg þekki það að konur og karlar á Norðurlandi vilja helzt klæðast góðum og fögrum klæðum, og að konur þar horfa alls ekki í að kaupa sjer dýrt fataetni, þegar það er fagurt og haldgott. Svona er það á Norðurlandi, en jeg þekki ekki sem sagt smekk karla og kvenna í Rangárvallasýslu.

H. þm. Rangv. (Ól. Ól.) sagði að eins mundi fara með klæðin og sauðina, að vjer mundum senda það út úr landinu. Jeg játa, að hin mikla sauðasala er slæm fyrir landið. En af hverju verða menn að selja sauði sína? Einmitt af því, að vjer vinnum ekki sjálfir ullina af þeim. Ef ullin af sauðunum væri unnin eins vel hjer eins og erlendis í dýran vefnað og skinnin görfuð, þá er jeg sannfærður um að vjer fengjum eins mikið fyrir ullina og skinnið, — og ullin komin í dúk og skinnið orðið að görfuðu leðri — eins og vjer fáum nú fyrir sauðina með húð og hári, sem menn segja. Það er fátækt landsmanna, sem knýr þá til að selja of mikið af sauðum í sambandi við ot mikinn innstraum af útlendum matmælum, varningi og vörum, nauðsynlegum og ónauðsynlegum, nýtilegum og skaðlegum. Þetta játa allir skynsamir menn; bændurnir játa það, og jafnvel sumir kaupmennirnir játa það. Jeg hef heyrt gamlan og reyndan kaupmann, mann sem flestir munu virða fyrir hyggindi, jeg hef heyrt hann segja að það væri sorglegt til þess að vita að bændur seldu sauði sína út úr landinu, en keyptu aptur miklu verra viðurværi frá útlöndum. Alveg sama hlutfall er með ullina; menn selja hana burt úr landinu, en kaupa aptur óvandaðan vefnað frá útlöndum. En meðan allt situr í sama horfinu, meðan Íslendingar vinna ekki framleiðsluefni síns eigin lands, einkum ullina, á meðan lagast þetta ekki, á meðan lifa þeir meira en góðu hófi gegnir á útlendum matvælum, og á meðan klæðast þeir útlendum voðum og vefnaði, sjer til minnkunar, heilsuspillis og fjártjóns. Íslendingar ættu ekki að apa ósiðina eptir öðrum þjóðum, heldur ættu þeir að taka upp eptir þeim menningarsiði og menningarþrek. Ein hin öruggasta og augljósasta undirstaða undir því að þeir geti komið til að standa jafnfætis menntuðu þjóðunum er það, að þeir vinni frumefni lands síns og vinni úr þeim svo góða, fagra og dýra vöru, sem framast er unnt. Þetta er full sannfæring mín og vissa, og þessu held jeg hiklaust fram, hvort sem margir eru mjer samdóma um það eða fáir, nokkur eða alls enginn, því að jeg vil ekki að eins með vörunum, heldur af hjarta, að Íslendingar ekki að eins sjeu herrar í sínu eigin húsi, heldur einnig, að þeir sjeu og verði þess maklegir og megnugir, en það verða þeir aldrei og geta ekki orðið meðan því fram vindur, að þeir leiða hjá sjer hin mestu þjóðmegunar- og þjóðmenningarmál.

Árni Jónsson: Jeg tek undir með h. þm. Rangv. (Ól. Ól.), að jeg hef enn ekki getað sannfærzt um að frv. þetta sje svo úr garði gjört, að jeg geti greitt atkvæði með því; þrátt fyrir hinar snjöllu og ítarlegu varnarræður h. framsögum. (B. Sv.), hef jeg ekki getað sannfærzt um, að hagsmunirnir við fyrirtæki þetta sjeu eins miklir og h. framsögum. gerir ráð fyrir. Hann tók ítarlega fram við 1. umræðu, hve mikill hagurinn mundi verða; en það var einnkennilegt við framsetningu ræðumannsins, að það var eins og hann gjörði ráð fyrir, að allur þessi mikli hagur mundi renna inn hjá landsmönnum, en verksmiðjueigandinn einskis njóta af honum. Mjer hefði þótt heppilegra að h. framsögum. (B. Sv.) hefði gjört ráð fyrir, að hagurinn lenti 10 fyrstu árin hjá verksmiðjueigandanum, og þá skil jeg ekki í, að hann hefði ekki getað rekið þessa arðsömu atvinnu, án þess að fá lán úr landssjóði. Jeg skil ekki í að sá, sem getur ráðizt í að koma á fót slíku stór-fyrirtæki fyrir eigin peninga, að hann geti þá ekki eptir það rekið atvinnuna styrklaust;

arðurinn af henni ætti þá að verða eitthvað minni en gjört er ráð fyrir.

H. framsögum. (B. Sv.) mun ekki ókunnugt um, að mál þetta var fyrrlega rætt á fundi heima í hjeraði okkar; hann veit það líka að málið fjekk daufar undirtektir hjá mörgum, og að þeir vildu að því væri ekki fylgt fram. Þar var það tekið fram, að þó fyrirtækið ef til vildi borgaði sig, mundi naumast óhætt fyrir landssjóð að lána fje til þess með þeim kostum, sem farið er fram á í frv., svo ósýnn var hagurinn af því talinn. Það hefir verið gjört ráð fyrir, að 60000 pund af ull væru unnin í verksmiðjunni. Það ætti því að verða fyrst og fremst hagur, ef þessi ull seldist hærra en venjulegt verð gerist, en þetta er óvíst og nær eigi til annara en þeirra, sem kæmu ull sinni út hjá verksmiðjunni. Í öðru lagi hefir því verið haldið fram, að klæði úr verksmiðjunni mundi verða ódýrara en frá útlöndum; um þetta liggur einungis fyrir áætlun frá einum manni, og hann segir ekki annað í áætluninn, en að það muni ekki verða dýrara en aðflutt efni, og það vel að merkja, ef það sje tryggt; hann bendir á, að það muni þurfa »protection« eður lagavernd til að halda dúkum verksmiðjunnar í sama verði og útlendum dúkum; en verndartollur hefir ekki þótt gefast vel, og hjer á þingi hefir menn greint á um þá stefnu, en það þó orðið ofan á, að hún mundi ekki heppileg, enda bendir öll verzlunarsagan á, að »protection« sje fremur óhapparáð en happa. Það má því búast við, ef enginn tollur verður settur til verndar dúkum verksmiðjunnar, að aðrir dúkar enn ódýrari og eins fagrir komi á markaðinn, og keppi við dúka verksmiðjunnar, svo að svo fari, að hún verði annaðhvort að setja þá niður, eða sitja með þá, og þá getur líka farið svo, að ágóðinn minnki.

Í útlöndum þykja ýmsir gallar fylgja verksmiðjunum; það eru ekki talin nein sældarkjör fyrir verkmannalýðinn, að vinna í þeim; þangað safnast fátæklingar, og lifa á daglaunavinnu, venjulega ekki vel launaðri; þeir verða ósjálfstæðir, og eins og eitt hjólið í vjelunum sem þeir vinna við. Það er rjett, sem tekið var fram af merkum manni á Ljósavatnsfundinum, að vjer ættum sízt að óska eptir þess konar stjett hjer á landi. Það hefir verið tekið fram, að heppilegt mundi, að koma upp samskonar vjelum, sem eru í Þingeyjarsýslu. Það mun og rjett álitið; þær vjelar hafa gefizt vel, og heimilisvinna hefir aukizt við þær; og jeg hef þá trú, að heimilisvinna og hagsæld þjóðarinnar eflist meira við það, að komið sje upp kembingar- og spunavjelum í hjeruðum, en við það, að ein stór verksmiðja sje reist, einhverstaðar á landinu. Ef þessi verksmiðjugjörð ætti að miða til þess, eins og h. framsögum. (B. Sv.) annað slagið hefir látið vaka í veðri, að vinna alla íslenzka ull, þá mundi öll heimatóvinna hverfa, en það mundi hvorugur okkar telja heppilegt. Þá þykir mjer tryggingin fyrir láninu ekki svo góð sem æskilegt væri; þó að verksmiðjan standi að veði fyrir því, þá er það óvanalegt að landssjóður láni út með þeim kjörum, að tryggingarfjeð sje ekki meira en lánsfjeð; og þó h. framsögum. (B. Sv.) komi með þá breyt.till., að verkefnið skuli einnig vera veð fyrir láninu, þá sýnist mjer það ekki fulltryggilegt, því búast má við, að ekki verði mikið verkefni fyrirliggjandi, ef til þess kæmi, að grípa þyrfti til veðsins.

H. framsögum. (B. Sv.) tók það fram, að þetta fyrirtæki mundi verða til þess,

að stemma vesturfarastrauminn; honum verður ekki ráðfátt nú á dögum að stemma þann straum, en fyrir mitt leyti verð jeg þó að ætla, að þetta ráð sje ekki svo óyggjandi; það er ólíklegt að það mundi hafa mikil áhrif á vesturfarir, þótt einir 50 menn fengju atvinnu við verksmiðju þessa, og sjerstaklega verð jeg að ætla þetta af því, að þeir 2 menn, sem að undanförnu hafa unnið við ullarvjelarnar á Halldórsstöðum, og höfðu þar gott kaup, fóru báðir síðasta ár til Ameríku, til mikils skaða fyrir vjelavinnuna þar, eins og h. framsögum. (B. Sv.) mun kannast við. Það er víst allsendis ósannað hjá h. framsögum., að ekki sje dýrara að reka hjer verksmiðju en á Englandi; til að sýna það með rökum þarf miklu nákvæmari áætlun en honum er lagið að gjöra um stórfyrtæki sín.

Jeg skildi ekki það sem h. framsögum. var að tala um sauðasöluna. Það liggur annað til grundvallar fyrir henni, en það sem hann tók fram; það sem liggur til grundvallar fyrir henni er, að lifnaðarhættir manna hjer á landi hafa breytzt, og það þarf annað og fleira en ullarverksmiðjur, til að koma þeim í annað horf aptur. Af þessum ástæðum, og af því, að jeg álít tryggínguna ófullnægjandi, get jeg ekki greitt atkvæði með frumv.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg get í sannleika sagt um það, sem h. þm. Mýr. (Á. J.) talaði, að höggur sá, er hlífa skyldi. Jeg er sannfærður um, að ef forstöðumaður og eigandi tóvinnuvjelanna á Halldórsstöðum í Laxárdal hefði heyrt ræðu h. þm. (Á. J.), þá hefði hann orðið alveg hissa, jafnvel þótt hann heyrði þm. á fundi að Ljósavatni í vor pota fram öllum mögulegum og ómögulegum ástæðum móti máli þessu, eins og hann enn gerir hjer í þingsalnum. Mig furðar, að h. þm. (Á. J.) skyldi ekki sjá, að það sem hann sagði um heimilisvinnuna, var talað alveg út í hött, og henni með öllu óvið komandi. Hjer ræðir að eins um það, að mjög lítill hluti af hinni íslenzku ull, sem annars er flutt og hefir verið flutt út óunnin, 60,000 pund af 1,500,000 pundum, verði unnið í landinu sjálfu á eins fullkominn hátt og erlendis er gert. Það liggur því í augum uppi, að nóg ull muni verða til í landinu til heimilisvinnu. Jeg hefi sagt það og það er sannfæring mín, að það sje amta- og sveitamál, að hlynna að heimilisvinnunni og koma upp smátóvinnuvjelum í því skyni; það á ekkert skylt við þetta mál og má því ekki blanda því inn í það. Sá verksmiðjuliður, sem er á Halldórsstöðum, hefir bætt heimilisvinnuna og aukið í Þingeyjarsýslu; þar er kembd og spunnin ofan-af-tekin ull, sem þangað er flutt víðs vegar að úr hjeraðinu, og hvað kemur það þessu frv. við? Jeg gæti vel skilið, að h.þm. Mýr. (Á. J.) mundi verða því fylgjandi, ef einhver styngi upp á því, að búta 120,000 kr. af landsfje niður milli hjeraðanna, til þess að koma þar upp lítilfjörlegum tóvinnuvjelum. En jeg tek mjer í munn orð h. þm. Snæf. (P. Br.), að varúðarvert sje að búta niður fje landsins, og missa alveg sjónar á aðalframfaramálum þess, og að það muni vera meira hyggindaráð, að halda því saman til framkvæmdar stórfyrirtækjum. Menn mega ekki missa sjónar á því, hvað landssjóður á að gera í mótsetningu við það, sem sveitirnar eiga að framkvæma. Skilur ekki h. þm. (Á.J.) þetta? Það var einmitt greinilega tekið fram á fundinum á Ljósavatni um þessar tvær ólíku stefnur. Annað mál

var það, að sumir fundarmenn vildu una við þetta lága, sem er hvorki hálfur fiskur nje hálfur fugl,—það er jafnan nóg til af þeim hugsunarhætti þar og hjer — þeir vildu una við þessar smáu tóvinnuvjelar, eins og þær sem á Halldórsstöðum eru; en það var ekki meiri hlutinn, heldur var hitt samþykkt með meiri hluta atkvæða, sem jeg nú fram fylgi, og það í sjálfri kirkjunni á Ljósavatni við háaltarið, þar sem prófasturinn sjálfur sat og stýrði fundinum. Jeg vona, að h. þm. (Á. J.) beri ekki hálfrangar sögur af þessum fundi, enda var jeg á þeim fundi, eins og hann, og er jafnvitnisbær sem hann; fundargerðin, sem hjer liggur á lestrarsalnum, ber það að öðru leyti með sjer, að niðurstaðan varð sú, að fram fylgja þessu máli í þá stefnu, sem hjer liggur fyrir, en jafnframt, að æskilegt væri, að þingið vildi styðja heimilisiðnaðinn, eptir því sem kostur væri á.

H. þm. (Á. J.) tók margt og smátt fram í ræðu sinni, og mjer kemur ekki til hugar að elta það allt eða tína það saman. Hann var að tala um protection, og mjer skildist svo sem afleiðingin af því, að komið væri upp þessari verksmiðju, mundi verða sú, að vjer yrðum að leggja tolla á útlenda vefnaðarvöru. Mikið skelfileg tilhugsun væri það, að þingið legði sanngjarnan toll á vondan útlendan varning, til þess að hindra óeðlilegan og skaðlegan innflutning hans í landið og til þess að styðja iðnað í landinu sjálfu. Er ekki hræðilegt til þess að hugsa? Jeg segi það, að Íslendingar geti þó unað við þessa hugsun, og farið þar að dæmi annara þjóða. Hvað sem þessum »kosmopolitisku« skoðunum líður, að fella niður alla tolla, þá hafa hvorki Englendingar nje Ameríkumenn horfið frá þeim. Evers vegna ættu þá Íslendingar fremur að forðast þá? Jeg held það sje alveg óþarfi fyrir þá, að vera að elta þær hugmyndir, sem aldrei munu ryðja rjer til rúms, og sem aldrei geta rutt sjer til rúms, á meðan þjóðernis- og sjálfræðistilfinningin ríkir hjá þjóðunum. Þetta kalla jeg nú að fljúga í loptinu, og fara ekki með jörðunni. Jeg skil ekki í, hvernig h. þm. (Á. J.) getur fengið af sjer að prjedika þá setning í þingsal Íslendinga, þá setning, segi jeg, sem dæmi um Ísland til að vera um aldur og æfi selstöð útlendra þjóða. Jeg vil spyrja, hvaða rjett hafa útlendingar til að flytja glys og óhófsvörur stanzlaust og takmarkalaust inn í landið, án þess að landsstjórnin gjöri nokkuð til þess að styðja innlendan iðnað, svo að vjer þurfum sem minnst að sækjast eptir útlendum iðnaðarvörum, heldur getum orðið sem mest sjálfbjarga? Jeg skil ekki í, að það geti verið princip nokkurrar þjóðar, að vera sem mest upp aðra komin; hitt skil jeg að hver þjóð keppist við af ýtrasta megni að leggja allt í sölurnar til að geta fullnægt sem bezt og mest eigin lífsþörfum, og sæki það eitt til annara, sem landið og þjóðin getur eigi framleitt.

Þetta er jeg sannfærður um að er rjett hugsun og rjett stefna. Það getur enginn sannur Íslendingur viljað, að land sitt sje opin ruslakista, sem útlendingar kasti í og fylli upp með alls konar óþarfar, óhollar og jafnvel skaðvænar vörur. Hjer getur hver gengið að hindrunarlaust, getur farið með oss, mjer liggur við að segja, eins og hreina og beina barbara, eða skrælingjaþjóði sem að vísu stagast á orðunum: framför og frelsi, en veit þó ekki, hvað í þessum orðum liggur, eða hvað þau heimta af oss. Því hefir enn verið kastað fram, að óhollt lopt væri í stórum

verksmiðjum á Englandi. En slíkt getur varla orðið mótbára móti þessari litlu verksmiðju. Það á ekki heldur hjer við að tala um þá vanbrúkun auðsins sem á sjer stað í Ameríku; hana þarf víst varla að óttast á Íslandi, þar sem örbirgð og fátækt situr að völdum. Það er því ástæðulaust og fram yfir það, að koma með þá grýlu.

H. þm. (Á. J.) sagði, að ef ull væri unnin í verksmiðjunni, þá hyrfi öll heimilisvinna. En má jeg spyrja: getur nokkurt kvint af útfluttri ull komið heimilisiðnaðinum til góða? Geta konur ekki eptir sem áður haldið eptir ull til heimavinnu, eins og þeim bezt líkar? Auk þess er hjer að eins að ræða um lítinn hlut af ull þeirri, sem út er flutt. Þessi ástæða hverfur því af sjálfu sjer. Þess er líka vel að gæta, að það er svo langt frá að verksmiðjan muni skaða ullarframleiðsluna, að hún þvert á móti hlýtur að auka hana, og það í svo miklum mæli, að ómögulegt er að gera sjer hugmynd um það, hve geysimikið það yrði. Þegar farið er að vinna ullina í landinu sjálfu, þá hækkar hún í verði, og meira kapp verður lagt á að framleiða hana; verksmiðjan og auðsafn það og arður, sem af henni leiðir, hlýtur einnig að hafa stórkostleg tilbakaverkandi áhrif á starf bóndans eða landbúnaðinn. Það er yfir höfuð ómögulegt að hugsa sjer út í æsar öll þau áhrif til hagsmuna og framfara, sem verksmiðjurnar geta haft og hljóta að hafa. Hvert það fyrirtæki, sem eykur fjármagn, eflir framleiðsluna. Skiptingin á fjenu eykur starfsemi og dugnað, sem aptur getur af sjer nýtt fje, er streymir út um alla limi þjóðfjelagsins, eins og blóðið streymir um mannslíkamann.

H. þm. (Á. J.) áleit það gripið úr lausu lopti hjá mjer, að Ameríkufarir mundu fara minnkandi, ef verksmiðjur kæmust hjer á fót, og jeg skal játa það, að það mundi hafa lítil áhrif á Ameríkufarir, þótt 50 menn fengju vinnu á verksmiðjunni; það var eigi það, sem jeg meinti, heldur hitt, að ef þing og stjórn sýndi landsins börnum, að hjer væri verkefni fyrir höndum til að vinna, þá mundi það draga hugi þeirra frá Ameríkuferðum, er þeir sæju einlæga og þrekmikla viðleitni í að opna þeim nýjar atvinnubrautir, svo þau þurfi ekki að slíta sjer upp árangurslítið eða árangurslaust á sams konar erfiði og áður. Hjer væru opnaðir nýir mögulegleikar fyrir menn til atvinnu og auðsældar, og þeir mundu jafnskjótt vilja sjá, hvort þessir mögulegleikar geti ekki aflað þeim auðs og velgengni með iðnaðarvinnunni.

Jeg get fullvissað h. þm. (Á. J.) um, að í sjálfri Þingeyjarsýslu, þar sem margt skynsamlegt er hugsað, en því miður líka margt óskynsamlegt nú á síðari árum, þar eru margir karlar og margar konur, sem ekki vilja vera í því landi, þar sem þjóðþing þess spyrnir á móti því sem brennandi báli, að landsmönnum sje gefinn kostur á iðnaði og iðróttavinnu, og sem lætur það alveg afskiptalaust, þótt kynslóð á kynslóð ofan verði að vinna á sama eða líkan hátt sem hin ferfættu vinnudýr.

Jeg get því ekki sjeð, að þetta mál sje Ameríkuferðunum óviðkomandi, þar sem vjer verðum þó að játa, að fólkið flýr hjeðan af landi burt einmitt fyrir skort á arðsamri atvinnu og sæmilegu kaupgjaldi, enda hef jeg nú sýnt fram á, að ein af aðalorsökunum til þess einmitt standi í nánu sambandi við þetta mál. En þá fæ jeg ekki heldur betur sjeð, en að þær fáu hræður, sem eptir verða á landi hjer, megi þakka fyrir að geta

tekið náttúrukraptana í sína þjónustu, já neyðist til þess að láta vatnið snúa vinnuvjelum fyrir sig, í staðinn fyrir vinnukonurnar rokkunum; því færri sem íbúar landsins verða, því meiri þörf hafa þeir á því, að taka krapta náttúrunnar í sína þjónustu, og láta þá vinna fyrir sig að dæmi siðaðra þjóða.

Þegar jeg gekk upp á þing í kvöld, datt mjer ekki í hug að jeg þyrfti að tala svona mikið í þessu máli. Mjer datt ekki í hug að fram mundi koma gegn því svo margar mótbárur, viðbárur, já, hjegiljur og hindurvitni, eins og jeg hef orðið að heyra á þessu kvöldi. Það skyldi gleðja mig, ef jeg þyrfti ekki að svara fleiru af slíku en orðið er, en jeg finn skyldu mína að verja mál þetta svo lengi sem þörf gerist

Jón Jónsson þm N.M.: Þó jeg fari að tala eitthvað í þessu máli, þá ímynda jeg mjer, að h. framsögum. (B. Sv.) segi, að skoðanir mínar á því sjeu ekki annað en hindurvitni, en jeg vil samt leyfa mjer að gjöra stuttlega grein fyrir atkvæði mínu, sjerstaklega af því, að h. framsögum. kvaðst ekki geta skilið, að nokkur Íslendingur gæti verið á móti þessu máli, og að Íslendingar, með því að hafna því, sýndu að þeir væru ekki í tölu siðaðra þjóða. Jeg býst því við, að hann álíti að hver sá þm., sem greiðir atkvæði móti málinu, vilji vinna að því, að gjöra Íslendinga að siðlausum skrælingjum. Jeg hef íhugað þetta mál svo vandlega, sem mjer hefir verið unnt. En þrátt fyrir hina snjöllu ræðu h. framsögum. (B. Sv.) verð jeg þó að játa, að eins og jeg áður hefi verið trúlaus á þetta fyrirtæki, eins trúlaus er jeg á það enn. Jeg hefi heyrt sagt, að þetta mál væri eitt hið mesta, ef til vill hið allra mesta áhugamál h. framsögum. (B. Sv.), og þess vegna ímynda jeg mjer líka, að hann hafi dregið fram öll þau meðmæli, sem hugsanleg eru, með þessu máli. Meðal annars hefir hann sagt, að enginn mundi byrja þetta fyrirtæki í hagnaðarskyni, heldur af ást til Íslands. Þetta eitt er nóg til að gjöra mig trúlausan á framkvæmd þessa fyrirtækis, því á svo háu stigi er nú föðurlandsástin ekki enn hjá oss Íslendingum. Jeg held líka, að h. framsögum. (B. Sv.) hafi ekki verið alvara, er hann mælti þetta, því jeg man ekki betur en að í áætlunum þeim, sem hann hefir yfir tekjur og kostnað af þessu fyrirtæki, þá sje áætlaðar 14000 kr. ágóði á ári; þegar svo á að bæta við 120,000 kr. láni, þá sýnist mjer nú að föðurlands ástin þurfi töluverða upphvatning. Enn fremur sagði h. framsögum. (B. Sv.), að eptir 10 ár mundi þetta fyrirtæki vera búið borga sig með því að veita landsmönnum arð af vinnunni í verksmiðjunum, og þó mundi verksmiðjan aðeins veita 50 mönnum atvinnu á ári, og þeim líklega sumum útlendum fyrst um sinn. Ætli dúkarnir frá verksmiðjunni yrðu þá ekki nokkuð dýrir, þegar búið væri að veita 50 mönnum svo há verkalaun við verksmiðjuna, að það margborgaði landinu 120,000 kr. lán á 10 árum?

H. framsögumaður spurði, hvernig á því stæði, að hjer væri hægt að producera ull, en ekki vinna hana í verksmiðjum. Jeg held það liggi nú öllum í augum uppi, nema ef h. framsögum. sjer það eigi, að það er af því, að skilyrðin fyrir því, að þær skepnur, sem ullin vex á, geti lifað hjer, eru hjer til staðar, en þar á móti eru ekki hjer til staðar skilyrði fyrir því, að verksmiðjur geti þrifizt hjer.

Það hefir verið tekið fram áður af 1

eða 2 h. þingdm., hver ósamkvæmni sje í því hjá h. framsögum. (B. Sv.), að segja, að verksmiðjan muni gefa af sjer svo og svo mikinn arð af hverju ullarpundi, sem framleiðist í landinu, en gjöra þó ekki ráð fyrir, að hún vinni meira en 60,000 pd. af ull á ári, og vil jeg því ekki fjölyrða um það.

Jeg get ekki annað en látið það í ljósi, eins og jeg reyndar hef áður gjört, að jeg álít enn mjög litla tryggingu fyrir landssjóð, að lána svona mikið fje til slíkrar stofnunar, sem hjer ræðir um, því reynist það, að verksmiðjan geti ekki borið sig, þá verður hún að hætta, og þá fyrst reynir á tryggingnna. Og hvað halda h. þingdm., að sje mikið verð í verksmiðju, sem enginn vill nota hjer? Jeg held það hljóti öllum að vera ljóst, að sú verksmiðja er lítils eða einkis virði. *(B. Sv.:* H. þm. talar út í loptið!). H. framsögum. á hægt með að segja, að maður tali út í loptið, en hann á erfiðara með að sanna það. Jeg held líka, að jeg tali ekki meira en hann út í loptið í þessu máli.

H. framsögum. (B. Sv.) hefir opt látið í ljósi, að enginn mundi gefa ráðizt í þetta fyrirtæki, nema einhver útlendur kapitalisti. En rjett áðan var hann að bera mönnum á brýn, að þeir vildu að Ísland væri opin ruslakassi fyrir útlenda selstöðumenn. Vill h. flutningsm. (B. Sv.) þá bæta enn einu hólfinu í þennan ruslakassa, sem hann svo kallar? vill hann koma hjer upp útlendri selstöðuverksmiðju?

Af þessum ástæðum get jeg ekki greitt atkvæði með þessu máli með h. framsögum. (B. Sv.); en aptur get jeg vel tekið undir með h. framsögum. (B. Sv.), að því er þetta mál snertir, að stundum komi ýmislegt óskynsamlegt í seinni tíð úr Þingeyjarsýslu.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson); Jeg þarf ekki að svara ræðu h. þm. N.-Múl. (J. J.), því hún var ein óttaleg mótsögn frá upphafi til enda. Þar var enga logik, engan hugsunarþráð að finna. Annaðhvort verður hann auðsjáanlega að ganga út frá því, að fyrirtækið borgi sig, eða hann verður að ganga út frá því gagnstæða. En h. þm. gjörði hvorugt. Þar var ekkert annað en þetta »ef» «ef«, eða »hefði« »hefði», sem aldrei hefði.

Mótbárur, sem menn koma með svona alveg út í loptið, eru svo langt frá að sanna eina lifandi ögn, að þær eru skynsömum þingmanni alveg ósamboðnar.

Á áætluninni sjer hann, ef hann vill skoða hana lið fyrir lið, að ágóðinn er ekkert að telja í samanburði við óbeinlínis hag landsmanna af fyrirtækinu, og ef þingmaðurinn getur ekki rengt áætlunina í einum lið, þá hefir hann heldur ekki ástæðu til að rengja hana í öðrum liðum, úr því hann telur sig ekki færan til að dæma um málið nema með tómum «efum« og »hefði«. Jeg skil ekki hættuna, sem þetta frv. getur haft í för með sjer fyrir landssjóð, því fá eða ekkert fyrirtæki mun hættuminna en þetta. Að vísu er það svo, að ekkert fyrirtæki er til, sem ekki getur mistekizt. Dýrar vegabætur og hvað eina, sem landssjóður kostar, getur mistekizt. Man h. þm. ekki eptir því, að einu sinni var lagður vegur yfir Mývatnsöræfi, og sá vegur ónýttist af hraunflóði úr eldgosinu mikla hjer um árið, svo leggja varð nýjan veg hringinn í kringum hraunin? Nú ætti, eptir logik h. þm., að hætta við að kosta vegagjörðir á Íslandi, af því vegir hafa misheppnazt þar, eða er það ekki rjett skynsemisályktun af mótbárum h. þm?

Þegar vjer vorum að tala um það

hjer í þingd. í fyrra dag, að leggja út í að leigja gufuskip fyrir 50000 kr. á ári, þá gátu menn líka sagt: ja, þetta fyrirtæki getur mistekizt. Vjer, sem vorum með því fyrirtæki, gátum mjög vel sýnt fram á, að fyrirtækið gæti misheppnazt, já meira að segja, hlyti að mistakast, ef það skyldi gjört til beinna hagsmuna fyrir landssjóð, eða jafnvel honum að skaðlausu. — Samt sem áður sögðu menn, að það væri tilvinnandi, að kaupa reynsluna fyrir því, hvort fyrirtækið gæti borgað sig.

Jeg vona nú, að h. deild gjöri sjer þann sóma, að hlynna að þessu máli, þó það verði ekki til annars, en að kaupa reynsluna fyrir því, hvort þetta fyrirtæki geti borgað sig einnig með; annars segir deildin sitt í hverju augnablikinu, eptir því sem á henni liggur. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um málið, að þessu sinni.

Árni Jónsson: Jeg vil ekki vera að karpa við h. framsögum. (B. Sv.). Hann skreppur eins og honum er lagið úr einu í annað og fer í ótal króka. Hann byrjaði á því, að ef Magnús á Halldórsstöðum væri hjer og heyrði orð mín, þá mundi hann verða alveg hissa. Mikil ósköp væru það, ef Magnús á Halldórsstöðum yrði hissa! Hvað yrði úr því? Máske ullarverksmiðjan kæmist ekki á fót fyrir bragðið? Magnús er góðkunningi minn, og jeg veit ekki betur en honum sjeu kunnar skoðanir mínar í þessu máli. Það var svo mikið rætt um þetta fyrir norðan á Ljósavatnsfundinum, bæði af mjer og öðrum, þar á meðal framsögum. (B. Sv.). Þar talaði enginn máli ullarverksmiðjunnar nema hann og Magnús á Halldórsstöðum, en margir á móti. H. framsögum. (B. Sv.) vildi þá og enn gjöra svo mikinn greinarmun á, að þetta væri landsfyrirtæki, en smærri vjelarnar hjeraðamál. Það má nú lengi deila um það, hvað eru landsfyrirtæki, og hvað hjeraðamál, þegar um það eitt er að ræða, að landssjóður styrki fyrirtækin með lánsfje, er full trygging á að vera fyrir að endurborgist.

Ef einhver vildi koma á fót einhverju gagnlegu fyrirtæki, þá væri skrítið, ef ekki mætti styrkja það, nema það væri kallað landsfyrirtæki. Jeg held að við, þegar þessa dagana, — og það eins h. framsögum. — höfum greitt atkvæði með ýmsum styrkveitingum á fjárlögunum, sem ekki geta allar talizt til landsfyrirtækja. Jeg veit heldur ekki betur, en vjelarnar á Halldórsstöðum styðjist við styrk af landsfje. Sýslufjelag Suður-Þingeyjarsýslu stendur — að því er jeg hygg — í ábyrgð fyrir endurborgun á landssjóðsláni, sem fengið hefir verið til vjelanna, enda þótt eigandi þeirra hafi aptur sett sýslufjelaginu tryggingu.

H. þm. (B. Sv.) þótti við eiga — jeg veit ekki í hvaða skyni — að lýsa því yfir, að fundurinn á Ljósavatni hefði verið haldinn í kirkjunni. Það var satt: fundurinn var haldinn í kirkjunni. En af því öðrum út í frá kynni að þykja það óviðkunnanlegt af mjer sem prófasti að vera persónulega við, og líða það, að fundur væri haldinn í kirkjunni, þá vil jeg skýra það dálítið. Þessi kirkja á Ljósavatni er önnur af þeim 2 torfkirkjum, sem eptir eru í mínu prófastdæmi, og er komin alveg að falli og á að leggjast niður og timburkirkja að koma í staðinn. Eigandinn og ábúandinn á Ljósavatni var búinn, að fá viðinn heim, og byrjaður á smíði kirkjunnar, sem á að standa í öðrum stað, þegar þessi fundur var haldinn. Og um það leyti, sem jeg lagði á stað, var verið að reisa kirkjuna. Mun hún því fullgjör nú. Þar sem nú einnig er prestlaust sem stendur í þessu presta-

kalli, þá var skoðað sem svo, að þessi gamla kirkja, komin að falli, væri sem næst lögð niður. Í Suður-Þingeyjarsýslu er ekkert hús til fundarhalda. Reyndar ætluðu sýslubúar, og voru komnir vel á veg með, að koma sjer upp fundarhúsi, einmitt á Ljósavatni, en h. framsögum. (B. Sv.) mun bezt vera kunnugt um, hverjum það er að kenna, að það hefir ekki orðið. Af þessum ástæðum leyfði jeg, að kirkjan væri notuð í þetta sinn, þó jeg annars sje allsendis á móti, að kirkjur sjeu hafðar til fundarhalda, eins og h. framsögum. (B. Sv.) einnig er fullkunnugt um, ef hann man það eins vel og þetta, sem mjer sýndist óþarft fyrir hann að koma með, því það er alveg fyrir utan málið. Jeg veit eigi í hvaða skyni hann hefir gjört það, nema það skyldi vera til þess, að seilast persónulega til mín, eins og hann hafði í hótunum á þingfundi í öðru máli hjer á dögunum. En mig langar ekki til að fara út í neitt persónulegt við hinn h. þingm. og hefði því heldur kosið, að hann erti mig ekki til þess.

H. framsögum. (B. Sv.) segir, að jeg beri skakkar sögur af Ljósavatnsfundinum. Því mótmæli jeg alveg. En það er ekki til neins fyrir mig að vera að þræta um það við hann, því hjer er enginn sem getur dæmt á milli. En jeg legg óhræddur umræður okkar hjer í dag, undir atkvæði þeirra manna, sem voru á Ljósavatnsfundinum, þegar þeir lesa þingtíðindin. Þessi till. sem h. framsögum. talaði um, og sem h. framsögum. og Magnús á Halldórsstöðum einir töluðu fyrir, var samþykkt að mig minnir með 22 atkv. gegn 18. En hin tillagan, sem framsögum. (B. Sv.) hefir gleymt að geta um, var samþ. með öllum atkv., og hún gekk út á það, að fundurinn skoraði á alþingi að hlynna að tóvinnuvjelum þeim, er greiða fyrir heimilisvinnu, og bæta hana og prýða, með því að heimila fjelán úr landssjóði til slíkra fyrirtækja með sem vægustum kjörum. Samkvæmt þeim umræðum og atkvæðum á fundinum verður því eigi betur sjeð, eða rjettara lesið, en að menn hneigðust meir að því, að fara hægt og gætilega, og efla hinar minni vjelarnar, sem menn álitu að gæti orðið til mikilla bóta og framfara, og ætti sem víðast að komast á fót.

Að því er snertir »protection« eður verndartolla, þá tók jeg það eigi upp hjá sjálfum mjer, heldur man jeg eigi betur en það standi í álitsskjali því frá Magnúsi á Halldórsstöðum, er lá fyrir þinginu í hitt eð fyrra, og sem enn mun vera hjer hjá framsögum. Þetta sýnist benda á það, að Magnús vill ekki gjöra ráð fyrir, að dúkar smiðjunnar geti keppt við útlendan vefnað, eða selzt hjer jafnhliða honum fullu verði, nema lagður sje verndartollur á útlenda dúka, svo að þeir hækki svo í verði, að hægt sje að selja hina innlendu dúka svo dýrt, sem verksmiðjueigandinn vill. Við það fá menn allt svo ekki betra verð, heldur hærra en ella, og tel jeg óvíst að menn verði þá svo fjarska ánægðir með ullarverksmiðjuna, ef til vill í höndum útlends auðmanns, er reynir að auðga sig.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg kannast ekki við, að jeg með vilja hafi haft neina útúrkróka. Að minnsta kosti komast þeir þá ekki í neinn samjöfnuð við alla þá króka og útúrdúra, sem h. þm. Mýr. (Á. J.) hefir viðhaft. Það var satt, að það voru sjer í lagi 2 menn, Magnús og jeg, sem á fundinum á Ljósavatni töluðu fyrir þessu máli, en það kom til af því, að sýslunefndin hafði gjört okkur þá æru að kjósa okkur í nefnd ásamt hinum þriðja manni, Jakobi factor á Húsavík, sem gat ekki komið á fundinn, en sendi að eins skjal,

þar sem hann vill láta sleppa verksmiðjustofnuninni, en styrkja sýslufjelögin til að koma upp hjálparvjelum við heimilisiðnaðinn, líkt og á Halldórsstöðum. En hvorutveggja var samþykkt með fullri meðvitund allra fyrir því, að annað var landsfyrirtæki, en hitt prívatmál, eða í hæsta lagi hjeraða- eða sveitamálefni. Magnús á Halldórsstöðum hefir aldrei fengið neina opinbera viðkenningu, og það sem h. þm. Mýr. (Á. J.) var að tala um, að vjelarnar á Halldórsstöðum hefðu fengið styrk úr sýslusjóði, þá er það ekki rjett; það var að eins lán. Sýslusjóðurinn fjekk lán úr landssjóði, sem gekk til Magnúsar, og sem hann hefir borgað vexti og afborganir af til sýslusjóðsins, svo hann aptur borgi landssjóði, og með þetta lán hefir Magnús staðið í skilum alveg upp á eyri allt til þessa dags, svo að ekkert er eptir honum að telja, nema ef vera skyldi það, að hann hefir ávaxtað fje landssjóðs, og gjört heimilisiðnaðinum ómetanlegt gagn. Kirkjuna á Ljósavatni datt mjer ekki í hug að nefna til þess, að niðra h. þm. Mýr. (Á. J.) sem prófasti, fyrir að hafa lánað kirkjuna til fundarhaldsins, heldur að eins til að minna hann nákvæmlega á stund og stað; það er gömul og góð regla, að tilnefna stund og stað, þegar maður vill minna annan á eitthvað alvarlega, því muni maður stund og stað, þá man maður jafnaðarlega glöggar og betur, hvað þar gjörðist. Jeg veit vel, að h. þm. (Á. J.) hefir aldrei verið þessu máli hlynntur, en jeg hefði óskað eptir, að hann hefði látið mótbárur sínar í ljósi dálítið í öðru formi, en ekki með þessum kala og kappi. Það er auðheyrt, þegar menn tala, í hvaða anda það er gjört, og allrar virðingar vert, þegar menn koma með skynsamlegar ástæður, sem sprottnar eru af sönnum áhuga á málefninu, en ekki aðrar eins tölur, eins og h. þm. (Á. J.), hefir borið á borð fyrir deildina í kvöld.

Jónas Jónassen: Jeg er einn af þeim, sem ekki hef mikla trú á því að þetta geti gengið. Reyndar efast jeg ekki um það, að við getum í hinni fyrirhuguðu vjel búið til eins góða dúka og á Englandi úr sams konar efni. En sem »praktiskur« maður vil jeg spyrja: getur þetta borgað sig?

Jeg vil spyrja h. framsögum. (B. Sv.): við setjum sem svo, að allt sje nú komið vel á fót. Nú vantar ull. Ullin kemur. H. varaforseti (B. Sv.) er formaður verksmiðjunnar. Hvað gefur hann fyrir pundið? (*B. Sv.*: Meira en kaupmenn!). Nú, meir en kaupmenn. Við skulum segja að kaupmenn gefi 70 aur., hann gefur þá í peningum 72 a. Verksmiðjan verður að hafa nægilegt fje á reiðum höndum til þess að kaupa fyrir efni. Nú fær hann ullina og verksmiðjan hefur nú fengið nóga ull og vinnur nú úr henni stanzlaust allan veturinn, ósköpin öll af dúkum. Hvað á nú að gjöra við dúkana? (*B. Sv.*: Selja þá!) Hverjum? (*B. Sv.*: Hverjum sem vill). Setjum nú svo, að hjer vilji menn eigi borga eins mikið fyrir dúkana og upp er sett; við sendum þá t. a. m. til Englands. Fáum einhvern umboðsmann og biðjum hann að selja þá fyrir eitthvert víst verð, sem tiltekið er, svo hátt, að við fáum allan kostnaðinn og fyrirhöfnina vel borgaða. Eptir nokkurn tíma skrifar umboðsmaður til forstöðumannsins: »Dúkarnir seljast ekki fyrir þetta verð! hvað á jeg nú að gjöra«? Forstöðumaðurinn svarar — það ganga nú fleiri mánuðir í þessar brjefaskriptir — hann svarar: »Við verðum að setja niður um 2 eða 3 au. á hverri alin«. Það selst ekki að heldur. Á nú að halda áfram að vinna dúkana? Setjum svo, að h. varaforseti

(B. Sv.) sje »fabriku-meistarinn«. Ekki má »fabrikan« stanza eitt augnablik, það er eins með hana og með gufuskip, hún verður allt af að halda áfram dag og nótt, ef hún á að borga sig. Setjum nú svo, þegar gjörður er upp ársreikningurinn, þá er dálítill halli. Næsta ár verður að gefa minna fyrir ullina til að reyna að vinna hallann upp; þá fæst engin ull, því nú hafa kaupmenn sett hana upp til að »konkúrrera« við »fabrikuna«. Ef þetta kæmi fyrir, sem vel getur komið fyrir og líklegt að kæmi fyrir, þá er allt í voða. Hvernig dettur yfir höfuð að tala nokkrum manni í hug, að við út á Íslandi langt frá öllum »civiliseruðum« löndum, getum »konkúrrerað« við verksmiðjur á Englandi? Hvernig gengur t. d. fyrir Dönum? Þeim er eigi hægt að keppa við önnur lönd með tilbúning pappírs.

Ef það sem unnið er í verksmiðjunni er dýrara en annað, sem er alveg jafngott, frá útlöndum, hvaða ástæða er þá fyrir mig að kaupa það endilega af smiðjunni? Hví gengur h. varaforseti (B. Sv.) ekki allt af í vaðmálsfötum? (*B. Sv.*: Jeg gjöri það). Ja, jeg sá hann um daginn í bláum frakka. En ástæðan er, að vaðmálsfötin eru dýrari, og engu endingarbetri en útlendur fatnur. En svo er líka og eitt atriði, sem jeg legg mikla áherzlu á, og það er, að það er óskaplega óhollt að vinna í ullarverksmiðjum, ákaflega óhollt! Það getur vel verið, að þessir 2 menn á Halldórsstöðum, sem nefndir voru, hafi yfirgefið verksmiðjuna af þeirri ástæðu, að þeir eigi hafi þolað vinnuna.

Jeg get líka hugsað, að jafnvel þó menn fái meira kaup í verksmiðjunni en annarsstaðar, þá hlaupi þeir burtu þegar þeir sjá, hversu slæmt er að vera þar. Jeg þekki landa mína allt of vel til þess.

Hvernig dettur mönnum yfir höfuð að tala í hug að fara að setja þetta á fót, þegar fyrirsjáanlegt er, að eptir eitt ár er allt komið á höfuðið, og hvernig fer svo með landssjóðsveðið?

Jón Jónsson þm. N.-Múl.: H. varaforseti (B. Sv.) sagði að jeg hefði sagt í öðru orðinu, að það mundi verða hagur að verksmiðjunni, en í hinu, að það mundi verða óhagur að henni eða skaði. En þetta er misskilningur. Mjer datt eigi í hug að segja það yrði hagnaður að henni. En jeg benti á, hvað háttv. framsögum. (B. Sv.) hefði sagt, að það yrði mikill hagnaður að henni, og þó mundi enginn stofna hana af hagnaðarvon, heldur af tómri töðurlandsást. Í þessu fannst mjer mótsögn hjá h. framsögum. (B. Sv.), eins og svo mörgu öðru, sem hann sagði.

Hann talaði um að þessi verksmiðja hans mundi auka heimilisiðnaðinn, en jeg held að smáar verksmiðjur í ýmsum hlutum landsins mundu miklu fremur gjöra það. Þar sem hann bar saman vegalagning á Mývatnsöræfum og þetta fyrirtæki, þá var það alveg skökk ályktun, sem h. framsögum. (B. Sv.) dró af því. Ef þingið hefði komizt að því, eptir að það lagði fje til vegarins á Mývatnsöræfum, að farið á Jökulsá gæti ekki annað en verið svo dýrt, að enginn vildi fara veginn, ja, hvað mundi það þá hafa sagt á eptir? Það hefði náttúrlega sagt: »Það var heimska að leggja fje í þenna veg«, og eins mundi það segja, ef það legði fje í ullarverksmiðju h. framsögum. (B. Sv.). H. framsögum. (B. Sv.) kvaðst vonast eptir að jeg væri orðinn góður í samlagningu, af því jeg hefði verið í fjárlaganefndinni, en hefði jeg verið svo illa staddur, að jeg hefði þurft að komast í fjárlaganefnd til að læra samlagning, þá hefði það verið stór skaði

fyrir mig að komast ekki í ullarverksmiðjunefndina, því þar hefði jeg líklega getað orðið vel æfður í því að margfalda, að minnsta kosti tekjudálkinn.

Eiríkur Briem: H. framsögum. (B. Sv.) tók fram, bæði nú og fyrri, að hann ætlaðist til, að samkvæmt frumv. hefði landssjóður fulla trygging fyrir láninu, en jeg er samdóma h. þingm. Rangv. (Ól. Ol.) um, að eins og frumv. nú er orðað, þá er þessu ábótavant. En þar sem h. framsögum. (B. Sv.) hefur tekið fram, að hann ætlar að bæta úr þessu með breyt.atkv. við 3. umræðu, þá gef jeg atkvæði með, að frumv. gangi til 3. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg ætla að eins að gjöra dálitla athugasemd við ræðu h. þm. Reykv. (J. Jónassens). Jeg er honum alveg samdóma um, að það megi eins vinna ull á Íslandi eins og á Englandi, að það megi búa til eins góð klæði hjer eins og þar, en með því eru allar hans mótbárur fallnar, hver ein og einasta, því þá hlýtur klæði, sem er unnið hjer, að vera eins útgengilegt á Englandi eins og klæði, sem er unnið þar. (*J. J.*, þm. N.-Múl.: Ef það er eins ódýrt). Og þegar maður gengur út frá því, að klæði, sem er unnið hjer, geti verið alveg eins gott og klæði í útlöndum, og það verður maður að gjöra, þá held jeg að þingm. Reykv. (J. Jónassen), þótt hann sje glöggskyggn maður, verði að játa, að hann hlyti að geta villzt á pökkum af íslenzku og engelsku klæði, þó honum lægi lífið á að aðgreina þá, svo hann yrði að segja: Ja, svei mjer ef jeg gat gjört að því, þó jeg villtist á pökkunum, því klæðið var alveg jafngott og jafnfagurt í báðum.

Þá er ein grýlan sú, að íslenzkt klæði geti eigi selzt strax á markaði erlendis. Það er auðvitað, að það verður að hlýða sömu lögum og klæði annara þjóða, sem er jafngott. Það getur verið að menn verði að liggja með það um tíma, en alveg það sama kemur fram með íslenzka ull óunna. Þess er opt getið í blöðunum, að svo og svo mikið liggi óselt af íslenzkri ull, en það dettur samt engum í hug að fara að hætta við að pródúsera ull á Íslandi, og hvað þýðir svo þessi viðbára h. þm. Reykv. (J. Jónassens)?

Þá er það, að loptið í verksmiðjunum sje svo óhollt; það sje svo óheilnæmt. Hvað mundu Englendingar segja um það, ef þeir heyrðu, að það hefði komið til orða á alþingi Íslendinga, að þeir færu sjálfir að vinna ull sína, en það hefði fallið af því, að verksmiðjuloptið væri svo óhollt? Jeg segi það, að þó jeg sje ákaflega lífhræddur, þá væri jeg samt eigi hræddur við, að vinna í verksmiðju hjá h. þm. Reykv. (J. J.); jeg veit hann gæti líka »ventílerað« hana svo, að það yrði ekkert banatilræði.

Indriði Einarsson: Til þess að sanna að verksmiðjan geti eigi borgað sig, eins og h. þm. Reykv. (J. J.) hjelt fram, yrði að sanna, að verkalaunin hjer yrðu hærri en annarsstaðar, en það eru margir, sem segja, að verkalaunin sjeu hin sömu um allan heim. Englendingur einn, sem hjet Brassey, hjelt fram þeirri skoðun; hann byggði járnbrautir eða stóð fyrir smíði á þeim í mjög mörgum löndum, bæði í Englandi, Kanada og Indlandi og víða í Asíu, og ætti því að þekkja það mál öðrum fremur; þegar hann dó, átti hann 6 miljónir punda.

Það er talað um þetta frv. hjer sem nýmæli, en það er ekkert nýmæli, því það vita allir, að hjer hafa verið ullarverksmiðjur, en þær fóru á höfuðið vegna einokunarinnar gömlu, sem þá var hjer á landi.

Jeg þekki engan, sem hafi verið

betur að sjer í sögu lands vors en Jón Sigurðsson, og hann sagði mjer, að þær hefðu borgað sig, ef þær hefði eigi þurft að hafa allan kaupskap sinn við einokunarverzlunina. Öll baráttan fyrir Skúla landfógeta gekk út á það, að losa ullarverksmiðjurnar undan einokuninni.

Jeg get heldur eigi með nokkru móti skilið, að við getum eigi selt klæði. Það væri sannarlega undarlegt, ef klæði úr al-ull gengi eigi út, eins og klæði úr krass-ull, og ef verksmiðjan að eins væri látin vinna ull, þá hlyti klæði vort að ganga út. Það gæti auðvitað komið fyrir, að það yrði að seljast með afföllum, þegar illa stæði á markaðinum, en það stæði aldrei lengi.

Samkvæmt 1. gr. er ætlazt til, að verið sje að borga lánið út í 10 ár, og á því tímabili höfum vjer 4 alþingi. Á hverju þessara fjögra þinga er hægt að stöðva lánið, svo það er eigi eins háskalegt og menn geta ímyndað sjer, með því að eins að líta á þessa 120 þús. kr. upphæð í einu.

Það hefir verið talað um, að þessar ullarverksmiðjur væru óhollar fyrir verkmennina, og sjerstaklega tók þm. Reykv. (J. J.) það sterklega fram. Um þetta atriði, hvort þær sje hollar eða óhollar, getur maður fengið upplýsingar í bók eptir prófessor Westergaard, »Motalität und Morbilität«, þar sem hann hefir reiknað út manndauða í hverri atvinnugrein eða iðn. Jeg man eigi svo vel tölur, að jeg geti sagt upp á víst, hvernig því er varið með ullarverksmiðjur, en jeg ímynda mjer að vinna í þeim sje ekki mikið óhollari en önnur vinna í öðrum iðnaðargreinum, og eigi óhollari en t. d. læknisstarfið.

Annars segja menn, að óhollusta í verksmiðjum vinnist upp með hærri verkalaunum, en verkamennirnir taka jafnaðarlega lítið tillit til hollustunnar, því þó að ríkið haldi gæzlumenn, sem ferðast um kring til að gæta þess, að heilsunni sje eigi misboðið í verksmiðjunum, þá er nær ómögulegt að fá verkamennina sjálfa til að víð hafa nauðsynlegar varúðarreglur, svo sem að hafa opna »ventila« eða því um líkt.

Flest slys í kolanámunum á Englandi orsakast af því, að verkmenn kveikja í pípunni sinni niðri í þeim, þótt það sje stranglega bannað, og kveikja þannig í. Það eru til margar skýrslur um þetta efni; þær skýrslur, sem jeg hef, eru frá Austurríki.

Mjer líkar eigi frv. eins og það er, en vona að það verði bætt.

Hvað snertir bústaðarfjarlægð vinnuveitenda, þá þekkja víst flestir, að hún er eigi holl fyrir landið, sem verkmennirnir búa í. Allir þekkja, hvaða afleiðingar þetta atriði hefir haft fyrir Ísland. Hjer hafa komið fram lög um búsetu íslenzkra kaupmanna, sem einmitt lúta að þessu máli, sem lúta að því, að það fje, sem kaupmönnum græðist hjer, eyðist aptur hjer í landinu sjálfu. Þar sem á eptir frv. að fá fje úr landssjóði mót vægri leigu, þá vil jeg fá þeirri breytingu bætt aptan við frv., að honum sje gert að skyldu að vera hjer búsettur að minnsta kosti 7 mánuði af árinu.

Jens Pálsson: Jeg stend upp af því að jeg hef enn þá eigi látið uppi álit mitt á þessu máli, hvorki hjer í deildinni nje við einstaka þingmenn, en jeg finn ástæðu til að gera grein fyrir atkvæði mínu.

Jeg er einn af þeim, sem eigi hef trú á, að þetta fyrirtæki geti borið sig; jeg hef aldrei haft trú á, að Ísland yrði verksmiðjuland, og það hryggir mig alls eigi, heldur gleður, því jeg veit að

verksmiðjulýðurinn yfir höfuð er alls eigi öfundsverður, þvert á móti er hagur verkmannalýðsins í öðrum löndum, eins og alkunnugt er, svo bágborinn, að það er, ef til vill, hið mesta vandamál allra fjelagsmála, sem nú eru á dagskrá heimsins, hversu bót verði ráðin á kjörum verksmiðjulýðsins. En jeg hef aptur á móti trú á því, að föðurland mitt verði arðsamt jarðyrkju- og fjárræktarland, og að það verði auðsælt fiskiveiða- og siglingaland, því til þessa er það kjörið af náttúrunni. En þótt jeg hafi ekki trú á mikilvægi þessa máls, og gagnsemd þessa fyrirtækis í þessum stýl, sem birtist í frv., þá skal jeg ekki breyta kaldyrðum til þessa máls; það væri óverðugt málinu, og rangt gegn flutningsmanni þess, sem flytur málið með heitum áhuga og af mikilli orð snilld. Jeg veit, að h. flutningsm.(B.Sv.) hefir borið mál þetta fram í einlægri trú á, að það verði landi voru til mikillar blessunar. Hann hefir haldið því fram, að þetta ætti að skoða sem landsfyrirtæki og væri sannarlegt landsfyrirtæki, en til þess það gæti heitið því nafni, yrði það frá mínu sjónarmiði að vera í stærri stýl, stofnað í svo stórum stýl, að verksmiðjan eigi að eins gæti unnið 60,000 pund af ull, heldur hjer um bil alla ull landsins. Þá fyrst ekki að eins hjeti, heldur væri ullarverksmiðjustofnun sannarlegt landsfyrirtæki,— og þá álít jeg miklu meiri líkindi til, að fyrirtækið gæti borið sig; en sje ullarverksmiðjan að eins fyrir eina sýslu eða tvær, þá er hún eigi sannarlegt »landsfyrirtæki«, heldur sýslufyrirtæki.

Jeg er þakklátur h. framsögum. fyrir það, að hann studdi strandferðirnar eins og fjárlaganefndin vildi koma þeim fyrir; hann brestur ekki skarpleik til að sjá, að á bak við það fyrirtæki liggur afstaða og ásigkomulag landsins; og að því er nauðsyn á því.

Umræðurnar um þetta mál hafa mjög snúizt um það, hvort þetta fyrirtæki væri gróðavænlegt. Um það treysti jeg mjer ekki að dæma, og jeg efast um, að nokkur h. deildarmanna sje fær um að skera úr því;— en væri það einkargróðavænlegt, þá er líklegt, að »kapitalistar«, þeir er reka verzlun hjer, hefðu sett slíka verksmiðju upp.

En eins og mál þetta liggur nú fyrir þinginu, þá finnst mjer hjer eigi liggja næst fyrir að afgera, hvort þetta fyrirtæki borgar sig eða ekki, heldur hitt, hvort h.þingd. vill láta lána til þess fje úr landssjóði og á hvern hátt. Jeg er því mjög hlynntur, að landssjóður láni fremur til innlendra fyrirtækja en útlendra, en þó svo, að landssjóður fái fulla tryggging, og mjer finnst ástæðulaust að lána til þessa fyrirtækis rentulaust. Það borgar sig eigi vel, ef það getur eigi borgað 4% undir handleiðslu þess manns, sem hefir bæði vit og getu til að reka það. En þar sem h. framsögum. (B. Sv.) hefir lofað að koma með þá breyting, að landssjóður fái fulla trygging fyrir að hann líði engan skaða, þótt hann láni þetta fje, þá greiði jeg atkv. með frv. til 3. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Þótt mjer þyki það eigi líklegt, að nokkur noti tilboð frv. þessa um lán úr landssjóði, þá greiði jeg samt atkvæði með, að frv. þetta gangi til 3. umr. í því trausti, að h. framsögum. (B. Sv.) geti komið með breyt.till. þannig lagaða, að landssjóði sje að fullu borgið fyrir tjóni, hvern veg sem fer með þetta fyrirtæki.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Benedikt Sveinsson,	Árni Jónsson,
Eiríkur Briem,	Jens Pálsson,
Gunnar Halldórsson,	J. Jónss., þm. N.-M.,
Indriði Einarsson,	Jónas Jónassen,
Jón Jónss., þm. N.-Þ.,	L. Halldórsson
Ólafur Briem,	Ólafur Ólafsson,
Páll Briem,	Ólafur Pálsson.
S. Gunnarsson,	
Sig. Stefánsson,	
Skúli Thoroddsen.	
Sveinn Eiríksson,	
Þorl. Guðmundsson.	

2. gr. samþ. með 11:6 atkv.

3. gr. samþ. með 13:8, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu hinir sömu já og nei, eins og um 1. gr.

4. gr. samþ. með 11:5 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 atkv.

Frv. til laga um eyðing svartbakseggja (C. 291); ein umr.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Sem flytjandi þessa máls skal jeg taka það fram, að jeg get fellt mig við breytingar h. efri deildar á frv. þessu, og vil ráða h. deild til að samþykkja frv., eins og það nú er.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 16 atkv. og sent landsh. sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um sameining búnaðarskóla (C. 334); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á, að hafa eina umræðu.

ATKVÆÐAGR.: Ein umræða samþ. í einu hljóði.

Þrítugasti og þriðji fundur, föstudag 8. ágúst kl. 11 f. m.

Allir á fundi nema 2. þm. N.-Múl. (Þ. K.) og 2. þm. S.-Múl. (L. H.), — veikir.

Gjörðabók var lesin upp að vanda, og eptir nokkrar athugasemdir frá þm. Snæf. (P. Br.) og umræður um þær, samþykkt.

Þá bar forseti upp brjef frá 3 þingmönnum, Páli Briem, Ólafi Briem og Jóni Jónssyni, þm. N.-Þing, þar sem þessir þingmenn lýsa yfir því, að þeir álitu atkvæðagreiðsluna um fjárlaganna 13. gr. B. VIII. a—d ólögmæta.

Forseti las upp svar sitt, er mótmælti þessu, og kvað það ástæðulaust.

Frumv. til laga um lögaldur (C. 272, 309); 2. umr.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Það hefir komið fram breyt.till. við frv. þetta frá h. þm. Snæf. (P. Br.), sem fer fram á, að menn skuli fullráðir fjár síns 21 árs, í stað 20 ára, sem frv. vort gerir ráð fyrir, og ennfremur vill h. þm. Snæf. afnema hálfmyndugleik með öllu. Jeg hefi í fundarbyrjun mælzt til þess við forseta, að hann skipti þessari breyt.till. í 2 liði við atkvæðagreiðsluna, því að við flutningsmenn aðhyllumst fyrri liðinn, en ekki hinn síðari; aptur á móti höfum við hugsað okkur að koma til 3. umr. með breyt.till. í þá átt, að færa takmarkið fyrir hálfmyndugleika úr 16 árum upp í 18 ár.

Það sem við flutningsmenn einkum höfum á móti breyt.till. h. þm. Snæf. (P. Br.), er það, að frumv. frá síðasta þingi, sem fór alveg í sömu átt og till. hans, hefir verið synjað um kgl. staðfestingu, og í synjunarástæðum stjórnarinnar er það helzt fundið að frumvarpinu, að hálfmyndugleikinn var afnuminn með því frv. Jeg fyrir mitt leyti verð og að álíta, að þessi synjunarástæða hafi við nokkur rök að

styðjast, og jeg held að það myndi koma í bága við hugsunarhátt þjóðarinnar, að menn væru alveg ómyndugir þangað til þeir eru 21 árs, því að af því leiddi meðal annars, að opinber skipti á dánarbúum yrðu að fara fram miklu optar en nú.

Jeg skal svo ekki að sinni fara fleirum orðum um þetta mál, en vona að h. þingd. lofi frv. voru að ganga til 3. umr. með þeirri einni breytingu, að 21 ár komi í stað 20 ára takmarksins.

Páll Briem: Frá mínu sjónarmiði get jeg ekki greitt atkvæði með frv. þessu, nema breyt.till. verði öll samþykkt.

Það er auðvitað nokkur bót, ef það verður samþykkt, að 21 ár komi í stað 20 ára, því að það er í meira samræmi við það, sem er í flestum löndum Norðurálfunnar, en aðaltilgangur minn með frv. 1889 og með breyt.till. er að afnema tilsjónarmennskuna. Hún var ekki leidd í lög hjer á landi fyr en eptir 1830, og eptir því sem jeg þekki til, þá hefir hún ekki fest rætur í meðvitund þjóðarinnar. Menn hafa opt engan tilsjónarmann, og það er kunnugt, að amtmenn hafa jafnvel orðið að áminna sýslumenn um að gæta þess, að hálfmyndugir hafi tilsjónarmenn, þegar þeir kvitta fyrir fjárhaldi sínu. Allir þekkja Hríseyjarmálið, sem reis af því að hálfmyndugur maður gerði samning án tilsjónarmanns. Jeg álít að tilsjónarmennska sje óheppileg »institution», eptir því sem hagar til hjer á landi. Eptir Jóns lagabók voru menn ómyndugir þangað til þeir voru 20 ára, og þetta voru góð lög. Jeg álít ekki að menn hafi neitt nema illt af að verða fullmyndugir í fjármálum á unga aldri.

Þessi till. miðar beinlínis til þess, að vernda hina ómyndugu. Fyrir innan tvítugt eru menn alls ekki svo þroskaðir og sjálfstæðir, að þeir eigi að hafa fjárráð. Jeg þekki menn á þeim aldri, sem hafa kvittað fyrir arfi sínum alveg í blindni, án þess að vita, hvað þeir skrifuðu undir.

Ef frv. verður ekki samþykkt með mínum breytingum, get jeg ekki gefið því atkvæði mitt, því að það er mín sannfæring, að þær sjeu byggðar á rjettum grundvelli, og jeg met þetta einna mest við frumvarpið. Þó aldrei nema stjórnin synjaði lögum þessum samþykkis í þetta sinn, þá getur það ekki gengið til lengdar, því jeg er viss um, að þetta kemst á innan skamms í Danmörku; þegar svo er, er ekki vant að vera neitt því til fyrirstöðu, að við fáum lík lög.

Eiríkur Briem: Mjer þótti vænt um, að h. flutningsm. (Sk. Th.) ljet í ljósi, að hann vildi aðhyllast fyrri hluta breyt.till., enda þótt jeg fremur hefði óskað að hann einnig aðhylltist síðari hluta hennar. En gangi þetta fram, og komi ennfremur tillaga um, að 18 ár komi í stað 16 ára, þá mun jeg greiða atkv. með frv. þessu.

Jeg álít það mikla framför, að menn verði fullmyndugir 21 árs í stað 25 ára, enda er þetta takmark sett hjá flestum siðuðum þjóðum; og eptir almennum hugsunarhætti hjer á landi, þá eru menn skoðaðir sem myndugir úr því þeir eru komnir nokkuð yfir tvítugt. Hvað aptur á móti hálfmyndugsákvæðið snertir, þá álít jeg menn eigi vera færa um það almennt 18 ára, og því síður 16, t. d. að gefa kvittun fyrir arfi sínum. Þetta er mikið vandamál, og krefur yfirskoðun á reikningum, sem margir unglingar eru alls ekki færir um. Auðvitað hafa þeir tilsjónarmann

með, en sjálfs er höndin hollust, og það skiptir opt miklu, í hverju artur er borgaður út, en það er opt í skuldabrjefum, sem unglingarnir geta ekki dæmt um og sem misjafnlega fer um borgun á. Mjer þykir raunar of snemmt, að hafa 18 ára aldurinn, en það er þó mun betra en 16 ár.

Páll Briem: Jeg vil einungis vekja eptirtekt h. þm., sem tala í sömu átt og h. þm. Húnv. (E. Br.), á því, það að er mjög áríðandi, að tilsjónarmennskan sje alveg afnumin. Jeg bið menn íhuga þetta vandlega, áður en menn fella breyt.-till. mína.

Mjer þykir þessi kvíði fyrir neitun stjórnarinnar undarlegur, enda sje jeg ekki ástæðu til þess, að stjórnin neiti því.

Jeg er sannfærður um, að í Danmörku verða lík lög samþykkt innan skamms. Jeg vil biðja menn að gæta að því, að eptir Jónsbókarlögum voru menn alveg ómyndugir til 20 ára; mjer er reyndar sama, hvort myndugleikaaldurinn er bundinn við 20 eða 21 ár, en jeg verð að leggja áherzlu á, að það er mikið í það varið, að myndugleikaaldurinn sje hinn sami í öllum löndum, og það er einmitt ástæða til að færa heldur fjárráðatakmarkið fram, af því að nú eru gerðar meiri kröfur til lífsins en áður var. Menn, sem stunda iðn, eða ganga í skóla, þurfa ekki að vera fjár síns ráðandi fyrri en þeir eru 21 árs.

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Mjer skildist á h. þm. Snæf. (P. Br.), að hann vildi ráða h. þingd. til að fella frv. þetta, ef breyt.till. hans næðu ekki fram að ganga; en mjer eru þessi ummæli hans alveg óskiljanleg; h. þm. (P. Br.) hlýtur þó að sjá, að það er töluverð framför í því, að menn verði fullmyndugir 4 árum fyr en nú er, og að tilsjónarmennskan, sem hann virðist vera svo hræddur við, stendur ekki nema í 3 ár í stað 7 ára.

Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta, en óska að eins að heyra álit hæstv. landsh. um það, hvort stjórnin mundi geta gengið að frv., ef það væri þannig lagað, sem við flutningsmenn óskum að það verði við 3. umræðu.

Landshöfðingi: Jeg skal játa það, að með breyt.till. þeim, sem h. flutningsm. (Sk. Th.) hefur ráðgert að gera á fyrri grein frumv., yrði það í mínum augum miklu aðgengilegra en það er nú. En hins vegar skal jeg eigi láta þess ógetið, að jeg er ekki sannfærður um, að þessi flutningur myndugleikatakmarksins frá 25. ári til 21. árs sje svo áríðandi.

Jeg skal einnig taka það fram, að mjer er alveg ókunnugt um, að það sje rjettarmeðvitund hjer á landi, eins og h. þingm. Húnv. (E. Br.) talaði um, að menn sjeu fullmyndugir þegar þeir eru 21 árs.

Eins og menn vita get jeg ekki eindregið sagt um, hvort stjórnin muni samþykkja frumv., ef því verður breytt eins og h. framsögum. stingur upp á, en jeg mun ekki mæla móti því, sjerstaklega ef tekið verður tillit til þeirra athugasemda, sem jeg hef að gjöra við 2. gr.

Mjer finnst nefnilega 2. gr. athugaverð. Það getur ekki verið neinn hagur fyrir menn á ungum aldri, að hafa lagaheimild til að taka á sig ábyrgð í peningasökum, en það getur bakað þeim stórtjón. Sjerstaklega álít jeg viðsjárvert að leyfa hverri stúlku, sem er 21 árs, að taka að sjer ábyrgð á skuld annars manns og með því móti ef til vill sólunda allri arfleifð sinni. Það hefur lengi brunnið við hjá oss Íslend-

ingum, að vera óprúttnir að ganga í ábyrgð fyrir skuldbindingum annara, í því trausti, að aldrei þyrfti til ábyrgðarinnar að taka, og nú, er víxlar eru farnir að verða hjer töluvert almennir, vita þeir, sem til þekkja, að menn eru einnig óprúttnir með að taka á sig ábyrgð á víxilskuldum.

Frumv. yrði því miklu aðgengilegra, ef þessi grein væri tekin burt.

ATKVÆÐAGR.: Fyrri liður breyt.-till. við 1. gr. samþ. í e. hlj.; síðari liðurinn við 1. gr. felldur með 11 : 9 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sig. Jensson,
Árni Jónsson,	Ben. Sveinsson.
Eiríkur Briem,	Gunnar Halldórss.,
Ólafur Briem,	Indriði Einarsson,
Ólafur Olafsson,	Jens Pálsson,
Olafur Pálsson.	Jón Jónss. N.-M.
Páll Briem,	Jón Jónss. N.-Þ.
Sig. Gunnarsson,	Jón Þórarinsson,
Þorl. Guðmundss.	Sig. Stefánsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Eiríksson.

1. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 19 atkv.; 2. gr. samþ. með 11 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Benedikt Sveinss.,	Árni Jónsson,
Eiríkur Briem,	Jón Jónsson, N.-M.
Gunnar Halldórss.,	Jón Jónss. N.-Þ.
Indriði Einarsson,	Jón Þórarinsson,
Jens Pálsson,	Olafur Olafsson,
Ólafur Briem,	Olafur Pálsson,
Páll Briem,	Sig. Gunnarsson,
Sigurður Stefánss.,	Þorl. Guðmundss.
Skúli Thoroddsen.	
Sveinn Eiríksson.	

Frumv. vísað til 3. umræðu með 19 atkv.

Frumv. til laga um strandferðir og vegi (C. 135, 137, 272); 2. umr.

Framsögumaður (Jens Pálsson): Við hina 1. umræðu þessa máls fór jeg nokkrum orðum um þetta frumv. og tók fram hin helztu nýmæli þess, og að hverju leyti það væri frábrugðið vegalögunum frá 1887.

Jeg fór þá nokkuð út í hinar einstöku greinar, af því jeg leit skakkt á dagskrána og minnti það væri 2. umr. Jeg finn því ekki ástæðu til að fara um það fleirum orðum fyr en jeg heyri umræðurnar.

Ólafur Briem: Af því jeg hef komið fram með breytingar við þetta frumv. þá vil jeg fara um það nokkrum orðum. Það er fyrst breyt.till. við 22. gr. frumv., er fer fram á að gjaldið til sýsluveganna sje fastákveðið 2 kr. á ári fyrir hvern verkfæran mann í stað, þess $^1/_2$ dagsverk, sem í greininni er gjört ráð fyrir.

Í fyrsta lagi sje jeg ekki neina ástæðu til að miða þetta gjald við dagsverk eptir verðlagsskrá, og láta það því breytast ár frá ári um nokkra aura. Og þó þessar 2 kr. sjeu reyndar rúmlega það sem vant er að gjalda, þá held jeg að það sje engin vanþörf á þeirri hækkun. Sýsluvegagjaldið er víðast hvar of lítið. Það nægir að eins til viðhalds á þeim vegum, sem þegar eru lagðir, en þá er ekkert fje til nýrra vegagjörða.

2. breyt.till. fer því fram á, að afnema skylduvinnu þá til hreppavega, sem nú er lögákveðin og enn í þessu frumv. er ráðgjört að halda eptirleiðis, en að setja í staðinn 2 kr. gjald fyrir hvern verkfæran mann, er greiðist á sama hátt og sýsluvegagjaldið.

Þessi skylduvinna er ekki eins hagkvæm og þeir hafa álitið, sem settu hana fyrst í lögin. Það er reyndar

sagt, að hún gjöri mönnum hægra fyrir, og það getur verið, en í framkvæmdinni er illt að hafa full not af þessari skylduvinnu. Menn sem eru vanir við vegagjörð og eru fastráðnir fyrir einhvern vissan tíma, gjöra meira en þeir sem koma að eina dagsstund í bili með misjöfnum verkfærum. Ef hreppurinn er stór, gengur líka mikill tími frá vinnunni í ferðalög, og þó það ef til vill sje erfiðara að greiða gjald en láta vinna, þá skil jeg ekki, að það valdi neinum vandkvæðum. Gagnið af þessu gjaldi lendir líka í hreppnum.

Að eigi sje ótiltækilegt að breyta skylduvinnunni í gjaldgreiðslu, sýnir líka það, að í sumum hreppum er það þegar orðin venja, hvort sem það er í alla staði leyfilegt eptir lögunum. Sveitastjórnunum þykir það bera betri árangur. Það sýnir sig líka í því, að vegabætur í þeim hreppum eru talsvert meiri og betur af hendi leystar.

Ólafur Ólafsson: Jeg verð að vera algjörlega á móti breytingartillögu h. þingm. Skagf. (Ól. Br.). Jeg skil ekki betur en með því sje lagður töluverður skattur á hvern verkfæran mann fram yfir það sem er. Skattur þessi verður mönnum mjög tilfinnanlegur, einkum fátæku fólki; sveitargjöldunum hjer á landi er viðbrugðið og það er að minni hyggju ekki ráðlegt, að auka við þau nýju gjaldi svona háu, krónu nefskatti fyrir hvern verkfæran mann; sje lítt mögulegt að ná inn gjöldum þeim, sem eru nú, hvað mun þá, er þessi bætast við, sem gjaldast eiga í beinhörðum peningum. Þær verða ekki ofsælar af þeirri innheimtu, hreppsnefndirnar. Jeg skal að vísu ekki mæla þær undan að vinna það gagn sem auðið er, en varasamt er að gjöra þeim starfa sinn ofviða, eða hrúga á þær innheimtu, sem lítt sýnilegt er að gjaldendur komist frá. Þar sem einhver hugur er á að bæta vegi á annað borð, þar veit jeg að menn láta vinna mikið meir en þeir eru skyldir til. Sumir láta heilt dagsverk í staðinn fyrir hálft. Það kemur sjer líka miklu betur fyrir fátækt fólk, að mega vinna þetta af sjer, í stað þess að verða að borga það. Jeg veit ekki hvernig það er á Norðurlandi; en hjer á Suðurlandi er peningaeklan svo mikil, að fátæklingum yrði þetta hjer um bil ómögulegt. Jeg vil ekki mæla á móti því, að gjört sje sem mest af vegabótum, en jeg álít að breyt.till. h. þingm. Skagf. (Ól. Br.) komi ekki að tilætluðum notum.

Í Rangárvallasýslu er dagsverk vanalega kringum 2 kr. eptir verðlagsskrá. Eptir þessu, þá væri lagður þar skattur á hvern verkfæran mann, sem nemur 1 kr. Því er jeg algjörlega á móti, af þeim ástæðum, sem jeg nú hef tekið fram.

Landshöfðingi: Eins og jeg gat um við 1. umr. þessa máls, þá virðist mjer, að þegar I. kaflinn fellur burt, þá sje aðaltillagan sú með þessu frumv., að mynda nýjan flokk af vegum, sem skuli heita aðalflutningabrautir. Jeg skal ekki hafa á móti því, að það sje rjett grundvallarregla, að hafa akvegi til og frá kaupstöðum, eins og líka jeg het álitið það óframkvæmanlegt, að gjöra akvegi á öllum póstleiðum landsins. En þegar jeg sje, hvaða vegir eiga að vera aðalflutningabrautir, eptir því sem þeim er raðað niður samkvæmt breytingartillögu nefndarinnar, þá er munurinn ekki svo mikill frá því sem var, þegar teknar eru frá allar þær, sem líka eru aðalpóstleiðir, eins og t. d. vegurinn austur í Rangárvallasýslu og frá Blönduósi vestur í Húnavatnssýslu. Það sem nýtt er, verður þá vegurinn hjeðan austur á Þingvöll, frá Eyrarbakka upp Árnessýslu, upp Borgarfjörðinn, og svo vegurinn fram Skagafjörð

og Eyjafjörð og frá Húsavík og fram Reykjadal. Þegar svo þetta er borið saman, þá sjest, að þeir vegir eru lengstir, sem líka eru aðalpóstleiðir, sem eru 1. og 5. í 7. breytingartill. nefndarinnar, en hinir mikið styttri. Þar sem þessi munur er svo lítill, þá skil jeg ekki hvaða ástæða er til að bæta því á landssjóðinn, enda vorkenni jeg ekki hjeruðunum að borga það sjálfum, og ætla að það sje ekki ofætlun fyrir þau t. d. Skagafjörð og Eyjafjörð. En þegar þessi hjeruð eru tekin með, því er þá Austurlandi sleppt? Hvers vegna er t. d. ekki eins nauðsynlegt að hafa aðalflutningabraut frá Seyðisfirði upp á Hjeraðið eins og af Akureyri fram Eyjafjörð? Þetta gjörir frumv. í mínum augum þýðingarminna en það var, og þannig, að jeg get eigi verið því hlynntur. Jeg skil heldur eigi, hvernig það er fullkomin samkvæmni í skýringunni á því, hvað sjeu fjallvegir og sýsluvegir.

I 12. gr. frumv. stendur: »Sýsluvegir eru þeir vegir, sem liggja sýslna á milli, enda sjeu það eigi aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir nje fjallvegir«. En nú eru allir þeir vegir, sem taldir eru í 10. breytingartill. nefndarinnar, vegir milli sýslna og því sýsluvegir.

Í annan stað skal jeg taka það fram, að jeg álít ekki hentugt, að halda 34. gr., um að lögin skuli öðlast gildi 1892, þar sem tiltekið er, að í fjárlögunum skuli lagt fje til aðalflutningabrauta, en eptir því sem fjárlögunum er nú komið, get jeg varla hugsað, að slík fjárveiting verði tekin inn á fjárlögin. Nema það sje meint, að því fje, sem lagt er til vegabóta á aðalpóstleiðum, eigi að verja þar, sem þær falla saman við aðalflutningabrautirnar. Það er líka að mínu áliti allt af varhugavert, að breyta nýjum lögum, áður en þau hafa sýnt sig, hvernig þau verða í framkvæmdinni. Mjer finnst heldur ekki, að þetta frumv., eptir breyt.till. nefndarinnar, verði svo mikilsvert. Það er vitaskuld, að fyrst um sinn verður víst því fje, sem lagt yrði til aðalflutningabrauta, varið til þeirra, sem jafnframt eru aðalpóstleiðir.

Framsögumaður (Jens Pálsson): Það gladdi mig að heyra, að hæstv. landsh. er ei mótfallinn »principinu« í frv. En aptur virtist hæstv. landsh. ekki næg ástæða til að breyta vegalögunum frá 1887, en mjer þykir mikil og knýjandi ástæða til þess, að nema úr gildandi lögum ákvæði, sem er ofætlun fyrir þjóðina að framkvæma. Lögin eru þau, að allar aðalpóstleiðir skulu vera akvegir og kostaðir af landssjóði. Þegar að er gætt, þá eru þetta 2—300 mílur, sem eiga að vera akvegir, sumstaðar lagðir yfir fjöll og hálsa, í bröttum hlíðum og stórgrýtis-skriðum, og þegar svo þetta allt er gjört, þá er minnstur parturinn af póstleiðunum, sem má telja fjölfarinn veg, og það ekki nema sá, sem fellur saman við aðalflutningabrautirnar. Þessir vegir bæta því ekki úr þeirri þörf, sem þó er brýn, að landsmenn geti flutt vörur sínar á ódýrari og hægari hátt en nú er. Það er bert, að ef allar þessar póstleiðir eiga að gjörast að akvegum, þá er ómögulegt að gjöra það fyrir minna en 4—5 miljónir kr., og að eins að halda þeim við mundi kosta miklu meira en hin íslenzka þjóð getur risið undir. Jeg vil taka t. d., að það ætti að gjöra akveg frá Kollafirði kringum Esju yfir Kjósina inn fyrir Hvalfjarðarbotnana og út að Ferstiklu. Við skulum segja að það sje 10 mílur; það mun láta nærri. Mest af þessum vegi er undir bröttum hlíðum og liggur því undir skriðuhlaupum. Jeg skil ekki, hvernig tryggur akvegur yrði lagður á þessu svæði fyrir minna en 3- falt hærra verð en annarstaðar,

segjum 10 kr. faðmurinn; ef það eru 10 mílur, þá verður það fram undir 1/2 miljón. En hyldjúpur skipfær sjór er rjett við fætur manns, og lendingar alstaðar. Mjer koma í hug orð Englendingsins, sem fyrir ekki löngu síðan var staddur á Þyrli á fögru sumarkveldi, og var spurður, hversu honum litizt á sig hjer á landi. »Hjer er flest ágætt og unaðslegt, sem náttúran á til að leggja,« sagði hann; »en hitt flest öfugt og langt á eptir tímanum, sem mennirnir eiga fram að leggja; sjáið þið ekki manninn, sem er að tosa eptir sjer klyfjahestunum þarna yfir hálsinn, en fjörðurinn djúpur og spegilfagur fyrir fótur vorum. Meðan farið er svona öfugt að, getur þessi þjóð ekki tekið verulegum framförum». —

Frumv. fer fram á að ljetta hinum óbærilega akpóstvegakostnaði af landssjóði, eptir því sem unnt er, en halda aðalpóstleiðunum að eins í vel reiðfæru standi, því gjöra má ráð fyrir, að póstarnir haldi áfram að flytja póstflutningsinn á hestum langa lengi.

Jeg skal játa það, að það væri ef til vill heppilegra, að láta aðalflutningabrautir ótilteknar, en ekki ákveða þær með lögum, eins og nefndin fer fram á, en þar stendur reyndar: »fyrst um sinn«, svo þá er allt af hægt að bæta við og breyta því, enda er ekki gengið út frá, að þau ákvæði standi um aldur og æfi.

Jeg skal sömuleiðis játa það, að jeg er á sömu skoðun og hæstv. landsh. um, að full þörf sje á að hafa aðalflutningabraut upp í Fljótsdalshjerað. Ef jeg gæti fengið menn til að sameina sig með mjer, þá skal jeg bæta því inn í til 3. umr. Jeg vil láta þessa flutningabraut liggja frá Búðareyri við Reyðarfjörð upp Fagradal og að Egilsstöðum á Völlum. Að nefndin ekki setti þessa aðalflutningabraut, kom til af því, að kunnugur þingm. hjelt fastlega fram við nefndina því áliti sínu, að Lagarfljótsós mundi að gagni koma sem höfn, og þá yrði aðalflutningaleiðin upp með og upp eptir Lagarfljóti, og mundi því mega sleppa aðalflutningabraut úr Fjörðum upp í Hjeraðið. Hvað viðvíkur skiptingunum og einkenningunni á fjallvegum og sýsluvegum, þá skal jeg ekki halda uppi vörn fyrir því að sinni, en íhuga það til 3. umr. Það er sjálfsagt, að um flesta fjallvegi má segja, að þeir liggi milli sýslna, að því leyti, að þegar þeir eru farnir, þá fer maður upp úr einni sýslu og kemur niður í aðra; en sumir liggja líka milli landsfjórðunga. Annars má jeg segja, að einkenning fjallvega er tekin hjer um bil orðrjett úr eldri lögunum, og því vona jeg, að þar sem hún var 1887 álitin tilbærilega góð, þá verði það ekki þessum lögum til fyrirstöðu.

Mjer er áhugamál að þetta gangi fram, af því það getur flýtt fyrir því, að bændur læri að brúka vagna, þótt það sje ljóst, að það kemur ekki fyrr en smátt og smátt með löngum tíma, þannig, að þegar einn byrjar, þá tekur sá næsti eptir honum, og svo koll af kolli. Svo gjöra menn akvegi af brautunum heim til sín, og síðan út á heyvöllinn og móvöllinn.

Þá fyrst getur hestum fækkað, og það er að mínu og margra annara áliti mjög þýðingarmikið, að þeir yrðu sem fæstir hjer á landi. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um frumv. að sinni.

Jón Jónsson (N.-Múl.): Hæstv. landshöfðingi tók það fram, að það hefði verið nauðsynlegt að fá akbraut frá einhverjum verzlunarstað, sem sótt væri verzlun til af Fljótsdalshjeraði, og er jeg honum alveg samþykkur í því, ef ekki verður hægt að ljetta aðflutninga til Hjeraðsins sjóleiðina. En

jeg skal geta þess, að eins og kunnugt er, þá höfum vjer Austfirðingar sótt um styrk til þess, að reyna að koma á gufubátsferðum upp í Lagarfljótsós, því flestir ef ei allir þar eystra eru sannfærðir um, að uppsigling í Lagarfljót megi takast, ef gufubátur sje þar til, og að þá muni komast á gufubátaferðir eptir öllu Lagarfljóti, og þá yrði brautin yfir Fagradal óþörf. En fari svo, að það á einn eða annan hátt mistakist, að fá því framgengt, að Lagarfljót verði flutningavegur Hjeraðsbúa, þá munu þeir leggja allan hug á, að akbrautavegur komist á yfir Fagradal.

Viðvíkjandi breyt.till. h. þm. Skagf. (Ól. Br.), þá er jeg eindregið með henni; mjer finnst hún ganga í þá átt, er æskilegt væri. H. þm. Rangv. (Ól. Ól.) hafði mjög á móti þessari breyt.till. og áleit það óvinsælan og tilfinnanlegan skatt, sem legðist á bændur, í viðbót við þá, sem þegar væru undir, og tók það sjerstaklega fram, að það veitti fullerfitt, að ná inn sveitarútsvörum þeim, er nú væru, þó eigi bættust bein peningaútgjöld á bændur þar á ofan, sem legðust við útsvarið. En jeg verð að álíta, að það yrði ekki tilfinnanleg hækkun á útsvörum bænda, þó það yrði nokkrum aurum máske 1 eða 2 kr. hærra hjá þeim árlega.

Það sem h. 1. þm. Rangv. (Ól. Ól.) var að tala um, hvað innheimtan yrði erviðari, er ástæðulaust, því það munar litlu að innkalla sveitargjaldið hjá hverjum einstökum, hvort sem það er 1 eða 2 kr. hærra eða lægra. Auk þess er þess að gæta, að menn mega leysa sig undan skylduvinnunni eptir núgildandi lögum og verður því að innkalla hreppavegagjaldið sem sjerstakt gjald, hjá þeim, sem heldur kjósa að borga. Og það er einmitt erviðara heldur en að innkalla það í og með sveitarútsvarinu. Jeg get ekki álitið það rjett, eða heppilegt, að þingið komi þeirri skoðun inn hjá almenningi, að bezt sje að komast hjá öllum beinum gjöldum, og telja eptir hvern eyri sem leggja þarf til að framkvæma vegabæturnar, sem öllum kemur saman um, að sjeu eitt af því, sem allra-nauðsynlegast er þjóðinni til framfara. Það er margt illt, sem leiðir af þessari skylduvinnu. Eitt hið versta er það, að hver bóndi vill þá láta vinna þetta skylduverk á þann hátt, að brúa keldu eða ryðja götuspotta heima við túnfótinn hjá sjer. Af því leiðir, að vegirnir verða allir í smápörtum, og þessir spottar, sem opt og einatt eru mjög af vanefnum gjörðir, sumpart vegna viljaleysis, sumpart vegna þekkingarleysis, — troðast þegar út, og verða ónýtir jafnóðum og þeir eru lagðir. — Verður því vegabótavinnan, meðan hún er unnin í þessa stefnu, ekki einungis óvinsæl og vekur engan áhuga á vegabótum, heldur má heita, að þeim vinnukröptum og peningum, sem til hennar er kostað, sje fleygt í sjóinn. Væri nú hreppavegagjaldið goldið í peningum, gætu hreppsnefndirnar notað það fje til að ráða menn til vegabótanna, sem væru handlagnir og vanir vegabótastörfum, undir forstöðu einhvers manns, sem væri hagsýnn verkstjóri, og þá væri hægt að taka fyrir stærri hluti af veginum. Jeg skal líka geta þess, að það á allvíða heima, að þar sem 2—3 verkfærir menn eru á bæ, að bændur senda lakasta mannin í vegagjörð, og sýnir það, að vegabæturnar eru í svo mikilli niðurlæging víða, að bændur eru ekki enn farnir að sjá veruleg not af þeim, og leysa þessa skyldukvöð því af hendi með hangandi hönd. Meðan þessi stefna ræður í vegabótunum, er engin framfaravon í þeim efnum. Jeg skal að endingu geta þess, að í nokkrum hreppum á Austurlandi hefir þetta hreppa-

vegagjald verið borgað, og aptur keypt vinna, og hefir það gefizt vel.

Árni Jónsson: H. framsögum. (J.P.) nefndarinnar hefir nú svo vel skýrt frá skoðun hennar og haldið uppi svörum fyrir hennar hönd, að jeg þarf þar engu við að bæta.

H. þm. N.-Múl. (J. J.) kvaðst vera meðmæltur breyt.till. þm. Skagf. (Ól. Br.), en jeg get ekki verið þeirri breyt.till. samþykkur. Jeg vildi reyndar í nefndinni hafa ákveðið peningagjald í staðinn fyrir ½ dagsverk til sýsluvegasjóðs, en það gekk ekki fram. En hjer þykir mjer dagsverkið of hátt metið á 2 kr.; og sjerstaklega er jeg á móti því, að slengja þessu hreppavegagjaldi, 2 kr. fyrir hvern verkfæran mann, inn í sveitarsjóðinn, þar sem bændum verða það langtum tilfinnanlegri útgjöld, en þó þeir láti mann til vegabóta, eins og h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) benti á. Jeg get ekki skilið, í sambandi við það, sem h. þm. N.-Múl. sagði, að það þurfi að vera almenn regla, að bændur geri vegabætur innanhrepps hver í sínu lagi; að minnsta kosti er það óvíða í þeim sveitum, sem jeg þekki til. Þar sem það kann enn að eiga sjer stað, þá get jeg ekki betur sjeð, en að það sje ódugnaði hreppsnefndarinnar að kenna, ef vinnunni er þannig hagað, — því það hljóta allir að sjá, að það er bein skylda hennar að sjá um, að verkið fari sem bezt úr hendi,— og mjer finnst, ef vel væri með farið, og hreppsnefndir settu einhvern duglegan mann til að sjá um verkið, að það gæti farið alveg eins vel úr hendi, þó bændur sendu sjálfir menn í vegavinnuna, eins og að þeir gjaldi vegabótagjaldið í peningum, og hreppsnefnd keypti svo aptur menn fyrir það. En jeg er viss um, að það verður miklu vinsælla að halda þessari gömlu skyldu-vinnu, því að það verður ekki nærri eins tilfinnanlegt fyrir bændur sjálfa. Jeg þekki fá gjöld erfiðari viðfangs og óvinsælli, en niðurjöfnun útsvara eptir efnum og ástæðum. Mjer finnst því ekki fært að auka það, sem á þeim stofni byggist.

Jeg þekki heldur hvergi svo til, eins og h. þm. N.-Múl. (J. J.) sagði, að þar sem 2 eða 3 verkfærir menn væru á bæ, ljetu bændur lakasta manninn til að vinna verkið. En gæti það ekki líka farið svo, þegar breyta ætti svona til, að eigi yrði ávallt völ á sem beztum mönnum, heldur yrði þá að taka því sem byðist? Jeg álít líka meira komið undir góðri stjórn, og að verkinu sje vel fyrir komið, en að verkmennirnir sjeu miklir afkastamenn.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal stuttlega skýra frá því, hvers vegna jeg ekki get aðhyllzt breyt.till. h. þm. Skagf. (Ól. Br.) og færa ástæður fyrir því. Mjer er það vel kunnugt, að minnsta kosti hjer á suðurlandi, að bændum veitir fullerfitt að fá peninga til að borga þinggjöldin með, og sýsluvega- og sýslusjóðsgjöld, og ef það hálfa dagsverk, sem nú á að greiða í sýsluvegasjóð fyrir hvern verkfæran mann, svo væri fært upp í 2 kr. dagsverkið, en það er nú hjer í Kjósar- og Gullbringusýslu 2 kr. 81 e., og það mun vera það hæsta, þá hækkaði gjaldið hjer um 60 a. fyrir hvern verkfæran mann. En í Skaptafellssýslu vestari hluta hennar er dagsverkið 2 kr. 11 a., og hækkar þá gjaldið þar fyrir hvern mann verkfæran um 95 a., og svo yrði það hjer á milli með hækkunina. Þegar svo hjer við bættist gjald til hreppaveganna 2 kr. fyrir hvern mann, þá hlýtur það að liggja í augum uppi hverjum manni, að fátækir menn hafa nóg

á sinni könnu með peningaútgjöld, og naumast bætandi á þá, og er það því ærið mun þægilegra fyrir þá annaðhvort að fara sjálfir eða láta vinnumenn sína í vegagerðina.

Viðvíkjandi mótmælum h. þm. N.-Múl. (J. J.), og að bændur sendi vanalega ónýta menn í vegagerð, þá álít jeg að það sje beinlínis hreppsnefndinni eða þeim, sem hún hefir falið á hendur að standa fyrir vinnunni, sjálfum að kenna, ef þeir hafa ekkert eptirlit með, hvaða verkmenn þeir taka, eða hvernig það er að öðru leyti af hendi leyst. Það liggur í augum uppi, að hreppsnefndin ætti að hafa einhvern vegfróðan mann, sem gæti gefið bendingar um, hvar og hvernig haganlegast væri að leggja vegi innsveitis, svo það yrði ekki að eins kák, sem svo yrði að litlum notum. Jeg vil að endingu geta þess, að mjer finnst, eins og nú á stendur, með öllu ótiltækilegt, af þeim ástæðum, sem jeg hefi þegar tekið fram, að hækka hin beinu peningagjöld bænda í þessu efni.

Jón Jónsson, þm. N.-Múl.: H. þm. Mýr. (Á. J.) sagði, að það myndi verða óvinsæl niðurjöfnun á þessu gjaldi, því niðurjöfnun væri í sjálfu sjer vandasöm og ekki heppileg. En jeg get þó sagt h. þm. það, að það er enn þá óríettlátara en niðurjöfnun, að láta einstaka mann borga eptir dagsverkafjölda. Þm. (Á. J.) ætti að gæta þess, að það er ekki sanngjarnt, þegar fátækur maður býr á stórri og erfiðri jörð, þar sem þarf margt vinnufólk, að hann borgi helmingi meira en efnaður maður, sem býr á hægri jörð, þar sem þarf lítinn vinnukrapt. Þar að auki er þess líka að gæta, að væri gjald þetta tekið með í aukaútsvari, þá legðist það ekki einungis á hvern búanda, heldur á alla gjaldendur í hreppnum, og mundi það því í mörgum sveitum ekki verða þyngra fyrir búendur heldur en að vinna skyldu-vinnu, eða borga eptir núgildandi lögum. Auk þess vil jeg enn taka það fram, að það er hrein og bein mótsögn, að biðja allt af um meira fje úr landssjóði til þeirra vega, sem hann á að kosta, en vilja engu verja til þeirra vega, sem hrepparnir og sýslurnar eiga að kosta, vilja ekkert leggja í sölurnar til þess að bæta þá, þó þeir sjeu eins eða verri en vegir þeir, er landssjóður á að kosta. Því fje, sem goldið er til vegabóta heima í sveitum, geta menn þó sjálfir ráðið, hvernig varið er, og vinnulaunin renna aptur inn í vasa þeirra manna í sveitarfjelögunum, sem bezt duga að vinna. Það er vanhyggja og drepur dug úr þjóðinni, að mæla hana undan slíkum gjöldum.

Árni Jónsson: Jeg get ekki fallizt á það, sem h. þm. N.-Múl (J. J.) segir í þessu tilliti, og jeg get ekki betur sjeð, en að það sem farið er fram á í 17. tölul. í nefndarálitinu, bæti talsvert úr því, sem honum finnst mest að á því fyrirkomulagi, sem nú er, og nái að mestu því, sem breyt.till. fer fram á; að öðru leyti mun dagsverkið víðast vera 2,50—2,20. Með því þá að greiða 2 kr. til sýsluvega og aðrar 2 kr. til hreppavega, legðist þá nálægt 1,50 kr. skattur á hvern verkfæran mann frá 20—60 ára á öllu landinu, og myndi það alls ekki verða vel þegið. Jeg veit ekki betur, en að á hinum síðari árum hafi töluvert verið gert að sýsluvegum með því fyrirkomulagi, sem verið hefir. Og ef sveitarstjórnin gætir skyldu sinnar í því, að haga vegagerðum eins og bezt hagar til, safnaði dagsverkunum öllum saman fyrir hvert ár á einhverjum vissum parti, þá gæti þó að minnsta kosti í sumum hreppum orðið innan

skamms allgóðar vegabætur. En hve fljótt gengur með vegabæturnar, er að mínu áliti má ske einna mest komið undir dugnaði og fyrirhyggju hreppsnefndanna, og svo undir því, hvað starfsvið hreppsbúa í þá átt er stórt, þar sem það er undir landshelgi komið, hvað vinna þarf að vegagerð í hinum einstöku hreppum og sýslum; það er náttúrlega auðvitað, að sumstaðar yrði ekki fljótlega komið á góðum vegum. En jeg tek það upp aptur, að eptir breyt.-till. nefndarinnar, þá verður hægra aðgöngu en áður, þar sem hver og einn er skyldur að borga í peningum fyrir fardaga, ef hann innir ekki skylduvinnu sína af hendi. En hingað til hefir það gengið svo, að hjá þeim, sem eigi hafa unnið, hefir borgunin dregizt fram á haust, og jafnvel þangað til árið eptir.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till., á 187, tölul. 1. samþ. með 15 atkv.

2. breyt.till. á 187. tölul. 2. samþ. í e. hlj.

3. breyt.till. á 187. tölul. 3. samþ. án atkvæða.

4. 11. gr. frv. þannig breytt samþ. með 15 atkv.

5. Breyt.till. á 187. tölul. 4. samþ. í e. hlj.

6. og 7. Töluliðirnir 5.—6. á sama þingskj. samþ. með 17 og 16 atkv.

8. 12. gr. með breyt. samþ. með 19 atkv.

9. Breyt.till. á 187, tölul. 7., samþ. með 17 atkv.

10. Breyt.till. á 187, tölul. 8., samþ. með 18 atkv.

11. Breyt.till. á 187, tölul. 9., samþ. með 18 atkv.

12. 14. gr. breytt samþ. í e. hlj.

13. Breyt.till. á 187, tölul. 10., samþ. með 16 atkv.

14. Breyt.till. á 187, tölul. 11., samþ. án atkvæða.

15. Breyt.till. á 187, tölul. 12., samþ. með 18 atkv.

16. Breyt.till. á 187, tölul. 13., samþ. með 19 atkv.

17. Breyt.till. á 187, tölul. 14., samþ. án atkvæða.

18. 16. gr. breytt samþ. með 18 atkv.

19. 17. — samþ. með 19 atkv.

20. Breyt.till. á 217, tölul. 1., felld með 12 atkv. gegn 7.

21. 18. gr. samþ. með 15 atkv.

22. 19. — — — 18 —

24. 20. — — í e. hlj.

25. 21. — — í e. hlj.

25. Breyt.till. á 187, tölul. 15., samþ. með 15 atkv. gegn 1.

26. Breyt.till. á 21, tölul. 2., felld með 12 atkv. gegn 7.

27. Breyt.till. á 187, tölul. 17., samþ. með 17 atkv.

28. 22. gr. breytt samþ. með 17 atkv.

29. 23. og 24. gr. samþ. í e. hlj.

30. Breyt.till. á 217, 3., 4. og 5., falla burt samkv. atkv.gr.

31. 25. gr. samþ. með 18 atkv.

32. 26. og 27. gr. samþ. með 18 atkv.

33. 28. og 31. gr. samþ. í e. hlj.

34. Breyt.till. á 187, tölul. 18, samþ. í e. hlj.

35. 32.—34. gr. samþ. með 18 atkv.

Frv. var vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um afnám embætta (C.219); 2. umr.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Mál þetta mætti svo góðum undirtektum við 1. umr., að jeg þarf ekki annað en að óska, að deildin sýni því sömu velvild, og leyfi því að ganga til 3. umræðu.

ATKVÆÐAGR.: 1. grein samþ. með 11:1 atkv.; 2. gr. felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Benedikt Sveinsson,	Páll Ólafsson,
G. Halldórsson,	Sigurður Jensson,
Jens Pálsson,	Árni Jónsson,
J. Jónsson, þm. N.-M.	Eiríkur Briem,
Ólafur Briem,	Indriði Einarsson,
Ólafur Ólafsson,	Jónas Jónassen,
Olafur Pálsson,	Páll Briem,
Skúli Thoroddsen,	Sigurður Gunnarss.,
Sveinn Eiríksson.	Sigurður Stefánsson,
	Þorl. Guðmundsson.

3. grein samþ. með meiri hluta atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 atkv.

Frumv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík (C. 302); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jónas Jónassen*): Jeg vona að frumv. þetta tefji ekki lengi fyrir h. þingd. Jeg skal geta þess að það er prentvilla í 1. línu. Þar stendur »hjer« í stað »hús«.

Ástæðan til að frumv. þetta kemur fram nú er sú, að með 100 ára gömlum lögum er svæði það sem reka má verzlun á í Reykjavík ákveðið svo lítið, að það nær varla nema yfir kvosina. T. d. má ekki byggja verzlunarhús fyrir ofan bankahúsið og heldur ekki fyrir vestan Merkistein.

Þetta er óeðlilegt, og nauðsynlegt að svæði þetta sje stækkað, þar sem bærinn hefur vaxið svo mjög á síðari tímum. Með þessu frumv. er dregin takmarkalína, sem verður nægileg fyrst um sinn. Jeg get ekki sjeð neitt, sem mæli móti frumv. þessu, og vona jeg því að menn lofi því að komast fljótt gegnum deildina.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um lækkun á fjárreiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi (C. 200, 290); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Páll Ólafsson*): Nefnd sú, sem sett var til að íhuga mál þetta, hefur lagt til að h. þingd. samþykki frumv. óbreytt eins og það kom frá stjórninni og hefur gengið gegnum efri deild.

Ástæðunum er lýst svo rækilega í stjórnarfrumv., að ekki er þörf á að gera það betur nú. Það sem gerir það óvinnandi að leggja prestakall þetta niður, er fjarlægðin til beggja handa, annars vegar að Hofi á Skagaströnd, hins vegar að Bergsstöðum. Þeir sem kunnugir eru ástæðum manna í þessum sveitum munu ekki furða sig yfir því, þó tekjurnar hafi hrapað ofan í rúmar 600 kr., eins og talið er fram. Engri sveit á Norðurlandi er jeg þekki til hefur hrakað eins og þessari; bæði er sveitin harðindapláss og varð mjög hart úti 1887, og svo bættist við mikið manntjón ári síðar, sem flestir munu hafa heyrt getið um. Kunnugir vita og, að hagur sveitarfjelaganna í þessum sóknum hefur staðið svo, að síðari árin hafa menn í sýslunefndinni orðið að gangast fyrir því árlega, að útvega hreppsnefndinni lánstraust og sjá um, að einhver fær maður fengist til að takast sveitarstjórn á hendur.

Þar sem brauðið er einungis 650 kr. að mati, mun enginn fást til að sækja um það, enda sýndi það sig í fyrra, þegar sonur helzta bóndans í sveitinni útskrifaðist af prestaskólanum, og sem eflaust mundi hafa kosið að komast á æskustöðvarnar, þá sá hann sjer ekki fært að sækja um þetta brauð, en sótti um annað brauð tekjurýrt og á útkjálka.

Alls er farið fram á, að lækka fjárreiðslurnar um 348 kr. Þess er að

gæta, að 200 kr. af þessu eru afgjöld, sem prestakallalögin gjöra ráð fyrir að gangi frá brauðinu, og sem landssjóður hefur enn ekki fengið, og einnig má gæta hins, að sá hlutinn, sem gengur til uppgjafaprests, mundi falla á landssjóð, hve nær sem brauðið væri metið upp aptur, því að það mundi þá komast niður fyrir 1200 kr.

Nefndin sá engin önnur ráð en að fallast á frumv. Og hið sama vonar nefndin að h. deild gjöri. Jeg er ekki vanur því að mæla með kröfum presta, ef þær eru ekki á rökum byggðar, og sama er kunnugt um meðnefndarmann minn, h. þm. Skagf. (Ó. Br.), og vonumst vjer því fremur eptir, að tillögur vorar hljóti samþykki.

Skúli Thoroddsen: Jeg þykist vita, að orð mín muni ekki hafa mikla þýðingu í þessu máli, því að þar sem h. prestar þessarar deildar hafa þegar sýnt það með atkvæðagreiðslu sinni í síðasta máli, að þeir vilja endilega halda þessu skrifstofuvaldi, biskupnum, og ekki fara á mis við þessi orðlögðu umburðarbrjef, þá má og ætla, að þeir sjeu því ekki móthverfir, að fjölgað sje prestaembættunum, til þess að umburðarbrjefin geti komizt í sem flestra hendur.

En enda þótt jeg eigi búist við miklum árangri af orðum mínum í þessu máli, vil jeg þó taka það fram, að jeg er ekki eins sannfærður um, að nauðsynlegt sje að lækka fjárreiðslur frá þessu prestakalli eins og h. nefnd. Það er mín skoðun, að prestaköllin sjeu helzt til mörg hjer á landi; nú er sá andi ríkjandi, að hver hreppur vill gjarnan hafa sinn prest; en þegar þess konar óskir almennings hafa töluverð útgjöld í för með sjer fyrir landssjóðinn, eins og hjer á sjer stað, þá verður þingið að fara varlega í sakirnar; það verður, ef jeg mætti svo segja, að hafa vit fyrir þeim, sem að eins hugsa um að hafa embættismennina sem haganlegast setta fyrir sig, án þess að hugsa um, hvað það kostar.

Jeg er og að vísu ekki persónulega kunnugur á þessu svæði, sem hjer ræðir um, en jeg ímynda mjer þó, að nágrannaprestarnir muni geta þjónað því. Jeg heyrði ekki á ræðu h. framsögum. (Ól. P.), hvort nokkur vandkvæði hefðu reynzt á því, að fá aukaverk framkvæmd af nágranna-prestunum; en á þetta atriði finnst mjer, að leggja verði mesta áherzlu. Hitt get jeg ekki álitið eins nauðsynlegt, að messugjörð fari fram á hverjum helgum degi, enda munu vandkvæði á því, að söfnuðirnir geti allt af sótt kirkju, og nú er nóg til af góðum guðsorðabókum, svo að messuföllin verða síður tilfinnanleg.

Framsögumaður (Páll Ólafsson): Jeg vona að h. þingm. Eyf. (Sk. Th.) sjái, að þetta mál er óskylt afnámi biskupsembættisins, og leiði jeg því orð hans um það mál hjá mjer. Að öðru leyti held jeg, að það komi af ókunnugleika hans, að hann er þessu frumv. mótfallinn. Mjer er satt að segja ekki kunnugt um, hvort söfnuðurinn hafi ekki getað fengið aukaverk, þó vel geti verið að það hafi komið fyrir, en mjer er kunnugt, að nágranna-prestarnir hafa hvað eptir annað færzt undan því að þjóna brauðinu. Auðvitað eru vandkvæðin mest á veturna, en þá þurfa menn þó í öllu falli að fá aukaverk gjörð, hvað svo sem messugjörðunum líður.

Árni Jónsson: Jeg kann ekki vel við að h. þingm. Eyf. (Sk. Th.) skuli blanda þessu máli saman við hitt málið (um afnám embætta) með hálf óviðkunnanlegum orðum. Hann hafði sjálfur næsta lítið skýrt það frumv. sitt, og

lítið tekið fram hvernig hann hugsaði sjer að störf biskups yrðu framkvæmd, ef það embætti væri afnumið.

Við 1. umr. þessa máls talaði hann allmikið um einhver umburðarbrjef með ekki uppbyggilegum orðum, svipuðum þessum vestfirzku orðum, sem nú fara að tíðkast. Jeg skil annars ekki, hvað kann meinar með þessum ummælum sínum um umburðarbrjefin. Þau eru gefin í góðum tilgangi. Jeg ímynda mjer að enginn embættismaður þyki ámælisverður, þó hann sýni skyldurækni sína með því að rita umburðarbrjef viðvíkjandi ýmsu, sem hann getur ekki persónulega litið eptir hjá þeim, sem hann er skipaður yfir.

Á fyrri tímum var það talið veraldlegum embættismönnum til vegs og virðingar, ef þeir rituðu umburðarbrjef eða áskorun til almennings, til þess að hvetja til framfara og fjelagsskapar, um leið og þeir gáfu ýmsar góðar bendingar viðvíkjandi ýmsu, er þeir ætluðu mætti betur fara, eins og Björn sýslumaður Tómasson og Stefán amtmaður Thorarensen og fleiri, sem álitu sjer skylt að efla heill og hagsmuni með umburðarbrjefum. Mjer finnst því engin ástæða til að fara þess konar orðum um embættisstörf biskupsins, eins og h. 1. þingm. Eyf. (Sk Thor.) hefur gjört.

Skúli Thoroddsen: Ræða h. þingm. Mýr. (Á. J.) var reyndar nokkuð fyrir utan efnið. Hann tók nærri sjer ummæli mín um umburðarbrjef biskupsins. Jeg sagði að þau væru orðlögð, og jeg get ekki sjeð, að það sje neitt slæmt í því, að orð fari af einhverju; en það er ekki mín sök, hvernig sá orðrómur er. Annars veit jeg, að sumum prestum hafa fundizt umburðarbrjef þessi all-skriffinnskuleg, og má vera, að h. þm. Mýr. (Á. J.) sje einn í þeirra tölu. En að því er snertir mál það, er hjer liggur fyrir, verð jeg aptur að taka það fram, að mjer finnst að ekki sjeu komin fram svo mikil skilríki fyrir því, að svo mikil vandkvæði sjeu á með prestsþjónustu í Höskuldsstaðaprestakalli, að ástæða sje til að ljetta þessum gjöldum af því og leggja þau á landssjóðinn. Það er mín sannfæring, að vel mætti fækka prestaköllum hjer á landi að góðum mun, án skaða fyrir guðrækni og kirkjulegt líf landsmanna.

Jens Pálsson: Af því að h. framsögum. (P. Ól.) tók það skýrt og greinilega fram, að ef frumv. þetta fjelli, þá gæti það leitt til þess, að brauð þetta yrði prestslaust, þá vil jeg ekki stuðla að því að svo fari. Jeg álít það áríðandi fyrir söfnuðina, að hafa presta, og svo lengi sem hjer er þjóðkirkja, sem ber að styðja og vernda, þá er það vanrækt af þinginu, að stofna til þess, að nokkur söfnuður verði prestslaus um langa tíma.

H. 1. þingm. Eyf. (Sk. Th.) tók það fram, að það væri sín skoðun, að prestar væru of margir hjer á landi og að það mundi ekki skaða guðrækni nje kristindóm, þó þeir fækkuðu. Jeg get ekki verið þessu samþykkur. Jeg álít að flest prestaköll sjeu nú orðin svo stór, að það sje fullnógur verkahringur fyrir samvizkusaman prest að þjóna þeim, ef hann vill beita kröptum sínum með skyldurækni. Og þó menn kunni að líta svo á, að prestur á alþingi tali um sjer skylt mál, þegar hann segir að starf presta sje þýðingarmikið, og hafi mikil áhrif á hið andlega líf safnaðanna, þá vil jeg skírskota þessu til almenningsálitsins á Íslandi. Mönnum þykir mikils um vert, að fá góðan prest, og hafa meiri umgengni við presta en aðra embættismenn. Íslendingar kunna vel að meta presta sína, og hið sama kemur í ljós hjá Íslendingum í Vesturheimi. Þeir hafa af

veikum mætti kostað stórmiklu fje til að fá presta og byggja kirkjur, og þetta mundu þeir ekki hafa gert, ef ekki hefði verið hjá þeim lifandi áhugi á að halda uppi kristilegri guðsþjónustu.

Af þessum ástæðum mun jeg greiða atkv. með frumv. þessu.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Frumv. til laga um rjett kvenna til að njóta kennslu á menntunarstofnunum landsins, og um aðgang þeirra að embættum (C. 142, 332); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Ólafsson): Jeg þarf ekki margt að segja um þetta mál. Eins og h. deild er kunnugt af nefndarálitinu hefur nefndin ráðið til samþykkja það með þeirri lítilfjörlegu breytingu, að gagnfræðaskólum sje bætt við. Jeg vil svo einungis láta í ljósi þá von, að h. deild sýni máli þessu nú hinn sama velvilja og áður.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um kjörgengi kvenna (C. 145, 332); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Ólafsson): Jeg hef ekki annað að segja um þetta frumv. en hitt. Nefndin hefur ráðið deildinni að samþykkja það óbreytt. Vona jeg að h. deild lofi frumv. þessu að komast lengra áleiðis.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um lán úr viðlagasjóði til handa amtsráðinu í vesturamtinu til æðarvarpsræktar (C. 263); 1. umr.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Frv. svipað þessu var fyrir þinginu fyrir fáum árum, og vona jeg þess vegna, að h. þingd. sje málið kunnugt, einkum þar sem mörg og ýtarleg skjöl því viðvíkjandi hafa nú legið hjer frammi á lestrarsalnum. Mál þetta er komið hjer fram fyrir tilmæli margra búenda á Breiðafirði og við Strandaflóa. Það er á þessu svæði lögð mikil stund á, að efla og auka æðarræktina, og eitt ráðið til þess er að eyða vargi þeim, sem grandar æðarfuglinum. Fjelag hefir verið stofnað á Breiðafirði fyrir nokkrum árum síðan, sem mest hefir gengizt fyrir þessu. Það sótti til þingsins 1885 um lán úr viðlagasjóði, og var samþykkt að veita það. Lánið, 10,000 kr., fjekk það, samkv. lögum 8. jan. 1886, og hefir því verið varið til að eyða flugvargi, og yfir höfuð öllum vargi, sem grandar æðarfuglinum og spillir varpinu. Þetta lán hefir nú ekki nægt til að gjöreyða öllum slíkum vargi. Það er álit þeirra manna, sem bezt hafa kynnt sjer þetta mál, og bezt vit hafa á æðarræktinni, að enn þurfi að leggja fram mikinn kostnað, til að eyða varginum. Þessir menn álíta, að enn þurfi 5000 kr. til að gjöreyða honum. Það var líka upphaflega álitið, að til þessa þyrfti alls 15000 kr., en eptir lögunum, sem jeg nefndi áðan, voru ekki teknar nema 10,000 kr. Jeg held það sje þess vert þetta mál, að menn gefi því rækilegan gaum. Það er öllum kunnugt, hve arðsamur fugl æðarfuglinn er, og þess vegna er von, að varpeigendum sje það áhugamál, að æðarræktin eflist og margfaldist þar, sem hún er, og myndist þar, sem hún ekki er. Til að eyða ýmsum vargi er víða í útlöndum varið miklu fje, t. d. til að eyða engissprettum og öðrum slíkum kvikindum. Hjer er ekki að ræða um neina fjárveitingu úr landssjóði, heldur að eins um lán úr viðlagasjóði, og það sjálfsagt gegn því tryggasta veði, sem mögulegt er að hugsa sjer.

Það mun ef til vill þykja undarlegt

í þessu máli, að hjer skuli vera farið fram á, að amtsráðinu í vesturamtinu verði veitt þetta lán, í stað þess að beiðast lánsins til handa æðarræktarfjelagsins sjálfs. En orsökin er sú, að brytt hefir á ágreiningi í þessu fjelagi, og það sjerstaklega út af því, hversn verðlaunin eigi að vera há fyrir eyðing vargs. Nú er ætlazt til, að amtsráðið taki lánið, ef því sýnist svo, og eins er ætlazt til, að það setji reglur fyrir notkun þess, til þess að enginn ágreiningur geti orðið meðal fjelagsmanna sjálfra, og tilgangurinn með láninu náist. Jeg vona að h. þingdm. sjái, að hjer er að ræða um mjög mikilsverðan atvinnuveg, og að það sjeu næg meðmæli með frv., að hjer er ekki um það að tala, að veita styrk úr landssjóði, heldur um það, að lán geti fengizt, sem varið verði til eflingar þessum atvinnuvegi, undir umsjón amtráðsins, sem muni verða skipað einum hinum bezta manni úr hverri sýslu.

Skúli Thoroddsen: Jeg stend einkum upp af því, að mjer er sumt í þessu máli ekki sem ljósast. Jeg hefi sjeð það af skjölum málsins, sem legið hafa frammi á lestrarsalnum, að æðarræktarfjelagið á Breiðafirði og við Strandaflóa hefir skrifað amtsráðinu í Vesturamtinu og beðið það að útvega sjer úr landssjóði 5000 kr. lán í viðbót við 10000 kr. lán, sem fjelag þetta hefir áður fengið. Jeg hefi einnig sjeð þess getið, að þeir, sem upprunalega voru frumkvöðlar og helztu hvatamenn þessarar lántöku, höfðu fyrirfram reiknað það út upp á sínar tíu fingur, að það mundi kosta akkúrat 15000 kr., að eyða öllum flugvargi á Breiðafirði, og hvorki meira nje minna. Aðrir spámenn hjeldu því aptur á móti fram, að 10,000 kr. myndu nægja til eyðingar öllum flugvargi við Breiðafjörð og Strandaflóa. Þessar 10,000 kr. hafa þegar verið teknar að láni, en hafa, sem vænta mátti, ekki reynzt nægilegar til vargeyðslunnar; og nú er því haldið fram, af hinum mikilsvirtu forvígismönnum þessa máls, að fyrir 10,000 krónurnar sje búið að eyða $^2/_3$ hlutum af öllum flugvargi á Breiðafirði, og vanti því ekki nema akkúrat 5000 kr., til að gjöreyða þeim $^1/_3$ hluta af flugvarginum, sem eptir sje.

Jeg kalla þá góða reikningsmeistara þarna á Breiðafirði, að geta reiknað þetta svona nákvæmlega út; en mig skyldi þó ekki furða á því, þótt það einn góðan veðurdag kynni að koma upp úr kafinu, eptir að búið er að eyða þessum 5000 kr., sem nú er verið að sækja um, að þá yrði t. d. $^1/_4$ eptir af varginum, svo að þá kæmi enn á ný lánbeiðni hjer inn á þingið um einhverja tiltölulega fjárupphæð úr viðlagasjóði, til þess að eyða þessum $^1/_4$, eða hvað það nú yrði, sem þá væri eptir óeytt af flugvarginum, eptir nákvæmum útreikningi.

Jeg mundi þó óhikað hafa greitt atkvæði með þessu máli, ef það hefði komið öðru vísi og betur undirbúið inn á þing. Mjer hefði þótt eðlilegast, að frá hlutaðeigandi sýslunefndum hefðu komið áskoranir til amtsráðsins í vesturamtinu um að útvega lánið, og að amtsráðið hefði síðan sjálft sótt um lánið til alþingis. En eins og mál þetta nú liggur fyrir þinginu, verður ekki sjeð, hvort það er almennur vilji manna þar vestra, að taka þetta lán, og vafasamt mun það, hvort sá vegur, sem æðarræktarfjelagið hefur farið, að því er vargeyðinguna snertir, er almennt álitinn sá rjetti. Og að minnsta kosti heyrði jeg, á ferð minni til alþingis, ekki eina einustu rödd á Kollabúðafundinum nje í Dalasýslu, er lyki lofs-

orði á gjörðir æðarræktarfjelagsins á Breiðafirði; en aptur á móti bárust mjer óspurt til eyrna margar raddir, sem misjafnlega tóku á gjörðum fjelags þessa; veit jeg því eigi, hversu almenningi þar vestra kynni að vera kært, að fjelag þetta fengi að nýju nokkurs konar fjárráðamennsku fyrir þá. Eins og hinum h. þingdeildarm. er kunnugt, er láninu jafnað niður á alla varpeigendur, án tillits til þess, hvort þeir eru í æðarræktarfjelaginu, eða ekki. Þetta er að vísu eðlilegt í sjálfu sjer, af því að eyðing vargsins er öllum varpeigendum í hag. En þegar svo er, að endurgjalds-skyldan hvílir jafnt á öllum varpeigendum, þá ættu þeir og með atkvæði sínu að ráða sem mestu um það, hvernig fjenu er varið. Það er nú langt frá, að svo hafi verið, því að ráðin hafa öll verið í höndum æðarræktarfjelagsins eða einstakra manna í því.

Fjelag þetta ætlar að eyða öllum flugvarg á Breiðafirði, en mig langar til að spyrja h. flutningsm. um það, hvort fjelag þetta borgar líka verðlaun fyrir varg, sem drepinn er t. d. við Ísafjarðardjúp? *(Jens Pálsson:* Nei.) Þá held jeg þó, að annað hafi heyrzt. Jeg skal samt ekki fara lengra út í það mál nú, en get ef til vill talað betur um það síðar. En, sem sagt, legg jeg aðaláherzluna á það, að mjer virðist mál þetta ekki svo undirbúið, sem æskilegt hefði verið; jeg hefi hjer fyrir mjer útdrátt úr gjörðabók amtsráðsins í Vesturamtinu, og þar er ekki með einu orði minnzt á, að amtsráðið sjálft óski að taka lán, heldur kveðst amtsráðið mæla með því, að æðarræktarfjelagið taki 5000 kr. lán, sem varið sje til eyðingar flugvargi. Af þessu skjali er því ljóst, að það hefir vakað fyrir amtsráðinu, að lánið ætti að vera til æðarræktarfjelagsins, en þegar svo er, þá get jeg ekki greitt atkvæði með frumv., eins og það nú liggur fyrir. Hefði aptur á móti verið trygging fyrir því, að lánið yrði því að eins tekið, að hlutaðeigandi sýslufjelög væru því samþykk, þá hefði jeg verið ótrauðari að gefa málinu mitt atkvæði.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): H. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) hefir nú gjört grein fyrir, hvers vegna hann getur ekki greitt atkvæði með þessu máli. En, sjaldan þessu vant, voru ástæður hans svo veikar, að jeg get skilið, að hann hafi skort aðrar betri. Hann sagði, að það væri ekki almennings vilji, að taka þetta lán. Hvaða almennings? Þegar talað er um almenning í þessu máli, þá er hann þeir menn, sem stunda æðarrækt á Breiðafirði og við Strandaflóa, og það eru þeir, sem eiga að borga lánið og njóta ávaxtanna of vargeyðingunni. Jeg skal játa, að jeg er ekki svo kunnugur á Breiðafirði, að jeg geti skipt varpeigendum þar í 2 sveitir og sagt, hverjir óski að æðarræktarfjelagið taki lánið og hverjir ekki, en jeg hef í höndum skjöl með allmörgum undirskriptum. Annað skjalið er, að jeg held, með nöfnum nálega allra varpeigenda í Strandasýslu, og biðja þeir allir um lán til að eyða varginum. Brjef þetta er undirskrifað af sýslumanninum í Bæ, prófastinum á Prestsbakka o. fl. málsmetandi mönnum. Þá hefi jeg annað skjal um sama efni, frá Breiðafirði, sömuleiðis með mjög mörgum undirskiptum merkra æðarvarpsbænda.

Jeg veit, að æðarræktarfjelagið, eða stjórn þess, hefir mætt ýmsum aðfinningum; en hver hefir ekki orðið fyrir því, sem barizt hefir fyrir því, að fá einhverju mikilsverðu til leiðar komið? Og þegar farið er að fleygja út álasi eða aðfinningum um einhvern, eða ein-

hverja, þá er slíku vanalega haldið mjög á lopti, og mun h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) einnig hafa látið blekkjast af þessu í þessu máli. Hann spurði, hvort æðarræktarfjelagið borgaði verðlaun einnig fyrir þann varg, sem drepinn væri á Ísafirði, eða annarsstaðar. Jeg sagði nei, því ef menn hafa svikið inn á fjelagið vængjum annars staðar að, þá verð jeg að álíta slíkt »criminelt», og ef h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) veit dæmi til þess, skora jeg á hann að láta uppi nöfn þeirra, sem það hafa gjört.

Annars er frumv. þetta svo lagað, að æðarræktarfjelagið þurfti alls ekki að koma hjer til umræðu. Hjer er að eins að ræða um heimildarlög fyrir því, að amtsráðið megi taka þetta lán, ef því finnst ástæða til þess, og það er svo til ætlazt, að það setji reglur fyrir því, hvernig fjenu verður varið, og vona jeg að enginn vantreysti amtsráðinu í þessu efni. Að eyða varginum hlýtur að vera varpinu til eflingar; þá setningu þarf ekki að sanna. Mjer, að minnsta kosti, þykir það athugavert, að neita að lána framfarafjelagi nokkurt fje úr landssjóði gegn nægilegri tryggingu, hvað þá heldur að neita amtsráðinu um, að taka lán til eflingar mikilsvarðandi atvinnuvegi marga landsbúa, sem á að borgazt aptur eyrir fyrir eyri.

Menn kunna að segja: Hversvegna koma varpeigendur sjer ekki saman um, að skjóta sjálfir saman fje, og eyða þannig varginum af eigin rammleik? Það er hægt að kasta þessu fram, en vjer vitum vist allir, hve erfitt er að koma á nokkrum fjelagsskap hjer á landi. Það er eins með þetta, eins og svo margt annað. Hvað gott sem það er, eru þó ekki allir, sem hafa trú á því. Þeir fáu, sem hafa brennandi áhuga á fyrirtækinu, verða hart úti, af því þeir verða að leggja fram stórfje, þar sem aðrir, sem hálfvolgir eru, leggja lítið eða ekkert í sölurnar. Þannig er fjelagsskapurinn optast hjer hjá oss.

Jeg get ekki skilið, að h. þingd. geti látið æðarræktina á Breiðafirði gjalda þess, þó h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) hafi einhvern ímigust á æðarræktarfjelaginu, eða hafi heyrt einhverja sleggjudóma lagða á það.

Skúli Thoroddsen: Þrátt fyrir hina löngu ræðu h. þm. Dal. (J. P.), þá hefir honum, enn sem komið er, eigi tekizt að skýra þetta mál svo fyrir mjer, að jeg geti sjeð, hvort það er eindreginn almenningsvilji á Breiðafirði, að taka þetta lán, nje heldur hvor af þeim tveim andstæðu flokkum, er hann nefndi, sje mannfleiri.

Eins og málið nú liggur fyrir þinginu, þá er engin lánbeiðni fram komin frá amtsráðinu, heldur hefir amtsráð Vesturamtsins að eins veitt meðmæli til þess, að hinu svo nefnda æðarræktarfjelagi við Breiða- og Strandaflóa verði veitt lán. En eptir því, sem mjer hefir verið frá skýrt, munu Strandasýslubúar annaðtveggja ætla sjer, að taka lítið eða ekkert af því láni, þótt þeir hafi fylgzt með beiðni æðarræktarfjelagsins fyrir lagsmennsku eða kompánaskaps sakir; má því ætla, að þeir kunni að dragast aptur úr með lántökuna, þegar til kemur, og vilji heldur vera lausir við að leggja á sig þann skatt, sem endurgjaldsskyldunni fylgir.

Þá er og enn eitt þýðingarmikið atriði, sem til íhugunar verður að koma í þessu máli, og það er, hvaða gagn og hagsmuni hafi leitt af hinni fyrri lántöku. Hefir æðarræktin aukizt við vargeyðinguna eður eigi? Þessari spurningu er kannske örðugt að svara til fullnustu, með því að ýmsar orsakir geta verið til þess, að varpið er meira eða minna eitt árið en annað; en því miður hefir nú svo illa til tekizt fyrir

æðarræktarfjelagið, að varpið hefir, að sögn, einmitt þau árin, sem liðin eru, verið með lang-minnsta móti á Breiðafirði; og hver sem svo orsökin kann að vera, þá er það víst, að sumir Breiðfirðingar eigna þetta einmitt þeirri miklu skothríð, er af vargeyðingunni stafar, með því að skotin, eins og eðlilegt er, komi styggð og ókyrrð á æðarfuglinn.

Jeg verð og, þrátt fyrir ummæli h. þm. Dal. (J. P.), að taka það fram, að sje Breiðfirðingum þetta verulegt áhugamál, þá þekki jeg, að þar eru svo margir velmegandi og góðir drengir, að þeim myndi næsta auðvelt að útvega sjer lán, þótt landssjóður gengi undan að leggja fram fjeð.

Þm. Dal. (J. P.) tók það fram, að sjer virtist það hart, ef þingið synjaði um lánveitinguna, og sagði, að það sýndi með því, að það vildi að engu styrkja þenna mikilsverða atvinnuveg Breiðfirðinga; en þetta ámæli verð jeg að bera algjörlega af þinginu; jeg held þvert á móti, að þingið hafi, með því að samþykkja lög um eyðingu svartbakseggja, sýnt það, að það vill vernda þennan atvinnuveg.

Út af áskorunum h. þm. Dal. (J. P.) skal jeg geta þess, að það almæli hefir á lagzt við Ísafarðardjúp, að sunnanmenn keyptu lappir af hröfnum og fl. af flugvargi, en náttúrlega fyrir nokkru minna en borgað er í æðarræktarfjelaginu, því að flestir vilja vera kaupmenn nú á dögum.

Jeg man svo ekki til, að jeg þurfi að svara fleiru í ræðu h. þm. Dal. (J. P.); en eitt vil jeg að endingu leggja háttv. þingdm. á hjarta, hvort þeim virðist sanngjarnt að styðja að því, að lagður verði nefskattur á alla varpeigendur á Breiðafirði, án þess vissa sje um, að það sje almennings vilji í þeim hjeruðum, að taka þetta lán. Eptir því sem jeg kemst næst, mun lántakan öllu fremur vera vilji einstakra manna en almennings.

Páll Ólafsson: Jeg ætlaði að eins að gefa dálitla upplýsing viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) hafði eptir mjer, að Strandasýsla mundi lítið nota lánið. Það kemur af því, að á Strandaflóa er nær því búið að eyða flugvargi, og verður óvíða vart við annað en dálítinn strjálning, sem kemur frá Ísafirði, Breiðafirði og ofan af fjalli, þar sem svartbakurinn enn hefur sína bækistöðu.

H. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) var í efa um, hvort varp hefði aukizt síðan farið var að eyða flugvargi fyrir alvöru. Jeg get fullyrt, að á Strandaflóa hefir það aukizt mikið. Mitt varp hefir aukizt um nærfellt $^3/_5$ á síðustu 10 árum, og þakka jeg það vargeyðslunni að nokkru leyti, og á öðrum stað veit jeg að er enn meiri framför; jeg skal nefna eina jörð, Kollafjarðarnes; þar hefur varp aukizt á sama tíma úr 14 pundum upp í rúm 40 pund. Þar sem hann gat þess, að skothríðin mundi fæla fuglinn, þá held jeg að það sje eigi hættulegt, enda er aldrei skotið um varptímann. Jeg játa, að þingið hefir gjört mikið fyrir æðarræktina með lögunum um eyðingu svartbakseggja, en það þarf eigi að vera því til fyrirstöðu, að það gjöri meira.

Það kann vel að vera, að málið sje eigi eins formlega undirbúið eins og æskilegt væri, fyrst þessi stefna var tekin, að veita amtsráðinu heimild til að taka lánið. En vegna sundrungar í æðarræktarfjelaginu hefir flutningsmanni litizt sá vegurinn greiðari, að fara fram á, að lánið veitist nú beinlínis amtsráðinu. Mjer er ekki kunnugt um það nákvæmlega, hvernig aðgjörðum fjelagsins er varið, en jeg verð að mótmæla öllum dylgjum um framkvæmdir

fjelagsins, því mjer er svo kunnugt um stjórn þess og sjer í lagi um nágranna minn, sýslumann Strandamanna, sem allt af hefur verið í stjórn fjelagsins, að hann er sá maður, sem aldrei er við neitt það riðinn, sem ástæða getur verið til að hafa dylgjur um.

Páll Briem: H. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) bað sjer liðs í endalok ræðu sinnar, af því hann væri dauður; en hann má vera óhræddur við mig, því jeg álít það aldrei drengilegt að gjöra persónulegar árásir á þá, sem eru dauðir og ekki geta svarað fyrir sig.

Viðvíkjandi orðum hans um æðarræktarfjelagið, verð jeg að geta þess, að jeg held að það sje engin ástæða til að vera hræddur við æðarræktartjelagið eptir þá skýrslu, sem h. þm. Strand. (P. Ól.) hefur gefið. Jeg sje ekkert á móti frumv. eins og það liggur fyrir. Það veitir amtsráði vesturamtsins heimild til að taka lán, sem fyrst veitist, ef það eptir nauðsynlegan undirbúning beiðist þess. Jeg get eigi annað sjeð en að hjer sje full trygging fyrir, að láninu verði eigi varið hvatvíslega. Þetta lán er veitt til eflingar æðarræktar, og eptir upplýsingum h. þm. Strand. (P. Ól.), þá er mögulegt að efla hana og það eigi lítið. Amtsráðið á nú sjerstaklega að íhuga þetta mál og setja reglur um lánið, og þar sem í amtsráði sitja kosnir menn úr þessum sýslum, er víst alveg óhætt fyrir þingdeildina að treysta því, að láninu verði vel varið.

Ef það skyldi takast að eyða svartbaknum á Breiðafirði eins og á Strandaflóa, væri það afar-þýðingarmikið fyrir varpeigendur á Breiðafirði.

Gunnar Halldórsson: Jeg ætla að eins að gjöra fáeinar athugasemdir viðvíkjandi þessu frumv., sem hjer liggur fyrir. Jeg get ekki fellt mig við þetta ákvæði frumv., að amtsráðinu veitist heimild til að taka lánið. Mjer finnst eðlilegast, að það hefði átt að koma fram bón frá viðkomandi sýslunefndum, þar sem þær mega vera kunnugastar því, hvað er hinn almennasti vilji eigenda og ábúanda varpjarðanna við Breiðafjörð, og jeg get ekki skilið, ef þetta er mikið áhugamál í viðkomandi sýslum, að því verði eigi komið fram í sýslunefndunum. Það er auðvitað hættulaust frá landssjóðsins hálfu, að veita lánið; hann hefir sannarlega næga tryggging fyrir að fá það aptur, en þar af leiðir, að æði-tilfinnanlegan skatt verður að leggja á þessar varpjarðir á Breiðafirði og við Strandaflóa; þessi skattur kemur nú til að nema fast að 1000 kr., ef þetta lán verður tekið í viðbót við þau 10,000, sem áður er búið að taka, og er það ekki svo lítið, ef það ekki skyldi koma að tilætluðum notum, en um það ættu sýslunefndirnar bezt að geta borið.

Eins og hefir verið tekið fram, þá hef jeg einnig heyrt, að varp á Breiðafirði hafi mikið minnkað á síðari árum, og þegar jeg var á Kollabúðum nú seint í júnímánuði, sögðu mjer það svo margir áreiðanlegir menn, og það er víst, að það hefir minnkað á Stað á Reykjanesi, þótt það að vísu síðastliðið vor hafa verið heldur betra en fyrirfarandi ár. Ef frumv. gengur til annarar umr., þá held jeg því fram, að það ætti betur við að leggja þetta mál undir sýslunefndirnar en amtsráð. Það er naumast ástæða til að ganga fram hjá þeim. Jeg get heldur ekki annað en hneykslast á því, að sjá þennan nákvæma útreikning, sem beiðendur þessa láns hafa talað svo mikið um, þann nl. að nú sje einmitt búið að eyða $^2/_3$, og það sje einmitt $^1/_3$ flugvargsins eptir, og þess vegna þurfi nú að fá 5000 kr. í

viðbót við þau 10,000, sem áður voru tekin, til þess að enginn flugvargur væri eptir á Breiðafirði og við Strandaflóa; jeg held að þó búið væri að skjóta á þessum litla bletti allan flugvarg niður, þá geti hann safnazt að aptur annarstaðar frá. Sem sagt: jeg get eigi gefið frv. þessu atkv. mitt svona löguðu eins og það nú liggur fyrir.

Ólafur Briem: Það er erfitt fyrir þá þm., sem ókunnugir eru, að mynda sjer rjetta skoðun um þetta mál, en jeg get alls eigi sjeð, eins og 2. þm. Ísf. (G. H.) hjelt fram, að það sje heppilegra að sýslunefndirnar hafi framkvæmdirnar í þessu máli, því ef þörf er á þessu láni og hinni fyrirætluðu notkun þess, þá er nauðsynlegt að það sje eining á yfirstjórninni, og því óað-gengilegt, að fleiri stjórnarvöld eigi um það að fjalla, og það eru líkindi til þess, að framkvæmdirnar yrðu þá í molum. Það gæti vel komið fyrir, að sýslunefndirnar gætu eigi komið sjer saman, og svo yrði eigi neitt úr neinu. Jeg skil heldur eigi, hvað varhugavert getur verið við, að fela amtsráðinu þetta á hendur; mjer finnst þvert á móti heppilegt, að hlutaðeigandi amtsráð fjalli um það, einkum eptir þeirri skipun, sem nú er á henni í amtsráðinu, þar sem í þeim situr fulltrúi úr hverju sýslufjelagi. Það sem varpeigendur verða að borga upp í lán það, sem hjer er um að ræða, er heldur eigi 1000 kr. á ári, eins og þingm. tók fram, heldur 300 kr. í 28 ár.

H. þm. Eyf. (Sk. Th.) sagðist geta verið með þessu máli, ef það væri öðruvísi undirbúið, sjer í lagi ef lægi fyrir meðmæli sýslunefnda og lánbeiðsla frá amtsráðinu; en jeg verð að taka það fram, að með þessu frv. er amtsráðinu að eins gert mögulegt að fá lánið, ef það álítur það ráðlegt. H. þm. hjelt því fram, að málið væri látið bíða næsta þings. En eins og þingmenn ekkert geta sagt um, hvað næsta þing kynni að gera í þessu efni, eins finnst mjer óþarft að vera að tefja fyrir þessu máli að ástæðulausu, því það liggur í augum uppi, að áríðandi er að eyðing varpsins sje áframhaldandi; ef ár eru látin líða á milli, sem ekkert er framkvæmt í þessa stefnu, hlýtur eyðingin að verða margfalt erfiðari og kostnaðarsamari.

Gunnar Halldórsson: Jeg vil gera dálitla athugasemd út af ræðu h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.). Þar sem hann vildi að amtsráðið hefði framkvæmdirnar í sínum höndum, þá verð jeg að minna hann á, að allt, sem sýslunefndirnar gera, fer einnig til amtsráðsins, og jeg álít það miklu betri trygging fyrir, að þetta lán verði sem flestum af þeim, sem koma til að borga það, að skapi, og að þetta færi vel úr hendi, ef sýslunefndirnar hefðu hönd í bagga með, og er viss um, að það hefði upphaflega orðið miklu vinsælla. Viðvíkjandi því, sem sami þm. sagði, að skattur sá sem legðist á varpeigendur með þessu 5000 kr. láni kæmi ekki nema 300 kr. í 28 ár, þá er það rjett; en þess er að gæta, að þeir hafa áður fengið 10,000 kr. í sama augnamiði, sem þeir þurfa að borga líka.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Þó umræður sjeu orðnar langar, verð jeg að bæta við stuttri athugasemd út af ræðu h. þm. Eyf. (Sk. Th.). Hann hafði eptir mjer, að jeg vissi eigi um almenningsviljann í þessu máli, en jeg sagði að jeg væri eigi svo kunnugur á Breiðafirði, að jeg vissi um hvern einasta mann, hvort hann vildi láta æðarræktarfjelagið taka lán til að halda áfram

eyðingu vargs, en um hitt er jeg í engum vafa, að allir vilja láta eyða vargi. Það er heldur engum vafa bundið, að það er almenningsósk, að því er sjeð verður af öllum skjölum málsins, að lán megi taka til æðarvarpsræktar einmitt á þann hátt, sem farinn er í frv. Jeg hef hjer í höndum skjal með undirskript hvers eins og einasta varpeigganda í Strandasýslu, að einum undanskildum, þar sem óskað er 5000 kr. láns til æðarvarpsræktar. Hjer hef jeg og annað skjal í höndunum, er fer í sömu átt. Þetta skjal er undirskrifað af fulltrúum æðarræktarfjelagsins, 19 að tölu, og þekki jeg þar á meðal marga merka menn. Þar sem þetta þannig kom fram á fulltrúafundi, þá kemur þar fram almenningsvilji í æðarræktarfjelaginu, þrátt fyrir það, þó fulltrúar hafi eigi mætt frá 3. deild, sem er eitthvað óánægð með gjörðir fjelagsins. Nú með því flestir varpbændur á Breiðafirði munu vera í æðarræktarfjelaginu, að ætlan minni, þá fæ jeg eigi betur sjeð, en að lántakan sje almenn ósk vestur þar. Jeg veit eigi, hvernig almenningsvilji á að koma betur fram en þetta; hingað til hefir þess ekki verið krafizt um slík mál, sem borin hafa verið upp hjer á þingi, að um þau sje fyrirfram leitað atkvæðis hvers einasta manns, og að flutningsmenn standi með atkvæði hvers einasta manns svart á hvítu í höndunum.

H. 2. þm. Ísf. (G. E.) vildi fá þeirri breytingu að komið, að sýslunefndirnar, sem hjer eiga hlut að máli, tækju lánið. Jeg get með engu móti aðhyllzt þessa breyt.till., og hefir það, sem mælir á móti henni, verið rækilega tekið fram af 1. þm. Skagf. (Ó. Br.). Ef ein sýslunefndin, ef til vill sakir undirróðurs eða hleypidóma, vildi engar framkvæmdir eða tilkostnað hafa til verndunar og eflingar æðarræktinni, gæti vel komið fyrir, að hún setti sig á móti lántökunni, og yrðu svo lögin ekki að gagni. Það er yfir höfuð eigi líklegt, að samvinna gæti tekizt vel milli fleiri sýslunefnda, er sumar vildu má ske ekkert hafa með málið að gera. H. þm. (G. H.) þótti varhugavert að leggja svona toll á menn; já, það er rjett, að með þessu láni verður lagður tollur á æðarvarpseigendur. En er það nokkuð nýtt að leggja toll á menn til að eyða vargi? jeg veit eigi betur en að tollur sje lagður á hvern hrepp til þess að eyða tóum.

H. 1. þm. (Sk. Th.) gaf í skyn, að sviksamlega hafi verið farið í kringum reglur æðarræktarfjelagsins með því, að svíkja út verðlaun fyrir vængi og lappir af vargi, sem hafi verið unnar fyrir utan hið ákveðna svæði. Þetta færði hann fram fjelaginu til áfellis, og sem mótbáru gegn frv. þessu; en slík ástæða er ljettvæg, og skal jeg sýna fram á það með dæmi, er taka má til samanburðar. Ef einhver hreppur semdi við skyttu um að vinna eða eyða tóu og yrðlingum fyrir ákveðna borgun, er fólgin væri í verðlaunum fyrir hvert unnið dýr, ungt og gamalt, og skyttan svo sýndi tóu og yrðlinga, sem væru unnir annarsstaðar, til þess að fá borgunina, ætti þá að hætta við að vinna tóur og leggja á dýratoll fyrir það?

Þá er að minnast á endurborgunargjaldið, sem ætlazt er til að leggist á dúninn sem skattur. Menn hafa gert mikið úr þessu gjaldi, en sannast að segja verður það svo lítið, að það er hverfandi í samanburði við ágóðann, sem gera má ráð fyrir að menn fái í aðra hönd, er varpið vex, sem það hlýtur að gera, er varginum er gjöreytt.

Jeg skal eigi fara að verja áætlanir

formanns æðarræktarfjelagsins; menn verða að gæta þess, að þær eru ekkert annað en áætlanir.

Það var tekið fram, að æðarvarp á Breiðafirði hefði eigi vaxið síðari árin, en að það hefði vaxið mjög á Strandaflóa. Á Breiðafirði hefir og staðið sjerstaklega á. Árið 1880—81 fjell fugl mjög sakir íss og frosta, og þá var það einnig, eins og jeg hef áður tekið fram, að svartbakurinn breytti lifnaðarháttum sínum og lagðist á hinn fullorðna fugl. Skyldi eigi mega kenna þessu um, ef varp á Breiðafirði hefir ekki aukizt, en rýrnað um tíma? Í vor var annars að margra sögn mjög gott útlit með varp, og talið víst, að varpið sje einmitt nú að byrja að vaxa að mun, enda efast víst enginn um, að það glæðist því meir, sem eyðing varpsins er öflugri. Jeg vona að deildinni sje nú ljóst, að hjer er um mikilsvert málefni að ræða, sem eigi þarf að kosta landssjóðinn einn eyri, en bezta trygging fyrir rjettri og skynsamlegri meðferð lánsfjárins er fólgin í því, að amtsráðið tekur lánið og setur reglur fyrir notkun þess. Jeg legg því öruggur frv. undir atkvæði deildarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 15:1 atkv.

Frv. til laga um breyt. á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 334); 1. umr.

Framsögumaður (Sigurður Gunnarsson): Jeg verð að telja það óheppni fyrir þetta mál, að það gat ekki fengið að njóta flutnings samþingismanns síns (L. H.), þótt kjósendur okkar hefðu falið honum það sjerstaklega á hendur, og hann tekið við því og flutt það hingað suður til þings; jeg segi þetta af því, að málið mundi hafa haft mjög gott af því að njóta hans mikilsverðu aðstoðar. En með því hann nú um elleftu stundu hefir komizt undan að flytja málið, þá kem jeg fram með það, í þeirri von og trausti, að margir h. þingdm. muni líta öðruvísi á það og önnur slík mál, er snerta íslenzku kirkjuna, en nýlega kom fram í ræðu h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.); jeg vona að fleiri en prestarnir geri það; jeg vona að bændurnir hjer í deildinni geri það einnig, því að þeir vita, hverja þýðing það hefir, að prestar hafi svo erfið brauð, að lítt mögulegt sje fyrir söfnuðinn að hafa þeirra þau not, er þeir annars virðast hafa heimting á, og úr þessum vandræðum á þetta frv. að bæta.

Með prestakallalögunum 27. febr. 1880 var svo ákveðið, að Vallanes í Fljótsdalshjeraði ásamt Hallormsstað og Þingmúla skyldu sameinast í eitt brauð, og frá þessu sameinaða brauði áttu að greiðast 1000 kr. í landssjóð.

Það kom þegar í ljós mjög mikil óánægja yfir þessari sameiningu. Á hinum fyrsta hjeraðsfundi í Suður-Múlasýslu 1880 komu fram sterk mótmæli gegn sameiningunni, einkum frá hlutaðeigandi söfnuðum. Þessi mótmæli hafa þráfaldlega verið ítrekuð, og nú síðast á hjeraðsfundi 1891. Um vilja safnaðanna í þessu efni er því ekki að efast; það sýna þær hjeraðsfundargjörðir, sem herra biskupinn hefir sýnt þá velvild að lána mjer, og sem h. þingdm. eiga kost á að kynna sjer til að sannfærast um, að hjer sje rjett hermt.

En þá er eptir að sanna, að þessi vilji safnaðanna sje á rökum byggður og eðlilegur. Jeg vildi biðja alla h. þingdm. að koma snöggvast með mjer austur á Fjótsdalshjerað, og litast þar um. Fljótsdalshjerað er eitt af stærstu hjeruðum landsins. Frá Hjeraðsflóa og

upp þangað, er byggð þrýtur, er vegalengdin 12—15 mílur. Fyrir nokkrum árum voru 9 prestaköll á þessu hjeraði; nú eiga þau að verða 5; minna má þó gagn gera! Á þessu 12—15 mílna svæði eiga nú að vera að eins sín tvö prestaköllin hvoru megin Lagarfljóts. Þau eru þegar orðin að eins tvö að norðanverðu, en eiga nú að verða það einnig að sunnanverðu. Jeg vona að allir, sem ekki vilja rengja orð mín, sjái, að þetta er ekki nærri lagi.

Jeg skal leyfa mjer að taka til samanburðar Skagafjörð, sem jeg veit að margir h. þingdm. þekkja. Vestan megin eru þar 4 prestaköll í röð, og hið 5. fyrir stafni hjeraðsins; að austanverðu eru þau 3, og Fljótin þó ekki talin með; en það þori jeg að fullyrða, að Fljótsdalshjerað er fyllilega eins stórt eins og Skagafjörður.

Af þessu sýnist mjer öllum mega vera ljóst, að þessi sameining er frágangssök í viðbót við þær brauðasameiningar, er þar eru þegar á komnar.

Menn verða að gæta þess, eins og hæstv. landsh. tók fram um daginn í öðru máli, að gera söfnuðunum ekki ómögulegt að hafa full not af prestum sínum. Það er ranglæti við söfnuðina, af því að þeir verða að gjalda fyrir hálfa prestsþjónustu eða þriðjung úr prestsþjónustu, eins og fullkomin væri. Og það er ranglæti gagnvart prestinum, því að hann neyðist til að hafa hálfverk á öllu, sem hann gerir, hversu samvizkusamlega sem hann vill rækja embætti sitt, og í öðru lagi slítur hann upp kröptum sínum fyrir tímann. Skyldi það vera hyggilegt, að fá prestum svo mikinn starfa, að þeir geti ekki leyst hann af hendi, nema meðan þeir eru á bezta skeiði, og það því að eins, að þeir sjeu hraustbyggðir, eða vanrækja embættið? Skyldi nokkrum hugsandi manni koma til hugar að telja slíka aðferð heppilega fyrir kristið þjóðfjelag? Jeg efast um það, því að jeg býst við, að málið verði ekki eingöngu skoðað frá hlið krónanna, heldur einnig frá hlið kristindómsins.

Mjer þótti það undarlegt hjer um daginn, hvað sumir þingdm. gerðu lítið úr óánægju safnaðanna, þar sem um þessar óhæfilegu brauðasamsteypur er að ræða, og töldu það mundi verða eltingasamt fyrir veitingarvaldið að skipta sjer af henni. Mig furðaði einkum á því, að h. samþingismaður minn (L. H.) skyldi um daginn tala svo, hann sem verið hefir svo frjálslyndur í kirkjumálum, einkum fyrir safnaðanna hönd, og fylgt því fram, án efa af einhverri alvöru, að söfnuðirnir hefðu sem mest atkvæði í málum sínum. Er ekki mótsögn í því hjá honum, að vilja ekki leyfa söfnuðinum að hafa neitt atkvæði um, hve stórt starfsvið prestum þeirra er fengið?

H. þm. N.-Þing. (J. J.) líkti hjer um daginn óánægju safnaðanna í þessu efni við sýki. En sje slíkt sýki, þá vona jeg að h. þm. (J. J.) játi, að sjúkdóma beri að lækna. *(J. Jónss.* N.-M.: Það eru tvær aðferðir til þess). Jeg vona þá, að h. þm. (J. J.) vilji leggja læknandi hönd á þessa meinsemd.

Eptir þeim upplýsingum, sem jeg hef gefið, vænti jeg svo mikillar sanngirni af h. deild, að hún leyfi málinu að ganga fram, og setji ekki fyrir sig einar 500 kr., sem landssjóður faktiskt aldrei hefir notið. Þörf og óskir safnaðanna ættu sannarlega að vega meira í þessu máli.

Jeg vil loks benda á, að prestaköllin á Austurlandi bæta hvert annað upp, svo að þau þurfa ekki að sækja fje í

landssjóð. Þetta virðist mjer með mörgu öðru mæla með málinu.

Lárus Halldórsson: Jeg játa að það sje satt, sem h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) sagði, að jeg var beðinn að flytja þetta mál, en jeg neita því, að það sje rjett, er h. samþingism. minn sagði, að jeg hafi ekki skorazt undan að flytja það, fyr en um elleftu stund. Það er satt, jeg tók við annari bænarskránni á Seyðisfirði og flutti hana til þings; hin kom mjer í hendur hjer í þingbyrjun, og átti jeg þá strax tal við h. samþingismann minn um, að hann yrði að taka mál þetta til flutnings, því jeg gæti ekki flutt það af sannfæringu. Þetta var sannarlega fyr en um elleftu stundu, og jeg vona að mjer geti ekki með rjettu orðið það til ámælis, þó jeg, þegar svona stóð á, beindi því að honum, að flytja mál þetta.

H. þingdeildarm. munu hafa heyrt, að hann flytur málið af fullri sannfæringu; en þeir eiga eptir að heyra ástæður frá h. þm. (S. G.). Jeg heyrði ekki í ræðu h. þm. (S. G.) eina einustu upplýsingu um málið sjálft. Jeg heyrði hann tala um stærðina á Fljótsdalshjeraði, og bera hana saman við Skagafjörð, en jeg sje ekki að það komi þessu máli við. H. þm. (S. G.) hefði heldur átt að gera grein fyrir stærð þess prestakalls, sem hjer ræðir um, og bera hana saman við stærð annara prestakalla á Fljótsdalshjeraði, en það gjörði hann alls eigi, enda mundi sá samanburður ekki hafa mælt fram með málinu.

Jeg get fyllilega skrifað undir það með h. þm. (S. G.), að ekki sje gjörlegt að gjöra prestaköllin svo erfið, að prestþjónustan verði hálfverk, eða svo erfið, að prestar geti ekki þjónað þeim nema bezta kafla æfi sinnar. En á meðan Island er það fátæka land sem það er, mega prestar ekki búast við að hafa góð laun og þó lítið að gjöra. Að því er snertir erfiðleikann á þessu sameinaða prestakalli, er hjer ræðir um, þá skal jeg taka það fram, að mun erfiðara er hið sameinaða Valþjófsstaðar- og Ás-prestakall, og jeg get ekki neitað því, að mig furðar á, að minn h. samþingismaður þingm. S.-Múl. (S. G.) telur nú sameiningu Vallaness- og Þingmúla svo fjarstæða, en hjer um árið, þegar jeg fór frá Valþjófsstað, tók hann þá sameiningu að sjer hiklaust, þótt hann áður, á meðan hann var prestur á Ási, hefði lýst því yfir, að hann áliti sameininguna ógjörlega, og þrátt fyrir jafnhliða yfirlýsing allra bænda í Fljótsdal, og flestra ef ekki allra í Fellum, að þeir væru sameiningunni mótfallnir. En viti menn! undir eins og honum býðst hið sameinaða brauð, tekur hann við því!

En ef stærð þess prestakalls er borin saman við Vallanes- og Þingmúlaprestakall, þá nær Áss- og Valþjófsstaðarprestakall ekki einungis miklu lengra upp til lands, heldur líka lengra út til sjávar. Ef dregin er bein lína yfir kortið frá innstu bæjum í Skriðdal, kemur sú lína í öllu falli ekki innar en um Víðivelli og Valþjófsstað í Fljótsdal; en fyrir innan Valþjófsstað skiptist hjeraðið í tvo dali, og er þaðan góð tveggja tíma reið á enda prestakallsins; þessu liggur Valþjófsstaður innar en hitt prestakallið. En út á við eru Egilsstaðir yzti bær á Völlum, og standa þeir hjer um bil andspænis Ekkjufelli, en þaðan er langur vegur út á enda á Valþjófsstaðarprestakalli. (*S. G.*: Nei, það er ekki langur vegur). Það geta verið skiptar skoðanir um það; en þegar um viðbót við annan langan veg er að ræða, þá er það langur vegur. H. þingdeildarm. geta sjeð vegalengdina á kortinu.

En hve stórt er nú prestakall það,

sem hjer er verið að tala um að skipta aptur í sundur? Eins og nú er tilætlað með skipun prestakallsins, á presturinn að geta setið í Vallanesi; kirkjuna á á Hallormsstað, sem er með öllu óþörf, er gjört ráð fyrir að leggja niður, og þá verður Þingmúli eina annexían. Við vitum báðir, hvað langur vegur er frá Vallanesi að Hallormsstað; það er hæg 2 tíma reið eptir bezta vegi upp með fljótinu; viðlíka — máske, þó ofurlítið lengra — er að Þingmúla frá Vallanesi. Annexíuvegurinn er því ekki nema tveggja tíma reið, og það eptir góðum vegi.

Þá er að athuga vegalengdina frá Vallanesi út á yzta bæinn í prestakallinu, Egilsstaði á Völlum, það er góð eins tíma för, og viðlíka langt er frá Þingmúla inn að innsta bæ í Skriðdal. Þetta eru »dimensíonir« prestakallsins.

Þessar upplýsingar hefði jeg búizt við að h. þingm. S.-Múl. (S. G.) hefði komið með, en fyrst hann gjörði það ekki, hef jeg orðið að koma með þær, og jeg vona að þessar upplýsingar nægi til að sýna, að hjer er engin knýjandi ástæða til að svipta landssjóð 500 kr. af afgjaldi því, sem honum er ætlað af þessu prestakalli.

Mjer heyrðist ekki betur en að h. þingm. S.-Múl. (S. G.) væri að slá mjer gullhamra fyrir það, hvað frjálslyndur jeg væri í kirkjumálum, en að hann tæki það jafnframt fram, að það væri mótsögn hjá mjer, ef jeg vildi ekki láta söfnuðina ráða hjer. Jú, þeir mega ráða öllu, en þá eiga þeir líka að passa sig sjálfir, þeir eiga ekki að koma og segja: svona viljum við hafa það, en það verður að vera á kostnað landssjóðs. Ef ástæða væri til að fara hjer að bænum safnaðanna, þá mundi jeg þó ekki leggja á móti þeim. *(B. Sv.:* Vegalengdin!) Gud bevares! Prestakall h. þingm. S.-Múl. (S. G.) er einum 2—3 mílum lengra. Og ef við berum þetta prestakall saman við önnur prestaköll í nágrenninu, þá er mun erfiðara að þjóna Kirkjubæ í Tungu og Hofteigi. Ekkert prestakall í Hjeraði er hægra en einmitt þetta prestakall.

Enn er eitt: þessi fyrirhugaða breyting gæti ekki komizt á fyr en við næstu prestaskipti. Nú er þangað nýkominn prestur og honum hefur verið veittur Hallormsstaður og Þingmúli, og jeg sje ekki að hægt sje að taka frá honum hlut af brauðinu, nema honum sje bætt það upp.

Rjettur hans er skertur með því að taka frá honum nokkuð af tekjum hans, og að minnsta kosti þarf að leita atkvæða hans um, hvort hann vilji þessa breyting eða ekki.

Flutningsmaður (Sigurður Gunnarsson): Það gleður mig að h. samþingismanni mínum (L. Halld.) er batnað. Forseti lýsti því yfir í fundarbyrjun, að hann væri sjúkur og gæti því ekki verið á fundi, en nú er honum batnað, og honum hefur sannarlega batnað mátulega, til þess að geta lagt sig í alla framkróka um að spilla þessu máli. Hann sagðist ekki hafa heyrt neinar ástæður frá mjer fyrir þessu máli; jeg trúi því vel, að hann hafi ekki heyrt þær, því að það lítur svo út sem hann hafi ekki eyru til að heyra með í þessu máli, enda mun hann jafnaðarlega ekki telja annað ástæður en það, sem hann færir sjálfur fram. En hvað sem samþingismanni mínum (L. H.) líður, vona jeg að öðrum h. þingdeildarm. hafi getað orðið ljósara þetta mál, er jeg lýsti stærð Fljótsdalshjeraðs og bar það saman við Skagafjarðarhjerað. Í hinu síðarnefnda eru 8 eða 9 prestaköll, en í hinu fyrnefnda eiga nú að verða að eins 5, og er þó Fljótsdalshjerað eflaust stærra en Skagafjörður. H. samþingis-

maður minn var að lýsa stærð hins tilvonanda Vallaness prestakalls og það með þeim orðum og með þeim blæ, er honum hefur eptir atvikum þótt bezt henta. Satt er það, að Vallaness- og Þingmúlaprestakall verður styttra en Valþjófsstaðarprestakall, en slíkt er engin sönnun fyrir því, að Vallanessprestakall með Þingmúla og Hallormsstað verði ekki að teljast of erfitt, þar sem öll prestaköll önnur á Hjeraðinu eru svo víðlend sem frekast má vera. H. samþingismaður minn hefur t. a. m. sjálfur játað, að Ás og Valþjófsstaður sje óhæfilega stórt prestakall, og því játa jeg með honum, enda er mjer það kunnugt, að hann hefur frá upphafi og til skamms tíma, að jeg ætla, verið gagngjört á móti stórum prestakallasameiningum. Hann vildi slá mig með því, að jeg hefði um árið tekið við hinu sameinaða brauði Valþjófsstað og Ási. En jeg svara honum fyrst og fremst því, að jeg átti alls engan þátt í því að undirbúa prestakallalögin, og jeg skal bæta því við, að jeg sá þegar eptir á, að það var misráðið af mjer, að taka nokkurn tíma að mjer hið sameinaða brauð; jeg hef varla getað gjört þar meir en hálft gagn við það, er vera hefði átt. Ýmislegs er enn fremur að gæta við lýsingu h. samþingismanns míns, þótt hann sje eins kunnugur þar eystra og jeg. Valþjófsstaðarprestakalli er einungis skipt í tvo dali innst í Fljótsdal, en hin sameinuðu prestaköll fyrir austan Lagarfljót skiptast í þrjá arma. Enn er þess að gæta, að Skriðdalurinn, sem Þingmúlasókn liggur í, klýfst af hinni stærstu þverá, sem rennur í Lagarfljót. Þessi á er opt mjög ill yfirferðar, og ár þær, sem mynda hana, eru einnig opt torsóttar yfirferðar.

H. samþingismaður minn (L. Halld.) sagði, að það væri engin mótsögn hjá sjer, að hann vildi ekki taka tillit til óánægju safnaðanna út af stórum og óhæfilegum sameiningum, þótt hann hins vegar væri með öllu safnaðafrelsi. Hann kvaðst mundu hafa viljað það, ef engin þjóðkirkja væri á Íslandi. Jeg verð þó að halda því fram, að þetta og annað eins er ber mótsögn. Hann vildi nýlega að söfnuðir í hinni íslenzku þjóðkirkju hefðu í höndum sjer allt veitingarvald prestsembættanna, og fyrir því barðist hann af alefli, en nú vill hinn sami þingm. ekki láta söfnuðina fá að ráða neinu um það, á hve stóru svæði eigin prestar þeirra eiga að starfa. (*S. St.:* Heyr!). Yfir höfuð virðist ýmislegt benda á, að hann hafi ekki talað allt, sem hann sagði, af fullri sannfæringu, og væri betur að ekki lægi annað á bak við.

Jónas Jónassen: Jeg hef verið ókunnugur þessu máli, en jeg hef í dag sjeð brjef frá biskupi til landshöfðingja, sem sannfærir mig um að flutningsm. (Sig. G.) hafi alveg á rjettu að standa. Jeg hef opt hugsað, þegar jeg hef heyrt talað um blessaða prestana, að þeir ættu ekki upp á pallborðið hjá þinginu; það er eins og menn vilji ekkert gera til að efla trú og kristindóm hjer á landi. Ef stungið er upp á einhverju í þá átt, þá er sjálfsagt að draga úr því sem mest og þá er alltaf verið að tala um krónur og krónur, eins og aðalatriðið sje að hugsa um peninga, þegar um kirkjuna og kristilegt líf er að ræða. Þegar jeg sje að í þessu brjefi til landshöfðingjans er tilfært, að biskup Pjetur sál. Pjetursson hafi haft þau ummæli um þessa sameiningu, að hún væri með öllu óhafandi, og sama segir eptirmaður hans, Hallgrímur biskup Sveinsson, sem í fyrra ferðaðist um þetta hjerað, þá skil jeg ekki, hvernig menn gefa því ekki gaum. Það er í þessu brjefi

líka, að þetta hafi verið gjört að lögum án þess að samþykki sóknarmanna hafi komið til, já! jafnvel að þeim óafvitandi. Mjer væri sem presti ómögulegt að skilja, hvernig stjettarbræður mínir gætu haft á móti þessu, þegar jeg bæri þetta fram og læsi upp brjef frá yfirboðurum þeirra, þar sem þeir, sem eiga að sjá um prestþjónustuna, álíta slíkt með öllu óhafandi. Prestarnir eiga að láta þetta liggja í fyrirrúmi, en ekki spyrja um, hvað það kosti, svo framarlega sem það er nokkur meining hjá þeim með að efla kirkjulíf og kristindóm. Jeg skil ekki í því, þegar menn sjá þetta brjef frá biskupunum, hvernig nokkrum getur blandazt hugur um, að þetta sje rjett og dottið í hug að greiða atkv. á móti því. Jeg segi fyrir mitt leyti: jeg gef því óhikað atkvæði mitt.

Jón Jónsson, þm. N.-Þ.: Það er með mig eins og h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.); jeg er ekki vel frískur, en vildi þó vera við til að geta greitt atkvæði um þetta mál. Jeg held að þessi ræða h. þm. Reykv. (J. J.) hafi mjög lítil áhrif; minnsta kosti hafði hún það á mig. Jeg hef áður tekið fram hvers vegna jeg er á móti slíkum lögum yfir höfuð, svo jeg þarf ekki að taka það upp aptur, en jeg vil ekki alltaf láta vera að tala um, að við í kirkjulegum málum miðum allt við krónur, og afbið mjer því algjörlega allar slíkar getsakir. Jeg vil minna h. deild á stjórnarfrumv. um aðgreiningu brauða í Mýra- og Hnappadalssýslu. Um það mál urðu alllangar umræður hjer í deildinni; margir vörðu það og álitu það nauðsynlegt; en samt felldi h. deild það.

Nú vil jeg biðja h. þingdm. að kynna sjer vel landslagið á báðum þessum stöðum, bera það saman og stinga svo hendinni í sinn eigin barm og segja svo, hvort þeir eiga ekki óhægt með að gefa þessu frv. atkvæði sitt.

Flutningsm. (Sigurður Gunnarsson): Mjer dettur ekki í hug, að gera neinar kappræður út af þessu máli.

Það er einkum eitt atriði, sem jeg verð að endurtaka í þessu máli, og sem jeg verð að leggja mikla áherzlu á, og það er, að þegar öll aðliggjandi brauð í Fljótsdalshjeraði eru svo stór, að einn maður er varla fær um að þjóna þeim, nema rjett á meðan hann er á bezta skeiði, þá er ekki ráðlegt að bæta við fleirum slíkum í sama hjeraðinu, því ef einhver prestur veikist eða deyr, þá verða stökustu vandræði að fá nokkra prestsþjónustu, þegar allir hinir prestarnir hafa meira en nóg með sín víðlendu brauð. Jeg get ekki sjeð annað en að þetta sje eitthvert ófyrirsynjukapp hjá þeim, sem mæla á móti þessum óskum viðkomandi safnaða. H. þm. N.-Þ. (J. J.) minnti á, að þingd. felldi frv. nm skiptingu brauðanna á Mýrunum um daginn, og gaf í skyn, að af þeirri ástæðu væri sjálfsagt fyrir deildina að fella þetta mál; eins og það sje sjálfsagt, að ef maður gjörir einhverja heimsku einu sinni, þá verði maður að gjöra hana tvisvar.

H. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) áleit, að prestinum sem nú væri nýkominn í brauðið yrði gjört rangt til með þessu. Viðvíkjandi því vil jeg að eins leyfa mjer að benda á, að honum var veitt brauðið með því skilyrði, að hann yrði að taka öllum þeim breytingum, sem á því kynni að verða með lögum.

Jens Pálsson: Jeg vil fara um þetta mál fáeinum orðum til að gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Mjer getur eigi fundizt þetta brauð svo víðlent, að það sje ófætlun fyrir mann með heilsu, að

þjóna því. Jeg hef á kortinu mælt vegalengdir milli sókna-kirknanna og geng út frá því, að kortið sje rjett. Eptir því, þá eru frá Vallanesi að Þingmúla um 2 mílur, frá Vallanesi að Hallormsstað um $1^1/_2$ m. og frá Hallormsstað að Þingmúla um 1 mílu.

Jeg er prestur í prestakalli, þar sem eru 3 kirkjur. Það er 1 míla á aðra, en nær 3 mílur á hina; þar er vitaskuld enga á yfir að fara, en svo eru líka 1600 manns í sóknunum, en jeg ímynda mjer, að í Vallanesprestakalli sje meira en helmingi mannfærra. — Það getur verið, að lengra sje frá prestssetrinu út á suma bæi í Vallanesprestakalli en í Útskálaprestakalli, en hins má líka taka tillit til, að því fleira sem fólkið er, þess fleiri eru aukaferðir. Í Vallanessprestakalli getur mjer því eigi sýnzt — hvorki óhæfilega langt á útkirkjur, nje vegirnir mjög torfærir, eða svo, að eigi megi við hlíta. Hitt get jeg mikið vel skilið, að sókn, sem lengi hefir haft prest hjá sjer, vilji ekki gjarnan missa af því.

Jeg veit, að það var mesta vandaverk að semja prestakallalögin, en jeg held það hafi víðahvar heppnazt mikið vel, þó sumstaðar hafi mistekizt. Og hjer held jeg, að það hafi ekki heppnazt svo illa, að ástæða sje til að breyta lögunum, nje þau eigi skilið álas fyrir þetta atriði.

H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) þekkir mig svo vel, að hann veit, að jeg vil ekki láta söfnuðina bíða tjón af prestsþjónustuleysi; enda munu menn á þessum stað hljóta viðunanlega prestsþjónustu, þrátt fyrir sameininguna. Samkv. þessari sannfæring minni mun jeg greiða atkvæði á móti frumv.

Jón Jónsson þm. N.-M.: H. flutningsm. þessa máls (S. G.) ljet í ljósi, að hann vonaði, að ekki væru margir hjer í deildinni, sem litu eins á kirkju og kristindóm, eins og h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.). Jeg veit ekki, hver er skoðun h. þm. Eyf. (Sk. Th.) á kristindóminum; jeg hef aldrei heyrt hann hafa yfir neina trúarjátningu hjer í salnum. En jeg vil fyrir mitt leyti frábiðja mjer þær getsakir, hvort sem þær koma frá hinum h. framsögum. eður öðrum, að jeg vilji eyðileggja kirkju og kristindóm, þó jeg greiði atkvæði á móti þessu frumv.

En það verð jeg að játa, að jeg hef þá skoðun, að prestarnir íslenzku vinni ekki að því, að hefja kirkju og kristindóm í áliti þjóðarinnar, meðan þeir láta jítið sem ekkert til sín heyra á löggjafarþingum viðvíkjandi kristindómsmálum annað en að biðja um fje til kirkjumála, annaðhvort á þann hátt, að biðja um nýjan fjárstyrk úr landssjóði til presta eða prestakalla, eða á þann hátt, að fá lausn frá lögboðnum gjöldum presta eða prestakalla til landssjóðs. Þess háttar framkoma prestanna gefur andmælendum trúar og kristindóms ástæðu til að segja, að hugsanir prestanna á Íslandi snúist engu minna um krónur en kristindóm. Jeg tek þetta fram, eins og jeg áður sagði, til þess að lýsa því yfir, að jeg þykist alls ekki gefa atkvæði gegn trú nje kristindómi, þó jeg greiði atkv. móti þessu og öðrum samkynja málum.

Jeg greiði atkvæði móti þessu frumv. af því, að jeg álít, eins og h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.), að þetta brauð, sem hjer er um að ræða, sje hægasta brauðið á Fljótsdalshjeraði, þó sameiningin verði látin standa, og jeg vil ekki vera svo rjettlátur við sóknarmenn í þessu prestakalli, að gjöra öllum öðrum sóknarmönnum á Hjeraðinu rangt til, en það álít jeg að jeg gjörði, ef jeg gæfi atkv.

með þessari skiptingu, en gæti svo eigi gefið atkvæði með því, ef aðrir söfnuðir á Hjeraðinu vildu líka fá skipt sóknum sínum,

H. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) tók fram, að prestakall það, sem h. flutningsm. (S. G.) sjálfur þjónar, Valþjófsstaður með Ási, sje miklu stærra og erfiðara en Vallanesprestakallið, og held jeg þó, að enginn segi, að því sje illa þjónað og að eins til hálfs; jeg held enginn segi það, að flutningsm. (S. G.) þjóni verr sínu brauði, heldur en þeir 3 prestar gjörðu, hver fyrir sig, sem áður voru í Vallanesi, Þingmúla og á Hallormsstað; að minnsta kosti efast jeg um, að þeir hafi gjört meira gagn sem prestar, en h. flutningsm. (S. G.) gjörir.

H. flutningsm. (S. G.) sagði, að það væri stór á, stærsta þverá, sem fjelli í Lagarfljót, sem klyfi Vallaness-sókn. En jeg vil leyfa mjer að benda h. flutningsm. (S. G.) á það, að Kirkjubæjarsókn í Tungu klýfst af Jökulsá á Brú, einu stærsta vatnsfalli á landinu. (*S. G.*: Það er brú yfir hana). Það er satt, það er brú á henni, en ef þarf að fara brúna til kirkjunnar frá yzta bæ í Hlíð, þá er það 7 tíma ferð; reyndar má opt fara ána á ferju, en svo eru líka tvær þverár (*S. G.*: En ekki nema ein kirkja), en það er samt 4 tíma ferð til kirkjunnar frá þessum bæ, sem jeg nefndi, og ofan hlíðina falla 2 þverár, Laxá og Kaldá, sem hvor fyrir sig er engu minni en Grímsá, sem klýfur Vallanessókn. (*S. G.*: Þarf yfir þær, ef farið er á ferjunni?). Já, aðra þeirra, og það er sú verri. Vjer íbúar í Hlíðarhrepp höfum lengi beðið um að fá kirkju hjá oss, en höfum allt til þessa ekki fengið áheyrn hjá kennivaldinu. Það var gott, að h. flutningsm. (S. G.) minnti mig á það. Vjer sóknarmenn í Kirkjubæjarsókn höfum eigi nema eina kirkju, í víðlendara brauði en Vallanes er. Jeg segi það ekki til að ámæla h. flutningsm. Jeg veit hann vill, að vjer fáum kirkju. En meðan það er ekki viðurkennt, að Kirkjubæjar-sóknarmenn þurfi 2 kirkjur í erfiðara brauði en Vallanes og Þingmúli er, þá sýnist mjer Vallaness-sóknarmenn komast af með einn prest. Þess má líka geta, að fyrir utan það sem þarf að sækja kirkju úr Hlíðinni yfir Jökulsá, þá er fullkomin tveggja tíma ferð upp að innsta bænum í Tungunni frá Kirkjubæ, og þar er líka þrísett bæjaröð, eins og h. flutningsm. gat um að yrði í Vallanessókn. Og ennfremur er 2 tíma ferð frá Kirkjubæ út að Húsey, sem er yzti bærinn í Tungunni. Þetta vona jeg að sýni ljóst, að Kirkjubær er erfiðari en Vallanessbrauðið.

Ekki er það síður andsætt, hvað Hjaltastaður og Eiðar eru erfiðari en Vallanes. Presturinn þar býr á Hjaltastað; þaðan og út að Ósi er fullkomin 2 tíma ferð, og frá Hjaltastað inn að Þuríðarstöðum, innsta bæ í Eiðaþinghá, er sjálfsagt 6 til 7 tíma ferð.

Sama kemur fram, ef litið er á Hofteigssókn. Presturinn þar verður að messa á Brú, og frá Hofteigi að Brú er minnst 6 til 7 tíma ferð, og á þeirri leið eru þær verstu þverár, sem til eru á Austurlandi, og þó víðar sje leitað. Auk þess er langt frá Brú og inn að innsta bæ í Hrafnkelsdal, og þaðan verður þó að sækja prest að Hofteigi. Þegar h. þingdm. bera þetta saman við vegalengdina, sem h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) sagði að væri í Vallanessbrauði, og það hefir h. flutningsm. (S. G.) ekki borið til baka, þá vona jeg það sje ljóst, að Vallanes er hægasta brauðið á Hjeraðinu, og því er ekki ástæða til að skipta því fremur en öðrum brauðum þar eystra.

H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) þótti mótsögn í því hjá okkur, sem vildum láta söfnuðina sem sjálfráðasta með það,

hvern þeir fengju fyrir prest, að við skyldum þá ekki líka vilja láta söfnuðina ráða því, hversu mikið eða lítið starfssvið prestarnir hafa. Jeg verð að segja, að jeg finn mikinn mun á því, hvort söfnuðirnir fá rjett til þess að mega að velja sjer þann prest, sem þeim er geðfelldastur, af þeim sem sækja um brauðið, og hinu, að fá fjárstyrk úr landssjóði til þess að fá prestinn á næstu þúfu. Því margur er svo gjörður, að hann vill fá það á annara kostnað, sem hann vill ekki sjálfur kosta til að fá.

Þó prestaköllin á Fljótsdalshjeraði sjeu stór, þá vona jeg að sá tími fari í hönd, að menn sjái, að þess háttar brauðaskipun er eini vegurinn til þess, að þjóðin geti launað prestum sínum sómasamlega og prestarnir hafi þó eigi meira að gjöra en þeir geta afkastað, með því að leggja vel fram krapta sína. Og það vona jeg, að h. flutningsm. (S. G.) hafi sýnt sem prestur og fleiri prestar á Hjeraðinu, að skylduræknir prestar geta vel þjónað svona stórum brauðum, og haldið við kristindómi og trúarlífi fullt svo vel eins og sumir prestar í smærri brauðum.

Sigurður Stefánsson: H. þm. N.-Þing. (J. J.) var að tala um, að þær væru leiðinlegar þessar sífelldu fjárbænir prestanna til þingsins, en jeg lýsi það hreint og beint ósatt, að prestastjett Íslands yfir höfuð að tala hafi sýnt það, að hún láti sjer annnara um krónur en kristindóm, eins og h. þm. N.-Múl. (J. J.) komst að orði, eða ónáði þingið með miklum fjárbænum. Þær beiðnir, sem koma til þingsins um skipting brauða, eða breyting á prestakallalögunum, eru miklu fremur frá bændum, en prestastjettinni. Jeg verð þess vegna að frábiðja prestastjettinni þessar ásakanir h. þm. N.-Múl. (J. J.). Að minnsta kosti á hún ekkert skylt við þetta mál. Jeg skil ekki, hvað þær eiga að þýða, þessar ræður, sem haldnar hafa verið á móti þessu máli. Menn eru að hlaupa um allt Austurland og segja, að svona og svona sje það þarna, og svona sje það þarna. Þessar lýsingar á öðrum prestaköllum og öðrum sveitum en þeim, sem um er að ræða, sanna ekki það, sem þær eiga að sanna, því það getur verið full þörf að skipta einnig þessum prestaköllum, sem til er vitnað.

Hafi í nokkru lýst sjer sannur þjóðarvilji, þá hefir hann lýst sjer í því, að fá breytt þessum samsteypum á prestaköllunum, sem gjörðar voru með prestakallalögunum 27. febr. 1880. Það er víða megn óánægja út af því, að gengið hefir verið of langt í sameining brauða. Jeg skil ekki í því, að þeir menn, sem þykjast meta svo mikils vilja þjóðarinnar, og vilja, að söfnuðirnir ráði sem mestu um málefni kirkjunnar, skuli eins og gjöra sjer að skyldu, að vera á móti öllu því, sem snertir prestaköll og presta, jafnvel þótt tillögur um þau mál sjeu sprottnar af eindregnum óskum og vilja hlutaðeigandi safnaða víðsvegar um landið. Það er ómögulegt að neita því með rökum, að prestakallalögin hafa mjög komið í bága við almenningsálitið á Íslandi, því að þrátt fyrir allar ræður og rit móti trú og kristindómi eru prestarnir þeir embættismenn, er alþýða á Íslandi vill sízt án vera; um það bera ljósast vitni þessar sífelldu bænir til þingsins um skipting prestakalla þeirra, er sameinuð eiga að vera samkvæmt prestakallalögunum.

Lárus Halldórsson: Jeg held að h. flutningsm. (S. G.) hafi sagt, að mótbárur þær, er koma fram gegn þessu frumv., væru sprottnar af ófyrirsynju kappi. Þetta eru óheppileg orð. Og þar sem hann sjerstaklega dróttaði því að mjer sem þingmanni, að jeg talaði ekki af sannfæringu í þessu máli, heldur mundi eitthvað annað liggja á bak

við, þá gæti jeg með sama rjetti sagt, að þetta eigi heima um h. flutningsm. (S. G.) sjálfan, og jeg kasta þess vegna þessum hnútum aptur frá mjer og yfir til hans. Jeg vil tala um þetta mál með ástæðum, en ekki út í loptið. Maður verður að binda sig við stund og stað, þegar maður talar um mál eins og þetta.

H. flutningsm. (S. G.) sagði, að það væri sá munur á þessu prestakalli og Valþjófsstaðarprestakalli, sem h. flutningsm. sjálfur þjónar, að þar sem Valþjófsstaðarprestakall skiptist innan til í tvennt, þá skiptist þetta prestakall í þrennt. Jú, þetta er rjett, það er ein bæjaröð upp með Lagarfljóti: austan við þessa bæjaröð er lítill háls og hinu megin við hann Skriðdalurinn, sem fyrir innan Þingmúla klýfst í tvennt; en jeg sje ekki, að það sje nein frágangssök að þjóna svona löguðu prestakalli, þegar vegir eru góðir, eins og hjer á sjer stað. Þar sem hann sagði, að það væru ekki allfáir bæir fyrir innan Þingmúla, þá skal jeg telja þá upp, til þess að menn geti vegið þá ástæðu. Fyrir ofan Þingmúla eru í öðrum dalnum 5 bæir, en í hinum að eins 2, og það mun færri bæir en í dölunum fyrir innan Valþjófsstað.

Þá benti h. flutningsm. (S. G.) á þann erfiðleika við að þjóna þessu prestakalli, að hin stærsta þverá, sem rennur í Lagarfljót, rynni eptir því. Jú, jeg kannast við það, að Grímsá er slæmt vatnsfall, en hún er ekki verri en árnar í Fljótsdalnum, og yfir höfuð má finna vondar ár í fjölda prestakalla, sem enginn telur ómögulegt að þjóna. Grímsá er líka sú eina torfæra í prestakallinu. Annars er það allt torfærulaust og góðir vegir um það.

Mjer er óskiljanlegt, hvernig h. þm. Reykv. (J. J.) gat komizt í svo mikinn hita út af þessu máli. Það þurfti ekki annað en brjef til að sannfæra hann um, að þessi sameining væri ótæk. Þegar maður les svona brjef, segir hann, þá hlýtur maður að sannfærast um, að þetta mál sje á hinum beztu rökum byggt. Svona brjef! Svona brjef! hrópar h. þm. hvað eptir annað, en því kemur hann ekki með svona ástæður! svona ástæður!? Nei, hann segir bara »svona brjef!« Og hvert er þá þetta brjef? Það er brjef, þar sem gamli biskupinn og nýi biskupinn taka það fram sem sína persónulegu skoðun, að ógjörningur sje, að þjóna þessu sameinaða prestakalli. (*Jónas Jónassen*: Er það þá ósatt, sem biskuparnir segja?). Þeir taka þetta fram sem sína »subjectívu« skoðun, og það hafa þeir rjett til. Jeg tek hið gagnstæða fram sem mína «subjectivu« skoðun, og það þykist jeg líka hafa rjett til, og fyrir það er engin ástæða til að dróttа því að mjer, að jeg beri það upp á biskupana, að þeir segi ósatt. Það orð á hjer ekki við, en það er þingdeildarinnar að skera úr því, hvora skoðunina hún álítur rjettari. Annars held jeg að það sje ekkert oflof, þótt jeg segi, að mjer sje eins annt um trú og kristindóm eins og h. þm. Reykv. (J. J.), þótt jeg ekki vilji vera með því að breyta prestakallalögunum, þar sem mjer finnst engin knýjandi ástæða til þess.

Það er satt: það er ósanngjarnt og skaðlegt, að láta prestana hafa of mikið að gjöra, en það er eins skaðlegt, og jafnvel skaðlegra, að þeir hafi of lítið að gjöra.

Það eru fleiri en jeg, sem halda því fram, að hægt sje að þjóna þessu prestakalli. H. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) hefir lýst öllum prestaköllum í nágrenninu, og sannað, að þetta prestakall, sem hjer ræðir um, sje hægast af þeim öllum. Þetta getur h. flutningsm. (S. G.) heldur ekki hrakið.

H. 1. þm. Ísf. (S. St.) fann ekkert vit í því, að bera þetta prestakall saman við önnur prestaköll. Hann getur ekki sjeð vit í því, að bera það saman við nágrannaprestaköllin, sem engum dettur í hug að tala um að fá breytt. Hann segir, að þessi samanburður sanni ekkert, en jeg segi, að hann sje hin sterkasta sönnun í þessu máli.

Þá ætlaði h. 1. þm. Ísf. (S. St.) að slá mig með því, að jeg hefði viljað vera með þjóðviljanum í öðru máli, en vildi nú ekki fylgja honum í þessu máli. Jeg fylgi þjóðviljanum, þegar hann fer saman við mína eigin sannfæringu, en ef ræða er um ísfirzkan þjóðvilja eða einhvern annan þess konar þjóðvilja, þá vona jeg að enginn lái mjer, þó jeg hlaupi ekki strax eptir honum.

Út af þeim ummælum mínum, að hinum nýskipaða presti í Þingmúla og Hallormstaðarprestakalli yrði gjört rangt til, ef Hallormstaðarsóknin væri tekin af honum uppbótarlaust, tók h. flutingsm. (S. G.) það fram, að honum hefði verið veitt brauðið með því skilyrði, að hann yrði að taka hverri breyting, sem á því kynni að verða gjörð. En þetta er víst tekið fram í öllum veitingabrjefum presta, án þess þar af leiði, að þeir verði sviptir tekjum þeim, sem einu sinni er búið að veita þeim.

Þótt ekki sje farið fram á í þessu frumv., að landssjóður gefi eptir meira, en 500 kr., þá er vel hugsanlegt, að ekki líði á löngu, áður bæn kemur til þingsins um það, að hinar 500 kr. megi líka falla burtu. Þessi rekspölur hefir verið í prestakallamálinu síðan 1880.

Til þess að vera að gjöra þessar sífelldu breytingar á prestakallalögunum þurfa að mínu áliti að vera knýjandi ástæður. Vilji safnaðanna þarf ekki æfinlega að vera knýjandi ástæða fyrir þingið. Það má þeyta upp ýmsum vilja meðal safnaðanna, en vjer, fulltrúar þjóðarinnar á þingi, eigum að meta, hvort þessi vilji er rjettur, eða hefir við næg rök að styðjast. Þegar við erum að dæma um það, hvort ástæða sje til að breyta stærð eins prestakalls, eða hvort hægt sje að þjóna því, þá verðum vjer að taka tillit til vegalengdarinnar, og þess, hvernig vegirnir eru á sig komnir, en eins og sýnt hefir verið fram á eru vegirnir í þessu prestakalli góðir, og vegalengdirnar ekki óhæfilega miklar.

Ef algjörður aðskilnaður milli ríkis og kirkju kæmist á, og söfnuðirnir sjálfir rjeðu presta sína og kostuðu þá, þá er jeg fyrir mitt leyti sannfærður um, að enn fleiri prestaköll mundu verða sameinuð en þau, sem nú eru það.

Þetta sífellda nudd um erfiðleika á þjónustu prestakallanna er mjög leiðinlegt; læknarnir hafa margfalt stærri verksvið, og þó heyrast engar kvartanir frá þeim. Það er einn siður, sem haldið hefir verið í kirkjunni, þó hann sje nú kannske víða að leggjast niður, sem gjörir prestunum nokkra erfiðleika. Jeg á við húsvitjanirnar. En jeg held það sje óþarfi, að sníða prestaköllin eptir húsvitjununum, sem jeg verð að álíta óþarfar, þar sem þær eru að mestu í því fólgnar, að prestarnir hlýða börnunum yfir nokkrar greinar í kverinu. Jeg held það sje miklu betri siður, sem víða er farið að taka upp, að setja börnunum fyrir á haustin eitthvað víst að læra um veturinn, og halda síðan próf yfir þeim með vorinu.

Afleiðingin af þessu hringli með prestakallalögin verður sú, að prestaköllin komast í sama horf, eða verða jafnvel fleiri, en þau voru fyrir 1880. Jeg held, að enginn muni mæla með því. Aðaltilgangurinn með lögunum var sá, að jafna prestaköllin og gjöra

kjör prestanna viðunanlegri, en afleiðingin af þessu, sem jeg nefndi, hlýtur að verða sú, að prestarnir fá minni laun; kjör prestastjettarinnar versna og uppgjafaprestar og prestsekkjur komast á sveitina.

Flutningsm. (Sigurður Gunnarsson): Jeg ætla eigi að taka mjer það nærri, þótt h. samþingism. (L. H.) minn færi að drótta að mjer, að óhreinar hvatir lægi á bak við hjá mjer í þessu máli, *(Lárus Halldórss.*: Lige for lige!), og vona að hann muni aldrei heyra það, að jeg fari að sækja um þessi brauð, eða troða mjer upp á þá söfnuði, er hjer ræðir um. Annars hlýt jeg að vera þeim þm. N.-Múl. (J. J.) og samþingism. mínum (L. H.) þakklátur fyrir það, að þeir hafa lagt sig í framkróka sjálfir til að sanna, að prestar í Fljótsdalshjeraði hafi ærið nóg að gjöra heima fyrir, því þar með er hitt gefið, að ef eitthvað ber út af, sem optlega skeður, t. a. m. að prestur veikist til langframa eða deyr, þá verða viðkomandi söfnuðir prestsþjónustulausir, eða því sem nær, og það ef til vill um all-langan tíma. H. samþingism. minn (L. H.), reyndi annars að tilfæra allt mögulegt og ómögulegt til þess, að fá deildina til að fella frumv. þetta, og hann hefir enda gjört sig sekan í tilraun til að villa sjónir fyrir henni, með því t. a. m. að segja, að vegur yfir Hallormsstaðarháls sje ávallt einkargóður. Sannleikurinn er þó sá, að hann er opt mjög slæmur viðfangs á vetrum. H. þm. miðar allt við sumardaginn. Það er þó ærinn munur á því að ferðast á sumrum og vetrum. Hann verður einnig að muna eptir því, að í Skriðdal sjerstaklega er einatt snjóþungt á vetrum, og að presturinn verður að takast á hendur margar fleiri ferðir en til að flytja messur. Þetta veit h. þm. (L. H.) mjög vel, og þetta vita allir h. þingdm., og þótt honum þyki húsvitjanir »ópraktiskar«, þá munu víst flestir aðrir prestar vera á öðru máli, og ekki álíta að þær eigi að falla niður. Báðir hinir austfirzku samþingism. mínir hafa haldið því fram, að þetta prestakall yrði eitthvert hið hægasta prestakall þar eysta. Þessu mótmæli jeg, þótt jeg sje einn á bandi gegn þeim, hvort sem mjer verður trúað eða ekki.

H. þm. N.-M. (J. J.) var að tala um eilífar fjárbænir frá prestastjettinni, en h. 1. þm. Ísf. (S. St.) hefir tekið af mjer ómakið að mótmæla því sem alveg ástæðulausu, og er það undarlegt, að hann skuli leyfa sjer að bera slíkt fram um presta á þessu þingi. Hann tók áðan til samanburðar vegalengd milli Hofteigs og Brúar kirkna. Þetta er villandi, eins og margt fleira, sem hann og 2. þm. S.-Múl. (L. H.) hafa borið fram. Hofteigs-prestur þarf eigi að messa á Brú nema tvisvar á ári.

H. samþingism. minn (L. H.) hefir sótt þetta mál af undarlega miklu kappi, og jeg býst við, að honum takist að fá þetta mál fellt, en þekki jeg mitt fólk rjett þar eystra, munu þeir una því illa, að þingið taki ekki hið minnsta tillit til bæna þeirra. Þetta rennir samþingism. minn (L. H.) ef til vill grun í, og sjer, að það gæti orðið vatn á hans mylnu. Mundi hann máske ekki telja eptir sjer, að skreppa upp yfir Þórdalsheiði, ef svo bæri undir.

Lárus Halldórsson: Jeg verð að lýsa þessar aðdróttanir að mjer ósæmilegar, sem eigi ættu að líðast hjer í salnum, og þær eru beztur vottur um, að þm. er þetta kappsmál. Jeg hef engar ósæmilegar adróttanir í frammi, og þingdeildin má muna, að hann hefir talað eins óþvegin orð til mín og annara þingdeildarm. á þessu þingi.

ATKVÆÐAGR.: Þegar hjer var komið umræðunum, kom fram skrifleg

ósk frá 8 þm., að þeim væri hætt, og var það samþ. með 11 : 9 atkv.

Síðan var frv. fellt frá 2. umr. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk nokkurra þm. og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
Benedikt Sveinss.,	Árni Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Halldórss.,
Jón Þórarinsson,	Indriði Einarsson,
Jónas Jónassen	Jens Pálsson,
Ólafur Ólafsson,	Jón Jónsson, N.-M.
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónss. N.-Þ.
Sigurður Stefánss.,	Lárus Halldórsson,
Skúli Thoroddsen.	Ólafur Briem,
Sveinn Eiríksson.	Olafur Pálsson,
	Páll Briem,
	Þorl. Guðmundss.

Tilaga til þingsályktunar um póstgöngur (C. 324); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á 2 umræðum, og var það samþykkt í e. hlj.

Þrítugasti og fjórði fundur, mánudaginn 10. ágúst kl. 12 á hádegi.

Allir á fundi nema 2.þm.N.-Múl.(Þorv. Kjerúlf).

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 345, 363—365); 3. umr.

Forseti gat þess, að það væru komnar fram ýmsar breyt.till., en þeim hefði eigi orðið útbýtt fyr en í dag, og bar undir deildina, hvort þær mættu eigi koma til umræðu.

Var það samþ. í e. hlj.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Fjárlaganefndin hefir leyft sjer að koma fram með nokkur breytingaratkvæði á þingskj. 339 (C. 365), sem jeg skal leyfa mjer að drepa á lítið eitt.

Fyrsta breyt. er það, að fjárlaganefndin stingur upp á, að í stað 12000 kr. á ári til búnaðarfjelaga komi 13000 kr. á ári, og leggur nefndin til, að 2000 kr. þar af gangi til búnaðarfjelags suðuramtsins. Þetta breytingarkvæði hefir fjárlaganefndin komið með af þeirri ástæðu, að, eins og frv. nú liggur fyrir, er eigi hægt að láta það fjelag hafa neinn styrk, þar sem úthlutun styrksins á að fara eptir dagsverkatölu þeirri, er hvert fjelag hefir unnið að jarðabótum. Fjelag þetta hefir nú á síðari árum gert mikið gagn, einkum með því að reyna að sporna við eyðing jarða af sandfoki í Skaptafellssýslu, og þykir þegar vera fengin reynsla fyrir því, að fyrirtæki þetta muni verða til mikils hagnaðar, bæði fyrir það opinbera, þar sem ýmsar landssjóðsjarðir liggja að söndunum, og eins fyrir eignir einstakra manna. Þetta fyrirtæki yrði fjelagið að hætta við, ef það væri svipt styrk þeim, sem það hefir haft af landssjóði að undanförnu. Jeg vona því að deildin fallist á þessa breytingu, sem einungis fer fram á, að aðalupphæðin stígi um 1000 kr. á ári.

Um breytinguna nr. 3 á þingskjali 339 skal jeg eigi fjölyrða; það er sama breyt.till., sem fjell við 2. umr.; en jeg vona, að þingd. sjái, að það er full ástæða til að samþykkja hana, til að forðast ósamkvæmni við þingályktunartill. um útbýting fjárstyrks til búnaðarfjelaga.

Aðalbreyt.till. er um strandferðirnar, að í stað a og b í 12. gr. C. komi: til strandferða allt að 21000 kr. á ári; og jafnframt leggur fjárlaganefndin það til, að stjórninni sje því að eins heimilt að útborga fje þetta, að farið verði í samningunum eptir þingsályktun, er alþingi semur.

Eins og skilið var við þetta mál við 2. umr., var ætlazt til, að 9000 kr.gengi

til gufuskipsferða til útlanda og 12000 kr. til strandferða frá Horni austan og sunnan um land; að öðru leyti var stjórninni frjálst að semja um ferðirnar við hvern sem hún vildi og með hvaða skilyrðum, sem hún vildi. Það hefir nú svo mikið verið rætt hjer á þinginu um strandferðirnar og endurbót á þeim, að þingið getur eigi verið þekkt fyrir að skilja svo við þetta mál, að því verði eigi að nokkru breytt til bóta.

H. þingdm. hafa nú fyrir sjer þingsályktunartill. þá, sem fjárlaganefndin leggur til, að samþykkt verði hjer á þinginu, strandferðunum viðvíkjandi, og þurfa þeir því eigi að greiða atkvæði í blindni um fjárveitinguna til strandferða; en eins og jeg tók fram áðan, var það meining fjárlaganefndarinnar, að stjórnin því að eins hefði heimild til að greiða þetta fje, að sá maður eða það fjelag, sem tæki að sjer strandferðirnar, gengi að skilyrðum þeim, sem þingsályktunartill. fer fram á. Ef þetta gengur fram í þinginu, þá er heimildarlaust af stjórninni að víkja frá einu einasta skilyrði, og er vonandi, ef það skyldi koma fyrir, að þingið 1893 sýni, að alþingi láti eigi að sjer hæða í þessu máli, heldur taki í strenginn, eins og við á.

Breyt.till. nefndarinnar um hækkun á styrknum til sundkennslu vona jeg að fái góðan byr, og till. nefndarinnar um það, að ný grein, 19. gr., bætist við, er eigi annað en það, sem er sjálfsagt.

Auk breyt.till. nefndarinnar liggja fyrir margar breyt.till. frá ýmsum þingm., og sjerstaklega hefir það glatt mig að sjá nafn þm. Mýr. (Á. J.) í tengslum við flestar þessar breyt.till.; þær votta það sumar af þeim, hvílíkt höfðinglyndi h. þm. Mýr. vill leiða inn í þessa þingdeild. En af því að jeg þegar við 2. umr. hefi lýst skoðun fjárlaganefndarinnar á flestum þessum breyt.till., finn jeg eigi ástæðu til að fara að taka það upp í annað sinn.

Landshöfðingi: Eins og h. framsögum. (Sk. Th.) tók fram, eru nú komnar margar breyt.till., en af því sumar af þeim ganga út á það sama, sem stjórnin fór fram á, þá skal jeg eigi fjölyrða um þær. Það er að eins breyt.till. á þingskjali 335, 336 og breyt.atkv. fjárlaganefndarinnar á 339, sem jeg finn ástæðu til að minnast á.

1. og 2. lið á þingskj. 339 hef jeg ekkert að athuga við og heldur ekki 3. lið, en við 4. lið vil jeg taka það fram, að mjer þykir það nokkuð hæpið að kveða svo ríkt á, að »upphæð þessi greiðist því að eins, að strandferðunum sje í öllu hagað samkvæmt þingsályktun þeirri, er alþingi samþykkir«. Mjer finnst þessi ákvörðun eigi geta átt við, þar sem, eins og þingdeildarm. vita, það er eigi eingöngu á valdi stjórnarinnar, hvernig strandferðunum er hagað, heldur er það komið undir samningum. Það getur verið, að stjórninni takist að ná samþykki á flesta liði till., en það er hart, að allar strandferðir þurfi að takast af, ef eigi næst samþykki á einhvern liðinn, einkum af því að sumir liðirnir eru eigi svo sjerlega þýðingarmiklir, eins og t. d. það, að farþegjar á æðra farþegjarúmi þurfi eigi að borga annað fæði en það, sem þeir njóta; enda er mjer ókunnugt um, að það sje nokkur óánægja um þetta atriði. Jeg verð að álíta það mjög óheppilegt, að strandferðirnar yrðu að hætta fyrir annað eins smáræði.

Það er farið fram á talsverðar breytingar í till., bæði fjölgað viðkomustöðum og ferðum, og það á erfiðasta tíma

ársins, í janúar og um miðjan veturinn vestur á Ísafjörð; mjer finnst hæpið að setja þessi skilyrði, einkum þegar tillagið er að eins fært upp um 3000 kr. Þó stjórnin geri allt, sem í hennar valdi stendur, getur það þó komið fyrir, að allar strandferðir falli niður fyrir einstakt atriði. Þar að auki er þetta ákvæði gert, áður en till. er samþykkt, en hún getur fengið breytingar, sem h. fjárlaganefnd eigi þekkir nú, því hún ræður því eigi, hvernig hún verður samþykkt.

Hvað snertir breyt.till. á þingskj. 335 vildi jeg skjóta því til framsögum. póstmálanefndarinnar (Ól. Br.), hvort það sje eigi meiningin, að þessir töluliðir sjeu eigi bindandi fyrir stjórnina, heldur að hún megi fara fram yfir þær fjárveitingar, verði það eigi álitið gert ófyrirsynju. Það er einn liður, sem mjer finnst of lítið hækkaður, nefnilega skrifstofukostnaður póstmeistara. Störfin hljóta að aukast mikið og öll reikningsfærsla, því það er ekki einungis, að póstferðum er fjölgað og margir nýir aukapóstar teknir upp, heldur bætast einnig við póstafgreiðslustaðir og brjefhirðingarstaðir. Jeg veit að póstmeistari hefir hingað til haft 2 menn á skrifstofunni og þar að auki fengið aðstoðarmann, þegar mikið hefir verið að gera. Þessar 1000 kr., sem póstmeistari hefir haft hingað til, hafa því verið allsendis ónógar, og þá hljóta 1300 kr. að vera of lítið, þegar störfin aukast að miklum mun. Stjórnin hefir hingað til skilið svo, að eigi mætti fara út fyrir það, sem ákveðið hefir verið til póstafgreiðslumanna og brjefhirðingarmanna, en það getur varla verið meiningin nú, þar sem menn eigi geta vitað með neinni vissu, hve mikið muni ganga til hinna nýju póstafgreiðslumanna og brjefhirðingarmanna, eða hve miklu muni þurfa að bæta við þá, sem fyrir eru, vegna aukinna starfa. Einnig mun fjárveitingin til áhalda reynast of lág.

Breyt.till. á þingskj. 336 skal jeg eigi fjölyrða um. Um skólaiðnaðinn var mikið talað við 2. umr., og er óþarfi að fara að taka það upp aptur; það mun vera flestum í svo fersku minni, en þar sem farið er fram á að veita 500 kr. hvort árið til kennslu í skólaiðnaði, þá er það hvorki heilt nje hálft, og ekki einu sinni nægilegt fyrir nauðsynleg áhöld, að minnsta kosti ekki fyrra árið.

Hinar aðrar breyt. snerta nýja liði, sem jeg sje eigi ástæðu til að fjölyrða um.

Ólafur Briem: Út af ummælum hæstv. landshöfðingja, um breyt.tillögur póstmálanefnd. um að hækka fje það, sem ætlað er til launa handa póstafgreiðslum. og brjefhirðingarm. um 200 kr. til hvorra fyrir sig í viðbót við þá hækkun, sem nefndin hafði áður farið fram á, skal jeg geta þess, að hún áleit þessa upphæð nægilega, svo að ekki þyrfti á meiru fje að halda í þessu skyni, en samt sem áður hlyti það að vera komið undir þeim samningum, sem gjörðir væri við hvern einstakan, sem tæki þann starfa að sjer. Annars gat póstmálanefndin eigi ætlazt svo nákvæmlega á um þann kostnað, og áleit, að ef þörf krefði, og fje þetta reyndist of lítið, að landsstjórninni mætti veitast heimild til, að fara fram yfir það.

Viðvíkjandi þeirri 300 kr. viðbót á skrifstofufje póstmeistarans hafði nefndin fyrir augum þá aukning á starfi hans, sem hlyti að leiða af fjölgandi ferðum pósta og póstgufuskipa, en að öðru leyti áleit nefndin það fyrir utan sitt verksvið, að fara frekar út í að meta það, hvort skrifstofufjeð í heild sinni væri nægilegt, þar sem ekki lá fyrir nein skýrsla frá stjórninni þar að

lútandi og því síður nein áskorun í þá átt.

Viðvíkjandi tölulið 3. til áhalda, þá gjörir það ekki svo mikið til, þó sú upphæð sje ekki sem nákvæmust, þar sem hún eptir eðli sínu hlýtur að vera að eins áætluð. En nefndin áleit, að sú hækkun, sem hún hefur stungið upp á, 1300 kr. fyrra árið og 100 kr. síðara árið, mundi nægja, með því hún gat naumast búizt við að hinn aukni kostnaður til áhalda, er leiddi af fjölgun póstferða, mundi fara fram úr því, sem hjer segir:

2 póstafgreiðslum. á 92½ kr.=185 kr.
33 brjefhirðingarm. á 15 kr. = 495 —
24 aukapóstar á 30 kr. = 720 —
Samtals 1400 kr.

Árni Jónsson: Það er að vísu svo að jeg á hjer nokkrar breyt.till. En jeg á þær eigi einn saman, heldur ýmsir aðrir h. þingd.menn með mjer. Það var svo að heyra, sem h. framsögum. líkuðu eigi þessar tillögur. Það er gott að vera höfðinglyndur af sínu eigin fje, en hjer erum við að ráðstafa fje þjóðarinnar og þarf því á fleira að líta en að hugnast sem flestum, er frekast biðja.

Eins og menn geta sjeð á þessum breyt.till., ganga þær flestar út á það að spara, með tilliti til þess, að tillögumönnum var það fullljóst, að það ekki var þeirra eigið fje, sem þeir ráðstöfuðu, heldur alls landsins — enda eins og nú liggur fyrir, eigi sýnilegt annað, en að full þörf sje á því. — Því það lítur svo út, sem fjárlaganefndin stefni frv. í það horf, að það verði undirballance og það án þess lagt sje út í nokkurt stórt fyrirtæki. Þessa stefnu get jeg ómögulega fallizt á. Jeg get ekki verið rólegur yfir því, ef það fer svo um þetta mál og við förum svo af þingi, að tekjurnar hrökkvi ekki fyrir útgjöldunum. Á þetta minntist jeg við framh. 1. umr. og skal svo ekki tala meir um það í þetta sinn.

Þá koma breyt.till., og fyrst aukalæknarnir.

Það hefur verið stefna þingsins allt til þessa, að bæta einu aukalæknisumdæmi við á hverju þingi. Í hitt eð fyrra var aukalæknishjerað stofnað í Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár. Þá kom fjárlagan. saman um, að Ólafsvík stæði næst. Á þetta virðist fjárl.n. hafa fallizt, því hún tekur þetta umdæmi upp nú. En svo tekur hún og upp annað umdæmi með skilyrði. Svo kom breyt.till. fram við 2. umr., um að stofna enn eitt aukalæknishjerað, og allar þessar 3 tillögur eru samþykktar. Er það nú meining þingsins, að breyta venjunni og fjölga svona aukalæknum? Ef svo er, þá verða menn einnig að ganga lengra og samþykkja einnig þessa 2 aukalækna, sem hjer liggja fyrir. Jeg álít allt eins mikla þörf á þeim sem hinum. Þess vegna hef jeg komið fram með tillögu um að stofna aukalæknishjerað á Útmýrum. Jeg fjekk ofanígjöf fyrir það hjá h. þm. Reykv. (J. Jónassen), að jeg hefði ekki komið með breytingartill. við 2. umræðu, um að stofna nýtt aukalæknishjerað á Mýrunum; en ástæða mín fyrir því, að jeg ekki þá kom fram með þá beiðni, var sú, sem jeg hefi áður nefnt, að jeg bjóst eigi við að þingið gengi lengra en vant var, og ætti því Ólafsvík að ganga fyrir. Áleit jeg vegna hinnar staðarlegu afstöðu miklu nauðsynlegra, að það fengi fram að ganga, og enn þá brýnni nauðsyn en að aukalækni væri bætt við á Mýrunum. En þegar svo var komið með fleiri og það hefir fengið góðar undirtektir þingsins, hefi jeg nú leyft mjer, að koma fram með þessa breyt.till. Hvað snertir þörf á aukalækni á Mýrunum, þykist jeg ekki

þurfa að taka margt fram, því bænarskráin hefur legið frammi á lestrarsalnum. Eins og h. þingd. er kunnugt, er hjer um viðáttumikið hjerað að ræða, með mörgum íbúum, og eins og nú á stendur, er mjög erfitt fyrir þá að ná til læknis; auk vegalengdarinnar, sem yzt úr Hraunhreppi mun svara fullri dagleið, eru margar torfærur á þeirri leið, þar sem eru 2 stórár, Langá og Hvítá, auk margra smærri þveráa, svo sem Álptá og Urriðaá, og þess á milli fúafen og forarflóar, sem stundum eru næstum ókleifir yfirferðar. Hjer er því ekki í annað hús að venda með læknishjálp, svo sem h. þingm. Reykv. (J. Jónassen) mun bezt geta borið vitni um.

Jeg vonast til, að h. þingd. hafi skilizt, að jeg hafi ekki ætlað að stinga þessari beiðni kjósenda minna undir stól, heldur hef jeg flutt hana og flyt hana enn fyrir þeirra hönd. Vonast jeg eptir að þeim verði eigi verr til fyrir það, þótt þeir, og jeg fyrir þeirra hönd, hafi farið gætilega í sakirnar og ekki keppzt við að troðast fram hjá öðrum. Því eins og jeg tók fram áðan, þá álít jeg stofnun aukalæknis í Olafsvík enn þá meiri knýjandi ástæðu, og hugði jeg þingið mundi láta þar við sitja í þetta sinn.

Þess vegna er það eigi mótsögn hjá okkur — sem ella kynni að sýnast í fljótu bragði — þar sem jeg ásamt öðrum hefi komið með þá breyt.till. að hinir 2 aukalæknarnir, sem settir voru inn við 2. umr., sjeu nú felldir burtu, því jeg skal lýsa yfir því, að gangi sú tillaga fram, þá tek jeg aptur þessa umræddu breytingartillögu. En verði það eigi, þá finnst mjer þingdeildin skyldug til að samþykkja líka þennan aukalækni, ef hún vill vera sjálfri sjer samkvæm.

Viðvíkjandi þeirri breytingartill. okkar, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til gufubátsferða 1/3 í stað þess sem áður var tiltekið 1/4 á móti styrknum úr landssjóði, þá skal jeg geta þess, að þetta var upphaflega meining okkar sem komum með þessa tillögu við 2. umr., eins og þá var tekið fram. En að öðru leyti skal jeg fela það þingdeildinni, að taka þá breyt. til íhugunar.

Hvað viðvíkur 13. tölul. gr. 9. 10. 11. 18. og 20., sem við höfum lagt til að falli burt, þá eru ef til vill sumir meðal h. þingm., sem kunna illa við að þetta falli burt; »en sínum augum lítur hver á silfrið«, og með því að, eins og kunnugt er, voru við atkvæðagreiðslu þessa við 2. umr. ekki við nema 19 þingmenn af 23, sem sæti áttu í þingdeildinni, þá var ekki hægt að sjá ljóslega vilja þingdeildarinnar í því máli. Höfum við því með fram komið með breytingartill. þessar til þess, að fá fullkomnari atkvæðagreiðslu um þessa liði. Að vísu er ávallt óhægra að kippa út en setja inn svoleiðis greinir, en vjer felum það atkvæðagreiðslu þeirri, sem nú fer í hönd.

Hvað snertir styrkinn til náttúrufræðisfjelagsins í Reykjavík, þá er almenningi ókunnugt um vöxt og viðgang þess, að undanteknu því, sem tekið er fram í fundarskýrslunni í Ísatold, sem formaðurinn sjálfur hafði ritað, og virðist mjer eptir henni að dæma, sem mörgum myndi þykja það skrítið, að lesa nokkrum dögum síðar, má ske í sama blaði, að fjelaginu hefði verið veittur styrkur af almannafje.

Jeg kannast fúslega við það, að Good-Templarafjelagið hefur gjört mikið gagn og bjargað mörgum manni frá ofdrykkju. Jeg hefi jafnan verið hlynntur bindindi og sjálfur reynt dálítið til að styðja þess konar viðleitni. En mjer sýnist samt þinginu dálítið mislagðar hendur,

ef það vill nú veita þessu fjelagi fje úr landssjóði, þar sem það synjaði síra Magnúsi í Laufási hvað eptir annað um viðurkenningu fyrir það, sem hann hefur unnið í þarfir bindindisins. Það hefur þó líklega enginn einn maður hjer á landi lagt eins mikið í sölurnar fyrir það málefni eins og hann. Áhugi hans í því máli er alkunnur, og eins hitt, að hann ritaði og gaf út á eigin kostnað stóra bók, bindindisfræðina, sem ekki hefur selzt svo, að hann hafi nándarnærri upp borið kostnaðinn.

Um þessar persónulegu styrkveitingar, nr. 18 og 20 (til Torfhildar og Nickolíns tannlæknis) skal jeg ekki tala.

Gunnar Halldórsson: Jeg vil leyfa mjer að fara fáum orðum um viðaukatill. á þingskjali 337, sem fer fram á að veita 1000 kr. styrk til aukalæknis í 2 nyrztu hreppunum í Ísafjarðarsýslu. Tillaga þessi kemur svona seint fram af því, að okkur þingm. Ísafjarðarsýslu virtist ekki tiltækilegt að koma með hana fyr, þegar við sáum bænarskrár um sama efni úr svo mörgum stöðum. Jeg fyrir mitt leyti bjóst ekki við, að h. deild mundi treysta sjer til að taka til greina að stofna svona mörg aukalæknahjeruð, sem um var beðið. Jeg hjelt jafnvel að það yrði ekki í þetta sinn nema Ólafsvíkinga. En þar sem h. deild hefur nú tekið svo vel í þetta mál og samþykkt við 2. umr. 3 aukalæknishjeruð, þá fundum við ástæðu til að bera það fram nú, en alls ekki af því, sem h. þm. Reykv. (J. Jónassen) við 2. umr. hótaði að minnast á það á öðrum stað, að menn stingju bœnarskrám um aukalækna undir stól. Oss finnst þessir útkjálkahreppar, sem hjer er um að ræða, eiga að ganga fyrir flestum öðrum. Bænarskrá frá flestöllum bændum í þessum umræddu hreppum liggur frammi á lestrarsalnum, og býst jeg við að h. deildarm. hafi kynnt sjer hana, og jeg get með sanni sagt, að þar sje ekkert of sagt af erfiðleikum þeim, sem eru á að ná í lækni, því að þetta eru einhverjar hinar afskekktustu útkjálkasveitir, og þó að aldrei nema læknir fengist þangað, mundi óhægðin að ná til hans vera svo miklum erfiðleikum bundin, að jeg ekki tali um, hvað erfitt er að ná í lækni vestan af Ísafirði, þar sem menn verða að sækja um langan og hættulegan sjóveg og gefa svo ærna peninga fyrir, og leyfi jeg mjer því að vonast eptir, að h. deild veiti þessari beiðni um aukalækni í Grunnavíkur og Sljettuhreppum áheyrn.

Jónas Jónassen: Þegar jeg sá breyt.-till. til þessarar umræðu, gladdist jeg yfir því, að ýmsir h. þingm. höfðu farið fram á að fjölga enn aukalæknishjeruðum, en hins vegar hryggðist jeg af að sjá á þingskjali 331, að farið var fram á að fella aptur 2 aukalæknishjeruð, sem samþykkt voru við 2. umræðu.

H. þingm. Mýr. (Á. J.) tók það fram sem ástæðu, að þingið treystist ekki til að fjölga aukalæknum. Hvers vegna? Eru þetta svo mikil útgjöld? Nei, enda þótt öll þessi hjeruð væru samþykkt, væru það ekki mikil útgjöld. Það eru ýmisleg önnur útgjöld í fjárlögunum, sem þingið hefur ekki skorið við neglur sjer. Jeg álít það sannarlega óheppilegt, að þingið svona ár eptir ár neitar þannig að fullnægja óskum manna.

Það var við 2. umræðu sýnt fram á það með gildum rökum, að full ástæða væri til þess að setja aukalækni í Breiðdal og umhverfis, og skil jeg ekki í að menn vilji fara að breyta því nú, sem þá var samþykkt. Jeg var þá á móti því að skipaður væri aukalæknir í Eyjahreppi og nærliggjandi landsveitum í Barðarstrandarsýslu, ekki af

því, að jeg áliti óþarft að hafa lækni í Eyjahreppi, heldur at hinu, að jeg áleit, að hann hefði nóg að gera þar, og ekki ætti að bæta við hann sveitum á landi.

Eins og jeg tók fram er bráðnauðsynlegt, að Ólafsvíkingar fái aukalækni. Þar eru margir fátæklingar og menn hafa einatt orðið að deyja þar drottni sínum vegna læknisleysis. Jeg er samþykkur því, að full nauðsyn beri til að fá aukalækni í vestustu hreppa Mýrasýslu og þá ekki síður í nyrðstu hreppa Ísafjarðarsýslu; jeg veit ekki, hvar það er nauðsynlegt, ef ekki þar.

Það er alveg nauðsynlegt að fá lækna á öllum þessum stöðum, og jeg skil ekki að menn skuli koma fram með þá mótbáru, að fje vanti. Þetta hefur svo mikla þýðingu, að jeg vil biðja menn að setja sig í spor þessara manna, sem komið hafa með bænarskrár; jeg vil biðja menn að íhuga þetta nákvæmlega, áður en menn greiða atkvæði móti því, því að þar getur verið að tefla um líf eða dauða.

Þá hafa nokkrir h. þingm. stungið upp á því, að styrkurinn til náttúrufræðisfjelagsins falli burt. Jeg tók það fram við 2. umr., að menn mættu ekki taka mark á þessari óhappagrein formannsins, sem prentuð var í blaði einu nýlega. Flestir h. þm. munu þekkja, hvernig sá maður skrifar stundum. Það er opt hreinasta bull; jeg þori vel að segja það. Að stryka styrk þennan burt er sama sem að eyðileggja fjelagið. Ef menn hefðu skoðað þá muni, sem hefur verið safnað, held jeg mönnum hefði ekki dottið í hug að fella þennan litla styrk, því ekki er mögulegt að komast af með minna en 400 kr. Eins og jeg tók fram við 2. umr. kostar hver fugl uppsettur í Kaupmannahöfn — því að hjer getur enginn gert það — nálega 14 kr. og ámóta kostnaður verður með mörg önnur dýr. Jeg vona því að menn hafi komið fram með breyt.till. þessa einungis af fljótfærni. Fái fjelagið ekki styrkinn, er það sjálfdautt, en standi það jeg vil segja t. d. í 20 ár, þá er jeg viss um að því tekst að safna náttúrugripum, sem eru 40—50000 kr. virði í útlöndum.

Þá er enn ein styrkveitingin, sem komið hefur fram tillaga um að fella. Það er styrkurinn til tannlæknis O. Nickolin. Bæði h. þm. Ísf. (S. St.) og jeg gerðum það sem við gátum við 2. umr. til að sýna h. þingd. fram á, að þessi maður sje nauðsynlegur fyrir landið, og vona jeg því að menn sjái sig um hönd og láti styrk þennan því standa.

Ólafur Ólafsson: Jeg ásamt 5 öðrum h. þm. höfum leyft oss að koma með breyt.till. við 13. gr. C. h. viðvíkjandi styrknum til cand. mag. Boga Melsed. Breyt.till. fer fram á að fella burt orðin »að búa sig undir«. Það er engan veginn að vjer höfum móti því, að saga landsins sje rituð; það kemur víst öllum saman um, að nauðsyn beri til þess. En oss finnst það óheppileg stefna, að veita mönnum styrk um lengri tíma til að búa sig undir störf. Jeg efast ekki um, að þessi herra hafi áhuga á að framkvæma þetta starf, sem hann býðst til að takast á hendur, en margt getur komið fyrir, er hindri hann frá að framkvæma það, svo að það verði ekki nema undirbúningurinn. Jeg vil því hafa styrkveitinguna þannig orðaða, að styrkurinn sje veittur til að rita sögu Íslands.

Jeg tek það fram að meining vor var sú, að landsstjórnin borgaði ekki út fjeð, nema þessi herra geti sýnt henni, að hann hafi þegar fyrirliggjandi í handriti eitthvað ákveðið af sögunni. Jeg álít að það eigi að veita ritlaun úr landssjóði fyrir slíka söguritan

og þau sómasamleg, og meira að segja álít jeg það bezt fyrir hlutaðeigandi mann sjálfan, að hann fái styrkinn útborgaðan þá fyrst, þegar hann hefir ritað eitthvað. Það er ætíð skemmtilegra fyrir hvern mann sem er, að geta sýnt það með gildum rökum, að hann sje búinn að vinna fyrir þeim launum, sem honum eru goldin.

Þá skal jeg minnast á náttúrufræðisfjelagið. H. þm. Rvík (J. J.) sagði, að ef vjer felldum þann styrk burtu, þá segðum vjer með því, að vjer vildum ekki hafa náttúrufræðisfjelag, að vjer álitum það óþarft. Nei, vjer álítum það ekki óþarft, en vjer viljum hafa duglegt fjelag og styrkja það; en það er von, þótt dálítið þyki athugavert við, að veita styrk fjelagi, sem hefir fyrir formann þann mann, sem ritaði fundarskýrsluna góðu, og sem h. þm. Rvík (J. J.) gaf rjett nýlega þann vitnisburð, er h. þingdm. heyrðu, og jeg því ekki þarf að taka upp aptur; það er von, segi jeg, þótt menn sjeu dálítið myrkfælnir við þetta fjelag.

Viðvíkjandi tannlækni Nickolín hefir það verið tekið fram, að hann ætti hjer hvorki frændur nje vini; það getur satt verið, að hann eigi hjer ekki frændur, en hitt er þegar reynt, að hann á trygga vini, mælska formælendur, hjer í deildinni. Það hefir verið tekið fram, að þessi maður hefði svo af skornum skammti, að hann hefði ekki ráð á, að kaupa sjer miðdegismat. En jeg sá hann hjer um daginn, og þá sýndist mjer á honum, að ef hann hefði engan miðdegisverð, þá hlyti hann að hafa óvenjulega góðan morgunverð og kveldverð; því að hann er í miklu betri holdum en margir hinna heiðruðu deildarmanna, sem þó borða góðan miðdegisverð.

Ólafur Pálsson: Jeg get lýst því yfir, að þótt jeg skrifaði nafn mitt undir breyt.till. 334, þá gjörði jeg það að eins til þess, að hún gæti komizt að, en ekki af því að jeg sje henni samþykkur. Annars get jeg ekki sagt það, að jeg felli mig vel við ýmsar breyt.till. nje fjárlögin, nefnilega nefndarfrumv. yfir höfuð að tala, eða í flestum greinum í því. Um aukalæknana er jeg fremur hlynntur að þeim sje fjölgað, en þó vil jeg ekki fara mjög geyst í þær sakir allt í einu; fyrr er linun en albati. Mjer finnst hjer stigið nokkuð stórt stig í mörgum póstum; jeg kysi að hægra væri farið. Því með þeim útaustri úr landssjóði nú get jeg hugsað að lækki að mun í honum; jeg get þess að jeg gef ekki mörgu atkv. mitt, því þær fjárbænir margar, sem liggja fyrir, dettur mjer ekki til hugar að gefa atkvæði mitt, og þó jeg ekki telji þær allar upp nú, mun það sjást, með hverju jeg verð og verð ekki. Skal jeg svo ekki tefja tímann með því að fjölyrða meir um fjárlögin nú.

Indriði Einarsson: Jeg skal leyfa mjer að taka fram fáein atriði. Viðvíkjandi breyt.till. um strandferðirnar er það að segja, að nefndin er yfir höfuð föst á því, að athugasemdin haldist, og þessar 21,000 kr. sjeu veittar því að eins, að ályktun þingsins um strandferðirnar sje fylgt stranglega.

Um sundkennsluna skal jeg geta þess, að þessar 200 kr., sem Reykjavík eru veittar, eru veittar með því skilyrði, að lærisveinar latínuskólans fái að njóta ókeypis sundkennslu, og þeir skyldaðir til að læra sund. Ekkert mun verða því til fyrirstöðu, að þeir fái að nema sundið, því að stiptsyfirvöldin munu sjá fyrir, að tímum verði hagað þannig í skólanum, að þeir komi ekki í bága við sundnámið. Hjer er og annar liður, sem nefndin hefir sett inn; það er viðgjörð á sundlauginni við Laugarnes. Nú er sá styrkur þó bundinn því skil-

yrði, að bærinn leggi til kr. 200. Þessi veiting hrekkur samt ekki nándar nærri til viðgjörðarinnar. Viðgjörðin á lauginni er einkar-nauðsynleg, af því að hún er ótrygg og gruggug og botninn laus í sjer, svo að menn sökkva niður í hann, þegar vatnið hefir legið lengi á; fyrir þá sök hefir maður drukknað í lauginni, og optar hefir legið við slysum. Jeg vek athygli h. deildar á því, að þetta eru ekki þeir fyrstu peningar, sem kostað er upp á laugarnar. Einstakir menn, eða einstakur maður, ætti jeg öllu heldur að segja, hafa komið þar upp húsi, sem kostaði 800 kr.; bærinn hefir lagt veg af aðalveginum að sundlauginni fyrir 500 kr., og í garða við laugina og fleira þess háttar hafa sjálfsagt gengið 300 kr. Allt í allt hefir því að minnsta kosti verið kostað einum 1600 kr. til laugarinnar. Það er ekki heldur hægt að neita því, að það sem hjer er gjört, er að miklu leyti gjört fyrir allt landið. Ef það yrði venja að flestir menntaðir menn lærðu sund, þá getur það orðið nokkurs konar móður, en afleiðingin af sundnáminu mundi verða sú, að menn böðuðu sig rækilegar en þeir gjöra nú, og það vita menn hve æskilegt væri.

Nefndin hefir líka lagt það til, að styrkurinn til sundkennslu annarstaðar yrði hækkaður, þó með því skilyrði að sveitirnar legðu fram helming móts við landssjóðsstyrkinn.

Jeg tek það fram um 13. gr. C. 9, 10 og 11, að jeg veit ekki til, hvers farið er fram á að nema þá liði burtu, nema ef það skyldi vera eins og h. þm. Mýr. (Á. J.) tók fram, að fá enn betri vissu um, hvernig atkvæðagreiðslan fjelli.

Styrkurinn til Fornleifafjelagsins sýnist ekki mjög hættulegur, því að hann á ekki að borgast út, nema árbók fjelagsins komi út. Fornleifafjelagið hefir gjört svo mikið með rannsóknum sínum bæði á Þingvelli, Bergþórshvoli — sú rannsókn hefir jafnvel vakið eptirtekt út um hinn menntaða heim — og um land allt, að jeg er viss um, að það er ekki einn einasti bóndi á Íslandi, sem mundi telja þessa litlu styrkveitingu eptir Fornleifafjelaginu.

Styrkurinn til stórstúkunnar er svo lítill, að jeg ímynda mjer, þar sem um svo gott málefni er að ræða, að h. deild geti ekki verið það áhugamál að nema hann burt; þar að auki var hann samþykktur við 2. umr. með 12 atkv. með nafnakalli, og það voru ekki þeir, sem styrknum vilja halda, er um það nafnakall báðu.

Það hefir verið tekið fram um náttúrufræðisfjelagið, að menn vilji einkum fá styrkinn afnuminn af því, að formaður þess hefir skrifað skýrslu, sem hefir hneykslað. Þeim sem safnið þekkja lízt mjög vel á það, og væri húsrúm betra en það er, mundi enginn telja þennan styrk eptir, eða þó meira væri.

Um breyt.till. um styrkinn til cand. mag. Boga Melsted skal jeg taka það fram, að verið getur að rjett sje að fella úr orðin »búa sig undir«, eins og stungið hefir verið upp á, en nefndin kom með sína tillögu, eins og hún er orðuð, af því, að hún vildi ekki veita nema 500 kr., og enn fremur hafði styrkbeiðandinn skýrt frá því, þegar hann sótti um styrkinn, að fyrsta bindið af sögunni gæti ekki orðið tilbúið, fyr en eptir 4 ár; því þótti nefndinni athugavert að orða tillögu sína, eins og breyt.till. fer fram á. En ef flutningsmenn breyt.till. vilja hafa það hugfast, að fyrsta bindi sögunnar mun ekki fullbúið fyr en eptir 4 ár, þá hef jeg ekki á móti breyt.till.

Framsögum. (*Skúli Thoroddsen*): Jeg

þarf ekki að svara mörgu í umræðum h. þingdm., en jeg vil þó minnast á nokkur atriði.

Hæstv. landsh. mælti sjerstaklega á móti því, að binda fjárveitinguna til strandferðanna því skilyrði, sem fjárlaganefndin hefir stungið upp á í breytingaratkvæði sínu á þingskjali 340, þar eð það gæti komið sjer illa, ef stjórnin hefði svo bundnar hendur, að hún mætti ekki víkja frá tillögum nefndarinnar, jafnvel í smáatriðum, þótt það gæti orðið til þess, að engar strandferðir fengjust næsta fjárhagstímabil. En hjer til er því að svara, að, að því er þessa þingsál.till. fjárlaganefndarinnar snertir, þá er eptir að ræða hana og samþykkja, svo að hæglega má koma fram breytingum á henni, ef þurfa þykir. En það vakti fyrir fjárlaganefndinni, að rjett væri, að þingið tæki nú þá stefnu, að binda fjárveitinguna beinlínis þeim skilyrðum, sem þingið álítur nauðsynlegt að fá framgengt, svo að strandferðirnar verði landsmönnum hentugri en verið hefir, því þó þingið hafi áður þráfaldlega látið í ljósi óskir sínar um það, hvernig strandferðum væri hagað, þá hefir stjórninni þó ekki tekizt, að fá gufuskipafjelagið til að haga ferðum sínum eptir þeim óskum.

H. þm. Mýr. (Á. J.) tók það fram, að sjer þætti óheppilegt, að fjárlaganefndin skyldi skilja við fjárlagafrumv. með »undirballance«. Ef þetta er meining h. þm., þá er hann ekki annar eins reikningsmeistari eins og jeg hefi álitið hann; reikni h. þm. samlagningardæmið upp aptur, mun hann komast að raun um, að þetta er ekki nema misreikningur eða misskilningur hans.

Sami h. þm. hjelt langa ræðu við 2. umr. um styrkinn til búnaðarfjelaganna, sem hann allt af vill vera að klípa af. Við 2. umr. var þó ítarlega skýrt frá því, hve lítill og ónógur þessi styrkur hefði verið að undanförnu, t. d. 2 síðustu árin, og þar sem búnaðarfjelögunum er allt af að fjölga, virðist styrkurinn ekki mega vera minni en fjárlagan. nú hefir stungið upp á, þ. e. 13,000 kr. hvort árið, sjerstaklega þegar þar af eiga að ganga árlega 2000 kr. til búnaðarfjelags Suðuramtsins.

Þá kemur mjer undarlega fyrir, að menn skuli aptur og aptur vera að vitna í þessa blaðagrein, sem formaður náttúrufræðisfjelagsins skrifaði á dögunum, því mjer virðist nær, að taka tillit til hinnar ítarlegu skýrslu, sem prentuð hefir verið sjerstaklega um aðgjörðir þessa fjelags. Mjer finnst ekki eiga við, að leggja svo mikla áherzlu á þessa grein Gröndals., sem, eins og h. þm. Reykv. (J. J.) tók fram, er skáld, sem hefir gaman af að skrifa fyndið og hnittilega, og sem því sjálfsagt hefir haft þann tilgang einn með blaðagrein sinni, að koma mönnum til að brosa.

Þá get jeg heldur ekki skilið, hversvegna sumir h. þingdm. vilji fella burtu styrkinn til Fornleifafjelagsins, þar sem veiting hans er bundin því skilyrði, að árbók fjelagsins komi út. Jeg ímynda mjer, að h. þingdm. vilji þó ekki verða þess valdandi, að fjelag þetta verði að hætta sínum mikilsverðu framkvæmdum.

Þá skal jeg minnast á eina breyt.till. frá þm. Mýr. (Á. J.) o. fl., sem jeg gleymdi að andmæla í fyrri ræðu minni.

Við 2. umr. var það samþykkt, að styrkurinn til gufubátsferða skyldi bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til gufubátsferðanna 1/4 á móti styrknum úr landssjóði. Þessu vill nú h. þm. Mýr. (Á. J.) og þeir, sem honum fylgja, breyta þannig, að í staðinn fyrir 1/4 komi að minnsta kosti 1/3. Jeg get nú ekki betur sjeð, en að nóg sje heimtað af sýslu- og bæjarfjelögum með því, að skylda

þau til að leggja fram 1/4 á móts við landssjóðsstyrkinn. Jeg skal taka t. d. Ísafjarðarsýslu, sem er hið eina sýslufjelag, sem hingað til hefir lagt fram fje til gufubátsferða; hún lagði fram 600 kr. í fyrra, og nú í ár ætlaði hún fyrir sitt leyti, að leggja til 800 kr., ef saman hefði gengið í samningum við gufubátseigandann. Mjer virðist ekki rjett, að heimta meira af sýslufjelögunum en þetta, og hvaða meining er í því, að vera að neyða menn til að leggja fram t. d. 1000 kr., þó að kannske alls eigi þurfi svo mikið fje. Er nokkur meining í því, að segja að gufubátseigandi skuli endilega hafa 4000 kr., þótt hægt sje að ná viðunanlegum samningum með minna fjárframlagi?

Að því er snertir styrkinn til stórstúku Íslands, þá tók h. þm. Vestm. (I. E.) það fram, að till. nefndarinnar hefði verið samþykkt við 2. umr. með 12 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli. Jeg vona að jeg þurfi þess vegna ekki að mæla á móti þeirri till., sem fer fram á, að þessi 300 kr. styrkur falli burt, því jeg get ekki skilið, að nokkur h. þingdm., sem greiddu atkvæði með styrknum tll 2. umr., gangi nú frá því atkvæði sínu. Þar sem h. þm. Mýr. (Á. J.) gat þess, að þingið hefði áður ekki viljað styrkja síra Magnús í Laufási til að efla bindindismálið, þá mun þetta ekki vera fullkomlega rjett, því að jeg veit ekki betur en að honum hafi verið veitt uppgjöf á árgjaldi frá Laufásprestakalli, mest fyrir þá sök, að þessi heiðursmaður þótti alls góðs maklegur fyrir sina ötulu og ótrauðu framgöngu í þjónustu bindindisins. Alþingistíðindin frá þeim tíma sýna, að margir þingmenn tóku það fram sem ástæðu fyrir eptirgjöfinni, að prestur þessi hefði gjört svo mikið til eflingar bindindis.

Hefi jeg svo ekki meira um mál þetta að segja.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 1 á þingskjali 339 við 19. gr. C. 42. samþ. með 12:5 atkv., 2. till. á sama þingskj. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 3. till. samþ. með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
Benedikt Sveinsson.	Árni Jónsson,
Eiríkur Briem,	Jón Þórarinsson,
Gunnar Halldórsson,	Jónas Jónassen,
Indriði Einarsson,	Ólafur Olafsson,
Jens Pálsson,	Páll Briem,
Jón Jónss., þm. N.-M.	Sveinn Eiríksson,
Jón Jónss., þm. N.-Þ.	Þorl. Guðmundss.
Lárus Halldórsson,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Pálsson.	
Sigurður Gunnarsson,	
Sigurður Stefánsson,	
Skúli Thoroddsen.	

Breyt.till. þingskj. 331 við 11. gr. 2. h. samþ. með 12:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Árni Jónsson,	Eiríkur Briem,
Benid. Sveinsson,	Gunnar Halldórss.,
Jón Jónss. þm. N.-M.	Indriði Einarsson,
Jón Jónss., þm. N.-Þ.	Jens Pálsson,
Lárus Halldórsson,	Jón Þórarinsson,
Ólafur Briem,	Jónas Jónassen,
Ólafur Pálsson,	Ólafur Olafsson,
Páll Briem,	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen.	Sigurður Stefánss.
Sveinn Eiríksson,	
Þorlákur Guðmundsson.	

Breyt.till. á (331) við 11. gr. 2 l., samþ. með 14:4 atkv.

Breyt.till. á (334) við 11. gr. 2. (k). tekin aptur.

Breyt.till. (334) við 11. gr. 2. (j.) tekin aptur.

Breyt.till. á (337) við 11. gr. (j) felld með 14:6 atkv.

Breyt.till. á (335) við 12. gr. B. 1. b. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. við 12. gr. A. 1. c. samþ. með 20 atkv.

Breyt.til. við 12. gr. A. 3. a. samþ. með 15 atkv.

Breyt.till. við 12. gr. A. 3. e. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. (339) við 12. gr. C. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. á (339) við sömu gr. aths. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. á (333) við 12. gr. C. felld með 12:8 atkv.

Breyt.till. á (336) við 13. gr. B. VII a. 1. samþ. með 14:3 atkv.

Breyt.till. á (336) við 13. gr. B. VII a. 2. samþ. með 13:9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
Árni Jónsson,	Eiríkur Briem,
Ben. Sveinsson.	Gunnar Halldórss.,
Jens Pálsson,	Indriði Einarsson,
Jón Jónss. N.-M.	Jón Þórarinsson,
Jón Jónss. N.-Þ.	Jónas Jónassen,
Lárus Halldórsson,	Ólafur Olafsson,
Ólafur Briem,	Sig. Gunnarsson,
Ólafur Pálsson.	Sveinn Eiríksson,
Páll Briem,	
Sig. Stefánsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorl. Guðmundss.	

Breyt.till. á (336) við 13. gr., B. VII stafl. b, samþ. með 12:1 atkv.

Breyt.till. á (336) við 13 gr., B. VII stafl. c., samþ. með 13 samhlj. atkv.

Breyt.till. á (336) við 13. gr. B. VII stafl. d., samþ. án atkv.gr.

Breyt.till. á (336) við 13. gr. B. VI b. 2. samþ. með 12:7 atkv.

Breyt.till. á (339) við 13. gr. B. VIII (fyrri liður b) samþ. með 12:6 atkv.

Breyt.till. á (339) við 13. gr. B. VIII (síðari liður, c) samþ. með 17 atkv.

Breyt.till. á (339) við 13. gr. B. VIII (aths.) samþ. með 17 atkv.

Breyt.till. á (331) við 13. gr. C. 9. felld með 12:7 atkv.

Breyt.till. á (331) við 13. gr. C. 10 felld með 15:8; að viðhöfðu nafnakalli og sögðu,

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Árni Jónsson,	Bend. Sveinsson,
Jens Pálsson,	Eiríkur Briem,
Lárus Halldórss.,	Gunnar Halldórss.,
Ólafur Ólafsson,	Indriði Einarsson,
Ólafur Pálsson,	Jón Jónsson, N.-M.
Sveinn Eiríksson,	Jón Jónsson N.-Þ.
Þorl. Guðmundss.	Jón Þórarinsson,
	Jónas Jónassen,
	Ólafur Briem,
	Páll Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Stefánsson,
	Skúli Thoroddsen.

Breyt.till. á 331. við 13. gr. C. 11 samþ. með 12:10 atkv., að viðh. nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Árni Jónsson,	Eiríkur Briem,
Benedikt Sveinsson,	Indriði Einarsson,
Gunnar Halldórsson,	Jens Pálsson,
J. Jónss., þm. N.-M.,	Jón Þórarinsson,
Jón Jónss., þm. N.-Þ.,	Jónas Jónassen,
L. Halldórsson	S. Gunnarsson,
Ólafur Briem,	Sig. Stefánsson,
Ólafur Ólafsson,	Skúli Thoroddsen.
Ólafur Pálsson.	Sveinn Eiríksson.
Páll Briem,	
Þorl. Guðmundsson.	

Breyt.till. á (338) við 13. gr. C. 17. felld með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
G. Halldórsson,	Árni Jónsson,
Jón Þórarinsson,	Benedikt Sveinsson,

já:	*nei:*
Jónas Jónassen,	Eiríkur Briem,
L. Halldórsson,	Indriði Einarsson,
Ólafur Ólafsson,	Jens Pálsson,
Ólafur Pálsson,	J. Jónsson, þm. N.-M.,
Sigurður Stefánsson,	J. Jónsson, þm. N.-Þ.,
Sveinn Eiríksson.	Ólafur Briem,
Þorl. Guðmundsson.	Páll Briem,
	Sigurður Gunnarss.,
	Skúli Thoroddsen,

Breyt.till. á (331) við 13. gr. C. 18. felld með 12 : 7 atkv.

Breyt.till. á (331) við 13. gr. C. 20. samþ. með 12 : 7 atkv.

Breyt.till. á (339) við 18. gr. samþ. í e. hlj.

Frv. með áorðnum breytingum var svo samþykkt í einu hljóði, og afgr. til Ed.

Þrítugasti og fimmti fundur, þriðjudaginn 11. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi nema þm. N.-Múl. (J. J. og Þ. K.), sem voru báðir veikir.

Forseti gat þess, að nú væri sá 6 vikna tími liðinn, sem þinginu væri heimilt að vera saman, og ljet í ljósi þá ósk, að landsh. lengdi þingtímann.

Landshöfðingi lýsti því þá yfir, að hann samkvæmt ósk h. efri deildar hefði þegar lengt þingtímann til 25. ágúst, að þeim degi meðtöldum.

Frv. til laga um stofnun háskóla (C. 341); 3. umr.

Landshöfðingi: Áður en mál þetta yfirgefur h. deild, vil jeg gera hreinskilnislega játningu. Jeg skil eigi frv. þetta og heldur eigi tilgang þess. Jeg verð að gera þessa játning, þótt það sje óþægilegt fyrir mig, þar sem jeg mun vera sá eini hjer í deildinni, sem kann eigi að meta ágæti þessa frv. Jeg dreg það af því, að það var samþykkt við 2. umr. samkvæmt nafnakalli með hverju einasta atkvæði. Jeg veit eigi, hvað hjer er skilið við háskóla. Jeg skil við háskóla annaðhvort þá stofnun, þar sem þeir, sem hafa notið almennrar menntunar, eiga að njóta æðri menntunar, sjerstaklega þar sem þeir geta aflað sjer þeirrar menntunar, sem nauðsynleg er til þess að takast á hendur embætti. Ef þetta er skilningur h. deildar, þá þarf eigi að stofna háskóla til þess, því það eru nú til slíkar stofnanir; bæði prestaskólinn og læknaskólinn eru stofnanir til að búa menn undir að geta tekið á móti embættum. Önnur merking í orðinu háskóli, »universitet«, er, að það sje sú stofnun, þar sem kennd eru öll vísindi; en það getur eigi verið meiningin hjá h. deild, þar sem að eins á að kenna á þessum háskóla 3 vísindi, eptir því sem stendur í annari grein þess, og eigi meira; því til þess að kenna fleira, þarf sjerstök lög. Jeg hafði ímyndað mjer, að háskóli þyrfti að vera sjerstök stofnun með töluverðu sjálfstæði, og að samband yrði að vera milli hinna sjerstöku deilda, »fakúlteta«; en hjer er ekkert, sem tengir saman þessar 3 deildir, ekki einu sinni hús. Jeg get hugsað mjer, að hingað kæmu útlendingur, t. d. þýzkur prófessor, sem hefði fengið að vita, að hjer væri stofnaður háskóli og færi að spyrja um, hvar þessi háskóli væri; þá yrði að svara honum, að hann væri að eins til í Stjórnartíðindunum; háskólinn væri að eins hugmynd, en eigi til í líkamlegum skilningi, heldur væri að eins til læknisfræðisdeild, guðfræðisdeild og lögfræðisdeild. Þegar háskólinn svo tekur til starfa, þá eru prestaskólinn og læknaskólinn afnumdir, en jeg sje eiginlega eigi, hvaða breyting hjer verður á því sem er, og yfir

höfuð eigi, að það sje nein framför. Í nefndarálitinu, sem fylgir frv., segir meðal annars, að þörf sje á þessari stofnun, til þess að vísindalegt líf geti eflzt og þróazt í landinu; en er nokkur trygging fyrir, að það eflist og þróist meir, þótt læknaskólinn og prestaskólinn yrðu deildir af háskólanum? Ef frv. gengur út á að innleiða hjer lagakennslu, þarf þá háskóla til þess?

Ef stjórnin er á móti lagakennslu hjer, verður hún víst eigi fremur með henni, þótt hún fari fram í einni deildinni af þessum háskóla. Eptir frv. er heldur eigi hægt að stofna hjer lagaskóla; það segir að eins, að 2 kennarar skuli hafa á hendi kennsluna í lögum, en það hlýtur að vera meiri kostnaður við þessa stofnun en launin til kennendanna, og hvar er heimild til að taka fje til þess, sem þörf er á? Þessi skóli þarf þó víst húsnæði, ljós, eldivið og ölmusur og húsaleigustyrk til námsveinanna, eins og prestaskólinn og læknaskólinn. Jeg segi þetta eigi í því skyni, að jeg muni hafa áhrif á atkvæði þingdeildarmanna; deildin hefir þegar lýst skoðun sinni; heldur til þess að friða samvizku mína, og svo að hinir h. þingdm. eigi ætli, að jeg með því að þegja gefi í skyn, að jeg sje frv. samþykkur.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg get eigi neitað, að mjer kom mjög á óvart ræða hæstv. landsh. í þessu máli, en jeg get sparað mjer að fjölyrða um mótbárur hans, þar sem hann kvaðst eigi koma með þær í því skyni að hafa áhrif á þingdeildina, og játaði með því, að þær væru eigi eins og þær í rauninni heldur ekki voru þess verðar, að þær væru teknar til greina, því ekki get jeg ætlað, að hann vilji bera deildinni það á brýn, að hún vildi eigi taka til greina mótbárur, sem væru byggðar á skynsamlegum rökum. Þar sem hann með sínum glöggu og sjálfsagt eptir áliti hans sjálfs sannfærandi röksemdaleiðslum vildi lýsa því fyrir deildinni, að hugmyndin um háskóla gæti eigi komizt hjer að, eptir því sem frv. væri orðað og úr garði gert, þá vil jeg nú samt vísa honnm enn á ný til frv. sjálfs, ef honum vildi þóknast að lesa það nákvæmar og íhuga það betur en út lítur fyrir, að hann hafi gert hingað til.

Allir geta þá sjeð, að frv. hefir tvær hliðar. Önnur er sú, að Ísland sjálft geti undirbúið lögfræðinga sína, eða að Íslendingum hjer eptir að minnsta kosti gefist kostur á að nema sín eigin lög á sínu eigin tungumáli, í sínu eigin landi, og þætti mjer eigi ólíklegt, að hugsandi mönnum yrði það mun torskildara en frv., ef stjórnin í Danmörku skyldi enn setja sig upp á móti slíku, eptir að hún þó loksins hefir sjálf lagt fyrir þingið lög um það, að íslenzk lög skuli framvegis eingöngu undirskrifuð af konungi á íslenzku máli. (*Landshöfðingi*: Jeg sagði eigi eitt orð á móti lagaskóla). Og með reglum sínum um hina dönsku þýðingu á þessum íslenzku lögum eða hinum íslenzka lagatexta hefir stjórnin bersýnilega játað, að hún sjálf með sínum bezta vilja geti eigi komið með neina óyggjandi eða áreiðanlega útleggingu af þeim. Þetta atriði eitt út af fyrir sig gerir lögfræðiskennslu hjer á landi einmitt frá sjónarmiði stjórnarinnar sjálfrar, svo framarlega sem menn mega ætla henni snefil af samkvæmni, alveg nauðsynlega og jeg vil segja alveg óumflýjanlega, og með þessu einu er þá lagður sá skynsemisgrundvöllur fyrir lögfræðisdeild frv., sem hæstv. landsh. er alveg ofvaxið að hrekja.

Og hvað svo? Jú, viti menn: hæstv.

landsh. sagði enn fremur, að það væri enginn munur á, hvort það væri prestaskóli, læknaskóli og lagaskóli, hver út af fyrir sig og sinn í hverju horni, eða þeir væru tengdir saman í eina vísindalega heild, í háskóla. En þá vil jeg spyrja hæstv. landsh.: er þá samvinna, sameiginlegt bókasafn og andlegt samlíf kennenda og nemenda í hinum ýmsu vísindagreinum alveg þýðingarlaust? Sje svo, og ætti maður að hugsa sjer eitt augnablik, að sú mótbára hefði við rök að styðjast, þá hlyti hún á hinn bóginn að rífa niður þýðingu allra háskóla, engu síður í öðrum löndum en hjer, og á hinn bóginn að kollsteypa andmælum hæstv. landsh. móti frv.; því þess þýðingarminni og óverulegri sem breyting frv. er frá sem sem nú er, þess þýðingarminni hlýtur mótbáran gegn því að vera sem nýmæli, en mótbára, sem þannig inniheldur að einu leytinu svo bersýnilega villukenning, en að hinu leytinu mótsögn, getur ekki verið rökstudd mótbára, heldur órökstudd viðbára. Með öðrum orðum: háskóli fyrir íslenzk embættismannaefni hjer á landi hlýtur að hafa hina sömu sönnu og ómótmælanlegu þýðingu fyrir land vort og þjóð, eins og annarsstaðar í hinum siðaða heimi.

En þá er að líta á hina aðra hlið frv., og er hún þá sú, að hún miðar til að fullnægja hinum æðri andlegu, þjóðlegu og vísindalegu þörfum hinnar íslenzku þjóðar yfir höfuð, til þess að hjá henni geti myndazt og þróazt og eflzt sjálfstætt, vísindalega þjóðlegt, og þjóðlega vísindalegt líf, eptir því sem líkamlegir og andlegir kraptar hennar aukast og eflast. Ef menn vilja rekja sögu háskólans í Danmörku nokkrar aldir aptur í tímann, þá mundu menn geta sjeð og sannfærzt um, að hann var í fyrstu alls eigi einu sinni eins fullkominn, eins og háskóli hjá oss gæti verið nú þegar, ef vjer vildum nokkurt kapp á leggja, að gera hann svo sómasamlega úr garði, sem oss væri innan handar að gera.

Hæstv. landsh. veit að minnsta kosti, að háskólinn í Danmörku átti mjög lengi við ærið erfið og bágborin kjör að búa og berjast, bæði í vísindalegu og þjóðlegu tilliti; hann veit að hann hefir orðið að ganga í gegnum langan og bitran hreinsunareld. Jeg held þessi háskólastofnun, sem þetta frv. miðar til, þoli ofurvel samanburð við háskólastofnanir erlendis, einkum hjá þeim þjóðum, ef annars nokkrar eru, sem hafa átt við svo rammefida erlenda kúgun að stríða einn mannsaldur eptir annan, að þeim hefir verið varnað þess með hnúum og hnefum að stofna innlenda lagakennslu hjá sjer, hvað þá háskóla fyrir sitt eigið fje, eins og Danastjórn hefir látið sjer sæma, síðan árið 1845, eða gegn um alla æfisögu hins endurreista alþingis.

Tilgangur þessa frv. er á hinn bóginn alls eigi sá, eins og hver maður getur sjeð og skilið, að með því eigi að vera nú þegar stofnaður háskóli í fullkomnu formi, heldur til þess að fá viðurkenndan þann rjett, sem Ísland eptir guðs og manna lögum hefir, þann rjett, að stofna háskóla á Íslandi fyrir sitt eigið fje, í því sniði og í því formi, sem landsins og þjóðarinnar kraptar leyfa, og við hæfi landsþarfa vorra. Það er þessi rjettur, þessi þjóðrjettindi, sem frumv. heimtar viðurkennd nú loksins árið 1891!

Hæstv. landsh. gæti þó að því, að þingið fer hjer allt öðruvísi og formlegar að en stjórnin sjálf, sem vildi pota iðnaðarskóla inn hjá oss, að oss alveg

fornspurðum, með því að setja hann inn á fjárlögin. *(Skúli Thoroddsen:* Það væri rjett að gera það). Nei! Slíkt »pólitiskt humbug« dettur mjer eigi í hug nje hjarta, og engum h. þjóðfulltrúa.

Og að öðru leyti dettur mjer ekki í hug að bera þetta fram sem bituryrði gegn h. stjórn, heldur til þess að sníða broddinn af ummælum hæstv. landsh. bæði um það, að frumv. þetta sje svo afar-óskiljanlegt, og eins um það, að h. þingd. tæki eigi tillit til orða hans. Því það má stjórnin vel vara sig á, að vjer höfum augu til að sjá gallana á hennar uppástungum, eins og hún á vorum. Dæmið, að einhver framandi maður kæmi annað hvort frá Englandi eða Ameríku og spyrði, hvar háskólinn væri, og sem hæstv. landsh. svaraði svo hnyttilega, að hann væri í Stjórnartíðindunum, held jeg að sjálf Danastjórn mætti þakka fyrir, að hún í fullri alvöru gæti borið fyrir sig, því það væri sannarlega sæmilegra fyrir hana, að þetta mál, sem sje stofnun háskóla á Íslandi, væri komið svo langt, að fulltrúar hennar hjer á landi gæti vísað framandi mönnum til laga um hana í Stjórnartíðindunum. Mun það meira sómi fyrir Danastjórn, að hann útlisti það fyrir erlendum ferðamönnum að vjer Íslendingar höfum barizt fyrir stofnun lagaskóla á Íslandi til ónýtis í næstum tvo mannsaldra, — og tek jeg þó hina þögulu steina í þessari byggingu til vitnis um það, að svo hafi verið —; því frá 1845 ítrekaði hin íslenzka þjóð sem sagt einlægt við og við og optast í sífellu þetta mál gegn um hið ráðgefandi alþingi, og einlægt bar stjórnin fyrir og barði við fjeleysi og sagði að málið gæti eigi fengið framgang, fyr en fjárhagssambandið milli Íslands og Danmerkur væri leyst, og það þrátt fyrir hátíðlega yfirlýsingu Danakonungs sjálfs 1863 í konunglegri auglýsingu til alþingis um það, að það væri ósk sín, að krafa Íslendinga um stofnun lagaskóla í Reykjavík skyldi verða tekin til greina, og þrátt ofan í það, þó þáverandi kennslumálaráðgjafi Dana, Monrad, gengi svo langt í þessa stefnu, að hann semdi fullkomna og ýtarlega reglugjörð fyrir skólann og færi fram á að það, að landsyfirrjettardómendurnir í Reykjavík tæku að sjer kennsluna, og á þeim tímum var þó farið svo hóflega í sakirnar frá hálfu Íslands, að þeir, sem tækju embættisróf á skólanum, skyldu að eins settir á bekk með dönskum júristum, sem allir vita þó, að eigi hafa einu sinni rjett til eiginlegra embætta í Danmörku, þótt þeir hafi þótt fullboðnir handa Íslandi. Og viti menn svo, þegar alþingið 1874 verður löggjafarþing og fær í hendur fjárráð landsins, og heimtar skólann stofnaðan fyrir landsins eigin fje, þá klingir þó enn sama mótbáran, sama bjallan, að það skorti fje til að stofna skólann, með öðrum orðum: stjórnin sviptir hið löggefandi alþingi fjárráðum yfir landsins fje! Eru þetta nú sæmilegar ástæður og málavextir til að bjóða hinum menntaða útlending? Mundi það ekki vera sannarlega sæmra fyrir Danastjórn, til þess að firra sig blóðugu ámæli fyrir stjórnargjörræði, að geta vísað til Stjórnartíðindanna, eins og landshöfðinginn var að skopast að, og mætti hún ekki þakka fyrir, að geta borið fyrir sig að það væri fátækt og dáðleysi Íslendinga sjálfra að kenna, að háskólahúsið væri enn eigi byggt, eður eigi nóg fje lagt til skólans?

Sannarlega er það hjartans ósk mín, að sá dagur rynni upp yfir Ísland, að Stjórnartíðindin bæru vott um, að stjórnin í Danmörku hefði látið af þeim óheyrilegu kreddum sínum, að spyrna

móti því, að vjer fáum að stofna háskóla á voru eigin landi, fyrir eigin peninga, og það er einnig hjartans sannfæring mín, að það væri eigi að eins hollara fyrir þjóðina, heldur einnig sannur sómi fyrir sjálfa stjórnina, enda treysti jeg því fastlega, að það verði ekki tillögum hæstv. landshöfðingja að kenna, að stjórnin vilji ekki ganga að svona löguðu frumv.

Það er örðugt og varúðarvert fyrir hæstv. landshöfðingja, að spá í ókominn tíma og segja að þessi stofnun verði þýðingarlaus; en eins og hæstv. landsh. leyfir sjer að spá þessu, eins leyfi jeg mjer að spá því gagnstæða, að hún verði hin þýðingarmesta fyrir oss Íslendinga og jafnvel svo þýðingarmikil, að hún, hvað lögfræðina að minnsta kosti áhrærir, þoli fullkominn samanburð, og það langt fram yfir það, við sjálfan háskólann í Kaupmannahöfn, því fyrir oss Íslendingum liggur opin ótæmanleg vísindaleg uppspretta í þessu tilliti, sem Danir ekki eiga, og geta aldrei átt, því það eru Íslendingar einir, sem tala þá tungu, sem hin víðfrægu sögulegu, skáldlegu og lögfræðislegu norrænu vísindi eru skráð á. Og meira að segja, svo framarlega sem háskólinn í Danmörku hefur eigi tekið stórum vísindalegum framförum síðan jeg þekkti til, og skal jeg eigi ámæla hans vísindalega ágæti og þýðingu, þá er hún sannarlega eigi svo mikil sem vjer ímyndum oss hjerna í þingsalnum, sjer í lagi þegar miða skal þjóðþarfir vor Íslendinga.

Halda nú háttv. fulltrúar t. a. m. að þessi litli aragrúi af lögum, sem alþingi hefur samið og samþykkt og konungur staðfest síðan 1874, sjeu þýdd og útlistuð við Kaupmannahafnarháskóla? Nei! Það má þykja mikið, ef einstöku þeirra væru nefnd í háskólafyrirlestrunum, og prófessórarnir dönsku mundu verða fyrstir til að segja, og hafa líka virkilega sagt, að það væri ofætlun fyrir þá að kenna íslenzk lög við hliðina á dönskum lögum, og sjer í lagi væri það rjettarsaga Íslands, sem þeim væri langt um megn að kenna, enda mundi hún, eins og líka er alveg satt, fullkomlega útheimta eins mikinn tíma og erfiði eins og hin danska. Jeg leiði því hest minn frá að skilja, hvernig hinn hæstv. landshöfðingi getur farið að segja, að þessi stofnun háskóla á Íslandi mundi verða þýðingarlaus. Ef hæstv. landsh. meinar, að það sje þýðingarlaust að krefjast þess af stjórninni, að þessi skóli verði stofnaður, þá ímynda jeg mjer að hann geti alls eigi um það dæmt, en ef mótbára þessi horfir að þjóðinni, neita jeg henni algjörlega sem allshendis ástæðulausri. Þvert á móti verður hver hugsandi maður að sjá, að þessi stofnun er og verður ómissandi máttarviður undir löggjafarstarfi þingsins, undir þjóðlegri rjettarmeðvitund, undir rjettdæmi dómstólanna og rjettarfari landsins yfir höfuð. Og hvað á það svo lengi að standa, að þjóðina vanti alla vísindalega »fortolkning« eða útþýðing, og rjettarsöguna, einkum nú, þegar stjórnin hefur þó viðurkennt, að íslenzk lög skuli einungis útgefin á íslenzku máli, sem enginn skilur nema Íslendingar sjálfir.

Jeg tek það að öðru leyti enn fram, að með þessu frumv. er að eins fengin rjettur fyrir landið, að stofna háskóla, en alls eigi með því í reyndinni stofnaður neinn háskóli, og þar með eru fallnar niður allar mótbárur h. hæstv. landshöfðingja viðvíkjandi háskólabyggingu, launanum til kennara lögfræðisdeildarinnar o. s. frv. Þetta allt er eptir á mál, sem kemur þjóð og þingi meira við en stjórninni. Þannig eru engar skynsamlegar ástæður komnar enn fram frá hálfu hæstv. landshöfð-

ingja móti þessu frumv., og því treysti jeg því einnig, að tillögur hæstv. landshöfðingja um það til stjórnarinnar verði eigi því til fyrirstöðu, að frumv. nái staðfestingu hans hátignar konungsins, svo framarlega sem það verður endilega samþykkt af þinginu.

Landshöfðingi: Það var að eins stutt athugasemd sem jeg ætlaði að gjöra viðvíkjandi ræðu háttv. flutningsm. (B. Sv.). Hann var í allri sinni ræðu að tala um lagaskóla, en ef það er meiningin að semja lagafrumv. um lagakennslu, því er þá verið að blanda því saman við háskóla.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Viðvíkjandi þessum orðum hæstv. landsh. vil jeg taka það fram, að þegar alþingi 1883 samþykkti lagafrumv. um stofnun landsskóla, sem átti að þýða það sama sem háskóli nú, þá tók sjálfur ráðgjafinn, sjálfur Nellemann, það sterklega fram, — eins og mun sjást í Stjórnartíðindunum, mig minnir 1884, þótt jeg hafi þau eigi við höndina í þessu augnabliki, — að það verulegasta móti þeirri stofnun eður staðfesting þeirra laga væri einmitt það, að þar væri farið fram á, að koma á fót lögfræðiskennslu á Íslandi, enda bið jeg hæstv. landsh. og þm. að gæta þess, að ráðgjafinn einmitt í þessu brjefi vísar um leið til þeirra sömu mótmæla móti lagakennslunni við landsskólann (nú háskólann), sem stjórnin áður svo margsinnis hafi borið fram gegn stofnun lagaskólans. Nú kemur því landsh. með allt aðra mótbáru og allt annað atriði gegn þessu máli en ráðgjafinn gjörði þá, og þessvegna er mjer ómögulegt að leggja neina sjerlega áherzlu á þessa bendingu frá honum. Geti hæstv. landsh. eigi bent mjer á annan veg, álít jeg sem sagt árangurslaust að fara fremur fram á að stofna sjerstakan lagaskóla, af því það hefir verið reynt, svo margsinnis reynt, en æfinlega til ónýtis.

Sigurður Stefánsson: Jeg vil einungis leyfa mjer að koma með stutta fyrirspurn til hæstv. landsh. út úr ummælum hans, nefnilega um það, hvort vjer getum vænt eptir meðmælum hans, ef frumv. kæmi fram um það eitt, að stofna hjer lagaskóla, og hvort það mundi eiga betri byr að fagna hjá stjórninni. Fyrir mjer er lagakennslan aðalatriðið í frumv. þessu um háskóla, og ef það frumv. yrði fellt í Ed., gæti verið, að þessi deild kæmi fram með nýtt frv. um stofnun lagaskóla, ef hún mætti vænta að það hefði nokkurn árangur.

Annars eru mótmæli hæstv. landsh. móti frumv. þessu mjer óskiljanleg. Hann talaði um, að með því yrði engin breyting á prestaskólanum og læknaskólanum, en þá hefir það heldur ekki kostnað í för með sjer að því er þá snertir, og mjer þykir undarlegt, ef stjórnin er svo hrædd við nafnið háskóli, að hún af þeirri ástæðu einni saman ekki getur samþykkt frumvarp þetta.

Landshöfðingi: H. þm. Ísf. (S. St.) veit vel, að jeg hef ekkert umboð til að segja um það fyrirfram, hvort stjórnin muni samþykkja eitt eða annað frumv., því að hún verður þó fyrst að sjá þau, en að því leyti sem það lá í spurningu hans, hvort jeg mundi vera meðmæltur frv. um lagaskóla, þá vil jeg taka það fram, að jeg hef aldrei verið eindregið á móti íslenzkri lagakennslu; en þau frumv., sem jeg hef sjeð í þá átt, hafa aldrei verið frambærileg, en ef frumv. kæmi um þetta, sem væri frambærilegt að formi og efni, þá mundi jeg ekki mæla móti því, en þar með er ekki sagt, að stjórnin mundi vilja samþykkja það.

Sigurður Stefánsson: Viðvíkjandi þeim

orðum hæstv. landsh., að frumv. yrði að vera í frambærilegu standi, til þess að hann gæti fallizt á það, vil jeg taka það fram, að einmitt hann sjálfur getur ráðið miklu um form frv., ef hann vill vinna saman við deildina, en ekki með því að hefja mótmæli á síðasta stigi málsins. Þetta væri einnig heppilegri aðferð fyrir fulltrúa stjórnarinnar, heldur en að hefja hin römmustu mótmæli, þegar það er orðið of seint, og þingdeildin getur ekki breytt frumv. í neinu.

Ef hæstv. landsh. hefði bent á við 1. umr. þessa máls, hvað hann vildi helzt að breyttist í frumv., t. d. að taka burt orðið háskóli, þá efast jeg ekki um að h. deild hefði tekið tillit til þess. Nú verður svo að vera; frumv. fer til Ed. með hæstv. landsh. sem tilvonandi líkfylgd.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Ef um það er að ræða að kippa frv. þessu í heppilegra form, þá er hæguriun á því, svo framarlega sem menn geta gert það með vissri von um að það verði ekki árangurslaust. Nú fer frumv. þetta til Ed. og hæstv. landsh. fær þar tækifæri til þeirrar samvinnu með lögvitringunum í efri deild, sem hann óskar, og er honum líklega innan handar að koma því til leiðar, að samþykkt verði frv. um stofnun lagaskóla, ef það smakkar betur. Jeg fyrir mitt leyti skyldi vera seinasti maður til að fella það frumv., það er að segja, ef jeg hefði vissu um meiri árangur af því frumvarpi en þessu óbreyttu; annars ekki.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 20 atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 187); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 14 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um lögaldur (C. 344); 3. umr.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Jeg hef ásamt nokkrum öðrum leyft mjer að koma fram með breyt.till. í þá átt, sem gjört var ráð fyrir við 2. umr.; vona jeg að h. deild samþykki breyt.till og síðan frumv., enda treysti jeg því, að h. þm. þyki breyt.till. til verulegra bóta.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (324) við 1. gr. samþ. með 19 atkv.

2. viðaukatillagan við 1. gr. samþ. með 18 atkv., 2. gr. þannig fallin.

Frumv. með breytingunni samþ. með 18 atkvæðum og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um afnám embætta (C. 362); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 339, 344); 3. umr.

Framsögum. (Þorlákur Guðmundsson): Jeg get ekki búizt við, að miklar umræður verði um frumv. þetta, því að það gekk mótmælalítið gegnum 2. umr. Jeg skal einungis geta þess, að nefndin hefir leyft sjer að koma með eina breyt.till., um, að 28. töluliður falli burt, og er það af þeirri ástæðu, að jörð sú mun vera kirkjujörð.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. (322) samþ. með 16 atkv.; frv. þannig breytt samþ. með 18 atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík (C. 302); 2. umr.

Futningsmaður (Jónas Jónasson): H. deild tók vel undir þetta mál við 1. umr. og finn jeg því ekki ástæðu til að

fara um það mörgum orðum að svo komnu.

Ólafur Ólafsson: Jeg tek til máls, ekki af að því jeg sje frumv. þessu mótfallinn í sjálfu sjer, heldur af hinu, að jeg vildi spyrja h. þm. Rvík (J. Jónass.), hvort honum mundi ekki þykja heppilegra að farið væri lengra í frv. þessu. Jeg sje ekki ástæðu til að takmarka svo svæði það hjer í bænum, sem reisa má verzlunarhús á; jeg sje t. d. ekki hvers vegna menn mega ekki eins vel verzla vestur á Seli eins og uppi í Skuggahverfi. Það getur verið, að eitthvað, sem jeg ekki þekki, mæli móti þessu, en mjer væri þökk á að mjer væri bent á það.

Eiríkur Briem: Mjer sýnist ekki ástæða til að færa svæðið svo langt út, að ekki verði notuð hin sama höfn, t. d. suður að Skerjafirði eða vestur fyrir Grandann. En á hinn bóginn finnst mjer svæði það sem frumv. tiltekur allt of takmarkað, og jeg veit ekki betur en nú sje rekin verzlun í húsi í Suðurgötu, sem mundi verða fyrir utan takmarkalínu frumv. Hef jeg því hugsað mjer að koma fram með breyt.till. við 3. umr.

Ólafur Ólafsson: Jeg kæri mig heldur ekki um, að farið sje út fyrir höfnina, en sje þó á hinn bóginn enga ástæðu til að meina mönnum að reka smáverzlun, t. d. vestur í Bráðræði eða suður á Grímsstöðum; jeg sje enga ástæðu til að löghelga þessa atvinnu á vissu svæði í bænum. Það á að vera undir mönnum sjálfum komið, hvort þeir vilja búa undir meiri örðugleikum með að ná vörunum að sjer. Jeg vil enn spyrja h. flutningsm. (J. Jónassen), hvort hann muni ekki vilja koma fram með breyt.till. við 3. umr.

Flutningsm. (Jónas Jónassen): Út úr ummælum h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) vil jeg taka það fram, að mjer er kunnugt, að bæjarstjórninni er ekki um að hafa svæðið mjög vítt, einkum þar sem ekki er hægt að hafa eptirlit með uppskipun o. s. frv. Jeg hef í frumv. farið eptir því svæði, sem liggur að höfninni, en hef þó ekkert sjerlegt á móti að færa takmörkin út. Það er rjett sem h. þm. Húnv. (E. Br.) sagði, að takmarkalínan liggur lítið eitt of norðarlega, og mun jeg við 3. umr. bera mig saman við þá, sem hafa eitthvað að athuga við frumv., og vona jeg að það standi ekki í vegi fyrir, að h. deild samþykki þetta, sem er eðilegt og rjettlátt í alla staði.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 337, 362); ein umr.

Framsögum. (Eiríkur Briem): Frv. hefir hjá h. efri deild einungis tekið þeirri breytingu, að tímakennslan við latínuskólann var sett inn aptur. Þingdm. er þessi grein svo kunnug, að ekki er þörf á að fara um hana neinum orðum. Nefndin óskar að eins, að frumv. verði að þessu leyti samþykkt óbreytt, enda hefir það verið samþykkt í efri deild með öllum atkvæðum.

Ennfremur hefir nefndin stungið upp á, að styrkveitingin til manns til að búa sig undir að verða dýralæknir byrji þegar á þessu ári.

Út af fyrir sig eru þetta engin fjárútlát fyrir landssjóð, því að meiningin er, að menn þessir hafi styrk, meðan þeir eru á dýralækningaskólanum, en því fyrri sem þeir byrja, því fyrr verða þeir búnir að að ljúka sjer af. Þetta stendur í samræmi við það, sem samþykkt hefir verið í fjárlögunum, og óskar nefndin að þetta verði einnig samþykkt.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (330) samþykkt. með 17 atkv.; frumv. í heild sinni samþ. með 13 : 4 atkv.

Frumv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti og Laxá í Þingeyjarsýslu (C. 205); 2. umr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg þykist mega treysta því, að jeg hafi skýrt svo frumv. á þingskj. 151 við 1. umr., að jeg þurfi nú ekki að útlista frekar einstakar greinar þess. Jeg tek það einungis fram, að 1. gr. frumv. er einmitt svo löguð, að hún veitir fulla trygging fyrir því, að brýrnar verða ekki afhentar landssjóð, nema í fullgildu standi. Ennfremur sýnir 2. gr., að hin árlega skýrsla um viðhaldskostnaðinn, sem á að leggja á hlutaðeigandi sýslusjóði, er meira en nafnið tómt, enda álít jeg það alveg nauðsynlegt, að ekki sje hægt að fara í kringum þau ákvæði landssjóði til byrðarauka.

Viðvíkjandi breyt.till. á þingskj. 352 hef jeg það að athuga, að það skyldi gleðja mig, ef h. deild áliti sjer fært, að fylgja einnig hinni sömu reglu með brúna á Ölvesá; því að það er sannfæring mín, að það sje rjett regla, að landssjóður kosti byggingu brúa í landinu, en að honum eigi að vera óviðkomandi allur árlegur viðhaldskostnaður þeirra; þá losast líka þingið við að leysa úr þeirri óþægilegu spurningu, hvort leggja skuli á brúartoll eða ekki, því að jeg álít mjög mikið vandhæfi á að setja algilda reglu um það. Sumstaðar getur verið alveg ógjörlegt að leggja á brúartoll, og á öðrum stöðum getur það verið haganlegt og heppilegt. Því er það sannfæring mín, að það sje heppilegast, að það sje undir hjeraðsbúum sjálfum komið, að skera úr því í hverju einstöku tilfelli, hvort betur eigi við að leggja á eiginlegan brúartoll, eða þá láta það ógjört. Landssjóður má láta sjer nægja, ef hann fær fulla trygging fyrir því, að hjeruðin haldi brúnum við vel og vandlega, og varðveiti þær sem bezt fyrir öllum skemmdum af náttúrunnar og manna völdum. Jeg mæli því ekki móti breyt.till., en tek það þó jafnframt fram, að mjer þætti það illa farið, ef h. deild skyldi vaxa í augum að samþykkja frumv., af því að hún kom fram. Og þó að það þyki ógjörlegt, að lögfesta þetta »princip«, að því er snertir brúna á Ölfesá — frá mínu sjónarmiði er það ekki ógjörlegt —, af því að þar sje um svo mikið fje að ræða, þá getur það verið rjettlátt með brýrnar á Skjálfandafljóti og Laxá, því að þar hafa hjeraðsmenn lagt svo mikið í sölurnar og sýnt svo lofsverðan dugnað, að það væri hart, ef þingið vildi ekki sýna því viðurkenningu sína með því að samþykkja frumv. Jeg vona, að enginn sem sagt taki það svo, að jeg sje með þessu að mæla á móti breyt.till. í sjálfu sjer.

Jón Þórarinsson: Jeg hef haft stuttan tíma til að kynna mjer breyt.till. þær, sem fram eru komnar við þetta mál, en jeg vil samt leyfa mjer að gjöra við þær stutta athugasemd, þó ekki til þess að hafa á móti þeim. Það hefir vakað fyrir flutningsm. frv. og breyt.till., að það sje í sjálfu sjer rjett, að landssjóður borgi brýrnar; en að hinsvegar sje óeðlilegt, að hann sje eigandi þeirra um aldur og æfi á þann hátt, að hafa engan arð af þeim, en vera þó skyldur að halda þeim við. Jeg verð líka að vera á þeirri skoðun, að landssjóður eigi að leggja fje til brúargjörða á aðalpóstleiðum, en að hlutaðeigandi sýslufjelög annist viðhald þeirra. Hefði mjer þess vegna dottið í hug, að þessar breyt.till. kæmu fram, þá hefði jeg einnig komið með breyt.till. í þá átt, að brýrnar á Elliðaánum kæmust inn

frumv. Jeg vildi þess vegna mega sameina mig við menn um, að koma þessari breytingu að til 3. umr. og greiði því atkvæði með málinu í þeirri von, að þær brýr, sem jeg nefndi, fái einnig að komast undir sömu lög.

Ólafur Ólafsson: H. varaforseti (B. Sv.) hjelt langa og snjalla ræðu um þetta mál við 1. umr., og er jeg honum þakklátur fyrir hans góðu og skynsamlegu bendingar um málið. Hann tók það meðal annars fram, að það væri ekki rjett, að hjeraðsbúar skyldu þurfa að gjalda þess, og sæta afarkostum vegna þess, að þær torfærur væru í hjeruðunum, sem þeir gætu eigi sigrað. Þessa skoðun hans undirskrifa jeg, og margir með mjer, skilyrðislaust. Verði því þetta frumv. samþykkt, sem allt útlit er fyrir, þá slær h. neðri deild fastri þeirri stefnu, að allar þær brýr, sem eins stendur á og þeim, sem ræðir um í frumv., skuli kostaðar af landsfje. Eptir vegalögunum, sem alþingi hefir samþykkt, verð jeg að álíta, að það sje bein skylda landssjóðs, að kosta brúna á Ölvesá. Jeg hefi þess vegna leyft mjer að koma með þessa breyt.-till. um Ölvesárbrúna, og jeg álít, að h. þingd. geti með því eina móti orðið sjálfri sjer samþykk, að hún samþykki breyt.till. mínar, um leið og hún samþykkir frumv. Jeg get fullvissað h. flutningsm. um, að það er engan veginn meining mín með breyt.till. minni, að spilla fyrir hans máli, en jeg verð að álíta, að sunnlendingar og aðrir landsmenn eigi að hafa sama rjett, til að fá brýr kostaðar af landsfje, eins og Norðlendingar.

Sigurður Stefánsson: Jeg get ekki verið á sömu skoðun, eins og h. flutningsm. (B. Sv. og Ól. Ól.) frumv. og breyt.till., að því er þetta mál snertir. Jeg álít það að vísu sjálfsagt, að landssjóður leggi fram fje til brúargjörða, en jeg álít líka, að það sje sjálfsögð skylda hjeraðanna, að taka tiltölulegan þátt í kostnaðinum. Ef nú slegið er fastri þeirri stefnu, sem farið er fram á í frumv. og breyt.till., þá er þar með sagt, að landssjóður eigi hjer eptir einn að kosta allar brýr á aðalpóstleiðum, en það held jeg að verði ekki til þess að flýta fyrir því, að brýr komist á, því alþingi mun því að eins ljúft að leggja fje til brúargjörða, að hjeruðin beri nokkuð af kostnaðinum. Hjer er þá um stórt mál að ræða, sem vandlega þarf að yfirvega, þar sem farið er fram á, að landssjóður gefi eptir milli 40—50 þúsund krónur, og vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþykkt með 11 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkv.-gr., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Árni Jónsson,
Sigurður Jensson,	Bened. Sveinsson,
Eiríkur Briem,	Jón Jónsson, N.-Þ.
Gunn. Halldórss.,	Jón Þórarinsson,
Indriði Einarsson,	Ólafur Briem,
Jens Pálsson,	Ólafur Ólafsson,
Jónas Jónassen,	Olafur Pálsson,
Páll Briem,	Skúli Thoroddsen,
Sig. Gunnarsson,	Sveinn Eiríksson.
Sig. Stefánsson,	
Þorl. Guðmundsson.	

Í nefndina voru kosnir:
Bened. Sveinsson með 15 atkv.
Eiríkur Briem — 14 —
Sig. Stefánsson — 11 —

Var 2. umr. síðan frestað.

Frv. til laga um fjelag til brunabótatryggingar á íslenzkum kaupstöðum, verzlunarstöðum o. fl. (C. 208, 318); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Nefndin, sem kosin var til að íhuga

þetta mál, hefir tekið fram í áliti sínu hversu æskilegt henni virðist að innlent brunabótafjelag kæmist á fót. Þar sem h. þingdm. hafa fyrir sjer frv. og breyt.-till. nefndarinnar, en þetta er framhald 1. umr., þá sje jeg ekki ástæðu fyrir mig að hafa fleiri orð um það, en ímynda mjer að h. þingd.m. vilji hugleiða málið, og óska því að eins, að málið gangi til 2. umr.

Jónas Jónassen: Þar sem um eins mikilvægt mál og þetta er að ræða, þá virðist mjer það undarlegt að þetta mál skuli hafa komið fram, án þess neinn undirbúningur væri hafður, og án þess að hlutaðeigendur hafi verið spurðir um, hvort þeir vilji hafa nokkuð með það að gera. Mjer er ekki kunnugt um, að bæjarstjórnirnar í Reykjavík, Akureyri og Ísafirði hafi haft nokkurt tækifæri til að segja álit sitt um málið. Jeg veit hreint ekki, hvort Reykjavík t. d. vill ganga að þessu, og jeg sje ekki að það sje rjett að þröngva á bæinn lögum, sem menn, ef til vill, vilja ekki hafa. Mjer hefði þótt það eðlilegri gangur málsins, að fyrir þinginu hefði legið beiðni frá bæjarstjórnunum um að fá þetta.

Sem bæjarfulltrúa er mjer kunnugt um, að bæjarstjórnin hjer vill breyta ákvæðunum um brunabótaábyrgð í bænum, en jeg held að bæjarstjórnin kannske afþakki að ganga inn á þetta, og svo getur, ef til vill, verið með bæjarstjórnir á Akureyri og Ísafirði. Mjer þykir þetta mál svo þýðingarmikið, að jeg held að það sje langtum hyggilegra að láta það hvíla sig til næsta þings, svo menn geti hugsað það betur.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Það getur verið mikið satt, að áður en málinu er að fullu ráðið til lykta, væri gott að fá að heyra undirtektir og álit bæjarstjórnarinnar hjer, enda ætti það að vera hægðarleikur á þeim tíma sem málið er fyrir hjer á þingi, að fá yfirlýsingu hennar í málinu. En hvað snertir hina kaupstaðina, Akureyri og Ísafjörð, þá eru hjer menn á þinginu, sem geta farið nærri um, hvað vilji manna þar er.

Skúli Thoroddsen: Af því að h. þm. Reykv. (J. J.) dró nokkurn efa á það, hvort kaupstaðarbúar á Ísafirði og Akureyri væru þessu máli hlynntir, þá finn jeg mjer skylt að gefa upplýsingar í því efni, hvað Ísafjarðarkaupstað snertir.

Á bæjarstjórnarfundi á Ísafirði í vetur var talað um, hvernig mögulegt mundi að koma upp innlendu brunabótafjelagi, og áhugi ýmsra málsmetandi manna á Ísafirði var svo mikill, að sumir vildu enda láta bæinn sjálfan ráðast í að koma á fót innbyrðis brunabótaábyrgð, eða finna upp önnur ráð, til þess að hindra, að brunabótafjeð gengi út úr landinu; en það sem í þessu efni er ofætlun fyrir einn kaupstað, það er auðgert með því, að fleiri taki höndum saman, eins og sýnt er í frv. þessu.

Að öðru leyti get jeg ekki lagt mikla áherzlu á það, þó að ekki liggi fyrir yfirlýsing frá bæjarstjórnunum í Reykjavík, Akureyri og Ísafirði. Skilmálarnir, sem ætlazt er til að settir verði fyrir ábyrgðinni, eru svo aðgengilegir, sjerstaklega hvað Akureyri og Ísafjörð snertir, að kaupstaðarbúar á þessum stöðum myndu fegins hendi taka þeim kjörum, sem hið innlenda brunabótafjelag byði, og hvað Reykjavík snertir, þá er svo til ætlazt, að hún þurfi einskis í að missa; skil jeg því ekki, hvað Reykvíkingum gæti gengið til, að vilja ekki eins vel láta brunabótagjöld sín renna í fulltryggan innlendan sjóð, eins

og að borga þau til útlanda, nema ef einstaka maður kynni að vera svo fastheldinn við Dani og allt, sem danskt er, að hann áliti skaða að mega ekki halda áfram að vátryggja hús sitt í brunabótafjelag hinna dönsku kaupstaða, og veita þannig þeim fjárstraum út úr landinu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er hissa á því og get ekki skilið, hvernig h. þm. Reykv. (J. J.) getur sagt, að hann vildi láta þetta mál hvíla sig.

Jeg hefði gert ráð fyrir því, að bæjarstjórn Reykjavíkur gæti nokkur veginn verið búin að átta sig á þessu máli, þar sem svo langt er síðan að það kom inn á þing. Hún var fljótari en svo á dögunum að skjóta á fundi og segja álit sitt, þegar um lögsagnarumdæmið var að ræða, að auka það. Þegar hún er hjer við höndina og hreyfir engum mótmælum allan þennan tíma, þá get jeg ekki skilið, að hún sje því ósamþykk. Mjer finnst hún með þögninni hafi samþykkt það. Mjer hefir lengi gramizt—og er jeg þó ekki í Reykjavík — að sjá svo mikið fje goldið til útlendra brunabótafjelaga. Jeg get ekki annað sjeð, en það ætti að vera hagur, að það mikla fje, sem kastað hefir verið út úr landinu, lenti í höndum innlends fjelags, og kæmi þannig til nota í landinu sjálfu, og sjerstaklega ætti þetta mál að vera áhugamál þm. Reykv.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Frv. til laga um breyting á 44. og 45. gr. stjórnarskrárinnar og 18. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis (C. 227); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Ólafsson): Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, þar sem það hefir mætt svo góðum undirtektum hjá h. deild við 1. umr. þessa máls, en vonast að eins eptir, að hún leyfi því að ganga til 3. umræðu.

Skúli Thoroddsen: Eins og h. framsögum. tók fram, hefir þetta mál fengið hinar beztu undirtektir hjá h. þingdeild.

Eins og flestum h. þingdm. er kunnugt, var sams konar frv. sem þetta afgreitt af þinginu 1887, en stjórnin synjaði því jafnharðan staðfestingar. Í synjunarástæðum stjórnarinnar, sem lesa má í Stj.tíð., sjest það, að stjórnin hefir farið eptir bendingum frá hæstv. landsh. Hæstv. landsh. hefir frætt stjórnina á því, að ástæðan til frv. væri ekki sú, að menn væru óánægðir með skiptinguna á tölu þingmanna í hvorri deild um sig yfir höfuð að tala, heldur hin, að menn hafi viljað tryggja þjóðkjörnum þingmönnum í efri deild hærri hlut gagnvart hinum konungkjörnu þingmönnum, er brugðið sje um að myndi sjerstakan flokk, er hafi það fyrir mark og mið, að kæfa allar tilraunir til að halda fram pólitiskum rjettindum landsins; og þennan misskilning, sem hæstv. landh. segir, að forvígismenn stjórnarskrárendurskoðunarinnar útbreiði meðal almennings, kveðst hann vona, að stjórnin eigi telji ástæðu til að staðfesta.

Og sem vita mátti, kveðst stjórnin vera landsh. samdóma um þetta.

Þannig strandaði þá í þetta skipti tilraun þingsins til að gera hið núverandi stjórnarfyrirkomulag ögn viðunanlegra. og verður hæstv. lands. einn að bera alla siðferðislega ábyrgð af því; um lagaábyrgð hans vitum vjer, að ekki er til neins að tala, hvorki í þessu máli nje öðru.

En má jeg nú spyrja hæstv. landsh. og h. þingdm., hverjir það eru, sem út-

breiða það, að hinir konungkjörnu þingmenn myndi sjerstakan flokk, þjóðinni andvígan? Hverjir aðrir en hinir konungkjörnu þingmenn sjálfir; framkoma þeirra á þingi fyr og síðar er sönnun fyrir því. Og svo hefir hin danska stjórn og máske eigi síður sjálfur hæstv. landsh. einnig gert sitt til að útbreiða þá skoðun, með því að þeim fáu, sem villzt hafa úr flokknum, hefir verið kastað á dyr; þeir hafa eigi verið útnefndir aptur.

Mjer dettur í hug, þegar í lít til þessa máls,— eins og margra annara fleiri,— að renna huganum rúma öld aptur í tímann; mjer dettur í hug raunasaga Pólverja, og tildrögin til hennar, baráttа þeirra á ríkisdeginum; mjer dettur í hug þeirra alræmda »liberum veto«, þar sem eins manns ágreiningsatkvæði gat hindrað framgang hvers nauðsynjamáls, þar sem framfara- og frelsisviðleitni þjóðarinnar átti í römmustu baráttu við og vanhyggju aðalsvaldsins, sem skar niður, ef svo mætti að orði kveða, hverja hreyfingu, sem gekk í þá stefnu, að bæta hag landslýðsins; mjer flýgur þetta í hug, af því að jeg fæ ekki betur sjeð, en að vjer sitjum hjer á nokkur konar pólskum ríkisdegi, þar sem efri deild þingsins er svo skipuð, að hún getur hindrað, og þráfaldlega hefir hindrað, ýms helztu áhugamál þjóðarinnar frá að komast gegn um þingið, og verða borin undir samþykki stjórnar hans hátignar konungsins. Látum vera, að það sje gott, að hafa tvískipt þing, til þess að efri deildin geti temprað strauminn, ef hann brýzt áfram með of miklum hraða; látum svo heita, að hún sje nauðsynleg til að lægja báruna, þegar hún rís of hátt. Þetta kann satt að vera. En þegar efri deildin í stað þess að hafa að eins temprandi og lægjandi áhrif, verður sannköllud stífla á framsóknarbraut þjóðarinnar, þá erum vjer eigi langt frá hinni pólsku fyrirmynd, er jeg gat um áðan.

Það er að vísu eigi úti þetta yfirstandandi þing, en allar horfur virðast mjer vera á því, að það verði ekki lakasta sönnunin fyrir því, hve hörmuleg skipun þingsins er eptir voru núgildandi stjórnarfyrirkomulagi.

Að stjórnin ráði helming atkvæða í efri deid, það er og því síður nauðsynlegt, sem stjórnin hefir ótakmarkað synjunarvald, að því er öll lög frá alþingi snertir, vald, sem hún einnig hefir sýnt, að hún ekki veigrar sjer við að nota.

Konungkjörna flokknum sjálfum ætti og sannarlega að vera það kærast, að önnur skipun kæmist á efri deild, því að, eins og nú er, verður ekki hjá því komizt, að til þeirra vakni töluverður kali hjá þjóðinni, þar sem þjóðin hvað eptir annað rekur sig á það, að þeir sitja á þingi, ekki til að hrinda fram áhugamálum hennar, heldur sem erindsrekar útlends valds, er gengur í bága við óskir og þarfir landsmanna. En af þessum kala leiðir það aptur, að kunnátta og hæfileikar hinna konungkjörnu verða síður að notum, og þeir hafa minni áhrif á meðferð málanna en þeir mundu hafa í öðruvísi skipuðu þingi; einmitt hinum konungkjörnu þingmönnum ætti því að vera áhugamál að kippa þessu í lag.

Jeg skal svo ekki í þetta skipti vera fjölorðari um þetta mál, en óska þess að eins, og jeg er sannfærður um, að sú ósk mín uppfyllist, að þessu máli verði hreyft á hverju einu einasta þingi hjeðan í frá, meðan efri deild er skipuð jafnóhagkvæmlega sem nú er, og engin breyting fæst á stjórnarskipun landsins.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 15 atkv.
2. gr. samþ. með 12 atkv.
3. gr. — — 15 —
Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frv. til laga um lækkun á fjárbeiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi (C. 200, 290); 2. umr.

Framsögumaður (Páll Ólafsson): Jeg þykist ekki þurfa að eyða mörgum orðum um frv. þetta; ástæðurnar eru teknar fram í nefndarálitinu, og við 1. umr. mættu þær ekki miklum mótmælum. Jeg skal taka það fram, að svo lengi sem hinar sömu kvaðir hvíla á brauðinu, sem nú hvíla á því, þá er jeg sannfærður um, að þangað fæst enginn prestur.

Eins og h. deild er orðið kunnugt, eru hjer alveg sjerstaklegar kringumstæður fyrir hendi, og vona jeg því, að h. þingd. leyfi frv. þessu að ganga til 3. umr., eins og það hjer liggur fyrir.

ATKVÆÐAGR.: Báðar gr. frv. samþ. með 14 atkv. hvor.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um sameining búnaðarskóla (C. 334, 344); ein umr.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Jeg hefi leyft mjer, bæði eptir ósk kjósenda minna og jafnframt eptir umr. manna, að koma fram með tillögu þá, sem hjer liggur fyrir, með þeirri von, að þingið taki vel undir þetta mál. Mjer heyrðist koma fram hjá æðimörgum í umr. við fjárlögin, að þeir væru alls eigi ánægðir með þetta fyrirkomulag á búnaðarskólunum, sem nú er, og það væru hálfgjörð vandræði, að þurfa að leggja þeim svona mörgum fje úr landssjóði, ekki sízt Hvanneyrarskólanum, eptir þeirri skýrslu, sem frá honum kom. Jeg hef því hugsað vandlega, hvernig ráða mætti bót á þessu, þar sem eins og nú er ástatt eigi mátti færa þann styrk niður, sem ætlaður væri til búnaðarskóla, — og hefi komizt á þá niðurstöðu, að hið heppilegasta ráð til þess, að reyna að hrinda þessu máli dálítið áleiðis, væri, eins eg tekið er fram í tillögunni, að sameina búnaðarskólana í Vestur- og Suðuramtinu, eða búnaðarskólann í Ólafsdal við búnaðarskólann á Hvanneyri. Jeg hefi einkum vakið máls á þessu til þess, að hreyfa því á þinginu, hvort ekki mætti finna eitthvert fyrirkomulag á búnaðarskólunum, er yrði bæði kostnaðarminna og heppilegra en það sem nú er; reyndar eru mörg tormerki á því að færa skólana saman, sem erfitt mundi vera að sigra, en jeg treysti því, að landsstjórnin mundi gjöra það bezta hún gæti, til þess að kippa því í lag, og að sjá þessu fyrirtæki farborða. Jeg veit það vel, að annar þessi skóli er einstaks manns eign, en hinn opinber stofnun, en jeg ber hið bezta traust til hlutaðeigandi amtsráðs, að það mundi gjöra það bezta sem hægt er til þess að sameina skólanna, sameina kraptana, sameina Suður- og Vesturamtið um einn búnaðarskóla, sem varla er að efa, að mundi þrífast og eflast betur en þessir 2 skólar, sinn í hvoru lagi. — En þótt að h. deild kunni eins og jeg að sjá einhverja agnúa á því, að þessu fyrirkomulagi verði komið á, þá vænti jeg svo góðs af henni, að hún sleppi þessari tillögu upp í efri deild, þar sem amtmanninum í Suður- og Vesturamtinu gæfist kostur á, að láta álit sitt í ljósi í þessu máli. — Að endingu vil jeg geta þess, að jeg og h. þm. Húnv. (E. Br.), höfum komið með breyt.till. við þessa þingsályktun mína. Breyt.till. miðar að því, að láta það óákveðið, hvar hinn sameiginlegi búnaðarskóli verði settur. Þetta gjörir

þingsályktunartill. aðgengilegri, þar sem það er ekki einskorðað, að hafa þennan sameinaða skóla á Hvanneyri, heldur en hvar sem vera vildi annarstaðar í Suður- eða Vesturamtinu.

Eiríkur Briem: H. þm. Mýr. (Á. J.) tók það fram síðast í ræðu sinni, sem jeg vildi hafa sagt. Jeg vil að eins benda h. þm. á þá breyt.till., sem við höfum komið fram með, við þá þingsályktunartill., er hjer liggur fyrir. Jeg fyrir mitt leyti er ekki kunnugur Hvanneyri, en jeg hefi reyndar heyrt af henni látið sem mjög mikilli og góðri jörð, en hvort hún hefir þau skilyrði, sem góð búnaðarskólajörð þarf að hafa, læt jeg ósagt, — enda gæti margt fleira komið til athugunar, sem gæti gjört það miður heppilegt, að ákveða nú þegar sjerstaka jörð, þar sem hinn sameinaði búnaðarskóli fyrir Suður- og Vesturamtið ætti að standa; það virðist rjettast, að hlutaðeigendum sje frjálst að koma sjer niður á því, er þeir álíta heppilegt í því efni.

Jón Þórarinsson: Jeg finn mjer skylt að láta ánægju mína í ljósi yfir því, að menn hafa hreyft þessu máli á þessu þingi; en jeg verð að lýsa því yfir, að mjer finnst farið of stutt, og að jeg get ekki greitt atkvæði með því, eins og það nú liggur fyrir, — því þrátt fyrir þessa tillögu höfum við þó enn þá að sjá fyrir 3 búnaðarskólum á landinu. Mjer getur ekki betur fundizt, en að þessi þingsályktun sje sá fyrsti undanfari stærri tíðinda, sem samkvæmt þörfum og framfarastefnu tímans væru óyggjandi sá bezti vegur til þess, að efla víðtækari þekkingu, og setti jafnt vísindalegri sem praktiskari blæ á búfræðina, en hingað til hefir átt sjer stað — og það er, að 1 búnaðarskóli væri fyrir land allt. (*Margir*: Heyr!).

Jeg þarf ekki að taka það fram, þar sem þegar er farið að hreyfa sjer hjer í deild og víðar, að það sje miklum mun kostnaðarminna, að draga saman þessa skóla í eina stærri heild, þar sem það er og líka margsinnis sýnt og sannað, að smáskólar, sem þó þeir sjeu næstum á annari hverri þúfu, veiti nemendum sáralitla fræðslu, og að sú uppfræðing, sem menn njóta á þann hátt, sje helzt til lítil, í samanburði við þá peninga, og þann tíma, sem nemendur eyða á skólanum. Í stað þess, sjeu skólarnir stórir, þá sameinast þar margfalt betri kennslukraptar, sem aptur veita betri »theoretiska« og »praktiska« þekking lærisveinunum. — Ef jeg ætti að taka til einhvern stað, þar sem slíkur búnaðarskóli ætti að vera, þá verður fyrst fyrir mjer suðurland, með því líka jeg er þar kunnugastur af öllum fjórðungum landsins, og í þeim fjórðungi álít jeg tvo staði hentugasta, Elliðavatn og Bessastaði, því á báðum þeim stöðum álít jeg, að jörðin hafi bæði að víðáttu og gæðum, og með tilliti til allra aðdrátta til skólans, þá hæfilegleika, sem nauðsynlegir eru fyrir skólastofnun.

Mönnum kann að vaxa mjög í augum sá kostnaður, sem nauðsynlega þyrfti að leggjast á, þegar um langar ferðir pilta er að ræða, en það ætti þó ekki að verða tilfinnanlegra en ferðakostnaður pilta til gagnfræðaskólanna og námsmeyja til kvennaskólanna; reynslan hefir sýntr að menn þurfa ekki mikið til að vinna til þess, að leggja út í að takast talsvert langa ferð á hendur.

Sigurður Stefánsson: Jeg er að vissu leyti þakklátur h. þm. Mýr. (Á. J.) fyrir þá uppástungu, sem hann hefir komið með í þingsályktunartillögu sinni, og jeg er fyllilega sannfærður um, að þessir smærri búnaðarskólar vinna langtum minna gagn, í því ásigkomulagi sem þeir nú eru, heldur en ef þeir væru færri og stærri, og það þótt þeir hefðu enda minni landssjóðsstyrk en þessir smá

búnaðarskólar nú hafa til samans. Það kemur árlega í ljós, að þessir búnaðarskólar geta ekki þrifizt, þrátt fyrir það, þótt búið sje að kaupa jörð og hús fyrir þá og setja búfræðinga fyrir þá, og færa þeim allt upp í hendurnar; ár eptir ár, er meiri og meiri peningastyrkur úr landssjóði talinn aðalskilyrði fyrir tilveru þeirra. Jeg fyrir mitt leyti verð að játa það, að jeg hefi ekki mikla trú á þessum opinbera búskap, sem landssjóður kostar, og jeg hygg að það sje mikið því að þakka, að Ólafsdalsskólinn er »privat«-eign, að hann að flestra rómi og það með rjettu má teljast langbezti búnaðarskólinn sem vjer nú eigum, enda þótt hann hafi minna tillag úr landssjóði en sumir hinna skólanna. Það mun verða reyndin á, að þessir opinberu búnaðarskólar geta ekki staðið eða blómgvazt svo að verulegum notum verði, nema með töluverðum og enda meiri landssjóðsstyrk en þeir hafa notið hingað til, og er að ætlun minni orsökin til þess ekki minnst sú, að þar vantar miklu fremur »privat-interesse«, heldur en þar sem skólarnir eru einstaks manns eign. Verði samt ekki hjá því komizt, að hafa opinbera búnaðarskóla, þá er jeg fyllilega þeirrar skoðunar, að þeir eigi heldur að vera færri og ríflegar styrktir, heldur en margir og fátæklega úr garði gjörðir.

Jeg vil fara lengra en tillaga þessi; jeg vil, fyrst farið er að hreyfa þessu máli á annað borð, að ráðstafanir sjeu gjörðar í þá átt, að Hóla- og Eiðaskólinn væru líka sameinaðir á sama hátt, og Olafsdalsskólinn og Hvanneyrarskólinn, og að landsstjórnin útvegaði einhvern þann stað eða jörð, sem hentug þætti fyrir þá. Verði því þessi tillaga samþykkt, þá mun jeg koma með tillögu í þá átt, að Hóla- og Eiðaskólinn verði einnig sameinaðir. Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að þar sem Ólafsdalsskólinn er einstaks manns eign, þá verður hann ekki lagður niður eða fluttur fremur en eigandinn vill, nema með því að svipta hann öllum opinberum styrk, en það álít jeg eins og nú hagar til mikið álitamál, hvort rjett sje.

Jens Pálsson: Jeg verð að játa það, að jeg er samdóma h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), og að jeg, af sömu ástæðum sem hann tók fram, get jeg ekki gefið þessari tillögu atkvæði mitt; mjer getur ekki blandazt hugur um, að það mundi verða kostnaðarminnst og affarabezt, að hafa einn öflugan búnaðarskóla fyrir land allt, og hafi menn það fyrir augum, þá liggur í augum uppi, að það er að eins óþarfur kostnaðarauki fyrir landið, að fara fyrst að færa saman tvo og tvo skóla, og styrkja þá með fjárframlögum, sem náttúrlega yrði að vera í ríkara lagi, þar sem skólarnir stækkuðu, — og svo aptur, eptir að þeir væru búnir að standa fáein ár, þá að kippa þeim aptur upp, til að steypa þessum skólum saman í eitt, sem h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) hefir farið mjög sennilegum orðum um.

Þingsályktunartillagan fer fram á, að sameina búnaðarskólann í Ólafsdal við Hvanneyrarskólann og setja hinn sameinaða skóla á Hvanneyri, eða með öðrum orðum, að svipta Ólafsdalsskólann þeim styrk, sem hann nú hefir úr landssjóði. Styrkinn getur hið opinbera flutt frá Ólafsdalsskólanum, en á öðru, er þessum skóla tilheyrir, á það ekki vald, því hann er einstaks manns eign.

Jeg kann ekki við þá tillögu, að þessi búnaðarskóli sje fyrstur lagður niður; jeg ætla að hann hafi mest gagn unnið allra vorra búnaðarskóla, enda er svo almennt álitið og mun rjett vera. — Maður þarf ekki lengi að ferðast í nánd við Olafsdal til þess að sannfærast um, að miklar búnaðarframfarir hafa breiðzt þaðan út. — Það er augljóst, að nátt-

hagar, túnasljettur, framræsla og vatnsveitingar hafa sáð sjer út frá þessum skóla, ekki að eins um sveitina, sem skólinn er í, heldur um nálægar sveitir og jafnvel heilar sýslur. Eins hafa vönduð og hentug jarðyrkjuverkfæri breiðzt mjög út þaðan. Þær eru hreint ekki óverulegar, framfarirnar í búnaði á seinni árum í Vesturamtinu, og mun skólinn í Ólafsdal mjög hafa ýtt undir þær og þær að allmiklu leyti eiga rót að rekja þaðan. Það má sjá, ef jeg má svo að orði komast, svip eða ættarmót frá Ólafsdal á flestum jarðabótum seinni ára í nærsýslunum við þennan skóla. Það væri þess vegna allt annað en þakklætisvottur af þingi og þjóð, að fara nú að svipta hann fyrstan opinberum styrk, en annað skilst mjer ekki geta legið í þessari þingsályktunartillögu, því hið opinbera á að öðru leyti ekkert með Ólafsdal nje skólann þar (hús og kennsluáhöld), því hann er einstaks manns eign.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) benti á Elliðavatn sem heppilegasta stað fyrir þann eina sameinaða búnaðarskóla, og tók það fram, að jörðin væri svo góð; en jeg held einmitt, að menn ekki ættu að velja góðar jarðir, heldur þvert á móti jarðir, sem hafa mikil lönd að viðáttu, en mögur og óræktuð, en þó ræktanleg, — svo sem mýrar og móa, — því það er beinlínis ætlunarverk búnaðarskólanna, að græða og rækta út hið gróðurlausa; og því erfiðara sem það er, að undirbúa jörðina í það ástand, sem útheimtist til þess, að hún geti borið góðan ávöxt, því meiri verklega kunnáttu — sameinaða með hinu bóklega — þarf til þess, að geta gjört það svo í lagi fari, og því bersýnilegra dæmi gefur búnaðarskólinn til eptirbreytni.

Sigurður Stefánsson: Út af ræðu h. þm. Dal. (J. P.) vil jeg geta þess, að þar sem hann virtist halda því föstu, að endilega yrði að taka skólann frá Ólafsdal og flytja hann að Hvanneyri, þá álít jeg það alls eigi sjálfsagt, ef breyt.till. verður samþykkt. Það atriði er látið alveg óákveðið, og því að eins, að svo sje, get jeg gefið þingsál. atkvæði; annars mundi jeg ekki geta það. Reyndar sýnist mjer þetta mál naumast svo undir búið, að heppilegt sje að ráða því til lykta að svo stöddu. Áður en það er gjört, fyndist mjer þurfa að bera það undir álit hjeraðanna, og fá að heyra tillögur þeirra og óskir um það, hvort þau vilji hafa búnaðarskólana einn eða fleiri. Einkum má vænta þess, að hin nýju amtsráð líti ekki á málið frá hreppapólitíkurlegu sjónarmiði, heldur verði víðsýnni í því. Í raun og veru er jeg því mest hlynntur, að einn búnaðarskóli sje fyrir land allt. Jeg sje heldur ekki neitt því til fyrirstöðu, að svo sje, þótt allir þeir búnaðarskólar sjeu látnir halda sjer, sem nú eru, en vel að merkja, ekki sem búnaðarskólar, heldur sem fyrirmyndarbú, er að eins njóti styrks af hlutaðeigandi ömtum. Auðvitað mætti þá ekki gjöra jafnmiklar kröfur til þessara fyrirmyndarbúa eins og gjörðar hafa verið til búnaðarskólanna, meðan þeir nutu styrks úr landssjóði. Jeg held það væri gott að slík fyrirmyndarbú væru jafnvel víðar. Auðvitað ætti þessi eini búnaðarskóli landsins að vera mestmegnis kostaður af landssjóði, en fyrirmyndarbúin af hlutaðeigandi ömtum og sýslufjelögum, og með þeim styrk ættu þau að geta staðizt, ef bústjórarnir eru ekki hreinir og beinir búskussar og búslæpingar.

Árni Jónsson: Mjer skildist svo sem h. þm. G.-K. (J. Þ.) vildi ekki greiða atkvæði með tillögunni, af því honum þætti hún fara of stutt. Jeg játa það, að mjer hugkvæmdist ekki að fara eins langt og hann og h. þm. Dal. (J. P.)

vilja fara. En því hafa þá ekki þessir h. þingm. komið með breyt.till. eða þá með nýja tillögu í þá átt? H. þingm. G.-K. (J. Þ.) sagði, að það lægi í loptinu að fá einn búnaðarskóla fyrir allt landið, en slíkt getur lengi legið í loptinu. Það er langt síðan farið var að ræða og rita um að hafa að eins einn búnaðarskóla, og skólastjórinn á Hvanneyri ritaði vel og ýtarlega um það mál, en þó sló hann sjer eptir það á einn af þessum mörgu búnaðarskólum.

Tilgangur minn með að koma með tillöguna var sá, að koma hreyfingu á þetta mál og fá þingið til að íhuga það. Viðvíkjandi athugasemd h. þingm. Dal. (J. P.) skal jeg geta þess, að jeg býst við að breyt.till. verði samþykkt, og þá þarf þingsályktunartillagan ekki að verða h. þm. (J. P.) til ásteytingar. En þar sem h. þm. Dal. (J. P.) þóttist geta lesið það milli línanna, að meiningin væri að taka landssjóðsstyrkinn af Ólafsdalsskólanum, þá verð jeg að segja, að h. þingm. Dal. (J. P.) les þar meira en jeg get lesið og meira en jeg ætlast til að hægt sje að lesa. Því að í fyrsta lagi er ákveðinn styrkur handa Ólafsdalsskóla á fjárlögunum, og í öðru lagi var sú meining mín að sameina kennslukraptana frá báðum skólnnum á einn stað og er þá eðlilegast, að sá staður verði kjörinn af hlutaðeigandi hjeruðum.

Jeg tók það líka fram, að vandkvæði væru við þetta, af því að annar skólinn væri privat-skóli, en hinn opinber skóli. Jeg tók þingsályktunartillöguna upp í þessu formi eptir vilja kjósenda minna, því að þeim blandaðist ekki hugur um, að Hvanneyri væri kostameiri jörð en Ólafsdalur. Það mun kunnugt, að bæði jeg og kjósendur mínir erum hlynntir skólanum í Ólafsdal, en ekki laust við að við köstum hornauga til Hvanneyrarskólans, eins og honum er nú háttað. Því hann virðist ekki hafa verið til fyrirmyndar enn sem komið er, heldur til hins gagnstæða. Jeg er samdóma h. 1. þingm. Ísf. (S. St.) um, að æskilegt væri að önnur tillaga kæmi fram um það, að skólarnir á Hólum og Eiðum væru sameinaðir í eitt. Jeg skal játa það, að æskilegast af öllu væri ef til vill að hafa að eins einn búnaðarskóla á öllu landinu, en til þess að fá því framgengt þarf meira en almennar umræður og meiri umhugsun og undirbúning, heldur en hægt er að fá á þessu þingi. En jeg vona, að þótt allir sjeu ekki á einu máli um það, hvort hafa skuli einn búnaðarskóla eða fleiri, þá muni þó h. deild vera mjer samdóma um. að tillagan stefni í þá átt, sem samkvæm er skoðun meiri hluta þingsins, og lofi henni því að ganga fram.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er einn af þeim, sem álít að búnaðarskólarnir sjeu ekki á þeirri hyllu, sem þeir ættu að vera; kraptarnir eru of dreifðir og geta ekki notið sín eins og ef þeir væru sameinaðir. Hitt getur aptur verið álitamál, hvort rjettara sje að hafa einn búnaðarskóla eða tvo á landinu. Eins og nú er komið, mundi það þykja athugavert að leggja niður alla þá búnaðarskóla, sem nú eru, og stofna einn skóla í stað þeirra. Eins og menn vita er skólinn í Ólafsdal einstaks manns eign, og hann hefur mest ágæti sitt af forstöðumanninum, en þó mundi hann að líkindum falla um koll, ef að hann fengi ekki styrk af opinberu fje. Jeg ímynda mjer að meining h. þm. Mýr. (Á. J.) hafi verið sú, þótt það standi ekki beinlínis í tillögunni, að fá skólastjórann í Ólafsdal til þess að taka að sjer forstöðu skólans á Hvanneyri, og að sá skóli mundi batna við það. En jeg er hræddur um, að Norðlendingar mundu ekki verða ánægðir með það,

að láta svipta sig Hólaskóla, sem þeir hafa þegar kostað miklu til.

Jeg hef ekki trú á, að fyrirmyndarbú þau, sem h. 1. þm. Ísf. (S. St.) var að tala um, mundu þrífast án töluverðs styrks, en þrifust þau vel, þá mundu margir hallast að þeim, og við það minnka aðsókn að búnaðarskólanum. En sem sagt, það eru engin líkindi til þess, að fyrirmyndarbúin þrifust nema með töluverðum styrk, eptir því sem gengið hefur með búnaðarskólana Jeg mun greiða atkvæði með þessari tillögu og sömuleiðis mundi jeg greiða atkvæði með tillögu um að Eiða- og Hólaskóli væru sameinaðir.

Framkvæmdir á Eiðum hafa verið fremur litlar og nemendur fáir. Enn fremur þykir nú á tímum nauðsynlegt að hafa gagnfræðakennslu bæði á Norðurlandi og Suðurlandi og líkt er með þetta.

Nokkuð öðru máli er að gegna með það, að einn latínuskóli er á landinu; bæði er það fyrirkomulag nú orðið býsna gamalt og menn farnir að venjast því, og auk þess búast þeir, sem á latínuskólann ganga, við að hafa meira úr býtum en þeir, sem á aðra skóla ganga. Jeg hygg að það mundi bæði heppilegra og vinsælla, að fremur væru tveir búnaðarskólar en einn, og jeg býst við að það mundi sæta mikilli mótspyrnu hjá Norðlendingum og Austfirðingum, ef enginn búnaðarskóli ætti að vera í þeim fjórðungum.

Jens Pálsson: H. þm. Mýr. (Á. J.) þótti jeg hafa misskilið tillögu sína til þingsályktunar; en jeg sje ekki að svo hafi verið, því að í henni stendur beinlínis, að landsstjórnin hlutist til um að búnaðarskólarnir á Hvanneyri og í Ólafsdal sjeu sameinaðir í einn skóla, er sje á Hvanneyri. Breyt.till. eignaði h. þingm. Mýr. (Á. J.) öðrum, og um hana var jeg eigi að tala, enda er óvíst að hún verði samþykkt. Jeg sje enn ekki annað í tillögunni sjálfri, en að farið sje fram á að svipta skólann í Ólafsdal landssjóðsstyrknum. Tillagan gengur út á að flytja skólann frá Ólafsdal að Hvanneyri. Hvað getur hið opinbera flutt, hvað getur þingið flutt frá Ólafsdal með lögum eða þingsályktunartillögu? Ekki húsin nje kennsluáhöldin nje jarðabæturnar, því þetta er prívat-eign. Ekki heldur forstöðumann eða eiganda skólans. Vjer eigum ekkert vald á honum, og getum ekki flutt hann. Og hvað verður þá eptir að flytja annað en styrktarfje það er skólinn nýtur? En mjer sýnist ekki þurfa að lesa á milli línanna, hvað muni verða um skólann í Ólafsdal, ef hann er sviptur öllum opinberum styrk.

Mjer sýnast að öðru leyti nokkuð skiptar skoðanir manna um málið, þar sem sumir halda því fram, að rjettast sje að hafa tvo búnaðarskóla, en aðrir vilja hafa að eins einn. Mjer sýnist því ástæða til að nefnd sje sett til að íhuga málið. Þetta er þingsályktunartillaga og þarf því ekki langan tíma til að ganga í gegnum þingið; vil jeg leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

Árni Jónsson: Jeg vildi að eins fá að gjöra örstutta athugasemd. Jeg skil ekki í, hvernig h. þm. Dal. (J. P.) getur ímyndað sjer, að jeg hafi komið með tillöguna í þeim tilgangi að biðja landsstjórnina að svipta Ólafsdalsskólann styrknum úr landssjóði. Landsstjórnin getur ekki gjört það. Þetta er því misskilningur hjá h. þm. Dal. (J. P.).

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþ. og í hana kosnir:

Sigurður Stefánsson	með	12 atkv.
Árni Jónsson	—	11 —
Jens Pálsson	—	9 —

Eiríkur Briem með 8 atkv.
Þorlákur Guðmundsson — 8 —

Þrítugasti og sjötti fundur, mánudag 12. ág. á hád. Allir á fundi nema þm. N.-Múl. (J. J. og Þ. Kj.) sem voru báðir veikir.

Frumv. til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn (C. 142, 287); frh. 1. umr.

Þar eð flutningsmaðurinn að frumv. á (þingskj. 59) hafði tekið aptur frv. sitt, þá kom að eins til umræðu frv. á álitsskjali nefndarinnar (þingskj. 237).

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Nefndin sem kosin var til að íhuga frv. það, sem kom fram hjer á þinginu um breytingu á 16. gr. laga um utanþjóðkirkjumenn 19. febr. 1886, hefur íhugað það vandlega, og er samdóma um, að »principið« í frumv. sje rjett. Hvort heldur er frá sjónarmiði þjóðkirkjunnar eða einstaklingsins, þá er rangt að láta nokkurn gjalda til þess trúarbragðaflokks, sem hann ekki til heyrir.

En enda þótt öll nefndin væri samdóma um stefnu frumvarpsins, þá þótti sumum nefndarmönnum einstök ákvæði frumvarpsins fara heldur langt. Við fyrstu umræðu málsins hjer í deildinni kom fram sá kvíðbogi, að þetta frelsi yrði misbrúkað; og sjerstaklega vóru það prestarnir, sem vóru hræddir um, að sumir mundu nota sjer þessa heimild sem smugu, og segja sig úr þjóðkirkjunni að eins til að losast við gjöldin til prests og kirkju. Frá mínu sjónarmiði verð jeg að segja það, að mjer virðist þessi mótbára eigi hafa við mikið að styðjast, því að sýni það sig, að sumir sjeu þeir í þjóðkirkjunni, er ekki meta hana og starfsemi hennar meira en svo, að þeir ekkert tíma eða vilja leggja í sölurnar, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að þessir menn sjeu dauðir limir á líkama þjóðkirkjunnar, sem þjóðkirkjunni væri bezt að losast við.

Í máli þessu fannst nefndinni, að aðaláherzluna ætti að leggja á það, að gæta sem bezt rjettar þeirra utanþjóðkirkjumanna, sem myndað hafa söfnuð, og fengið sjer prest, er hlotið hefir kgl. staðfestingu, því að þar með hafa þeir sýnt, að þeim væri það mál fullkomin alvara; þess vegna hefir nefndin lagt það til, að gjörð verði sú breyting á 16. gr. laganna frá 19. febr. 1886, að þeir utanþjóðkirkjumenn verði undanþegnir þeim kirkjugjöldum, sem hvíla á þeim að lögum, svo sem er fasteignartíund og fleira.

En að því leyti, sem frumv. snertir þá menn, sem ekki eru í neinu kirkjufjelagi, — og þar þótti frv. vor flutningsmanna sjerstaklega fara of langt—, þá varð það að eins konar miðlunarvegi til samkomulags í nefndinni, að þeir skyldu borga prests- og kirkjugjöld sín til barnakennslu í þeim hreppi, er þeir eru búsettir í; nefndin áleit það alls kostar rangt, að neyða þessa menn til að greiða gjöld til þjóðkirkjunnar, en aptur á móti áleit hún rjett, eins og jeg áður tók fram, að ganga eigi lengra til byrjunar en svo, að láta þessa menn þó borga tilsvarandi upphæð við prests, og kirkjugjöldin til barnafræðslu, eins og nú er í lögum í Danmörku; með því að fara þennan meðalveg er trúar-sannfæring manna ekki eins misboðið, eins og ef þeim væri gjört að skyldu að borga til þess kirkjufjelags, sem eigi er þeirra eigið, og hvers trúarkenningar þeir má ske álíta rangar.

En þar sem þau vandkvæði eru á, að við höfum enga barnaskólasjóði hjer á landi, sem þetta gjald gæti runnið í, þá varð nefndin að haga því svo, að

það rynni í hlutaðeigandi sveitarsjóð, og hreppsnefndin ráðstafi því síðan til barnauppfræðingar.

Þar sem nefndarfrv. fer ekki lengra en þetta, þá treysti jeg því, að það fái góðar undirtektir deildarinnar, og að hæstv. landshöfðingi, sem fulltrúi stjórnarinnar, muni á sínum tíma geta því meðmæli sín.

Þetta yrði þá dálítið stig í þá átt, sem allir eru í rauninni sannfærðir um, að rjett sje að ganga, og sem jeg er sannfærður um, að gengið verður með tímanum.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að segja meira að svo stöddu, en fæ h. deild málið til beztu meðferðar.

Eiríkur Briem: Jeg vildi taka það fram að jeg er ekki samdóma nefndinni einmitt um grundvöllinn undir frv. Jeg lít á málið frá því sjónarmiði, að föstu tekjurnar beri að skoða á þann veg, að það sje almenn þegnskylda að greiða þær, án tillits til, til hvers þeim er varið.

Þó frumv. gangi ekki lengra en svo, að losa menn ekki við gjöldin, heldur að eins ráðstafa þeim á sjerstakan hátt, þá er sú ástæða, sem h. framsögum. (Sk. Th.) tók fram viðvíkjandi því, í mínum augum ekki fullnægjandi. Það er vitaskuld, að 16. gr. laganna 19. febr. 1886 fer líka í þá átt, en jeg hef heldur aldrei getað fellt mig við hana.

Án þess jeg vilji fara út í hin einstöku atriði, þá vildi jeg spyrja, hvernig fer þar, sem t. d. »prívat«-kirkjur eru, sem gengið hafa kaupum og sölum, í vissri von um að tekjurnar verði hjer um bil þær sömu? Eptirleiðis yrði ómögulegt að reiða sig á tekjurnar, og þó hvílir skyldan á eigendunum, að halda kirkjunni við og endurbyggja þær á sínum tíma.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): H. 1. þm. Húnv. (E. Br.) talaði um, að með frumv. þessu væri vikið frá að skoða það sem almenna þegnskyldu, að greiða kirkjunum föstu tekjurnar, sem hvíla á jarðeignunum, og þetta er rjett athugað; nefndinni fannst ekki ástæða til að gera neinn greinarmun á kirkjutekjunum, að því er gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna snertir; hún sá ekki neitt meiri sanngirni í því, að bóndi, sem t. d. er katólskur eða únítari, borgi fremur fasteignartíund til þjóðkirkjunnar en önnur kirkjugjöld. Það er vitaskuld, að af þessu getur leitt nokkurn tekjumissi fyrir kirkjurnar; og jeg skal fúslega játa, að hvað bændakirkjueignir snertir, þá getur af frumv. leitt nokkra óvissu um hið sanna verð jarðarinnar; en nefndin sá því miður eigi, að hjá þessu yrði komizt; það er afleiðing af hinu óheppilega kirkjulega fyrirkomulagi, sem nú er.

En eptir því sem jeg hef tekið fram, þá finnst mjer, að sú vernd, sem hið opinbera veitir þjóðkirkjunni, eigi ekki að ganga svo langt, að rjettur einstaklingsins sje fyrir borð borinn. Ef þjóðkirkjan getur ekki komizt af án hjálpar, þá lægi nær, að landssjóður bætti henni upp hallann á einhvern annan hátt en þann, að gera einstökum meðlimum þjóðfjelagsins rangt til.

Mjer er að vísu kunnugt um, að sá greinarmunur, sem h. 1. þm. Húnv. gat um milli fastra tekja og annara tekja kirkna, er gerður í Danmörku, að því er gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna snertir, en mjer finnst, að vjer Íslendingar þurfum ekki endilega að fara eptir því.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 atkv.

Frv. til laga um vegi (C. 359, 384); **3. umr.**

Forseti bar undir deildina hvort breytingartill. á þingskjali 355 mætti koma til atkv. og var það samþ.

Framsögumaður (*Jens Pálsson*): Nefndin í þessu máli hefir leyft sjer að gjöra 2 breyt.till.

Önnur er fólgin í því, að einkenning sú, sem stendur í 2. gr., á fjallvegum falli burt, en í staðinn komi þessi málsgrein:

»Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem taldir eru í 6. gr«.

Þessi breytingartill. er komin fram samkvæmt bendingu hæstv. landshöfðingja við 2. umr.

Hin breyt.till. er fólgin í því, að bætt er við einni aðalflutningabraut á Austurlandi, frá Búðareyri við Reyðarfjörð um Fagradal til Lagarfljóts. Þar sem þessi aðalflutningabraut að sjálfsögðu er einkar nauðsynleg fyrir fjölbyggt og stórt hjerað, fer jeg ekki fleirum orðum um þessa breyt.till., en vona að málið fái góðar undirtektir eins og hingað til og nái samþykki deildarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þingskj. 355 báðar samþ., hin fyrri með 17, hin síðari með 13 atkv.

Frv. með áorðnum breytingum samþykkt með 15 atkv. og sent Ed.

Frumv. til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu (C. 283, 300); 3. umr.

Futningsmaður (*Ólafur Pálsson*): Jeg vona að þær breyt.till. sem nú fylgja frumv. gjöri það svo aðgengilegt, að það fái góðan byr. Hvað frumv. sjálft áhrærir, þá verða framkvæmdir þess, ef breytingarnar komast á, svo kostnaðarlitlar hvað landssjóð snertir, sem unnt er, og vona jeg því, þó lítið sje orðið eptir af því sem það var um daginn, að deildinni falli það betur nú.

Hef jeg ekki fleira um það að segja, en óska að það fái að ganga fram sína rjettu götu.

ATKVÆÐAGR.: Allar breytingartill. (þingskj. 254) samþ., hin 1. með 11 : 3 atkv., 2. með 11, 3. án atkv.gr., 4 með 11, 5. með 12 : 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Árni Jónsson,
Sigurður Jensson,	Jón Jónsson N.-Þ.,
Benidikt Sveinss.,	Jónas Jónassen,
Eiríkur Briem,	Lárus Halldórsson,
Gunnar Halldórss.,	Ólafur Briem,
Indriði Einarsson,	Olafur Ólafsson,
Jens Pálsson,	Ólafur Pálsson,
Jón Þórarinsson,	Sigurður Stefánsson,
Páll Briem,	Þorl. Guðmundsson,
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Eiríksson.	

Því næst var frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Árni Jónsson,
Sigurður Jensson,	Jón Jónss. N.-Þ.
Benedikt Sveinss.,	Jón Þórarinsson,
Eiríkur Briem,	Jónas Jónassen,
Gunnar Halldórss.,	Lárus Halldórsson,
Indriði Einarsson,	Ólafur Briem,
Jens Pálsson,	Ólafur Ólafsson,
Ólafur Pálsson,	Páll Briem,
Sigurður Stefánss.,	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen.	Þorl. Guðmundss.
Sveinn Eiríksson.	

Frumv. síðan sent Ed.

Frumv. til laga um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál (C. 357); ein umr.

Framsögumaður (*Skúli Thoroddsen*): Efri deild hefir að eins gjört eina breytingu við þetta frumv., og er hún fólgin í því, að orðið »einkum« í 1. gr. frumv. er fellt burt, til þess að ákveða

nákvæmar verksvið dómarans, og taka það skýrara fram, að hann hafi þetta vald að eins þar, sem um litla yfirsjón er að ræða, þótt þessi breyting sje að vísu, að mínu áliti, ekki til bóta, þá vil jeg samt ráða hinni h. deild til að aðhyllast frumv. með þessari breytingu, af því að frumvarpið er þó töluverð rjettarbót frá því, sem nú er.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 19 atkv. og síðan afgr. til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um að aukalæknishjeraðið Dalasýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu verði læknisumdæmi (C. 336); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Ástæða sú, sem sjerstaklega kom mjer til, að leggja þetta frumv. fyrir hina h. deild, var sú, að á kjörfundi kjósenda minna í Dalasýslu kom fram almenningsáhugi á því, að þetta hjerað, sem hjer er um ræða, yrði gjört að reglulegu læknishjeraði.

Þessi ósk kjósenda minna virðist mjer sanngjörn vera, og styðjast við ástæður, sem jeg verð að álíta góðar og gildar. Hjerað þetta er víðáttumikið, sundur skorið af þverám, og á vetrum torvelt yfirferðar; auk þess 2 fjallvegir fyrir lækninn yfir að fara, og þó þeir sjeu ekki langir, þá eru þeir þó opt illir yfirferðar, einkum á vetrum, og gjöra hjeraðið óaðgengilegra fyrir lækni. Það er því naumast til þess ætlandi, að læknirinn komist af með 1000 kr. laun, og það því frekar, sem sveitir þessar eru fremur fámennar, þó þær sjeu stórar í sjálfu sjer, því þar af leiðir að læknirinn ekki getur haft mikla »praxis«, og á þann hátt verður embættið mjög tekjulítið.

Jeg skal taka það fram, að hjer liggur ennfremur fyrir, málefni þessu til stuðnings, beiðni frá þeim núverandi aukalækni um, að laun hans verði hækkuð, þar sem hann tekur það fram, að sjer veiti erfitt að komast af með þessi laun. Skyldi það svo fara, að læknir þessi ekki geti af þessum ástæðum haldizt þar við, og fari í burtu, þá væri það tilfinnanlegur missir fyrir hjeraðið, því með þessum litlu launum gæti það vel dregizt, að læknir sækti aptur um það, og að hjeraðsmenn yrðu þá með öllu læknislausir, sem, eins og allir sjá, væri ófært, því um lækni er ekki að tala, nema annaðhvort í Stykkishólmi eða á Bæ í Króksfirði; en slík læknishjálp væri, hvenær sem bráða þörf á lækni bæri að höndum, með öllu ómöguleg. Jeg vil því gefa þessu málefni sem bezt meðmæli mín, og óska, að hin h. deild lofi því fram að ganga.

Skúli Thoroddsen: Það er ekki af því, að jeg vilji lengja umræðurnar um þetta mál, að jeg stend upp, heldur af því, að mjer þykir það viðkunnanlegra, að einhver taki til máls. Jeg er hinum h. þimgm. Dalam. að vísu samdóma um það, að laun þau, sem aukalæknum eru ætlað, sjeu ekki há; en á hinn bóginn geng jeg ekki að því gruflandi, að ef farið væri að gjöra breytingu, að því er þetta eina aukalæknishjerað snertir, þá myndi það draga þann dilk á eptir sjer, að á næsta þingi bærust sams konar óskir frá hverju einu einasta aukalæknishjeraði á landinu; það er sjerstaklega frá þessari hlið, sem jeg sje tormerki á málinu, og vil því ráða hinni h. þingdeild til að fella frv., og það því fremur, sem öll líkindi eru til, að þingið muni bráðlega verða tilneytt að taka læknaskipunarmálið til meðferðar í heild sinni, og því sje það að eins tvíverknaður, að fara nú að taka þetta mál til umræðu á þessu þingi.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Jeg skal taka það fram, út af ræðu h. 1.

þm. Eyf., að þar sem hann viðurkennir, að laun aukalæknis þess, sem hjer er um að ræða, sje of lág, þá er það eigi með öllu ástæðulaust, að koma fram með málið á þessu þingi. Mjer finnst auk þess standa nokkuð sjerlega á með Dalasýslu, því hún er það læknisumdæmi, sem svo verður að vera úr garði gjört, að því bregðist ekki umsækjendur, því frágangssök er að ná til utanhjeraðslækna vegna afstöðunnar; að öðru leyti geri jeg málið ekki að kappsmáli, en vona að hin h. þingdeild taki vel undir það.

Jón Jónsson (þm. N.-Þ.): Jeg skal leyfa mjer að benda h. þingd. á það, að svo framarlega sem þetta yrði gjört að lögum, þá yrði þessu læknishjeraði slegið upp sem lausu, og myndu þá margir sækja um það, og er það mjög líklegt að einhverjir aðrir gengju fyrir þessum aukalækni sem þar er nú, og kæmi þá sú launahækkun ekki niður á honum, eins og að líkindum er ætlazt til, heldur á einhverjum öðrum. Að öðru leyti ímynda jeg mjer, að þessum aukalækni, eins og hverjum öðrum, undir líkum kringumstæðum, þætti betra að fá 1000 kr. árleg laun úr landssjóði, en vera embættislausir með tvær hendur tómar.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): H. þm. N.-Þ. (J. J.) drap á það, að þessi læknir mundi ekki fá þessi laun, eins og til mundi ætlazt, væri hjeraðið gjört að lögföstu læknishjeraði með 1500 kr. launum, en jeg vil benda h. þm. á það, að þessu máli hefir verið hreyft hjer á þinginu eingöngu til þess, að stofna reglulegt læknishjerað vegna íbúa hjeraðsins, án tillits til nokkurs einstaks læknis, er þess væri ætlað að njóta.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 18 : 2 atkv.

Frv. til lagn um rjett kvenna til að njóta kennslu á menntunarstofnunum landsins og um aðgang þeirra að embættum (C. 144, 332); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þingskj. 295 samþ. með 14 atkv.; 1. gr. frv. þannig breytt samþ. með 18 atkv.; hinar greinarnar allar samþ. óbreyttar, 2. með 15 atkv., 3. með 16, 4.—5. með 15 hvor.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Frv. til laga um kjörgengi kvenna (C. 145); 2. umr.

ATKÆÐAGR.: Frv. samþ. með 15 atkv. og málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frv. til laga um lán úr viðlagasjóði til handa amtsráðinu í vesturamtinn til æðarvarpsræktar (C. 263, 367); 2. umr.

Sigurður Jenssson: Jeg þykist geta ráðið af atkvæðagr. við 1. umr. þessa máls, að meiri hluti deildarinnar sje með því að veita þetta lán. Það hefir aldrei verið ætlun mín að spilla fyrir því, að þau sýslufjelög, sem hjer eiga hlut að máli, fái lán, ef þau vilja það, en hitt hef jeg viljað koma í veg fyrir, að láninu sje troðið upp á sýslufjelögin, hvort sem þau vildu eða ekki, og eins koma í veg fyrir, að einstakir menn geti orðið einráðir yfir því, hvernig fjenu verður varið. Jeg skal játa, að jeg er ekkert hrifinn yfir þessu láni, og get sýnt nöfn margra manna og merkra, sem ekkert vilja hafa með það að gera. Þeir eru að vísu flestir í kjördæmi mínu, en þó hef jeg átt tal um þetta mál við menn í öðrum sýslum, sem beinlínis hafa skorað á mig að koma í veg fyrir, að meira lán verði tekið og veitt. Að jeg og þeir ekki viljum meira lán, kemur

auk annars af því að við erum mjög óánægðir með, hvernig þessum 10,000 kr. hefir verið varið, sem þegar eru eyddar. Jeg álít óhætt að segja, að margfalt meira hefði mátt vinna að vargeyðingu og til eflingar æðarræktar fyrir þessar 10,000 kr., ef þeim hefði verið varið skynsamlega og með hagsýni, og ef þessum 5000 kr. verður varið eins, þá held jeg þær hrökkvi ekki langt til að gjöreyða öllum vargfugli, ef annars er mögulegt að gjöreyða flugvargi á litlu svæði, þegar ekkert er gert til að eyða honum hvorki fyrir norðan eða sunnan þetta svæði, og yfir höfuð hvergi annarsstaðar á landinu. Það er satt, að þingið þarf eigi að óttast, að þetta lán fáist eigi endurborgað í landssjóðinn; svo framarlega sem það verður eigi gefið eptir, eins og nú á að gera með lánið til brúarinnar á Skjálfandafljóti, þá verður það borgað með skatti þeim, sem lagður verður á dúninn. Að því leyti er engin ástæða fyrir þingið til að neita um þetta lán. En það er eitt, sem þinginu ætti að vera annt um, það er að lánið sje tekið með vilja og samþykki þeirra manna, sem eiga að borga lánið aptur. Það er engin ástæða fyrir þingið til að fara að gerast formyndari varpbænda og troða upp á þá láni, sem þeir eigi vilja hafa, því að það má eyða flugvargi og efla æðarræktina án láns úr landssjóði, og það á miklu kostnaðarminni hátt en æðarræktarfjelagið hefir gert. Það má gera þetta með frjálsum samtökum, og ef arðurinn af vargeyðingunni er eins mikill og fljóttekinn, eins og helzti frumkvöðull þessarar lántöku fullyrðir, þá er mönnum engin vorkunn, að leggja fram dálítið fje til þessa fyrirtækis.

Það sem ríður á, er, að sýslurnar sjálfar fái að ráða, hvort þær taka lán eða ekki.

Nú vill svo vel til, að það standa til kosningar til hinna nýju amtsráða, og þangað eiga þessi sýslufjelög að senda hvert sinn fulltrúa, og eiga þau þannig kost á að láta í ljósi, hvort þau vilja lánið eða ekki. Ef þau vilja taka lánið, þá er rjett að þau fái það, en ef þau ekki vilja það, þá skil jeg eigi að það sje ástæða til þess fyrir þingið, að fara að troða því upp á þau. Jeg hef leyft mjer að koma fram með breyt.till. þess efnis, að lánið skuli því að eins veitt, að allir fulltrúar þeirra sýslufjelaga, sem hjer eiga hlut að máli, samþykki það í amtsráðinu. Í amtsráðinu eru fulltrúar úr þremur sýslufjelögum, sem þetta mál kemur ekkert við, og finnst mjer engin ástæða til að láta þá ráða úrslitum þessa máls. Það eru fulltrúar þeirra sýslna, sem lánið taka, sem eiga með rjettu að útkljá þetta mál, og geti þeir eigi komið sjer saman um lántökuna, og um það, hvernig láninu skuli verja, þá sje jeg enga ástæðu til að veita lánið.

Skúli Thoroddsen: Jeg lýsti því yfir við 1. umr. þessa máls, að mjer þætti það eigi formlega undirbúið, og yfir höfuð allíkyggilegt, einkum þar sem engin skilríki eru fyrir því, að lántakan sje almenningsvilji. Jeg álít því ástæðu til að kjósa nefnd í þetta mál, og vil leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: 5 manna nefnd var samþ. með 11 : 10 atkv.

Fyrir kosningu urðu:

Jens Pálsson	með	14 atkv.
Sig. Jensson	—	14 —
Skúli Thorodds.	—	14 —
Páll Ólafsson	—	9 —
Páll Briem	—	9 —

Frv. til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala (C. 219); 1. umr.

Flutningsmnður (Sigurður Stefánsson): Frv. þetta fer einungis fram á að gera lítilfjörlega breyting á núgildandi lögum um friðun hvala, þannig að takmark friðunartímans sje fært dálítið til. Tíminn er nú 1. maí—31. okt., en hjer er farið fram á 1. apríl—1. okt., eða að færa hann fram um 1 mánuð.

Orsökin til þessa er sú, að þar sem nú ganga 7—8 gufubátar fram og aptur á Ísafjarðardjúpi, þá er sjávarútveg manna þar um slóðir mikil hætta búin. Það hefir komið fyrir, að bátar þessir hafa flækt með sjer heilum netatrossum og farið með þær. Auðvitað hafa Norðmenn stundum borgað, þegar menn hafa vitað um, hvaða gufubátur hefir valdið skaðanum, en opt vita menn ekkert um það.

Af þessum orsökum er frv. þetta fram komið. Að því er snertir Norðmenn sjálfa, þá má þeim standa hjer um bil á sama, hvort þessi breyting verður gerð, þar sem einungis er að ræða um að færa friðunartímann fram um einn mánuð.

Jeg sje þess vegna enga ástæðu til að fjölyrða um þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 15 atkv.

Frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 179, 303); frh. 1. umr.

Framsögumaður meiri hlutans (Lárus Halldórsson): Eins og h. deild mun sjá á þessu langa og mjóa nefndaráliti, hefir nefndin klofnað í þrennt. Jeg var kjörinn framsögum., og hef jeg ekki annað að gera en skýra frá áliti okkar, sem rjeðum h. deild til að fella frv.

Álit okkar er einkum byggt á því, að engar óskir hafa komið fram um breytingu þá, sem frv. fer fram á, en auk þess finnst okkur frv. ekki heppilegt. Meðal annars skal jeg taka fram, að þar sem nú er enginn rjettkjörinn þingmaður nema hann hafi meira en helming atkvæða þeirra, er greidd eru, þá er í frv. farið fram á, að hver sá sje rjettkjörinn þingmaður, sem fær flest atkvæði, hversu mjög sem atkvæði skiptast. Allir munu játa, að þetta sje ekki heppilegt, og jeg hygg að það muni verða vafningssamt, að reyna að ráða bót á því, eins og minnsti hluti nefndarinnar ræður til.

Enn fremur er þingmannaefnum með frv. þessu gert örðugt fyrir að kynnast vilja kjósenda sinna, og í öllu falli er þeim ómögulegt að koma á alla kjörstaði og bera hönd fyrir höfuð sjer gegn dylgjum og óhróðri, sem einatt á sjer stað við »agítatíónir« á undan kosningum til þings.

Þessar voru ástæður meiri hlutans. Einn hluti nefndarinnar hefir komið fram með nýtt frv., en þar eð það ekki er til umr. í dag, skal jeg að sinni ekkert minnast á það.

Framsöguuuður minnsta hlutans (Páll Briem): Jeg hef ekki getað orðið samdóma h. meðnefndarmönnum mínum, af því að jeg áleit—reyndar eins og tveir af meðnefndarmönnum mínum—að mikið væri í það varið, að kjósendunum væri gert hægra fyrir að sækja kjörfundi en nú á sjer stað. Það er óhætt að fullyrða, að nú sje langtum meira en helmingur kjósenda, sem ekki neytir kosningarrjettar síns, af því að svo erfitt er að sækja kjörfundi, þar sem það að sjálfsögðu væri heppilegast, að sem flestir gerðu það; um leið og mönnum

eru gefin einhver rjettindi, er ætlazt til menn noti þau.

Auðvitað hafa ekki komið fram neinar óskir um svona lagaða breytingu á kosningarlögunum, en hvað mörg mál koma ekki fram á þingi án þess að svo sje? Jeg þori að fullyrða, að um harla fá mál þeirra, er ganga fram á þingi, hafa kjósendur látið óskir sínar í ljósi. En orsökin til þess, að menn hafa ekki látið óskir sínar í ljósi um þetta mál, ímynda jeg mjer að komi af því, að kjósendur láta sjer yfir höfuð svo lítið hugað um kosningar. Það þarf megna »agítation« til þess, og þeir einir fundir eru vel sóttir, þar sem menn eru »æstir« upp. Jeg er alveg sannfærður um, að þegar áhuginn vaknar, gengur almenningsálitið í þá átt, að fjölga kjörstöðum. Auðvitað verða kosningarnar vafningssamari með þessu móti; en þegar um svo þýðingarmikið mál er að ræða, er ekki horfandi í það.

Í útlöndum byrjuðu menn eins og hjer, en síðar fjölguðu menn kjörstöðunum, og er þegar löng reynsla fengin fyrir því, að það gengur vel, og jeg get ekki sjeð betur en að það fyrirkomulag, sem farið er fram á í frv., geti gengið einnig vel hjer.

Það er t. d. alveg eins langur vegur frá kjörstjórninni í Winnipeg til Nýja-Íslands, eins og hjer mundi vera, en þar eru menn vel ánægðir með það, þó fjarlægðin sje mikil. Ef frændum vorum í Nýja-Íslandi aptur á móti væri skipað að fara til Winnipeg til kosninga, þá mundu þessir frændur vorir álíta, að sjer væri gert rangt til, og slíkt væri mjög óheppilegt.

Alveg eins og þingmannsefni í útlöndum þurfa ekki að vera á hverjum kjörstað til að bera hönd fyrir höfuð sjer, eins mundi vera hjer, enda kemur þessi óhróður, sem h. þm. S.-Múl. (L. H.) talaði um, venjulega ekki opinberlega fram, heldur byrjar hann með dylgjum og skríður með jörðinni.

Það er sannfæring mín, að þetta sje framtíðarmál á Íslandi, hvort sem það gengur fram nú eða ekki.

Það er svo langt frá því, að jeg telji það sem galla á frv. þessu, að það er flutt af einum kgk. þm., sem þekkir kosningaraðferð í útlöndum, að jeg þvert á móti er honum þakklátur fyrir það, ekki síður en hverjum þjóðkjörnum þm., ef einhver þeirra hefði borið slíkt frv. fram.

ATKVÆÐAGR. Frv. fellt frá 2. umr. með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkv.gr., og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,	Árni Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Halldórss.,
Indriði Einarsson,	Jens Pálsson,
Jón Þórarinsson,	J. Jónss., þm. N.-M.,
Ólafur Briem,	Jónas Jónassen,
Ólafur Pálsson.	L. Halldórsson
Páll Briem,	Ólafur Ólafsson,
Sig. Stefánsson,	S. Gunnarsson,
Þorl. Guðmundsson.	Skúli Thoroddsen.
	Sveinn Eiríksson.

Frumv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 200, 308); frh. 1. umr.

Framsögum. (Ólafur Ólafsson): Jeg finn ekki ástæðu til, að fara mörgum orðum um frv. þetta. Nefndin hefir ráðið h. deild til að samþykkja þetta frv. með lítilfjörlegri breytingu. Það kemur einkum til greina við aukakosningar, og þó innihald þess sje ekki mikið, þá er það þó rjettarbót.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 13 atv.

Frumv. til laga um breytingar á 35. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi- dags. 10. sept. 1830 (C. 336); 1. umr.

Eiríkur Briem: Þó að þetta frv. þyki ef til vill lítilsvert, legg þó til að það sje samþykkt til 2. umr. Orsökin til þess, hvað gjald það, er hjer ræðir um, er hátt, var nefnilega sú, að menn brúkuðu þetta gjald sem laun til skiptaráðanda, en nú er sú ástæða horfin, þar sem gjaldið rennur í landssjóð.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 13:1 atkv.

Tillögur til þingsályktunar um póstgöngur (C. 324, 366, 367, 391, 398); fyrri umr.

Framsögum. (Ólafur Briem): Jeg skal leyfa mjer að fara fáum orðum um þessar tillögur, sem póstmálanefndin hefir komið með viðvíkjandi póstgöngunum hjer á landi.

Viðvíkjandi fyrstu tillögunni undir staflið A. er þess að geta, að nefndin fer fram á að aðalpóstleiðinni um Þingeyjarsýslu sje breytt þannig, að í stað þess sem aðalpósturinu milli Akureyrar og Seyðisfjarðar hefir að undanförnu farað frá Grenjaðarstað yfir Mývatnsöræfi og Möðrudalsöræfi, þá fari hann eptirleiðis um sveitirnar nær sjónum hjer um bil sömu leið og aukapósturinn frá Grenjaðarstað til Vopnafjarðar hefir gengið að undanförnu. Ástæðurnar fyrir þessari breytingu eru teknar fram í nefndarálitinu, en jeg skal einungis leyfa mjer að bæta því við, að ekki má eingöngu taka tillit til þess, að póstarnir gangi beinustu leið milli endastöðvanna, heldur verður líka að gæta þess, hvað haganlegast er fyrir hlutaðeigandi hjeruð, sem liggja þar á milli. Enda er það miklu eðlilegra, að póstar leggi leið sína um fjölbyggð hjeruð, en um óbyggð öræfi. Reyndar má búast við ýmsnm mótbárum gegn þessari breytingu; það má búast við að sú mótbára komi fram að við þetta verði aðalpóstferðin dýrari, en þess er að gæta, að við það sparast dýr aukapóstur, og er það álit kunnugra manna, að þessi breyting muni ekki að öllu samanlögðu hafa neinn kostnaðarauka í för með sjer. Önnur mótbára er sú, að þessi breyting geti haft áhrif á göngu aðalpóstanna milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar, að hún muni seinka um of göngu póstsins milli Akureyrar og Seyðisfjarðar; en eptir vegalengdinni og annari afstöðu er alls enginn hætta á því, að pósturinn þurfi að vera lengur trá Akureyri til Seyðisfjarðar, en frá Reykjavík til Akureyrar, heldur þvert á móti. Á þessari nýju póstleið eru engar sjerlegar torfærur, og varla að óttast að ekki sje hægt að koma við hestum á öllum skaplegum vetrum; það er einkum ein heiði, sem ekki er góð yfirferðar, Hellisheiði; þó kveður ekki svo mjög að því, að hún geti álitist nein sjerleg torfæra. Þó ekki sje hjer farið fram á annað en að aðalpóstur fari þá leið, sem til er tekin í þingsályktunartillögunni, þá stendur þetta í nánu sambandi við ákvæðin um það, hvar aðalpóstleið sem landsvegur skuli liggja. og getur þessi tillaga, þó hún verði samþykkt, að vísu ekki beinlínis haggað því, sem ákveðið er í 6. gr. vegalaganna 10 nóvbr. 1887, að landshöfðingi eigi með ráði sýslunefnda, amtsráða og vegfróðra manna að ákveða aðalpóstleiðir. En eigi að síður getur þó þessi þingsályktun orðið bending fyrir hlutaðeigandi stjórnarvöld, að taka til rækilegrar íhugunar, hvort ekki sje rjettast að leggja aðalpóstveginn, þar sem nú er

lagt til að pósturinn gangi, og vona jeg að þau komist til sömu niðurstöðu og póstmálanefndin í þessu efni.

Viðvíkjandi þessum staflið hefir nefndin komið fram með lítilfjörlega breytingartillögu í þá átt, að Seyðisfjarðarpósturinn gangi um Sauðanes í staðinn fyrir Syðri-Brekkur í Sauðaneshreppi, og helzt þá hinn sami brjefhirðingastaður sem nú er á þeirri leið.

Viðvíkjandi annari tillögunni undir staflið B. skal jeg geta þess, að það kom til íhugunar í nefndinni, að mesta samræmi yrði í póstgöngum, ef póstferðunum til Norður- og Vesturlandsins yrði fjölgað svo, að þær yrðu jafnmargar og póstferðirnar til Austurlandsins sunnan um land, það er að segja, 16 í staðinn fyrir 12; en nefndin hikaði sjer við að fara fram á þá fjölgun sökum kostnaðarins, og hefir því stungið upp á, að þær yrðu 14 í staðinn fyrir 12, og áleit nefndin bezt að haga þessari fjölgun þannig, að sama skipting, sem nú á sjer stað að vetrinum, haldist einni ferð lengur bæði að vorinu og haustinu, og leiðir þar af jafnframt, að skemmra verður milli þeirra tveggja ferða á sumrin, er póstarnir fara alla leið frá Reykjavík til Akureyrar og Ísafjarðar. Um þriðju tillöguna undir staflið C. skal jeg taka það fram, að það er mjög tilfinnanlegt fyrir sveitirnar fyrir norðan Akureyri, að Seyðisfjarðarpósturinn skuli ekki leggja á stað frá Akureyri fyr en nokkuð löngum tíma, allt að hálfum mánuði eða stundum jafnvel á þriðju viku eptir komu póstsins að sunnan; það hefir verið mjög bagalegt, einkum fyrir Þingeyinga, er þeir hafa orðið að bíða svo lengi eptir brjefum sínum og sendingum, eða þá sækja þau sjálfir að öðrum kosti.

Í fjórðu tillögunni undir staflið D. er farið fram á, að stofna allmargar aukapóstferðir, 33 alls, en þess er að gæta, að 7 af þessum 33 nýju aukapóstferðum eru að eins lenging á þeim sem nú eru, og sumar þeirra allskammar, svo að það hefir lítinn kostnað í för með sjer, og ennfremur leggjast niður 2 aukapóstferðir, sem nú eru, frá Grenjaðarstað á Vopnafjörð, og frá Hraungerði að Búrfelli. Þess má líka geta, að ef aðalpóstleiðin er lögð um Blönduós í staðinn fyrir um Reyki á Reykjabraut, þá styttist leið Skagastrandarpóstsins við það, að hann þá fer frá Blönduós í staðinn fyrir nú frá Sveinsstöðum. Það hefir komið fram breyt.-till. við 22. tölulið um að aukapóstur gangi að Hákonarstöðum í staðinn fyrir að Skjaldólfsstöðum; af því að hjer er um stutta leið að ræða, þá hefir nefndin ekkert við það að athuga. En þess er að gæta, að afleiðingin af því er sú, að eðlilegt er að brjefhirðingin flytjist jafnframt frá Skjöldólfsstöðum að Hákonarstöðum.

Um fimmtu tillöguna undir staflið E. viðvíkjandi sambandi því, sem nefndin gjörir ráð fyrir milli strandferðanna og póstferðanna frá viðkomustöðum strandferðaskipanna upp í sveitirnar, skal jeg geta þess, að það er ekki meining nefndarinnar, að það sje gjört að almennri reglu, að póstar sjeu sendir í nærsveitirnar þegar póstskip kemur á einhverja höfn; slíkt er optast nær ónauðsynlegt. Því að það er venjulegt, að menn úr næstu sveitum sjeu staddir á komustöðum strandferðaskipanna, þegar þau eru á ferð, og þá má koma brjefum til skila með þeim. Auk þess eru iðulegar kaupstaðarferðir til þeirra staða, ef ekki er um stórt svæði að ræða. — Nefndin hafði sjerstaklega 3

staði í huga, er nauðsynlegt gæti verið að senda þessa aukapósta frá; það var Stykkishólmur, Skagaströnd, einkum ef strandferðaskipið kemur ekki við á Borðeyri, og þriðji staðurinn var Seyðisfjörður. Viðvíkjandi sjöttu tillögunni undir staflið F. hef jeg það eitt að athuga, að bænarskrá kom úr Barðastrandarsýslu um að gjöra Bíldudal að póstafgreiðslustað í stað brjefhirðingarstaðar, og hefir nefndin tekið þetta til greina. Um póstafgreiðsluna á Skinnastöðum er það að segja, að nefndin var í vafa um, hvort rjettara væri að setja hana þar eða á Svalbarði; hún gekk út frá því, að póstleiðinni mundi að vetrinum verða skipt á öðrum hvorum þessum stað, þannig, að nýr póstur gangi þaðan til Seyðisfjarðar, en hún var í vafa um hvorn staðinn rjettara væri að velja, og áleit því rjettast að fela póststjórninni að ráða þar úrslitunum.

Þá hefir nefndin í sjöundu tillögunni undir staflið G. lagt það til, að brjefhirðingastöðum yrði fjölgað allmikið, eða um 38 alls; en jafnframt hefir hún gjört ráð fyrir, að 5 af hinum eldri skyldu leggjast niður, svo að í raun og veru er þeim ekki fjölgað nema um 33. Hjer er komin fram sú breyt.till., að aukapósturinn frá Hesti gangi að Gilsbakka í staðinn fyrir að Sámstöðum, og af því leiðir þá, að brjefhirðingin verður á Gilsbakka. Þá er og komin breyt.till. frá nefndinni um, að brjefhirðing haldist á Sauðanesi, og þá fellur jafnframt burt 21. tölul.

Viðaukatill. hefir og komið um það, að stofnaðir skuli 2 nýir brjefhirðingastaðir, annar í Suðurmúlasýslu og hinn í Austur-Skaptafellssýslu. Nefndin hefir ekkert við þetta að athuga, og eptirlætur deildinni að skera úr því með atkvæði sínu.

Jafnvel þó hjer sje stungið upp á allmörgum nýjum brjefhirðingarstöðum, fannst nefndinni nauðsynlegt að aukapóstarnir byndu sig ekki einungis við þá; það er víða talsvert svæði milli þeirra, svo að mjög væri óþægilegt að brjefum væri hvergi skilað, nema á brjefhirðingastöðunum; nefndin lætur því þá ósk í ljósi, án þess þó að koma með sjerstaka tillögu um það, að póststjórnin leggi það fyrir aukapóstana, að koma brjefum þeim, sem þeir hafa meðferðis, sem bezt áleiðis.

Það kom líka fram í nefndinni, að æskilegt væri að póststjórnin gæfi almenningi kost á, að gjöra boð í aukapóstferðirnar yfir höfuð, svo að það kæmi í ljós, hver vildi taka þær að sjer fyrir minnst gjald, án þess hún væri þó fastbundin við að ráða þann mann, sem byði sig fyrir minnst kaup, því að nefndinni duldist ekki, hve mikið er í það varið, að póstar sjeu duglegir og áreiðanlegir menn.

Yfirskoðunarmenn landsreikningsins 1887 leiddu athygli að því, að kostnaðurinn við aukapóstferðir væri ærið mikill, og þó nefndinni sýndist ekki ástæða til að koma með tillögur til þingsályktunar í þá stefnu, að ráða bót á þessu, þá vonar hún að póststjórnin taki þetta til íhugunar, og láti það ekki eingöngu vera á valdi hlutaðeigandi póstafgreiðslumanna, að ráða aukapósta fyrir það kaup, sem þeim sýnist.

Landshöfðingi: Aðalatriðin í þessum tillögum virðast mjer vera þau, sem tekin eru fram undir staflið A. og B., og svo aukapóstferðirnar, sem nefndin vill fjölga að mun.

Að því er snertir tillöguna undir staflið A., þá ímynda jeg mjer, að póststjórnin hafi ekkert á móti því, að láta aðalpóstinn milli Akureyrar og Seyðis-

fjarðar fara meir sveitir en áður; en í sambandi við þessa breytingu vil jeg benda nefndinni á, að rjettara mundi, að flytja póstafgreiðsluna frá Grenjaðarstað til Húsavíkur.

Tillöguna undir staflið B. mun póststjórnin líka geta aðhyllzt, ef þingið vill samþykkja þann kostnað, sem af tillögunni leiðir.

En að því er snertir tillöguna undir staflið C., að ferðaáætlun norðanpóstsins milli Reykjavíkur og Akureyrar og Seyðisfjarðarpóstsins verði hagað þannig, að póstflutningurinn tefjist ekkert á Akureyri, þá sje jeg ekki, að póstferðunum milli þessara staða verði hagað þannig, að póstflutningurinn tefjist ekkert á Akureyri aðra hvora leiðina, því pósturinn milli Seyðisfjarðar og Akureyrar er ekki eins lengi á leiðinni, eins og pósturinn milli Reykjavíkur og Akureyrar. Það virðist því ekki verða hjá því komizt, að Seyðisfjarðarpósturinn bíði á Akureyri eptir Reykjavíkurpóstinum, enda hefir mjer skilizt, að það væri meining h. nefndar, að Reykjavíkurpóstinum tefðist ekki á Akureyri, og að hún legði minni áherzlu á hitt, þó Seyðisfjarðarpósturinn biði þar.

Að því er aukapóstferðirnar snertir, er ekki gott að átta sig á þeim í fljótu bragði, enda virðist nauðsynlegt að bera tillöguna um þær undir álit póstafgreiðslumanna, sem bezt þekkja til þess, hvernig þeim ferðum verði vel komið fyrir; þó held jeg að ekkert sjerlegt sje að athuga við tillögur nefndarinnar í þessu tilliti. Það hefir verið regla, að láta aukapóstana ganga að eins út frá póstafgreiðslustöðunum, en ekki brjefhirðingarstöðunum, því það mundi gjöra reikningsfærsluna flóknari milli póstafgreiðslumanna og brjefhirðingarmanna. Þó held jeg að þetta gæti ekki valdið neinum verulegum tálmunum, nema kannske í einstökum tilfellum.

Tillagan undir staflið E., að póstafgreiðslumönnum á viðkomustöðum strandferðaskipanna sje falið, að senda brjef og póstsendingar upp til sveitanna, álít jeg sjálfsagt, að sje til bóta.

Nefndin hefir stungið upp á, að gjöra Bíldudal að póstafgreiðslustað, en það hafa líka komið beiðnir um, að á Geirseyri og Þingeyri yrði póstafgreiðsla. Jeg skal ekki segja, hvor staðurinn er heppilegastur, en jeg ímynda mjer, að mestar brjefaskriptir sjeu til og frá Þingeyri. Þangað koma margir Ameríkumenn til fiskiveiða; mörg frakknesk fiskiskip koma þar, svo að það er almennt, að brjef til frakkneskra fiskimanna heiman að frá þeim sjeu adressеruð til Þingeyrar. Loks koma strandferðaskipin optar þangað en á hina staðina. Jeg get þess vegna ímyndað mjer, að Þingeyri sje betur kjörin til að vera póstafgreiðslustaður, en Bíldudalur og Geirseyri, ef menn ekki vilja setja póstafgreiðslu á alla staðina.

Brjefhirðingastaðirnir verða sjálfsagt að laga sig eptir aukapóstferðunum. Annars álít jeg, að menn ættu ekki að vera of ríflr í að stofna brjefhirðingarstaði, því þeir hafa ekki svo lítinn kostnað í för með. Sumstaðar eru þeir ef til vill nokkuð þjettir. Þannig álít jeg t. d., að brjefhirðingastaðir þeir, sem stungið er upp á í breytingartillögunni á þingskj. 370, sjeu nokkuð þjettir, í samanburði við brjefhirðingarstaði annarsstaðar. Yfir höfuð að tala get jeg ekki sjeð í fljótu áliti, að neitt sje það í þessum tillögum, sem póststjórnin ekki geti gengið að, eða reynt að fá framgengt. Auðvitað verður það að sýna sig í framkvæmdinni, hve heppilegar tillögurnar eru.

Framsögum. (Ólafur Briem): Fyrir nefndarinnar hönd er jeg þakklátur

hæstv. landsh. fyrir undirtektir hans undir tillögur hennar.

Að því er sjerstaklega snertir athugasemd hans við tillögu nefndarinnar undir staflið C., skal jeg taka það fram, að það var meining nefndarinnar með þessari tillögu að ráða bót á því, að póstflutningurinn á leiðinni frá Reykjavík til Seyðisfjarðar tefðist ekki á Akureyri, og mun nefndin koma með breytingartillögu, þessu viðvíkjandi, til næstu umr.

Að því er snertir þá athugasemd hæstv. landsh., að rjettara væri, að flytja póstafgreiðsluna frá Grenjaðarstað til Húsavíkur, þá kom þetta atriði einnig til umræðu í nefndinni. En af því að nefndin var á sama máli og hæstv. landshöfðingi um það, að það væri þægilegra, að aukapóstar gengju út frá póstafgreiðslustað, heldur en brjefhirðingarstað, þar sem því yrði komið við, og með því að nefndin eptir atstöðunni varð að álíta sjálfsagt, að aukapósturinn upp í Mývatnssveitina gengi frá Grenjaðarstað, þá þótti henni eðlilegra, að póstafgreiðslan væri þar, heldur en á Húsavík.

Að því er snertir hina mörgu brjefhirðingastaði, þá var það tilætlun nefndarinnar, að póststjórnin færi í því tilliti eptir því, sem hún áliti hentugast í framkvæmdinni, eptir að hún hefði leitað álits póstafgreiðslumanna.

Sveinn Eiríksson: Jeg hef leyft mjer að koma með dálitla breyt.till. á þingskj. 370, um að brjefhirðing verði sett á Starmýri í Álptafirði og á Hólmi á Mýrum.

Að því er snertir fyrri liðinn, þá er enginn brjefhirðingastaður á öllu svæðinu frá Stafafelli og að Djúpavogi, en á milli þessara staða er ein og hálf dagleið. Þar eru því ekki litlir erfiðleikar að ná í brjef, sem koma með póstinum að vestan, þegar verður að sækja þau á Djúpavog, og brjefin, sem að austan koma, eru opt og mörgum sinnum send eigi að eins að Stafafelli, heldur jafnvel á póstafgreiðslustaðinn, Bjarnarnes. Það er því óþolandi dráttur, sem opt og tíðum verður á því, að ná í brjef, og það opt áríðandi brjef, sem fljótt þarf að svara. Viðvíkjandi seinni lið tillögunnar, þá er svo ástatt, að menn sem búa á Mýrum verða optast að sækja brjef sín austur yfir Hornafjarðarfljót, og eru ekki litlir erfiðleikar á því, þar sem Mýrahreppur er umflotinn af vötnum og Hornafjarðarfljót er opt alófært á vanapóstleiðinni, svo fara verður innra, sem kallað er, yfir fljótin, og er það, að vegalengdinni til, nálægt dagleið lengra.

Jeg vona þess vegna, að h. þingd. verði þessari breyt.till. hlynnt, og lofi henni að komast inn í tillögur nefndarinnar, og fylgjast með þeim.

Indriði Einarsson: Nefndin á þakkir skilið fyrir tillögur sínar yfir höfuð að tala. Að eins vil jeg taka það fram, að eptir því sem nefndin hefir hugsað sjer, að haga póstferðunum hjeðan, um Keflavík og á Eyrarbakka, þá ætti, að mínu áliti, að verða póstafgreiðsla í Keflavík og sömuleiðis á Eyrarbakka.

Að öðru leyti skal jeg að eins taka undir með hæstv. landsh. í því, að jeg álít gott, að póstafgreiðsla sje á Þingeyri, því bæði er það, að þar er mjög mikil skipakoma, og svo er þar nú sá maður, sem er flestum mönnum betur kjörinn til að taka póstafgreiðsluna að sjer.

Árni Jónsson: Jeg er þakklátur h. nefnd fyrir það, hve rækilega hún hefir unnið að póstgöngumálinu, enda vona jeg að tillögur hennar verði til mikils góðs fyrir landsmenn.

Jeg hefi leyft mjer að koma með dálitla breyt.till. (341) við tillögur nefnd-

arinnar, þess efnis, að aukapósturinn frá Reykholti gangi að Gilsbakka, og að þar verði brjefhirðingarstaður, en ekki á Sámsstöðum, eins og nefndin hefir lagt til. Eins og menn vita, verður póstur þessi að fara yfir Hvítá, en á leiðinni til Gilsbakka er ferja á Bjarnastöðum og nú í sumar hefir verið gjörð brú yfir ána hjá Barnafossi, svo þó vegalengdin sje lítið eitt lengri, ef farið er að Gilsbakka, þá verður kostnaðarauki nn lítill eða enginn; en Gilsbakka er fullt svo vel í sveit komið sem Sámsstöðum.

Jeg athugaði ekki fyr en nú á fundinum, að þessi breyt.till. leiðir af sjer aðra breyt.till. við staflið D. 3. tölulið og hefi því látið prenta aðra breyt.till., sem nú hefir verið útbýtt á fundinum. Jeg vona, að h. forseti hafi ekki á móti því, að bera undir þingdeildina, hvort þessi nýja breyt.till., sem er á 379. þingskj., megi koma til atkvæðagreiðslu ásamt hinni breyt.till.

Forseti fjekk samþykki deildarinnar til að breyt.till. þm. Mýr. (379) mætti koma til atkv.gr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við stafl. A. samþ. með 18 atkv.

Stafliður A. með breyt. samþ. með 19 atkv.

Stafl. B. samþ. í e. hlj.

Stafl. C. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. (379) við stafl. D. samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. (342) við staflið D. samþ. í e. hlj.

Stafl. D. þannig breyttur samþ. í e. hlj.

Stafl. E. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. við stafl. F. samþ. með 19 atkv.

Stafliður F. þannig breyttur samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. við G. 6. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. við G. 21. samþ. án atkv.-greiðslu.

Breyt.till. við G. 31 samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. við G. 32. samþ. með 15 atkv.

Stafliður G. þannig breyttur samþ. í e. hlj.

Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um Íslands ráðgjafann (C. 340); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ.

Þrítugasti og sjöuudi fundur, þriðjudaginn 13. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi nema 2. þm. N.-Múl. (Þ. K.), er var veikur, og 2. þm. G.-K. (J. Þ.), er hafði tilkynnt forseta forföll.

Frumv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík (C. 302, 393); 3. umr.

Forseti bar upp, hvort breyt.till. á þingskj. 374 (C. 393) mætti koma til umr. og var það samþ. í e. hlj.

Flutningsm. (Jónas Jónassen): Jeg get vel fallizt á breyt.till. þá, er hjer liggur fyrir. Hún fer að eins fram á, að svæðið verði víkkað dálítið vestur á bóginn og vona jeg að h. þingd. hafi ekkert á móti henni.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. samþ. með 19 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 16 atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um breytingu á 14. og 15. gr. stjórnarskrárinnar og 18. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis (C. 227); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. orðalaust með 18 atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um fjelag til brunabótatryggingar á íslenzkum kaupstöðum, verzlunarstöðum o. fl. (C. 208, 318); 2. umr.

Framsögum. (Eiríkur Briem): Nefndin, sem sett var í þetta mál, hefir, eins og nefndarálitið ber með sjer, fallizt á aðalstefnu frumv., að gjöra tilraun til að koma á fót brunabótafjelagi. Þessi skoðun nefndarinnar styðst við það, að hún álítur mjög æskilegt að menn ættu kost á að tryggja húseignir sínar hjer á landi, en nú er þess eigi kostur, nema í útlöndum, og af því hún heldur að borgunin fyrir trygginguna þar sje hærri en áhættunni svarar. Það er auðvitað enginn skaði, þó peningar fari út úr landinu, ef fullkomið ígildi þeirra með rentum og renturentum kemur í staðinn, fyr eða síðar. Gjöld til lífsábyrgðarstofnunar eru sjálfsagt eigi hærri en áhættunni svarar, og þar kemur eflaust eins mikið aptur inn í landið eins og fer út úr því.

Það er annað mál með brunabótagjaldið, því það er eflaust of hátt; bæði af því að hús eru í útlöndum svo miklu stærri en hjer á landi og af öðrum ástæðum má álíta að brunahættan sje minni hjer en þar, eins og reynslan einnig virðist hafa staðfest, en brunabótagjöldin eru þó yfir höfuð mikið hærri. Nefndin áleit eigi mögulegt að koma brunabótafjelaginu á stofn á annan hátt, en að fylgja þessari stefnu, sem hjer er farið fram á, að landssjóður styrki það fyrst um sinn með ábyrgð sinni. Það væri hugsanlegt, ef hjer væru auðmenn, sem vildu leggja fje sitt á hættu, með að tryggja mönnum hús sín gegn bruna, að þessu mætti fyrir koma á annan hátt, en því er nú eigi til að dreifa. Það mætti einnig hugsa sjer »solidariska« ábyrgð, eins og á sjer stað með brunabótafjelag dönsku kaupstaðanna og sem Reykjavík tekur þátt í, en slík ábyrgð er eigi kunnug hjer á landi, og slíkt fyrirkomulag yfir höfuð á bezt við þar, sem þeir, sem í fjelaginu eru, geta sjálfir kynnt sjer ástæðurnar og metið ábyrgðina og hættu þá, sem henni er samfara. Nefndin hefir því fallizt á, að fjelagi þessu yrði eigi komið á fót, nema landssjóður styddi það með ábyrgð sinni. Það er nú í sjáltu sjer eigi svo þýðingarmikið fyrir landssjóðinn, því hættan er alls eigi mikil, ef gjaldið er ákveðið nógu hátt, og að því miða breyt.till. þær, sem nefndin hefur gjört, en um það geta verið skiptar skoðanir, hvað hátt það má minnst vera, til þess að landssjóði sje borgið.

Nefndin hefur lagt til, að gjaldið væri haft mismunandi, þannig, að það er lægst fyrir Reykjavík, sumpart af því, að hún sætir betri kostum nú, og svo eru hjer meiri tæki til að slökkva eldsvoða en annarsstaðar. Enn fremur hefir nefndin lagt til að gjaldið sje mismunandi fyrir kaupstaði þá, sem nefndir eru undir tölulið 2, og annarsstaðar. Í sambandi við þetta stingur nefndin upp á, að hagur fjelagsins sje gjörður upp á 10 ára fresti, og þá gefin uppbót, ef óþarflega mikið hefur verið tekið í ábyrgðargjald, sem er eigi gott að segja um fyrir fram, en betra að hafa í byrjuninni vaðið fyrir neðan sig. Nefndin fellst einnig á, að hluttakan í fjelaginu sje skylda, því húseignin er þá tryggari eign, og slík skylda er nauðsynleg vegna ábyrgðar landssjóðs. Þar sem í frumv. er miðað við staði, sem hafi verið virtir yfir 50,000 kr., þá áleit nefndin betra að nefna þá staði með nafni, sem hafa verið virtir til húsaskatts árið 1887 svo mikið. Nefndin áleit heldur eigi ástæðu til að halda því ákvæði, að fjelagið tæki eigi ábyrgð á meiru en $^2/_3$ virðingarverðs, þar sem vátryggingin er eigi skylda, af því sú

trygging, sem í því ætti að liggja, hverfur, ef 1/3 er tryggður í öðru fjelagi. Nefndin verður líka að álíta að ábyrgð landssjóðs sje sett nœgilega há í frv., eða 300,000 kr., því þess er að gæta, að fyrir utan sjóð, sem smámsaman myndaðist, getur fjelagið endur-vátryggt nokkurn hluta, t. d. einstakar mjög stórar húseignir eða húsaþyrpingar, er brunnið gætu í einu; það er að vísu nokkur kostnaður fyrir fjelagið, en tryggingin er aptur svo miklu meiri.

Viðvíkjandi ábyrgð landssjóðs, þá þótti nefndinni of snemmt, að hún færi að minnka um næstu aldamót, og hefur því fært það tímatakmark til 1910; þá gjörir nefndin ráð fyrir að ábyrgðin geti farið að minnka að ósekju og að landssjóður fengi svo á endanum allt endurborgað nema vexti, ef annars þarf til ábyrgðarinnar að taka.

Nefndin leggur og til að fulltrúarnir semji reglugjörð, sem liggi undir samþykki landshöfðingja, en það er eigi miðað við neinn vissan tíma, hve nær búið skal vera að semja hana eða hve nær fjelagið skuli vera komið á fót, en auðvitað ætlast nefndin til að það verði svo fljótt sem kringumstæður leyfa. En sje reglugjörðin staðfest, þá er ætlazt til, að eigi líði langur tími þangað til fjelagið er komið á fót. Jeg skal svo geyma mjer að fara út í hin sjerstöku ákvæði, þangað til jeg heyri undirtektir hæstv. landshöfðingja og hinnar háttv. deildar.

ATKVÆÐAGR.: Allar breyt.tillögur nefnd., þingskj. 282, samþ. og frumvarpsgreinirnar sömul., þannig breyttar eða óbreyttar, flestallt með 16 og 17 atkv., einstöku með 15 eða 18.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um lækkun á fjárreiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdœmi (C. 200); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 15 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um stofnun ullarverksmiðju (C. 183, 227, 390, 398); 3. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Eins og h. þingd. mun sjá, hefur nefndin aðhyllzt breyt.till. þær, sem komið hafa við frumv. þetta, í þá átt sem haldið var fram við fyrri umr. málsins, einkum af h. þm. Vestm. (I. E.) og h. þm. Rangv. (Ól. Ól.). Nefndin hefur aðhyllzt þessar breyt.till., af því henni var ljóst, að þær voru samdar í góðum tilgangi í sjálfu sjer.

Það er þannig auðsjeð, að breyt.till. á þingskjali 368, 2. tölul. miðar til þess, að reisa skorður við því, að of mikill innstraumur sje inn í landið af erlendu kapítali og nái fótfestu hjer. Hún er til þess að sporna við því, að fje landsins dragist í hendur útlendinga.

Hin breyt.till. sem fer fram á að tryggingin fyrir láninu sje hækkuð upp í 160 þús. kr. og eins breyt.till. (380), sem segir að það skuli vera »að minnsta kosti 160,000 kr.«, hún á að sýna þá varúð, að fje landssjóðs sje ekki kastað á glæ, og er því borin fram í góðum tilgangi í sjálfu sjer. En jafnframt því sem nefndin játar þetta, finnst mjer nauðsynlegt að taka fram hina aðra hlið málsins, en það er, að frv. þetta, eins og það var óbreytt, hefur ekki um skör fram hætt fje landssjóðs nje heldur gefið útlendingum kost á að kúga landsmenn með auðvaldi sínu.

Að því er snertir búsetuna, vil jeg taka það fram, að þar er ólíku saman að jafna og »selstöðunni«, sem svo hefur verið kölluð, það er að segja, að útlendingar reki hjer verzlun til að draga

fje landsmanna út úr landinu, því að grundvöllur þessa frumv. er einmitt gagnstæður, að laða útlendinga inn í landið til að mynda atvinnuveg þann, sem landsmenn ekki hafa getað stofnað og því ekki notað sjálfir, en sem hlýtur að koma landsmönnum til góða.

Þetta segi jeg ekki til að rýra breyt.-till., heldur til að sýna t. d., að frumv. er ekki vanhugsað frá upphafi, því að þar eð frumv. miðar til þess að laða útlendinga til að setjast hjer að og að koma upp atvinnu, sem hlyti að verða landinu til hins mesta gagns og auðsældar, þá er það einmitt gagnstætt selstöðunni, sem flytur peninga landsmanna og atvinnuefni til annara landa.

Viðvíkjandi hinni breyt.till., að tryggja lánið, þá get jeg ekki komizt hjá að taka fram gagnvart þessari varúð eða hræðslu þann grundvöll, sem frumv. hvílir á, eða markmið þess.

Ef menn bera það markmið, að koma á verksmiðju í landinu, saman við þá hugsun, sem ríkir í brjóstum að minnsta kosti flestra fulltrúa hinnar íslenzku þjóðar, sjálfsstjórnarhugmyndinni, þeirri hugsun að Íslendingar eigi sjálfir að vera herrar í sínu eigin húsi, — er þá ekki eðlilegt að hugsa að Íslendingar eigi að verða sjálfbjarga í sem flestu, en ósjálfbjarga í sem fæstu?

Jeg get ómögulega skilið, að þessi stóra en þó svo eðlilega hugsun, að Íslendingar eigi að stjórna sjer sjálfir, geti samrýmzt við þá auðvirðilegu og þó óeðlilegu hugsun, að þeir sjeu svo ósjálfbjarga, að þeir geti ekki unnið sínar eigin vörur, þar sem þeim þó standa hin sömu vinnuefni og hinir sömu náttúrukraptar til boða og öðrum þjóðum, sem hafa allt að frá 100% —800% arð af þeirri atvinnu, sem hjer ræðir um; þetta vona jeg að geta sannað.

Jeg álít að sú sjálfsstjórnarhugmynd, sem menn bera að minnsta kosti á vörunum, eigi einnig að koma fram í verkinu. Jeg álít að sjálfsstjórnarhugmyndin verði aldrei nema hugmyndin tóm og nyt fyrir utan kjarna, meðan landsmenn ekki efla innlenda atvinnuvegi á sjó og landi af öllu megni, og meðan þeir ekki innleiða þessa nýju afar-þýðingarmiklu atvinnugrein, iðnaðinn, sem ekki hefur verið reynd hjer og sem þjóðinni þó er í lófa lofið að koma á fót, efla og styrkja, ef hún einungis vill leggja nægilegt fje fram eða rjettara sagt hafa sannan áhuga á málinu, því hjer ræðir einmitt um að afla landinu auð fjár. Gagnvart þessari hugsun álít jeg að það sje ekki einu sinni sæmilegt, að vera að beita hinni sömu varúð við þetta lán úr landssjóði, eins og þegar beinlínis er um »Forretningssag« gagnvart nauðsyn eða hagsmunum einstakra manna að ræða.

Skoði maður hins vegar málið gagnvart gjaldendum landssjóðs, þá kemur sú spurning, hvaðan peningar landssjóðs sjeu runnir. Þeir eru ekki annað en saman tíndir og saman sópaðir svitadropar landsmanna, þeir eru partur af erfiði landsmanna; jeg segi þetta ekki til að rýra álit landssjóðs. Hvað á fógetinn að segja fátæklingum til huggunar þegar hann heimtar inn gjöld, sem hann veit, að hann hefur þörf fyrir sjálfur handa sjer og sínum, en hótar lögtaki ef það sje ekki greitt? Má hann ekki segja: Vertu rólegur maður! Þessir peningar eru teknir til að auka atvinnu þína, gefa þjer enn meira tækifæri til að fullnægja þörfum þínum og þörfum konu þinnar og barna?

Þetta stendur í allt öðru hlutfalli við landssjóðinn, heldur en þegar tekið er lán til spekúlatíóna, til jarðabóta o. s.

frv. Í þessu máli er alveg eins ástatt og gufuskipamálinu, og ýmsum öðrum áhugamálum, sem hafa kostnað í för sjer, málum, sem hafa komið fram í þessari þingdeild, henni til sóma.

Og hver er þá aðal-mergurinn í þessu máli? Og hvert á að vera hlutverk alþingis í því og öðrum velförnunarmálum þjóðarinnar? Hlutverk þess á að vera að hefja en ekki að kefja hugsunarhátt þjóðarinnar, að blása inn hjá henni anda þreks og manndáðar, en ala eigi anda vesaldóms og dáðleysis. Það er í sannleika helg skylda þingsins, að glæða ekki einungis göfugar hugsanir hjá þjóðinni í orði, heldur líka rjetta fram höndina, gjöra eitthvað verulegt, til þess að glæða þær, gjöra þær ályktanir, er efli hag landsins í heild sinni. Jeg tek þetta ekki fram til þess að rýra breyt.till., heldur til þess að leitast við að skýra fyrir h. deild, að það hafi alls engin hætta verið fólgin í frumv., sem þinginu sæmdi að stara á; þvert á móti. Frumv. vill veita manni, búsettum í landinu, lán, og gefa honum með því hvöt til að innleiða nýja og stórkostlega atvinnugrein í landið, atvinnugrein, sem er einn af þeim 3 liðum, sem oss vantar, til þess að vjer getum orðið bornir saman við menntaðar þjóðir, þann lið, sem stendur mitt á milli landbúnaðarins og sjáfarútvegsins og verzlunarinnar og iðnaðarins.

Jeg veit að jeg get átt von á að heyra það á bak og brjóst, að nú sje jeg að pólitisera uppi í skýjunum; það hef jeg opt fengið að heyra. En jeg vil ráðleggja þeim herrum, sem það bera fram, að grafa ekki hyggju- og skilningsvit sín svo djúpt í jörð niður, að þeim sýnist það hátt uppi í skýjunum, sem þó er sannarlega á jörðunni, — þessar útlendu selstöður, sem flytja framleiðslu lands óunna út úr landinu, landsins börnum til ómetanlegs tjóns og vanvirðu. Nei! þessar útlendu selstöðubúðir, sem standa svo víða á mölunum fram með ströndum Íslands, eru ekki svo veglegar, að það þurfi að bera hugann eða höfuðin hátt til að virða þær fyrir sjer, og lítinn vott bera þær sannarlega um gullstrauma þá, sem gegnum þær hafa gengið út úr landinu. Jeg sje litla ástæðu til að líta upp í loptið vegna þessara búða, nema ef það skyldi vera til þess að biðja föðurinn á hæðum að veita verzlunarstraumunum í þá átt, að í stað þessara búða mættu rísa upp vegleg og háreist íslenzk verzlunarhús, til blessunar fyrir Ísland, sonu þess og dætur.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við breyt.-till. nefnd. (380) samþ. með 12 atkv.; 1. breyt.till. nefnd. (368) samþ. með 13 atkv.; 2. breyt.till. nefnd. (368) samþ. með 16 atkv.

Frumv. með áorðnum breyt. samþ. með 12 atkv. og sent Ed.

Frumv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti og Laxá í Þingeyjarsýslu (C. 205, 383, 390); 2. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Eins og h. deild sjer, hefir nefndin ekki nema að nokkru leyti, jeg vil jafnvel segja, að litlu leyti, getað fallizt á þá grundvallarskoðun, sem frumv. er byggt á. Nefndarálitið sýnir ljóslega, á hverju nefndin byggir, það er að segja á því, að alveg sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi að því er snertir brýrnar á Skjálfandafljóti. Um þessar ástæður finn jeg enga þörf að fjölyrða, nema ef vera skyldi gagnvart breyt.till. 352 (C. 383). Lögin um byggingu Ölvesárbrúarinnar 3. maí 1889 voru samþykkt á þingi jafnhliða vegalögunum. Nefndin áleit, ef það hefði vakað fyrir alþingi, að átt hefði að beita grundvallarhugsun vegalaganna gagnvart Ölvesárbrú-

inni samkvæmt þessu frumv., þá hefði það verið mótsögn, að samþykkja lögin um brúargjörðina á Ölvesá, á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem gjört var, þar sem svo er ákveðið að til brúargjörðar á Ölvesá megi verja allt að 40,000 kr. úr landssjóði með því skilyrði, að sýslufjelög Árness- og Rangárvallasýslu, og jafnaðarsjóður Suðuramtsins, leggi til fyrirtækisins allt að 20,000 kr. En þetta ákvæði hefir á hinn bóginn eptir skoðun nefndarinnar einmitt í för með sjer, að einnig sje sanngjarnt að þeim sýslufjelögum sje vilnað í, sem brýrnar lögðu á Skjálfandafljót, og þau ekki neydd til að endurborga landssjóði allt það lán, sem þau fengu úr landssjóði, heldur látin njóta líkra kosta og sýslufjelögin, sem eiga að borga hlut í Ölvesárbrúnni. Nú verður um árslok búið að borga 1/4 af láninu til Skjálfandafljótsbrúarinnar, að minnsta kosti, ef brúin á Laxá er metin sanngjarnlega til verðs. Það liggur því í augum uppi, að hlutaðeigendur komast ekki ljettara út af brúargjörðinni á Skjálfandafljóti eptir því sem nefndin leggur til, en þeir sem eiga að taka þátt í borgun á brúargjörðinni á Ölvesá.

Jeg vona að h. þm. Rangv. (Ól. Ól.) sannfærist um, að engin hlutdrægni hafi ráðið skoðun nefndarinnar. Mjer er þetta mjög áríðandi, þar sem jeg er bæði einn af nefndarmönnum og líka flutningsmaður frumv.

Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um málið, en vona að það mæti góðum undirtektum hjá h. deild.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 352 felld með 13 : 1 atkv.; þar með voru hinar breyt.till. á sama þingskjali fallnar.

1. gr. frv. samþ. óbreytt með 14 : 1 atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 13 samhlj. atkv.

Breyt.till. nefnd. við 3. gr. samþykkt með 14 : 2 atkv. 3. gr. þannig breytt samþ. með 11 : 1 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um Íslandsráðgjafann (C. 341); ein umr.

Benedikt Sveinsson: Jeg get mjer þess til, að h. þingdm. hafi orðið við líkt og mjer, þegar þeir heyrðu það 4. ágúst, að stjórnarskrárfrumv. það, sem Nd. hafði rætt og samþykkt, var fellt frá 2. umr. í h. Ed. Jeg held að þeir hafi, eins og jeg, orðið hlessa þann dag, og jeg ímynda mjer að þjóðin verði líka hissa, þegar hún heyrir afdrif þess máls í h. Ed., því afdrif málsins þar koma í bera mótsögn við það, sem þjóðin sjálf hafði látið í ljósi í þessu máli í öllum kjördæmum landsins. En auk þess fer h. Ed. með þessari aðferð í bága við þá virðingu, sem hún er skyldug að sýna Nd. þingsins. H. Ed. hefði ekki átt að taka sjer það svo ljett, einkum af því, að hún hafði fyrir sjer mál, sem hún sjálf hafði samþykkt tvívegis áður. Jeg kalla þetta »parlamentariskt« gjörræði af h. Ed. *(Forseti:* Mjer finnst h. þm. viðhafa of sterkt orð, þar sem hann er að tala um, að Ed. sýni gjörræði). Jeg kalla það þá aptur parlamentariskt gjörræði, því hvað er það annað, þegar blindu atkvæðavaldi án röksemda er beitt við mál, og það fellt í annari hvorri deildinni, án þess að það sje nægilega íhugað og rannsakað, því þingsköpin eru ekki einasta til þess að menn geti rætt og íhugað málin á þingi, heldur og til þess að menn skuli ræða þau. En það sjá allir, að þegar önnur deildin fer svona með mál fyrir hinni, þá er því máli afskorin hin parlamentariska leið eptir þingsköpum gegnum báðar deildir til hins sameinaða alþingis. Það er þetta, sem jeg með fullum rjetti

kalla parlamentariskt gjörræði af hinni h. efri deild í öðru eins máli eins og stjórnarskrármálinu. Þetta er því »geymt en ekki gleymt«. Það er meðal annars geymd, en ekki gleymd hugvekja, sem h. Ed. með þessari aðferð sinni hefir gefið seinni tímunum, þegar farið verður að rekja þingsögu landsins.

Jeg hefi verið, það játa jeg, einn af aðal-frumkvöðlum og fylgjendum þess, að þetta fámenna þing væri tvískipt, en ekki allt í einni málstofu. Hjelt jeg því fram, af því jeg áleit, að í tvískiptíng þingsins væri fólgin hin bezta trygging fyrir því, að kröfum þjóðarinnar yrði gaumur gefinn, en þær ekki bældar niður í fæðingunni, án þess að of mikil flasfengni yrði þó ofan á. Jeg gekk út frá því, að málin yrðu rædd með meira fjöri og ákafa í Nd., en að meiri stilling og gætni kæmi fram í Ed. Með þessu móti, og góðri samvinnu milli deildanna, vonaði jeg, að málefnum þjóðarinnar yrði bezt og hyggilegast borgið.

Jeg efast ekki um, svo jeg snúi mjer að öðru atriði, að þeir, sem hafa borið það fram, fjöllunum hærra, bæði utan þings og innan, að ekki væri tilhugsandi, að taka stjórnarskrármálið fyrir á þessu þingi, hafi brosað í kampinn og hlakkað yfir afdrifum málsins í Ed. 4. ágúst. Þeir hafa sjálfsagt ætlað, þessir herrar, þessi vesalmannlegu ýlustrá þjóðarinnar, að þeir hafi átt sigri að hrósa; en jeg held, að þingsál.till. sú, sem nú er hjer til umræðu, á þingskjali 314, taki gleðina frá þeim og lækki í þeim rostann. Jeg vona það, að þessi tillaga styðji í fyllsta máta minn málstað og þeirra, sem mjer hafa fylgt, og sýni, að jeg hafði rjett að mæla, þegar jeg, í mínu og nefndarinnar nafni, sagði, við 3. umrræðu í neðri deild, að hvernig sem færi um stjórnarskrárfrumv. vort í h. Ed., hvort sem hún felldi það eða svæfði það, þá mundi »stúlkan ekki dauð, heldur sofin hún«. Þessi tillaga, sem nú er komin til vor frá h. Ed., hljóðar svo: «Alþingi ályktar að skora á ráðgjafa Íslands, að hann sjái svo um, að Íslands ráðgjafi sitji ekki í ríkisráði Dana, að því leyti er snertir hin sjerstaklegu málefni landsins«.

Tillaga þessi, gæti menn að því, er samin af manni, konungkjörnum þingmanni, sem veit manna bezt, hvað hann hugsar, talar og ritar. Í tillögunni stendur, að ráðgjafinn »sjái svo um«. Hvað liggur nú á bak við þessi orð? Í fyrsta lagi það, að Íslands ráðgjafi situr og hefir setið sem slíkur í stjórnarráði Dana. En hjer liggur líka annað og meira á bak við. Skyldi það vera fólgið í orðunum: »sjái svo um«, að ráðgjafinn skyldi semja frumv., er hann legði fyrir ríkisþingið danska, þess efnis, að stöðulögunum yrði breytt þannig, að Íslands ráðgjafi skyldi ekki sitja í stjórnarráði Dana? Eða skyldi það vera meiningin, að ráðgjafinn fyrir Ísland ætti, að því er snertir hin sjerstaklegu málefni Íslands, samkvæmt stöðulögunum, að hætta að sitja í ríkisráði Dana? Það er auðsjeð, að vjer höfum hjer hjá oss yfirlýsing h. Ed. um, að Íslands-ráðgjafi sem slíkur eigi ekki að lögum að sitja í ríkisráðinu, og fyrir þessa yfirlýsingu er jeg uppástungumanni hennar, og hinni h. efri deild í heild sinni, innilega þakklátur. Það er merkilegt að bera þessa ályktun efri deildar saman við svar landsh. á alþingi 1875, þegar jeg, eptir ósk hins ógleymanlega Íslandsvinar, Jóns heit. Sigurðssonar frá Kaupmannahöfn, bar upp þá fyrirspurn fyrir fulltrúa stjórnarinnar, hvort ráðgjafi Islands ætti að sitja í ríkisráðinu danska, að því er snerti Íslands sjerstöku málefni? Hann svaraði því, að Íslandsráðgjafi ætti að

sitja í ríkisráðinu, samkvæmt 1. gr. stöðulaganna. Þetta áleit jeg þá, og hefi allt af álitið síðan, rangt, og sá skilningur minn á stöðulögunum 2. jan. 1871 hefir nú fengið óyggjandi viðurkenningu frá hálfu hinnar h. efri deildar með formlegri þingsályktun. Vjer höfum hjer sönnunina fyrir oss í þessari tillögu h. Ed., sem samþykkt var af öllum hinum þjóðkjörnu þm. deildarinnar, og að minnsta kosti fullri helft hinna konungkjörnu þm. Þessi er þýðing tillögunnar. Hún sýnir, að báðar deildir alþingis eru nú orðnar samdóma í aðalspurningunni um rjetta þýðingu stöðulaganna, gagnvart hinum sjerstaklegu málefnum Íslands, og hinu afmarkaða sjálfstæða löggjafarsvæði alþingis, samdóma um þann aðalágreining, sem endurskoðun stjórnarskrárinnar miðar til að leysa úr, samdóma um að staðfestingarsynjun sú, sem eptir auglýsingu 2. nóv. 1885 er byggð á ríkiseiningunni dönsku, sje ekki á rökum byggð. Þetta er svo mikið og stórt fótmál áfram í stjórnarbaráttu vorri, að vjer getum byggt á því miklar og góðar vonir, að stjórn Dana muni láta af því kappi og þeirri kreddu, að beita Ísland ólögum. Vjer, sem nú eigum að leggja niður umboð það, sem þjóðin hefir fengið oss, getum gjört það með gleði og fullu trausti til góðra úrslita, því vjer vonum, að þjóðin muni senda þá eina fulltrúa á eptirfarandi alþing, sem með meiru þreki, betri samvinnu og eindrægni framfylgi stjórnarskrármálinu, ekki á einu eða tveimur þingum, heldur svo lengi, sem óskum vorum, þörfum og rjettlátum kröfum ekki er fullnægt, heldur en vjer sjálfir megum til að játa, ef vjer viljum segja sannleikann hlutdræknis- og hispurslaust, að vjer sjálfir höfum gjört, á kjörtímabilinu 1886—1892. Með þessari hugsun og þessu trausti samþykki jeg alls hugar feginn þessa þingsályktunartillögu, og jeg vona. að h. þingdm. gjöri það líka, allir fyrir einn og einn fyrir alla.

Páll Briem: Það gladdi mig að heyra h. þm., sem nú settist niður (B. Sv.), lýsa því yfir, að hann áliti að ráðgjafinn ætti ekki sæti í ríkisráði Dana, að því er snertir hin sjerstöku mál Íslands, og það gleður mig því fremur, þar sem þetta hefir verið mjög mikið deiluefni síðan á síðasta þingi. Jeg hef reyndar aldrei skilið andmæli þau hjá mótstöðumönnum mínum, að eptir því frv., sem jeg hjelt fram, ætti ráðgjafinn að sitja í ríkisráði Dana. Það gleður mig að heyra að það er nú orðið ofan á, að þeir álíta að það sje svo langt frá því, að ráðgjafinn hafi sæti í ríkisráðinu, að því er snertir hin sjerstöku mál, að það samkvæmt stöðulögunum sje ekki leyfilegt.

Það er samt ekki málefnið í sjálfu sjer, sem ástæða er til að gleðja sig yfir, því það kemur fram í þeim búningi, að mjer er ekki unnt að skilja, að það þannig lagað geti haft neina þýðingu.

Svo verð jeg að geta þess, að þar sem h. þm. (B. Sv.) talaði um parlamentarist gjörræði af efri deild að fella stjórnarskrármálið þegar við 1. umr., þá er það þó enn meira parlamentariskt gjörræði að lögbrjóta mál, eins og gjört var hjer í neðri deild 1889, eptir að stjórnarskrárfrv. kom frá Ed.

Þar sem h. þm. (B. Sv.) sagðist vera hissa og að aðrir mundu líka verða hissa, þá verð jeg að segja, að þeir sjá ekki langt fram í veginn. Það var mjög langt frá því, að jeg yrði hissa, og jeg er viss um, að flestir þm. í þessari deild hafa fyrirfram vitað, hver úrslit málsins yrðu í Ed., svo þeir hafa ekkert til

að verða hissa yfir. En hitt get jeg ímyndað mjer, að svo muni fara, að það verði mýmargt, sem h. varaf. (B. Sv.) verður hissa á áður en lýkur, því þó hann ekki sjái margt eða hafi gert sjer margt ljóst, þá sje jeg fram á margt, sem hann hefði ástæðu til að verða hissa yfir.

Benedikt Sveinsson: Af því jeg álít það eigi ekki við, að tala um það atriði nú, er h. þm. Snæf. (P. Br.) ympraði á, og virðist ætla að halda sjer við eins og lífakkeri sitt, þá svara jeg honum ekki, en ef jeg hefði álitið það ætti við að tala um málið, þá hefði jeg heimtað skýringu af honum um, hvað hann meinti með því að drótta lögbrotum að þingmönnum, en af því, sem sagt, að það kemur alls ekki þessu máli við, þá geri jeg það ekki.

Páll Briem: Jeg vona, að allir muni svo langt aptur í tímann, að mönnum sjeu minnisstæð þinglok 1889, þegar fundur fjell niður fyrir það, að forseti og fleiri mættu ekki, en það er lagabrot, þegar þingmenn að forfallalausu mæta ekki á þingfundi.

Sigurður Stefánsson: H. þm. Snæf. (P. Br.) talaði um, að efrideildarfrv. á síðasta þingi hefði dagað uppi hjer í deildinni fyrir lagabrot; þessum áburði hans ætla jeg ekki að svara öðru en því sem varaforseti tók fram, en hann talaði ekki um, hvernig á því stóð, að stjórnarfrv. í sumar fjell í Ed., en jeg vona að það komist einhvern tíma fyrir eyru þjóðarinnar, að það var einmitt honum að kenna; að öðru leyti álít jeg ekki svaravert það sem hann sagði.

Skúli Thoroddsen: Það var viðvíkjandi þeirri athugasemd hjá h. þm. Snæf. (P. Br.), að hann sagði það gleddi sig að það kæmi nú upp, að samkvæmt stöðulögunum ætti ráðgjafi Íslands ekki sæti í ríkisráði Dana, að mjer fannst hann vilja benda með þessum orðum á einhverja ósamkvæmni í skoðunum okkar, sem höldum fram hinni endurskoðuðu stjórnarskrá. Þá vil jeg benda á, að þegar við höfum haldið því fram, að það væri rangt að vitna til stöðulaganna, þá höfum við með því aldrei látið í ljósi, hvernig hinn rjetti skilningur á stöðulögunum væri. En því höfum við allt af mótmælt, að þeim skilningi væri slegið föstum, sem stjórnin faktist hefir haldið fram. En það er allt annað. Jeg segi ekki þetta til þess að sannfæra h. þm. Snæf. (P. Br.), því hann hefir sýnt, að hann lætur ekki sannfærast.

Páll Briem: Með leyfi forseta vildi jeg gera stutta athugasemd. Mjer þykir það skrítilegt, að það er æfinlega vani þeirra mótstöðumanna minna h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) og h. 1. þm. Ísf. (S. St.) að sæta lagi og tala ekki fyr en jeg er dauður, til þess að jeg geti ekki svarað þeim; það er eins og þeir þori ekki að tala, ef jeg má tala á móti þeim.

ATKVÆÐAGR.: Þingsályktunartill. samþ. í e. hlj. og send landsh. sem *þingsályktun, samþykkt af báðum deildum alþingis.*

Þrítugasti og áttundi fundur,

föstudaginn 14. ágúst kl. 12 á hádegi.

Allir á fundi nema 2. þm. N.-Múl. (Þ. Kj.), sem var sjúkur.

Forseti gat þess að til sín væru komin skjöl viðvíkjandi Ölvesárbrúnni, og yrðu þau lögð fram á lestrarsalinn.

Frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 303); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Ólafsson): H. deild mun kunnugt, hvernig fór með nefnd þá, er kosin var til að íhuga kosningarlagafrv. það, sem kom frá h. Ed. Fjórir nefndarmanna rjeðu til að fella frv., en einn þeirra rjeði til að samþykkja það með breytingum. En meiri hluti nefndarinnar gat þá ekki orðið allskostar sammála, þar sem jeg og h. þm. N. Múl. (J. J.) álitum, að þörf væri á því, að gera kjósendum, að minnsta kosti sumstaðar, hægra fyrir að neyta kosningarrjettar síns en nú er. Þess vegna höfum við leyft okkur að koma með frv. það, sem hjer er til umr. Það fer fram á, að amtsráðum skuli heimilt eptir óskum sýslunefnda að fjölga kjörstöðum í hverri sýslu, þó svo að þeir verði ekki fleiri en þrír í sýslu; með þessu álítum við í bráð stigið nægilegt spor til þess að gera kjósendum hægra fyrir að sækja kjörfundi. Í flestum sýslum mun það nægja, að hafa 3 kjörstaði í sýslu, ef þeir eru skynsamlega settir. Fáir munu eiga mjög óhægt með að sækja kjörfundi með þessu fyrirkomulagi, en af annari hálfu þykir okkur varúðarvert að gera kjósendum svo auðvelt fyrir með að neyta kosningarrjettar síns, að það geti orðið til að deyfa pólitiskan áhuga hjá þeim.

Það er eitt atriði í þessu frv., sem við leggjum áherzlu á, og það er, að sama kjörstjórnin sje í allri sýslunni. Við álítum það meiri tryggiñg, að sýslumaður sje allsstaðar oddviti kjörstjórnarinnar, en að hreppstjórar sjeu það; því að hvað sem um þá má segja að öðru leyti, þá mun óhætt mega fullyrða, að þeir sjeu naumast allir færir um það. Menn vita, að hreppstjórastaðan er ekki eptirsótt, og að jafnvel þarf stundum að þröngva mönnum til að taka það starf að sjer, og þar af leiðandi undir hælinn lagt, að hinir hæfustu menn í hjeraðinu fáist til að gegna því. Eptir þessu frv. er þingmannaefnunum mögulegt að mæta sjálfum á öllum kosningarstöðunum. Þetta er og mjög eðlilegt; það er eðlilegt, að þau geti mætt persónulega og staðið augliti til auglitis frammi fyrir kjósendum sínum, svarað spurningum þeirra og gert grein fyrir skoðunum sínum. Jeg álít líka betra fyrir kjósendurna, að fá að heyra skoðun þingmannaefnanna af þeirra eigin munni, en að láta milligöngumenn færa sjer hana, ef til vill, ekki allskostar rjett hermda. Það er líka stór kostur fyrir þingmannsefnið, að geta verið við og borið af sjer, ef á það eru bornar rangar sakir eða því eignuð orð og skoðanir, sem það hvorki vill nje getur kannazt við.

Jeg get ekki talið neinum vorkunn að sækja kjörfundi, þegar svo er umbúið, að enginn muni eiga lengra að sækja en svo, að hann geti farið að heiman að morgni og komið heim aptur að kvöldi eða fyrir miðjan dag daginn eptir. Jeg álít það hreint og beint pólitiskt dauðamerki, ef menn sækja ekki kjörfundi, þegar ekki þarf að leggja meira í sölurnar.

Menn geta sagt, að þetta verði til að auka kostnað, að hafa kjörstaði svo marga, en bæði hygg jeg að þessi kostnaðarauki muni ekki verða mikill, og að kjósendur muni fúsir á að bera hann. Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta fyr en jeg heyri undirtektir h. deildar.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 13 atkv.

Frv. til laga um lán úr viðlagasjóði til handa amtsráðinu í vesturamtinu til æðarvarpsræktar (C. 263, 402); frh. 2. umr.

Framsögumaður (Jens Pálsson): Nefndin, sem kosin var í þessu máli, varð samhuga í því áliti sínu, að það sje gagnlegt og full ástæða til þess að amtsráðinu í vesturamtinu sje með sjerstökum lögum útveguð heimild til þess að fá úr landssjóði lán til verndunar og eflingar hinum mikilvæga atvinnuvegi Breiðfirðinga og Strandamanna, æðarvarpinu. En í tilefni af breyt.till. h. þm. Barðstr. (S. J.), sem er sprottin af umönnun fyrir því, að það sje tryggt sem bezt, að lánið sje ekki tekið, nema öll hlutaðeigandi sýslufjelög sjeu fús á að taka það, og álíti það brýna nauðsyn, — út af henni hefir nefndin komið með breyt.till. við frv., og er hún gerð í þeim tilgangi, að lánið verði því að eins tekið, að ótvíræður almennur áhugi á lántökunni komi í ljós í sjálfu amtsráðinu með atkvæðum fulltrúanna. Þetta ákvæði í breyt.till., að $^2/_3$ af amtsráðinu skuli samþykkja lántökuna, ef af henni eigi að verða, það er sett til þess að tryggja sem bezt, að fullkomið almenningsálit sje fyrir því, að lántakan sje nauðsynleg, og að lánið eigi að takast.

Mál þetta er í sjálfu sjer svo gagnlegt og gott, að jeg verð að álíta, að lántakan hljóti að fá samþykki slíks meiri hluta, sem breyt.till. fer fram á. Það eru fyllstu ástæður til þess, að málið sje vandlega undirbúið áður en lánið er tekið, af því að endurgjald þess á að leggjast sem beinn skattur á allmarga menn með 28 ára afborgun.

Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um málið, en treysti því, að það muni nú fá fylgi h. deildar, þar sem við, fulltrúar þeirra hjeraða, sem hlut eiga að máli, höfum getað komið okkur saman um það.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefndarinnar við 1. gr. samþ. með 17 atkv.

1. gr. þannig breytt samþ. með 16 atkv.

2. gr. samþ. með 15 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um kennaramenntun (C. 256, 394); frh. síðari umr.

Framsögum. (Jón Þórarinsson): Það er óþarfi að fara langt út í að lýsa skoðun nefndarinnar á þingsályktunartillögu þessari; skoðun hennar er svo greinilega tekin fram í nefndarálitinu. Það voru einkum tvö atriði sem nefndin áleit nauðsynleg skilyrði fyrir því, að alþýðumenntun vor tæki verulegum framförum; hið fyrra var það, að þeir sem takast á hendur þann starfa, að kenna ungmennum, hefðu fengið þá undirbúningsmenntun, að þeir geti gegnt vel starfi sínu; hitt atriðið er, að nægilegt eptirlit sje haft með því, að kennslan fari vel fram, að minnsta kosti svo mikið, að landsstjórnin geti aflað sjer áreiðanlegra skýrslna um skólana áður en því fje er úthlutað, sem skólunum er ætlað. — Þetta síðara atriði lá ekki beinlínis fyrir nefndinni til íhugunar, en hún hefir þó látið í ljósi það álit sitt, að meiri umsjón með alþýðumenntuninni, en hingað til hefir verið, sje nauðsynleg, ef hugsa á til að kippa því máli í lag.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til h. framsögum. (J. Þ.), hvort hann vilji ekki gjöra grein fyrir, hvernig nefndin hafi hugsað sjer fyrirkomulag á kennarakennslunni, því að ekkert er tekið fram um það, hvorki í nefndarálitinu nje í tillögunni, hvernig hægt muni að koma henni fyrir í sambandi við þá gagnfræðakennslu, sem nú er í Flensborg. Er það meiningin, að sömu mennirnir eigi að kenna kennaraefnunum, og gagnfræðin kenna? Og

er það meiningin, að kennarakennslan fari fram á meðan kennsla fer fram á gagnfræðaskólanum, eða að hún byrji eigi fyr en honum er sagt upp á vorin? Um þetta vildi jeg fá upplýsingar frá h. framsögum. (J. Þ.).

Framsögumaður (Jón Þórarinsson): Við fyrri umr. þessarar till. tók jeg það fram, að hægt mundi að koma kennarakennslunni á á tvennan hátt í sambandi við gagnfræðakennsluna, annaðhvort með því, að láta hana byrja í byrjun skólaársins jafnframt gagnfræðakennslunni, og hafði jeg þá hugsað mjer, að hægt væri að hafa tíma í uppeldisfræði með kennaraefnum síðari hluta dags. Að sjálfsögðu yrðu þeir með þessu fyrirkomulagi, að leggja meira á sig en hinir, sem einungis stunduðu gagnfræðakennslu. En mjer virðist þó mega laga það með því, að þeir fengju að sleppa öðru hvoru útlenda málinu, sem á skólanum er kennt, dönsku eða ensku, líklega þó heldur ensku, því að margt mundi nauðsynlegra fyrir kennaraefni að læra en tvö útlend mál; en æskilegt mundi það, að kennarefni kynnu þó eitt útlent mál, svo að þeir gætu lesið fræðandi bækur um uppeldi á því máli. Jeg sje þó ekkert á móti því, að bóklega kennslan í uppeldisfræði sje samfara gagnfræðakennslunni, og meiningin er, að sömu kennararnir kenni hvorttveggja. Auk þess hugsaði nefndin sjer, að eptir að gagnfræðaskólanum er sagt upp í apríl-byrjun, ættu þeir, sem vildu leggja stund á kennslufræði, að njóta bóklegrar fræðslu í uppeldisfræði, og þó sjerstaklega taka þátt í verklegum æfingum í æfingarbekk í skólanum; það munu auðfengin börn til slíkra æfinga, því að á vorin, þegar barnaskólanum er sagt upp, kvarta ýmsir yfir því, að börnum sínum gefist ekki kostur á að ganga lengur á skólann.

Í nefndarálitinu hefði að sjálfsögðu mátt fara út í það, hvernig kennslunni skyldi haga; nefndin sá enga sjerlega ástæðu til þess, því að henni sýndust engir sjerlegir örðugleikar á að sameina gagnfræðakennsluna og kennarakennsluna. Þar að auki gjörði hún ráð fyrir, að samin mundi verða sjerstök reglugjörð fyrir kennarakennsluna. Auk þess sem þeir gætu tekið þátt í þessu námi, er á gagnfræðaskólann ganga, þá gjörði nefndin og ráð fyrir, að í »kennara-kursusinu« gætu og tekið þátt þeir, sem þegar eru orðnir kennarar, og aðrir fleiri. Auðvitað yrði það stuttur tími fyrir þá, og því ekki við miklu að búast; en reynslan hefir sýnt, að þeir sem þegar hafa áður fengizt við kennslu, þurfa ekki langan tíma til að taka framförum, ef þeim gefst kostur á að fá leiðbeiningu um ýms vafaspursmál, sem hjá þeim hafa vaknað við kennsluna, og ef athugi þeirra er vakinn á nýjum hliðum við kennsluna, nýjum kennsluaðferðum o. s. frv.

Jeg er viss um, að ef þeir Íslendingar, sem fóru á norræna kennarafundinn í fyrra, væru spurðir að því, hvaða gagn þeir hefðu haft af þeim 4—5 dögum sem fundurinn stóð, þá mundu þeir svara, að þeir hefðu haft mikið gagn af þeim, segja, að ýmislegt hefði skýrzt fyrir sjer og að margar nýjar hugmyndir hefðu vaknað hjá sjer, og að þeir hefðu lært meira en þeir bjuggust áður við. Þeir mundu ekki einungis segja, að þeir hefðu lært af kennarafundinum, heldur engu síður af því, að tala við kennara þá, sem þar voru, og af því að skoða skóla og sjá kennslu þennan tíma, sem þeir dvöldu eptir fundinn. Það er sú mikla þýðing, sem í því er fólginn, að kennarar komi saman á »kennarakursus«, að þeir geta þar borið sig saman sín á milli, og ættu þar að auki að geta fengið leiðbeiningar

hjá þeim, sem kennsluna eiga að hafa þar á hendi, því að búast má við því, að þeir hafi bæði nokkra reynslu sem kennarar, og að þeir muni gjöra sjer far um að afla sjer upplýsinga um kennsluaðferðir og kennslumál erlendis, að þeir muni reyna að fylgja með tímanum, en slíkt er mjög örðugt fyrir kennara til sveita á Íslandi, bæði af því, að þá skortir tíma til þess, og fje til að kaupa þær bækur, sem til þess útheimtist. Það er því við því að búast, að þeir sjeu ókunnir nýjungum í kennslumálum og kennsluaðferðum erlendis, en á þessu má vekja athygli þeirra á stuttum tíma. Að nefndin fór ekki lengra út í þetta mál, kom ekki til af því, að hún vildi ekki fara lengra, heldur af því, hvernig málið lá fyrir henni. Mjer er óhætt að lýsa því yfir fyrir hennar hönd, að hún álítur, að hjer sje að eins stigið fyrsta sporið í áttina. Það vakti glöggt fyrir nefndinni, að það eru ekki kennslustörfin ein, sem kennarinn þarf að fá þekkingu á, heldur ríður honum líka á að fá hugmynd um almenn skilyrði fyrir uppeldi barna, en sú þekking mun varla í svo góðu lagi, sem æskilegt væri hjer á landi. Að öðru leyti treysti jeg því, að hæstv. landsh., svo framarlega sem hann er málinu hlynntur, muni finna ráð til þess að sameina kennarakennsluna á einhvern hátt við gagnfræðakennsluna.

Landshöfðingi: Jeg hefi ekki hugsað eins mikið um þetta mál, eins og h. framsögum. (J. Þ.) og h. nefnd, en það vakti helzt fyrir mjer, að þessi kennaramenntun ætti að fara fram í Flensborgarskólanum á öðrum tíma og með öðru fyrirkomulagi, en h. framsögum. (J. Þ.) hefir hugsað sjer. Jeg hjelt að það væri hagfelldara, að kennaramenntunin byrjaði þá fyrst, þegar búið væri að segja upp skólanum sjálfum. Honum er lokið svo snemma, að kennaramenntunin ætti að geta farið fram í 2 mánuði, og ef þeim tíma væri eingöngu varið til kennarmenntunar, ætti að mega fá fram það sama, sem h. framsögum. og nefndin vilja. Aptur er jeg hræddur um, að ef þeir, sem ganga á gagnfræðaskólann, eiga jafnframt að taka þátt í kennslu í kennaramenntun, þá sjeu þeir ekki orðnir svo þroskaðir, eða búnir að fá þann undirbúning, sem nauðsynlegur er til að geta haft verulegt gagn af þeirri kennslu.

Þar sem h. framsögum. (J. Þ.) talaði um, að þeir, sem þegar væru orðnir kennarar, ættu að geta tekið þátt í þessari kennslu, þegar búið væri að segja upp Flensborgarskólanum, þá virðist mjer það einnig ætti að ná til þeirra, sem tekið hefðu próf, t. d. á Möðruvallaskólanum, og ef hvort sem er á að vera sjerstakt »kursus« við Flensborgarskólann í kennarafræðslu, eptir að skólanum er sagt upp, þá virðist mjer hentast, að það »kursus« verði fyrir alla, sem njóta vilja kennslu í þeirri fræði, eins þó þeir hafi verið undanfarinn vetur á Flensborgarskólanum. Þetta virðist mjer aptur styðja þá skoðun mína, að »kursus« fyrir kennaraefni ætti fyrst að byrja, þegar prófi á gagnfræðaskólanum væri lokið á vorin. Þetta fyrirkomulag virðist mjer ekki geta raskað því, sem h. flutningsmaður og nefndin vill fá fram. Jeg vildi gjarnan fá að vita, hvernig mönnum lízt á þessa uppástungu, sem jeg fyrir mitt leyti verð að álíta heppilega, enda þótt jeg ekki muni gjöra hana að neinu kappsmáli.

Framsögum. (Jón Þórarinsson): Það sem hæstv. landsh. og nefndina greinir á um, virðist eigi vera annað en það, hvort kennslan í kennaramenntun eigi að fara

fram jafnhliða annari kennslu í Flensborgarskólanum, eða fyrst eptir að skólanum er sagt upp á vorin. Þótt nefndin hafi hugsað sjer, að kennslan í kennaramenntun færi fram jafnhliða annari kennslu á skólanum, þá var ekki meiningin, að hún ætti að gjöra það nema að nokkru leyti. Nefndin hafði heldur ekki hugsað sjer, að nýsveinar á gagnfræðaskólanum byrjuðu strax þetta nám, því til þess þarf nokkurn þroska og nokkurn undirbúning. Um fyrirkomulag kennslunnar ræddi nefndin að öðru leyti ekki nákvæmlega, en hún treysti hæstv. landsh til að semja reglugjörð um þessa kennslu, og taka tillit til alls þess, sem rjett væri að taka tillit til. Það er langt frá að jeg hafi á móti því, að aðrir en þeir, sem ganga á Flensborgarskólann, taki þátt í þessari kennslu. Jeg álít þvert á móti, að allir, sem annars álítast hæfir til að vera kennarar, ættu að taka þátt í henni. Þó jeg þess vegna tæki það fram áðan, að kennsla þessi mætti vera samfara annari kennslu í skólanum, þá gjöri jeg þetta ekki að neinu sjerlegu kappsmáli, en treysti hæstv. landshöfðingja til að koma kennslunni fyrir á sem haganlegastan hátt, og vona jeg að hann leiti í því tilliti álits þeirra manna, sem þessu máli eru kunnugastir. Jeg held að skoðanir nefndarinnar og hæstv. landsh. sjeu ekki svo ólíkar, að þær geti ekki samrýmzt.

Jens Pálsson: H. framsögum. (J. Þ.) hefir tekið fram flest það, sem nefndin hafði lagt til í þessu máli, en jeg vi taka það fram, að nefndin, yfir höfuð að tala, leit á þessa ráðstöfun einungis sem bráðabyrgðarráðstöfun. En þegar um það yrði að ræða, að koma á fót reglulegri stofnun til að mennta kennaraefni, töldum við, að minnsta kosti tveir og jafnvel fleiri nefndarmenn, það heppilegast, að slíkri kennslustofnun væri komið á fót í Reykjavík. Það er margt, sem mælir með því, að hafa slíka stofnun fremur þar en annarsstaðar. Hjer er barnaskóli í mörgum bekkjum, sem ætti að geta orðið góður æfingaskóli fyrir kennaraefni. Hjer má gjöra ráð fyrir meiru andlegu lífi milli hinna mörgu kennara, sem hjer eru í þessum bæ, og þar af leiðir, að sá, sem hefði kennsluna á hendi í kennaraskólanum, lifði hjer að þessu leyti í heppilegri andlegum »atmosphære«, en verið getur annarsstaðar.

Viðvíkjandi því, hvort heppilegra muni, að láta þessa kennarakennslu í Flensborg fara fram þegar, jafnframt gagnfræðakennslunni, eða fyrst þegar hún hættir, þá hallast jeg að þeirri skoðun, að rjettara sje, að kennslan byrji fyrst þegar prófi er lokið í skólanum á vorin. Jeg geng nefnil. út frá því, að ekki að eins gagnfræðanemendur á skóla þessum taki þátt í þessari kennslu, heldur fleiri, sem annaðhvort þegar hafa gjörzt kennarar, eða vilja búa sig undir það starf. Það eru margir alþýðukennarar út út um landið, sem ekki hafa gengið á gagnfræðaskólana. Þessir menn eru bundnir við störf sín fram á vor, og geta því ekki tekið þátt í kennslunni í kennaramenntun, ef hún fer fram allan veturinn í sambandi við gagnfræðakennsluna. Jeg verð þess vegna að álíta heppilegra, að kennslan í kennaramenntun öll í heild sinni byrji þá fyrst, þegar hin hættir.

ATKVÆÐAGR.: Fyrri breyt.tillagan samþ. án atkv. Síðari breyt.till. samþ. með 16 atkv.

Tillagan þannig breytt samþ. með 20 samhlj. atkv., og sent til Ed.

Frumv. til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala (C. 213); 2. umr.

Sigurður Jensson: Jeg get ímyndað mjer að það sjeu máske fleiri þingmenn en jeg sem eru ekki vel heima í þessu máli, og álíti þetta vandamál mesta fyrir þingið að skera úr. Jeg hef síðan þing byrjaði fengið margar áskoranir frá kjósendum mínum um að vera á móti því að hvalaveiðar sjeu takmarkaðar, og jeg held h. þingm. Dal. (J. P.) muni einnig hafa fengið slíkar áskoranir.

Eins og kunnugt er, þá voru 1886 gefin út lög um friðun hvala, og ef menn gæta í Alþingistíðindin má sjá, að menn voru þá mjög hræddir við hvalaveiðarnar, af því þeir álitu þær mundu spilla fiskiveiðunum. Nú hefur reynslan sýnt, að það er ekki, heldur hafa komið góð fiskiár síðan. Þessir hvalaveiðamenn koma sjer þar að auki mjög vel, og menn eru almennt ánægðir með þá og vilja alls ekki amast við þeim, þar sem mönnum aptur á móti er mjög illa við fiskiveiðar hinna amerískönsku fiskimanna, og telja að mikið tjón standi af þeim, og vildu fegnir að eitthvað væri gjört til að koma þeim í burtu.

Þessi lög fara fram á að takmarka veiðitímann fyrir hvalveiðamönnum, en það gæti ef til vill orðið til þess, að þeir hættu að stunda hjer við land hvalaveiðar, og væri það gagnstætt vilja landsmanna, sem telja sjer mikinn hag at búsetu þeirra hjer á landi. Þar sem þetta mál er svo mikið vandamál og þingmenn flestir því lítt kunnugir eða með öllu ókunnugir, þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd til að íhuga það.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Með leyfi forseta vil jeg sem flutningsmaður málsins fá að gjöra stutta at hugasemd. Ræða h. þingm. Barðstr (S. J.) sýnir ljóslega, að hann er ekki kunnugur málinu. Frumv. fer hvorki fram á að stytta nje lengja friðunartímann, heldur að eins að færa hann til um 1 mánuð, svo það sem h. þm. Barðstr. (S. J.) sagði, kom málinu ekkert við. Hvað viðvíkur þessum áskorunum frá Barðstrendingum og Dalamönnum, þá þurfa þeir ekkert að óttast; þeir geta fengið sjer þvesti og undanfláttu með háu verði hjá hvalveiðurunum eins eptir sem áður.

Forseti: Þó jeg geti ekki skilið að það hafi neina sjerlega þýðingu að setja nefnd í þetta mál, þá vil jeg þó ekki undanfella að bera það undir h. deild, þar sem beinlínis var stungið upp á því.

ATKVÆÐAGR.: Að skipa nefnd í málið var fellt með 14:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Ólafsson,
Jens Pálsson,	Árni Jónsson,
Jón Jónss., þm. N.-Þ.	Benedikt Sveinss.,
Jón Þórarinsson,	Gunnar Halldórss,
Páll Briem,	Indriði Einarsson,
Sveinn Eiríksson,	Jónas Jónassen,
	Lárus Halldórsson,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Olafsson,
	Ólafur Pálsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Stefánsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundss.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Mál þetta er mjög einfalt, og þar sem jeg tók svo vel fram ástæðurnar fyrir því við 1. umr., sje jeg ekki ástæðu til að orðlengja það nú, en óska að eins að málið gangi til 3. umr.

Jens Pálsson: Verið getur, að mál þetta sje ekki eins mikið vandamál og jeg ætla það sje. H. 1. þm. Ísf. (S. St.) kvað málið einfalt; jú, það er það að

formi, en að efni getur það verið mjög þýðingarmikið, og þar sem engar upplýsingar liggja fyrir þinginu um málið, aðrar en 2 mótmælaskrár gegn því, þykir mjer ólíklegt að meiri hluti h. þingd.m. sje búinn að setja sig vel inn í þetta mál þó jeg verði að játa, að jeg sje ekki þessu máli gagnkunnugur, fremur en flestir aðrir h. þingdeildarmenn, þá get jeg ekki gengið inn á, að færslan á friðunartímanum sje þýðingarlítil.

Friðunartíminn er ekki styttur, það er satt, en það getur fullkomlega haft sína þýðingu, að friðunartíminn er fluttur fram um heilan mánuð. Það getur t. d. hugsazt, að aprílmánuður sje einmitt einn veiðisælasti mánuðurinn. Jeg veit ekki hvernig hagar til við Ísafjarðardjúp, en hjer við Faxaflóa, þá hefði það mjög mikla þýðingu, hvort hvers konar fiskiveiðar, sem eru, væru bannaðar 1 mánuði fyr eða seinna, og sama ætla jeg geti orðið ofan á um hvers konar afla af sjó, sem um er að ræða.

H. 1. þm. Ísf. (S. St.) færði helzt þær ástæður fram málinu til stuðnings, að hvalaveiðarnar spilltu opt veiðarfærum manna, helzt hrognkelsanetum þetta er vissulega mikilvæg ástæða. En það er þó bót í máli, að þegar þessir ríku Norðmenn skemma veiðarfæri manna, þá ber þeim auðvitað að bæta fyrir það fullum bótum; en eigi verður því neitað, að hjer er um töluvert vandkvæði að ræða, sem hefði þá afleiðingu að bændur þyrftu að byrgja sig betur upp að hrognkelsanetum til en ella. Í áskorun frá Dalamönnum og Barðstrendingum, sem þó eru þessu máli kunnugir, kemur fram ótti fyrir því, að ef aprílmánuður væri tekinn með í friðunartímann, þá kynnu Norðmenn að taka það til bragðs, að leggja stórum geymsluskipum fyrir utan fjarðarmynnin, og draga að þeim hvalina, skera þá og bera þar niður, og við það kynni fiskigangan að hindrast og gæti þetta þannig spillt stórum fyrir fiskiveiðunum, og valdið á þann hátt meira tjóni en nú stendur af hvalveiðunum.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Það er auðheyrt að það er af góðum vilja hjá h. þm. Dalam. (J. P.), til að gjöra kjósendum sínum til geðs, að hann talar í þessu máli; því öll ræðan ber með sjer að hann er þessu máli svo ókunnugur að hann getur varla um það talað. Hann getur þess til, að aprílmánuður sje fiskisælasti mánuðurinn. Nei, það er jafnvel óveiðisælasti mánuðurinn þá er stuttur dagur og opt vond veður. Það sýnir bezt, hvað hann þekkir lítið til, að hann hjelt að þetta væri ísjárvert, af því að Barðstrendingar og Dalamenn, sem væru kunnugir þessum veiðum, væru á móti því. En þeir góðu herrar eru víst kunnugri hvalkaupum, heldur en því, hvernig háttar til með veiðina, og samband hennar við fiskiveiðar Djúpmanna.

H. þingm. Dal. (J. P.) sagði líka, að ekki væri mikill skaði að missa hrognkelsanet, en jeg veit að h. þingm. Dal. (J. P.) hefur sjálfur svo mikinn útveg, að hann getur skilið, að mikill skaði muni vera að missa þau veiðarfæri, þegar hann er upplýstur um, að hrognkelsi eru þar vestra aðalskilyrðið fyrir því, að geta fiskað, þar sem þau á vorin eru nær því sú einasta beita, sem nokkuð aflast á. Ef menn missa þau í byrjun vertíðar, þá er allt eyðilagt. Vitanlega geta þeir stundum fengið veiðarfærin borguð. En þó þeir fái það, þá veiða þeir ekki þær krónurnar, þegar netin eru misst og þar með allur aflinn. Það er heldur ekki að eins netin, sem eru undirorpin þessari hættu; bátar þessir eyðileggja líðir líka. Þeg-

ar bátarnir hafa fest sig við hval, þá verða þeir að fara og fleygjast með hvalnum hvert sem honum þóknast að fara, án þess að taka tillit til hvað fyrir verður. Þeir geta reyndar skorið á festina, ætli hvalurinn að hlaupa með þá á land, en annars láta þeir það vanlega vera.

H. þingm. Dal. (J. P.) óttaðist að ef þetta kæmist á, þá færu hvalveiðararnir út á haf og bæru þar niður, og það mundi spilla fyrir fiskiveiðunum, en það er þá sannarlega meiri hætta fyrir útveg Djúpmanna en fyrir Barðstrendinga og Dalamenn, en jeg held að það yrði ekkert fremur fyrir það, þó friðunartíminn yrði og færður, þeir gjöra það hvort sem er. Jeg skal alveg láta ósagt um, hvort hvalveiðarnar spilli fyrir fiskiveiðunum; það er engin fullkomin reynsla fengin í því efni, en mjög margir halda það samt. Annars held jeg að Dalamenn og Barðstrendingar hafi enn meira gagn af fiskiveiðunum við Ísafjarðardjúp, þar sem þeir sækja þangað mikið af skreið á hverju vori, sem þeir fá með góðum kjörum, og þeim ætti því að vera annara um þær, en þvesti, sem þeir kaupa dýrum dómum hjá Norðmönnum, þó þeim vitanlega þyki það gott.

Jens Pálsson: Sumar af þeim ástæðum, sem 1. þm. Ísfirð. (Sig. St.) hefir nú borið fram þessu frv. til meðmæla, virðast mjer ekki hafa það gildi, sem hann gefur þeim; hefir hann því eigi sannfært mig um gagn og nauðsyn þess. Þar sem h. þm. (S. St.) tók það fram, að þetta frv., þó það yrði að lögum, gæti ekki gjört hvalveiðamönnum sjerstakan skaða, af því að nóttin væri í aprílmán. löng og dimm, en dagur stuttur og opt illviðrasamt, svo að eigi væri hugsandi til að halda úti skipum á hvalveiðum, þá vil jeg benda h. þm. (S. St.) á það, að styttri er dagur í marzmánuði og hafa þeir þó haldið úti skipum sínum svo snemma árs. Hann gat þess líka að Barðstrendingar og Dalamenn hefðu komið því til leiðar, að frumvarpi þessu væri andmælt hjer á þinginu; þeir væru ekki kunnugir því, hversu mikil áhrif það gæti haft á fiskiveiðar við Ísafjarðardjúp, en h. þm. (S. St.) verður þó að játa það, að þeim mun ekki vera það með öllu ókunnugt, þar sem hann veit, að margir eru þeir, einmitt úr þeim sýslum, sem stunda þar róðra á vorin, og að því hljóti þeir að bera nokkurt kennsli á afstöðu hvalveiðanna og fiskiveiðanna þar vestra innbyrðis. Sú ástæða, sem mjer virtist sanngjörnust, og sem jeg vel get gengið inn á, er sá skaði, sem hvalveiðaskipin geta gjört á veiðarfærum manna, einkum hrognkelsanetum, sem eru, eins og hin háttv. þingm. tók fram, með öllu ómissandi; en hann gat þess ekki, að hjer við liggur þó nokkur úrbót, sem útvegsbændum ætti ekki að vaxa svo mjög í augum, nefnilega að hafa hrognkelsanetin svo mörg, og á svo mörgum stöðum, að ekki yrði hætt við því, að sami maður gæti misst mörg, því síður öll sín net, og yrði fyrir þá sök í vandræðum vegna beituleysis.

Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar um þetta mál að sinni, en vil gefa því atkvæði mitt til 3. umr., svo mönnum gefist kostur á að kynnast því betur, og mun jeg þá gefa því atkvæði mitt annaðhvort með eða mót, eptir því sem sannfæring mín þá býður mjer.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 11 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 16 atkv.

Frv. til laga um rjett kvenna til að njóta kennslu á menntunarstofnunum landsins og um aðgang þeirra að embættum (C. 393); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 16 atkv. og afgr. til Ed.

Frv. til laga um kjörgengi kvenna (C. 145, 332); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt með 18 atkv. og afgr. til Ed.

Frv. til laga um afnám opins brjefs 26. sept. 1860 (C. 302); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.. Málinu vísað til 2. umr. með meiri hlut atkvæða.

Frv. til laga um skaðabætur þeim til handa, er að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi, eða sætt hegningu eptir dómi, sem og um greiðslu málskostnaðar í sakamálum, þegar svo stendur á (C. 162, 392); frh. 2. umr.

Framsögum. (Benidikt Sveinsson): Jeg skal geta þess, að í nefndarálitinu hefir orðið dálítil prentvilla í 2. tölul., þar sem stendur »við 1. gr.«, á að vera »við 2. gr.« og skal jeg biðja h. þm. að taka þessa leiðrjettingu til greina. Að öðru leyti skal jeg fyrir nefndarinnar hönd lýsa því yfir, að hún áleit frumstefnu frv. þessa að öllu rjetta og að aðalgrundvöllur þess sje byggður á mannúðar- og rjettlætislögmáli, en nefndin hefir aptur á móti komizt að þeirri niðurstöðu, að ákvæði þess sjeu eigi nógu víðtæk, og hefir hún tekið fram ljóslega skoðun sína í þá átt í nefndarálitinu, þar sem það leiði af hinu sjerstaklega ásigkomulagi landsins, að fyrir utan kaupstaðina sje gæzluvarðhaldi næsta sjaldan beitt, og að ákvæði frumvarpsins myndu því að því leyti fá litla þýðingu hjer á landi, en á hinn bóginn sje það mjög almennur hugsunarháttur hjá þjóðinnni, að sakamálsrannsókn sje mjög vansæmandi fyrir þann, er fyrir henni verði, sje um það að ræða, að hið opinbera eða rjettvísin beini að honum grun um glæp eður svipti hann því fulla frelsi um lengri eða skemmri tíma, sem hann annars nyti, og eflaust er það, að eptir hugsunarhætti þjóðarinnar, þá er hinnm sakborna með þessum hætti einum saman þó ekki sje um gæzluvarðhald að ræða bökuð ef ekki líkamleg þá sálarleg þjáning, meiðsli og fjártjón, ef hann er sýkn saka. Jeg vil því vona, að þingið gjöri sitt til, að kippa eigi fótum undan þeim grundvelli, sem þetta frumvarp er byggt á, en leyfi því óhindrað að halda áfram, eins og nefndin hefir gengið frá því hjer í deildinni, svo alþingið í heild sinni geti gefið fullnaðaratkvæði í því, ef deildirnar ekki geta komið sjer saman. Hvað viðvíkur skaðabótakröfu sakbornings eða þeim rjettarmeðulum, sem honum standa til boða, til að fá henni fullnægt, þá hefir það vakað fyrir nefndinni, að reyna að gjöra honum sem ljettast fyrir að koma henni fram, og annaðhvort heimila honum að tá gjört út um skaðabótakröfu sína um leið og sakamálið er dæmt í hjeraði, þar sem það skiptir hlutaðeiganda mikið, að hann í sem flestum tilfellum komist hjá einkamálslögsókn, sem opt hefir mikinn kostnað í för með sjer, þar sem setja yrði setudómara í málinu — ellegar þá að hann noti sjer þá aðferð, sem tekin er fram í 3. gr.

Jeg vonast eptir, að hæstv. landsh. fallist á þær aðalbreytingar, sem nefndin hefir gjört í þessu máli, og að hann taki vel undir það í heild sinni, þar sem ekki er farið fram á annað en það, sem vafalaust er við hæfi lands vors og rjettlætiskrötu einstaklingsins.

Landshöfðingi: Eins og h. framsögum. (B. Sv.) sagði, hefir nefndin gjört tvær efnisbreytingar við frv. Hin fyrri breyt-

ingin er undir 3. og 5. tölulið, því báðir þeir liðir fara fram á sams konar breytingar og standa og falla hver með öðrum, og á þessi breyting að miða til að gjöra sakborningi hægra fyrir að ná rjetti sínum. Jeg fyrir mitt leyti á erfitt með að skilja, hver heppileg afleiðing yrði af þessari breytingu í framkvæmdinni, og jeg er hræddur um, að h. nefnd hafi eigi verið það fullljóst sjálfri. Eptir frv. á maður, sem hafður hefir verið í gæzluvarðhaldi, heimting á skaðabótum í tveim tilfellum: þegar hann er látinn laus, án þess að sakamál sje höfðað, og þegar sakamál er höfðað gegn honum, en hann er sýknaður með dómi. Í fyrra tilfellinu getur hann krafizt þess, að um leið og úrskurðað er, að málsókn falli niður, sje úrskurður felldur um, hvort honum beri skaðabætur eða ekki. Í síðara tilfellinu verður skaðabótakrafa hans ekki til fyr en sýknudómurinn yfir honum er fallinn, og þá skil jeg ekki, hvernig hann getur krafizt þess, að sjer verði dæmdar skaðabætur með sýknudóminum, sem á að vera genginn á undan kröfunni um skaðabæturnar. Dómurinn á ekki að dæma neinum manni, sem setið hefir í gæzluvarðhaldi skaðabætur ex officio; það verður að koma fram krafa um það frá sakborningi, en sú krafa getur, eins og jeg sagði, ekki komið fram, fyr en grundvöllurinn fyrir henni er orðinn til, þ. e. fyr en sakborningur er sýknaður með dómi. Jeg sje heldur ekki betur, en að sakborningi sje gjört auðvelt að ná rjetti sínum eptir frumvarpinu, þar sem hann getur komið kröfu sinni fram fyrir yfirdómi, ef sýknudóminum eða varðhaldsúrskurðinum er áfrýjað þangað, og hann einnig á heimting á gefins málsókn til þess að höfða skaðabótamál hvort heldur í hjeraði eða fyrir yfirdómi. Að skjóta megi skaðabótakröfu undir úrskurð amtmanns, hef jeg ekki neitt á móti í sjálfu sjer; jeg ímynda mjer, að því mundi mjög sjaldan verða beitt.

Jeg get heldur ekki verið samþykkur hinni síðustu breytingu nefndarinnar, sem er við 8. gr., því þar finnst mjer að gengið sje helzt til of langt, þar sem ákveðið er, að hver maður, sem sætir sakamálsrannsókn og sem kannske að eins mætir einu sinni fyrir rjetti, hafi heimting á, að fá svo og svo miklar skaðabætur, jafnvel þó það hljóti að liggja í augum uppi, að þetta atvik gæti ekki gjört honum minnsta skaða, hvorki í peningalegu tilliti nje á annan hátt, nje í nokkurn minnsta máta sett blett á mannorð hans sem góðs og gilds lims í þjóðfjelaginu; auk þess gæti slíkt lagaákvæði haft þá afleiðing í för með sjer, að hlutaðeigandi lögreglustjórar, yrðu deigari á að kalla menn fyrir rjett, þegar óviss grunur lægi á þeim í einhverju sakamáli, til þess að komast hjá því, ef til vill, að baka landssjóði mikil útgjöld, ef grunurinn reyndist alveg tilhæfulaust; en þar af gæti aptur leitt, að mörg sakamál yrðu ekki rannsökuð til hlítar, og að aldrei kæmist upp, hver valdur væri að ýmsum lagabrotum.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Þessi sama athugasemd, sem hæstv. landsh. gjörði, kom til umræðu í nefndinni, að tvísýnt væri að skaðabótakrafan yrði eðlilega ákveðin samhliða sýknuninni, en meðnefndarm. mínir álitu það væri hægt að koma því svo fyrir. Það sem mjer virtist mest athugavert við þetta, var áfrýun málsins til æðri dóms í því tilfelli, þegar maður væri dæmdur sýkn fyrir undirrjetti og sömu

ástæður sem leiddu til sýknunar hans, gæfu honum einnig rjett til skaðabóta, og þær væru þess vegna dæmdar honum í undirrjetti; því, ef svo málið kæmi fyrir yfirrjett, kynni yfirdómurinn að dæma hann sekan, kynni svo að virðast sem skaðabótakrafa hans stæði eptir undirrjettardóminum eigi að síður óhögguð. Athugasemd hæstv. landsh. í þessa stefnu get jeg mikið vel skilið. En við nákvæmari yfirvegun gat jeg þó orðið meðnefndarm. mínum samdóma, því ef maðurinn yrði dæmdur í yfirrjetti, þá hlyti einnig skaðabótakrafan af sjálfu sjer að falla niður. En það er alveg rjett, að maður verður að hugsa sjer sýknunardóminn sem gefinn, áður en skaðabótakrafan getur komið til greina, en þar fyrir geta þó bæði atriðin verið ákveðin í hinum sama dómi. Jeg er líka samdóma hæstv. landsh. um það, að ákvæðið í 6. breyt.till. nefndarinnar getur í fyrsta áliti skoðazt of víðtækt, og það kom líka til umræðu í nefndinni, að þetta væri varhugavert. En vjer skildum frumv. svo, að sakborningur hefði eigi ætíð rjett til skaðabóta, þótt hann væri sýknaður, og það var einmitt sú útþýðing á frumv., sem sætti mig við breytingartillöguna. Það er mjög sjaldgæft til sveita, að menn sjeu settir í gæzluvarðhald, en jeg held að rjettarrannsókn gegn manni geti verið allt eins þjáningarmikil, þó hann sje eigi settur í gæzluvarðhald, ef eigi líkamlega, þá sálarlega, og því finnst mjer eigi hálf rjettarbót að frumv. þessu, ef það er eigi svo víðtækt, að það nái einnig til þeirra, sem alveg að ósekju hafa sætt sakamálsrannsókn.

Landshöfðingi: Jeg vil að eins geta þess, að samkvæmt 1. gr. frumv. er eigi gjört ráð fyrir, að hver maður, sem hefir setið í gæzluvarðhaldi en verið sýknaður með dómi, hafi rjett til skaðabóta, en eptir hinni nýju grein getur hver sá, sem að ósekju hefir sætt sakamálsrannsókn, ákæru eða dómi, haft rjett til skaðabóta, þó hann hafi ekki sætt gæzluvarðhaldi. En mjer finnst sá maður, sem máske að eins einusinni hefir verið kallaður fyrir rjett, af því einhverju hefir verið logið upp á hann, en reynist strax við fyrstu rannsókn að vera með öllu saklaus, eigi hafa orðið fyrir neinu fjártjóni eða neinni minnkun, sem hann eigi heimting á skaðabótum fyrir.

Hvað snertir hið annað atriði, þar sem nefndin hefir viljað gjöra sakborningi hægra fyrir með að koma skaðabótakröfu sinni fram, þá sje jeg eigi að hann eigi erfitt með það samkvæmt frumv. Hann þarf eigi annað, þegar málinu er áfrýjað til æðri dóms, en að láta bera skaðabótakröfu sína fram fyrir yfirrjetti, og þar sem hlutaðeigandi ætíð fær gjafsókn, ef málinu ekki er skotið til æðri rjettar, svo að hann verður að höfða sjerstakt skaðabótamál, þá veldur skaðabótakrafan honum mjög lítilli fyrirhöfn.

Páll Briem: Það sem vakti fyrir mjer viðvíkjandi breyt.till. á 3. gr. var, að það mundi verða töluvert mikill kostnaður að koma skaðabótakröfunni fram, með því að það yrði optast að skipa setudómara, og að það gæti farið svo, að kostnaðurinn við að höfða málið yrði miklu meiri fyrir landssjóð, en skaðabæturnar sjálfar. Á þessu er byggð breyt.till. undir 3. tölulið. Breyt.till. undir 5. tölulið fer í þá átt, að sporna við útgjöldum fyrir landssjóðinn. Þessi breyt.till. gengur að eins út á það, að sakborningur geti, ef hann hefir eigi krafizt skaðabóta undir málinu, leitað úrskurðar amtmanns um hana, og sje hann óánægður með þann úrskurð, þá geti hann höfðað skaðabótamál við landsyfirrjettinn »prima instantia«.

Hvað snertir 6. breyt.till. þá sýnist það vera rjett að sá, sem að ósekju hefir orðið fyrir sakamálsrannsókn, geti haft rjett til skaðabóta; það er auðvitað, að í því dæmi, sem hæstv. landsh. nefndi, að maður hefði einusinni verið kallaður fyrir rjett, af því einhverju hefði verið logið upp á hann, þá hefir hann ekkert fjártjón liðið og enga smán, og þar getur skaðabótarjetturinn eigi komizt að, eptir þessari nýju gr. En ef maðurinn hefir orðið að mæta opt og fara til þess langan veg og vera lengi heiman að, þá finnst mjer eðlilegt, að hann hefði rjett til skaðabóta.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg stend fast við það sem jeg sagði áðan, að frv. heimilar ekki skilyrðislausar skaðabætur fyrir gæzluvarðhald, því að í 1. gr. stendur: »ef álíta má eptir því sem fram er komið í málinu, að hann sje saklaus». Jeg bið menn gæta þess, að hjer er ekki talað um dóm, heldur um álit dómara, hvort sakborningur sje saklaus; hjer er ekkert skilyrðisleysi, því dómarinn á að meta þær ástæður, sem eru fyrir hendi.

Ef við hæstv. landsh. getum orðið samdóma um þetta, þá verður okkur heldur ekki annað til sundurlyndis. Því þegar þessi skilningur er lagður í málið, þá kemst maður hjá athugasemd hæstv. landsh., að hver og einn geti fengið skaðabætur, enda þótt hann hafi ekki verið fyrir rjetti nema einu sinni, því að dómarinn á eptir að líta á ástæður og málavexti engu síður í þessu tilfelli, en þótt gæzluvarðhald hafi verið viðhaft.

Það er þessi mismunandi skilningur, sem ágreiningurinn rís af; en jeg get ekki betur sjeð, en að jeg hafi rjett fyrir mjer með minn skilning. Allt er komið undir mati og áliti dómaranna, eins og jeg hef margopt sagt.

Landshöfðingi: Út úr orðum h. þm. Snæf. (P. Br.) vil jeg benda h. nefnd á, að hún segir sjálf í áliti sínu, að það sje hjer á landi álitin smán, að verða fyrir sakamálsrannsókn einni saman. Samkvæmt þessum orðum nefndarinnar þarf þá ekki meira eptir almenningsálitinu til þess að maður eigi heimting á skaðabótum, en að hann hafi einu sinni verið kallaður fyrir rjett til rannsóknar, en reynzt saklaus. Á þessum orðum h. nefndar voru ummæli mín byggð. Jeg fyrir mitt leyti get ómögulega álitið slíkt fyrirkall fyrir rjett neina smán, og því heldur ekki ástæðu til skaðabóta fyrir sakamálsrannsóknina eina.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Viðvíkjandi þessum orðum hæstv. landsh. vil jeg benda honum á, að hann má ekki byggja eins á hverju orði í nefndaráliti eins og í sjálfum texta frv. sjálfs. Engin nefnd vandar eins, vegur og hnitmiðar hvert orð í áliti sínu, eins og þegar um lagafrumv. sjálft er að ræða.

Annars er það eptir áliti manna hjer þjáning, að minnsta kosti sálarleg, að vera lögsóttur. Auðvitað skal jeg játa, að það geta komið fyrir tilfelli, þar sem það strax upplýsist, að sakborningur er hafður fyrir rangri sök og málið fellur niður—, já meira að segja, að sakamálarannsókn getur verið svo bersýnilega ástæðulaus, að hún sje ekki til annars en hlægja að henni; en í öðrum tilfellum er sakamálarannsókn meiðandi fyrir menn. Menn verða að gera ráð fyrir, að hið opinbera þjóti ekki út í rannsókn, nema töluverðar líkur sjeu að styðjast við, sem gefi grun, að sakborningur sje sekur. Eins og hæstv landsh.

veit, getur komið fyrir óendanlegur fjöldi af margvíslegum tilfellum, sem mjer yrði erfitt að lýsa, telja upp og flokka eptir grundvallarreglum laganna. Þá vil jeg nefna, að það er vel hugsanlegt að maður sje saklaus, og eigi þó erfitt já máske alveg ómögulegt með að sanna það. Meðan á rannsókninni stendur, er það smán og þjáning fyrir sakborning, en kannske ekki beinlínis fjártjón, ef hann er ekki nema 1—2 sinnum fyrir rjetti, og þó getur það verið svo hjer á landi, þar sem langan veg er að sækja á þingstaðinn. Hjer getur farið saman smánin og fjártjónið, þegar menn eru 3—4 daga á leiðinni til rjettarhaldsins, og hefi jeg í minni praxis vitað þess dæmi; yfir höfuð verður engin almenn regla gefin, laus við hin sjerstöku atvik í hverju einstöku tilfelli.

Aðalatriðið er, að það er ómögulegt að koma með sannfærandi rök fyrir því að menn geti ekki eptir hlutarins eðli eins haft rjett til skaðabóta, þó þeir hafi ekki verið í gæzluvarðhaldi, ef þeir að eins hafa orðið fyrir bersýnilega ranglátri sakamálsrannsókn, enda gef jeg mjög lítið fyrir þá rjettarbót, sem felst í þessu frv., ef sú grundvallarsetning ekki kemst að, sem á við staðhætti þessa lands.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefnd.(373) við 1. gr. báðar samþ. í e. hlj.;

1. gr. þannig breytt og 2. gr. óbreytt samþ. hvor um sig í e. hlj.;

breyt.till. nefnd. (373) við 3. gr. samþ. með 15 atkv.; 3. gr. þannig breytt samþ. með 15 atkv.;

4.—8. gr. samþ. hvor um sig óbreytt í e. hlj.

Breyt.till. um nýja gr., 9. gr., samþ. með 11 atkv.; 7. og 8. till. í breyt.till. nefnd. (373) samþ. með 17 og 16 atkv.

Málinu vísað til 3. umr með 16 atkv.

Tillaga til þingsalyktunar um strandferðir póstgufuskipa (C. 365, 388); hvernig ræða skuli.

Skúli Thoroddsen stakk upp á 2 umr., og var það samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um landsbankann (C. 360); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á 1 umr. og gat þess, að koma mætti með breyt.till. við þessa einu umr., en flutningsm. stungu upp á 2 umr. Það var samþ.

Tillaga til þingsályktunar um lán úr landsbankanum (C. 382); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um telephóna (C. 383); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGr.: Samþ. að hafa 2 umræður.

Þrítugasti og níundi fundur, laugardaginn 15. ágúst kl. 12 á hád.

Allir á fundi.

Tillögur til þingsál. um gagnfræðakennslu í lærða skólanum o. fl. (C. 472, 393); frh. fyrri umr.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Eins og sjá má á nefndarálitinu (C. 393), hefir nefndin fallizt á þessar till. yfir höfuð að tala, eins og þær komu frá h. Ed.

Till. eru tvær.

Hin fyrri er þess efnis, að gagnfræðakennsla komist á við lærða skólann. Það hefir lengi verið ósk manna og vilji, að gagnfræðakennsla kæmist á í Reykjavík, og verður nefndin að álíta, að tími sje kominn til að verða við þessari ósk. Nefndin hefði helzt viljað ganga lengra en hjer er gert, en sá það ekki fært að

sinni, og leggur því til að þessi till. sje samþ. óbreytt.

Síðari till. fer fram á, að latína verði ekki heimtuð til inntökuprófs í lærða skólanum, og að lærisveinar Möðruvallaskólans, er tekið hafa burtfararpróf í þeim skóla, fái rjett til að verða teknir próflaust í lærða skólann. Þessa till. vill nefndin sömuleiðis aðhyllast.

Eptir stefnu tímans virðist ekki vera ástæða til að heimta latínu til inntökuprófs. Sá tími, sem varið er til latínunáms í skólanum sjálfum, er svo mikill, að lærisveinum ætti ekki að vera vorkunn að nema svo mikið í latínu, sem nauðsynlegt er eptir kröfum nútímans. Það virðist jafnvel eigi til of mikils ætlazt, með þeim kennslukröptum, sem eru við skólann, að þótt latínutímum væri fækkað dálítið, þá geti piltar á 6 árum lært svo mikið í latínu, sem nauðsynlegt er fyrir þá, til þess að geta fengið inngöngu á hinn æðri skóla. Auk þess hefir það ekki lítinn kostnað í för með sjer, að láta kenna piltum latínu undir skóla. Það mun að öllum jafnaði taka upp heilan vetur.

Síðari liður þessarar till. er spor í þá áttina, að setja skóla vora í samband hvern við annan. Þá stefnu í skólamálum vorum aðhyllist nefndin samhuga, og hefði fegin óskað, að meira væri gert í þá átt. Ef til vill hefði það verið æskilegast, að lærisveinar frá Möðruvallaskólanum hefði getað setzt hærra en í 1. bekk latínuskólans, en nefndin sá sjer ekki fært að stinga upp á því nú, þar eð það gat eigi gengið fram í Ed.

Loks skal jeg benda á, að nefndin vill, að bætt verði við þriðju till. um, að reglugjörð lærða skólans verði endurskoðuð. Þetta virðist nefndinni eðlileg og nauðsynleg afleiðing af hinum fyrri till. Því án þess að reglugjörð lærða skólans verði breytt, verður gagnfræðakennslunni ekki við komið í skólanum. Til þess þarf að fækka kennslustundum í öðrum námsgreinum, og leggur nefndin til, að sjerstaklega verði takmörkuð kennslan í latínu og grísku. Þar sem í þessu máli eru samtara óskir þjóðarinnar og álit h. Ed., þá vona jeg að jeg þurfi ekki að mæla frekar með þessum till. hjer í þessari h. þingd. Jeg treysti því, að h. þingdm. samþykki bæði till. h. Ed. og viðaukatill. nefndarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Báðir liðir till. samþ., með 20 atkv. hvor.

Viðaukatill. nefndarinnar (376) samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr.sömuleiðis í e.hlj.

Tillaga til þingsál. um póstgöngur (C. 399, 404); síðari umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg hef í rauninni ekkert að segja um þessa till. nú. Nefndin hefir leyft sjer að koma með nokkrar breyt.till.(389), sem jeg vona að verði samþ., þar sem þær eru byggðar á umræðum manna um málið við hina fyrri umr. þess.

Jeg skal benda á, að það er prentvilla í till. undir tölul. 6 stafl. G.: »Sámstaðir« fyrir: »Gilsbakki«. Það er líka auðsjeð, að tvær seinustu línurnar eiga ekki heima hjer í till. Þetta er vonandi að megi leiðrjetta, þegar þingsál. verður prentuð upp aptur.

Landshöfðingi: Jeg vil að eins geta þess, þó það mál sje ekki hjer til umr. nú, að ef till. um gufuskipaferðirnar verða samþykktar eins og þær eru nú, þá verður ekki hjá því komizt, að fjölga enn meir brjefhirðingarstöðum. Ef strandferðaskipin eiga t. d. að koma á Fáskrúðsfjörð og á Ólafsvík, þá verður

að stofna brjefhirðingu á þessum stöðum. Þess vegna verður að breyta þessum till. síðar samkvæmt því, sem samþ. verður um strandferðirnar.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Nefndin áleit sjálfsagt, eins og hæstv. landsh. benti á, að fjölga þyrfti brjefhirðingarstöðum, ef strandferðunum yrði hagað eptir þeim till., er komið hefir verið fram með hjer í deildinni, en með því þær till. eru enn ekki samþykktar, þótti nefndinni að svo stöddu ekki ástæða til að koma með breyt.till. samkvæmt þeim hjer í deildinni.

ATKVÆÐAGR.: Allar breyt.till. (C. 404) samþ. með 20 atkv. hver. Till. þannig breyttar samþ. í e. hlj. og afgreiddar til landsh.

Tillögur til þingsályktunar um landsbankann (C. 381, 416); fyrri umr.

Breytingartill. á þingskjali 400 (C. 416) hafði fyrst verið útbýtt í byrjun fundar; en þingd. samþykkti, að taka hana til umr. og atkvæðagreiðslu.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Við flutningsm. þessara tillaga höfum komið með þær eptir áskorun ýmsra kjósenda, sjer í lagi kjósenda okkar.

Fyrsta tillagan er í fullu samræmi við frumv. það um landsbankann, sem samþykkt var fyrir skemmstu hjer í þingd. Það er áhugamál allra hugsandi landsmanna, að bankastjórinn sje maður, sem ekki hefir önnur embættisstörf á hendi. Það er vonandi að hæstv. landsh. geti sjeð svo um, að kominn verði sá maður í framkvæmdarstjórasýslanina fyrir næsta þing, sem ekki hefir önnur embættisstörf. Mjer væri kært, ef hæstv. landsh. vildi nú skýra frá því, hvort hann fyrir sitt leyti mundi styðja að því, að landsstjórnin yrði við óskum landsmanna í þessu efni.

2. tillagan er samhljóða tillögu, sem samþykkt var hjer í þingd. á síðasta þingi. Jeg get þess vegna verið fáorður um hana nú. Það hefir verið tekið fram, að bankinn hjer stæði í sambandi við banka í Kaupmannahöfn. Jú, bankinn hefir staðið í einhverju sambandi við »Landmandsbanken,« en það viðskiptasamband er öldungis ónógt, því eptir bankastjórnarinnar eigin orðum er það mest fólgið í því, að »Landmandsbankinn« hefir innleyst þá seðla, er endrum og sinnum hafa flækzt til Khafnar. Viðskiptasamband við enska eða skozka banka hefir bankinn hjer alls ekki haft, og geta þó allir ímyndað sjer, hve ómetanlegt hagræði það væri fyrir landsmenn. Það hefir heyrzt sú mótbára móti því, að bankinn hjer stæði í sambandi við skozka eða norska banka, að það væru svo stórar peningaupphæðir, sem Skotar og Englendingar þyrftu að senda hingað, að bankinn gæti ekki borgað þær út, ef gefnar væru út ávísanir upp á hann. Landsbankinn ætti þó æfinlega að geta skuldbundið sig til að borga út einhverja vissa uppbæð eptir hentugleikum sínum.

3. tillagan, um að bankinn stofni útibú, var samþykkt hjer í þingd. á síðasta þingi; en landshöfðingi hefir ekki þótzt geta tekið hana til greina. Jeg skal játa, að ástæður þær, sem bankastjórnin bar fyrir sig, geta verið góðar og gildar. En við viljum halda þessu áhugamáli landsmanna vakandi í þeirri von, að bankinn láti ekki ógjört að stofna útibú, er honum vex fiskur um hrygg. Meðal annars hefur bankastjórnin borið það fyrir, að stofnun útibúa kostaði mjög mikið. Það er efalaust, en jeg held að það borgaði sig samt fyrir bankann að stofna útibúin; en aðalkosturinn við þá framkvæmd bankans yrði þó æfinlega það, að lands-

menn ættu miklu hægra með að nota bankann. Ekki get jeg sjeð, að bankinn þurfi að eiga neitt á hættu, þótt hann stofni þessi útibú eða framkvæmdarstofur úti um land, því það virðist sjálfsagt, að þeir, sem taka að sjer framkvæmdarstörfin á útibúunum, setji hæfileg veð fyrir þeim peningum, sem þeir fá umráð yfir, líkt og framkvæmdarstjóri landsbankans nú setur, og eptir því veði, sem hann hefir þurft að setja, þá virðist enginn ógjörningur að fá menn, er geti sett veð fyrir útibúunum.

4. tillagan fer fram á, að bankinn sje opinn að minnsta kosti 6 stundir á dag.

Okkur sýnist það liggja í eðli bankans sem peningaverzlunar, því að annað er hann ekki, að hann sje opinn mikinn hluta dagsins, til þess að almenningur geti átt greiðan aðgang að honum. Eins og kaupmaðurinn álítur það skyldu sína, að hafa sölubúð sína opna fyrir almenning allan daginn, eins virðist bankinn eiga að vera opinn mikinn part dagsins.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessar tillögur að sinni; en jeg treysti því, að þær fái fylgi hæstv. landsh.

Landshöfðingi: Út af áskorun háttv. flutningsm. (S. Stef.) viðvíkjandi 1. tillögunni, skal jeg taka það fram, að hún stendur í svo nánu sambandi við frumv. það til laga um landsbankann, sem nú er fyrir þinginu, að jeg get ekki sagt neitt eindregið um þessa tillögu, fyr en jeg sje, hvað þingið gjörir við það frumv.

Jeg sje, að það á að hafa tvær umr. um þessar tillögur, og getur þá víst ekkert verið á móti því, að láta hina síðari umræðuna bíða þangað til búið er að ræða og greiða atkvæði um bankalagafrumv.

Að því er snertir hinar aðrar tillögur, þá mun jeg, ef til kemur, bera þær undir álit bankastjórnarinnar. Jeg álít að jeg hafi ekki vald til að skipa bankastjórninni að framkvæma það, sem hún álítur ógjörlegt, og afskipti þingsins af störfum og stjórn bankans eru fólgin í því, að það velur tvo gæzlustjóra, sem stjórna bankanum með framkvæmdarstjóranum.

Indriði Einarsson: Jeg stend einkum upp til þess að mæla með breytingartill. minni á þingskjali 400. Jeg verð að álíta, að það sje nægilega langur tími fyrir bókarann og gjaldkerann, að vera 4 stundir í bankanum á dag. Það er líka aðgætandi, að þó bankinn sje ekki opinn lengur en 4 stundir, þá verða starfsmenn hans að vera þar optast miklu lengur. Því þegar búið er að loka bankanum, verða þeir að fara að færa inn í höfuðbækurnar og bera saman og gjöra upp bækur sínar o. s. frv. Þetta tekur nokkuð langan tíma.

Þó bankinn ekki verði opinn lengur en 4 tíma, þá er fullnógur tími til að fullnægja kröfum almennings. Flestir út um land, sem hafa einhver viðskipti við bankann, hafa menn fyrir sig hjer í Reykjavík, og þeim, sem hjer búa, er innan handar að mæta í bankanum einhverntíma á 4 stundum. Að lengja tímann leiðir því ekki til annars, en að láta viðskiptamennina í Reykjavík hafa lengri tíma en þörf er á, og hinsvegar til að þreyta starfsmennina og gjöra þá leiða á að hanga í bankanum opt yfir litlu eða engu; og að innleiða sama slæpingsskapinn hjer í bankanum, og gengur í búðum hjer í bænum, er til þess að starfsmenn bankans megi ganga þar um gólf allan veturinn, og blása í kaun, eins og búðarmenn okkar gjöra nú.

Þess ber líka að gæta, að ef banka-

tíminn verður lengdur, þá verður framkvæmdarstjórn bankans að sitja í bankanum tiltölulega lengri tíma en nú. Nú veit jeg ekki hvort þingið álítur rjett, að gæzlustjórarnir sitji í bankanum t. d. 3 stundir á dag fyrir einar 500 krónur um árið.

Um hinar aðrar tillögur skal jeg ekki fara mörgum orðum. Að eins skal jeg taka það fram, að afleiðingin af því, að bankinn stofnaði útibú, yrði sú, að hjer kæmist aldrei upp önnur peningastofnun en þessi eina. Útibúunum verður auðvitað stjórnað á sama hátt og eptir sömu reglum eins og aðalbúinu. Og ef vjer hefðum að eins þessa einu peningastofnun, gætum vjer fengið hjer hina mestu peningaeinokun, sem hægt er að hugsa sjer.

Jeg get aldrei fallizt á það, sem farið er fram á í 1. tillögunni; þó mun jeg ekki tala um það atriði nú, en geyma mjer það til síðari umr., ef þörf gjörist.

Flutningsm. (Sigurður Stefánsson): Það eru fáein atriði í ræðu h. þm. Vestm. (I. E.), sem jeg ætla að minnast á. Það er auðvitað, að skoði maður þetta mál að eins frá því sjónarmiði, hvað starfsmenn bankans vilja, þá er eigi ástæða til að lengja tímann, sem bankinn er hafður opinn; en þó það sje gott fyrir þá, að hafa bankatímann sem stytztan, þá er það eigi þægilegt fyrir þá, sem eiga við hann að skipta. Það er ekkert skemmtilegt fyrir ferðamenn, að verða að bíða heilan dag til þess að komast í bankann; þar sem þetta er sú eina peningastofnun, eiga landsmenn heimting á, að hún sje opin á flestum tímum dagsins, eins og búðir kaupmanna, og það er ekkert of mikið heimtað af starfsmönnum hans, þegar þeim verður launað sómasamlega. Jeg get heldur eigi talið eptir annari eins stofnun og bankanum, þó lagt sje í á veturna, svo menn þurfi eigi að blása í kaun, eins og þm. Vestm. (I. E.) ber kvíðboga fyrir.

Jeg skildi heldur eigi vel athugasemd h. þm. Vestm. (I. E.) um peningaeinokunina. Mjer er alveg óskiljanlegt, að það verði meiri peningaeinokun, þótt bankinn hefði útibú eða framkvæmdarstofur á fleiri stöðum.

H. þm. Vestm. (I. E.) tók einnig fram, að bankinn gjörði eigi betur en fullnægja peningakröfum Reykjavíkur og Gullbringu- og Kjósarsýslu, ef bærinn og sýslan notuðu hann. Hann á þó enn þá eptir 70 þús. kr. í seðlum, er hann hefir enn ekki tekið og sem hann því sjálfsagt hefir eigi þótzt hafa brúk fyrir. Þetta sýnir þó óneitanlega, að annaðhvort fullnægir hann peningaþörfinni hjer umhverfis sig, eða þá að menn vilja eigi brúka hann, og þá er ekkert líklegra, en að það sje fyrirkomulagi hans að einhverju leyti að kenna. Mjer sýnist það eitt, að peningar liggja í bankanum, vera ljósastur vottur þess, að menn eiga óhægt með að nota bankann; ef hann aptur á móti hefði framkvæmdarstofur út um landið, þá væri miklu hægra að nota hann eða rjettara sagt nota þær. En hitt verð jeg að álíta getsakir, að stofnun, sem landsstjórnin setti á stofn landsmönnum í hag, yrði einokunarstofnun. Það gæti verið, ef bankinn væri privatstofnun, en um landsbankann er allt öðru máli að gegna.

Mjer dettur eigi í hug að gjöra það að neinu kappsmáli, hvort bankinn er opinn 6 stundir á dag eða 4 stundir.

Eiríkur Briem: Viðvíkjandi fyrsta atriðinu í tillögunni hef jeg áður látið í ljósi skoðun mína og vil því ekkert fara út í það að þessu sinni.

Hvað annað atriðið snertir, vil jeg taka það fram, að bankinn er þegar í viðskiptasambandi við Landmandsbank-

ann í Kaupmannahöfn og það nær miklu lengra en h. 1. þm. Ísf. (S. St.) sagði, því að það ganga eigi litlar ávísanir milli þeirra. En jeg sje ekkert á móti að viðskiptasambandið við útlönd jykist; þó skal jeg taka það fram, að það er svo ódýrt að senda peninga með póstávísunum, að bankaávísanir mundu eigi verða billegri, eða eigi sem nokkru nemi. Póstávísanir eru borgaðar úr ríkissjóði Dana og hann tekur eigi neinar rentur; aptur á móti yrði landsbankinn annaðhvort að hafa peninga fyrirliggjandi með lítilli rentu í banka erlendis eða borga rentur af því, sem lagt yrði út fyrir hann. Peningaviðskiptin við England eru svo sórfelld, að bankinn yrði að hafa fyrirliggjandi stórfje, til þess að geta tekið þau að sjer svo nokkru nemi, og það gæti hann eigi án þess að hepta stórum framkvæmdir sínar að öðru leyti.

Bankastjórnin hefir tekið fram áður, hvað mæli á móti að fara að setja á stofn framkvæmdarstofur nú þegar og skal jeg vísa til þess, en þar sem hjer er eigi farið fram á annað en hið sama, sem tiltekið er í bankalögunum, þá álít jeg tillöguna óþarfa, en að öðru leyti sje jeg ekkert á móti henni.

Hvað snertir það, að bankinn sje opinn 6 stundir á dag, þá álít jeg það óþarflega langan tíma, allra helzt að ákveða það svona yfir höfuð, því það er mikill munur á, hvað mikið er að gjöra á hinum ýmsu ársins tímum. Í októbermánuði er mikið að gjöra, og eins opt þegar póstar koma og póstskipin; aptur eru aðrir árstímar, sem lítið er að gjöra og lítil ástæða til að hafa bankann opinn mjög lengi, eða svo lengi sem till. fer fram á.

Indriði Einarsson: Jeg held að h. sessunautur minn (S. St.) hafi ekki skilið orð mín um banka-«monopol«. Mjer er sama, hvað hann heitir, hvort hann heitir landsbanki eða »privat«-banki, því jeg held, að þegar hann einn hefir allar framkvæmdarstofur út um landið, þá verði bæði honum og framkvæmdarstofunum stýrt eptir sömu aðalreglum, þannig, að já og nei á einum staðnum verði einnig já og nei á öllum hinum fyrir þá, sem láns þurfa með; verður þetta óbærilegt, því þeir eiga ekki í annað hús að venda. Það sem vakir fyrir mjer er, að heldur ætti að setja annarstaðar banka á stofn, sem væri sjerstök stofnun út af fyrir sig, svo að þeir gætu »konkúrrerað« hver við annan. Samkeppnin hefir ætíð heppilegar afleiðingar. Sumir h. þm. kunna að líta svo á, sem þetta sje vitleysa, en jeg get eigi annað álitið, en að hjer gæti borgað sig að hafa fleiri banka; ef við værum eins langt komnir og Skotar ættum við að hafa einar 14 bankastofur, og í bankalögunum er gjört ráð fyrir 4 framkvæmdarstofum. Jeg ímynda mjer að það liggi ljóst fyrir, hvort sje betra, einokun eða samkeppni; hjer gildir alveg sama regla eins og um vöruverzlun.

Breyt.till. mína um að bankinn sje hafður opinn 4 stundir, sem yrði að minnsta kosti 5 tíma vinnutími fyrir starfsmenn hans, vona jeg að háttv. þingdeildarm. aðhyllist, enda sagði h. flutningsm. (Sig. Stef.) að sjer væru 6 stundir ekkert kappsmál, og það er langt frá að jeg hafi þar eingöngu starfsmenn bankans fyrir augum. Vinna sú, sem þeir hafa, er þannig löguð, að þeir verða að hafa sí-vakandi eptirtekt á því, sem þeir eru að gjöra, til þess að allt geti farið vel fram og með nægilegri nákvæmni, en jeg get vel ímyndað mjer að eptirtektin dofni, ef þeir þurfa að hafa bankann allt of lengi opinn. Jeg veit eigi hve langur bankatími er alls staðar erlendis, en hann er eigi meir en 4 tímar í Dan-

mörku, og svo ætla jeg að sje víðast annars staðar. Bankar hafa miklu færri viðskiptamenn en kaupmenn, sem selja í smákaupum.

Ef bankatíminn er hafður miklu lengri, en þörf er á, held jeg hann verði eigi til annars en deyfa starfsmennina, og jeg verð í þessu efni að leggja mestan trúnað á orð h. þm. Húnv. (E. Br.), af því að hann hefur haft verkleg afskipti af bankanum og þekkir bezt til um, hve lengi bankinn þarf að vera opinn. Jeg kom með breyt.till. eigi fyrir starfsmenn bankans, heldur af því jeg álít hana heppilega fyrir bankann sjálfan.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): H. 1. þm. Húnv. (E. Br.) tók það fram, að það gæti vel komið fyrir og væri jafnvel líklegt, eptir því sem verzlunarviðskipti ykist t. d. við Englendinga, að þá gæti verið gefin út svo stór ávísun á bankann, að honum væri með öllu ómögulegt að innleysa ávísanina eða með öðrum orðum hefði eigi svo mikið fje fyrirliggjandi, en mjer finnst að vel megi synda fyrir þetta sker, með því að takmarka maximum upphæðar þeirrar, sem bankinn borgaði út, t. d. um 100,000 kr.

Jeg get ekki verið alveg samdóma h. sessunaut mínum (I. E.), þegar hann talaði um framkvæmdarstofur víðs vegar um landið, og sagði, að það sem væri já eða nei hjá einni þeirra, mundi vera já og nei hjá hinum; en þótt svo væri, þá er þó sá kostur við útibúin að það er mun hægra fyrir allflesta landsmenn að fá þetta já eða nei heima hjá sjer, heldur en sækja það jafnan suður í Reykjavík.

Hann sagði enn fremur, að hið eina ráð til að greiða fyrir almenningi í peningalegu tilliti væri það, ef komið væri á 2 bönkum, sem kepptust hver á við annan, og enda sama, hver kæmi þeim á fót. Má vel vera, að ef privatmenn kæmu banka á fót, þá kæmi samkeppni á milli þeirra, en þess verður víst lengi að bíða, að privat-menn á Íslandi stofni banka til að concurrera við landsbankann, enda væri það óðs manns æði, eptir því sem bankanum eykst auður og álit; ef landssjóður þar á móti stofnaði annan banka, sem reyndar er all-ólíklegt, þá myndi honum að líkindum verða stjórnað eptir líkum reglum og eldri bankanum, og þá eru nú lítil líkindi til samkeppni þar á milli fremur en milli útibúanna. Þessir tveir bankar, sem h. þm. Vestm. (I. E.) var að tala um, eru því að mínu áliti eintómar hugsjónir eða draumar, sem seint munu rætast á Íslandi.

Hvað starfstímann snertir, álít jeg það ekki neina ofætlun af starfsmönnum hans með sæmilegum launum, sem ekki hefðu neitt annað embætti á hendi, þó þeir ynnu samtals 8—9 stundir á dag í þarfir bankans. Að öðru leyti gjöri jeg það ekki að kappsmáli, hve lengi bankinn skuli vera opinn á degi hverjum, en ber það traust til framkvæmdarstjórans, að hann hagi því eptir þörfum landsmanna, — hvort sem þessi tillaga verður bókstaflega tekin til greina eða ekki.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2. tölul. samþ. með 21 atkv. hvor; 3. tölul. samþ. m. 18 atkv. Breyt.till. við 4. lið felld með 12 : 7 atkv.; 4. tölul. samþ. óbreyttur með 16 atkv.

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um landsbankann (C. 382); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþykkt umræðulaus með 18 atkv. og afgreidd til landshöfðingja sem *þingsályktun, samþykkt af báðum deildum alþingis.*

Tillaga til þingsályktunar um telephóna (C. 383); fyrri umr.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Jeg býst við því, að h. þingd.m. muni þykja það nýmæli sem þingsályktunartillaga þessi fer fram á; en jeg ætla þó, að auðvelt muni að sýna, að hjer er ekki um það stórræði að ræða, að menn þurfi að verða óttaslegnir, nje um það nýmæli, að menn þurfi að falla í »forundrun«, eður brosa yfir ofdirfsku okkar flutningsmanna.

Vjer vitum það allir, hve afarmikla þýðingu það hefir, svo fyrir oss, sem fyrir aðrar þjóðir, að viðskiptalífið sje sem fjörugast og greiðast; vjer vitum, að góðar samgöngur og greið viðskipti manna á milli, það er sú lífæð, sem öll sannarleg velmegun og þjóðheill streymir gegnum, og vjer hljótum að viðurkenna, að það er það aðal-lífsskilyrðið, sem framtíð fósturjarðar vorrar verður að byggjast á.

En þegar vjer nú lítum á það, hvað hjer á landi er gjört til að bæta samgöngurnar og greiða viðskipti manna, þá verðum vjer að játa, að það er, sem vonlegt er, því miður harla lítið. Samgöngur vorar á sjó mega enn eigi heita nema í ófullkominni byrjun, og þegar til samgangnanna á landi kemur, þá erum vjer í þeirri grein enn meira á eptir tímanum.

Í vorum núgildandi vegalögum er svo til ætlazt, að vagnvegir skuli lagðir eptir öllum aðal-póstleiðum landsins, en enn þá eigum vjer að eins nokkra akbrautarspotta, mest megnis kringum höfuðstaðinn. Jeg skal nú eigi segja með vissu, hve langir allir vorir aðalpóstvegir muni vera til samans, en jeg ætla þó, að óhætt muni að reikna þá samtals 2—300 mílur. Setjum nú, að það kosti landið að meðaltali 16 þús. krónur að leggja hverja mílu af vagnvegum, og mun það tæplega of hátt reiknað, því að þó að hver míla verði sumstaðar í byggðum töluvert ódýrari, þá verður hún aptur þeim mun dýrari víða í óbyggðum, þegar leggja skal vagnbrautir yfir fjöll og firnindi; ef vjer því reiknum, að mílan kostaði 16 þús. krónur, þá yrði landið að leggja fram 3—4 miljónir króna til að gjöra aðal-póstvegina vagnfæra, og er þá ótalinn allur viðhaldskostnaður, sem árlega hlýtur að skipta mörgum þúsundum.

En hvaðan á vor fátæka og fámenna þjóð að taka þetta fje? Vjer leggjum nú á ári 20—30 þús. krónur til aðalpóstleiðanna, og getum þannig aukið akbrautir vorar um 1—2 mílur árlega; en hvað segir það? Hve óendanlega lítið þokast eigi viðskiptalíf vort í eðlilegra horf fyrir þessi fjárframlög?

Það er með þetta fyrir augum, að okkur flutningsmönnunum hefir hugkvæmzt, hvort ekki sje hægt að greiða fyrir viðskiptaþörfinni á annan hátt, hvort ekki megi finna annan fljótfarnari og kostnaðarminni veg, og þess vegna förum við fram á, að h. þingdeild samþykki þingsályktunartillögu okkar, að skora á stjórnina að láta næsta alþingi í tje skýrslur um það, hvað kosta muni að samtengja helztu kaupstaði landsins með málþræði (telephon). Sje málþráðurinn lagður frá Reykjavík til Ísafjarðar, frá Reykjavík til Akureyrar og frá Akureyri til Seyðisfjarðar, með hæfilega mörgum »stationum« í hverri sýslu, þá mun láta nærri, að vegalengdin, er málþráðurinn næði yfir, væri 130—140 mílur; geri maður nú ráð fyrir, að hver míla, upp og niður, myndi kosta 2500—3000 kr., sem mun sennilegt, þá ætti kostnaðurinn að vera 3—400,000 kr.

Jeg skal geta þess, að við flutningsmenn vorum á báðum áttum um það, hvort tiltækilegra væri að leggja »tele-

phona« eða »telegrapha«; viðvíkjandi kostnaðinum við lagningu »telegrapha« hef jeg í höndum álit frá norskum »ingenieur«, hr. E. O. Johannesen í Kristianíu, og telur hann, að kostnaðurinn við að leggja »telegraph« á landi sje eptir atvikum 200—250 kr. á hvert kilometer; sem gerir 1500—1875 kr. fyrir hverja danska mílu; í skýrslu sinni segist nefndur »ingenieur« hafa tekið tillit til alls kostnaðar við lagningu »telegraphsins«; en af því að vera má, að hann, sem að eins hefir dvalið, skamma hríð hjer á landi, hafi ef til vill eigi tekið nægilegt tillit til hinna erfiðu og dýru flutninga hjer á landi, þá ætla jeg að leggja nokkuð ofan á áætlun hans, og gera ráð fyrir, að hver dönsk míla kynni að kosta 2500—3000 kr.; eptir þessu ætti þá að verða hjer um bil jafndýrt að leggja telegraph og telephon; en á hinn bóginn er þess að gæta, að telegraphinn verður samt sem áður töluvert dýrari, með því að það þarf lærða »telegraphista« á hverri »station«; en við »telephoninn« þarf engan sjerstakan lærdóm, heldur að eins eyrað; við höfum því ekki að svo stöddu viljað stinga upp á »telegraph«, en ef hinni háttv. þingdeild þykir það rjettara, þá höfum við ekkert á móti því, og munum hugleiða það nákvæmar til síðari umræðu.

Þá er næst að hugleiða, hvaða hagnað leiddi af því, ef helztu staðir landsins væru samtengdir með málþræði eða frjettaþræði. Hvað myndi leiða af því? Þar af leiðir, að fjarlægðirnar eins og hverfa eða minnka, svo að menn sem búa í fjarska hver frá öðrum geta átt daglega viðskipti saman, og þar að auki ljettir það að mun viðskiptin við útlönd; þannig gætu t d. kaupmenn á Ísafirði haft gagn af skipaferðum úr Reykjavík.

Þegar því næst er um það að ræða, hvort eða að hve miklu leyti slíkt fyrirtæki myndi borga sig, þá er það ekki svo að skilja, að jeg ímyndi mjer, að mikið yrði fyrst í stað í aðra hönd; vjer skulum setja, að fyrirtæki þetta borgaði að eins viðhaldskostnað, og laun þeirra manna, er við telephoninn eða telegraphinn yrðu settir sem umsjónarmenn, svo að landssjóður yrði að leggja fram árlega rentuna af því »capitali« sem fyrirtækið kostaði; en þetta get jeg alls eigi álitið fráfælandi nje frágangssök; engan beinan hag hefir landssjóður af vegabótunum; þar verður hann enda að leggja fram viðhalds-kostnaðinn; hagurinn yrði mest fólgin í því óbeina gagni, sem af þessu leiddi fyrir landið, auk þess sem ýmsir menn fengju atvinnu við það.

En er þá nokkurt ráð til að koma þessu fyrirtæki á fót, munu menn spyrja? Já, að vísu hefir landið, sem stendur, eigi það fje handbært, sem fram þyrfti að leggja; en vegurinn til að koma þessu fyrirtæki á fót er að okkar meiningu sá, að landið taki 3—400,000 kr. lán, og gæfi út óuppsegjanleg skuldabrjef sem þeirri upphæð svaraði; rentan þar af yrði þá framt að 12 þús. — 16 þús. krónur á ári, eptir því með hvaða kjörum lánið fengist. Jeg hygg nú eigi, að oss Íslendingum þurfi að blæða þessi upphæð svo mjög í augum; vjer höfum t. d. og höldum enn við tveim embættum — amtmannaembættunum —, sem allur fjöldi landsmanna er svo hjartanlega ásáttur um, að sjeu allsendis óþörf, að eins upp á stáss; setjum nú svo, að vjer yrðum svo samhentir, að oss tækist á endanum að fá þessi embætti afnumin, — og þá höfum vjer strax ríflega þsssar 12 þús. krónur á ári.

En nú fer þessi tillaga eigi svo langt, að slengja strax þessum kostnaði á landssjóðinn; hún fer ekki fram á

annað, en að þingið fái að sjá greinilega áætlun um, hvað þetta fyrirtæki mundi kosta, svo að það geti ráðið við sig, hvort því virðist það tiltækilegt eða ekki.

Jeg vona því, að háttv. þingdeild sje mjer samdóma um það, að hjer sje ekkert lagt í hættu, og að fyrirtækið sje þess vert, að ræða það á þingi, og afla sjer svo nákvæmra skýrslna, sem unnt er um. Það er sannfæring mín, að fyrirtækið mundi verða til stórmikilla framfara fyrir landið, og það til mikið meiri framfara, heldur en þótt vjer verjum 30,000 kr. árlega í vegagjörð, því þrátt fyrir það munum vjer við næstu aldamót að eins standa litlu feti framar en nú; en þegar vjer höfum komið þessu í kring, þá megum vjer og betur við því, að halda áfram í hægðum vorum með vagnvegina, eptir því sem efni og aðrar kringumstæður leyfa.

Jón Þórarinsson: Jeg get verið h. flutningsm. þessarar till. (Sk. Sk.) mjög samþykkur um hinar almennu athugasemdir, sem hann gerði um, hve mikið gagn telephón mundi gera, ef ýmsir staðir á landinu yrðu sameinaðir þannig. Hins vegar held jeg þó að ætlun hans um kostnaðinn sje ekki á góðum rökum byggð, ekki einu sinni nærri lagi.

Mjer heyrðist hann gera ráð fyrir, að kostnaðurinn við hverja mílu mundi ekki fara fram úr 2—3000 kr. Menn hafa nú þegar dálitla reynslu hjer á landi um kostnað við að leggja telephón, því að hann hefir nýlega verið lagður milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Vegalengdin er 16,000 álnir, og það kostaði alls 3000 kr., að leggja þráðinn. En við þetta er þess að gæta, að flutningur á timbri er hjer hægari og kostnaðarminni en víðast annarsstaðar, því að staurarnir voru hjer fluttir frá báðum endum, og nam því vegalengdin hvergi meira en rúmlega 1/2 mílu, en staurarnir fluttir á vagni, sem ekki verður alstaðar við komið. Annað er það, að hjer var brúkaður stálþráður, sem er hinn ódýrasti, en þegar um svo langt svæði er að ræða, sem till. fer fram á, þá er óhugsandi að hafa annað en silicium-bronce í þráðinn, en það er mörgum sinnum dýrara en stál, og mundi þetta auka kostnaðinn drjúgum.

Jeg býst því við, að 2—300 þús. kr. yrði ekki nærri nóg til að leggja telephón á þessu svæði, sem till. fer fram á, en allt um það gæti verið ástæða til að ráðast í það, og jeg geri ekki þessar athugasemdir til að fella till. Vjer getum auðvitað enn ekki gert oss neina áreiðanlega hugmynd um ágóðann, enda tók h. flutningsm. (Sk. Th.) með rjettu fram, að landssjóður mætti ekki búast við fullum rentum af fje því, er lagt væri fram til þessa fyrirtækis. Allt um það getur það gert mikið gagn óbeinlínis, þó aldrei nema landssjóður beinlínis tapaði nokkrum þúsundum á því.

En hvað sem því líður, þá get jeg ekki sjeð, að nokkur árangur verði af till., eins og hún liggur nú fyrir. Hún er stýluð frá Nd. og fer einungis fram á, að stjórnin leggi fram áætlun fyrir næsta þing, en ekkert fje er ætlað til þess, að áætlunin verði gerð; jeg held þó, að það þyrfti að koma einhversstaðar frá; til þess að geta fengið nákvæma hugmynd um kostnaðinn, þyrfti að stika allan veginn, svo að menn vissu með nokkurn veginn vissu, hve marga staura þyrfti; auk þess yrðu menn að vita, hve margar stöðvarnar yrðu á leiðinni, því að slíkt hefir mikil áhrif á kostnaðinn. Þó held jeg ekki, að vegfræðing þurfi til þessa, því að aðalatriðið er að vita vegalengdina (*Landsh.:* og hvar þráðinn eigi að leggja). Þar er einungis

um tvennt að ræða; annaðhvort verða menn að fylgja vegunum eða fara stytztu leið með þráðinn, og þá yrðu menn að leggja hann yfir fjöll og firnindi, og mundi það þá verða afarkostnaðarmikið að gera við hann ef hann bilar, og enda opt nærri ómögulegt. Þó að kostnaðurinn verði meiri í fyrstu með því að velja lengri veg, þá mundi það borga sig, að leggja hann með fram vegi alla leið.

Af þessum ástæðum er jeg hræddur um, að stjórnin sjái sjer ekki fært að láta semja áætlun um kostnaðinn, nema því að eins, að henni sje ætlað fjárframlag til þess.

Jens Pálsson: Það gladdi mig að h. þm. G.-K. (J. Þ.), sem er kunnur málþráðalagningu fremur öðrum þingmönnum, tók till. vel, og lýsti því yfir, að hann væri henni samþykkur í aðalefninu.

Hins vegar fullyrti hann þó, að áætlunin um kostnaðinn væri ekki á rökum byggð, og færði einnig nokkrar ástæður fyrir þessu. Hann sagði þannig, að á löngum vegi þyrfti dýrara efni en járnvír. Það kann satt að vera, en eigi að síður gat jeg ekki sannfærzt um, að þessi lauslega áætlun okkar flutningsm. væri fjarri sanni. Þráðurinn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar er $1^1/_3$ mílu langur og kostaði 3000 kr., en við gerum ráð fyrir, að hver míla muni kosta 2500—3000 kr.; með öðrum orðum gerum ráð fyrir meiri kostnaði, en var með telephóninn til Hafnarfjarðar. Auk þess er jeg ekki viss um, að þeir sem lögðu málþráð þennan, hafi komizt að hinum ódýrustu kaupum. Ef innkaup á efni væru gerð í stærri stíl, ímynda jeg mjer að fá mætti þráð og trje ódýrara en þá varð.

Hið helzta atriði er auðvitað flutningskostnaðurinn; það er mikilsvert; en jeg vil benda á, að á svæðinu Reykjavík—Ísafjörður þarf óvíðast mjög langa flutninga frá sjó, en öðru máli er reyndar að gegna um Reykjavík—Akureyri.

H. þm. Eyf. (Sk. Th.) tók það fram, að hann hefði áætlun sína eptir norsk »ingenieur«, og er hún miðuð við það, sem almennnt er í Noregi. Sje áætlun hans rjett, bendir það á, að telephóninn til Hafnarfjarðar hafi orðið nokkuð dýr.

H. þm. G.-K. ((J. Þ.) vakti máls á því, að það væri galli á till., að ekki væri ætlað fje til að framfylgja henni. Það er að vísu satt, að þetta er ekki tekið fram, en það kemur ekki til af því, að við gleymdum því, heldur hugsuðum við, að ef till. fengi góðar undirtektir, þá mundi vegur til að fá fjárframlag í fjárlögunum, sem ekki eru enn komin alla leið gegn um þingið. Jeg vil einnig geta þess, að í fjárlögunum voru í Nd. ætlaðar 3000 kr. hvort árið til vegfræðings, þrátt fyrir það, þótt hæstv. landsh. þá lýsti því yfir, að eigi þyrfti slíkan mann til vegamælinga bæði árin, því svo mikið væri þegar mælt nú, að svara mundi vegagerðinni annað árið. Ímynda jeg mjer því, að 2. árið mætti nota vegfræðinginn til þessa starfa.

Enn fremur efast jeg ekki um, að ef þingið samþ. till. þessa einhuga, þá mætti fá fjeð veitt á fjáraukalögum, og sje jeg því enga ástæðu til vegna þessa, að vísa till. frá.

Jón Þórarinsson: Í svona máli hefir það í raun rjettri ekki svo lítið að segja, hvort áætlun um kostnaðinn er rjett. Jeg skal taka það fram út af orðum h. þm. Dal. (J. P.), að það sannar ekki mikið, þó áætlun sú, sem h. flutningsm. (Sk. Th.) hefir fengið, geri ekki ráð fyrir meiri kostnaði. Jeg hafði líka gert áætlun um kostnað við að leggja tele-

phón frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, og gerði ráð fyrir að hann mundi nema 2500 kr., en reynslan sýndi að það urðu 3000 kr. Það var óhætt að treysta þessari áætlun í öllu nema kostnaði við flutning og við það að setja staurana niður. Allt efnið er hægt að vita fyrir fram hvað kosta muni, ef vegarlengdin er þekkt. En vinnukostnaðinn við að flytja staurana og grafa þá niður er afartorvelt að áætla, og hef jeg ekki trú á, að útlendingar gæti gert það með nokkurri nákvæmni, enda þó að vegfræðingar sjeu.

H. þm. Dal. (J. P.) tók fram, að menn mundu geta notað vegfræðinginn til að semja þessa áætlun; látum svo vera. Það þyrfti þó fjárveitingu engu að síður, því að með 3000 kr. borgast einungis vinna hans sjálfs, en ekki annara ferðakostnaður.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): H. þm. Dal. (J. P.) hefir þegar að mestu svarað athugasemdum h. þm. G.-K. (J. Þ.), en þó skal jeg taka það fram viðvíkjandi kostnaðinum við lagning telephónsins, að það var að eins lausleg áætlun, sem jeg gaf um hann, og einmitt af því, að okkur flutningsm. er það full-ljóst, að sú áætlun er ekki full-áreiðanleg, viljum vjer skora á stjórnina að útvega áreiðanlega sundurliðaða áætlun þar að lútandi.

Mjer sýnist ekki svo mikið í húfi, þótt ekki sje tekið fram í till., hvernig greiða skuli kostnað þann, er af því stafar, að semja áætlunina. Það hefði ekki átt við að setja ákvæði um það inn í þingsál.till., og ef þingið samþykkir þessa till., þá má stjórnin ganga að því vísu, að það muni einnig samþykkja að borga út það fje, sem með þarf henni til framkvæmdar, t. d. með aukafjárveitingu. Auk þess er og innan handar, ef það þætti betur fara, að bæta aptan við 19. gr. fjárlaganna ákvæði um það, að borga skuli á fjárhagstímabilinu kostnað þann, sem af till. leiðir, ef stjórnin tekur hana til greina.

Eiríkur Briem: Jeg vildi fyrir mitt leyti gjarna heyra, hvernig h. uppástungumenn hugsa sjer þessa sundurliðuðu áætlun, hvort þeir hugsi sjer, hvort nákvæmlega sje lagt niður, hvar þráðinn skuli leggja, hvar staurar skuli settir niður, og hvort gerð skuli áætlun um, hvað hver einstök míla muni kosta. Ef svo er, þá mun það hafa mikinn kostnað í för með sjer og verða meira verk en einn maður geti afkastað á einu sumri. Eða er meiningin sú, að gerð sje lausleg áætlun og að að eins sje ferðast um svæðið til þess að fá nokkurt yfirlit yfir það? Sje svo, þá mun kostnaðurinn ekki þurfa að verða mikill. Viðvíkjandi orðum h. 1. þm. Eyf. (S. Th.) skal jeg geta þess, að jeg kynni ekki við, að alveg ótiltekið væri tekið upp í 19. gr. fjárlaganna, að greiða skyldi úr landssjóði kostnaðinn við þetta. Mjer þætti betur eiga við, að þingið samþykkti einhverja upphæð, er verja skuli til þessa, og gæti sú upphæð jafnframt gefið stjórninni bending um það, hvað nákvæma áætlun þingið ætlaðist til að fá.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Viðvíkjandi fyrirspurn h. 1. þm. Húnv. (E. Br.) skal jeg geta þess, að við uppástungum. höfum ekki hugsað okkur þessa sundurliðuðu áætlun öðruvísi en svo, að verkfræðingur ferðaðist um það svæði, sem þráðurinn yrði lagður yfir, og til tæki, hvar hann teldi hentugast að leggja telephóninn —, og hvað mikið hver míla mundi kosta að meðaltali bæði í byggðum og á fjöllum uppi. Við gerum ekki ráð fyrir, að þessi sundurliðaða áætlun sje svo nákvæm, að rannsakað sje, hvernig grafa skuli hvern

einstakan staur niður, eða að rannsókuð sje hver hæð og hver gjóta. En við ætlumst til, að fengin sje áætlun nærri lagi um allan kostnaðinn, bæði verkakostnað, flutningskostnað og annað.

Hvað kostnaðarspurningunni viðvíkur, þá getur verið álitsmál, hvort heppilegra sje að taka til sjerstaka upphæð á fjárlögunum, eða bæta ákvæði um hann inn í 19. gr. fjárlaganna.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. með 18 atkv.; vísað til síðari umr. með 18 atkv.

Till. til þingsályktunar um telephón (C. 383); hvernig ræða skuli.

Samþ. að hafa tvær umr. um það mál.

Frumv. til laga um friðun á laxi (C. 408); 1. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Þegar vjer lítum til baka yfir sögu þingsins, sjáum vjer að það er ekkert nýmæli, að á þingi komi fram frumv. til laga um laxveiði og friðun á laxi. En það sýnir, að hjer er um vandamál að ræða, hve opt menn vilja breyta laxalögunum. Það er því full nauðsyn að íhuga þetta mál vel, áður en það er til lykta leitt; vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á að kosin sje 5 manna nefnd í því.

ATKÆÐAGR.: Nefndarkosning felld með 11 : 11 atkv.

Árni Jónsson: Jeg greiddi atkvæði móti nefndarkosning af því, að jeg vildi ekki að umræðunum væri þegar hætt.

Jeg tel það betra að málið sje rætt nokkuð fyrst má þá síðar skipa nefnd í því, ef nauðsyn þykir til bera. Menn verða að gæta þess, að nú er svo liðið á þingtíma, að sem allra minnst má tefja fyrir þeim málum, sem menn vilja að komist út úr þinginu. En jeg vona, að þetta frumv. sje eitt af þeim, sem flestir sjeu fúsir á að greiða fyrir. Það er rjett hjá h. þm. Árn. (Þ. G.), að þetta mál er ekki nýmæli á þingi hjer. Frv. svipað þessu flutti jeg inn á þing 1887; var það þá ítarlega rætt og íhugað í nefnd, en vegna tímaskorts varð það ekki fullrætt í efri deild. Auk þess er málið orðið allmikið undirbúið á þessu þingi, þar sem það hefir gengið í gegnum h. efri deild og verið íhugað þar af þeim mönnum, sem gott vit hafa á því.

En hvað því viðvíkur, að h. þm. Árn. (Þ. G.) þótti óviðkunnanlegt, að laxalögin kæmu hvað eptir annað fyrir þingið, og að hin núgildandi eru ekki nema 5 ára gömul, þá er óánægjan með þau að eins vottur um, að þau muni ekki svo hentug sem skyldi; þessi óánægja kom þegar í ljós á næsta þingi eptir að lögin voru staðfest. Jeg efast ekki um, að h. deild muni sjá, að frv. þetta er í ýmsu til bóta. (*J. J.*, N.-Þ.: Í hverju?). Við þessa fyrstu umr. málsins má ekki fara út í einstakar greinir, en jeg skal þó leyfa mjer að benda á 4. gr. Þeir sem vit hafa á laxveiði munu játa að hún hafi mikla þýðingu í sjer fólgna fyrir friðun laxa. Jeg efast ekki um, að hver sem vandlega les frumv., muni kannast við, að í því sjeu verulegar umbætur á núgildandi laxalögum. En þó að svo sje, að einstöku atriði þurfi að laga, þá mun hægt að gjöra það með breyt.till., því málið er h. efri deild svo kunnugt. Saga málsins ber það með sjer, að þó það verði fellt nú, þá mun það koma aptur fyrir þingið hvað eptir annað, þangað til það verður til lykta leitt, svo að það er ekki nema tapaður tími sem varið er til að káka við það, án þess að fá leitt það til lykta. Jeg efast því ekki um, að h. efri deild gjöri sitt til að ljúka málinu og leitast við að búa til betri laxalög en þau, sem vjer eigum nú við að búa.

Jón Jónsson, þm. N.-Þing.: Jeg var á öðru máli áðan, þegar rætt var um að skipa nefnd í málið, en h. sessunautur minn (Á. J.), ekki af því að jeg vildi eyðileggja málið, heldur til þess, að það yrði íhugað. Að mínu áliti þarf frumv. ekki svo lítilla breytinga, og þó vitanlega sje hægt að gjöra breyt.till., þá er það óþægilegra þegar einn er fyrir sig, heldur en í nefnd; jeg get því ekki betur sjeð, en það hefði verið fullkomlega nauðsynlegt, að nefnd hefði haft málið til íhugunar svo sem einn sólarhring.

H. sessunautur minn (Á J.) áminnti mig um að lesa frumv.; jeg hef þegar gjört það, eptir því sem mjer er lagið að lesa, en jeg hef ekki fundið neinar verulegar umbætur.

H. þm. Mýr. (Á. J.) benti á 4. gr.; það er satt, hún er dálítið í áttina, en jeg álít vafasamt, hvort hinar sumar greinarnar eru til bóta. Jeg hef ekki og get ekki fundið neina aðalstefnu í þessum breytingum, hvorki til að minnka eða auka friðunina. Eitt hef jeg sjeð og það er, að einni veiðiaðferð, stangaveiði, er gjört hærra undir höfði en öðrum, því með henni má veiða hálfan mánuð lengur en með öðrum veiðiaðferðum. Hvers vegna? Það þætti mjer æskilegt að fá upplýsingar um.

Önnur breyting er það, að menn verða að hafa mikið lengra bil en áður milli veiðivjela í ánni, og á það auðvitað að vera til Þess, að laxinn hafi frjálsari göngu; það getur verið heppilegt sumstaðar, en aptur sumstaðar ekki. Þá er með ádráttarveiðina; áður mátti viðhafa hana hálfan sólarhringinn, en nú á ekki að mega að nota hana nema einn sjötta úr sólarhring.

Hjer er líka sagt, að urriði og sjóbirtingur skuli ófriðhelgur vera, eða að hann megi veiða ávallt og alls staðar í ám, þar sem laxveiði er. Það er víst svo að skilja, að hverjum sem vill sje heimilt að veiða hann, hvar helzt sem er, á hvern hátt sem vera skal, nema með ádrætti, sem er undan skilið. En hvernig tekur þetta sig út í framkvæmdinni? Jeg þekki á, sem lax gengur í til miðs, svo er foss, svo hann kemst ekki lengra; þar fyrir ofan er urriðaveiði eigi alllítil. Afleiðingin af þessu ákvæði, að hver megi veiða sem vill, nema með ádrætti, yrði í fyrsta lagi sú, að þeir, sem þar byggju, misstu allan eignarrjett yfir veiðinni. Nú er á þessum bæjum einmitt veitt með ádrætti og sumstaðar óþægilegt að koma annari veiðiaðferð við. Afleiðingin af þessu yrði því líka sú, að eigendum yrði yfir höfuð gjört ómögulegt að nota veiðina; en þar sem enginn lax gengur í þann hluta árinnar, sem hjer ræðir um, er þessi ákvörðun hvorki heppileg nje þörf. Í lögunum er til tekið, að öll net skuli vera einföld, en hjer er það hvergi bannað, að hafa þau tvöföld eða þreföld. Jeg veit að það hefir verið sagt í blaði sem flestir lesa, að jeg hafi sagt vitleysu áður, þegar jeg var að ræða um laxveiði og laxalög; jeg gjöri það víst aptur nú, ef til vill, þegar jeg segi, að netin þjettist á því að margfaldast. Þegar þau eru orðin þreföld eða fjórföld, ætli þau fari þá ekki að taka smálax, en ef svo er, þá ætti þetta ákvæði að halda sjer eins og það er í lögunum, því annars eru ákvæðin um möskvastærð til einskis. Í lögunum er sagt, að höfuðár og aukaár, sem í hana renna, skuli takast undir eitt, þegar samþykktir eru gjörðar; þetta er hjer fellt í burt. Nú finnst mjer mega gjöra samþykktir um hverja fyrir sig, ef þær t. d. tilheyra sín hvoru sýslufjelaginu. Jeg veit ekki, hvaða ástæða er til að breyta þessu, en óþægilega sýnist mjer það muni geta komið við, ef t. d. veiðitími er látinn byrja fyrri í sumum ám en

sumum, sem þó allar renna í einu til sjóar.

Þá eru uppljóstrarmennirnir; þeir eiga að fá meiri verðlaun en áður fyrir að koma upp brotum. Hvort það er heppilegt eða ekki, skal jeg láta ósagt. En mjer stendur allt af stuggur af, þegar mjög mikið er sett mönnum til höfuðs, í hvaða tilgangi sem er. Eitt er enn þá ónefnt, en það er, að sýslunefndirnar mega breyta ákvæðum laganna; áður stóð, að sýslunefndir mættu gefa reglur lögunum til skýringar; nú stendur að þær megi breyta lögunum. Mjer sýnist þetta ákvæði vera fremur ógætilegt, eða að minnsta kosti óvanalegt.

Ef á að breyta laxalögunum, þá er það tvennt, sem jeg álít að sjerstaklega þyrfti að breyta, en sem ekki er gjört með þessu frumv. Það fyrra er, að aftaka þessa 36 stunda friðun í viku hverri. Jeg þekki t. d. eitt dæmi. Ábúandi á jörð veiddi eitt sumar á einum degi — það var sunnudagur — lax fyrir eitthvað um 300 kr. Það var auðvitað lagabrot. En hvorki fyr nje síðar um sumarið var hægt að veiða í ánni. Væri nú þessi vikulega friðun aftekin, mætti í þess stað stytta veiðitímann, láta hann vera að eins 9 eða 10 vikur, og veit jeg með sönnu, að mörgum laxveiðieigendum mundi sú breyting kærkomin. Svo er hitt ákvæðið, að sýslunefndir megi setja reglur og takmarkanir eptir ósk meiri hlutans. Jeg hef áður tekið það fram hjer, að slíkt gæti komið í bága við rjett einstakra manna. Það getur staðið svo á, og jeg veit, að það stendur svo víða á, að einn á miklu meiri veiðirjett í á, en hinir allir til sam ans. Þá geta hinir mörgu komið sjer saman um samþykkt, sem hann vill ekki hafa og sem honum er til mikils meins. Jeg álít, að sá eða þeir, er mesta eiga veiðina, ættu þó að ráða mestu, en hinir geta eptir þessu komið sínu fram honum til stórskaða, en hann verður að sitja með það. Jeg hef bent á það helzta, sem frumv. er breytt frá þeim núgildandi lögum og tekið fram þau tvö atriði, sem jeg hef viljað að væru lagfærð í laxalögunum. Jeg vil enn þá reyna að fá þeim breytt í frumv., en það er varla hægt með breytingaratkvæði; jeg mun því að loknum umræðum leyfa mjer að stinga upp á nefnd í málið.

Þorlákur Guðmundsson: Það var ekki meining mín, að vilja fella frv. með því að setja það í nefnd. Jeg er h. þm. N.-Þing. (J. J.) mjög þakklátur fyrir hans athugasemdir, því hann sýndi ljóslega fram á að það er ekki heppilegt að samþykkja frv. svona óathugað, heldur er hin mesta nauðsyn á að íhuga þetta mál vandlega. H. þm. Mýr. (A. J.) sagði að hver sem vildi gæti gjört við það breytingaratkvæði. Það er svo, en það er þó aldrei eins gott og ef nefnd tekst vel. Því það er eins og gengur þegar frv. eru löng og í mörgum greinum, þá er margt athugavert við þau, og miklu betra að þau gangi í gegnum nefnd; því að við það verða þau öllum þdm. ljósari.

Það er ekki þar fyrir, að ef meiri hlutinn vill hafa það í gegn eins og það er, þá er mjer sama; en jeg samþykki það ekki óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Árni Jónsson: Jeg get tekið undir með h. þm. Árn. (Þ. G.) að þakka h. þm. N.-Þing. fyrir ræðu hans, og iðrast ekki eptir að jeg áðan var á móti nefnd, því jeg veit, að ef nefnd verður nú sett þá hefir hún mjög mikið gagn af athugasemdum h. þm. (J. J.), þótt jeg sje þeim eigi öllum samþykkur, og ætli að sumar þeirra hafi víð lítið að styðast.

Það var sjerstaklega eitt, sem mjer fannst nokkur mótsögn í hjá honum. Hann sagðist ekki sjá neinar umbætur í frumv. til þess að gjöra veiði frjálsari og friðunina meiri og því verði hann frv. mótfallinn, en svo viðurkenndi hann þó, að 100 faðma bilið á milli veiðivjela væri til þess að laxinn hefði frjálsari göngu. Ennfremur sagði hann, að hann vildi ekki geta sýslunefndum vald til að gjöra ákvæði um meiri friðun, og í annan stað aftaka þá 36 stunda friðun í viku hverri, sem tilskilin er. Þetta sem sagt finnst mjer mótsögn.

H. þm. N.-Þiug. (J. J.) óskaði í ræðu sinni, að fá skýringu á því, hversvegna stangaveiði væri gert hærra undir höfði, en allri annari veiðiaðferð. Það er af þeim eðlilegu orsökum, að stangaveiði er sú heppilegasta og hagkvæmasta veiði fyrir friðun og frjálsa göngu laxins. Það er eins og menn vita þessi aðferð, sem Englendingar við hafa í þeim ám, sem þeim eru leigðar. En það er ekki lítill hagnaður að því, að geta leigt ár sínar fyrir vissa upphæð á ári, því að laxveiðinni sjálfri eru allt af meiri eða minni áraskipti, og svo er laxinn svo lítið ónáðaður, þó Englendingar sjeu að leika sjer við hann, en sá tími sem leyfður er til veiði í lögunum er ekki ætíð nógu langur eptir því sem Englendingar vildu óska og þess vegna væri æskilegt að fá þetta inn í lögin. Þó mun jeg ekki sækja það mál svo fast, að jeg vilji ekki heldur að það falli burt, ef menn vilja ómögulega hafa það með, en að frv. verði hrundið. Hvað snertir áirráttarveiði, þá kann það vel að vera, að það hagi svo til á stöku stað sem h. þm. þm. N.-Þing. (J. J.) sagði. En viðvíkjandi dæmi því, sem hann tilfærði, þá skil jeg ákvæði frumv. öðruvísi en hann. Þar sem segir að »urriða og sjóbirting má veiða á öllum tímum árs í ám, þar sem laxveiði er, nema með ádrætti», þá skil jeg það svo, að það megi veiða urriða með ádrætti eins eptir sem áður í þeim hluta árinnar, þar sem enginn laxveiði er, svo sem fyrir ofan fossa, sem lax gengur ekki upp fyrir. Hinsvegar er það aðgætandi, að ekki dugar að miða við einstakt svæði eða eina á, því með því yrði ómögulegt að gefa nokkrar almennar reglur. Þess vegna þurfa menn yfir höfuð að líta á sem víðast svæði og miða við það. Mjer gleymdist að taka það fram áðan, að það er eitt ákvæði, sem hjer er sett, sem hefir sjerstaklega mikla þýðingu það er ákveðið í 3. gr. að þar sem lax safnast saman í hyljum til hrygningar, þar megi alls ekki við hafa ádrátt eða nokkra aðra veiðiaðferð, sem raska kann botni hyljanna, eptir 20. ág. Þetta er mjög mikil umbót, því eptir áliti laxfróðra manna, þá fer laxinn ekki að safnast fyrir til að búa sig undir að hrygna fyr en um þennan tíma, en þá þarf hann líka að hafa sem mestan frið og ró. Þá var það enn eitt, sem h. þm. N.-Þing. fann að, að urriði og sjóbirtingur skuli í laxám vera ófriðhelgir og mega veiðast allt árið um kring. En þetta var sett inn í Ed. af því, að það kom þar fram í umræðunum, að urriði væri versti vargur, eins og bítur á landi, og ætti því að vera ófriðhelgur, þar sem hann legðist á hrognin og sílin. En sem sagt: þar sem um eins mikilsvert mál er að ræða, og þetta, þá skal jeg játa það, að ekki er auðvelt að setja nákvæm ákvæði, sem eigi allstaðar við. Þessvegna held jeg, að þetta ákvæði hafi verið sett í Ed. að sýslunefndir geti gjört breytingar

eptir því sem til hagar í hverjum stað. Eins og þær áður höfðu vald til að kveða skýrar á um hvað eina, eins virðist að þær sjeu færar um að gefa reglur fyrir veiðinni yfir höfuð, þegar það er enn skýrt tekið fram, »að grundvallarreglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu sje í engu haggað«. Hvað viðvíkur ákvæðinu um, að höfuðá og aukaár skuli takast undir eitt, þá álít jeg heppilegra að sleppa því, því það getur verið óheppilegt að taka aukaár með höfuðá, og hafa sömu reglur fyrir allt saman; jeg skal taka til dæmis Hvítá í Borgarfirði, þar sem verður að hafa allt aðra veiðiaðferð en í aukaám þeim, er í hana renna. Jeg tók það fram á þingi árið 1887, að það væri einn höfuðgalli á lögunum, að þeir sem eiga veiði í stóránum t. d. í Hvítá í Borgarfirði, Ölfusá og Þjórsá, skuli vera skyldir til að taka upp á land öll net, svo króknet sem önnur, þar sem það er þó mjög erfitt og kostnaðarsamt, en virðist þýðingarlítið fyrir frjálsa göngu laxins, þar sem um svo breiðar og vatnsmiklar ár er að ræða. Þetta frv. er því mikil rjettarbót fyrir þá. Jeg tók það líka fram og jeg segi það enn, að þegar sjór hefir flætt upp í þessar stórár eða flóðhlaup er í þeim af rigningum, þá er alveg ómögulegt opt og tíðum að ná netunum upp á þeim tíma, sem lögin ákveða, og menn eru því neyddir til með lögunum sjálfum að vera lagabrotsmenn; þetta verð jeg álíta í mesta máta óheppilegt. Jeg er alveg samdóma h. þm. N.-Þing. (J. J.) um, að 36 stunda friðunin komi á sumum stöðum ekki vel við. Jeg hef heyrt laxveiðamenn segja, að þeir vildu heldur að veiðitíminn væri þeim mun styttri, en þetta ákvæði væri fellt niður. En þetta hefir ekki fengið fylgi í þinginu. Jeg er ekki mótfallinn því, að nefnd sje sett í málið, störfin minnka óðum og nefndin getur að vonum á stuttum tíma farið yfir frv. og bætt það og breytt eptir því sem henni sýnist svo því kann þó að vera betur borgið en áður.

Jón Jónsson þm. N.-Þ.: Jeg stend að eins upp til að stinga upp á að 5 manna nefnd sje sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþykkt með 13 atkvæðum og hlutu þessir kosningu:

Jón Jónsson þm. N.-Þ. með 17 atkv.
Árni Jónsson með 16 atkv.
Þorl. Guðmundsson með 15 atkv.
Benidikt Sveinsson með 13 atkv.
Jens Pálsson með 10 atkv.

1. umræðu frestað.

Frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1887 (C. 200); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Allar 6 greinar frv. samþ., hin 1. með 12 samhlj. atkv.; 2. með 15; 3. og 4. með 14 hver; 5. og 6. með 15 hver.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 samhljóða atkv.

Frumv. til laga um utanþjóðkirkjumenn (C. 282); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþykkt með 17 atkv.; 2. gr. samþ. með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Páll Olafsson,
Gunnar Halldórsson,	Árni Jónsson,
Indriði Einarsson,	Benid. Sveinsson,
Jens Pálsson,	Eiríkur Briem,
Jón Jónsson. N.-M	Jónas Jónassen,
Jón Jónsson N.-Þ.	Ólafur Pálsson,
Lárus Halldórsson,	Páll Briem,
Ólafur Briem,	Sig. Gunnarsson.
Ólafur Ólafsson,	

já:
Ólafur Ólafsson,
Sigurður Stefánsson,
Skúli Thoroddsen,
Sveinn Eiríksson,
Þorl. Guðmundsson,
Þorvarður Kjerúlf.
3.—6. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv. hver.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagreiðslu

Frv. síðan vísað til 3. umr. meo 19 atkv.

Fertugasti fundur, mánudag 17. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti og Laxá í Þingeyjarsýslu (C. 403); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 17 atkv. og sent Ed.

Frv. til laga nm afnám opins brjefs 26. sept. 1860 (C. 331, 416); 2. umr.

Indriði Einarsson: Af því jeg hef komið með breyt.till. (C. 416) við frv. þetta, skal jeg leyfa mjer að fara fáeinum orðum um hana. Jeg ímynda mjer að það sje flestum auðsætt að breyt.till. miðar til þess, að fyrirbyggja óreglu og slark á helgidögum, með því, að halda veitingahúsum og verzlunarbúðum frá því, að geta selt áfenga drykki. Jeg verð að álíta það nægilegt, að þessir staðir sjeu opnir fyrir slíka sölu hvern virkan dag, og mjer finnst eigi ætti að fara að gjöra undantekning frá gildandi lögum til að gjöra vínverzlunina frjálsari; verzlun með áfenga drykki er svo vaxin atvinnugrein, að mjer sýnist ekki vert að löggjöfin sje að hlynna að henni. Þegar helgidagalögin voru rædd hjer í deildinni, greiddi jeg atkvæði fyrir, að það mál yrði sett í nefnd, eigi af því að jeg vildi fella frumv., heldur af því að jeg vildi gjöra breytingu á því. En þegar jeg sá að þeir, sem vildu að það mál hefði framgang, vildu eigi setja nefnd í það, líklega af því þeir vildu halda því óbreyttu, þá áleit jeg að meiningin væri að þröngva lögunum óbreyttum gegnum deildina, og neyddist því til að greiða atkvæði móti þeim. Ef breyt.till. mín kemst eigi að, get jeg heldur eigi gefið þessu frumv. atkvæði mitt.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. (401) samþ. með 18 atkv.

Frumv. samþ. með 18 atkv. og vísað til 3. umr. með 16 atkv.

Frumv. til laga um stofnun brunabótafjelags (C. 404); 3. umr.

Framsögum. (Eiríkur Briem): Við 2. umr. urðu litlar umr. um þetta mál, en við atkvæðagr. sýndi deildin, að hún var málinu mjög hlynnt, og jeg vona því, að hún sýni því sama velvilja nú.

Indriði Einarsson: Jeg get eigi vel leitt hjá mjer, að tala fáein orð, áður en gengið verður til síðustu atkvæðagreiðslu um þetta mál hjer í deildinni.

Það hefir verið tekið fram sem mótbára á móti þessu frumv., að menn vildu eigi ganga að svona löguðu frv. og þá einkum að Reykjavík eða húseigendur í Reykjavík vildu það ekki. En mjer finnst það nokkuð hæpin mótbára, þar sem þeir fá betri kjör eptir frumv., en þeir eiga nú við að búa. Nú borga þeir 3,2‰, en eptir frumv. má færa það niður í 3‰, enda mikil líkindi til fyrir Reykvíkinga að uppbót fáist eptir hver 10 ár. Það er ólíklegt að bæjarstjórnin sje á móti þessu máli, og jeg get eigi skilið, að húseigendur vilji heldur tryggja hús sín í útlendum fjelögum, en hjer á landi, ef sú trygging er boðin, sem frv. býður.

Við 1. umr. var það tekið fram, að menn vissu eigi um vilja kaupstaðanna út um land, en þá lýsti 1. þm. Eyf. (S. Th.) yfir því, að á Ísafirði væri ósk manna að fá innlent brunabótafjelag, sem þeir væru meðlimir í, og jeg veit að sama mun eiga sjer stað á Akureyri, því þaðan hef jeg fengið áskorun um þetta efni, í fyrsta sinni fyrir 10 árum síðan. Vestmannaeyingar hafa heldur ekkert á móti því. Í frumv. er ein nýjung, sú, að stjórn fjelagsins hafi leyfi til að ákveða auðar spildur í kaupstöðunum. Þetta er mjög nauðsynlegt, þar sem eigi er til ein einasta kanóna hjer á landi, til þess að fyrirbyggja útbreiðslu eldsvoða, en í ýtrustu neyð eru fallstykki beztu stlökkvitólin; menn skjóta niður með þeim húsaraðirnar og jafna þær með jörðu; við það kemur auð spilda í bæinn, sem eldurinn stöðvast við. Hjer í Reykjavík er ein þess konar auð spilda, það er austan við lækinn, frá skólanum, landshöfðingja húsinu og þeirri húsaröð, og niður að læknum. Þegar fjelagið er komið á fót, verða tekjurnar 11,000—12,000 kr. á ári, og ef kaupstaðirnir vaxa, aukast tekjurnar líka, bæði við það, að þeir kaupstaðir, sem nefndir eru í frv., stækka og nýjum kaupstöðum verður bætt við með nýjum lögum. 11,000—12,000 kr. á ári eru auðvitað eigi miklar tekjur, en ef eigi brennur meira að jafnaði en hefir átt sjer stað hingað til, þá verða útgjöldin eigi helmingurinn af því, og gæti fjelagið því lagt upp allmikið á ári í varasjóð, sem jeg ímynda mjer að gæti verið orðinn 50,000 kr. eptir 10 ár, og eptir 50 ár hálf miljón kr. Jeg geri ráð fyrir að menn komi nú með þá mótbáru, að eldsvoðar mundu verða tíðari, og menn mundu fara að kveykja í húsum sínum til þess að fá ábyrgðargjaldið, en sú hætta verður minni en menn kunna að halda, því svona lagað fjelag held jeg mundi hafa miklu meiri styrk, bæði hjá lögreglustjórum vorum og öðrum, til að komast fyrir slíkt, þegar að það er landsins eigin hagur, sem hjer á í hlut. Ennfremur miðar það til að gjöra menn sem tryggja hjá þessu fjelagi interesseraða, að mikil líkindi eru til að menn fái »bonus,« ef vel gengur. Ef einhver brennir hús sitt með vilja, þá hefir hann fyrst lögreglustjórann á eptir sjer, og svo alla húseigendur í bænum, sem hann á heima í. Hvað snertir ábyrgð landssjóðs, þá er hún ekkert annað, en að landssjóður hleypur undir bagga með fjelaginu, með að veita því rentulaust lán, ef stórslys bera að höndum. Ábyrgð hans er þó skorðuð við 300,000 kr.; þó fer sú ábyrgð ávallt minnkandi. Svona lög eru fyrir löngu komin á annarstaðar, þótt þau sjeu ný hjer. Fyrir kaupstaðina er bezt að þau komist á sem fyrst. Nú er stöðugur straumur úr sveitunum til kaupstaðanna, og mjer er eigi annað sýnilegt, en þar verði mesta volæði, ef slys ber að höndum. Og jeg sje ekki betur en að þessi ábyrgð liggi hulin og dulin á landssjóði nú þegar, því ef stór bruni kæmi fyrir í einhverjum af kaupstöðum landsins, þá yrði landssjóður að hlaupa undir bagga, og neyddist til að hjálpa; þessi lög fyrirbyggja það að miklu leyti, og þau eru því til hagsmuna fyrir landssjóðinn, og það er í þessu sem öðru miklu rjettara, að byrgja brunninn, áður en barnið er dottið ofan í.

Skúli Thoroddsen: Jeg tók það fram við 2. umr. þessa máls, að það væri almennur vilji manna á Ísafirði, að komizt gæti á fót innlent brunabótafjelag; um vilja kjósanda minna í Akureyrarkaupstað var mjer þá eigi fullkunnugt, en síðan hefi jeg fengið vitneskju um það frá merkum mönnum meðal kjósenda minna á Akureyri, að

þeim er það mjög mikið áhugamál, að komið verði sem fyrst á stofn innlendu brunabótafjelagi.

Eptir því sem atkvæði fjellu hjer í deildinni við 2. umræðu málsins, þarf að vísu eigi að efa, að mál þetta verði nú samþykkt til fullnaðar í þessari þingdeild með miklum atkvæðamun; en þar sem mál þetta er svo mikilsvarðandi fyrir þjóð vora, að full ástæða er til þess að ætla — eptir annari frammistöðu hinnar h. efri deildar í sumar —, að mál þetta verði annaðtveggja svæft þar í nefnd eða strax »skorið«, þá leyfi jeg mjer hjer með að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. landsh., hvort hann vilji styðja að því, að stjórnin, ef á þarf að halda, leggi fyrir næsta alþingi frumv., sem fer í líka stefnu, eins og frumv. það, sem hjer liggur fyrir. Spyr jeg þess af því, að jeg ætla, að bæði kjósendum mínum og öðrum landsmönnum muni kært að vita, hvers þeir mega vænta af hæstv. landsh. í þessu efni.

Landshöfðingi: Út af fyrirspurn h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) til mín um það, hvernig stjórnin mundi taka í þetta frumv., ef það næði fram að ganga á þinginu, skal jeg geta þess, að það er of snemmt að segja nokkuð um undirtektir stjórnarinnar undir frumv. það, sem hjer er til umræðu, meðan allt er í óvissu um, hver afdrif það muni fá í efri deild, hvort það nær fram að ganga þar eða ekki, og hvort því verður breytt þar í aðalatriðum eða ekki, og yfir höfuð hvort deildirnar geta komið sjer saman um það, hvort og hvernig komið verði á innlendri tryggingu á húsum í kaupstöðum og verzlunarstöðum. Að mínu áliti er það mikill galli á þessu frumv., að það fer fram á að skylda kaupstaðina, hvort sem kaupstaðarbúum er það ljúft eða leitt, til að ganga í það brunabótafjelag, sem frv. ráðgjörir, og jafnvel afsala sjer þeirri brunabótatryggingu, sem þeir nú hafa og eru ánægðir með. Það er þannig mjög óaðgengilegt fyrir Reykvíkinga, að sleppa þeirri trygging, sem þeir hafa á húsum sínum í brunabótafjelagi hinna dönsku kaupstaða, og sem þeir borga fyrir um 2 af þúsundi, og ganga í annað fjelag, þar sem þeir eiga að borga að minnsta kosti 3 af þúsundi, auk þeirrar miklu áhættu, sem leiddi af stórkostlegum eldsvoða annaðhvort hjá þeim eða í öðrum kaupstöðum, því ábyrgð landssjóðs er ekki nema til bráðabirgða, og hann á að fá það fje, sem hann leggur út, endurgoldið. Að öðru leyti ljet jeg álit mitt í ljósi um þetta frumv. við fyrstu umræðu, en þá fjekk jeg að heyra, að ummæli mín mundu vera sprottin af umhyggjusemi fyrir dönskum brunabótafjelögum, að jeg vildi reyna að afstýra því, að þau færu á mis við þann gróða, sem þau hefðu af að taka hús hjer á landi í ábyrgð. Jeg get því ekki búizt við, að sá maður eða þeir menn, sem álíta að tillögur mínar um þetta mál sjeu sprottnar af slíkum hvötum, gefi þeim mikinn gaum; en jeg skal þó geta þess, að ef efri deild verður því fylgjandi, að komið verði á fót innlendu brunabótafjelagi á kaupstaðarhúsum, og fyrirkomulag þess er aðgengilegt fyrir landssjóðinn, en málið getur ekki orðið leitt til lykta, þá vil jeg stuðla til, að stjórnin leggi frumv. fyrir þingið í þá stefnu, sem þingdeildirnar verða ásáttar um, en jeg bæti því við, að jeg get því að eins mælt með stofnun slíks fjelags, að það verði hverjum kaupstað og verzlunarstað frjálst, hvort hann vill ganga í fjelagið eða ekki.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 21 atkv. og sent Ed.

Frumv. til laga um lán úr viðlaga-

sjóði til handa amtsrdðinu í vesturamtinu til æðarvarpsræktar (C. 416); 3. umr.

Framsögumaður (Jens Pálsson): Sem flutningsm. þessa máls hefi jeg ekki neitt sjerstakt fram að taka nú, en vona, þar sem fulltrúar hlutaðeigandi kjördæma hafa komið sjer saman um þetta mál, að hin h. þingdeild láti það njóta velvildar sinnar, og leyfi því, að halda sína rjettu leið.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 19 atkv. og sent Ed.

Frumv. til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn (C. 287); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv. og sent Ed.

Frumv. til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala (C. 219); 3. umr.

Sigurður Jensson: Jeg hef íhugað þetta mál, síðan 2. umræða þess fór fram, svo rækilega sem mjer hefir verið kostur á, og ekki getað fundið neina ástæðu til að þingið samþykkti svo lagað frumv. sem þetta er. Þegar litið er á þær bænarskrár, sem í þessu máli liggja fyrir þinginu, þá fara þær allar fram á það, að biðja þingið að takmarka ekki hvalveiðarnar, en mjer vitanlega hafa engar bænarskrár komið, sem fara í sömu átt sem frumv. Þessar bænarskrár eru undirskrifaðar af fjölda manna og undir þeim standa nöfn svo merkra manna, að jeg er viss um, að undir eins og h. 1. þingm. Ísf. (S. St.) lítur á þau, mun hann taka aptur ummæli sín — þau ummæli, sem jeg verð að álíta að hafi verið miður sæmandi — um, hvað þeim hafi gengið til að senda bænarskrárnar.

Það sem mönnum þessum hefur gengið til að senda bænarskrárnar, er, að þeir sjá og viðurkenna — og jeg er viss um að flutningsmenn þessa frumv. viðurkenna það líka —, að þau hjeruð, sem hjer eiga hlut að máli, hafa haft stórmikinn hag bæði beinlínis og óbeinlínis af búsetu þeirra Norðmanna, sem hjer hafa stundað hvalaveiði. Meðal annars hafa þeir kennt mönnum að nota hina miklu auðsuppsprettu vora, sjóinn, betur en áður var gjört; þeir hafa kennt mönnum að hafa betri og hentugri þilskip til fiskiveiða en áður tíðkaðist, og hafa hjálpað mönnum til að afla sjer slíkra skipa. Jeg er alveg viss um, að ef Norðmenn vilja setjast að við Arnarfjörð, eins og heyrzt hefur að þeir hafi í huga, þá munu þeir boðnir þar og velkomnir. Það dugar ekki sá kínverski hugsunarháttur, að vilja útiloka alla útlendinga frá að setjast hjer að og leita sjer atvinnu, og sízt sæmir það fyrir þá menn, sem vilja veita stórfje að láni úr landssjóði til þess að fá útlendan ríkismann til að setjast hjer að og stofna ullarverksmiðju.

Tilgangur frumv. er auðsjáanlega að takmarka hvalaveiðina, hvað sem h. 1. þm. Ísfirðinga (S. St.) segir til að mæla með þessu frumv. Það er bezti veiðimánuðurinn, sem er undanskilinn, en í hans stað er settur októbermánuður, en flutningsmaður getur ekki um, að sá mánuður hefir enga þýðingu fyrir hvalveiðamennina, því að þá eru þeir hættir að veiða. Þetta er að líkindum gjört til þess að kasta ryki í augu þingm. og láta frumv. líta betur út fyrir þeim, sem ókunnugir eru, hvernig til hagar.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): H. þingm. Barðstr. (S. J.) sagðist hafa íhugað málið síðan við 2. umræðu, og að sú íhugun hefði styrkt sig í því, að þetta frumv. væri óheppilegt. Þetta getur verið satt, en ekki hef jeg heyrt neinar ástæður frá h. þingm. (Sig. J.) fyrir þessu áliti hans. Hjer er alls

ekki farið fram á að takmarka hvalaveiðar, heldur er friðunartíminn að eins færður fram um einn mánuð, og þó að h. þingm. Barðstr. (S. J.) kalli það kínverskan hugsunarhátt, að vilja vernda atvinnuveg sinn, þá tek jeg mjer það ekki nærri; hjer á þar að auki alls eigi við að tala um kínverskan hugsunarhátt, því að frumv. fer alls eigi fram á að útiloka Norðmenn frá hvalveiðum hjer við land. Að því er snertir búsetu þessara norsku hvalveiðamanna hjer, þá hefur hún hingað til ekki fært landinu mikinn arð, og þó helzt líkindi fyrir, að hann verði heldur minni en meiri hjer eptir, því að sagt er að annar af þessum tveimur Norðmönnum, sem hjer hafa búið, muni ætla að flytja hjeðan burt.

Jeg neita algjörlega að taka aptur ummæli mín um bænaskráa-höfunda þingm. Barðstrendinga; jeg get ekki sjeð að þau sjeu niðrandi fyrir þá; það er ekki niðrun fyrir þá, þótt þeir vilji fá góð þvestis- og undanfláttukaup, en þess er að gæta, að þeir þekkja ekki eins vel aðtarirnar við hvalveiðarnar og áhrif þeirra á fiskiveiðar og útveg bænda eins og við, sem höfum þetta daglega fyrir augum. Það eru öll líkindi til að við sjeum þessu betur kunnugir og finnum betur, hvar skórinn kreppir að, en þeir menn, sem að eins koma sem snöggvast til hvalkaupa.

H. þingm. Barðstr. (S. J.) vildi setja þetta mál í samband við ullarverksmiðju og búsetu kaupmanna á Íslandi og þótti það lýsa ósamkvæmni að vilja bola Norðmenn burtu hjeðan. En hjer er ekkert samband á milli; vjer viljum alls ekki fæla Norðmenn frá oss þvert á móti viljum vjer gjarna, að þessir hvalveiðamenn sjeu hjer búsettir, en því höfum vjer ekki átt að fagna nema að nokkru leyti; ríkasti hvalveiðamaðurinn er enn þann dag í dag búsettur í Noregi, og h. þingm. Barðstr. (S. J.) verður að fyrirgefa, þó að vjer sjeum ekki hrifnir af því, að menn safnist hópum saman hingað inn í landið, og dragi fjeð burt úr því, en gefi því tiltölulega lítið í aðra hönd.

H. þingm. Barðstr. (S. J.) talaði um, að Norðmenn hefðu kennt oss svo margt. Jeg veit ekki hvað það hefur verið, en það veit jeg, að atvinna sú, er þeir hafa veitt þar vestra, er hvorki sjerlega mikil nje góð. Jeg veit að þeir hafa, að minnsta kosti við Djúp, að eins goldið 1 kr. 50 a. um daginn, án fæðis; auðvitað hafa menn ekki fengizt í þessa atvinnu, nema þegar ekkert hefir fiskazt. Þetta eru atvinnugæðin hjá þeim. Jeg játa, að það getur að vísu verið betra en hafa ekkert að gjöra.

Jeg veit ekki til að Norðmenn hafi útvegað Vestfirðingum eitt einasta þilskip, þótt h. þm. Barðstr. (S. J.) viti það. En vildu Vestfirðingar fá sjer þilskip, þá efast jeg ekki um að þeir mundu geta það af eigin rammleik, þótt jeg neiti því ekki, að gott geti verið að hafa Norðmenn í ráðum með sjer.

H. þm. Barðstr. (S. J.) áleit að aprílmánuður væri arðsamastur til hvalveiða. Þetta er ekki rjett álitið. Jeg get skotið því til h. samþingismanns míns og h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.), sem þessu eru manna kunnugastir, að aprílmánuður er stundum einmitt einn hinn arðminnsti mánuður fyrir hvalveiðamenn, einmitt af því að þeir byrja ekki veiði sína fyrr en komið er skemmra eða lengra fram í mánuðinn. Yfir höfuð sýnir ræða h. þingm. Barðstr. (S. J.) miklu betur ókunnugleik hans á málinu, en að málstaður hans hafi við góð rök að styðjast.

Sigurður Jensson: H. þingm. Ísfirð. (Sig. St.) talaði um, að jeg væri máli þessu ókunnugur. Jeg játa það, að jeg

hef ekki getað kynnt mjer það frá annari hlið en þeirri, sem jeg hef bent á. Hjer liggja ekki fyrir neinar bænarskrár, sem lýsa því frá annari hlið. Ef h. þingm. Ísf. (S. St.) hefur bænarskrár, sem fara fram á annað, þá heldur hann þeim hjá sjer og lætur þær ekki koma í ljós; hann má sjálfur bezt vita, af hvaða ástæðu hann gjörir það.

Þar sem h. þm. Ísf. (S. St.) sagði, að kjósendum mínum mundi hafa gengið það eitt til, að senda bænarskrár sínar, að þeir vildu halda áfram að fá góð þvestiskaup, þá verð jeg að leyfa mjer að segja, að h. þm. Ísf. (S. St.) muni ekki geta dæmt um það, meðan hann ekki hefur sjeð þessar bænarskrár og veit ekki frá hverjum þær eru.

Jeg skora á h. þingm. Ísfirð. (S. St.) að sýna oss, ef hann hefur bænarskrár sem fara í sömu átt og frumv. hans. Jeg held annars fremur að hann muni hafa meðferðis bænarskrár, sem fara fram á hið sama og kjósendur mínir vilja, eða þá bænarskrár, sem óska þess að hvalveiði sje alveg bönnuð, og sje svo, þá þykir mjer undarlegt að koma fram með þetta frumv., sem fer fram á það sem engum einasta manni hefur dottið í hug að óska eptir.

Jens Pálsson: Það hefur vakið undrun hjá mjer eigi síður en hjá h. þm. Barðstr. (S. J.), að h. deild skuli ekki hafa fengið að sjá nein skjöl, ekki einn staf, er sanni þá almennu ósk við Ísafjarðardjúp, sem frv. þetta er sprottið af, eptir sögn flutningsmannsins. Jeg hefði búizt við að Ísfirðingar hefðu látið eitthvað til sín heyra, þar sem þeim mun ekki hafa verið ókunnugt um, að úr tveim nágrannasýslunum mundu koma bænarskrár um að takmarka ekki hvalveiðarnar. Á þetta verð jeg að leggja áherzlu.

H. 1. þingm. Ísf. (S. St.) sagði, að bænaskráa-höfundunum stæði ekki mál þetta á miklu, því að þeir hefðu ekki annað gagn af hvalveiðunum, en að þeir ættu hægra með að afla sjer matvæla í bú sín fyrir hvalveiðarnar. En þetta atriði tel jeg alls eigi þýðingarlítið; það hefur bezt sýnt sig, þegar hafís hefur hindrað aðflutninga, hvílíkt gagn hefur orðið að þvesti og rengi af hvalrekum.

H. þm. Ísf. (S. St.) heldur því fram, að engin takmörkun fyrir hvalveiðarnar sje í þessu frumv. En mjer hefur verið skýrt svo frá, að aprílmánuður sje einkar-arðsamur hvalveiða-mánuður. Jeg er að vísu ekki kunnugur, hvernig til hagar á Ísafjarðardjúpi, en jeg verð að taka trúanlega þá sögusögn, er mikil líkindi styðja, og svo sýnist vera hjer, þar sem þetta er um sama leyti og vorvertíð byrjar við Ísafjarðardjúp, en um það leyti mun optast von á fiskigöngum.

Nú fer það optast nær saman, að minnsta kosti hjer á Faxaflóa, að hvalaferð er samfara miklum fiski- og síldargöngum. Það hefur verið tekið fram, að október væri óhentugur til hvalaveiða. Ef hann er settur í staðinn fyrir apríl, sem er hentugur til veiðanna, þá segi jeg að hvalveiðarnar sjeu takmarkaðar með því. Hitt er annað mál, hvort takmörkun þessi er nauðsynleg.

Jeg verð að játa það, að jeg þekki ekki svo vel sambandið milli hvalveiðanna og fiski-útvegsins við Ísafjarðardjúp, að jeg geti gjört mjer fullkomlega ljósa grein fyrir, hvort nauðsynlegt sje að hefta hvalveiðarnar í aprílmánuði. Þess vegna sakna jeg svo mjög skýrslna frá Ísafjarðardjúpi, því að í þeim bjóst jeg við að þetta yrði tekið fram. Jeg á bágt með að trúa, að atvinna sú, sem Íslendingar fá hjá þessum ríku hval-

veiðamönnum, sje eins ljeleg og h. þm. Ísf. (S. St.) ljet í veðri vaka. Ef þeir þurfa á mönnum að halda, þá skil jeg ekki í, að þeir verði ekki að gjalda eins há daglaun og aðrir, ef þeir eiga að fá nokkra menn í vinnu.

Jeg sje það tvennt í þessu máli: að það getur verið töluvert þýðingarmikið, og hitt annað, að engar ljósar skýrslur liggja fyrir frá Ísfirðingum, skýrslur er geti leiðbeint ókunnugum þingm. Þetta gjörir það að verkum, að mjög óaðgengilegt er að mínu áliti fyrir h. deild að samþykkja frumv.

Skúli Thoroddsen: Jeg skal játa það, að hjer er um töluvert vandamál að ræða; frá sjónarmiði hlutaðeigandi hjeraðsbúa, íbúanna í Ísafjarðarsýslu, verða menn að líta á tvennt; annarsvegar ber að líta á sjávarútveginn, aðalbjargræðisveg Ísfirðinga, og á þær skemmdir á útvegi manna, sem leitt geta af hvalaveiðunum; en hins vegar verður að líta á ýmislegan hagnað, sem hlutaðeigandi sveitarfjelög óneitanlega hafa af hvalaveiðunum og af búsetu Norðmanna.

Nú sem stendur eru 3 hvalveiðamenn hjer á landi; 2 þeirra eru búsettir hjer á landi með fjölskyldu sinni, annar í Önundarfirði og hinn í Dýrafirði, en hinn þriðji, sem hefir hvalastöð á Langeyri í Álptafirði, er hjer á landi meiri hluta ársins, en dvelur í Noregi 4—5 vetrarmánuðina, og hefir þá vetrarsetumenn á Langeyri til þess að gæta »statiónarinnar«, og halda hjer »dúk og disk«.

Mjer finnst sjálfsagt, að draga eigi dulur á það, að Íslendingar hafa haft töluverðan hag af hvalveiðmönnunum, sem reynzt hafa hinir nýtustu borgarar að mörgu leyti; sjerstaklega skal jeg taka það fram, að Dýrfirðingar og Önfirðingar telja sjer mjög mikinn hag af hvalveiðunum, þar sem hvalaveiðamennirnir hafa t. d. leyft sveitabændum að skera undanfláttu af hvölunum eptir vild ókeypis, og á Langeyri er hún seld mjög vægu verði. Auk þess rennur og talsverður ágóði af hvalaveiðunum í landssjóð bæði sem útflutningsgjald og skipagjald. Innlendir menn fá einnig optsinnis atvinnu hjá hvalveiðamönnunum; og þá munar sveitirnar ekki hvað minnst um aukaútsvör þau, er hvalveiðamennirnir borga; skal jeg t. d. nefna, að sveitargjald hvalaveiðamannsins á Langeyri hefir stundum numið frá 1000—1300 kr., og munar fátækan hrepp um minna. Súðavíkurhreppur, er Langeyrar hvalastöð liggur í, sem áður var fátækur hreppur, hefir líka á síðustu árunum spilað sig upp, og á nú í sjóði, og hefir auk þess byggt snoturt barnaskólahús og það er mestmegnis að þakka þessu mikla útsvari, sem hvalveiðamaðurinn hefir goldið. Í hinum öðrum sveitarfjelögum hafa útsvör hvalveiðamanna reyndar verið töluvert minni, sem meðfram stafar af því, að þau standa sig betur.

Jeg hefi bent á þennan hagnað, sem Ísfirðingar hafa af hvalaveiðunum, til þess að menn geti skoðað þetta mál frá báðum hliðum; en hinsvegar er að líta á þá almennu óánægju út af hvalaveiðunum, sem ríkjandi er hjá almenningi við Ísafjarðardjúp, því að menn álíta, að hvalaveiðarnar spilli fiskiveiðunum. Það hafa því á opinberum fundum komið fram eindregnar áskoranir um, að gjöra gangskör að því, að banna hvalaveiðar, og þar vestra heyrði jeg talað um, að menn ætluðu að fela þm. sínum bænarskrár þess efnis til flutnings á alþingi. Jeg skal láta ósagt, hvort ekki hefir orðið neitt úr því, eða þm. telja sig hafa einhverjar sjerstakar ástæður til að koma ekki fram með þær.

Þegar vjer nú lítum á frumv. það, sem hjer liggur fyrir, þá er þess að gæta, að það fer einungis fram á, að

færa friðunartímann til, um einn mánuð, og er það í sjálfu sjer óveruleg breyting; en þessi breyting hefir þó töluverða þýðingu fyrir Ísfirðinga, einmitt vegna þess, að vorvertíðin byrjar þar með páskum, sem optast nær eru um aprílmánaðarbyrjun. Vilji nú svo til, að fiskiganga bregðist í aprílmánuði — og þann mánuð út hafa hvalveiðamenn eptir núgildandi lögum heimild til að fiska í Ísafjarðardrjúpi —, þá er hugsunarháttur manna þar um slóðir sá, að þetta sje hvalveiðamönnunum að kenna. Jeg skal láta ósagt, hvort þessi skoðun sje á rökum byggð eður eigi; það má þrátta um það fram og aptur; en mjer er kunnugt, að hinn sami ágreiningur hefir átt sjer stað í Noregi, og það er spursmál, hvort ekki sje rjett að taka nokkurt tillit til þessa hugsunarháttar almennings. Því verður ekki neitað, að svo virðist stundum, sem hvalveiðarnar dragi úr kappi og ötulleik ýmsra fiskimanna við Djúpið; jeg hef heyrt suma þeirra segja sem svo, að ekki sje til neins að reyna við fiskinn, úr því að hvalveiðamennirnir sjeu farnir að vaða fram og aptur.

Þegar litið er á málið frá sjónarmiði hvalveiðamanna, þá get jeg heldur ekki sjeð, að það yrði þeim til mikils baga, þó að þeim væri bannað að veiða inn á Djúpinu í aprílmánuði, því að þeir fá þar minnstan part af veiði sinni, enda er það eiginlega ekki nema hvalveiðamaðurinn á Langeyri, sem stundað hefir veiðar þar að nokkrum mun. Hinir veiða mestmegnis fyrir utan Djúpið, enda norður á Húnaflóa og suður á Breiðaflóa, og draga svo hvalina alla leið með sjer. Ef hvalaveiðamennirnir væru nú staddir hjer í þingsalnum, heyrðu hinar snjöllu forsvarsræður h. þm. Dal. og h. þm. Barðstr., og tækju þátt í umræðunum með oss, þá ímynda jeg mjer, að þeir mundu ekki kæra sig mikið um, þó að þessi lítilfjörlega breyting væri gjörð. Aptur á móti er jeg viss um, að flestum útvegsmönnum við Ísafjarðardjúp mundi þykja þetta frv. fara allt of stutt.

Mjer virðist því allt benda á, að þm. Ísf. (S. St.) hafi í þessu máli viljað þræða eins konar miðlunarveg með frumv. þessu og álít jeg það hyggilega og skynsamlega ráðið. Mjer sýnist ekki rjett, að banna með öllu hvalveiðar, því að margir hafa þó óneitanlega haft mikil not af þeim, og skoðanir manna um áhrif hvalaveiða á síldar- og fiskigöngur mega enn sem komið er fremur skoðazt sem ágizkanir, en sem nægilega rökstutt almenningsálit.

Þar sem h. 1. þm. Ísf. (S. St.) minntist á atvinnu þá, sem Íslendingar fengju hjá hvalveiðamönnum og gjörði lítið úr henni, þá held jeg að það komi af því, að hann er því ekki nægilega kunnugur. Mjer er kunnugt um það, að í Önundarfirði og í Dýrafirði sækjast menn töluvert eptir þessari atvinnu, af því að daglaunin, sem eru 2 kr. auk fæðis, eru borguð í peningum, og er mikill munur á því eða hjá kaupmönnum, sem sumir hverjir varla fást til þess nema með megnum eptirtölum, að borga svo mikið sem 25 aura í peningum af vinnukaupi.

Frumv. þetta hefir mætt all-mikilli mótspyrnu frá h. þm. Barðstr. (S. J.) og h. þm. Dal. (J. P.); og skildist mjer h. þm. Ísf. (Sig. Stef.) segja, að mótspyrna þessi mundi af þeirri rót runnin, að kjósendur þeirra vildu síður en eigi fara á mis við þau ódýru þvestiskaup, er þeir fá hjá hvalveiðamönnum. Þetta kann satt að vera, og er það engan veginn sagt hlutaðeigendum til hnjóðs; þess vil jeg geta, að stundum virðist hvalfangið töluvert farið að hækka í verði, þegar það er komið suður á Breiðafjörð. Í vor vissi jeg til, að send var

skúta af Breiðafirði til að sækja hvalfang, og var jeg á ferð í Dalasýslu, þegar verið var að selja þetta kostmeti í Stöðinni. Þar kostaði rengispundið 10 aura, en í Ísafjarðarsýslu er alvanaverðið 6 aurar pundið. Pund af hvalsporði kostaði 7 aura, og mundi þá sporðurinn allur kosta um 70 kr., en er seldur fyrir 12—20 kr. af hvalveiðamönnum. Undanfláttupundið kostaði í Stöðinni 8 aura, en hún er seld fyrir 2—3 aura á Langeyri; hinir hvalaveiðamennirnir hafa gefið hana þeim, sem þiggja vilja. Svona var verðið gott á Breiðafirði, og skal mig ekki furða, þó menn sjeu roggnir og gleiðgosalegir yfir öðrum eins kjörkaupum.

Hitt þykir mjer undarlegra, að Barðstrendingar og Dalamenn skuli vera eins og að sletta sjer fram í fiskiveiðaaðferð Djúpmanna. Jeg vil mótmæla þeirri aðferð og álít hana jafnafjarri sanni, eins og ef Ísfirðingar færu að skipa Jöklurum fyrir, hvort þeir t. d. ættu heldur að brúka haldfæri eða lóðir. Jeg gæti skilið, að Barðstrendingar og Dalamenn risu upp öndverðir á móti því, að bola Norðmönnum alveg burt; en hjer er allt öðru máli að gegna. Hjer er einungis farið fram á, að hindra hvalveiðamennina í því, að skrölta með báta sína fram og aptur um Djúpið innan um net manna og veiðarfæri í vorvertíðar byrjun. H. þm. Dal. (J. P.) sagði að vísu við 2. umr., að hann sæi ekki, að það gjörði svo mikið til, þó að veiðarfærin skemmdust, því að útvegsbændur gætu ávallt verið við því búnir og haft þeim mun fleiri net til að grípa til, ef nokkuð færist af völdum hvalveiðamanna, en þetta þykir mjer næsta undarleg hugsun hjá h. þm., og finnst mjer óþarft að eyða að henni orðum.

Jeg skal að vísu játa, að hvalveiðamenn hafa reynzt fúsir að á borga skemmdir á veiðarfærum, þegar lögmæt sönnun hefir fengizt fyrir því, að þeir hafi valdið skemmdunum; en optsinnis er það ekki hægt að fá slíka sönnun, þótt menn sjeu hjer um bil sannfærðir um, að skemmdirnar sjeu þeim að kenna. Hvernig á t. d. að fara að, þegar hvalveiðamenn eru að skrölta fram og aptur um Djúpið á þeim tímum, þegar menn eru ekki á sjó?

Hvernig sem jeg lít á þetta mál, hvort heldur frá sjónarmiði Djúpmanna eða hvalveiðamanna, þá get jeg ekki sjeð, að frumv. þetta fari fram á neitt það, sem þurfi að vera óánægju- eða ágreiningsefni. Djúpmönnum þykir, að jeg vona, mikið í það varið, að sjá netum sínum og sjávarútvegi borgið í vertíðarbyrjun, þegar fiskigöngutími er, og veiðarfæri þeirra sem mest í sjó; og hvalveiðamönnum er það lítill eða enginn óhagur, þó að friðunartíminn innfjarða sje færður til um þennan eina mánuð, með því að þeir verða að sækja mest af afla sínum út á haf, hvort sem er.

Virðist mjer því, að h. þingd. geti eigi verið í vafa um, að greiða frumv. þessu atkv. sitt.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg þakka h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) fyrir ræðu hans, og mátti af líkum ráða, að hann, sem kunnugur, gæti gefið betri upplýsingar en nokkur annar þingmaður í deildinni. Þessi breyting er svo lítil, að ekkert er í húfi, þó hún komist á, eins og jeg hefi opt tekið fram, en því einu vildi jeg bæta við ræðu h. þm. (Sk. Th.), að þó, eins og honum segist, margir hafi gagn af hvalaveiðunum, þá hafa Djúpmenn, að þeim hrepp undanteknum, sem hvalveiðamaðurinn hefir aðsetur í, ekkert gagn af veru þeirra, en vesturhreppar sýslunnar hafa auðvitað meira gagn af þeim. En væri

með þessu frv. loku skotið fyrir veiðar Norðmanna, eða þeim bannað að veiða, þá væri ekki Barðstrendingar og Dalamenn, heldur einnig Ísfirðingar sjálfir, sem hefðu óhag af því og það væri slæmt; en aðalatriðið er, að það gerir hvalveiðunum ekkert til, þó fært sje til um þennan 1 mánuð.

H. þm. Dal. (J. P.) hjelt því fram, að apríl væri arðsamari mánuður en október. Á hverju byggir hann það? Norðmenn eru allt af farnir eða að minnsta kosti hættir að veiða í október; en t. d. haustið 1889, þá var í október sú mesta hvalaferð; það voru eins og síldartorfur af hvölum inn um allt Djúpið; þeir eltu síld upp að landinu; þá voru Norðmenn farnir; en jeg efast ekki um, að þeir þá hefðu fengið hinn mesta afla, sem þeir nokkurn mánuð ársins hefðu áður fengið; það verður þó lítið dæmt um fiskisæld okóbers af þeirri einföldu ástæðu, að Norðmenn hafa þá vanalega verið farnir; en það kemur aptur af því, að þeir hafa verið hjer sem farfuglar, en ekki sem búsettir menn.

En viðvíkjandi því, sem h. þm. Dal. (J. P.) tók fram, að í apríl væri líklega mest hvalaveiði, af því þá væri fiskirí, þá er það langt frá allt af gott fiskirí, þó það sje vertíðarbyrjun, því að vertíð byrjar þá, hvort nokkurt fiskirí er eða ekki. En annars fara hvalaveiðar og fiskiveiðar ekkert saman; hvalurinn hefir sínar orsakir til að ganga upp að landinu og fiskurinn sínar.

En allan októbermánuð út gætu Norðmenn veitt, ef þeir væru hjer, svo þetta ákvæði yrði ekki til að stytta veiðitímann.

Hvað viðvíkur þeirri áskorun h. þm. Barðstr. (Sig. J.), að við flutingsm. þessa frv. eigum að leggja fram bænarskrár þær, sem vjer væntanlega höfum meðferðis um þetta mál, þá leggur þessi áskorun þingmannsins okkur ekki neina skyldu á herðar fremur en þá sem við höfum, og í því atriði er, hvað sem bænarskrám Ísfirðinga í þessu máli líður, okkur frjálst að fara eptir sannfæringu okkar. En þar sem jeg fyrir mitt leyti er ekki á því, að hvalaveiðar spilli fiskiveiðum yfir höfuð, þá vil jeg að eins breyta lögunum á þann hátt, að kjósendur mínir þurfi ekki að líða neinn beinan baga af hvalaveiðunum, sjerstaklega þegar jeg sje heldur ekki, að þessi breyting geti orðið til þess að hnekkja hvalaveiðunum að neinu leyti eða koma í bága við þann hagnað, sem bæði Ísfirðingar og aðrir kunna að þykjast hafa af veiðum þessum.

Jens Pálsson: Það gleður mig, að svo margar upplýsingar hafa nú komið fram frá flutningsm. þessa máls; þaðan urðu þær líka að koma; annarsstaðar frá var þeirra ekki að vænta.

H. þm. Barðstr. (S. J.) og jeg höfum gert rjett í því, að bera fram ástæður kjósenda okkar fyrir h. deild, og um það, að við höfum gert rjett í því, að hreyfa mótmælum, veit jeg að jafnvel flutningsm. eru mjer samdóma. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um það, er mælir með, og það, er mælir móti þessu frv.

Jeg hefði ekki staðið upp, ef h. þm. Eyf. (Sk. Th.) hefði ekki knúð mig til þess með því að segja, að jeg hefði sagt, »að það gerði ekkert til«, þó Norðmenn spilltu veiðarfærum manna. Jeg verð að lýsa því yfir, að þetta er rangherrmt. Jeg hef aldrei haft þau orð: »að það gerði ekkert til«. Jeg sagði, þegar teknar höfðu verið fram þær ástæður fyrir þessu frv., að Norðmenn spilltu veiðarfærum Djúpmanna, og jeg var að draga fram, hvað gerði frv. ó

aðgengilegt og hvað mælti með því: »að þó jeg viðurkenndi, að sú ástæða, að Norðmenn spilltu veiðarfærum, væri þýðingarmikil, þá væri þó sú bót í máli, að þegar þessir ríku Norðmenn skemmdu veiðarfæri manna, þá bæri þeim auðvitað að bæta þau fullum bótum«. Jeg játaði einnig, að hjer væri einnig um það vandkvæði að ræða, er hefði þá óþægilegu afleiðing, að menn yrðu að byrgja sig betur upp að netum en ella.

Þetta er allt annað en jeg hafi sagt: »að það gerði ekkert til«.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 17 atkv. og sent til Ed.

Frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 264); 2. umr.

Ólafur Ólafsson: Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg vil gera að sinni. Oss flutningsm. gleymdist í 4. gr. að fella úr 34. gr. í kosningarlögunum sjálfum. Því þar sem í þessu frv. er tekið fram, hvernig skuli að fara þegar kjósa þarf aptur, þá verður hún óþörf. Vjer hugsum oss að laga þetta til 3. umræðu. Annars vona jeg, að h. deild verði málinu hlynnt, eins og jeg hefi ástæðu til að halda, þar sem enginn hefir talað á móti því, og enginn komið með neinar breytingar við það.

ATKVÆÐAGR.: Allar gr. frv. samþykktar, hin 1. með 17 atkv., 2. með 15, 3. með 14, 4. með 15 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Frv. til laga um breyting á 35. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, dags. 10. sept. 1830 (C. 336, 424); 2. umr.

Páll Briem: Þess var getið við 1. umr., að það þyrfti að laga frv., því eins og það kom frá Ed., þá er vafasamt, hvernig á að meta orðið: »arfahluti«, hvort það er miðað við hinn lægsta eða mesta, og svo líka það, hve nær þessi breyting kemur til framkvæmda. Jeg hef því komið fram með breyt.till. (C. 424) við frv. til að gera þetta skýrt og ljóst, og miða ekki við arfahluta, heldur við upphæð alls búsins. Það virðis óþarfi að miða við arfahluta og jafnvel órjettlátt; það geta verið »fallit«-bú, sem mikið ómak sje að skipta, og því órjettlátt, að ekkert greiðist fyrir.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. samþ. með 16 atkv.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. 20 atkv.

Vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um gagnfræðakennslu í lærða skólanum (C. 424); síðari umr.

Árni Jónsson: Þessar till. mættu svo góðum undirtektum við hina fyrri umr., að jeg vænti ekki annars en alls hins bezta, og vona, að deildin samþykki þær í einu hljóði, eins og við hina fyrri umræðu; það hefir heldur engin breyt.-till. komið fram.

ATKVÆÐAGR.: Þingsál.till. samþ. með 20 atkv., og endursend Ed.

Tillaga til þingsályktunar um telephóna (C. 383); fyrri umr.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Þó að það mál, sem þessi þingsályktunartill. hljóðar um, sje sannarlegt stórmál, en hin íslenzka þjóð sje smáþjóð, þá vona jeg samt að ekki verði svo álitið, að hin smáa íslenzka þjóð hafi ekki rjett, já skyldu, til að hlutast til um þetta stórmál.

Þessi orð mín benda á, að jeg geri ráð fyrir, að svo geti sýnzt í snöggu

bragði, sem það sje of djarft — of vaxið — hinni íslenzku þjóð, sem sje í samanburði við flestar þjóðir aðrar dvergvaxin að fólksfjölda og efnahag, að freista að hafa nokkur áhrif á þetta mál, sem sje frá sjónarmiði kostnaðarins risavaxið. En hið smáa hefir nú einu sinni svo mikið að segja í heiminum, og svo mikil áhrif á hið stóra. Þetta verður að afsaka það, að hin smáa íslenzka þjóð tekur þetta stórmál fyrir á alþingi.

Það sem gerir, að hin íslenzka þjóð verður að taka þetta mál fyrir á þingi sínu og leggja örugg út í það, er það, að þetta mál er gott mál.

Að fá frjettaþráð hingað hefir stórmikla þýðingu, eigi að eins fyrir þetta land, heldur líka fyrir allan hinn menntaða heim, og það hefir þá eina þýðingu, sem miðar til framfara, gagnsmuna og blessunar.

Það er öllum kunnug þessi fjarlægð Islands frá hinum menntaða heimi, sem er hinn mesti tálmi á framfarabraut þjóðar vorrar. En til að sigrast á þessum tálma, að því leyti er menn orka, er ekkert betur fallið en frjettaþráður milli einhvers hins næsta lands hins menntaða heims og þessa vors lands.

Það er eitt af áhugamálum vorum, að kaupmenn vorir vildu búa hjer á landi og láta allan arðinn af verzlun þeirra hjer lenda í þessu landi. En eitt af því, sem þeir bera fyrir sig, er þeir segjast ekki geta verið hjer að staðaldri, er það, að hingað liggi enginn frjettaþráður, og að land vort standi því ekki í því sambandi við heiminn sem önnur civiliseruð lönd standi í hvert við annað; þeir geti því ekki verið hjer, því þeir þurfi að standa í daglegu sambandi við heimsmarkaðinn; það er því ómetanlegt gagn, sem þetta land mundi hafa af frjettaþræði, er setti það í samband við útlönd. Það gagn er svo mikið, að það er ómögulegt að telja það með tölum eða mæla það með neinum mælikvarða. Ekkert mundi fremur styðja að því, að koma verzlun vorri í betra og eðlilegra horf en hún nú er í.

Jeg skal nefna að eins eitt dæmi enn af mörgum, sem geta sýnt, hvílíkt lífsspursmál hjer er um að ræða. Hvenær sem kemur upp í þeim löndum, sem standa í sambandi við Ísland, jeg segi ekki drepsótt, en einhver sóttnæm veiki, þá getum vjer ekki gert neitt fyrirfram til að koma í veg fyrir, að slík veiki breiðist hjer út, því, eins og stendur, vitum vjer ekkert um veikina fyrr en eptir á, eptir að skip eru komin hingað — og þau með sóttnæmið.

Þessi tvö dæmi sýna, að það er lífsnauðsyn fyrir þetta land, að hingað verði lagður frjettaþráður.

En þetta mál er líka óendanlega þýðingarmikið fyrir allan hinn civiliseraða heim vegna vísindanna. Eins og kunnugt er, er veðurfræðin sú vísindagrein, sem allur hinn menntaði heimur leggur nú mjög mikla áherzlu á. Það eru nú þúsundir af veðurfræðisstofnunum um allan hinn menntaða heim, og veðurathuganirnar hafa þegar, og munu í framtíðinni, hafa ákaflega mikla þýðingu fyrir líf manna og atvinnuvegina í öllum löndum. En nú er Ísland sett á ákaflega stórt hafsvæði, og af öllu því svæði geta veðurfræðingar engar fregnir fengið daglega um veðrið. Það er þó viðurkennt meðal veðurfræðinga, að margir og jafnvel flestir þeir stormar, sem ganga að vetrinum til yfir Norðurálfu og Norður-Ameríku eða lönd þau, sem liggja báðumegin að norðurhluta Atlanzhafsins, eigi rót sína að rekja til skil-

yrða, sem myndast fyrir sunnan og vestan Ísland.

Það er vitanlega ekkert nýmæli þetta frjettaþráðamál, að því er Ísland snertir, Þegar Ameríkumenn fóru fyrst að tala um að leggja frjettaþráð yfir Atlanzhafið, voru margir á því, að hann ætti að liggja yfir Grænland og Ísland og þaðan til meginlands Evrópu. Síðar er mönnum veitti erfitt að koma frjettaþræði beint yfir hafið frá Ameríku til Írlands í æskilegt lag, var komið á fremsta hlunn með, að þráðurinn yrði lagður til Íslands. En þá tókst að sigrast á erfiðleikunum, og fjell svo sú fyrirætlan, að leggja þráðinn yfir Ísland, úr sögunni. En þó ekkert yrði af þessu, hefir því þó verið haldið fram síðan, að mesta nauðsyn væri að frjettaþráður yrði lagður til Íslands. Þessu hefir einkum verið haldið fram af stórmerkum vísindamanni, sem hjet Hoffmeyer, og var formaður veðurfræðisstofnunarinnar í Kaupmannahöfn. Með ritgjörðum, er hann ritaði í merkileg vísindaleg rit, og með því að halda málinu fram í international-veðurfræðingafundum, kom hann aptur hreyfingu á það. En síðan þessi vísindamaður fjell frá, hefir aptur dofnað yfir málinu.

Danir og Íslendingar hafa sjálfsagðan rjett til að leggja slíkan þráð hjer á land. En úr því þeir hafa rjettinn, þá hafa þeir líka skylduna til að sjá þessa nauðsyn og bera hana fram.

Þessi þingsályktunartillaga fer nú fram á að bera þessa nauðsyn fram fyrir önnur ríki, og þannig að flýta fyrir málinu. Við flutningsmenn verðum að álíta, að stjórnin hjer heima og stjórnin í Danmörku sje sjálfkjörin til að gjörast talsmaður þessa máls, og það eins fyrir það, þótt það sje vitanlegt, að vjer Íslendingar erum ekki svo efnum búnir, að vjer getum tekið mikinn eða verulegan þátt í kostnaðinum til þessa stórmikla fyrirtækis.

Jeg verð nú að játa, að jeg hefi litla og mjög óljósa hugmynd um, hvað slíkt fyrirtæki, sem hjer ræðir um, muudi kosta. En það veit jeg, að kostnaðurinn skiptir miljónum. Það hefir verið skrifazt á um þetta mál lauslega við norskan »Ingenieur«. Hann var beðinn um að segja, hvað kosta mundi frjettaþráður, sem lægi frá Hjaltlandi og styztu leið hingað til lands, og svo þaðan yfir land til Reykjavíkur. Hann svaraði í brjefi, að hann byggist við, að slíkur þráður mundi kosta 2 til $2^1/_2$ miljón króna, eptir kringumstæðum. En jeg hygg, að þessi áætlun, sem var lauslega gjörð, sje of lág. Eptir því sem jeg og við flutningsmenn báðir höfum leitað fyrir oss, höfum vjer komizt eptir, að sjerstaklega það efni, kautsjúk, sem haft er utan um þræðina, sje að hækka í verði, vegna þess að það, sem framleitt er af þessu efni, er of lítið móts við það, sem brúkað er af því. Það er að vísu óhugsanlegt, að vjer Íslendingar getum lagt nema lítið eitt af mörkum til þessa fyrirtækis, en þó er ekki óhugsanlegt, að vjer gætum lagt dálítið fram. Um upphæð, sem skiptir tugum þúsunda, munar þó dálítið, þó um nokkrar miljónir sje að ræða.

Jeg gæti reyndar ímyndað mjer, að stjórninni fyndist þessi tillaga nokkuð einskorðuð, þar sem skorað er á stjórnina, að leitað verði samnings við erlend ríki um lagning þráðarins, enda álítum við flutningsmenn að orða mætti tillöguna betur, svo að hún samsvaraði betur því, sem vakti fyrir okkur þá er við sömdum hana.

Við hugsum oss, að þingdeildin skori með þessari tillögu á stjórnina, eða feli henni, að bera þetta mál, bæði fyrir

tilstilli veðurfræðisstotnunarinnar í Kaupmannahöfn eða formanns hennar fram í mennta- og vísindamannaheiminum, og leita álita og undirtekta annara ríkja um málið fyrir tilhlutan utanríkisstjórnarinnar.

Samkvæmt þessu höfum við áformað að gjöra breytingu á orðalagi tillögu okkar til síðari umræðunnar.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál fyr en jeg heyri undirtektir manna.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til síðari umr. í e. hlj.

Fertugasti og fyrsti fundur, þriðjudaginn 18. ág. kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frv. til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. (C. 418); 3. umr.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Af því að frumv. þetta var svo rækilega rætt við 2. umr., bæði almennt og eins hinar einstöku greinar, þá finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það að sinni.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 21 atkv. og sent til Ed.

Frv. til laga um friðun á laxi (C, 408, 428); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Með því að jeg álít við þessa umræðu, eigi við eiga, að fara út í hinar einstöku greinar frv., þá mun jeg að eins leyfa mjer að taka fram almenn atriði, en gjöra þó að eins fáar athugasemdir viðvíkjandi þeim aðalsjónarmiðum, sem koma til greina, þegar rædir um friðunarlög yfir höfuð og sjerstaklega um friðun á laxi.

Eins og h. þingd. er kunnugt, þegar talað er um friðun á laxi, æðarvarpi, eða hverju sem er, er hið fyrsta skilyrði til þess, að slík lög geti orðið vinsæl og almenningi að notum, að finna þá grundvallarreglu fyrir friðuninni, sem gengið verður út frá, og að setja rjett hlutfall milli almenningsgagnsins og rjettarsvæðis einstaklingsins, finna rjett takmark milli rjettar þjóðarinnar í heild sinni, eða kynslóðanna, og einstaklingsins eða veiðieiganda þeirra, sem hlut eiga að máli, og það er einmitt þetta takmark, hin rjetta takmarkalína milli hins viðvarandi gagns landsins og afnotarjettar hinna einstöku veiðieiganda, sem jafnan hefir þótt svo vandasamt að hitta fyrir löggjafann. Heimspekinga vorra tíma greinir á um það, hvort heppilegra sje, að takmarka eignarrjett einstaklingsins, þegar hann getur komið í bága við viðvarandi notkun eða hag almennings, eða þá að láta eignarrjett hins einstaka sitja í fyrirrúmi fyrir almenningsgagni. Margir hinna helztu heimspekinga halda fram hinu fyrra, þar á meðal Henry George og fleiri, enda hefir það orðið almennt vinsælla, þar sem það er mannúðarfrumreglan, sem þar er skipað fyrirrúm, jafnframt sem þess er og ávallt gætt, að rjetti einstaklingsins sje eigi of mjög hallað. Í frv. þessu, sem hjer liggur fyrir, hefir þessari grundvallarreglu verið fylgt, og er það því í því tilliti sannnefnd rjettarbót. Þetta lögmál kemur nú fram í ýmsum greinum frumvarpsins, sem þannig hefir að mínu áliti á margan hátt bætt hin núgildandi lög; þannig er eitt ákvæði um það, að selur, sem af öllum fiskifræðingum er álitinn að vera hin skaðlegasti óvinur laxins, skuli vera rjettdræpur í hverri laxveiðistöðu um þann tíma, sem ákveðið er í frumvarpinu. Þá hefir það sett ríkari takmörk en áður var fyrir því,

að lax sje veiddur langt fram á sumar, eða eptir 20. ág. ár hvert, þegar lax fer að hrygna, sem er hið skaðlegasta fyrir laxveiði í heild sinni.

Við þær breytingar sem nefndin nú hefir komið fram með við 1. og 2. gr., hefir hún haft fyrir augum almenningsgagnið, og gert frumvarpið enn þá rýmra en það áður var, þar sem hún áleit, eins og jeg tók fram áðan, að almenningsgagnið eigi beinlínis að ráða fyrir gagni einstaklingsins, og að jafnrjettishugmyndin aptur á hinn bóginn krefjist þess, að öll sjerstök leyfi eigi að lúta í lægra haldi, eins fyrir hagsmunum þjóðarinnar og alls landsins í heild sinni, um leið og þó er sjeð svo um að rjetti hinna einstöku sje ekki gjört of lágt undir höfði, en að fullkomið jafnrjetti gildi aptur meðal þeirra innbyrðis, því að öðrum kosti geta menn ekki sætt sig við takmörkun þá, sem almenningsgagnið heimtar.

Við það, að fella í burtu 6. gr. frv., hefir nefndin þannig viljað, að hverjum sem hlut ætti að máli, ætti að vera heimilt að veiða á þann hátt, sem hann vildi, og væri lögum þessum samkvæmur, án þess að banna þeim, sem vildi hafa meiri friðun, að mega gjöra í því efni sem honum sýndist, og því ekki viljað láta neyða hinn mótpartinn, eða hina meðeigendur veiðinnar, til að takmarka hana svo, að honum væri bagi að. Nefndin hefir því í þessu tilliti fylgt þeirri sömu jafnrjettisfrumreglu, sem henni virtist yfir höfuð ætti að vera hinn annar aðalgrundvöllur þessara laga, við hliðina á hinu almenna gagni landsins, að auka og viðhalda laxafjölguninni, eins og hún mætti verða eptir lögum náttúrunnar.

Eins og h. þingdm. hafa heyrt, hefi jeg að eins tekið fram hið almenna í þessu máli, með því mjer þykir eigi við eiga, að fara frekar út í einstök atriði á þessu stigi málsins, en geyma það heldur til 2. umr., og setja þá fram ljósari útlistun á hinum einstöku greinum frumv., eptir því sem þörf gjörist.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 200, 308); 3. umr.

Árni Jónsson: Með því að mál þetta hefir verið svo lítið rætt hjer í þingd., þá held jeg þm. yfir höfuð hafi eigi gjört sjer vel ljóst innihald þess. Mjer virðist frumv., eins og það nú liggur fyrir, ekki gjöra aðrar breytingar á kosningarlögunum en þær, að gildi kjörskránna er flutt frá þeim tíma, sem nú er, aptur um 1 mánuð, eða eptir því sem ákveðið er í frumv., þá skulu þær framvegis gilda frá 6. júní til 5. júní árið eptir, í staðinn fyrir það, sem nú er, frá 1. júlí til 30. júní.

Það sem vakað hefir fyrir þeim, sem komið hafa með þetta frumv., er þá það, að þeir sem flyttu um fardaga úr eða í kjördæmið, gætu neytt kosningarrjettar síns, ef kosning kæmi fyrir í júnímánuði næsta ár. En þetta kemur alls ekki fyrir, nema þegar um aukakosningar er að ræða, því hinar almennu kosningar eiga eptir kosningarlögunum, að fara fram í september. En um aukakosningar veit jeg ekki til að sje neinn ákveðinn tími, hvenær þær skuli halda, svo þær geta eins verið í öðrum mánuðum og í júnímánuði. Og þótt þær hafi nokkrum sinnum farið fram í júnímán., þá held jeg það hafi ekki margir misst atkvæði fyrir það. Jeg get því ekki sjeð, að þetta frumv. hafi mikla þýðingu, að þessu leyti. Hitt virðist mjer miklu þýðingarmeira, að rifta lögum, sem lengi

hafa staðið og sem hlutaðeigendur eru nú farnir að skilja til hlítar, en setja ný ákvæði í staðinn, sem gæti dregið þann dilk á eptir sjer, að kjörskrárnar yrða miklu verr úr garði gjörðar, en þær nú eru, og við vitum dæmi til þess, að kjörskrárnar hafa eigi ætíð verið svo formlegar, sem átti að vera. Er það þá ekki varhugavert, að fara að breyta til um gildi kjörskránna, og gjöra þannig miklu erfiðara fyrir með lögformlegan undirbúning þeirra? Því þótt aldrei sje annað, þá er þó erfiðara fyrir menn, sem ekki eru fljótir að lesa lögin, að þurfa að hafa tvenn lög undir til þess að semja kjörskrárnar; en það þurfa sveitastjórnir að hafa, ef þetta frumv. verður að lögum. Á hinn bóginn hef jeg ekki orðið þess áskynja, að óánægja hafi átt sjer stað meðal almennings um hin núgildandi kosningarlög að þessu leyti, svo þar af leiðandi væri brýn nauðsyn á, að breyta þeim úr því sem þau eru. Eins og jeg tók fram áðan, gæti það valdið allmiklum ruglingi meðal almennings, að minnsta kosti fyrst um sinn, þangað til menn almennt væru orðnir því kunnugir. Mjer þykir það sjerstaklega athugavert ákvæði í þessu frv., að það skuli öðlast gildi sem lög frá 1. jan. 1892. Hvernig fer svo, ef þessi lög verða ekki orðin kunnug um land allt í febrúar, þegar á að semja kjörskrárnar? Mjer finnst þetta ákvæði mjög varhugavert, þar sem nýjar kosningar fara í hönd, svo nauðsynlegt er að kjörskrárnar sjeu sem rjettastar og formlegastar. Það gæti vel farið svo fyrir sumum, ef þetta yrði að lögum, að þeir athuguðu ekki, að í stað þess að eiga að fylgja nýju lögunum við samningu kjörskránna, þá hefðu þeir fylgt þeim gömlu.

Annars man jeg ekki betur, en það hafi verið fyrir þinginu í sumar ein 4 frumv. til laga um breyt. á kosningarlögunum, og þar sem lítið útlit er fyrir, að hin frumv. gangi fram, þá held jeg að þetta megi að skaðlausu bíða þess, að þau lög væru endurskoðuð öll í einni heild, ef það verður ofan á, að þau þurfi eins mikilla umbóta og breytinga við, eins og virðist hafa komið fram í þessum athugasemdum við þau í sumar.

Framsögumaður (Ólafur Ólafsson): Þótt jeg sje eigi flutningsm. að frumv. þessu, get jeg eigi leitt hjá mjer að svara h. þm. Mýr. (Á. J.) fáeinum orðum. Jeg álít það mjög undarlegt, að hann skuli eigi hafa kynnt sjer frumv. fyr en nú við 3. umr., og yfir höfuð tel jeg það mjög varhugaverða reglu, að ráðast á frumv., þegar það er orðið um seinan, að nokkurri breyting verði komið að. H. þm. Mýr. (Á. J.) sagði að frumv. þetta hefði því að eins þýðing, að svo stæði á, að kosið yrði til aukaþings. Þetta er rjett og það er ekki rjett, því það koma opt fyrir aukakosningar; þm. eru þó allir dauðlegir og þeir geta hætt þingmennsku margra annara hluta vegna, áður en kjörtími þeirra er úti; þingm. veit þó, að 5—6 hafa verið kosnir fyrir þetta þing. Þetta frumv. fer því fram á allþýðingarmikla rjettarbót. Honum þótti einnig athugavert, að gjöra þetta að lögum, af því kjörskrár væru opt vitlausar, en jeg sje eigi hvað þessi ástæða getur verið þessu frumv. til fyrirstöðu. Enn ein mótbára hans var, að menn væru seinir að kynna sjer ný lög, en það er á ábyrgð þeirra, sem eiga eptir þeim að breyta, svo sú ástæða finnst mjer eigi mikilsverð. Það er þingsins, að semja lögin, stjórnarinnar að láta birta þau á lögboðinn hátt, og almennings síðan að kynna sjer þau, og að því leyti hefir opt staðið tæpara en nú í þessu efni, og allt samt farið

vel. Yfir höfuð finnst mjer engin ástæða til að fella frumv. þetta, þótt það fari eigi fram á stórkostlegar breytingar, fyrst það verður að álítast rjettarbót að því.

Árni Jónsson: H. 2. þm. Rang. (Ól. Ól.) gat eigi komið fram með eina einustu sönnun fyrir, að nokkur maður hefði misst atkvæði sitt, þótt gamla ákvæðið um kjörskrárnar stæði. Jeg sagði að menn væru eigi fljótir að kynna sjer ný lög, og þar sem opt hefði verið misfellur á samningu kjörskráa, þá mundi það eigi verða síður hjer eptir, ef menn þyrftu að hafa fyrir sjer fleiri lög. Jeg sje engan annan mun frá núgildandi lögum, en að tíminn er færður fram um 24 daga, og hef jeg þó borið frumv. saman við kosningarlögin. Þetta finnst mjer heldur lítilfjörleg breyting, en sem þó gjörir samningu kjörskráa vafningssamari. Hinu, að jeg hef eigi fyr komið fram með athugasemdir mínar við frv. þetta, get jeg svarað því, að það hefir svo mikið verið að gjöra suma daga að undanförnu, að það hefir verið lítt kleift að sökkva sjer niður í það allt saman, og jeg held að það sje betra að sýna fram á þá agnúa, sem frumv. hefir, þó seint sje, heldur en alls eigi að gjöra það. En jeg held h. þingm. Rangv. (Ól. Ól.) hafi ekki nákvæmlega kynnt sjer frumv. sjálfur, því hann kvaðst furða sig á, að jeg væri á móti því, að kjörskrárnar yrðu formlegri en áður. Jeg sje engan staf í frumv., sem miði til þess. Þar á móti sje jeg það, að aðhaldið með það, að kjörskrárnar komi fram á rjettum tíma, verður minna en áður. 14. gr. kosningarlaganna er ekki breytt, svo sýslumaður þarf ekki fyr en 1. júlí að tilkynna amtmanni, hvort hann hafi tekið við öllum skránum. Þetta kemur hálf-undarlega við, þegar kjörskrárnar eiga að vera komnar í gildi 6. júní, og veldur þeim árekstri, að mjer finnst það gjöra frv. ómögulegt, svo jeg segi fyrir mig, að jeg get ekki greitt atkv. með því.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Benedikt Sveinss.,	Árni Jónsson,
Eiríkur Briem,	Jens Pálsson,
Gunnar Halldórss,	Jón Jónss., þm. N.-Þ.
Jón Jónss., N.-M.	Jónas Jónassen,
Lárus Halldórss.,	Skúli Thoroddsen,
Ólafur Briem,	Þorl. Guðmundss.
Sig. Stefánsson,	Þorvarður Kjerúlf.
Sig. Gunnarsson,	
Ólafur Pálsson,	
Indriði Einarsson,	
Jón Þórarinsson,	
Ólafur Olafsson,	
Páll Briem,	
Sveinn Eiríksson,	

Síðan var frumv. afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um strandferðir póstgufuskipa (C. 365, 388, 410, 411, 430); fyrri umr.

Landshöfðingi: Úr því þessi þingsályktunartillaga á að vera sett sem skilyrði fyrir því, að fje það, sem veitt er í fjárlögunum til gufuskipsferða. verði útborgað, þá álít jeg mjer skylt að benda á þau atriði, sem jeg álít því til fyrirstöðu, að nokkur samningur geti fengizt um gufuskipsferðir, eins lagaðar eins og tillagan fer fram á. Jeg skal þá fyrst minnast á þau skilyrði, sem jeg álít alveg óaðgengileg.

Það er þá fyrst, að undir tölulið 1, c. stendur að skip það, sem fer 3. október frá Reykjavík norður um land (10. ferð nú) og austur til Berufjarðar, skuli fara þaðan aptur suður til Reykjavíkur. Þetta er bæði talsverð lenging á ferð-

inni, en verst er þó, að þær vörur, sem sendar eru með þessari ferð frá Norður- og Vesturlandi — og það er ekki lítið — komast viku eða ½ mánuði seinna til Khafnar en annars mundi vera. Sama er auðvitað að segja um farþegja, sem venjulega eru ekki svo fáir með þessari ferð. Allt þetta mundi gera gagn það, sem íslenzkir verzlunmenn hafa af ferð þessari, hjer um bil einskis virði. Það er líka annar stórgalli á þessu fyrirkomulagi. Með þessu móti færu 2 skip frá Reykjavík til Khafnar hvort á eptir öðru: annað 20. október, hitt 21.; en það liggur þó í augum uppi, að það er mjög óhentugt fyrirkomulag, að láta 2 póstskip fara sama dag eða því nær sama dag frá sama stað sömu leiðina til útlanda; þeim, sem þurfa að koma brjefum eða vörum til útlanda hjeðan, er það nóg, að eitt skip fari í einu, en fyrir menn annarstaðar á landinu er sú tilhögun mjög svo óaðgengileg. Jeg verð því að álíta þetta atriði alveg óaðgengilegt.

Hins vegar get jeg ekki upp á mitt eindæmi sagt um, hvort skipin muni geta komið við á Seyðisfirði í janúar eða farið vestur á Ísafjörð í marz. Mjer virðist það raunar ekki alveg óaðgengilegt í sjálfu sjer, en tel óvíst, hvort nokkur skipsútgjörðarmaður mundi vilja ganga að svo lagaðri viðbót við póstferðirnar fyrir svo litla hækkun á fjárframlaginu til strandferðanna, sem um er að ræða.

Þá er 6. töluliður, sem mjer finnst mjög athugaverður, en reyndar geri jeg ráð fyrir, að hann sje ekki meintur eins og hann er orðaður. Það getur ómögulega verið meiningin, að útgjörðarmenn skipa í útlöndum eigi að hafa sitt varnarþing í Reykjavík, því það kæmi í bága við grundvallarreglur allra laga um varnarþing, sem jeg þekki, og sjerstaklega er það ákveðið í dönskum lögum, að hvert verzlunarfirma á að hafa varnarþing þar, sem það á heimili; það hlýtur að vera meining nefndarinnar, að skylda útgerðarmennina til að taka móti málssókn hjer, fyrir t. d. vanskil á vörusendingum, en ekki frekara. Ef skilyrðið væri þannig orðað, tel jeg óvíst að það þætti óaðgengilegt, enda veit jeg eitt dæmi þess, að höfðað var mál móti »expediteur« gufuskipafjelagsins hjer í Reykjavík; hann tók móti málssókninni og var málið dæmt hjer. Þetta er það eina tilfelli, sem jeg þekki, en mjer finnst ekki ósanngjarnt, þó allir afgreiðslumenn væru skyldir að taka móti málssókn hver á sínum aðkomustað út af vanskilum á vörum þangað, en jeg álít ekki að þingið þurfi að gera ákvæði um það.

Þá er 3. töluliður. Að því er jeg veit til, mun það alstaðar viðgangast, að farþegjar á 1. plássi borgi matinn hvort sem þeir neyta hans eða ekki, og jeg held það sje frágangssök fyrir bryta, að hafa allt af á reiðum höndum nógan og góðan mat handa öllum farþegjum, án þess að hafa neina trygging fyrir að fá nokkra borgun. Þetta mundi hafa í för með sjer, að þeir sem borða yrðu að borga miklu meira en nú gjörist fyrir mat sinn, og mundi það geta fælt útlendinga, sem ekki eru slíku vanir. Það yrðu víst einu úrræðin fyrir þá, sem frískir eru, að hafa með sjer matarskrínu, og vona jeg því að menn felli þetta ákvæði, enda getur þetta matarmál varla verið kappsmál.

Skúli Thoroddsen: Af því að háttv. framsögum. (S. G.) var ekki viðstaddur, meðan hæstv. landsh. talaði, skal jeg leyfa mjer að svara ræðu hæstv. landsh. með fám orðum.

Jeg skal þá fyrst játa, að 6. töluliður í tillögum nefndarinnar er kannske

ekki heppilega orðaður; en það vakti að eins fyrir nefndinni, að fá því slegið föstu, að sá, sem tæki að sjer gufuskipaferðirnar, ætti að vera skyldur að taka á móti lögsókn í Reykjavík fyrir misfellur á vöruflutningum, og fyrir samningsrof, er hann kynni að verða sekur í; enda getur, eins og hæstv. landsh. benti til, ekkert verið því til fyrirstöðu, að útlendur maður, eða útlend fjelög, undirgangist að taka á móti lögsókn hjer á landi í vissum tilfellum. Þar sem hæstv. landsh. tók fram, að þessi ákvörðun væri óþörf, af því að hann vissi eitt dæmi till þess, að afgreiðslumaður strandferðaskipanna í Reykjavík hefði tekið á móti málssókn fyrir hönd sameinaða gufuskipafjelagsins, þá get jeg ekki sjeð, að þetta einstaka tilfelli, sem dæmt mun hafa verið fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur eingöngu, geti álitizt fullnaðarúrlausn þess, hvort lögsækja megi afgreiðslumenn sameinaða gufuskipafjelagsins hjer á landi, eður eigi; og meðan svo er, víla landsmenn fyrir sjer að fara í mál, enda er það töluverð áhætta, þar sem þeir geta búizt við, að málinu verði vísað frá. Nefndinni þótti því vissara, að taka þetta beinlínis fram, því að það er stórum vandkvæðum bundið, að þurfa að leita rjettar síns til Kaupmannahafnar eða annars staðar til útlanda.

Að því er snertir tölulið 1, c, þá ímynda jeg mjer, að það sje nefndinni ekkert kappsmál, og mætti breyta því til síðari umræðu.

Hæstv. landsh. þótti matarmálið (3. töluliður) of smásmuglegt til að gera það að skilyrði fyrir útborgun fjárins; en jeg get ómögulega sjeð, að svo sje, því að hjer er um talsverða peninga að ræða, þar sem menn hafa orðið að borga 4 kr. á dag fyrir mat á 1. plássi. Fyrir kvennfólk, sem er sjóveikt og einskis neytir, er þetta fremur óaðgengilegt og næsta tilfinnanlegt, þegar ferðazt er langa leið; og þess utan vil jeg taka það fram, að sje þetta matarspursmál svo lítilfjörlegt fyrir þingið, þá er það ekki síður lítilfjörlegt fyrir ríkisfjelag, sem haldið hefur uppi strandferðum hjer við land að undanförnu, að etja kappi og beita ágengni út af þessu matarmáli. Vitaskuld er það, að brytinn verður ávallt að hafa töluverðar matarbyrgðir á skipi; en það verður hann að hafa, hvort sem er, vegna skipverja sjálfra; það getur t. d. komið fyrir, að maskínan bili, eða eitthvað annað því um líkt tefji för skipsins, og þá dugir ekki, að hafa ekki meiri matarbyrgðir, en beinlínis þurfa til fararinnar.

Það getur auðvitað verið, að af því fyrirkomulagi, sem fjárlaganefndin stingur upp á, leiði, að einstakar máltíðir verði seldar nokkru dýrara en verið hefir, en þetta finnst mjer vel tilvinnandi. Hæstv. landsh. tók það fram, að það væri venja annars staðar, að menn borguðu matinn, hvort sem menn neyttu hans eða ekki; en eptir þeim upplýsingum, og eptir þeirri þekkingu, sem jeg hefi, mun það ekki vera venja á skipum, sem fara með löndum fram, og hjer er ekki farið fram á annað; það er ekki ætlazt til, að þetta ákvæði nái til ferða frá útlöndum til Íslands, og það er mikill munur.

Jeg man þá ekki eptir fleirum athugasemdum hæstv. landsh., sem jeg þurfi að svara. Fjárlaganefndin mun álíta sjer skylt að taka þær til íhugunar og koma með breyt.till., er hún álítur við eiga, til síðari umræðu.

Páll Briem: Það hefur reynzt svo á fyrirfarandi þingum, að þegar um ferðaáætlun strandferðaskipanna hefur verið að ræða, þá hefur verið erfitt að fá menn til að verða sammála um, hvern-

g hún skyldi verða; afleiðingin af þessu hefur orðið sú, að þingið hefur enga ferðaáætlun samið; það er því að nokkru leyti þinginu að kenna, að vjer höfum orðið að búa við miður hagkvæmar ferðaáætlanir.

Í báðum þeim áætlunum, sem hjer liggja fyrir, er margt til bóta; það er svo margt, að ef nauðsyn krefur getum vjer slegið af í einstöku atriðum. Í áætlun fjárlaganefndarinnar er auðsjáanlega miðað við skip frá útlöndum, líkt og að undanförnu. Áætlunin á þingskjali 395 og 396 er aptur á móti gjörð án þess að menn hafi þar nokkra reynslu við að styðjast; því vildi jeg að sú áætlun yrði sett til vara við ferðaáætlun nefndarinnar, því að mjer finnst hún vera miklu óvissari. Jeg játa það, að jeg hef ekki fullkomið vit á þessum ferðum, en þó er jeg hræddur um, að skipunum, sem þar eiga að fara ferðirnar eptir seinni áætluninni, sjeu gjörðar of miklar og of hraðar ferðir.

Ef annað eins hret kemur fyrir og fardagahretið í hitt eð fyrra — og við því má búast — þá sje jeg ekki betur en það skip, sem á að fara þessar ferðir, muni alls ekki geta fylgt ferðaáætluninni, og meira að segja varla ná henni allt sumarið. En það er aðalskilyrði, þegar um mannflutninga er að ræða, að ferðirnar sjeu áreiðanlegar; það er bæði óþægilegt og kostnaðarsamt, að þurfa að bíða marga daga eptir skipunum á komustöðum þeirra. Hjer vitum vjer, hverju vjer sleppum, en ekki, hvað vjer hreppum, ef vjer breytum stórkostlega til frá þeirri ferðaáætlun, sem vjer höfum nú. Þó að jeg áðan segði, að þessi ferðaáætlun ætti að vera til vara, þá getur það komið til skoðunar, að hafa báðar ferðaáætlanirnar jafnhliða, og gjöra þeim báðum jafnhátt undir höfði.

Ferðirnar á haustin, vorin og veturna eru mikið góðar eptir báðum áætlunum. Ferðaáætlun h. þingm. S.-Múl. (L. H.) hefur það einkum fram yfir hina, að hún gjörir ráð fyrir ferð í maímánuði norður um land; sú ferð mundi einkum þægileg fyrir vermenn. Ferðaáætlun fjárlaganefndarinnar gjörir þá að eins ráð fyrir ferð til Austurlands. En þar sem gjört er ráð fyrir að skipið verði átta daga á leiðinni norður, má búast við að flestir sjómenn kjósi heldur að fara sjóveg t. d. með Faxa upp í Borgarfjörð, og svo gangandi þaðan norður, því að þeir gætu á þann hátt orðið töluvert fljótari. Eptir orðum hæstv. landsh. að dæma, fundust honum einkum tvö atriði í skilyrðunum óheppileg. Annað atriðið var viðvíkjandi matnum á fyrsta plássi, en hitt var ferðin norðan um land í október til Reykjavíkur.

Matarspursmálið finnst mjer ekki þurfa að verða mikið kappsmál, því að þess er að gæta, að þegar fólk er sjóveikt, þarf það meiri aðhlynningu en þeir sem á ferli eru, og það hvílir á brytanum að sjá um þessa aðhlynningu. Jeg get því ímyndað mjer, að ef menn væru ekki skyldir til að borga nema þann mat, sem þeir neyta, þá mundu þeir verða að borga aðhlynninguna, og óvist að það mundi verða stór hagur, þegar þess er gætt, að maturinn mundi hljóta að verða dýrari en nú er. Jeg álít að ekki sje hægt að hafa þessa ákvörðun, nema þar sem um mjög stuttar ferðir er að ræða, eins og venja er í útlöndum.

Viðvíkjandi ferð skipsins frá Austurlandi til Reykjavíkur á haustin, verð jeg að segja það, að mjer finnst hún einkum æskileg af því, að skipið, sem kemur að austan norðan um land, kemur ekki við á Borðeyri í 11. ferðinni. Það er mjög óþægilegt fyrir vestur-

hluta Húnavatnssýslu og jafnvel Dalasýslu, að fá enga ferð til Reykjavíkur um það leyti. Mjer finnst mætti sleppa því að skipið kæmi við í Reykjavík í 10. ferðinni, ef það fengist til að koma við á Borðeyri í 11. ferðinni. Jeg veit ekki, hvað hæstv. landsh. muni segja um þetta, en talsverða þýðingu getur það haft. Yfir höfuð ættu menn að reyna að hagræða ferðaáætluninni svo, fyrst hún á að vera bindandi, að hún verði ekki óaðgengileg. — Það er satt, að það er óviðkunnanlegt og óhagfellt, að tvö skip fari úr Reykjavík á sama tíma og sömu leið til útlanda.

Um varnarþingið virðist mjer það jafnvel aðgengilegra, að afgreiðslumenn skipanna taki á móti málssókn hver á sínum stað, en þótt útgjörðarmaðurinn einn væri skyldur að eiga varnarþing í Reykjavík.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meir um þetta, en vona að eins, að h. deild láti mál þetta ekki fara í handaskolum, og þingmenn reyni að sýna þá tilhliðrunarsemi, að full líkindi sjeu til að vjer fáum eitthvað viðunandi fram. Það skiptir miklu, að þetta sje gjört.

Lárus Halldórsson: Af því jeg á breytingartillögu við þessa þingsályktunartillögu ásamt nokkrum fleirum, þá tek jeg til máls. Jeg get verið h. þm. Snæfellinga (P. Br.) þakklátur fyrir það, að hann hefur látið tillögur okkar njóta sannmælis. Yfir höfuð lagði hann til, að þingd. notaði okkar tillögu og henni fylgjandi áætlanir sem varatillögu við áætlun nefndarinnar, en annars væri heppilegast að sýna tilhliðrunarsemi og koma sjer saman í friði og ró; í þessu er jeg honum samdóma.

1. breytingartillaga okkar fer fram á að skip það, sem kemur frá útlöndum í janúar, komi ekki að eins við á Seyðisfirði, heldur Eskifirði líka, því eins og menn sjá, úr því skipið á annað borð kemur við á Austurlandi, þá munar það ekkert um að koma við á 2 stöðum; þessu vona jeg að h. þingd. hafi ekkert á móti og breytingartillagan fái því framgang.

Önnur breytingartillagan er við tölul. 1. c. Í miðri málsgr. í tillögu nefndarinnar er tekið svo til orða: »í 3. »ferðinni er gengur frá Reykjavík til «Seyðisfjarðar og svo til og frá Reykja»vík« o. s. frv. Bæði var það, að okkur fannst þetta ekki vel orðað, og svo álitum við að það mundi vera rit- eða prentvilla, Seyðisfjörður í stað Berufjarðar, og svo höfum við skotið inn í einum nýjum viðkomustað, Keflavík. Þessi breyting er svo lítil, að jeg vona hún verði að engu kappsmáli.

3. breytingartill. er við 1. h. þar sem gjört er ráð fyrir að skip komi seint í september á leið til Rvíkur við á Seyðisfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði; þar leggjum við til, að bætist við »og Keflavík«. Þessa ferð mundu nefnil. þeir menn nota til að komast heim til sín, sem nú fara árlega af Suðurnesjum til Austfjarða til að leita sjer atvinnu um sumartímann, en það er óhagræði fyrir þá, að skipið fari fram hjá Keflavík, enda er og þetta enginn krókur fyrir skipið. Sumir kunna reyndar að álíta, að það muni litlu fyrir þessa menn, þó þeir verði að fara fyrst til Reykjavíkur og svo þaðan suður aptur með Faxa, en það er aðgætandi að hjer er um fátækt fólk að ræða, sem munar um hvern daginn og hverja krónuna, og þarf að hafa sem greiðastar og hagkvæmlegastar samgöngur við Austurland. Einmitt þetta sama, að gjöra samgöngurnar milli Suður- og Austurlandsins sem beztar og mestar, liggur til grundvallar fyrir aðal-breyt.till., sem

fer fram á að milli 1. a og b bætist inn í 3 nýir stafliðir b, c, d, með alveg nýju fyrirkomulagi eða nokkuð öðru vísi en þingsályktunartill. nefndarinnar fer fram á.

Mjer finnst það vera áríðandi að gjöra sjer grein fyrir, hver sje hinn rjetti grundvöllur, rjett princip fyrir strandferðunum. Jeg tók það fram við 2. umr. í fjárlögunum út af styrkveitingunni til strandferða, að hið eina rjetta princip væri að mínu áliti að aðskilja strandferðirnar frá utanferðunum, og styrkja svo strandferðirnar sem mest, en láta utanferðirnar engan styrk hafa, því þær borga sig, en strandferðirnar ekki; en meðan við höfum sama skipið í strandferðum og það sem fer milli landa, þá fáum við aldrei annað, en ómynd af strandferðum, því meðan sama skipið fer bæði utanferðir og strandferðir, þá getur það ekki komið við nema á helztu kaupstöðum. Það er fólk á hinum fjörðunum, þó danskir kaupmenn hafi ekki tekið sjer þar bólfestu, og þar getur verið flutningaþörf mikil bæði fyrir fólk og vörur, sem líka þarf að hugsa um að fullnægja. Þetta princip var tekið fram í tilboði Otto Wathne, og það vakti líka upphaflega fyrir fjármálanefndinni, þar sem hún stakk upp á 50 þúsund krón. til skips sem færi strandferðir en ekki til útlanda, en að leggja að eins 9000 kr. til strandferða frá útlöndum. Þetta sama rjetta princip höfum við tekið og það er enginn munur á tillögu okkar og hinni upphaflegu tillögu fjárlaganefndarinnar, annar en sá, að strandferðirnar yrðu ódýrari eptir okkar tillögu. Það eru í raun rjettri að eins þessar innlendu strandferðir, sem þart að leggja og á að leggja fje til, af því þær geta enn sem komið er ekki borgað sig. Meðan svo er, þarf landssjóður að styrkja þær. En aptur á móti álít jeg óþarft og ekki rjett, að leggja fje til þeirra strandferða, sem ganga frá Höfn kring um land, því í fyrsta lagi þá borga sig allt af ferðir frá útlöndum til Íslands, því skipin eru full af vörum og farþegjum, og í öðru lagi þá veit jeg ekki hvort það er svo fjarri að segja, að það sje ekki landssjóður, heldur ríkissjóður Dana, sem eigi að leggja fje til þessara ferða, þar sem á honum hvílir sú skylda, að halda uppi póstsambandinu milli Íslands og Danmerkur, og það getur þannig verið áhorfsmál, hvort landssjóður Íslands hefur ekki síðan 1875 lagt út c. 18000 kr. árlega að óþörfu og alveg um skör fram. En með tilliti til þess hagnaðar, sem smákaupmenn eða smáborgarar út um land hafa af þessum ferðum, þá áætlaði fjárlaganefndin þó 9000 kr. til strandferða frá útlöndum, eins og hið danska gufuskipafjelag hafði þær 1888 og 1889. Þetta er sú sama tillaga, sem við nú förum fram á. Við viljum láta verja 9000 kr. til strandferða frá útlöndum og 12000 kr. til strandferða innanlands. Þetta var og samþykkt við 2. umræðu fjárlaganna hjer í deildinni; þá kom þessi liður fjárlaganna svo út, að hann var í tvennu lagi, þannig, að 9000 kr. gengju til strandferða frá útlöndum, en 12000 kr. til innlendra strandferða. En við 3. umræðu kom fjárlaganefndin með tillögu um að sameina hetta og binda það svo því skilyrði, að ferðunum yrði í einu og öllu hagað eptir því, sem þingið með þingsályktunartillögu samþykkti. Við höfðum þá ekkert sjer stakt við það að athuga, þar eð eins mátti í þingsályktunartillögunni ákveða þessa tvískiptingu ferðanna, sem við flutningsmenn þessarar breytingartillögu förum fram á.

En svo hefir h. efri deild enn komið fram með nýja breytingu. Efri deild vill veita 18000 krónur skilyrðislaust,

en klípa 3000 kr frá og binda þær einar því skilyrði, sem neðri deild vill binda alla fjárveitinguna. Tillögurnar eru þannig orðnar þrjár um þetta efni. Það er nú bersýnilegt, að tillaga h. efri deildar er »conservativ« eða stefnir að því takmarki, að halda öllu í sama vandræðahorfinu, eins og það nú er; það er engin skýla dregin yfir það, enda liggur það bert fyrir öllum. En hvað tillögu h. fjárlaganefndar snertir, eða þessa þingsályktunartillögu, þá veit jeg það að vísu, að það er sjálfsagt ekki meining fjárlaganefndarinnar með henni að ganga svo frá öllu, að enginn nema gufuskipafjelagið danska geti tekið að sjer þessar ferðir. En jeg verð þó að leggja áherzlu á það, að enginn stendur eins vel að vígi eins og þetta fjelag. Jeg hef heyrt það haft eptir manni sem er vel kunnur skipaferðum hjer við land, að þótt t. d. Zöllner fengi allan þennan 21 þúsund króna styrk, mundi hann ekki treysta sjer til að keppa við hið sameinaða gufuskipafjelag styrklaust. Af þessu er auðsætt — ef þessi tilgáta er á rökum byggð —, að þetta fjelag sæti fyrir ferðunum eptir sem áður, þó þær væru bundnar þeim skilyrðum, sem við og nefndin vill halda fram. En eptir því, sem mjer hefir heyrzt mönnum liggja orð til hins sameinaða gufuskipafjelags, þá finnst mjer sízt hugsandi, að þeir viljandi vildu spila í hendur því þessum 18 þúsund krónum, sem við allt til þessa höfum lagt því út, líklega í hreinan og beinan óþarfa.

Fari svo, að okkar tillaga komist ekki að, heldur verði þingsályktunartillaga nefndarinnar samþykkt, og ef til vill tekin til greina sú athugasemd, sem hæstv. landsh. gjörði við hana, þá vil jeg ekki vera með í að bæta einum einasta eyri við 18 þúsund króna styrkinn, hvað þá 3 þúsundum; þá kalla jeg lítið verða úr þeirri stóru gufuskipsfjármálapólitík, sem byrjaði svo drengilega, og jeg held, að það muni mælast illa fyrir út um land, ef allt endar með því, að bæta við styrkinn til gufuskipafjelagsins. Gufuskipafjelagið hefir að flestra, og það kunnugra manna, áliti grætt stórfje á ferðum þessum, og að minnsta kosti stungið landssjóðstillaginu árlega í vasa sinn sem »nettó«-ágóða. Og svo skyldi vera þörf á að bæta við það, þó fáeinum viðkomustöðum sje bætt inn í ferðaáætlunina. Fjelagið þarf ekki að gjöra út fleiri skip, útgjörðartíminn er ekki lengdur, og að því er snertir þessar ferðir sunnan um landið, sem er aðal-viðbótin, þá er fjelaginu að eins bent á, hvar mannflutningaþörfin er mest, hvar það geti fengið fullt skip af fólki og ærna peninga í flutningskaup. Þetta á að vera ástæða til þess, að fara að bæta við þá upphæð, sem gufuskipafjelagið hefir fengið úr landssjóði Islands og stungið í fleiri ár sem »nettó«-ágóða í vasann.

Jeg verð að leggja áherzlu á það, að eptir því sem flutningaþörfin þegar er orðin mikil milli suður- og austurlandsins, þá sje mesta nauðsyn á að gjöra sambandið milli austfjarða og suðurnesja sem greiðast, þar sem fjöldi manna fer árlega, og allt af fleiri og fleiri, hjeðan að sunnan til austfjarða til að leita sjer atvinnu að sumarlaginu.

Þessir miklu mannflutningar, þeir mestu sem enn eru komnir fram hjer á landi, gjöra bráðnauðsynlegt, að sem flestar gufuskipaferðir sjeu milli Reykjavíkur og Austfjarða.

Það getur verið mjög tilfinnanlegur skaði að því, að ekki sjeu nægilega margar ferðir milli suðurlands og austurlands. Jeg skal að eins taka eitt dæmi:

Í vor kom Laura full af fólki, hátt á fjórða hundrað manns af sunnlending-

um til Austfjarða. Jeg var sjálfur staddur á Seyðisfirði, skipið kom kl. 2 um nóttina, en kl. 6 um morguninn voru allir ráðnir. Hjer var þá svo ástatt, að heita mátti alveg fiskilaust — það hefir kannske reitzt eitthvað af smáfiski — og ekkert að gjöra, en fyrir austan mokafli. Hefði nú ekki verið betra að hafa fleiri ferðir, svo að fleiri hefðu getað farið austur og sótt gott sumarkaup þangað, í stað þess að eyða aðalbjargræðistímanum til einskis eða lítils? Jeg verð að leggja h. þingdm. ríkt á hjarta, að íhuga þessa fólksstrauma milli suður- og austurlands nákvæmlega.

Hvað snertir athugasemd h. þm. Snæf. (P. Br.), þá er það vitaskuld, að okkar áætlun er ekki byggð á reynslu, og það kann því að vera eins og hann sagði, að ferðirnar sjeu heldur þjettar, en hvað viðvíkur því dæmi, sem hann tilfærði, þá hefði í því tilfelli getað komið glundroði á ferðirnar, þó þær hefðu ekki verið eins þjettar. Við höfum heldur ekki bundið það fastara skilyrði en svo, að ferðunum yrði hagað sem næst þeirri áætlun, sem við höfum gjört. En við höfum tekið upp nokkuð marga viðkomustaði, flesta eptir því, sem stóð í tilboði herra Otto Wathnes, því við álítum það mjög mikils vert, að skipin komi sem víðast við. Það er annars ekki meining okkar, að spilla fyrir þingsályktunartill. nefndarinnar; við óskum að eins, að okkar standi jafnhliða, því við hugsum að fá með þessu fyrirkomulagi betri strandferðir með þó ekki meiri tilkostnaði en fjárlaganefndin.

Ef ferðaáætlanirnar eru bornar saman, þá sjest, að um norðurland gjörir nefndin ráð fyrir 5 ferðum, við fyrir 9 ferðum sunnan um land; til austfjarða gjörir nefndin að eins ráð fyrir 3 ferðum, en við fyrir 9. Jeg vona því, að h. þingd. taki þessari tillögu og ferðaáætlun vel og láti hana sem fer fram á fleiri og betri ferðir vera aðaltillöguna, en hina til vara, ef enginn fæst til að taka að sjer ferðirnar með því fyrirkomulagi. Svo held jeg að það sje ekki fleira, sem jeg þarf að taka fram; aðalatriðið fyrir mjer er flutningsþörfin og að koma samgöngunum með innlendum strandferðum í sem bezt horf, þannig, að farnar verði sem flestar ferðir og sem víðast komið við. Jeg verð enn að taka það fram, að jeg álít enga mynd á strandferðunum, svo lengi sem skipin að eins koma við á einstöku verzlunarstöðum. Að jeg taki dæmi af austurlandi, hvað hafa t. d. Seyðisfjörður og Eskifjörður til að bera fram yfir Mjóafjörð og Fáskrúðsfjörð? Það er ekki allt af sjálfsagt, að þar sje mest flutningaþörf, þó danskir kaupmenn hafi sett búðir á einhverjum stað. Við, sem sitjum hjer á þingi og eigum að ráða þessu máli, verðum eins að taka tillit til landsmanna sjálfra sem kaupmanna. Fólkið, sem heima á við hina aðra firði, þar sem engin strandferðaskip hafa komið, það hefir líka sínar þarfir og nauðsynjar, sem vjer þingmenn þjóðarinnar erum skyldir að taka tillit til. Hvað snertir 2., 3., 4., 5. og 6. tölulið í tillögunni, þá held jeg fyrir mitt leyti að gufuskipafjelagið danska sje nógu lengi búið að halda uppi strandferðum hjer með ókjörum, og neyða menn til að borga, hvort sem þeir neyta nokkurs eða ekki. Það er vitaskuld, að ríka munar ekki um það, en það er þó hreint og beint »optrækkeri« eins og Danir segja — jeg leyfi mjer að nota það orð fyrst það er danskt fjelag, sem hjer á í hlut — og »optrækkeri« er »optrækkeri, við hvern sem það kemur fram, og jeg kalla svo það, að selja mönnum það, sem þeir ekki neyta. Jeg er fjárlaganefndinni því þakklátur fyrir, að binda landssjóðsstyrkinn þessu skilyrði, að því

er snertir ferðir milli hafna hjer á landi. Það er sjálfsagt öðru máli að gegna landa á milli. Jeg er líka þakklátur nefndinni fyrir það ákvæði, að fargjaldið sje lægra, ef borgað er fyrir »tour« og »retour«. Og að endingu vona jeg, að þingið hverfi ekki frá því, að útgjörðarmenn skipanna hafi varnarþing hjer í Reykjavík, þó hæstv. landsh. hafi á móti því, og skal leyfa mjer að benda á, að það er ekki að eins út af glötun á sendingum, heldur líka út af samningsrofi o. fl., sem það getur haft þýðingu.

Ólafur Briem: Af því jeg hafði litla breyt.till. við þingsályktun fjárlaganefndarinnar, skal jeg fara um hana fáeinum orðum.

Breyt.till. gengur að eins út á það, að strandferðaskipið komi við á Hofsós í öllum ferðum, í staðinn fyrir eins og í þingsályktunartill. að eins í 2. Skipið kemur þar við mjög opt, þótt það standi eigi í áætlun, en það hefir haft þær afleiðingar, að það eru að eins kaupmenn, sem hafa getað notað sjer af því. Fólk almennt þorir eigi að reiða sig á komu skipsins þar, af því það stendur eigi á ferðaáætluninni. Það er undarlegt að gufuskipafjelagið hefir eigi tekið Hofsós með á áætlunina, með því að höfnin er brúkleg og engu lakari en á Sauðárkrók og krókur enginn að koma þar við, og sú töf, sem sá viðkomustaður veldur, eigi teljandi. Það er auðvitað þægilegt fyrir strandferðaskipið, að vera eigi bundið við neina fasta ferðaáætlun, svo að það megi fara fram hjá, ef það hefir eigi mikið að flytja á einhvern stað; en það ætti eigi eingöngu að vera ráðandi, hvort kaupmenn þurfa að flytja með því vörur. Bæði Sauðárkrókur og Hofsós eru að vísu við sama fjörð, en, eins og menn vita, er Skagafjörður stór sveit og mikið hjerað austan Hjeraðsvatna, sem á hægra með að sækja til Hofsóss. Þetta er Skagfirðingum austan Vatna mikið áhugamál, og var á þingmálafundi í vor samþykkt áskorun um að halda því fram, enda þótt engin stórkostleg breyting yrði á strandferðunum að öðru leyti. H. þingd. ætti því síður að vera þessu mótfallin nú, þar sem hún einmitt vill koma allmiklum breytingum á strandferðirnar til þess að gera mönnum hægra fyrir með flutninga.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þingskj. 394 við tölul. 1. a samþ. með 12 atkv.; sá tölul. þannig breyttur samþ. með 16 atkv.; 4. tölul. á sama þingskj. (394) felldur með 12:11 atkv.

Tölul. var fyrst samþ. með 12:11, en með því einn þm. lýsti því yfir, að hann hefði greitt atkv. með liðnum af misskilningi, var við haft nafnakall, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Árni Jónsson,	Eiríkur Briem,
Benedikt Sveinsson,	Gunnar Halldórss.,
Indriði Einarsson,	J. Jónss., þm. N.-M.,
Jens Pálsson,	Jón Þórarinsson,
J. Jónsson, þm. N.-M.	Jónas Jónassen,
L. Halldórsson	Ólafur Briem,
Ólafur Ólafsson,	Páll Briem,
Ólafur Pálsson.	S. Gunnarsson,
Sveinn Eiríksson.	Sig. Stefánsson,
Þorv. Kjerúlf.	Skúli Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundsson.

Þá var tölul. 1. b. í sjálfri þingsál.till. (C. 365) samþ. með 18 atkv., en breyt.till. á þingskj. 364 við tölul. 1. c. felld með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,

já:	*nei*:
Benedikt Sveinsson,	Árni Jónsson,
G. Halldórsson,	Eiríkur Briem,
Jens Pálsson,	Indriði Einarsson,
J. Jónsson, þm. N.-M.,	J. Jónsson, þm. N.-Þ.,
L. Halldórsson,	Jón Þórarinsson,
Ólafur Briem,	Jónas Jónassen,
Ólafur Ólafsson,	Páll Briem,
Olafur Pálsson,	Sigurður Gunnarss.,
Sveinn Eiríksson.	Sigurður Stefánsson,
Þorv. Kjerúlf.	Skúli Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundsson.

Breyt.till. á þingskj. 394 við 1. c var samþ. með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Páll Ólafsson,	Siðurður Jensson,
Árni Jónsson,	Eiríkur Briem,
Bened. Sveinsson,	G. Halldórsson,
Indriði Einarsson,	J. Jónsson, þm. N.-Þ.,
Jens Pálsson,	Jón Þórarinsson,
J. Jónsson, þm. N.-M.,	Jónas Jónassen,
Lárus Halldórsson,	Páll Briem,
Ólafur Briem,	Sig. Gunnarsson,
Ólafur Ólafsson,	Sig. Stefánsson,
Ólafur Pálsson,	Skúli Thoroddsen,
Sveinn Eiríksson,	Þorl. Guðmundsson.
Þorv. Kjerúlf.	

Tölul. 1. c með þeirri breyt. var samþ. með 22 atkv., og tölul. 1. d samþ. í e. hlj. Þá voru tölul. e., f. og g. samþ. með 22 atkv.

Breyt.till. (394) við tölul. 1. h. var samþ. með 14 : 2 atkv., og sá tölul. þannig breyttur samþ. með 19 atkv.

Tölul. 2. og fyrri liður 3. tölul voru samþ. í e. hlj., en síðari liðurinn með 17 atkv.; 4.—5. tölul. samþ. í e. hlj., og 6. með 19 atkv.

Till. vísað til síðari umræðu í e. hl.

Frv. til laga um sjereign og myndugleika giptra kvenna (C. 145, 419); frh. **1. umr.**

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Nefndin, sem kosin var til að athuga þetta mál, hefir nú, eptir að hafa íhugað það vandlega, komizt að þeirri niðurstöðu, að frv. það, er nefndin fjekk til meðferðar, gangi helzt til stutt. Nefndin var að vísu samhuga um, að ákvæði frv. væru heppileg, að því leyti sem þau miða til þess, að giptar konur verði hálfráðar og fullráðar fjár síns á sama aldri sem karlmenn; en að öðru leyti virtist nefndinni, að fjárráðum kvenna væru sköpuð of þröng takmörk, þar sem frv. að eins ákveður, að það skuli sjereign konunnar, er hún átti á giptingardegi, eður henni síðar áskotnast við arf eður gjöf. Nefndin hefir því leyft sjer að koma fram með nýtt frv., og er aðalhugsun þess sú, að fjárráð meðal hjóna skuli því sem næst vera frjálst samningsmál þeirra á milli.

Aðalreglan eptir frv. er að vísu, að sömu lög skuli í aðalatriðunum gilda eins og að undanförnu, ef engir samningar hafa verið gerðir um fjármál hjóna, en rjettarbótin er í því fólgin, að í frv. er hjónunum heimilt að skipa um fjárráð sín eins og þeim sýnist; eins og frv. nú liggur fyrir, eru lög þessi því að eins heimildarlög; þau skylda ekki hjónin til að gera hjúskaparmála, en gefa þeim að eins rjett til þess; og vegurinn til þess að gera hjúskaparmála er gerður svo greiður, sem unnt er, þar sem að eins er heimtaður brjeflegur og vottfastur samningur, en ekki heimtuð konungleg staðfesting, svo sem nú er í lögum; að öðru leyti er samningsfrelsi hjónanna eigi öðrum takmörkum bundið en þeim, sem nauðsynleg eru til að tryggja rjett skuldheimtumanna; í hjúskaparmála má t. d. eins vel ákveða, að konan hafi fjárráðin, eins og bóndinn; þar má ákveða, hvað sjereign

skuli vera hvors um sig af hjónunum o. s. frv.

Sjerstök ákvæði eru og tekin upp í frv. til þess að tryggja konuna sem bezt, hvort sem hjúskaparmáli er gjör eða eigi; þannig getur konan t. d. heimtað fjárskipti gjör, hve nær sem hún óskar, eða þykir ástæða til vera fyrir óspilunarsemi bóndans; konunni einni eru tryggð öll ráð yfir því, er henni innhendist við sjerstaka atvinnu o. s. frv.

Sumum kann að virðast það ókostur við frv., að hjónum er eigi gert að skyldu að gera hjúskaparmála, og myndi jeg fús til að ganga að breytingum í þá átt við síðari umr. málsins.

Af því að þetta er 1. umr., skal jeg eigi fara frekari orðum um málið, held ur hef jeg að eins bent á aðalatriðin.

ATKVÆÐAGR.: Vísað til 2. umr. í e. hlj.

Kosning endurskoðara landsreikninganna.

Kosinn var yfirdómari Jón Jensson með 13 atkv.

Fertugasti og annar fundur, miðvikudaginn 19. ágúst kl. 12 á hád.

Allir á fundi.

Forseti minnti á, að langt væri síðan að kosin var nefnd til að íhuga frv. til laga um líkskoðun, og væri enn ekki komið fram neitt nefndarálit. Skoraði hann á nefndina, að ljúka starfi sínu sem fljótast.

Frv. til laga um iðnaðarnám (C. 231, 388); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Ólafur Ólafsson*): Eins og h. deild sjer, hefir nefndin leyft sjer að gera ýmsar breytingar við frv., en jeg skal ekki fara frekar út í þær að svo stöddu, enda væri það ekki hægt, án þess að fara út í einstakar greinar frv.

Jeg skal þó geta þess, að helztu breytingarnar eru við 9. og 10. gr. Breytingin við 9. gr. miðar til þess, að nemendur geti öðlazt sem mesta menntun til undirbúnings undir nám sitt. Breytingin við 10. gr. miðar til þess, að tryggja það, að nemendur læri iðn sína sem bezt.

Jeg vil einnig láta í ljósi þá skoðun nefndarinnar, að frv. þetta geti orðið til bóta og eflt iðnaðinn og lypt honum á æðra stig.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að fara fáeinum orðum um nefndarálitið. Af breytingum nefndarinnar er sjerstaklega ein þýðingarmikil, sú ákvörðun, að menn skuli framvegis þurfa að taka nokkurs konar próf, til þess að mega taka pilta til kennslu. Þetta sama atriði kom til íhugunar bæði hjá stjórninni og í Ed., en það þótti ekki tiltækilegt að setja þar að lútandi ákvæði í lögin, einkum af því að það væri nýmæli hjer á landi og ætti hjer ekki við, enda væri sú skoðun almennt farin að ryðja sjer til rúms, að menn eigi að sýna með verkum sínum, hvort menn sjeu hæfir til að reka handiðn og kenna hana frá sjer, en ekki með því að taka smíðispróf. Ef einhver iðnaðarmaður hefir sjerstaklega gott orð á sjer, sem duglegur í sinni iðn, þá er óviðkunnanlegt, að hann skuli ekki hafa leyfi til að kenna hana frá sjer, enda þótt hann hafi ekki tekið þetta próf. Sama er að segja um duglega verzlunarmenn; þeir ættu eptir þessu ekki að hafa leyfi til að taka menn til náms við verzlun sína, nema þeir hafi tekið próf í verzlunarfræði. Jeg held þetta ákvæði sje ekki

til bóta og finnst það hvorki frjálslegt nje praktiskt.

Við hinar aðrar breytingar hef jeg ekkert sjerlegt að athuga. Það er reyndar efnisbreyting, að lærimeistari skuli sjá um, að nemendur fái tilsögn í uppdráttarlist, en jeg sje ekkert móti því, þegar tekið er tillit til þeirra takmarkana, sem sett eru í nefndarálitinu.

Framsögumaður (Ólafur Ólafsson): Jeg skal lýsa því yfir, að þetta atriði um prófsvottorð var rætt fram og aptur í nefndinni, og virtist henni að það ákvæði mundi ekki yfir höfuð þröngva kosti iðnaðarmanna, því þegar rekspölurinn er einu sinni kominn á, þá leysir hver og einn af hendi prófsmíði.

Að því er snertir verzlunarmenn, þá virtist nefndinni, að heldur ekki í því ákvæði væri nein hætta, því að nú er hjer kominn upp verzlunarskóli, sem vjer vonum að blómgist, og gerum ráð fyrir að allir þeir menn, sem hafa nokkra verzlun að ráði, muni ganga á þann skóla eða aðra. Nefndinni fannst sem þetta væri aðhald fyrir nemendur, á sinn máta eins og prófið í latínuskólanum er aðhald fyrir nemendur þar að stunda vel nám sitt. Hins vegar er það hart, að menn sem hafa stundað nám sitt í mörg ár, án þess að taka próf einhverra orsaka vegna, hafi sama rjett sem aðrir, er hafa tekið prófið. Að öðru leyti er nefndinni þetta ekkert kappsmál.

Að því er snertir breytinguna við 9. gr., þá er að vísu sem stendur enginn skóli hjer, þar sem kennd sje uppdráttarlist, en nefndin bjóst við að svo gæti farið, að hjer kæmist upp til að byrja með kvöldskóli í þessum tilgangi, og vildi að kennendur hjeldi lærisveinunum til þess að nota þess konar kennslu.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á 37. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 235, 415); frh. 1. umr.

Framsögum. (Árni Jónsson): Nefnd sú sem sett var í þetta mál hefir lagt það til, að h. deild samþykkti frumv. þetta, og hún hefir einnig í áliti sínu stuttlega gert grein fyrir, hvers vegna hún leggi það til. Henni finnst margt mæla með því, að þingfararkaupið sje fastákveðið, og álítur að það væri gott, bæði fyrir þm. sjálfa að hafa að vísu að ganga, hve miklu þeir megi verja til ferða sinna, og auk þess mundu allar þessar umræður og rannsóknir í blöðunum og manna á milli um ferðareikninga einstakra þingmanna hverfa. Jeg skal geta þess, að þar sem nefndin kemst svo að orði, að ferðareikningar þingmanna sjeu nú misháir, enda þótt þeir sjeu úr sama hjeraði, þá meinar hún ekki annað með því en að ýmisleg atvik geti komið fyrir, sem ómögulegt er að ráða við, enda stendur misjafnlega á fyrir mönnum, svo að einum verður ferðin dýrari en öðrum, þótt úr sama hjeraði sje. Auðvitað ferðast menn einnig misjafnt ríkmannlega.

Þegar nefndin fór að íhuga málið, fann hún brátt, að margs var að gæta og margt þurfi að taka til greina. Þegar þingfararkaup er ákveðið fast um langan tíma, þá virðist nauðsyn bera til að það væri ákveðið heldur hærra, en þegar allt er reiknað sem ódýrast og gert ráð fyrir að ferðin gangi sem greiðast. Henni fundust upphæðir þær sem samþykktar voru í Ed. helzt til lágar, og sá sjer því ekki annað fært en hækka þær nokkuð. Eptir þeim ástæðum, sem nefndin fór eptir, sá hún

sjer heldur ekki fært að miða við nokkrar fáar krónur, heldur ljet upphæðirnar hlaupa á 50 kr., að einu einasta kjördæmi undanteknu.

Það getur verið, að mönnum þyki þetta ekki heppilegt, enda hefir venjulega verið ágreiningur um þetta áður fyrrum. Þar eð þetta er 1. umr., er ekki hægt að fara frekar út í einstaka liði 1. greinar, sem hjer er mest um að gjöra. Vona jeg að h. deild leyfi því frumv. að ganga til 2. umr. og má þá ræða ítarlegar um hin einstöku atriði.

Sigurður Stefánsson: Eins og jeg tók fram við 1. umræðu get jeg ekki verið á þeirri skoðun að það sje vert að eyða miklum tíma til þessa frumv., og eptir að jeg nú hef lesið álit nefndarinnar, sem jeg er sannfærður um að hún hefir gjört svo vel úr garði, sem henni er unnt, þá sannfærist jeg enn betur um þetta. Eptir því sem nefndarálitið er orðað, hefði jeg enda heldur búizt við að nefndin hefði komizt til þeirrar niðurstöðu, að ráða deildinni til að fella það, heldur en að samþykkja það, þótt með þessum breytingum sje. Hún telur mörg tormerki á þessu máli, og jeg er manna fúsastur til að játa, að þau sjeu á rökum byggð.

Það er tvennt sem svona frv. á að koma til leiðar. Í fyrsta lagi að koma í veg fyrir að þingmenn semji of háa reikninga og í öðru lagi að spara fyrir landssjóðinn. Jeg sje nú að nefndin hefir horfið frá þessari síðari ástæðu, því að tölur þær, sem hún stingur upp á, miða engan veginn til þess að landssjóður spari fje, þótt frumv. verði að lögum, heldur bakar það honum í mörgum tilfellum töluvert meiri útgjöld en hann nú hefir, það er kemur til þingfararkaupsins.

Nefndin segir, að það sje gott fyrir þingmenn að vita, að hverju þeir gangi, og haga ferð sinni eins og þeim sjálfum líkar bezt, en þótt þeir viti að hverju þeir eiga að ganga, ef þingfarkaupið verður lögákveðið, þá geta þeir engu betur en áður hagað ferð sinni eptir því sem þeim hentar bezt; það getur margt komið fyrir þingmanninn á ferð hans, sem hann ekki gat sjeð fyrir og sem bakar honum miklu meiri útgjöld en hann bjóst við; þarf ekki lengra að fara í því efni en að benda á ferð þm. V.-Skaptf. (Ó. P.) til þings í sumar. Mörg slík tilfelli geta komið fyrir, og þann kostnað, sem af þeim leiðir, verður þingmaðurinn að borga úr eigin vasa, ef þingfararkaupið er fast ákveðið. Einmitt á þennan hátt ætti þingmaðurinn miklu meira á hættu, en það vona jeg að allir játi, að sje ósamboðið sóma þingsins, að búa til þau lög, sem gætu valdið því, að nokkur þm. geti beðið beinlínis fjártjón af þingför sinni.

Það er því á margt að líta eins og nefndin segir, og það er ómögulegt að gera ráð fyrir öllum óvissum atvikum, en þar eð það er ósanngjarnt að taka ekkert tillit til þeirra, hefir nefndin orðið að taka það ráðið, að setja þingfararkaupið töluvert upp frá því sem h. Ed. hafði ákveðið, miða það eingöngu við landvegsferðir, en þar sem allmargir þingmenn munu að öllum jafnaði fara sjóveg, en sú leið er miklu kostnaðarminni, þá leiðir þar af, að þingfararkostnaðurinn verður miklu hærri en hann nú er, enda þótt þingfararkaupið sje allt of lágt sett, þegar það er miðað við landvegsferðir. Sparnaðurinn, sem af þessu leiðir, er því enginn.

Eins og jeg tók fram áður, vil jeg ekki að þingið semji lög um þetta; það hafa heldur engar almennar óskir komið fram um það, að þetta væri fastákveðið með lögum. Jeg get ekki kallað það almennar óskir, þó að einstök

blöð, sem vilja gjöra sig vinsæl með aurapólitík, sýtingi og eptirtölum um þingfarakaup þingmanna, hafi lagt einstöku þingm. í einelti fyrir ofháa reikninga. Jeg gef ekkert fyrir þess konar smásálarpólitík, og jeg hef ekki getað sannfærzt af nefndarálitinu, enda þótt tölur nefndarinnar sjeu nær lagi en þegar frumv. kom hingað frá Ed.

Jeg sje að nefndin hefir farið svo samvizkusamlega og vægilega í þetta sem unnt var, og mjer kemur engan veginn til hugar að ámæla henni.

Framsögum. (Árni Jónsson): Það er rjett sem h. þm. Ísf. (S. St.) tók fram, að nefndin sá sjer ekki fært að taka þá stefnu að spara; þetta hefir hún einnig tekið fram í nefndarálitinu. Hún hafði til samanburðar þingfararkaupsreikninga frá hinum 2 síðustu þingum, en gat ekki sparað frá því sem nú er, sízt þegar ekki er tekið tillit til, hvernig þingmenn ferðast. Það getur árað þannig, að flestir þingmenn fari sjóveg og þá sparast auðvitað töluvert fyrir landssjóð, þegar þingfararkaup er eigi fast ákveðið.

Í Ed. kom fram uppástunga um, að hafa upphæðirnar misháar, eptir því hvort farið er landveg eða sjóveg, en nefndinni þótti það ekki heppilegt og sá sjer ekki fært að halda út í það.

Þar sem nefndin segir, að þingmenn geti hagað ferð sinni eptir því sem þeim sje hentast, þá meinti hún einungis yfir höfuð; það er auðvitað ekki hægt með almennum föstum reglum, að taka út fyrir einstök atvik eða slys, sem fyrir kunna að koma á þingferðum, svo sem ef þingm. missir hest eða verður veikur eða slasast, eins og h. þm. V.-Skaptf. (O. P.). Það geta komið fyrir ýms atvik, sem auki kostnaðinn, svo sem árferði o. s. frv. Einkum fórust nefndinni þannig orð með tilliti til þess, að þingmönnum þykir óviðkunnanlegt að menn sjeu eptir svo að kalla hvert þing að rekja og ræða ferðakostnað þeirra og segja, að það hefði getað kostað minna, og verður þetta til þess, að sumir þingmenn reyna, kannske sjer til skaða, að hafa ferðirnar sem allra ódýrastar.

Nefndin felur deildinni á hendur þetta umfangsmikla mál. Henni er ekki svo kunnugt um vegalengd eða ferðakostnað úr öllum hlutum landsins, að hún sje viss um, að sínar uppástungur sjeu allstaðar hinar heppilegustu, og hefir enda búizt við breytingum, og tekur frekari upplýsingum með þakklæti.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 14 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um afnám opins brjefs 26. sept. 1860 (C. 432); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 15 atkv. og endursent Ed.

Frumv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885, 25. gr. (C. 427, 440); ein umr.

Sigurður Stefánsson: Það er orðin sú breyting á h. bankanefnd, að þeir sem voru í meiri hluta eru nú komnir í minni hluta. Við tveir, sem erum nú í minni hluta, skiljum ekki, að það sje nauðsynlegt, að hverfa frá því, sem með miklum atkvæðamun var samþykkt hjer í neðri deild um daginn, þrátt fyrir það, þó h. efri deild hafi breytt því, án þess að nokkrar upplýsingar hafi komið fram breytingunni til stuðnings. Því hefir verið haldið fram, að starfsmenn bankans hafi ekki næga borgun og því væri nauðsynlegt að hækka launin. Þessari skoðun hef jeg alla tíð verið hlynntur, en vil að eins, að um leið og laun bókara og fjehirðis eru hækkuð, þá verði laun framkvæmdarstjórans líka hækkuð, og það svo, að hann þurfi og megi ekki gefa sig að

neinum öðrum störfum. Jeg er líka viss um, að landsmenn kunna þinginu enga þökk fyrir það, að hækka einungis laun þessara tveggja starfsmanna bankans, en láta hann að öðru leyti sitja í sama horfinu. Eins og nú er, þá er bankinn opinn að eins 2 stundir á dag; jeg er reyndar ekki vel kunnugur, hve mikið er að gjöra í bankanum þar fyrir utan, en hef heyrt, að megi áætla það aðrar 2 stundir eða alls 4 stundir á dag árið um kring, og er þá þetta, sem starfsmenn bankans hafa, fullsómasamleg borgun, þegar þeir hafa svo mikinn tíma umfram. En nú viljum við og höfum þegar komið með tillögu í þá átt, að bankinn verði lengur hafður opinn, t. d. 6 stundir, og þá skal jeg játa, að 2400 kr. eru ekki of mikið, svo þeir þurfi ekki að hafa á hendi önnur störf. En við viljum binda þetta því skilyrði, að laun framkvæmdarstjórans verði einnig hækkuð og að hann hafi ekki önnur störf á hendi, og lög þessi öðlist ekki gildi, fyr en þessi skipun er að öllu leyti á komin.

H. þm. N.-Þing. (J. J.) og h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) hafa horfið frá oss og við því ekki getað orðið samdóma í nefndinni; vona jeg að h. deild samþ. breyt.till. okkar tveggja, sem fer fram á að halda því, sem samþykkt var um daginn. Að endingu vona jeg, að hæstv. landsh. segi álit sitt um þetta mál, og hvort að vænta má, að nokkur breyting verði við bankann, því jeg hef það traust til hæstv. landshöfðingja, að ef hann gæfi skýlausa yfirlýsingu í þá átt, þá gæti það haft áhrif á atkvæði mitt, en annars vil jeg halda fast við breyt.-till. okkar.

Framsögum. (*Lárus Halldórsson*): Jeg skal í fám orðum leyfa mjer að skýra frá skoðun meiri hlutans.

Nefndin er öll samdóma um það, að þörf sje á að hækka laun starfsmanna við bankann; því eptir því sem störf þau eru nú orðin umfangsmikil og vaxa að sjálfsögðu framvegis, þá er auðvitað að launin eru mikils til of lítil.

Jeg tók það fram þegar við 1. umr., að þegar landsbankinn var stofnaður og laun fjehirðis og bókara ákveðin 1000 kr., þá var ekki gjört ráð fyrir, að laun þessi væru fyrir annað en þau störf, sem beinlínis snertu bankann sjálfan. En síðan hefir sparisjóði Reykjavíkur verið bætt við, svo að störfin hafa aukizt stórmikið, þar eð sparisjóðsstörfin munu vera meira en helmingur af því, sem þessir menn nú hafa á hendi. Verður þeim þannig erfitt og jafnvel ómögulegt að leita sjer þeirrar aukaatvinnu, sem þeir þurfa til að komast af, og sem þeir hæglega gætu haft á hendi, ef þeir hefðu eigi öðru að gegna við bankann en því sem upphaflega var til ætlazt. Það liggur því öllum í augum uppi, að það er ekki einungis sanngirni, heldur beint rjettlæti, sem krefst launahækkunar handa þessum starfsmönnum, enda er nefndin öll samdóma um það, og 1. þm. Ísf. (S. St.) tók það fram, að hann hefði af þessari orsök frá upphafi verið hlynntur frumv. þessu.

Að því er snertir okkur tvo, sem h. 1. þm. Ísf. (S. St.) nefndi, og sem áður vorum í meiri hluta nefndarinnar og sem erum það einnig á annan hátt, þá erum við fyllilega samdóma minni hlutanum í því, að breyta þurfi fyrirkomulaginu á framkvæmdarstjórn bankans, þannig, að hún sje ekki lengur höfð í hjáverkum með öðru hálaunuðu embætti. Það sem greinir á milli er, að við sjáum ekki eins náið samband eins og hann milli launahækkunar handa þessum 2 starfsmönnum, bókara og fjehirði, og þessara breytinga á framkv.-stjórninni, því við sjáum ekki annað, en ef það er, að þessir 2 starfsmenn sjeu oflágt launaðir, þá sje það sjálf-

sögð skylda, að þeir, sem vald hafa til þess, hækki launin. Jeg verð að leggja áherzlu á það, að sjeu þessir starfsmenn illa launaðir, þá sje það skylda, að bæta úr því, og það dugi ekki að segja: »þið verðið að sitja með það, þangað til nýr framkvæmdarstjóri kemur; við köstum allri ábyrgðinni af okkur yfir á stjórnina«.

H. 1. þm. Ísf. (S. St.) sagðist játa, að launin væru lítil, en störfin væru heldur ekki mikil; bankinn væri opinn að eins tvær stundir á dag og svo þyrftu þeir að eins aðrar tvær stundir eða alls fjórar stundir að vinna í hans þarfir. Jeg get ekki dæmt um, við hve mikil rök þetta hefir að styðjast, jafnvel þó jeg álíti það oflágt áætlað; það tekur langan tíma að reikna út allar rentur o. s. frv.; en vil að eins benda á þingsályktunartillögu, sem fer fram á, að bankinn sje opinn ekki tvær, heldur sex stundir á dag, og gangi hún fram og verði tekin til greina, þá fá þessir starfsmenn eins mikið að gjöra eins og t. d. skólakennarar og sumir aðrir opinberir embættismenn og jeg vil segja jafnvel miklu meira. Jeg get því ekki sjeð, að það sje rjett af þinginu að hnýta þetta svo fast við skipti á framkvæmdarstjóra, því skyldi svo fara, að þau yrðu ekki, þá sitja menn þessum tveimur starfsmönnum í ljósi fyrir því, að fá þau laun, sem þeir eiga skilið.

Landshöfðingi: Af því h. þm. Ísf. (S. St.) skoraði beinlínis á mig, bæði í ræðu sinni nú í dag og við fyrri umræðu um þingsályktunartillögu um landsbankann, að láta álit mitt í ljósi um, hvaða árangur 1. töluliður í tjeðri þingsályktunartillögu mundi hafa með tilliti til þess bankastjóra, sem nú er, þá skal jeg nú taka það fram, að það heyrir, eins og nefndinni er kunnugt, að eins undir landsstjórnina að skipa framkv.-stjóra og víkja honum frá, en þingið aptur á móti hefir áhrif á bankann gegnum þá gæzlustjóra, sem það kýs. Eins og jeg álít það væri ekki rjett af stjórninni, að reyna til að hafa áhrif á atkvæði þingsins og segja því, hvern hver deild ætti að taka fyrir gæzlustjóra við bankann, eins litla ástæðu álít jeg það fyrir þingið, að fara að skipta sjer af því, hver er settur framkvæmdarstjóri. Afskiptasemi af þingsins hálfu um þetta atriði er því ástæðulausari, sem það hefir verið tekið fram í báðum deildum, að hinn núverandi framkvæmdarstjóri hafi staðið mjög vel í stöðu sinni sem bankastjóri, og að bankinn hafi blómgazt og eflzt undir hans stjórn, og þó heyrzt hafi umkvartanir eða óánægja yfir því, að hann hafi jafnframt önnur störf á hendi, þá hefir þó enginn þorað að fullyrða, að hann fyrir þá sök hafi vanrækt bankann eða að störf hans sem háyfirdómara hafi komið í bága við störf hans sem bankastjóra eða haft áhrif á þau, og að því leyti sem það heyrir undir minn verkahring að hafa eptirlit með bankastjórninni, þá hef jeg aldrei fundið neina ástæðu til að víkja honum frá, og sje jeg því enga ástæðu til að taka tillit til áskorunar í þá stefnu frá þinginu eða annari hvorri deild þess. En það getur samt orðið niðurstaðan, að þessi h. deild fái sinn vilja fram um skipti á framkvæmdarstjóra við landsbankann, þar sem hún hefir haldið svo stýft fram, að launahækkun hinna tveggja starfsmanna við bankann skuli bundin því skilyrði, að hinn núverandi framkvæmdarstjóri fari frá, þannig, að launahækkunin komist ekki á, fyrr en nýr framkvæmdarstjóri komi. Hinn núverandi framkvæmdarstjóri vill ekki sitja þessum starfsmönnum í ljósi og hefir því lýst því yfir við mig, að hann vilji ekki gegna bankastörfunum lengur en til vorsins 1893 eða 1. júlí 1893; hann hef-

ir reyndar ekki tiltekið nákvæmlega, hvenær á þessu tímabili hann fari frá, en jeg get lýst því yfir, að hann ætlar sjer ekki að vera við bankann, þegar næsta alþing kemur saman. Svo, geti það ráðið atkvæðum manna hjer í deildinni, þá er þeim, sem nú vilja breyta frumv. frá því sem það kom frá efri deild, óhætt fyrir þær sakir að greiða atkvæði með frumv. óbreyttu. Jeg vil benda á að endingu, að vilji deildin fá nokkra breytingu á bankalögunum, þá sje heppilegast að samþykkja frumv., eins og það er nú frá efri deild, því annars er mikið hæpið, að lögin fái staðfestingu.

Indriði Einarsson: Það var nokkuð annað atriði, en það sem nú síðast hefir verið rætt, sem jeg vildi tala um. Í því fyrsta frv., sem jeg og annar h. þm. komum með, þá var að eins farið fram á að hækka laun þeirra 2 starfsmanna bókara og fjehirðis upp í 2000 kr.; nú hefir því verið breytt í 2400 kr. og svo bætt inn í það framkv.stjóralaunum uppá 5000 kr. og einu öðru ákvæði. Frv. er því mjög breytt frá því sem það var, þegar við komum með það, því þá fór það að eins fram á breytingu á 25. gr. og hjet samkvæmt því, en nú eptir allar þessar breytingar, þá hefir þó fyrirsögninni ekki verið breytt, sem væri þó nauðsynlegt, eða svo sýndist mjer. Útgjöld bankans verða eptir því, sem þetta frv. fer fram á, handa framkvæmdarstjóra og gæzlustjórum 6000 kr. Hinir starfsmennirnir tveir

2400 kr. hver	4,800 —
Fyrir mistalning $^1/_{50}$% um .	200 —
Húsaleiga og kol	400 —
Revision	600 —
eða til samans	12,000 —

Nú er svo ákveðið í 2. gr. bankalaganna, að hann skuli borga til landssjóðs 1% af þeim seðlum, sem hann hefir tekið við af landssjóði, og 2% skuli leggja í varasjóð. Bankinn hefir þegar tekið út 430000 kr. og þessir 3% verða því á ári hverju 12,900 kr. Allar tekjur bankans verða á árinu, eins og hagur hans er nú, $4^1/_3$% af 400,000 kr., — alla seðilupphæðina má ekki reikna, því nokkuð er ávallt í sjóði — verður . . . . . 17,333 kr.
Vextir af viðlagasjóði bankans um 80,000 kr. $3^1/_2$% verða . 2,800 —
Ágóði af sparisjóðnum verður ekki vel áætlaður með vissu, en jeg gjöri hann þó, vegna viðlagasjóðs hans á ári 1000 —
Allar tekjur bankans verða árlega . . . . . 21,233 kr.
ef frá dragast laun og kostnaður . . . . . 12,000 —
verða vegstir . . . . . 9,133 kr.
um árið, og þegar þar af eiga að borgast samkvæmt 2. gr. 12,900 kr.
þá kemur út að til vanta 3—4000 kr. á ári, til að 2. gr. bankalaganna geti staðið óbreytt.

Eins og frv. nú er orðað, breytir það því einnig 2. gr. bankalaganna, en þar sem hún er ekki nefnd í fyrirsögninni fyrir frumvarpinu, kemur það væntanlega í bága við aðra grein bankalaganna, og þetta gæti orðið til þess, að frv. yrði ekki staðfest; sýnist mjer ráðið til að fyrirbyggja þetta að hækka ekki laun framkvæmdarstjórans og fella þau burtu úr frumv. Annars skal jeg ekki eyða fleirum orðum um frv., en taka það eins fram, að jeg fellst heldur á frv., eins og það kom frá Ed., en eins og það var þegar það fór hjeðan úr Nd.

Skúli Thoroddsen: Af því að jeg er einn í þessari bankanefnd, og annar þeirra, sem nú er í minni hlutanum, þá skal jeg lýsa því yfir, að út af þeirri

skýlausu yfirlýsingu hæstv. landsh., að breyting skuli gjör á framkvæmdarstjórn bankans fyrir alþingi 1893, þá höfum við, jeg og h. þm. Ísf. (S. St.), orðið ásáttir um, að taka breyt.till. okkar í nefndarálitinu á þingskjl. 434 aptur, með því að hún, eptir yfirlýsingu hæstv. landsh., má álítast óþörf.

Hæstv. landsh. fór þungum orðum um það, að þingdeild þessi hefði viljað hafa afskipti af því, hverjum framkvæmdarstjóraembættið við landsbankann væri skipað, og enda viljað knýja landstjórnina til að víkja hinum núverandi bankastjóra frá, þar sem það væri þó landsstjórnin ein, sem hefði vald til þessa. Jeg skal lýsa því yfir, að við vissum vel, að stjórnin hafði valdið í þessu efni, en þar sem við líka vissum, að þjóðin var mjög óánægð með það, að sá væri framkvæmdarstjóri landsbankans, sem jafnframt hefði hálaunuðu og vandasömu embætti að gegna, þá var það skylda okkar að reyna að fá það lagfært, og þingd. hefir því gjört alveg rjett í því, að binda hækkun á launum starfsmannanna þessu skilyrði.

Vitanlega getur svo farið, að sá komandi framkvæmdarstjóri standi ekki betur eða eins vel í stöðu sinni, eins og núverandi framkvæmdarstjóri bankans hefir gjört, en það er allt undir því komið, hvað landshöfðingi verður heppinn í valinu; en þingið er þá úr allri ábyrgð, þótt bankastjóraskiptin yrðu eigi til bóta, eða þótt svo færi, að landsstjórnin t. d. eins og stundum hefir þótt við brenna, stingi þessu embætti að einhverjum góðkunningja eða vildarmanni sínum, án tillits til þess, hver hæfileikamaður hann væri.

Landshöfðinginn gat þess, að enginn hefði getað sagt annað, en að hinn núverandi framkvæmdarstjóri hefði staðið vel í stöðu sinni, og það sje fjarri mjer, að draga úr verðskulduðum sóma hins núverandi bankastjóra; en það held jeg, að öllum verði að sýnast eðlilegt, þótt hinn núverandi bankastjóri, sem jafnframt hefir haft öðru embætti að gegna, hafi eigi getað gefið sig svo fyllilega við bankastörfunum, sem ella.

Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um þetta; en breytingartillöguna tökum við aptur, í þeirri von, að allt standi við það, sem hæstv. landshöfðingi lýsti yfir.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að lýsa því yfir viðvíkjandi ræðu h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.), að þar sem hann gaf í skyn, að landsstjórnin ef til vill mundi við skipun hins nýja framkvæmdarstjóra landsbankans taka meira tillit til kunningsskapar eða vináttu, en hæfilegleika eða þekkingar þess manns, sem skipaður yrði, þá eru slíkar getsakir eða dylgjur með öllu ástæðulausar og ósæmilegar.

Skúli Thoroddsen: Jeg get, þrátt fyrir ræðu hæstv. landsh., ekki sjeð, að ástæða sje til að taka neitt aptur af því, sem jeg sagði, nje að víkja neitt frá þeirri skoðun, sem jeg ljet í ljósi, þegar jeg talaði síðast; þvert á móti verð jeg að endurtaka það, að þar sem þingið nú hefir sýnt, að það ekki telur eptir að leggja fram fje, sem nægja má, til þess að útvega bankanum ötulan og duglegan framkvæmdarstjóra, þá verður það eingöngu á ábyrgð landsstjórnarinnar, ef framkvæmdarstjóraskiptin verða eigi að tilætluðum notum, en bankastörfin fara í einhverju ólagi. Landsstjórnin ein hefir útnefningarvaldið, eins og hæstv. landsh. tók svo sterklega fram, og þingið getur þvegið sínar hendur, þar sem það hefir lagt fram nóg fje.

Forseti: Jeg heyrði eigi glöggt orð h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) í hinni fyrri ræðu hans; en hafi þau verið eins og mjer heyrðist — og jeg styrkist í því af orðum hæstv. landsh. og af öðrum hinna h. skrifara — á þá leið, að svo gæti farið, eins og stundum hefði þótt við brenna, að landsstjórnin styngi þessu embætti að einhverjum góðkunningja eða vildarmanni sínum, án tillits til þess, hvort hann væri hæfur til að gegna þessum starfa, eða hver hæfilegleikamaður hann væri, þá vil jeg lýsa yfir því, að jeg álít slík ummæli ótilhlýðileg.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til landsh. sem lög frá alþingi.

Frumv. til laga um breyting á 3. gr. í tilsk. 31. maí 1855, um eptirlaun (C. 409, 428); ein umr.

Framsögum. (Árni Jónsson): Jeg skal, fyrir hönd nefndarinnar sem sett var til að íhuga mál þetta, lýsa því yfir, að hún var í töluverðum vanda stödd, þegar hún fjekk þetta mál til íhugunar aptur, eptir að efri deild hafði gjört frumv. eins úr garði og það nú liggur fyrir. Annars vegar þóttist nefndin mega ráða það af undirtektum hinnar h. Ed. undir mál þetta, að það myndi naumast ná fram að ganga á þessu þingi nema með því einu móti, að frumv. væri samþykkt óbreytt, eins og sú h. deild hefir gengið frá því. Þótt nú nefndin viðurkenndi, að með frumv. þessu færðust eptirlaun embættismanna lítið eitt niður með tímanum, þá þótti henni það mjög óheppilegt, að h. Ed. hefir alveg vikið frá þeim grundvallarreglum, sem voru í frumv. Nd. Þetta var einnig tekið fram í Ed. af mikilsvirtum þm. þar, sem þó annars eigi var svo sjerlega annt um málið. En þeir sýndu ljóslega fram á, hversu eptirlaunin kæmu miklu eðlilegar og rjettlátlegar við eptir reglum n.-deild.-frumv., heldur en eptir þessu stiklandi árabili, sem nú gildir í eptirlaunalögunum, og sem einnig er haldið í þessu frumv. Af þeim ástæðum gat meiri hluti nefndarinnar ekki gengið að frv. Þær breytingar sem nefndin leggur til að gjörðar sjeu á þessu frv., og sem eru næstum þær sömu, sem þessi deild hefir samþykkt áður, hafa verið ræddar svo rækilega hjer í deildinni, að mjer finnst ekki ástæða til að taka fram neitt sjerstakt því viðvíkjandi. Reyndar hefir nefndin slakað til í því, að láta eptirlaunin vera um 1/5 af launaupphæðinni eins og meiri hluti nefndarinnar í Ed. vildi hafa í fyrstunni, og í sambandi við það hefir nefndin einnig fært niður ellistyrksupphæðina um 1/5, svo það verður bæði aðgengilegra og getur eigi talist neinum embættismanni ofvaxið, að ganga að þeim kjörum, til þess að tryggja sjálfum sjer forsorgun á elliárunum. Vonast því nefndin eptir, að þær af hinum nýju breytingum, sem hjer liggja fyrir, megi verða til bóta, ef þær fá að standa, og með því að nefndinni er kunnugt um, að almennur áhugi er á þessu máli, og að það einmitt gangi í þessa stefnu, sem nefndin hefir farið fram á, þá vonar hún eptir liðsinni deildarinnar í þessu tilliti.

Indriði Einarsson: Af því að jeg varð svo óheppinn að verða í minni hluta í þessu máli, verð jeg í fáum orðum að skýra frá þeirri skoðun, sem jeg hefi á þessu máli.

Mjer getur ekki betur sýnzt, en úr því svo er komið, að h. efri deild hefir kollvarpað þeim grundvallarreglum, sem frumvarpið í fyrstunni byggði á, að þá sje ekki til neins að fara að

taka upp ellistyrkinn aptur, auk þess, sem mjer sýnist þetta frumv. h. efri deildar, sem hjer liggur fyrir, allsendis ekki óaðgengilegt, þar sem hún hefur minnkað eptirlaun um 1/4 frá því sem áður var, og verða þá, ef þetta frumv. verður að lögum, landssjóði sparaðar um 20,000 kr á hverju fjárhagstímabili, eptir að lögin eru alveg komin á; þetta frumv. hefir auk þess þann kost, að það reiknar eptirlaun embættistímans eptir öðrum grundvallarreglum en gjört var í fyrstunni, og að menn, eptirlaunanna vegna, eigi verða lengur í embættum, en reynslan sýnir að hæfilegt sje. Jeg verð yfir höfuð að álíta, að h. deild sje heillavænlegra, að samþykkja þetta frumv. eins og það liggur fyrir, og stuðla til þess, að það geti orðið að lögum, með því mjer finnst það hafa mikið til síns máls í ýmsum greinum, og það, að verði breytingartillögur nefndarinnar samþykktar, verður að eins til að spilla fyrir málefninu á þessu þingi, og ef til vill að fella það algjörlega. Það gengur fyrst í hraknингum milli deildanna, þangað til að önnurhvor þeirra fær leiða á því og fellir það.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Jeg skal geta þess í viðbót við það sem jeg sagði áðan, að nefndin sá sjer eigi fært annað, en taka upp aptur ákvæði þau, er hún hafði fylgt í fyrstunni í frumv. til laga um skyldur embættismanna að safna sjer ellistyrk eða geymdum lífeyri. Því að hún áleit, að svona lágar eptirlaunaupphæðir, sem farið var fram á í eptirlaunafrumvarpinu sjálfu frá h. neðri deild, og sem nú eru teknar upp í 1. og 2. gr. í breytingartillögu nefndarinnar, mundu aldrei ná fram að ganga, og að það væri heldur eigi heppilegt að ákveða eptirlaunin svo lág, að þau yrðu ekki nóg handa þeim til lífsviðurværis, er ættu að njóta þeirra. Nefndin hefur því haldið því föstu, að auk þess 1/5 af launa-upphæðinni og 1/2 % af henni fyrir hvert ár, sem embættismaðurinn hefur þjónað með eptirlaunarjetti, þá þurfi hann á einhvern hátt að tryggja sjer mikið fje, svo sem gjört er með ákvæðunum um ellistyrk eður geymdan lífeyri, svo að hann eigi að vísu að ganga með að hafa svo mikil eptirlaun, að þau nemi að minnsta kosti helmingi launa þeirra, er hann hafði, meðan hann þjónaði embætti.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal játa það, að þetta mál, sem er áhugamál almennings og ýmsra þingmanna, er nú komið í það horf, að það mun að líkindum, eins og fleiri mál sem tekin hafa verið fyrir á þessu þingi, aldrei komast til stjórnarinnar, og mönnum því miður gefist ekki að þessu sinni, kostur á að heyra undirtektir hennar í þessu máli. Hvað frumv. efri deildar viðvíkur, sem hjer liggur fyrir, hlýt jeg að viðurkenna, að það hefur ekki við breytingarnar, breytzt til batnaðar, en mjer finnst líka að nefndin hjer í þingdeild. hafi ekki fundið það meðalhóf, sem þurfti til þess, að frv. næði fram að ganga, þar sem hún hefur ekkert tillit tekið til breytinga Ed., en kemur nú með næstum nýtt frumvarp. Jeg met það mikils við h. Ed., að hún hefur þó sýnt í þessu máli að hún vildi vinna saman við h. Nd. og því reynt að laga þetta frumvarp með breytingum, en ekki stytt því stundir jafnskjótt og hún fjekk það í hendur, eins og síður hennar er orðinn á þessu þingi með flest mál hjeðan.

Af því að jeg vil, að deildirnar vinni saman að málunum, þá tel jeg heppilegast að Nd. samþykki 1. og 2. breyt.-till. nefndarinnar; þessar breytingar komu fram í Ed. og höfðu þar töluvert fylgi, og með því að samþykkja þær, eru miklar líkur fengnar fyrir því, að

Ed. gangi að frumv. Þessar breytingar eru frá mínu sjónarmiði aðgengilegar og yrði þær samþykktar, tel jeg frv. miklu betra heldur en frumv. Ed., sem mjer þykir alls ekki svo sanngjarnt sem skyldi. Þessum ellistyrks ákvæðum, sem nefndin hefur aptur komið með, er jeg mótfallinn af þeim ástæðum sem jeg hef áður tekið fram; yrði frv. samþ. með 1. og 2. breyt.till. nefndarinnar, álít jeg eptirlaunin full-sæmileg, en þar sem þau eru þó miklu lægri en nú, þá gefur það embættismönnum miklu meiri hvöt en þeir nú hafa, til að leggja upp til elliáranna, þótt ekki sjeu þeir neyddir til þess með ellistyrkslögum.

Ef þingdeildin aðhyllist allar breytingartillögur nefndarinnar, þá verður það auðvitað til þess, að málið fer í sömu gröfina í Ed. eins og svo mörg önnur mál á þessu þingi, en sje frumv. að eins breytt með því að samþykkja 1. og 2. breyting nefndarinnar, þá er ekki ólíklegt, að málið geti fengið framgang, og það ímynda jeg mjer að flestir vilji þó heldur, með því líka að þessar breyt.till. eru að mínu áliti til mikilla bóta, og eptirlaunamálinu vœri með þessu kippt í allviðunanlegt horf.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Jeg vil taka það fram viðvíkjandi því, sem h. þingm. Vestm. (I. E.) sagði, að jeg held það sje misreikningur hjá honum, að með því að samþykkja frumv. Ed., eins og það nú kemur fram, sparist landssjóði 20,000 kr. yfir fjárhagstímabilið, því að það er aðgætandi, að þetta frumv. nær að eins til embættismanna. En það má gjöra ráð fyrir eptir undanfarandi reikningum, að til þeirra gangi eigi nema nálægt helmingi af eptirlauna-upphæðinni. Hitt gengur til uppgjafapresta og embættismannaekkna, um 40,000 kr. á þessu fjárhagstímabili; þótt því þetta frumv. yrði að lögum, þá yrði það líklega ekki nema svo sem helmings sparnaður við það, sem háttv. þingm. Vestm. (I. E.) hjelt það mundi verða, að eins 10,000 kr. á fjárhagstímabilinu í stað 20,000 kr., ef miðað er við það sem eptirlaunin eru nú.

ATKVÆÐAGR.: Allar breyt.tillögur nefnd. (C. 428) samþ., hin 1. með 18 atkv.; 2. með 19, 3. m. 13:10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson,	Páll Ólafsson,
Eiríkur Briem,	Sigurður Jensson,
Jón Jónss. þm. N.M.	Benidikt Sveinsson,
Jón Jónss. þm. N.-Þ.	Gunnar Halldórss.,
Lárus Halldórsson,	Indriði Einarsson,
Ólafur Briem,	Jens Pálsson,
Ólafur Ólafsson,	Jón Þórarinsson,
Ólafur Pálsson,	Jónas Jónassen,
Páll Briem,	Sigurður Stefánss.,
Sigurður Gunnarss.	Skúli Thoroddsen.
Sveinn Eiríksson,	
Þorl. Guðmundss.,	
Þorvarður Kjerúlf.	

Þá var 4.—9. breyt.till. samþ. með 12 atkv. hver.

Fyrirsögn frv. samþ. með 13 atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum var samþ. með 16:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Benidikt Sveinsson,
Sigurður Jensson,	Gunnar Halldórss.,
Árni Jónsson,	Indriði Einarsson,
Eiríkur Briem,	Jens Pálsson,
Jón Jónss. N.-M.	Jón Þórarinsson,
Jón Jónss. N.-Þ.	Jónas Jónassen,
Lárus Halldórss.,	Sigurður Stefánss.
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Pálsson,	
Páll Briem,	
Sigurður Gunnarss.,	
Skúli Thoroddsen,	

Sveinn Eiríksson,
Þorl. Guðmundss.,
Þorvarður Kjerúlf.

Frumv. síðan sent Ed.

Frumv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 437, 442); 3. umr.

Framsögumaður (Ólafur Ólafsson): Breyt.till. sú, sem hjer liggur fyrir við þetta frumv., fer að eins fram á að fella úr gildi 34. gr. í lögunum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. Jeg finn ekki ástæðu til, að fara neinum orðum um frumv. fyrir þessa breyt., því jeg hef áður bent á, hvernig á henni standi, en vona að deildin sýni því sömu velvild og það hingað til hefir mætt.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 442) samþ. með 18 atkv.

Frumv. með áorðnum breyt. samþ. með 16 atkv., og afgr. til Ed.

Tillaga til þingsályktunar um telephóna (C. 383, 441); síðari umr.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Um þessa þingsályktunartillögu urðu nokkrar umræður við 1. umr., svo að ekki virðist þörf á, að fara frekar út í þau atriði, sem þá voru tekin fram; en við flutningsmenn þessa máls höfum leyft okkur að koma fram með þá breytingartillögu við þingsályktunartillöguna, að skorað verði á ráðgjafa Íslands, að útvega, ekki að eins skýrslu um kostnað við lagningu málþráða (telephóna), heldur og að láta þinginu í tje áætlun um kostnað við lagningu frjettaþráða (telegrapha); okkur flutningsmönnunum þykir það betur tilfallið, að orða þingsályktunartillöguna þannig, því að þar með er þá engu slegið föstu um það, hvort tiltækilegra muni, að ráðast í að bæta úr viðskiptaþörfinni hjer á landi með »telephónum« eða »telegröphum«; en þegar alþingi hefur fyrir sjer skýrslur um kostnaðinn við hvorttveggja, þá getur það valið þann veginn, sem kostnaðarminni og ákjósanlegri kynni að þykja eptir staðháttum og öllu ásigkomulagi lands vors.

Jeg finn svo eigi ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu, en óska þess að eins, að hin h. þingdeild samþykki breytingartillögu okkar flutningsmanna.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal leyfa mjer að spyrja h. flutningsmann þessarar tillögu, hvort það sje meiningin að stjórnin láti semja þessa áætlun heima hjá sjer, eða sendi mann hingað upp til þess, því ef svo væri, gæti það haft eigi all-litla þýðingu fyrir landið í peningalegu tilliti, að kosta verkfræðing til þeirrar ferðar; það þarf þó að vera meir en einn maður.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Viðvíkjandi fyrirspurn h. þingm. Árn. (Þ. G.), þá tók jeg það fram við 1. umr. þessa máls, að verkfræðingur myndi eigi geta gjört nákvæma áætlun um kostnaðinn, ef hann væri ókunnugur hjer á landi. H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) skýrði og frá því, að áætlun, sem norskur verkfræðingur hafði samið, um kostnaðinn við »telephón« milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, hefði reynzt ónákvæm, eða of lág, einmitt af því, að hann hafði vantað staðarlega þekkingu hjer á landi.

Okkur flutningsmönnum dylst því eigi, að nauðsynlegt sje, að verkfræðingur ferðist um hjer á landi í þessu skyni, til þess að ákveða, hvar málþráðurinn skyldi leggjast, og til þess að geta gert nokkurn veginn áreiðanlega skýrslu um kostnað, bæði í byggðum og óbyggðum; en til þessa ætlum við, að ekki þyrfti neinn ýkja-langan tíma, heldur gæti enda sami verkfræðingurinn um leið litið eptir ýmsu öðru,

t. d. um brúarlagningar og vegagjörðir. Þessi kostnaður þyrfti heldur ekki að verða svo tilfinnanlegur fyrir landið, þar sem þessi h. þingdeild hefir þegar lagt fram fje á fjárlögunum, til þess að verkfræðingur verði hjer á landi landsstjórninni til aðstoðar yfir bæði ár í hönd farandi fjárhagsbils, svo að alls ekki er óhugsandi, að hann gæti að miklu eða öllu leyti leyst þenna starfa af hendi; en að öðrum kosti finnst mjer það óneitanlega nokkuð nánasarlegt, að telja eptir nokkurra króna aukafjárveitingu, ef til kæmi, þar sem um jafnþýðingarmikið málefni er að ræða.

Jón Þórarinsson: Jeg gat þess við fyrri umræðuna, að torvelt mundi að gjöra nákvæma áætlun um kostnað við lagning telefóns, og að áætlunin mundi kosta töluvert, ef hægt ætti að vera að byggja nokkuð á henni; þrátt fyrir það greiddi jeg atkvæði með tillögunni til annarar umræðu, af því að jeg áleit að ekki væri nauðsynlegt að mæla alla leiðina og gjöra mjög nákvæma áætlun, heldur mundi hitt nægja, að verkfræðingur gjörði hana heima hjá sjer, og að sú áætlun gæti orðið talsvert betri en ekki, án þess þó að kosta mikið. En eigi hann að gjöra nákvæma áætlun, þá mun það verða svo kostnaðarsamt, að nauðsynlegt mun vera að áætla fje til að greiða þann kostnað.

H. 1. þm. Eyf. (S. Th.) gat þess, að vegfræðingur sá, sem á að vinna hjer á landi, mundi geta gjört þessa áætlun; en jeg held að það verði ómögulegt að samrýma það, að sami maðurinn gjöri áætlunina og standi fyrir vegagjörð. Það mun sannast, að ekki mun veita af heilu sumri til þess að gjöra þær rannsóknir, sem útheimtast til þess að nákvæm áætlun verði gjörð, og þá þarf um leið sjerstakan mann til þess; það mun því ekki verða hægt að spara fje á þann hátt, að ætla vegfræðingnum starf þetta.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hafði hugsað mjer, eins og h. 1. þm. Eyf. (S. Th.) tók fram, að ætti að gjöra áætlun þessa svo, að í nokkru lagi væri, þá mundi ekki vera hægt að gjöra hana á hnje sínu í útlöndum, heldur yrði að gjöra hana hjer í landi af manni, sem ferðast um landið og mælir allt nákvæmlega niður; og ef svo er, þá er jeg samdóma h. þm. G.-K. (J. Þ.) um, að áætlunin muni geta orðið nokkuð dýr. En sje áætlunin ekki gjörð nákvæm, þá er lítið á henni að byggja og því lítið unnið við að fá hana. Eigi verkfræðingur að rannsaka allt nákvæmlega, þá mun honum ekki hrökkva eitt sumar, frá Reykjavík til Vestfjarða, frá Reykjavík til Akureyrar og Seyðisfjarðar; jeg gæti bezt trúað, að honum mundi ekki veita af tveim sumrum. Við breyt.till. verður og tillagan eptir mínum skilningi enn viðtækari en áður, þar sem hún er yfirgripsmeiri en aðaltillagan. Jeg ímynda mjer og, að kostnaðurinn við að koma á telefónum eða telegröfum muni verða ægilega mikill, svo mikill, að hann yrði ofvaxinn þessu fátæka og fámenna landi, meðan að samgöngur og viðskifalíf er ekki á hærra stigi en nú er á þessum tíma. Því að við miklum ágóða verður ekki búizt, hvorki beinlínis nje óbeinlínis, jafnvel um langan aldur, undir þeim skilyrðum, sem fyrir hendi eru. Þótt fyrirtæki þetta sje í sjálfu sjer æskilegt, þá munum vjer þó mega til að fresta því um sinn; það dugir ekki að vera allt af að bera oss saman við mannmargar og auðugar þjóðir í þjettbýlum löndum; það er engin vissa, já opt engin líkindi til, að það geti borgað sig hjá oss, sem vel borgar sig hjá þeim. Reynslan hefir optast orðið sú hjer hjá oss, að fyrir-

tæki vor hafa orðið dýrari en áætlað hefir verið. Við fyrri umræðu gat h. þm. G.-K. (J. Þ.) þess, að telefóninn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hefði orðið töluvert dýrari en áætlað var, og mun þó varla nokkurstaðar hægra með aðflutninga en þar, þar sem hægt var að flytja staurana sjóveg að báðum endastöðvunum, og síðan aka þeim þaðan, þangað sem þeir voru settir niður, og hvergi á landinu munu slík fyrirtæki bera sig betur á jafn langri leið hjer á landi, sem milli Reykjavíkur og Hafnafjarðar. H. þm. tók það líka fram, að þegar ætti að leggja þráðinn yfir fjöll og firnindi, þá yrði hann að vera miklu sterkari en sá, sem hjer var hafður; og þó getur hann að sjálfsögðu bilað; en þá er jeg hræddur um að það geti orðið æði kostnaðarsamt að bæta þráðinn, ef hann slitnar langt frá byggðum. Auk þess eru líkindi til að hann geti komizt undir snjó, þar sem hann yrði lagður yfir fjallvegi sem snjóþungt er, og þá er hætt við að hann mundi bila, þó sterkur væri, ef djúpur skafl legst yfir hann. Það eru nóg dæmi til að hús hafa brotnað niður undan snjóþyngslum.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): H. þm. G.-K. (J. Þ.) lagði, að mjer skildist, aðaláherzluna á það, að talsverðan kostnað myndi leiða af því, að semja þessa áætlun, og hann tók það fram, að vegfræðingur sá, sem hjer yrði næsta sumar, myndi hafa nóg annað að gjöra. En jeg hygg, að þetta megi kallast fremur vandræðaleg mótbára frá hinum h. þm., því að hæstv. landsh. tók það fram við umræðurnar um fjárlögin hjer í deildinni, að landstjórnin hefði fyrirliggjandi nægar áætlanir um vegagjörð fyrir næsta ár, og því væri ekki þörf á því, að vegfræðingur dveldi hjer það ár. Jeg fæ því ekki betur sjeð, en að vegfræðingur sá, sem hjer yrði 1892, gæti leyst það starf af hendi, að semja áætlun þessa. Setjum svo, að verkfræðingurinn þyrfti 1000 kr. í ferðakostnað, þá væru þó eptir handa honum 2000 kr., sem kaupgjald, af þeim 3000 kr., sem vegfræðingum eru ætlaðar á ári; og þó að hann þyrfti 2 ár til starfs þessa, sem jeg held að ekki komi fyrir, þá er það enginn ýkjakostnaður fyrir landið, og furðar mig sannarlega, að þingmenn skuli einatt halda áfram að staglast á þessari lítilfjörlegu kostnaðarviðbáru.

H. þm. Árn. (Þ. G.) lagði aðaláherzluna á það, að fyrirtækið myndi verða svo dýrt, að það yrði ókljúfandi fyrir landið, að hugsa nokkurn tíma svo hátt, að ráðast í annað eins. En þess er að gæta, eins og jeg tók fram við fyrri umræðuna, að hjer er ekki um það að ræða, að fara nú þegar að byrja á því að leggja telefóna og telegrafa; vjer viljum að eins fá að vita, hvað það muni kosta, og þegar vjer höfum fengið nokkurn veginn áreiðanlega skýrslu um það, þá fyrst getum vjer farið að hugsa og ræða um, hvort vjer treystum oss til að ráðast í að byrja á þessu fyrirtæki.

Jeg tók það fram við fyrri umræðuna, að sú lauslega áætlun, sem jeg hefði undir höndum, gjörði ráð fyrir, að það myndi kosta 3—400,000 kr., að leggja telefón eða telegraf um það svæði, sem tillagan nefnir. H. þingm. Árn. (Þ. G.) er fús á að leggja árlega 30,000 kr. í vegi á Islandi; en nú vil jeg spyrja h. þm. (Þ. G.): Hvað fær landssjóður af því fje aptur? Hefir hann nokkrar beinar tekjur af vegum sínum og vegagjörðum? Nei, þvert á móti; í staðinn fyrir að hafa beinar tekjur af vegunum, verður landssjóður árlega að verja miklu fje til að halda þeim við.

Jeg hef tekið þetta fram til þess, að

sýna, að þegar um samgöngu- og viðskiptamál er að ræða, má ekki eingöngu einblína, eða blína sig blindan á báðum augum, á það, hvað mikið fyrirtækið gefur í beinan arð, eða hvað margar krónur klingja sem rentur af fyrirtækinu, heldur verður engu síður að líta á hitt, hvaða óbeinan hagnað landssjóðurinn eða þjóðfjelagið í heild sinni hefir af fje því, er til slíkra nauðsynjamála er varið.

Með þennan sannleika fyrir augum greiðir h. þm. Árn. (Þ. G.) atkvæði með því, að leggja mörg þúsund krónur árlega til vegagjörða, og með þennan sannleik fyrir augum get jeg bezt trúað því, að hann greiði atkvæði með því síðar meir, að fje sje lagt fram úr landssjóði til telefóns- eða telegrafslagningar, hvað sem atkvæði hans líður í þetta skipti.

Jeg tók það fram við fyrri umræðuna, að aðalatriðið í þessu máli væri það, að með því að snúa sjer að því, að leggja telefón eða telegraf, getur landssjóður með tiltölulega litlu framlagi, 3—400,000 kr., á fáum árum komið viðskiptalífinu í betra horf, en með því að leggja í vegabætur 4—5,000,000 kr. eða meira fje á hálfri öld eða lengri tíma; þessari skoðun minni hefir í engu verulegu verið hrundið, enda ætla jeg það eigi auðgert; auðvitað þurfum vjer jafnhliða að hugsa um vegabæturnar engu síður en nú; en oss verður það þá síður tilfinnanlegt, hve vegamálum vorum er skammt komið.

Hvað kostnaðinn að öðru leyti snertir, þá ætla jeg það óefað, að telefóninn myndi borga viðhaldskostnað og mannahald við hann, svo að hinn árlegi kostnað, sem á legðist, yrði þá að eins renturnar af höfuðstólnum, sem gengi til að leggja hann, eða hjer um bil 12—14000 kr. á ári. Vitaskuld er það, að einhverntíma kemur að skuldadögunum, að einhverntíma þarf að endurborga lánið; en til þess mætti ætla einhverja litla ákveðna upphæð árlega; á þann hátt fengju eptirkomendur vorir að bera sinn hluta af kostnaðinum, enda er það í alla staði sanngjarnt, því að þráðurinn er ekki síður lagður fyrir þá en oss.

Jeg held, að þegar málið er skoðað frá rjettu sjónarmiði, frá því sjónarmiði, hvað öflugt og fjörugt viðskiptalíf hefir að þýða, þá muni engum blandast hugur um, að hjer sje um velferðarmál að ræða, um eitt af hinum mestu nytsemdarmálum þjóðarinnar; jeg get t. d. ekki öðru trúað, en að bóndanum í Fífuhvammi þætti það þægilegt, ef hann ætti brýnt erindi við mann á Akureyri, að þurfa ekki annað en að fara til Reykjavíkur, og geta talað þaðan við manninn fyrir örfáar krónur, í stað þess að verða annaðhvort að bíða langan tíma eptir svari með pósti, eða senda mann gagngjört norður á Akureyri, og verða máske að kosta allt að 100 kr. til þeirrar sendifarar. Þetta er eitt af þeim fjölmörgu dæmum þess, hvílíkur hagur er að því, að til sjeu málþræðir, eða frjettaþræðir, og þótt ekki sje það beinn hagur fyrir landssjóð, þá er það í óteljandi tilfellum mjög mikill beinn hagur fyrir landsbúa.

Páll Briem: Jeg ætlaði, satt að segja, ekki að tala um þessa till. Form hennar þykir mjer nokkuð athugavert; hún hlýtur að hafa fjárútlát í för með sjer; en nú er svo ráð fyrir gert, að neðri deild ein fjalli um hana; getur því vel verið, að efri deild væri henni mótfallin, en af því gæti aptur leitt, að efri deildin felldi burt úr fjáraukalögum fje það, sem þar hefði verið sett til að greiða kostnað við framkvæmd ályktunarinnar. Neðri deild þyrfti því að vera svo samtaka í þessu máli, að hún

gæti átt víst að geta komið fram fjárveitingunni í sameinuðu þingi, þrátt fyrir mótspyrnu Ed.

H. þm. Eyf. (Sk. Th.) hefir ekki gert grein fyrir, hvað mikil fjárútlát hann ætli að till. muni hafa í för með sjer; honum hefir, ef til vill, ekki þótt þess þörf, af því að hann hafi ekki búizt við, að stjórnin mundi gefa till. gaum; en það er ekki góð regla; þingið verður jafnan að búast við, að það, sem það samþykkir, muni geta komið til framkvæmda.

Till. er svo ónákvæm, að ekki er hægt að gera sjer í hugarlund, hvern kostnað hún hún muni hafa í för með sjer. Jeg get búizt við, að kostnaðurinn mundi verða 10—20,000 kr.; en þar sem talað er um málþráðastöðvar milli Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar og Seyðisfjarðar, þá er þetta að eins byrjun, því að jeg geng út frá því, að þeir sem samþykkja þetta, álíti svo gott að fá telephóna, að þeir vilji unna öðrum þess jafnrjettis, að fá þá líka, og þá þyrfti að fá þá hjer um bil eins víða og póstar ganga nú. Það getur verið, að h. þm. Árn. (Þ. G.) eins og flutningsm. (Sk. Th.) talaði um, þætti þægilegt að fá svar á fáum mínútum norðan af Akureyri, en fullt svo vel gæti jeg þó trúað því, að hann vildi eiga viðtal við menn hjer austur í sveitunum; það er annars undarlegt, að í till. skuli ekki vera gert ráð fyrir neinum málþráð hjer austur á bóginn, þar sem þjettbyggðustu sveitir landsins eru. Eins og ályktanin er orðuð, getur hún haft í för með sjer töluverð útgjöld, og jeg finn ekki ástæðu til að greiða atkvæði með till., af því að jeg get gert mjer hjer um bil eins nákvæma áætlun, eins og búast má við áð vjer fáum. Vjer vitum, hvernig verkfræðingum hefir skeikað með áætlanir, sem þeir hafa gert hjer; jeg skal að eins minna á áætlunina um kostnaðinn við vitabygginguna á Reykjanesi.

Þó að h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) geri ráð fyrir, að lagning þráðanna muni kosta um 300,000 kr., þá mun óhætt mega bæta við $^2/_5$, eða gera kostnaðinn um $^1/_2$ miljón kr. Þetta mun vera vel í lagt, og vjer þurfum engan vegfræðing til þess að gera þessa áætlun, eða með öðrum orðum þá áætlun, sem sje nægilega nákvæm til þess að ráða fram úr því, hvort gerlegt muni að byrja á fyrirtækinu eða ekki.

Þetta eru agnúarnir við till. En jeg er þar að auki henni mótfallinn að efninu til. Þegar um framfarir er að ræða, þá verðum vjer að miða við það ástand, sem er, við þann árangur, sem framfarafyrirtækið geti haft fyrir yfirstandandi tíma. Vjer verðum að gá að því, að ekki fari eins fyrir oss og fór í Egyptalandi með framfarafyrirtæki Ismails Pascha; þegar þau voru komin á fót, urðu hinir mestu erfiðleikar á að halda þeim við, og menn vildu fegnir losna við þau.

Jeg segi fyrir mig, að þó að vjer þurfum að leggja út hálfa eða heila miljón króna í þetta fyrirtæki, þá er það ekki beinlínis eða eingöngu það, sem hindrar mig frá því að vera því meðmæltur, heldur er það fremur sá viðhaldskostnaður, sem það gæti haft í för með sjer, eptir að það er komið á fót.

H. þm. Eyf. (Sk. Th.) talaði um hið mikla gagn, sem þm. Árn. (Þ. G.) gæti haft af því, að geta sent málþráðarskeyti til Akureyrar og fengið aptur svar þaðan; en líklegast mundi það ekki opt koma fyrir, og jeg ímynda mjer, að h. þm. (Þ. G.) mundi fús á að bíða eptir því gagni fyrst um sinn, og líklega alla æfi, heldur en að stofna

landsfje í þá hættu, sem þetta fyrirtæki gæti stofnað því í.

Jeg er alveg samdóma h. þm. Eyf. (S. Th.), að svo mikill óbeinn hagur er að ýmsu, að vel borgar sig að leggja fje í það, þó að það gefi ekki beinar tekjur. Af því leggjum vjer með fúsu geði 30,000 kr. til vegagjörðar á ári, að vjer vitum, að vjer erum komnir á það stig, að vjer höfum verulegan óbeinan hag af þeim fjárframlögum, hag, sem fullkomlega svarar kostnaðinum. En með það fyrirtæki, sem hjer ræðir um, eigum vjer langt í land með að komast á það stig, að vjer getum vænt þess, að hinn óbeini hagur af því svari kostnaðinum.

Yfir höfuð er jeg alveg móttfallinn þeirri fjármálapólitík, sem mjer virðist koma fram hjá h. þm. Eyf. (Sk. Th). Það getur verið að ýmsir sjeu áfram um, að landið taki lán til þess að koma upp stórfyrirtækjum, en slík pólitík er mjög varúðarverð, á meðan oss vantar þekkingu og hyggindi til þess að verja því láni sem skyldi. Vjer verðum að gæta þess, að land vort hefir ekki eins miklar auðsuppsprettur, eins og suðlægari lönd. Mein þeirra landa, sem hafa meiri auðsuppsprettur en land vort, t. d. ríkjanna í Ameríku, hefir það verið, að þau hafa lagt út í að taka stór lán og varið þeim illa.

Ef h. þm. Eyf. (Sk. Th.) vildi lesa James Bryce um Bandaríkin, mundi hann sannfærast um, að jeg hefi rjett að mæla; hann mundi sjá, að í Bandaríkjunum er þjóðin orðin svo hvekkt á þessum lánum, og tortryggir svo fulltrúa sína, að hún hefir sumstaðar sett inn í grundvallarlög sín ströng ákvæði gegn lántökum. Í grundvallarlögum Californíu er t. d. alveg bannað að taka ríkislán, nema lántakan sje fyrst lögð undir atkvæði þjóðarinnar og samþykkt með $^2/_3$ hlutum atkvæða. Sum ríkin hafa hvað eptir annað komizt á heljarþrömina fyrir lántökur og orðið »fallit«; þetta hefir mönnum gramizt, og því gripið til þessa neyðarúrræðis.

Jeg hef von um, að þetta land hafi góða framtíð og miklar framfarir fyrir höndum, en þó því að eins, að því sje hyggilega stjórnað, einkum að því leyti sem fjármál snertir, því fjeð er afl þeirra hluta sem gera skal. Jeg álít framfarir landsins mjög mikið komnar undir hyggilegri fjármálapólitík; en það er svo langt frá, að þær sjeu komnar undir glæfrastökkum út í loptið, að þau geta orðið beinasti vegurinn til að hefta framfarirnar. Jeg álít ekkert óheppilegra, en ef peningum landsins barna — því að þeirra peningar eru það, sem þingið hefir til umráða —, ef að þeim er varið óhyggilega. Vjer verðum að hafa það hugfast, að verja þeim hyggilega, verja þeim fyrst til þeirra fyrirtækja, sem mest arðsvon er af, og heillavænlegust eru fyrir land og lýð.

Ólafur Briem: Jeg vildi að eins leyfa mjer að gera grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Jeg legg ekki svo mikla áherzlu á það, þó kostnaðurinn við áætlun þá, sem hjer er gert ráð fyrir, yrði allt að 3000 kr.; en jeg álít tímann, sem verkfræðingnum er ætlaður til þess að gera þessa áætlun, öldungis ófullnægjandi.

Þegar gert er ráð fyrir, að áætlunin verði lögð fyrir þingið 1893, hefir verkfræðingurinn ekki annan tíma til undirbúnings en sumarið 1892. En fyrst og fremst er enn engin vissa fyrir, að hjer verði neinn verkfræðingur í landsins þjónustu það sumar, og þó svo væri, er hætt við, að einn sumartími reyndist allt of skammur til að leysa verk það svo

vel af hendi, sem nauðsynlegt væri til að semja nokkurn veginn áreiðanlega áætlun um kostnaðinn við þetta fyrirtæki. Get jeg því eigi greitt atkvæði með till., eins og hún liggur fyrir.

Jens Pálsson: Mjer virðast ræður h. þm., sem síðast töluðu, benda til þess, að þeir álíti, að við flutningsmenn höfum hugsað nokkur þessa áætlun smásmuglega nákvæma, þannig að öll smáatriði yrðu rannsökuð, og kostnaður við hvað eina út af fyrir sig áætlaður. Ætti t. d. að fara að ákveða, hvar hvern stólpa skyldi setja niður, og annað því um líkt, þá yrði slíkur undirbúningur afardýr. En þetta er ekki meiningin, heldur sú, að maður, sem hefði næga þekkingu til þess, skoðaði landsháttu og ástand á þeim stöðvum, þar sem leggja ætti þræðina um, og gæfi síðan álit sitt um, hvað mílan mundi kosta að meðaltali. Þegar hann væri búinn að ferðast hjer og dvelja hjer, þá ætluðum við líka, að hann gæti áætlað nokkurn veginn rjett, hvað flutningurinn á trjám og þræði frá næstu hafnstöðum mundi kosta á hverju svæði fyrir sig. Til þessa starfa nægir, að mínu áliti, 1 sumar

Á fjárlögunum, eins og þau voru nú samþykkt hjer í deildinni, var veitt fje handa verkfræðingi í landsins þjónustu, 3000 kr. hvort árið. — Hinsvegar hefir hæstv. landsh. lýst því yfir, að ekki væri þörf á verkfræðingi til vegamælinga bæði sumurin; hitt sumarið gæti hann unnið að þessari áætlun, og álít jeg það mjög vel tilfallið verkefni handa honum, enda ætla, að hann mundi komast langt með að afkasta þessu starfi á einu sumri fyrir þessi 3000 kr., ef 1000 kr. væru látnar ganga til ferðakostnaðar, en 2000 greiddar honum sem kaup. Eptir þessu álít jeg, að ástæður h. þm. Snæf. gegn þessari þingsályktunartill. sjeu ekki þýðingarmiklar. Ef verkfræðingurinn er hjer bæði sumurin, en verkefni eigi nægilegt til fyrir hann, nema annað sumarið, þá sje jeg eigi, að það sje nein frágangssök fyrir landsstjórnina að láta hann hitt sumarið vinna að þessu, þótt það komi fram í þingsályktunarformi.

Það voru nokkur atriði í ræðu h. þm. Árn. (Þ. G.), sem flutningsm. (Sk. Th.) eigi svaraði, sem jeg vildi leyfa mjer að fara fáum orðum um. Hann hjelt að snjór mundi skemma eða slíta þræðina. Jeg álít að eigi sje hætt við þessu, því að þræðirnir eru á háum staurum, og kemur því eigi til mála, að mikinn snjó eða klaka festi á þeim. (*Þorlákur Guðmundsson:* Utan í háum heiðum?). Ekki heldur þar, því þegar slíkir þræðir yrðu lagðir, mundu þeir, er leggja, þræða hryggi, hóla og hálsa, þar er snjó sízt festir á, enda er hjer á landi eigi svo afarsnjóþungt fremur en í öðrum löndum.

Sami h. þm. áleit, að kostnaðurinn við þessa áætlun yrði máske afarmikill, en hann hefir þá ætlazt til annars og meiri undirbúnings, en við flutningsmenn. Sama kom fram hjá h. þm. Snæf. (P. Br.). Hann hjelt að kostnaðurinn mundi nema 10—20,000 kr., en jeg get eigi skilið, hvernig honum reiknast svo.

H. þm. Snæf. (P. Br.) hafði töluvert á móti ekki að eins forminu, heldur og efni þingsályktunartillögunnar. Hann tók það fram, að þetta væri að eins byrjun, en þegar hún væri komin á, þá mundu allir vilja fá frjettaþræði, hver heim til sín. Það má af þessu ráða, að menn, að áliti h. þm., muni fljótt sjá og reyna, og læra að meta, hve mikið hnoss og hagnaður það er, að fá frjettaþráðarstöð til sín eða í nágrennið við sig. Þar sem h. þm. gengur þannig út frá því, að frjettaþræðir verði brátt í mesta uppáhaldi hjá almenningi, af því menn finni, hvílík hags-

bót að þeim er, þá verð jeg að álíta, að sami h. þm. álíti sjálfur rjettilega, að mál- eða frjettaþræðir sjeu mjög þýðingarmikil og gagnleg samgöngubót; verða þannig ummæli h. þm. alls engin mótbáru gegn, heldur meðmæli með tillögu þessari, og benda á, hversu hún er þýðingarmikil í sjálfri sjer, þar sem mesta hagræði væri að málþráðum fyrir land og lýð.

H. þm. óttaðist að viðhaldskostnaðurinn yrði mikill, en þann ótta get jeg ekki skilið, þar sem hann óttast eigi vidhald á dýrum vegum, sem verið er að leggja um allt land, og taldi ekki djarft að leggja fram 30,000 kr. til vegagjörða. Hann sagði, að hvað vegina snerti vissu menn hvað þeir væru að gjöra; en jeg efast um, að Íslendingar viti, hvað þeir eru að gjöra, þegar þeir eru að leggja afardýra aðalpóstvegi um þver hjeruð, hálsa og fjöll, — 6 álna breiða akvegi — sem bersýnilega aldrei getur orðið mjög mikil umferð um, og sem um langa, langa tíma hjer eptir verða notaðir einungis fyrir klyfjahesta, en eigi vagna. En jeg skal ekki fara langt út í þessa sálma; meðan vjer eigi höfum fyrir oss neinn samanburð á gagni því, sem er af vegunum, og gagninu, sem er af því, að hafa frjettaþræði milli fjarlægra staða, samanburð, framsettan af mönnum, sem hafa sjerstaklega þekkingu á samgöngumálum, — er bezt að fara hægt í sakirnar og fullyrða sem fæst. Benda má þó á ýms dæmi, sem sýna, hversu mikið og verulegt gagn af því stæði, að hafa almennilegar strandferðir og svo frjetta- eða málþræði. Það fyrirkomulag á samgöngunum gæti, þegar því væri að skipta gefið landsmönnum í aðra hönd tugi eða jafnvel hundruð þúsunda króna, sem menn með því ástandi, sem á samgöngunum er, verða að fara á mis við. Jeg leyfi mjer að nefna hjer það eina dæmi, að í vetur var fjöldi fólks hjer syðra lengi atvinnulítill og í bjargræðisvandræðum út af aflaleysi af sjó, en á sama tíma var hlaðafli af síld á Austfjörðum, og þar vantaði fólk. Hjer syðra fengu menn þetta að vita eptir dúk og disk. Ef menn þannig í einum landsfjórðungi, þar sem vandræði og hungur er, geta fengið frjettir um stórafla í öðrum, og samgöngur eru í því lagi, að menn bæði geta fengið frjettirnar í tíma, og komizt ferða sinna, þá fer gagnið að koma í ljós.

H. þm. Snæf. (P. Br.) þótti það djarft, að rífa sig þannig áfram í einstökum atriðum. Jeg játa það, að það geti verið hættulegt að vera of djarfur, en að nokkur ofdirfska geti verið í þessari tillögu, það get jeg eigi samsinnt. Hann sagði, að Ísland vantaði auðsuppsprettur í samanburði við önnur lönd; en treystir hann, eða treystir nokkur h. þingmaður sjer til að segja, að þetta land hafi ekki yfirfljótanlegar auðsuppsprettur? Jeg vil að eins benda á hafið umhverfis landið. Ætli að það vanti ekki miklu fremur krapta, dug, kunnáttu og fje, til að færa sjer auðsuppspretturnar í nyt, heldur en þær sjálfar?

Þar sem h. þm. Snæf. (P. Br.) var að tala um glæfralegt stökk út í loptið, og það væri háskalegt að taka lán til slíks, sem þessara mál- eða frjettaþráða, þá skal jeg benda honum á, að hjer liggur eigi fyrir nein tillaga um lántöku, heldur að eins tillaga um það, að fá áætlun um það, hvað kostnaðurinn mundi verða mikill. Að það sje hættulegt að vita það, get jeg ekki sjeð. Ef það kæmi í ljós við nægilega rannsókn, að þetta fyrirtæki væri kröptum vorum of vaxið, þá mundu menn hætta við að halda því áfram, bæði hjer á þingi og annarstaðar. Ef þetta fyrirtæki væri oss eigi of vaxið, en harla

gagnsamlegt, er þá eigi æskilegt að fá að vita glögglega um kostnaðinn sem fyrst?

Þegar ræða er um það, hvaða fyrirtæki gjöri mest gagn, þá getur einn þingmaður ekki haft rjett til að álíta, að hann einn hafi rjett fyrir sjer, þegar aðrir standa á móti, og þar sem okkur greinir á um það, hvort þessar aðal-póstvegasamgöngur sjeu betri en aðrar samgöngur, þá er hvorugur okkar bær dómari um það, hvor okkar hafi rjettara fyrir sjer. Við mundum þar dæma báðir í sjálfra okkar sök.

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Það er nú þegar búið að ræða allmikið um þetta og mál, það er líka í alla staði gott, að menn skýri það sem bezt fyrir sjer; jeg er sannfærður um, að málið getur að eins unnið við það, en ekki tapað.

Að því er snertir þann margumrædda kostnað, er þessi áætlun hefir í för með sjer fyrir landssjóðinn, þá hefi jeg þegar hvað eptir annað sýnt fram á, að verkfræðingur sá, sem landið launar, hvort sem er, næsta fjárhagstímabil, geti að mestu eða öllu gjört þessa áætlun, svo að óþarfi sje að karpa um kostnaðinn; hann verður aldrei svo mikill, að það þurfi að fæla menn frá að greiða þingsályktunartillögunni atkvæði, og vona jeg því, að enginn h. þingdm. láti sig henda þá smámunasemi, að setja það fyrir sig.

En það var sjerstaklega viðvíkjandi athugasemd h. þm. Snæf. (P. Br.), sem jeg tók til máls. Mjer skildist svo á ræðu hans, sem hann nefndi þessa þingsályktunartillögu glæfrastökk; en jeg vildi óska, og það af heilum hug, að h. þm Snæf. hefði aldrei um dagana stigið meira glæfrastökk en jeg með þessari þingsályktunartillögu; jeg vildi óska, að honum hefði t. d. ekki orðið á, að stíga það stökk á alþinginu 1889; en sleppum því, og íhugum heldur, hvaða glæfrastökk það er, sem felst í þessari þingsályktunartillögu. Tillagan fer ekki fram á annað en að alþingi Íslendinga fái í hendur nauðsynlegar skýrslur, svo að því gefist kostur á að taka til íhugunar, hvað vera mun ódýrast og hyggilegast, eptir efnahag vorum og ástæðum, til að koma viðskiptalífinu sem fyrst í eðlilegra og happasælla horf, en nú er; eptirkomandi alþingi hafa alveg jafn óbundnar hendur, hvort sem tillaga þessi verður samþykkt eður ekki.

Það er rjett athugað af h. þm., að skoðanir okkar á fjármálum eru næsta ólíkar; ekki í því, að fara hyggilega og gætilega, því að það viljum við báðir, heldur í hinu, hvað það sje, að fara hyggilega og gætilega. H. þingm. Snæf. (P. Br.) kallar það, að fara hyggilega og gætilega, að halda sem sparlegast á í samgöngu- og viðskiptamálum, og leggja enda fyrir í landssjóði það fje, sem landsmenn greiða, margir með súrum sveita. Hann er ánægður, ef vjer getum lagt ofurlítinn vegspotta á ári; það eru hyggindi hans og gætni. En mín skoðun er sú, að með því að leggja málþræði eða frjettaþræði um landið, þá myndum vjer fá bæði fljótari og jafnframt kostnaðarminni umbætur, til að greiða úr viðskiptaþörfinni, heldur en með því að halda eingöngu gömlu stefnunni, vegabótakákinu, sem litlu sjest áfram muna; það getur opt verið hagur, að horfa ekki um of í skildinginn, þegar til mikils er að vinna. Það er og aðgætandi, að ef málþræðir eða frjettaþræðir lægju um landið, þá má enn fremur fara í hægðum sínum með vegagjörðirnar, því að mörg vöruskipti manna á milli mega opt fremur dragast en orðsendingar. Jeg álít og, að hvað sem fyrirtæki þetta gæfi í beinan hag, að sá óbeini hagur, sem leiddi af því, sje svo mikill, að

hann borgi fullkomlega og enda margfaldlega kostnaðinn.

Ef þetta kæmist á, þá er og meiri von til, að vjer þyrftum eigi mjög lengi að bíða eptir frjettaþræði frá útlöndum, sem hefir svo afarmikla þýðingu fyrir verzlun og framfarir Íslands; jeg tel þess meiri von, að oss veitti þá auðveldara að fá frjettaþráð t. d. frá Skotlandi til Austfjarða, þegar frjettaþráður lægi þaðan hingað til Reykjavíkur. Ef vjer tölum um að fá frjettaþráð frá útlöndum, en höfum engan sjálfir hjer í landinu, þá mundu menn segja: Til hvers er að vera að leggja frjettaþráð handa þeim, þar sem þeir eru svo nízkir og framtaksdaufir, að þeir tíma eigi að leggja frjettaþráð um sitt eigið land; veðurfræðingarnir, sem mest og bezt hafa barizt fyrir því, að frjettaþráður yrði lagður til Íslands, myndu og óefað sýna því máli enn meira fylgi, ef frjettaþræðir væru hjer innanlands, svo að þeir gætu vænzt þess, að fá sem optast veðurfrjettir frá ýmsum stöðum á landinu.

Það er auðvitað á valdi hinnar h. þingdeildar, hvað hún gerir við þessa þingsályktunartillögu okkar flutningsmanna, og jeg geng engan veginn gruflandi að því, hver úrslitin muni verða í þetta skipti; en mín sannfæring er sú, að hvað sem h. deild gjörir við þetta mál nú, þá muni það bráðum rísa upp aptur, og að eigi muni líða á löngu, áður en þing og þjóð viðurkennir, að þetta mál sje eitt af landsins nauðsynjamálum, er sem fyrst ætti að komast til framkvæmdar; það er lítið að marka, þótt því gangi stirt á þessu þingi, eins og fleirum framfaramálum; trje fellur eigi við fyrsta högg.

H. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) hreyfði þeim mótmælum, að í þingsályktunartillögunni væri verkfræðingnum ætlaður of naumur tími til að semja áætlunina; en þetta hygg jeg, að eigi myndi reynast, enda er eigi hægt úr því að bæta, þar eð engin breytingartill. hefir komið fram til þessarar umr., sem er síðari umr., og afleiðingin af því, að tíminn reyndist of stuttur, yrði þá eigi önnur en sú, að verkfræðingurinn gæfi að eins skýrslu um það, sem hann væri þá búinn með.

Páll Briem: Umræður eru nú orðnar nokkuð langar, svo jeg skal eigi vera langorður, enda álít jeg það eigi til neins að vera deila um þetta mál, en jeg skal taka það fram, að jeg skil eigi í, því h. flutningsmenn eru allt af að bera saman vegi og telefóna, því sá samanburður á alls eigi við. Þótt hjer væru komnir á telefónar, telegrafar og loptbátar, þá þurfa vegir að vera færir eins fyrir það. Það á líklega langt í land þangað til þingið verji til veganna svo sem svarar rentunum af einni miljón kr., hvað þá heldur að til þeirra sje búið að verja 5 miljónum kr., eins og flutningsmenn þessarar tillögu eru að fleygja fram. Það er ástæðulaust, að tala um tjeglæfra-pólitik hvað vegina snertir. H. þingm. Dal. (J. P.) misskilur vegalögin 1887, ef hann heldur því fram, að þau skipi að leggja vagnvegi um allt Ísland. Í þeim stendur, að eins að vegirnir skuli að jafnaði vera 6 álnir á breidd, og með sem minnstum halla. Þetta er sannarlega engin tjeglæfra-pólitik og hinn h. þingm. hefur sjálfur í frv. sínu farið fram á, að meiru sje varið til vega en vegalögin 1887 gjöra. Háttv. flutningsmenn halda því fram að þessi þingsályktun sje saklaus og hafi eigi mikil fjárútlát í för með sjer, en eins og ályktunin er orðuð, þá er skorað á stjórnina að fá sundurliðaða áætlun yfir kostnaðinn, en hvort hann verður mik-

ill eða lítill hafa þeir enga hugmynd um, og engin takmörk sett fyrir því, hve hár hann geti orðið.

Ef þessi áætlun á að eins að vera lausleg ágizkun, þá erum vjer engu nær, þótt vjer fáum hana, því hana getum við alveg eins búið til sjálfir. Þingsályktunin er þýðingarlaus, nema ef vera skyldi til þess að fá að vita hvort h. þingd. vildi hafa telefóna eða ekki. Þó þingsályktunin komi fram í saklausum búningi, þá getur hún haft þó nokkur þúsund kr. útgjöld í för með sjer.

H. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) taldi telefónana nauðsynlega til þess að fá frjettir um veðurlag fyrir norðan og austan, og taldi að þeir mundu verða til þess að hvetja útlendinga til þess að leggja hingað telegraf. Jeg held þetta sje hugarburður tómur, því jeg heyrði einu sinni í geógrafiska fjelaginu í Kaupmannahöfn mann, sem heitir Madsen, flytja fyrirlestur um að leggja telegraf hjeðan yfir England, Grænland og til Ameríku. Hann áætlaði, að kostnaðurinn við slíkan telegraf mundi verða um 7 miljónir kr. Eptir hans áætlun átti telegrafinn að koma upp til Íslands á Austfjörðum og svo átti að leggja hann kringum landið til Grindavíkur og til Reykjavíkur. Fleiri statiónir þarf eigi til þess að gizka á um veður í Atlanzhafi, og fyrir veðurathuganirnar væru telefónarnir því þarflitlir og hefðu engan sparnað í för með sjer. Madsen áleit ótiltækilegt, að leggja »telegraf« yfir land, af því hvað frjettir með honum kynnu að geta orðið óáreiðanlegar, og sjer maður, hvað ástæða h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) er ljettvæg.

Lárus Halldórsson: Jeg get eigi annað en verið samdóma þeim þingmönnum, sem finnst formhlið þessa máls óheppileg og athugaverð. Mjer finnst það viðurhlutamikið, að skora á stjórnina að láta vinna þetta verk, án þess nokkur ákveðin upphæð sje veitt til þess á fjárlögunum og skuldbinda þannig þingið til að veita eptir á með fjáraukalögum það fje, sem til þess þarf, hve mikið sem það kynni að verða. Mjer finnst það viðurhlutamikið, að leggja það að öllu á vald stjórnarinnar, hvað tilkostnaðurinn verður mikill, því vjer getum ekkert um það sagt, hvað mikill hann verður. Jeg held h. flutningsmenn hafi of lágar hugmyndir um kostnaðinn, ef þetta á að verða regluleg áætlun sundurliðuð, en eigi ágizkun byggð í lausu lopti.

H. 1. þingm. Eyf. (Sk. Th.) áleit að verkfræðingurinn gæti gjört þetta, af því hann hefði ekkert annað að gjöra fyrra árið, en jeg held eitt ár mundi eigi nægja til þess, heldur þyrfti hann fleiri ár. En það sem er aðalatriðið í þessu, er málefnið sjálft, nefnil. hvort þingið á að fara að hugsa til að leggja þessa telefóna, sem hjer ræðir um að vita, hvað kosta mundi að leggja; jeg vil minna á orð h. þm. Dal. (J. P.). Hann sagði um daginn, þegar verið var að ræða um slöid: »Er þetta það sem á að ráða bót á vandkvæðum okkar í menntamálum?« og eins vil jeg spyrja: Er þetta það, sem á að ráða bót á samgönguleysi okkar? *(Sk. Th.:* Já). H. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) sagði já. Það er satt, að hann hefur bent á það hagræði, sem hlytist af telefónunum; hann hefur talað um óbeint gagn af þeim fyrir allt landið, og það gæti að sjálfsögðu í mörgum tilfellum orðið mikið gagn fyrir einstaka menn; þannig hefur hann tekið fram, að kaupmenn á Ísafirði gætu þá haft gagn af póstskipsferðum til Reykjavíkur; þeir gætu pantað með þeim vörur jafnt sem þeir væru í Reykjavík. En jeg held það yrði dýrt, að nota telefónana eða telegrafana, og menn mundu því eigi gjöra það, nema

í brýnustu nauðsyn. Þegar póstferðum fjölgaði, mundi þörfin fyrir þessi viðskipti minnka, og í þeim einstöku tilfellum, er kæmu fyrir, að menn þyrftu að nota telefóna, yrði það þannig bæði dýrt fyrir einstaklingana og dýrt fyrir landið, að leggja fje út í telefóna, til þess þeir verði notaðir í þessum einstöku tilfellum.

Ísland er fámennt og fátækt og er hjer því allt öðru máli að gegna, en í útlöndum, þar sem þjettbýlt er og borgir fjölmennar. Jeg er samdóma 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) um það, að hjer sje málefni, sem muni koma fyrir optar, að hjer sje um framtíðarmál að ræða, og jeg álít rjett, að málinu hefir verið hreyft. Jeg hef trú á, að Ísland muni taka þeim framförum, að telefónar og telegrafar komist hjer á, en jeg ætla að framfarir Íslands verði að ganga gegnum hin sömu stig, sem framfarir annara þjóða hafa gjört, og nú er ekki kunnugt um, að nokkur þjóð hafi byrjað framfarir sínar með telefónum. Menn hneykslast máske á, að jeg segi: byrja framfarir sínar, en jeg held jeg geti komizt svo að orði. Þegar til slíkra stórræða er stofnað, þarf eigi að líta langt í kringum sig, til þess að sjá að okkur vantar »forudsetningar«, sem Danir kalla; okkur vantar basis, eða grundvöllinn, sem á að bera þetta. Vjer skyldum eiga að fara að kosta upp á telegrafa eða telephóna um land allt, og eigum ekki svo mikið sem eina ullarverksmiðju, ekki eina gufuskipsfleytu, og meira að segja er enginn verkvjelasmiður til, sem gæti gjört við telegrafvjelarnar, ef þær biluðu. Eins og kunnugt er hefir telephón verið lagður hjer á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, en jeg hef frjett að ágóðinn af honum sje eigi mikill, og liggur þó höfuðstaðurinn við annan endann, en fjölmennur kaupstaður við hinn. Jeg held við eigum eptir langa framfarabraut áður en það sje tiltækilegt, að leggja telephóna eða telegrapha í eins stórum stíl og þingsál.till. ætlar. H. þm. Dal. (J. P.) minntist á það tilfelli í vetur, að ágætur afli hefði verið á Austfjörðum, en hjer aflalaust um þær mundir, og þá hefði verið æskilegt að hafa telephóna austur, til þess að geta fengið fregnir um aflann; það er mikið rjett og satt; hann hefir þar stórmikið til síns máls, en menn mega eigi ganga allt of mikið út frá slíkum einstökum tilfellum; það þarf meira til að vega upp móti þeim feikna- kostnaði, sem þetta fyrirtæki mundi kosta.

Báðir h. flutningsmenn þessarar þingsályktunar hafa haft samanburð á vegunum, og mjer skildist á ræðu h. þm. Eyf. (Sk. Th.), að hann áleit betra að hafa telephóna án vega, en vegi án telephóna. Hvað vegina snertir, þá vita allir, hve mikla þýðingu þeir hafa fyrir framfarir og civilisation hvers lands, og einn hagfræðingur hefir sagt, að þeir væru fyrsta skilyrði, annað skilyrði og þriðja skilyrði fyrir framförum eins lands.

Jeg get eigi greitt atkvæði með þingsályktun þessari, þrátt fyrir það, þótt hún fari eigi fram á að leggja telephona, heldur að eins að fá áætlun um, hvað það muni kosta. En aðalmergurinn er samt sá, hvort hjer skuli leggja telephóna, og það álít jeg eigi skynsamlegt enn sem komið er.

Jón Þórarinsson: Jeg hef komizt á snoðir um, að það muni verða óskað nafnakalls um þetta mál, og því álít jeg rjettara að gjöra grein fyrir atkvæði mínu.

Það er eigi svo, að jeg álíti það neina fjeglæfrapólitik, að bera fram þingsál. till. þessa, heldur eiga flutningsmenn

hennar miklar þakkir skilið fyrir að hafa hreyft þessu máli, og það er ekkert undarlegt, þótt umræður um það hafi orðið langar.

Hvað það snertir, að hjer ætti að fara að leggja telephóna á stórum svæðum, eins og eitt blað hjer, »Þjóðviljinn«, hefir komið fram með, þá get jeg ekki verið á þeirri skoðun; mjer sýnist rjettara að byrja smátt, að leggja fyrst telephóna um þjettbýlustu hjeruðin. Mjer finnst landssjóður vel gæti stutt málið með litlum styrk. Jeg er á sama máli og sá þingmaður, sem síðast talaði, að hjer vanti skilyrðin fyrir, að langir telephónar geti borgað sig. Mjer fyndist heppilegt, að telephóninn, sem hjer er kominn á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, væri smámsaman lengdur til beggja enda, bæði suður með sjó og upp á Akranes. Það væri þannig gott, að leita fyrir sjer með, hvort loptslagið væri til fyrirstöðu, að telephónar kæmu að fullum notum hjer. Mann vantar enn þá fullnægjandi reynslu í því efni, og mundi það því vera hollt að feta sig áfram smátt og smátt.

Auk þess finnst mjer formið alls eigi heppilegt; þingsályktunin kemur að eins frá þessari deild, en hefir þó fjárútlát í för með sjer — en það fje hvergi veitt —, og því held jeg að stjórnin geti eigi tekið hana til greina. Jeg get yfir höfuð eigi sjeð, að það beri neinn ávöxt, þótt þessi tillaga verði samþykkt nú.

Jens Pálsson: H. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) bar fram í ræðu sinni ýmsar athugasemdir um þetta mál, og þær margar skynsamlegar, eins og við var að búast af honum. Einkum fannst mjer hann efast um, að frjettaþræðir gætu borgað sig hjer. Jeg skal nú ekkert um það segja, hvort þeir geta borið sig eða ekki, en að þeir geti borið sig er undir því komið, að gagnið að þeim sje svo mikið, að það svari kostnaði. það gæti verið, að þjóðinni þætti það of dýrt, og hjer sjeu enn eigi komin skilyrði fyrir að fyrirtækið sje byrjað. En það veit enginn neitt um þetta, fyr en menn fá að vita, hvað kostnaðurinn hjer um bil mundi verða. Til þess að mynda sjer fasta skoðun um þetta, þarf áreiðanlega áætlun um kostnaðinn, áætlun, tilbúna af þeim manni, sem vit hefir á. H. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) taldi strjálbyggð landsins því til fyrirstöðu, að telegraphar eða telephónar gætu borgað sig, og það er rjett frá þessari hlið, sem hann tók það. En þegar litið er á það, að miklar fjarlægðir eru milli byggða hjer á landi, og að þessar fjarlægðir er einn farartálminn á framfarabrant vorri, og að ekkert verkfæri er hentugra til að minnka fjarlægðirnar og sigrast á þessum farartálma, en frjettaþræðir, þá kemur ný hlið málsins fram. Hann hjelt fram, að vegirnir hefðu meiri þýðingu en frjettaþræðir, og tók upp orð eins hagfræðings, að vegirnir væru fyrsta skilyrði, annað og þriðja skilyrði fyrir civilisation eins lands. Skyldi nú þessi merki maður hafa meint beztu vegi eða slíka vegi, er eigi sjeu notaðir til flutninga öðruvísi en svo, að hestar, sem bera bagga sína beggja megin hryggjar, eru teymdir eptir þeim? Jeg held ekki. Jeg held hann hafi meint öðruvísi vegi, og á annan hátt notaða. H. þm. Snæf. (P. Br.) sagði meðal annars, að ýmislegt, sem jeg hefði rætt og ritað um vegamálið, væri sprottið af misskilningi á vegalögunum. Eptir þeim væri eigi ætlazt til, að aðalpóstvegirnir yrðu akvegir. En jeg fullyrði, að til þess var einmitt ætlazt, og skal jeg nú færa rök fyrir því.

Jeg skal fyrst vitna til orða framsögum. í vegalögunum 1887; framsaga hans í því máli ber greinilega vott um það, að til þess var ætlazt, að aðalpóstvegirnir skyldu verða akfærir; og að þessi lög áttu að verða til þess, að hjer yrðu teknir upp vagnar til ferða og flutninga. Þetta veit þm. Snæf.; hann var sjálfur í veganefndinni, ef mig minnir rjett, og sú nefnd talaði fyrir munn síns framsögumanns, sem ljóslega tók fram, að verið væri með lögum þessum að taka vagnhjólin í þjónustu flutninganna; *(P. Br.:* hans orð eru engin lög); hann ber þó fram álit og meiningu nefndarinnar; jeg ber mikla virðing fyrir þessari stóru hugmynd, að gjöra alla aðalpóstvegi að akvegum og innleiða hjer vagnflutninga, — þessari hugmynd, sem lögð var inn í vegalögin 1887, — og einmitt það, að þessi hugmynd kemur í ljós í þessum lögum er þeirra eini yfirburður yfir hin eldri lög.

Svo skal jeg í annan stað vitna til 7. gr. vegalaganna sjálfra; jeg get eigi skilið þá grein öðruvísi, en þar sje átt við akvegi, og jeg er eigi einn um minn skilning, því stjórnin sjálf skilur greinina svo, eins og sjest af athugasemdunum við fjárlagafrv., því á bls. 23, stendur «og verða þá einungis eptir um 10000 kr. til að leggja nýja vegi, en fyrir þá upphæð verður eptir skýrslu landshöfðingja varla hægt að leggja lengri 6 álna breiðan akveg, sbr. 7. gr. vegalaganna, en eina mílu, og það þó vel hagi til«. Af þessu sjer h. þm. Snæf., að menn, sem jeg verð að álíta, að hafi nægan skýrleik til að skilja og þýða lögin engu síður en hann, skilji þau eins og jeg, svo að jeg er ekki einn á bandi um minn skilning.

Flutningsm.(Skúli Thoroddsen): H. þm G.-K.(J.Þ.)hreyfði því meðal annars til að mótmæla till., að hún væri að eins borin fram í annari þingdeildinni. Þetta er dagsanna; en jeg sje ekki, að það rýri gildi till., sjerstaklega af því, að hún er borin fram í Nd., í þeirri deildinni, sem að mestu leyti hefir fjárveitingarvaldið í hendi sjer, og hún getur því, ef deildarmenn eru samtaka, ráðið veitingu á því fje, sem með þarf till. til framkvæmdar; jeg get og hreinskilnislega játað, hvað okkur flutningsm. gekk til að láta till. að eins koma fram í Nd.; það kom sjerstaklega til af því, að það hefir sýnt sig svo greinilega í sumar, að Ed. er allóheppilega mönnum skipuð. Hún er skipuð þeim mönnum, sem ekki hafa hikað við að fella hvert frv. eptir annað fyrir Nd., og það einmitt þau mál, sem fram hafa verið borin hjer í deildinni eptir marg-ítrekuðum óskum og kröfum þjóðarinnar, og sem miðað hafa til að fullnægja þörfum hennar. *(Forseti* hringir). Það er óþarfi fyrir h. forseta að taka til klukkunnar; jeg hefi eigi sagt annað en það, sem satt er, og sem öll hin íslenzka þjóð mun taka undir með mjer; Ed. hefir með atferli sínu sýnt það, að hún skilur ekki eða vill ekki skilja, hvað til friðar og farsældar þjóðarinnar heyrir. Við bjuggumst við að þessi till. mundi sæta sömu forlögum í Ed., eins og önnur velferðarmál þjóðarinnar hafa orðið fyrir, og því vildum við spara þeim h. herrum, að sýna fræknleik sinn og föðurlandsumhyggju á till. þessari.

H. þm. S.-Múl. (L. H.) sagði, að hjer á landi vöntuðu skilyrði fyrir því, að málþráður gæti þrifizt. Hann hefir víst átt við, að land vort væri fátækt og fámennt. Það er rjett, að landið er fátækt og fámennt; en mun ekki einmitt það, að reyna að greiða fyrir viðskiptalífinu, vera vísasti vegurinn til þess að

þæta hag landsins og greiða fyrir framförum þess?

H. þm. (L. H.) hafði líka upp þá setningu, að vegirnir væru fyrsta, annað og þriðja framfaraskilyrðið; en mun ekki mega segja hið sama um málþræðina og frjettaþræðina? Þá sagði og sami h. þm. (L. H.), að telephóninn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar mundi ekki borga sig; en það vill nú svo vel til, að jeg hefi fengið upplýsingu hjá h. þm. G.-K. (J. Þ.), sem er fullkunnugt um þetta, og segir hann, að telephóninn muni þetta ár gefa í brúttó-tekjur um 400 kr. Jeg veit að vísu ekki, hvað mikil laun starfsmennirnir við telephóninn hafa, en mikil munu þau varla vera, því að fyrirhöfnin kvað ekki vera mikil. Það er því líklegt, að þetta fyrirtæki gefi af sjer góðar rentur þegar fyrsta árið.

Jeg get og eigi verið h. þm. (L. H.) samdóma um það, að telephóninn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hljóti að vera arðsamari en raun myndi á verða annarsstaðar á landinu; þvert á móti hygg jeg, að víða kynni að verða önnur raunin á, af því að fjarlægðin er svo lítil á milli þessara staða, að miklu minni þörf er á að nota hann, en þar sem fjarlægðin er meiri.

Jeg get og minnt á, að einmitt sami maður, Otto Wathne, sem h. þm.S.-Múl. (L. H.) hefir borið fram á sínum brennandi bænarörmum í öðru máli hjer á þinginu, hann hefir verið að berjast við að koma á telephón fyrir austan *(Sigurður Stefánsson:* Það er sagt, að hann sje hættur við það); það hefir þá máske verið eitt af þeim fyrirtækjum, sem þessi maður hugsar um, en framkvæmir ekki.

H. þm. Dal. (J. P.) benti á eitt af mörgum dæmum um nytsemi telephóns; það var um fiskiveiðar á Austurlandi; það er gott fyrir þá sem í fjarlægð búa, að geta fengið að vita undir eins, þegar fer að aflast á einhverjum stað; það getur orðið of seint að fá frjettir um það með næsta pósti, því að það er ekki víst, að fiskinum þóknist að bíða allan þann tíma eptir fiskimönnunum; líkt er og um ótal höpp fleiri; miklu færri geta opt notað sjer, þegar síldargengd kemur inn á firði, en ef þeir fengju frjettir um hana í tíma. Verzlunarstjettin út um landið mundi og hafa hið mesta gagn af telephón. Samgöngur við útlönd eru óvíða eins góðar og frá Reykjavík, en vjer vitum allir, hve fjarskamikla þýðingu það getur haft fyrir kaupmenn, að koma fljótt orðsending til útlanda; jeg skal nefna sem dæmi, að saltskortur sje í einhverri veiðistöð, en afli góður, eða kaupmenn hjer vilji vita verð á íslenzkum vörum á útlendum markaði o. s. frv.

Umræðurnar eru þegar orðnar svo miklar, að óþarfi er að lengja þær frekar; en jeg skal að endingu taka undir með h. þm. S.-Múl. (L. H.), að hjer sje um framtíðarmál að ræða, og jeg skal bæta því við, að jeg vona, að það sje framtíðarmál, sem ekki eigi langt í land með að verða nútíðarmál.

Lárus Halldórsson: Jeg skal einungis gera örfáar athugasemdir.

Það er satt, sem h. þm. Dal. (J. P.) sagði: jeg álít þetta framtíðarmál, ekki nútíðarmál. Þar sem h. þm. (J. P.) sagði að hann áliti, að land þetta hefði eins margar auðsuppsprettur og önnur lönd, ef það einungis notaði þær, þá er jeg honum ekki nema að nokkru leyti sammála; í öllu falli get jeg ekki sjeð, að telephón hjálpi mönnum svo mjög til að nota auðsuppspretturnar eða sje hin rjetta byrjun til þess. Hinn rjetti veg-

ur er einmitt að læra fyrst að nota þær og auðgast á því, að fjölga landsfólkinu og efla atvinnuvegina, og þar á eptir geta menn svo farið að hugsa um telephón, eins og aðrar þjóðir.

H. þm. Dal. (J. P.) tók það einnig fram, að hjer væri einungis að ræða um þingsályktun, svo að þegar áætlun um kostnaðinn væri fengin, þá gæti maður farið að leggja niður fyrir sjer, hvort það væri tiltækilegt, að ráðast í þann kostnað; en eins og jeg tók fram áðan, er það aðalatriðið, hvort þau skilyrði sjeu hjer fyrir hendi, sem geri ráðlegt að fara að hugsa um að leggja telephón, og það getum vjer eins vel dæmt um nú, og þótt þessi áætlun væri fyrir hendi.

Þar sem h. þm. (J. P.) fór því fram, að hinar miklu fjarlægðir væri okkar aðalmein, þá er það hverju orði sannara, en jeg get ekki verið honum sammála um, að telephónar sjeu bezta ráðið til að bæta úr því og tengja saman hinar fjarliggjandi sveitir og kaupstaði, heldur eru það einmitt póstgöngurnar, sem gera þetta, og þeim verðum vjer að hrinda í betra horf, og sjerstaklega fjölga.

Jeg vil ekki láta ummæli h. þm. Eyf. (Sk. Th.) um Ed. ómótmælt. Hann sagði, að það væri auðsjeð, að hún skildi ekki, hvað heyrði til friðar þessa lands, en mjer finnst engin heimild til að koma fram með þess konar, þó hún hafi fellt nokkur frv. frá Nd. Nd. hefir einnig fellt frv. fyrir Ed., svo það er kaup kaups.

Þar sem h. þm. Eyf. (Sk. Th.) sagði, að meira væri vert um telephóna en vegi, þá get jeg engan veginn verið honum sammála. Með telephón er þó hvorki hægt að ferðast nje senda farangur, — þó að einhver kunni að hafa þá ankannalegu hugmynd —; með þeim er einungis hægt að senda orð, en það má einnig senda þau með póstinum. Til þess að póstarnir verði að fullum notum, þurfum vjer einungis að hafa ferðirnar hálfs mánaðar eða vikulegar. Það koma ekki svo opt fyrir tilfelli, að það sje svo mjög áríðandi, hvort fregnir eða orðsendingar komist viku fyrr eða síðar.

Þá minntist h. þm. (Sk. Th.) á Wathne. Það er satt, að hann hafði ráðgert að leggja telephón, en hann vissi vel, að það mundi alls ekki geta borgað sig, nema því að eins, að hann þannig fengi fleiri síldarlása en ella.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 441) samþ. með 10 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Árni Jónsson,	Jón Þórarinsson,
Gunnar Halldórss.,	L. Halldórsson
Indriði Einarsson,	Ólafur Briem,
Jens Pálsson,	Ólafur Pálsson.
J. Jónsson, þm. N.-M.	Páll Briem,
J. Jónss., þm. N.-Þ.,	Þorl. Guðmundsson,
Sig. Stefánsson,	Þorv. Kjerúlf.
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Eiríksson.	

Því næst var tillagan sjálf með áorðinni breytingu felld með 10 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk 6 nafngr. þm., og sögðu

já:	*nei:*
G. Halldórsson,	Páll Ólafsson,
Indriði Einarsson,	Sigurður Jensson,
Jens Pálsson,	Árni Jónsson,
J. Jónsson, þm. N.-M.,	Jón Þórarinsson,
J. Jónsson, þm. N.-Þ.,	L. Halldórsson,
Sigurður Stefánsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Pálsson,
Sveinn Eiríksson.	Páll Briem,
	Þorl. Guðmundsson,
	Þorv. Kjerúlf.

Tillaga til þingsályktunar út af fátækramálum (C. 429); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr.; var það samþ.

Tillaga til þingsályktunar um brúargæzlu við Ölfusárbrúna (C. 438); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ.

Tillaga til þingsályktunar um Skúmstaðaós á Eyrarbakka (C. 441); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ.

Tillaga til þingsályktunar um fulltrúa stjórnarinnar á alþingi (C. 442); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþykkt.

Fertugasti og þriðji fundur, fimmtudaginn 20. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi, nema 1. þm. Húnv. (E. Br.), sem tilkynnti forföll.

Frv. til laga um sjereign og myndugleika giptra kvenna (C. 419); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. í e. hlj.; 2.—4. gr. samþ. með 20 atkv. hver um sig; 6.—14. samþ. með 20 atkv. hver.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvæðagr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Frumv. til laga um friðun á laxi (C. 408, 428); 2. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls í fám orðum, að það sje aðalatriðið í tilliti til þessara og annara friðunarlaga, að ákveðið sje skarpt, skýrt og ljóst, hlutfall milli almenningsgagns og rjettar hvers einstaks manns, friðunin sje hvorki höfð of rík, svo einstaklingurinn líði við það, nje of slök, svo almenningsheillin sje fyrir borð borin. Þetta álít jeg vera það sjónarmið, sem nauðsynlegt sje að hafa fyrir augum, svo lögin geti orðið rjettlát, eins og reyndar öll lög eiga að vera, og það, að hin gullvæga regla rætist á lögunum, að rjettlætið skapi friðinn. Þetta sjónarmið er óbifanlegt; en það er ekki nóg að taka það fram í lögunum, heldur verður að sjá um, að laganna sje gætt. Jeg verð að álíta, að svo framarlega sem h. deild samþ. þessi lög með breytingu þeirri sem nefndin vill gjöra á þeim, þá fái menn einmitt lög, sem fullnægi þessum kröfum í ríkulegum mæli, og komist þau á, þá hafa þau mikla yfirburði yfir þau lög, sem verið hafa. Jeg vona mjer sje óhætt að fullvissa menn um það, að þingið þurfi þá ekki að óttast, að fá, ár eptir ár, allt af nýjar kröfur um að breyta þessum lögum, sjerstaklega þar sem í 7. gr. er sýslunefndunum gefið leyfi til að víkja ákvæðum laganna við eptir því, sem staðhættir einstakra hjeraða krefja, án þess þó að almennum ákvæðum um friðun laxins og frjálsa göngu sje raskað.

Jeg vil svo fara fám orðum um breyt.till. nefndarinnar; þær eru hvorki margar nje torskildar. Þar sem nefndin stingur upp á því, að sleppa 2. málsgr. 1. gr., þá er það á góðum rökum byggt, þeim, sem h. þm. N.-Þing. (J. J.) tók fram með svo ljósum og sannfærandi orðum við 1. umr. þessa máls. Það sýnist liggja í augum uppi, að þegar laxinn er nægilega friðaður sýknt og heilagt, þá sje með öllu óþarft á þeim veiðitíma, sem leyfður er, að hafa tvöfalda friðun á laxinum á hverjum sunnudegi, heldur ætti að nægja sú almenna friðun, að öðru leyti en því, sem leiðir af helgidagalöggjöfinni sjálfri, þar sem öll veiði, bæði laxveiði og hver önnur, er bönnuð á sunnudögum. En aptur

leggur nefndin það til, að veiðitíminn sje styttur svo hann sje að eins 2½ mán., í stað 3 mán., og svo ½ mánuði lengur fyrir stangaveiði, því hún er sú bezta og saklausasta veiðiaðferð, sem hægt er að viðhafa. Þessa almennu stytting á veiðitímanum álít jeg hyggilega og gefa miklu meiri tryggingu fyrir góðri friðun, en öll helgihaldslög gera eða sjerstök friðun á helgidögum. Þegar kemur fram um 20. ágúst, þá fer laxinn að safnast fyrir í hyljum og búa sig undir að riða; jeg er því alveg viss um, að eptir þann tíma sje skaðlegt að veiða lax. Sá lax t. d., sem nú er veiddur í Elliðaánum, er leginn, horaður og slæptur, og hefði því verið rjettast að setja það ákvæði inn í, að banna algjörlega laxveiði, þegar svo er áliðið sumars. En margir Englendingar hafa þegar leigt ár víða og mundu því álíta það samningsrof, ef veiðitími þeirra styttist, þó þeir reyndar viðurkenni að það sje ekki gott að veiða langt fram á haustin, og því lætur nefndin stangaveiðina hafa ½ mánaðar rjett fram yfir aðrar veiðiaðferðir.

Breyt.till. nefndarinnar tölul. 4 er orðabreyting; nefndinni þóttu þessi orð: »þegar hún er sett« tvíræð og vildi því að eins, að það væri tekið skýrt fram, að djúp árinnar mætti ekki vera minna fyrir utan veiðivjelina, þegar hún væri komin í ána.

3. málsgr. 2. gr. leggur nefndin til að sleppt sje úr, því hún kemur í beina mótsögn við friðunarákvæðið og jafnrjettishugmyndir þær, sem eru ófrávíkjanlegar í friðunarlögunum. Þar segir: »Eigi maður einn veiði í á, er honum heimilt að veiða með þvergirðingu«. Jeg efast nú í fyrsta lagi um, að það sje nokkur sá maður á þessu landi, sem eigi einn veiði í á, jeg þekki engan, og ef það er, þá er það hreinasta undantekning; en finnst mönnum þá ekki skrítið að fara að setja í friðunarlög einkarjettinda-ákvæði, sem enginn heyrir undir, og því líklegast að kæmi aldrei til framkvæmdar? En það er annað, sem er þó athugaverðara við þetta ákvæði, og það er, að það getur verið hvöt fyrir ráðríka, duglega, og ásælna menn til þess, að veita öðrum yfirgang, og slæga menn, til að sölsa undir sig alla veiði frá meinleysingjum og einfeldningum, til þess að njóta þessara kynlegu sjerstöku rjettinda, sem lögin þá veita honum. Svo fæ jeg í þriðja lagi heldur ekki betur sjeð en svo, að, þó þetta ákvæði segi: »einn maður«, þá hljóti það líka að ná eins til sameigenda, sem allir eins og einn maður væri koma sjer saman. Slíkir sameigendur verða að skoðast gagnvart lögunum sem ein heild, einn maður. Þannig t. d. ef 5 menn eiga skip í fjelagi, þá þekki jeg ekki, að þessir 5 menn til samans geti haft neinn minni rjett en þó einn maður ætti það. En af þessu leiðir þó beinlínis, að tryggingu fyrir friðun laganna, að því leyti sem laxgangan á að vera frjáls, er gjörsamlega kollvarpað, og lögin komin í bera mótsögn við sig sjálf.

Í 2. gr. málsgr. 3. stendur ennfremur: »Nú rennur á í fleiri kvíslum, og má enginn þvergirða eina þeirra, nema meiri sje fiskiför í annari, enda eigi hann einn veiði í henni«. Þetta held jeg sje sannarlegt vafaákvæði, því sje nokkuð örðugt og jafnvel ómögulegt að sanna, þá er það það, hvort lax gengur meir í eina kvíslina en aðra; jeg vildi ekki eiga að dæma þess á milli og leggja sáluhjálpareið út á, í hvora kvísl lax gangi fremur, það yrði þá að rannsakast með statistik í mörg ár og yrði samt torvelt, enda yrði sú meðalupphæð, sem við það fengist, ekki rjettur mælikvarði fyrir hvert einasta sumar, mánuð eða jafnvel dag. Laxá í

Þingeyjarsýslu t. d. rennur í 2 stórum kvíslum fyrir Laxamýrarlandi, og þekki jeg þar svo til, að það væri mjög erfitt og ógjörlegt að ákveða með nokkurri vissu, í hverja þeirra lax gangi meir. Sjálfsagt geta menn ekki yfir höfuð reiknað út allar þær orsakir, sem ráða laxgöngunni og hafa áhrif á hana, og þessar orsakir geta verið bæði almennar og einstaklegar; þannig er t. d. vindstaðan hið breytanlegasta af öllu breytanlegu, því laxinn leitar upp í vindinn, sem eðlilega getur valdið því, að laxinn gangi meir í þessa kvíslina í dag, en í hina á morgun; annað mál er það, þegar ræðir um sárlitlar kvíslir, í hlutfalli við aðrar miklum mun stærri, í hinni sömu á, því þar hlýtur þó aðalfiskiförin að ganga, sem lögin miða til að láta vera frjálsa, þar sem vatnsmegnið er svo miklum mun og margfalt meira, en um þetta tilfelli þarf ekki að gefa sjerstaka reglu, því það heyrir undir hið almenna ákvæði laganna, að breyta megi til um einstök atriði, eptir því sem við á í hverri á, án þess grundallarreglum laganna um friðun laxins og frjálsa göngu — aðalfiskförina — sje haggað, því meining laganna, er ekki sú, að ganga óþarflega nærri rjetti hinna einstöku veiðieigenda, gagnvart almennings gagninu á einn veg, og jafnrjettishlutfallinu milli veiðieigendanna innbyrðis á hinn bóginn.

Svo er þá loksins 6. gr. Nefndin vill fella hana alveg burtu; hún hljóðar svo: »Nú vill meiri hluti veiði-eigenda í á, sem lax gengur í, veiða eða leigja í fjelagi, til þess að koma á meiri friðun». Já! koma á meiri friðun! Það er helzt hætt við því, að menn vilji koma á meiri friðun en lög þessi ákveða, en fá því ekki framgengt! — og skulu þá þeir sem friðunina vilja fram hafa, leggja málið fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd. Áliti sýslunefndin rjetti einskis hallað, skal hún semja reglur um veiðiaðferð og skiptingu afla«. Það er þetta: »rjetti einskis hallað,« sem er alveg contradictionært eða hrein mótsögn í sjálfu sjer, því við hvað getur sýslunefndin miðað, þegar hún tekur til skoðunar, hvort rjetti einhvers sje hallað? Við það sjálfsagt, hvað hann hefir lagaheimild til að mega gjöra; þegar þessvegna farið er fram á meiri friðun að öðrum nauðugum en ákveðið er í lögum þessum, þá hlýtur rjetti einhvers að vera hallað, og að halla annars manns rjetti fram yfir lagaskylduna er óheyrilegt, hvort sem margir eiga í hlut, fáir eða þá einungis einn einasti maður. Þetta áleit því nefndin alveg óhafandi í lögum, enda veit víst enginn til, að nokkrum manni hafi dottið í hug, að beita þessu ákvæði eptir hinum eldri lögum.

Jeg álít svo ekki nauðsynlegt að tala meira um þessi breytingaratriði, nema þá því að eins, að hinir h. þingm finni eitthvað athugavert við skýringar mínar.

ATKVÆÐAGR.: Allar breytingartill. nefnd. (C. 428) samþ., hin 1. með 17 atkv., 2. með 19, 3. með 18, 4. með 21, 5. með 18, 6. með 15. Frumv.greinar (C. 408) með þar af leiðandi breytingum allar samþ., með 20—21 atkv. hver.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Frumv. síðan vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Frumv. til laga um breytingu á 35. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, dags. 10. sept. 1830 (C. 437); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 19 atkv. og endursent Ed.

Tillaga til þingsdlyktunar um sameining búnaðarskóla (C. 334, 344, 438); framh. einnar umr.

Flutningsm. (*Árni Jónsson*): Jeg skal leyfa mjer að lýsa því yfir, að jeg tek aptur hina upphaflegu þingsályktunartill. mína ásamt breyt.till. við hana, með því jeg álít, að það sem hún fer fram á, felist í þessari þingsályktunartillögu, sem nefndin leggur til að sje samþykkt.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Með því að bæði mjer og þeim sem starfað hafa í nefnd þeirri, sem sett var í þetta mál, hefir eigi fundizt tiltækilegt, þar sem tíminn er orðin naumur, að koma nú fram með ákveðnar tillögur um sameining eða niðurlagning hinna núverandi búnaðarskóla eða breyta að öðru leyti búnaðarskólamálinu úr því horfi sem það nú er í, hefir hún að eins lagt fram fyrir þingið samhuga álit sitt í þessu máli, sem tekur ljóslega fram þau grundvallaratriði, sem nefndin álítur að þingið eigi að hafa fyrir augum við tilhögun búnaðarskólanna, og verður því að álíta þetta nefndarálit sem grundvöll fyrir umræðum og íhugun málsins til næsta þings, sem nefndin telur sjálfsagt að taki mál þetta til rækilegrar meðferðar. Því það mun fæstum blandast hugur um það, að þetta er málefni, sem landið varðar mikils, en sem þarf sem fyrst umbóta við. Nefndinni kom það ásamt, að eigi væri þörf á að styrkja alla þá búnaðarskóla af landsfje, sem nú eru komnir á stofn. Hún áleit, að landbúnaðurinn hjá oss væri eigi svo margbrotinn eða víðtækur, að brýn nauðsyn væri til þess að landið kostaði 4 búnaðarskóla; yfir höfuð áleit hún, að landinu væri jafn-vel, ef ekki betur, borgið með einum búnaðarskóla, sem ríflega væri styrktur af landsfje, heldur en öllum þessum smáskólum, og víst er það, að því færri skólum, sem landið hefði að sjá fyrir, því hægra væri að sjá þeim borgið með kennslukrapta og ýmislegt annað, sem útheimtist til þess, að þeir sjeu meira en nafnið tómt. Þess er að gæta, að þessir nýstofnuðu búnaðarskólar, sem nú eru, eru svo kraptalitlir, að þeir geta ekki veitt nemendum sínum verklega tilsögn, nema að eins lítinn tíma haust og vor; sumartíminn gengur mestallur til algengra heimilisstarfa, og hin »theoretiska» þekking, sem nemendurnir fá á veturna, verður því að miklu minni notum en æskilegt er; þótt styrkur sá sem þeir til samans fá sje töluverður, verður hann því miður svo lítill, er hann skiptist milli svo margra, að hann kemur engum skólanum að verulegu haldi, og þar af leiðir, að hvorki hin bóklega nje verklega kennsla getur orðið í svo góðu lagi sem skyldi. Það er því sannarlega álit nefndarinnar, að þessu máli sje hrundið í heppilegra horf með því, að styrkja ríflega að eins tvo búnaðarskóla, — annan í Norður- og Austuramtinu, hinn í Suður- og Vesturamtinu — eða helzt að eins einn aðalskóla fyrir land allt, heldur en að vera að kosta búnaðarskóla af landsfje í hverju amti.

Jeg og h. þm. Dal. (J. P.) hjeldum því fram í nefndinni, að heppilegast mundi vera, að láta þá búnaðarskóla, sem nú eru, sigla sinn eiginn sjó, og láta sýslufjelögin ráða því, að hve miklu leyti þau sjálf vildu styrkja skóla þessa, og halda þeim áfram sem hjeraðastofnunum óviðkomandi þinginu og án annars styrks en búnaðarskólagjaldsins og þeirra fjárframlaga, sem hjeruðin sjálf fríviljuglega vildu leggja til þeirra. En aptur á móti er það álit okkar, að landið eigi að kosta einn vísindalegan búnaðarskóla, þar sem nemendum gefist kostur á verklegum æfingum og tilraunum, ekki lítinn tíma, heldur allan vor-

og sumartímann. Eins og jeg tók fram áðan, er þetta álit nefndarinnar ekki bein tillaga til þingsins í þetta skipti, um að kippa þessu í það horf, sem hjer er farið fram á, heldur er það að eins til þess, að heyra undirtektir manna til næsta þings um þetta mál, með því að leggja það undir álit og umsögn sýslunefnda og amtsráða; nefndin verður að hafa þá tiltrú til hjeraðastjórnanna, að þær sýni enga hlutdrægni eða hreppapólitík í þessu máli, heldur íhugi þetta mál sem bezt og hafi það fyrir augum, hvað landinu í heild sinni er fyrir beztu og því til mestra þrifa. Að áliti nefndarinnar geta tveir búnaðarskólar gjört meira gagn með sama styrk úr landssjóði og nú er veittur til búnaðarskóla, heldur en þessir 4 skólar, sem styrknum er skipt á milli. Og þótt búast mætti við, að einn búnaðarskóli fyrir allt landið, sem landssjóður kostaði að mestu eður öllu, kynni ekki að komast af með þennan fjárstyrk, þá tel jeg fyrir mitt leyti ekki horfandi í það, því að jeg er sannfærður um, að sá skóli yrði þó að tiltölu miklu ódýrri en allir þessir smáskólar, og jeg efast ekki um, að hann yrði landinu og landbúnaðinum miklu notasælli, væri honum vel stjórnað, heldur en smáskólarnir. Yfir höfuð að tala verður kostnaðurinn tiltölulega miklu meiri við hina mörgu skóla, heldur en við hina fáu, án þess þó að þessir mörgu skólar komi að tiltölulega meiri notum þegar á allt er litið. Jeg vona, að enginn álíti þetta sleggjudóm neins einstaks manns, nje nefndarinnar í heild sinni, þar sem þetta er byggt á fleiri ára reynslu í búnaðarskólamálum vorum.

Jeg fel svo mál þetta h. deild á hendur, jafnframt því sem jeg vona, að landsstjórnin, verði tillagan samþykkt, leggi mál þetta undir álit sýslunefnda og amtsráða fyrir næsta þing.

Benedikt Sveinsson: Jeg hefi í raun-inni engu við að bæta við það, sem bæði h. framsögum. (S. St.) sagði og tekið er fram í nefndarálitinu, en jeg er sannfærður um, að h. nefnd á miklar þakkir skilið fyrir að hafa komið þessu málefni í þetta horf. Mjer virðist að eigi sje þörf á að lengja umræðurnar um þetta mál, þar sem eru svo skýrt fram teknar allar ástæður frá almennu sjónarmiði í nefndarálitinu, og sem að öllu leyti eru samkvæmar eðlilegum hugsunarhætti þjóðarinnar.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Mjer gleymdist að taka það fram, að þar sem talað er í tillögu nefndarinnar um sameining hinna núverandi búnaðarskóla, þá er það undir áliti landsstjórnarinnar og hlutaðeigandi amtsráðs komið, hvort þessir núverandi búnaðarskólar verða sameinaðir í einn eða tvo skóla, og hvort þessir sem nú eru verða að eins hjeraðsstofnanir, eins og bent er á í nefndarálitinu.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. í e. hlj. og send Ed.

Tillaga til þingsályktunar um telegraf (C. 383, 441); síðari umr.

Flutningsm. (Jens Pálsson): Jeg tók það fram við fyrri umræðu þessa máls, hve þýðingarmikið það væri, að frjettaþráður yrði lagður til Islands, eigi að eins fyrir þetta land, heldur og allan hinn menntaða heim. Jeg skal því ekki fara orðum um það nú, en að eins geta þess, að breyt.till. er gjörð í því skyni, að betur kæmi fram í till. meining okkar flutningsmanna, nefnil. sú, að ráðgjafinn vildi taka þetta mál að sjer, og bera það fram. Okkur þótti orðin í tillögunni of ákveðin; h. þingd. tók málinu vel við fyrri umr.; vonast jeg því til, að hún einnig taki því vel nú. Jeg hef svo eigi fleira fram að taka nú, annað en það, að það væri

mjög æskilegt, og að jeg leyfi mjer að óska þess, að hæstv. landsh. mætti þóknast að láta í ljósi álit sitt um till. þessa, og hvort hún mundi geta, eins og hún nú er borin fram, orðið tekin til greina hjá hæstv. stjórn.

Landshöfðingi: Jeg fyrir mitt leyti, get ekkert sagt um, hvernig þessu máli verður tekið. Það sem jeg get gjört og gjöri í þessu tilliti, er ekkert annað en það, að senda ráðgjafa Íslands þessa áskorun, og það er ekki hann sem ræður úrslitunum, heldur er það utanríkisráðgjafinn í Danmörku, sem það bæri undir að semja um málið við stjórnirnar í þeim löndum, sem hlut eiga að máli. Það liggur því í augum uppi, að hvorki jeg nje ráðgjafinn, nje neinn annar maður getur nú sem stendur haft nokkra hugmynd um, hvort þessi tillaga muni hafa nokkurn árangur.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Mjer þótti mjög vænt um að heyra ummæli hæstv. landsh. í þessu máli, því eptir því sem mjer skildist, mun hann ekki hafa neitt á móti, að þessi tillaga sje borin fram. Jeg er honum því þakklátur fyrir hönd okkar flutningsmanna, og vona, að eins og hann tók vel undir, að koma tillögunni á framfæri, að sínu leyti, eins mun ráðgjafi Íslands taka málinu vel, og veita því þann styrk, sem unnt er, hjá hæstv. stjórn.— Já, jeg lýsi yfir því fullu trausti mínu til stjórnarinnar, að hún muni verða þessu mikilsverða máli hlynnt.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 441) samþ. með 16 atkv. Tillagan þannig breytt samþ. með 18 atkv. og afgreidd til landshöfðingja.

Tillaga til þingsályktunar um brúargæzlu við Ölvesárbrúna (C. 438); ein umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Við höfum leyft okkur að koma fram með þessa þingsályktunartillögu, sem hjer liggur fyrir. Það vill nú svo vel til, að þetta mál hefur verið rætt bæði manna á milli og í blöðunum, svo það eru öll líkindi til að menn sjeu búnir að átta sig á, hvort þeir vilja að brúin sje látin eiga sig eptirlitslaus, eða hvort þeim þykir nauðsyn til bera, að láta gæta hennar. Jeg býst nú við að h. þingdeild þyki eigi eins fangt farið hjer í tillögunni og vera ætti.

Jeg býst við því, að margir hjer í deildinni hefðu heldur óskað, að frumv. hefði komið fram um það, að leggja toll á brúna og setja við hana trygga gæzlu, sem meiru hefði þurft til að kosta. Á þessari skoðun var jeg og samþingismaður minn 1887, og því fluttum við frumv. þess efnis, en það var fellt með öllum atkvæðum móti 2. Þrátt fyrir það hefðum við nú flutt slíkt frumv. aptur, ef tíminn væri ekki orðinn of naumur. Það verður að bíða næsta þings, úr því sem komið er, og úr því, sem komið er, sje jeg ekki, að annað verði gert en að þingið skori á landsstjórnina að koma á þannig lagaðri gæzlu, að reistar verði skorður við að brúnni verði misboðið á næstu 2 árum, og þótt eigi sje sjerstaklega veitt fje til þess, þá vona jeg að landsstjórnin sjái ráð til að borga þessa gæzlu í 2 ár, sem eigi getur orðið dýr. Jeg vona því að deildin samþykki þessa tillögu.

Skúli Thoroddsen: Jeg vil geta þess, hvað tillögu þessa snertir, að jeg er samdóma h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) um, að nauðsynlegt sje, að hafa gæzlu við brúna, en jeg verð að játa það, að mjer kemur undarlega fyrir, að h. þingm. K.-G. (J. Þ.) skuli flytja þessa tillögu, þar sem hann varð fyrstur til að standa upp í gær, til þess að mótmæla annari tillögu, þingsályktunartillögunni um telephóna, af því að sú tillaga gerði

eigi ráð fyrir, hvernig kostnaðurinn skyldi greiðast. Mjer finnst h. þingm. K.-G. (J. Þ.) með þessu gjöra sig sekan í dálitilli ósamkvæmni, því að hjer er eigi heldur gjört ráð fyrir, hvernig kostnaðinn skuli greiða. Auk þess finnst mjer till. harla ónákvæm, þar sem ekkert er talað um, í hvaða átt gæzlan skuli ganga; það sjest ekki, hvort meiningin er að hafa sjerstakan brúarvörð eða yfir höfuð í hverju að gæzlan skuli vera fólgin. Jeg skal því leyfa mjer að óska nákvæmari skýringa um þetta efni frá h. flutningsm., þm. K.-G. (J. Þ.).

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Jeg skal leyfa mjer að svara h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.). Með þessari till. er alls eigi meiningin að settur verði sjerstakur brúarvörður til að gæta brúarinnar, heldur er meiningin sú, að landsstjórnin sæi um, þegar umferð er sem mest, að eigi verði farið óþyrmilega með brúna, og ef smá-skemmdir verða á henni, svo sem ef mála þarf, að þá verði það sem fyrst endurbætt. Jeg veit að þannig löguð gæzla mundi alls eigi verða fullnægjandi til frambúðar, en brúin þarf líklega eigi eins stöðugt eptirlit nú, fyrstu árin eptir að hún er byggð, eins og síðar þegar hún fer að slitna.

Skúli Thoroddsen: Jeg vil geta þess, að í þingsályktunartill. stendur, að alþingi skori á landsstjórnina að hlutast til um, að nægilega trygg gæzla verði sett við Ölvesárbrúna; þetta skildist mjer h. flutningsm. (J. Þ.) skýra svo, að það ætti að láta einhvern ferðalang skreppa austur að brúnni við og við. *(J. Þór.:* Nei). Jú, að minnsta kosti bentu orð h. þm. K.-G. (J. Þ.) eitthvað í þá áttina. Mjer virtust annars orð hans bera vott um, að flutningsmönnum væri eigi ljóst, eða að þeir hefðu eigi gert sjer neina glöggva hugmynd um, hvernig þessari gæzlu skyldi haga. Jeg hygg því að þetta mál mætti og gjarnan bíða til næsta þings; þá mætti semja ákveðnar reglur um brúargæzluna, en nú er þingtíminn orðinn of naumur til þess. Jeg er og sammála h. 2. þingm. K.-G. (J. Þ.) um það, að brúin muni ekki þurfa mikið viðhald 2 fyrstu árin, og því finnst mjer það eigi skipta miklu, hvort þingsályktunartillaga þessi er samþykkt eða felld.

Sigurður Stefánsson: Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett að fella tillögu þessa, því að það verður þó hver að játa, að hún getur eigi skaðað. Viðvíkjandi því, hvað við meintum með, að koma með þessa áskorun til landsstjórnarinnar, þá höfðum við ímyndað okkur, að gæzlan gæti verið innifalin í því, að t. d. bóndanum á Selfossi, sem er skammt frá brúnni, væri falin gæzlan á hendur. Jeg tel það illa farið, að lög hafa eigi verið samin um þetta efni nú á þessu þingi, en jeg vona að landsstjórnin taki þessa tillögu til greina, eptir því sem við á, ef hún verður samþykkt, og það er þá sjálfsagt, að þingið verður að láta sjer lynda það sem hún gjörir. Hvað kostnaðinn snertir, þá er engin ósamkvæmni hjá mjer, því jeg greiddi atkvæði fyrir tillögunni í gær, og það er svo sem auðvitað, að fje þarf til að framkvæma gæzluna, sem svo yrði að samþykkjast á fjáraukalögum.

Jeg álít það væri æskilegt að stjórnin legði fyrir þing lög um brúargæzlu næst, þegar það kemur saman, og mikið heppilegra en að þau kæmu frá einstökum þingmönnum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla ekki að tala í þessu máli, eins og það liggur hjer fyrir; jeg hefi áður látið í ljósi álit mitt um brúartoll, en alls ekki verið á móti gæzlu, en annað mál er, hvernig henni yrði hagað. Jeg hygg

að þó þessi þingsályktunartillaga hefði ekki komið fram, þá mundi landsstjórnin eigi að síður hafa sett einhverjar reglur um not á brúnni og gæzlu hennar.

Annað mál er það hvort settur væri brúartollur; það liggur ekki fyrir og skal jeg ekki fara út í það að þessu sinni. Mjer virðist það mjög æskilegt, ef hæstv. landsh. vildi láta í ljósi álit sitt um þetta, og hvort hann hafi ekki hugsað sjer að hlutast til um gæzlu á brúnni, t. d. með aðstoð sýslumannsins í Árnessýslu, sem býr nærri brúnni. Áður en málinu væri ráðið til lykta, álít jeg heppilegt og jafnvel sjálfsagt, að það væri borið undir hlutaðeigandi sýslunefndir og amtsráð, þar eð viðkomandi hjerað og amt leggja að nokkru leyti fje til brúarinnar.

Landshöfðingi: Jeg skal gjarnan taka það fram, þó jeg reyndar álíti það óþarft, að hvort sem tillaga þessi hefði verið borin upp hjer í deildinni eða ekki, og hvort sem hún verður samþykkt eða ekki, þá mun landsstjórnin álíta sjer skylt að sjá um nauðsynlega gæzlu á brúnni, það er að segja þá gæzlu, sem ekki bakar landssjóði tilfinnanlegan kostnað. Jeg hugsa mjer að fyrst um sinn gæti sýslumaður haft stöðugar gætur á henni að því leyti, að hann sæi um, að undir eins og eitthvað skemmdist, væri gert við það, og enn fremur, að stöðugt og áreiðanlegt eptirlit væri haft með umferðinni um brúna á sumrin og haustin, þegar stóð er rekið yfir hana til útflutnings eða fje til sölu.

Mjer getur ekki skilizt, að brúnni geti verið hætta búin af hinni daglegu umferð, af lausríðandi mönnum og venjulegum lestum, enda væri brúin þá ekki svo trygg, sem allir segja, sem hafa með hana að gera. Jeg get ekki haldið að menn fari að reyna að skemma brúna af illvilja eða strákskap, enda mundi það erfitt að girða fyrir þess konar.

Jeg tek það enn fram, að hvort sem tillagan verður samþykkt eða ekki, mun sýslumanninum í Árnessýslu falið á hendur að hafa eptirlit með smáskemmdum á brúnni og að annast um nauðsynlegt viðhald á henni, og enn fremur sjeð um, að maður sje allt af við brúna, þegar stórir fjár- og hestarekstar fara um hana. Það verður ekki meiri kostnaður en svo, að hann megi borga af vegabótafje, eins og líka full heimild virðist vera til þess, að greiða þann kostnað af fjárveitingunni til aðalpóstvega, eins og kostnað til viðhalds á sjálfum vegunum.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Það gleður mig, að hæstv. landsh. tók svo vel undir þetta mál, en jeg get þó ekki neitað því, að mjer finnst munur á því að borga af vegabótafje viðhald á vegum og gæzlu á brúm. Jeg álít því að það væri nauðsynlegt, að fá yfirlýsing þingsins um þetta, því að þá er ekki hægt að segja eptir á, að landsstjórnin hafi ekki haft heimild til þess sem hún gerir.

Út úr því sem h. 1. þingm. Eyf. (Sk. Th.) tók fram, að það væri ósamkvæmni með framkomu mína í dag og í tillögunni um telefóna í gær, þá skal jeg benda honum á, að þetta er misskilningur, því að hans tillaga um telefóna var stíluð einungis frá neðri deild. Þessi þar á móti frá þinginu í heild sinni. Hjer þarf þess vegna ekki sjerstaka fjárveitingu. Stjórnin hefur samkvæmt tillögunni — ef hún verður samþykkt — heimild til að greiða það fje sem þarf til að framfylgja ákvæðum hennar.

Áður en gengið er til atkvæða skal

jeg leyfa mjer að gera þá athugasemd, að jeg vona að tillagan verði ekki felld; ef hún verður felld, þá er ómögulegt að skilja það öðru vísi, en að þingið vilji enga brúargæzlu hafa á þessu fjárhagstímabili, því þó að hæstv. landsh. hafi lýst því yfir, að hann vilji hafa gæzlu, þá snertir það einungis þá gæzlu, sem lítið kostar og getur gengið, þegar ekkert sjerlegt kemur fyrir, en þegar svo fer, er nauðsynlegt að þingið úttali sig. Jeg vona að h. þingd. kjósi fremur þann kostinn að samþykkja tillögu þessa, heldur en að láta sjer nægja með að segja, að hún treysti stjórninni til að gera það, sem þingið sjálft vill gera láta.

Árni Jónsson: Jeg vil gera grein fyrir atkvæði mínu, af því mjer skildist h. flutningsm. (J. Þ.) taka það svo ó-stinnt upp, ef tillagan væri felld, og vildi leggja þann skilning, í að menn vildu þá enga gæzlu hafa. Það er langt frá því. Jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg bjóst við því áður en þessi þingsályktunartillaga kom fram, að landsstjórnin mundi sjá fyrir brúargæzlu, og eptir yfirlýsingu hæstv. landsh. nú sje jeg ekki ástæðu fyrir þingið til að fara lengra út í þetta. Hæstv. landsh. gerði ráð fyrir hinni sömu umsjón og flutningsm. (J. Þ.) virðist hafa hugsað sjer. Þar með álít jeg að tilgangi þingsályktunartillögunnar sje náð, og hún sje því orðin óþörf.

Jens Pálsson: Það má segja það um tillögu þessa, að hún er borin fram í bezta tilgangi og af umhyggju fyrir þessu stórvirki, sem vjer erum nú að koma á stofn, en samkvæmt yfirlýsingu hæstv. landsh. finnst mjer tillagan nú óþörf. Jeg kynni því bezt við að flutningsmenn hjeldu tillögunni ekki til streitu, þar sem þeir nú sjá, að það er víst, sem þeir hafa farið fram á. Tillagan getur einmitt verið dálítið athugaverð, þar sem hana má skilja þannig, að þingið með því að samþykkja hana, láti í ljósi ákveðna stefnu í brúarmálinu, og hallist að því, að hafa engan toll á brúnni; þegar svona er langt liðið á þingtímann vildi jeg óska að þingið ljeti enga skoðun í ljósi í þá stefnu, því fremur sem það er mikið álitamál, hvort heppilegt sje að brúa stórar ár án þess, að leggja toll á. Það er mín skoðun, að að því hljóti einhvern tíma að reka, að lagður verði vægur tollur á slíkar býr; enda gæti það orðið því til tálma, að þingið legði fram fje til brúargerða, ef enginn tollur væri og engin von um fje til viðhalds nema úr landssjóði. Jeg álít mjög mikla hagsbót að brúm sem Ölfusárbrúnni, þó að lagður væri á þær lítill tollur, t. d. helmingur af ferjugjaldinu nú. Menn væru þó lausir við þá töf, hrakninga og hættu fyrir skepnurnar, sem menn verða nú að sætta sig við, og spöruðu auk þess $^1/_2$ ferjugjaldsins.

Mjer virðist þessi stefna alveg samkvæm því, að styrkja gufubátsferðir. Þeir sem nota þær, verða ætíð að borga afnotin.

Jeg skal að endingu minnast á orðalag tillögunnar. Þar er talað um nægilega trygga gæzlu, en þetta er mikið álitamál; en þar hæstv. landsh. hafði hugsað sjer gæzlu, sem ekki hefði neinn verulegan kostnað í för með sjer, þá hygg jeg að svona orðatiltæki mundi herða á landsstjórninni, að hafa kostnaðarmeiri gæzlu en hæstv. landsh. hefir hugsað sjer. Jeg vil loks skjóta því til h. flutn.m., hvort þeir sjeu ekki ánægðir með yfirlýsingu hæstv. landsh. og hvort þeir vilji ekki taka tillöguna aptur.

Sigurður Stefánsson: Það var ekki meining mín sem flutningsmanns tillögunnar, að slá nokkru föstu með Ölfusárbrúna; fyrir mjer var að eins um það að gjöra, að brúarinnar yrði gætt forsvaranlega, þangað til næsta þing kemur saman, því að jeg gjöri ekki ráð fyrir að mörg þing komi saman, sem láti sig eins litlu skipta það mál og þetta þing hefir gjört. Jeg býst við að þegar á næsta þingi verði samin lög um brúargæzlu. Jeg sje ekki að þessi tillaga sje þarflaus, þrátt fyrir yfirlýsing hæstv. landsh., og jeg sje ekki heldur að hún geti verið skaðleg fyrir brúamál vor; hjer er engu slegið föstu öðru en því, að þingið vilji ekki hafa brúna gæzlulausa; næsta þing hefir alveg frjálsar hendur að gjöra hvað sem því sýnist. Það getur auðvitað verið álitamál, hvað skoða megi nægilega trygga gæzlu, en nú hefir hæstv. landsh. lýst því yfir, hverja gæzlu hann álíti nægilega í bráð, og eptir þeirri yfirlýsing þarf þingið naumast að óttast að meira fje verði varið til gæzlunnar en góðu hófi gegnir. Jeg finn fyrir mitt leyti enga ástæðu til að taka tillöguna aptur, þótt jeg að vísu geri hana að engu kappsmáli. Hæstv. landsh. tók það fram, að gæzlukostnaðinn mætti taka af vegabótafjenu, en þó jeg sje á líkri skoðun og h. þm. G.-K. (J. Þ.) um það, þá mun jeg ekki hefja deilur út af því atriði. Að eins vil jeg, að þingið láti brúargæzluna ekki afskiptalausa. En það þykir mjer skrítin ástæða, ef fella skyldi tillöguna eða taka hana aptur af því, að hœstv. landsh. tók vel undir hana.

Jón Jónsson (þm. N.-M.): Það er sjálfsagt meiningin með tillögu þessa, að fá trygga gæzlu á Ölfusárbrúnni eptir að hún er fullgjörð og afhent; sú meining er nú eflaust góð, að þessi hin fyrsta stórbrú vor sje sem bezt tryggð fyrir skemmdum. En eptir að jeg hef heyrt yfirlýsing hæstv. landsh. um það, hver afskipti landsstjórnin muni hafa af gæzlu brúarinnar, þá get jeg ekki greitt atkvæði með þessari tillögu, því að mjer virðist, að ef vjer samþykkjum þessa tillögu, þá sje það vottur um það, að vjer sjeum ekki ánægðir með þá gæzlu, sem hæstv. landsh. gjörði ráð fyrir, að höfð mundi verða á brúnni. En jeg lýsi því yfir, að jeg — og svo mun vera um fleiri h. þingdm. — er ánægður með hana í bráð, fyrst ekkert lagafrv. hefir komið hjer fram á þingi um að tolla brúna eða um neina nákvæmari gæzlu á henni.

Jónas Jónassen: Mjer er það alveg óskiljanlegt, hvað h. þm. gengur til að mótmæla þessari tillögu. Það væri undarlegt, ef alþingi ljeti ekki í ljósi sama árið og þessi stóra brú er fullgjörð, að því væri annt um hana. Alþingi hefir varið 60—70,000 kr. til að koma upp þessu mikla mannvirki, og þá mætti það merkilegt heita, ef það neitaði að vilja hirða nokkuð um það. *(Margir:* Misskilningur). Nei, því að jeg skil ekki í öðru, en að þingið bæði geti og eigi að bera fram áskorun til landsstjórnarinnar um að sjá um brúna, þrátt fyrir það þótt hæstv. landsh. hafi lýst því yfir, að hún muni annast gæzlu á brúnni; þá hefir þingið gjört skyldu sina, hvernig sem fara kann. Þegar jeg sá þessa tillögu, datt mjer ekki annað í hug, en að hún mundi orðalaust verða samþykkt. Þegar alþingishúsið var byggt, þótti sjálfsagt að hafa þegar gæzlu á því, eptir að það var fullgjört. Jeg man að vísu ekki, hvernig þeirri gæzlu var hagað, en jeg er sannfærður um, að allir þáverandi alþingismenn hafi verið samhuga um, að þess væri gætt, þegar

er það væri fullgjört, og eins ætti að vera með brúna. Það er mesti misskilningur að vilja ekki hafa nákvæma gæzlu á henni (*Á. J.*: Yfirlýsing landsh.). Hvað skaðar það, þrátt fyrir hana, þótt þingið sýni að því sje annt um brúna? (*Á. J.*: Það lýsir vantrausti); hvað sem h. þm. segir, álít jeg það vanvirðu fyrir þingið, ef það lætur ekki með einu orði í ljósi umhyggju sína fyrir brúnni.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): H. þm. Dal. (J. P.) tók það fram, að með tilsögn þessari væru bundnar hendur á komandi þingum, ef hún væri samþ.

H. þm. Ísf. (S. St.) hefir svarað þessu, svo að jeg þarf þar engu við að bæta; en viðvíkjandi því, er h. þm. (J. P.) skoraði á okkur að taka till. aptur, þá get jeg ekki orðið við þeim tilmælum hans. Ef það á fyrir henni að liggja, að fara í sömu gröfina og till. um telephóninn í gær, þá verður það svo að vera; h. deild gerir út um það. En verði till. samþykkt í þessari deild, þá er jeg líka viss um, að hún verður samþykkt í hinni deildinni; og með því hefir þó þingið látið þau orð fara frá sjer, er sýna, að því sje annt um að varðveita þessa fyrstu stórbrú landsins.

Jens Pálsson: Jeg verð að bera aptur það sem h. þm. G. K. (J. Þ.) sagði, að jeg hefði talið hættulegt að samþykkja þessa till.; það sagði jeg ekki, heldur að það væri athugavert fyrir framtíðina, af því að svo mætti skiljast, að hjer væri tekin ákveðin stefna, sú stefna, að láta sjer nægja með svipaða gæzlu og till. fer fram á. En að öðru leyti skoraði jeg á h. flutningsmenn að taka till. aptur, einmitt af því að mjer er annt um hana, og vil ekki láta það koma fyrir, að hún falli; en mjer datt í hug að svo gæti þó farið. Jeg er líka viss um, að hún er sprottin af umhyggju fyrir brúnni og góðri meðferð á henni. En þótt efnið í till. sje gott, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að hún sje óþörf nú, eptir að hæstv. landsh. hefir lýst því yfir, að landsstjórnin muni gera nauðsynlegar ráðstafanir viðvíkjandi brúargæzlunni, muni gera hið sama sem till. fer fram á. Jeg hef ekki einu sinni lýst því yfir, að jeg mundi greiða atkvæði móti till.; en eins og jeg sagði áðan, þá var það einmitt af því, að mjer var annt um að hún fjelli ekki, að jeg mæltist til þess við h. flutningsmenn, að þeir tækju hana aptur.

Jón Jónsson, þm. N.-M.: H. þm. Rvík (J. J.) sagði, að það væri sprottið af misskilningi fyrir okkur að vera á móti till.; en jeg hef ekki getað sannfærzt af ræðu h. þm. Rvík (J. J.) um, að hjer sje um misskilning að ræða. Jeg held hann hafi ekki gætt þess, að till. fer að eins fram á, að nægilega trygg gæzla sje höfð á brúnni.

Nú hefir hæstv. landsh. lýst því yfir, að hann muni hlutast til um þetta, og það hefir enginn h. þingdm. lýst því yfir, að hann væri óánægður með þá tilhögun, sem hæstv. landsh. bjóst við að höfð mundi vera á brúargæzlunni. Þegar tilgangi till. er náð, þeim tilgangi að landsstjórnin annaðist tryggilega gæzlu á brúnni, þá væri það hreint og beint að lýsa vantrausti þingsins á aðgjörðum og loforðum landsstjórnarinnar, að koma nú með þessa till., og mjer finnst engu minni trygging í því fólgin, að hæstv. landsh. hefir skýrt frá því, að hann ótilkvaddur mundi hafa hlutazt til um brúargæzluna, en þó að vjer samþykkjum þessa till.

Jón Jónsson, þm. N.-Þ.: H. 1. þm. Ísf. (S. St.) lýsti ánægju sinni yfir undirtektum hæstv. landsh. við þessa þingsál.till. Mjer skildist hæstv. landsh. þvert

á móti taka henni óþægilega. Hann sagði, að hvort sem till. yrði samþykkt eða ekki, þá hefði hann ákveðið að við hafa hinar sömu ráðstafanir, sem í henni stæði, eða með öðrum orðum, að hann tæki ekkert tillit til hennar.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) kvaðst ekki kunna við það, að þingið ljeti ekkert orð frá sjer fara um Ölvesárbrúna, þegði um hana, eins og það ætti hana ekki. En ef þessi till., er hjer liggur fyrir, verður samþykkt, er jeg hræddur um, að sá skilningur kunni að verða lagður í það, að þingið hafi með því tekið þá stefnu, að láta landssjóð um aldur og ævi kosta brúargæzlu, án þess að þeir, sem nota brúna, þurfi nokkru að kosta til. Jeg get af þessari ástæðu ekki gefið þessari þingsál.till. atkvæði mitt, því ef h. deild samþykkti hana, þá lægi í því sú yfirlýsing frá henni, að landssjóði bæri að kosta brúargæzluna.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Hin eina ástæða, sem menn hafa komið fram með gegn þessari þingsál.till., er sú, að hæstv. landsh. lýsti yfir því, að hvort sem till. þessi hefði komið fram eða eigi, þá hefði hann ætlað sjer að fela sýslumanni Árnessýslu á hendur eða einhverjum öðrum að annast umsjón Ölvesárbrúarinnar. Það geta komið mörg tilfelli fyrir, sem gera landsh. það ómögulegt, að koma þessari ætlun sinni fram. Hann getur t. a. m. dáið, og það strax í kveld. Þetta er líka að eins persónuleg yfirlýsing frá honum, og því engin ástæða fyrir þingið, til þess að láta eigi álit sitt í ljósi.

H. þm. N.-Þing. (J. J.) sagðist álíta undirtektir hæstv. landsh. ófullnægjandi, en einmitt það ætti að vera ein ástæða fyrir þingið til þess að samþykkja þessa till.

Jeg hugsaði að umræðurnar um þetta mál mundu fara í aðra átt en þær nú hafa farið, en þar sem ekki hefir verið um annað talað en það, hvort till. væri þörf eða óþörf, en engin ástæða komið fyrir því, að hún væri óþörf, þá finnst mjer engin ástæða fyrir h. deild að fella hana. Það hefir svo marga kosti, að þingið samþykki gæzlu á brúnni eða skipi svo fyrir, að hún skuli vera, þrátt fyrir það, að landsh. kveður sig fúsan til að setja einhverja gæzlu án tilhlutunar þingsins.

Árni Jónsson: Jeg get eigi betur sjeð, en að í till. standi, að landsh. skuli setja nægilega gæzlu við Ölvesárbrúna, og þegar hann nú hefir lýst yfir því, að hann ætli sjer að setja hana, þá virðist mjer það vera nægilegt, og till. því, eins og jeg áður sagði, óþörf.

Ólafur Ólafsson: Af því að það á að viðhafa nafnakall við atkvæðagreiðsluna um þessa þingsál.till., þá vil jeg lýsa yfir því, að jeg greiði atkvæði á móti henni, þótt jeg í sjálfu sjer sje ekki á móti því, að viðhafa gæzlu á brúnni, því eptir því, sem hæstv. landsh. lýsti yfir, þá verður gæzlan viðhöfð hvort sem er.

Ólafur Briem: Jeg vil leyfa mjer að gera stutta grein fyrir mínu atkvæði í þessu máli.

Menn hafa komið með þá ástæðu móti þessari till., að ef hún yrði samþykkt, þá væri þar með slegið föstu, að allur kostnaður við gæzlu Ölvesárbrúarinnar ætti að lenda á landssjóði, hversu mikill sem verða kynni. Jeg fyrir mitt leyti get ekki lagt þann skilning í þessa till., og verð að álíta, að þó nú kostnaður sje til bráðabirgða greiddur úr landssjóði, þá liggi það opið fyrir næsta alþingi, að semja lög um brúargæzluna og greiðslu kostnaðarins, er

þar af leiðir, t. d. með brúartolli. Jeg hika því ekki við að samþykkja till.

ATKVÆÐAGR.: Till. felld með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk flutningsm. (J. Þ.) o. fl., og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
G. Halldórsson,	Árni Jónsson,
Indriði Einarsson,	Bened. Sveinsson,
Jens Pálsson,	J. Jónss., þm. N.-M.,
Jón Þórarinsson,	J. Jónsson, þm. N. Þ.,
Jónas Jónassen,	Lárus Halldórsson,
Ólafur Briem,	Ólafur Ólafsson,
Sig. Gunnarsson,	Ólafur Pálsson,
Sig. Stefánsson,	Páll Briem,
Þorl. Guðmundsson.	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Eiríksson,
	Þorv. Kjerúlf.

Tillaga til þingsályktunar um Skúmstaðaós (C. 441); ein umr.

Flutningsmaður (Þorl. Guðmundsson): Jeg veit, að öllum h. þingdm. er það kunnugt af sögunni, bæði að fornu og nýju, hvernig höfnin á Eyrarbakka er, og hver nauðsyn er til að hún sje endurbætt, þar sem 2 stórar og mannmargar sýslur eiga að sækja þangað mestallar sínar nauðsynjar. Mörgum er það einnig ljóst af máli því, sem nýlega hefir dæmt verið í hæstarjetti, þar sem höfnin er dæmd stórkaupmanni Lefolii til algjörðra afnota, sem eiganda verzlunarlóðarinnar og landeignarinnar fyrir höfninni. Þrátt fyrir lögin um útmælingu verzlunarlóðar í kaupstöðum frá 13. marz næstl., er þó ástandið engan veginn betra, heldur en áður var, jafnvel verra; þar sem Lefolii eða fyrri verzlunareigendum höfðu áður dugað 2 festar, þá hefir hann nú sett niður 4, og er þá eigi pláss fyrir fleiri.

Þegar lög þessi höfðu gengið í gildi í fyrra mánuði, þá krafðist kaupm. Guðmundur Ísleifsson þess af sýslumanni, að hann samkvæmt lögum frá 13. marz þ. á. útvísaði sjer pláss til að leggja niður festar á höfninni, en þá var Lefolii nýbúinn að upp taka allt pláss, sem tiltækilegt var að brúka, svo ekki var mögulegt að leggja þar niður fleiri festar. Þeir verða því að róa skipum inn á þá svo kölluðu austurhöfn, þá sjaldan að það er tiltækilegt, en opt verða skipin að leggjast langt fyrir utan allt, sem kostar þá jafnvel 3—500 kr. að ná úr þeim vörunum, fram yfir það, ef þeir væru á höfninni. Þar á ofan bætist það stórtjón, að vörurnar ekki nást upp í tíma, til að geta verzlað með þær og afgreitt sína viðskiptamenn.

Eins og það er ljóst, að það er nauðsynlegt og áríðandi fyrir Árnesinga og Rangæinga, og jafnvel Vestur-Skaptfellinga, að verzlunarkeppni sje á Eyrarbakka, eins og á hverjum öðrum stað, eins er það ljóst, að meðan ástandið er eins og nú, þá getur enginn kaupmaður þrifizt þar, hvort sem hann er ríkur eða ekki — nema þessi einn, sem, eins og nú er ástatt, bæði getur og gerir að halda öllu í járnklóm, og gera öðrum kaupmönnum ómögulegt að þrífast við hlið sjer.

Jeg vona, að h. heild sje því meðmæld, að láta skoða skerin og gera áætlun yfir kostnaðinn við að sprengja þau burtu, svo að það sjáist fyrir það fyrsta, hvort það muni frá kostnaðarins hlið vera tiltækilegt. Og þess vegna hef jeg leyft mjer að koma fram með þessa þingsál.till., til þess að reyna að bæta úr þeim miklu vanhögum, sem hjer eiga sjer stað, hvað verzlunina áhrærir á Eyrarbakka, og sem að mestu leyti stafar frá hinu núverandi ástandi með höfnina.

Skúli Thoroddsen: Mjer finnst þessi þingsál.till. svo þýðingarmikil, að h. deild ætti ekki að hrapa að henni, án þess að mönnum sjeu hin einstöku atriði máls þessa nægilega ljós. Jeg fyrir mitt leyti fjekk eigi nægilegar upplýsingar hjá h. flutningsm. (Þ. G.) um það, hvort skerin væru privat-eign, eða hvort eigendurnir hafa farið þess á leit, að skerin væru sprengd burtu, eða hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að láta lóð af hendi, til þess að leggja festarnar niður á. En af því að jeg veit, að málefni þetta getur haft mjög mikla þýðingu fyrir fjölmenn byggðarlög, sem hafa átt og eiga enn við allþungbær verzlunarkjör að búa, þá vil jeg gjarnan styðja það með atkvæði mínu, þegar jeg hefi fengið nákvæmari og meira fullnægjandi upplýsingar frá h. flutningsm. (Þ. G.).

Flutningsm. (*Þorlákur Guðmundsson*): Jeg skal geta þess, út af ræðu h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.), að það er vitaskuld að Lefolii á skerin, en viðvíkjandi því, að tilraun hafi verðið gjörð til að taka skerin, þá hefir það verið gjört. Guðmundur Ísleifsson, kaupmaður á Eyrarbakka, krafðist þess af sýslumanni, að einar festarnar, þær sem síðast höfðu verið lagðar, væru teknar af Lefolii, en sýslumaður treystist ekki til þess, jafnvel þótt þær auðsjáanlega eigi væru lagðar niður til annars en að varna öðrum þess, að leggja festar niður.

Það hefir vitaskuld nokkra þýðingu, að skerin eru annara eign, en hjer er að eins farið fram á, að skoða þau, og það út af fyrir sig virðist ekki að vera neitt eignarrán, þó það sje gjört. Mjer væri það óskiljanlegt, ef Lefolii meinaði, að skerin væru skoðuð.

Viðvíkjandi því, hvort nokkur beiðni hafi komið frá þessum kaupmönnum, skal jeg geta þess, að þeir hafa skrifað okkur þingmönnum Árnesinga, og beðið okkur að koma fram með lagaboð um það, að höfnin væri gjörð frjáls, og í vor kom það fram á þingmálafundi, og lýsti fundurinn því yfir, að hann áliti, að allar hafnir á landinu ættu að vera frjálsar. Það þekkja allir þörfina, sem ber til þessa, og það mun líka óvíða eins ástatt og jafnvel hvergi á landinu eins og á Eyrarbakka.

Jeg skal geta þess, að þegar okkur bárust þessi úrslit málsins um útvísun til festa, þá var orðið svo áliðið þings, að eigi var hægt, að koma fram með mál þetta í lagaformi. Einnig var tíminn of naumur til þess að koma með nægar upplýsingar, en auðsjáanlega ekki mikil hyggindi í, að flytja slíkt mál, án þess að hafa allar mögulegar upplýsingar, því að kapp er bezt með forsjá.

Jens Pálsson: Jeg álít þetta mál vandasamt, og einkum óttast jeg að h. þingd. sje það eigi ljóst. Til þess að geta áttað sig á því, þarf nokkra staðarlega þekkingu, og hefði verið nauðsynlegt að fá kort yfir þetta umrædda svæði. Jeg veit eigi betur, en að lón það, sem er hjer fyrir innan hin umræddu sker, sje að eins 6 fet á dýpt, og er nauðsynlegt að kynna sjer. hvort það geti orðið notað sem höfn. Jeg vil því skjóta því til h. forseta og flutningsm. hvort eigi mætti taka málið út af dagsskrá til morguns.

Páll Briem: Mjer finnst ekkert vandamál að samþykkja þessa tillögu. Allir vita, hvað höfnin á Eyrarbakka er þýðingarmikil, og hjer er spurning um, hvort hægt sje að fá lægi fyrir 5—6 skip, auk þeirra, sem nú geta legið þar. Dýpt í eystra lóninu er um stórstraumsfjöru ei meir en 5—6 fet, en botninn er ægisandur, svo skip geta vel legið þar, þótt þau taki botn endr-

um og sinnum; skipum hefir verið lagt þar inn um stórstraumsflóð, en ef gert væri við Skúmstaðaós, þá mætti leggja skipum þangað inn einnig á öðrum tímum. Það gat verið umtalsmál að taka festarnar með »expropriation« af kaupmanninum, sem á þær og getur orðið, en ef tækist að sprengja þessi sker, þá væri þessu máli hrundið í lag á heppilegastan hátt. Af því Eyrarbakkahöfn er svo merkileg höfn, hefir hún verið mæld nákvæmlega, og eptir uppdráttum af henni hefir verið gjörð áætlun um, að kostnaðurinn við að sprengja þessi sker mundi verða 8—9000 kr. Það sem hjer er farið fram á er, að vegfræðingur skoði skerin, ef hann fer um Eyrarbakka, til þess áreiðanleg vissa fáist um, hvort kostnaðurinn yrði eigi meiri. Jeg er viss um, að kosti það eigi meira, þá verður einhver eða einhverjir til þess, að leggja þann kostnað fram. Það er þýðingarmest og bezt, að bæta höfnina á þennan hátt, og jeg sje eigi hvað getur verið á móti því, að landstjórnin láti vegfræðinginn skoða skerin.

Flutningsm. (Þorlákur Guðmundsson): Af því jeg get vel skilið, að mönnum sje þetta mál óljóst, og jeg heyri að þingm. vilja því vel, þá skal jeg ganga inn á þá uppástungu, sem h. þm. Dal. (J. P.) kom með, að umræðum um málið verði frestað til morguns, ef að forseti vill ganga inn á það, að svo sje gjört.

Forseti frestaði málinu.

Kosning gæzlustjóra Landsbankans.

Prestaskólakennari *Eiríkur Briem* var kosinn með 16 atkv.

Kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðsins.

Adjunkt Björn Jensson var kosinn með 17 atkv.

Fertugasti og fjórði fundur,

föstudag 21. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um iðnaðarnám (C. 231, 388); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefnd. (C. 388) við 1. gr. samþ. án atkv.

1. gr. frumv. með breyt. samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. við 2. gr. 2. tölul. samþ. án atkv.

Breyt.till. við 2. gr. (nýr tölul. 4.) felld með 12 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Benedikt Sveinss.,	Páll Ólafsson,
Gunnar Halldórss.,	Sigurður Jensson,
Jens Pálsson,	Árni Jónsson,
Ólafur Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Páll Briem,	Indriði Einarsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Sigurður Stefánss.,	Jón Jónss. N.-Þ.
Skúli Thoroddsen.	Jónas Jónassen,
Sveinn Eiríksson.	Ólafur Briem,
	Olafur Pálsson,
	Þorl. Guðmundss.
	Þorvarður Kjerúlf.

Með 14 atkv. var samþ. 2. gr. frv. með áorðinni breyt., breyt. nefnd. við 3. gr. og 3. gr. þannig breytt.

Með 16 atkv. var því næst 4.—7. gr. samþ. hver um sig og breyt.till. við 8. gr., en 8. gr. þannig br. samþ. með 17 atkv.

Með 16 atkv. var samþ. breyt.till. nefnd. við 9. gr., og 9. gr. sjálf þannig breytt

Allar 3 breyt.till. nefnd. við 10. gr. voru samþ., hin fyrsta (7. tl.) án atkv., önnur með 16 og þriðja með 13 atkv., en 10. gr. sjálf þannig br. samþ. með 14. atkv. Þá var 11.—16. gr. frv. samþ. hver með 15 atkv., 18. m. 14, 19. m. 13, og 20. m. 15; sömul. samþ.

með 15 atkv. breyt. nefnd. við 21. gr. og 21. gr. sjálf þannig breytt.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Frumv. til laga um breyting á 37. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 235, 415); 2. umr.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Mál þetta hefir verið rætt talsvert bæði áður en nefnd var sett og eptir að hún hafði lokið störfum sínum. Af því að ástæðurnar fyrir skoðun nefndarinnar á málinu eru teknar fram í nefndarálitinu, sje jeg ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um málið, fyr en jeg heyri undirtektir h. þm.

Skúli Thoroddsen: Jeg greiddi atkvæði með því, að frumv. þetta gengi til 2. umr., en af því að jeg sje mjer ekki fært að greiða atkvæði með því, vil jeg stuttlega gjöra grein fyrir skoðun minni.

Hvort sem jeg lít á mál þetta frá hlið landssjóðs eður fra hálfu þingm., finnst mjer það geta verið mikið vandamál, að hafa ferðakostnaðinn fast ákveðinn, og gæta þess þó, að hann sje sanngjarn gagnvart hverjum einstökum þm. Það er á tvennt að líta: Fyrst og fremst ber þess að gæta, að landssjóði sje ekki bakaður óþarfakostnaður, og því næst er að líta á hitt, að þingmönnum sje sýnd full sanngirni; en það er þeirra rjettur, að fá þann kostnað að fullu endurgoldinn, er þeir í raun og veru hafa haft, svo framarlega sem sá kostnaður, eptir öllum atvikum, eigi fer fram úr því, sem hóflegt og sanngjarnt má teljast.

Þegar vjer nú lítum á gang máls þessa á þinginu í sumar, þá sjáum vjer, að hver tillagan hefir komið fram eptir aðra, og að hver tillagan hefir farið í bága við hina, og það svo, að enda munar hundruðum kr., að því er snertir ferðakostnaðarupphæðirnar úr hinum einstöku kjördæmum landsins, og nægir þetta eitt til að sýna, að skoðanir manna í þessu máli eru enn mjög á reiki, þrátt fyrir allt, sem ritað hefir verið og rætt um þetta mál utan þings og á.

H. 1. þm. Ísf. (S. St.) tók það glöggt fram við 1. umr. málsins, að hann sæi ekki betur, en að tillögur nefndarinnar miðuðu til að baka landssjóði frekari kostnað en nú er, þar sem h. nefnd hefir fylgt þeirri reglu, að færa upp upphæðir þær, sem efri deild hafði aðhyllzt; og þetta er alveg rjett athugað að öllu saman lögðu. Jeg get nú reyndar ekki sjeð, hvaða meginreglu nefndin hefir fylgt í gjörðum sínum; mjer finnst helzt sem hún hafi fylgt einhverri handahófsreglu, eða ákveðið upphæðirnar upp á slump; hún hefir ekki miðað kostnaðinn við sjóvegsferð og hún hefir heldur ekki miðað hann við landvegsferð, og þetta er líka í sjálfu sjer skynsamlegt og rjett, því að það er ekki rjett að neyða þingmenn til að fara endilega sjóveg, því að vel geta verið þau atvik, að þeir komizt ekki á stað þann dag, sem skipið á að fara; og jafnvel gefur svo farið, þótt þeir ætli sjer alla leið sjóveg, að þeir geti ekki farið nema nokkurn hluta leiðarinnar sjóveg, vegna hafíss eða annara atvika. Það er heldur ekki rjett vegna landssjóðs, að miða eingöngu við landvegsferðir, því að sjóvegsferðir eru ódýrari, og margir þingmenn kjósa heldur að fara sjóveg. Þetta sýnir, að ekki er auðgjört að finna þann veg, er báðum gjöri rjett, þingmanninum og landssjóðnum, en að happasælast muni, að fylgja þeirri reglu, að hver þingmaður fái þann kostnað endurgoldinn, sem hann í raun og veru hefir haft til þingfararinnar, samkvæmt rjettum og sanngjörnum reikningi, er nefnd kosin af

alþingi úrskurðar, eins og hingað til hefir verið lögvenja.

Þegar litið er á málið yfir höfuð, þá get jeg eigi stillt mig um að spyrja: Hvað gengur mönnum til að vilja endilega fá fast ákveðið um ferðakostnað og dagpeninga þingmanna, fremur en annara, er ferðakostnað og dagpeninga fá endurgoldna af opinberu fje? Bera menn það sjerstaklegt vantraust til þingmanna þjóðarinnar, fremur en til embættismanna? Eða hví fara menn þá ekki einnig fram á að hafa fast ákveðinn ferðakostnað fyrir visitazíu biskups, landshöfðingja og amtmanns, ef menn vildu sýna samræmi?

Yfir höfuð finnst mjer, að frv. þetta sje svo laust við sanngirni og samræmi sem auðið er. Sumir þingmenn eiga t. d. að fá fyllilega háan ferðakostnað borgaðan, en úr sumum kjördæmum, svo sem Ísafjarðarsýslu, er kostnaðurinn ætlaður allt of lágur, ef farið er landveg aðra eða báðar leiðir.

H. efri deild virðist hafa tekið þá reglu fyrir mælisnúru, að hafa upphæðirnar svo nánasarlegar, að þingmenn gætu ómögulega ferðazt sæmilega til þings fyrir það fje. Jeg get ekki fellt mig við þessa stefnu, þótt hún kunni að vera í góðu samræmi við skoðanir og álit konungkjörna flokksins á þjóðkjörnum þingmönnum. Vjer verðum að gæta að því, að þingmannskostir eru ekki komnir undir fjárhag manna; góðir hæfilegleikar og þingmannskostir geta engu síður búið hjá fátæklingnum, en hjá hinum, sem loðnari er um lófa; og með því að skera þingfararkaupið við nögl sjer, getur svo farið, að þeir einir bjóði sig fram til þings, sem eru svo vel efnum búnir, að þeim stendur á sama, þó að þeir fái ekki allan kostnað sinn endurgoldinn.

Ef menn endilega vilja taka tillit til þess smásálarlega hugsunarháttar, sem hefir komið fram í einstaka kjördæmum, þá væri, að mínu áliti, ef til vill rjettara, að stíga skrefið til fulls og afnema allt þingfararkaup. Jeg ímynda mjer að minnsta kosti, að þessar h. nöldrunarskjóður, sem allt af eru að telja á fingrum sjer, hvort þessi eða hinn þingmaðurinn hefði getað ferðazt nokkrum krónum ódýrar til þings, verði varla ánægðar, fyr en þingfararkaupið er afnumið með öllu; í því væri og töluvert meiri meining og samkvæmni, en í þessari eptirtölusýki, sem sumir eru að reyna að slá sjer til riddara með í augum óupplýstustu alþýðumanna.

Eptir tillögum nefndarinnar eru þingfararkaupsupphæðirnar töluvert hærri en í frumv. efri deildar, og að því leyti sanngjarnari gagnvart þingmönnum, en samt eru þær, eptir því sem jeg þekki til, víða of lágar, ef farið er landveg, en á hinn bóginn of háar, og því ósanngjarnar gagnvart landssjóði, ef farið er sjóveg.

Jeg mun því ekki greiða atkvæði með frumv. þessu í þetta skipti, enda álít jeg, að þingið eigi að vera vaxið upp úr því, að glæða smásmuglegan hugsunarhátt hjá þjóðinni — því að af honum höfum við sannarlega nóg —, og það einkum, þegar um alþingi og önnur mikilsvarðandi mál er að ræða.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Það er einkum eitt atriði, sem jeg vildi skýra. H. þm. Eyf. (Sk. Th.) sagði, að nefndin hefði sett þingfararkaupið af handahófi og hvorki miðað við landvegs- nje sjóvegsferðir. Nefndin miðaði við landvegsferðir yfir höfuð, en eins og jeg tók fram við fyrri umræðu málsins, þá gat hún ekki með sömu almennum ákvæðum tekið út yfir þau sjerstöku atvik, sem fyrir kunna að koma, svo sem mismunandi árferði, veikindi og þess konar. Slíkt er ekki

hægt að meta til kostnaðar, nema í hvert einstakt skipti, eptir þeim upplýsingum, sem þá liggja fyrir hendi. Jeg tók það einnig fram áður, að nefndin sá sjer eigi fært, að ákveða þingfararkaupið þannig, að það bæði væri fullsanngjarnt fyrir þingmenn og þó til sparnaðar fyrir landssjóðinn frá því sem nú er, þegar allmargir þingmenn fara sjóveg.

Sje svo, að mönnum þyki enn tillögur nefndarinnar fara of skammt, eins og jafnvel var að heyra á h. 1. þm. Eyf. (Sk. Th.), þá er það yfir höfuð að kenna ókunnugleika hennar. Hún reyndi til að setja tölurnar svo rjett, sem henni var hægt og í rjettum hlutföllum í kjördæmunum.

Af því frumv. hefir ekki fengið aðra talsmenn í þessari deild en nefndina, sje jeg enga ástæðu til að fara frekar út í þessar tölur, meðan engir þingm. bera þær saman og sýna með ástæðum fram á, að þær sjeu ekki hlutfallslega rjettar.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefndarinnar í einu lagi samþ. með 12 atkv., 1. gr. með breytingum felld með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Páll Ólafsson,
Jens Pálsson,	Sigurður Jensson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Bened. Sveinsson,
Jón Jónsson, N.-Þ.,	Eiríkur Briem,
Ólafur Briem,	Gunnar Halld.son,
Ólafur Olafsson,	Indriði Einarsson,
Olafur Pálsson,	Jónas Jónassen,
Páll Briem,	Sig. Gunnarsson,
Þorl. Guðmundsson,	Sig. Stefánsson,
Þorvarður Kjerúlf,	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Eiríksson,

Var frumv. þannig fallið.

Frumv. til laga um líkskoðun (C. 176, 460); frh. 1. umr.

Framsögum. (Jónas Jónassen): Eins og h. þingd. er kunnugt, vildi svo óheppilega til, að skömmu eptir að nefndin var kosin, veiktist einn af nefndarmönnum. Við hefðum auðvitað getað fengið mann í stað hans, en treystum ekki öðrum eins vel til þess. Þessi nefndarmaður er nú fyrir skömmu orðinn friskur aptur.

Okkur þótti ýmislegt athugavert við frumv. og fannst nauðsyn bera til að breyta því, en af því svo langt er liðið á tímann, þótti oss þýðingarlaust að koma nú með breyt.till., og höfum því lagt það til, að frumv. yrði fellt í þetta sinn.

Landshöfðingi: Mjer þykir það mjög illa farið, að nefndin hefir ekki treyststst til að koma með annað álit en það, sem hjer liggur fyrir.

Mjer finnst að þeir nefndarmenn, sem voru friskir, hefðu getað borið upp einhverjar ákveðnar tillögur og komið með einhverjar breyt.till., úr því þeim þótti þess þurfa. Máske hefði þeim tekizt að bera upp svo smellnar breyt.till., að þeir hefðu getað fengið samþykki þriðja nefndarmannsins á þeim.

Sjer í lagi kann jeg ekki við, að nefndin leggur til að fella frumv., því að í því liggur, finnst mjer, að þingið vilji ekkert hafa með þetta frumv. að sýsla, og álíti óþarft að setja nein lagaákvæði um eptirlit með jarðsetningu líka; en frumv. er þó meðfram samið og lagt fyrir þingið af þeirri ástæðu, að beinar óskir hafa komið fram af hálfu landsmanna um, að lög væru samin um líkskoðanir.

Ef þingið nú fellir frumv., getur það orðið til þess, að stjórnin sjái sjer ekki fært að bera þess konar frumv. upp framar.

Eiríkur Briem: Eptir því sem jeg hef litið á þetta frumv., þá álít jeg heppilegt, að það eða eitthvað líkt kæmist á, þannig, að settar væru reglur fyrir

þessu atriði. Þó nú nefndinni hafi ekki tekizt að gjöra nauðsynlegar breytingar við frumv., þá kann jeg ekki við að fella það, og vildi því helzt óska, að það væri tekið út af dagskrá.

Framsögum. (Jónas Jónassen): Fyrir nefndarinnar hönd skal jeg bera það, að meining hennar var öldungis ekki sú, að drepa frumv., heldur áleit nefndin, að það þyrfti nokkrum breyt. að taka, og þar sem hún hafði ekki tækifæri til að gjöra þessar breyt. og það er nú orðið of seint, þá vill nefndin, að það sje ekki tekið til greina á þessu þingi.

Sigurður Stefánsson: Sem einn af nefndarmönnunum skal jeg taka það fram, að jeg við 1. umr. þessa máls lýsti því yfir, að frumv. mundi vart gjört svo úr garði, að það væri í nokkru nýtt, og að jeg treysti mjer að minnsta kosti ekki til þess. Þetta vissi h. deild, er hún kaus mig í nefnd þessa, og þess vegna þarf henni ekki að koma það óvart, þótt jeg hafi ekki gjört mikið við frumv. Jeg held að það sje varla hægt, að skipa þessu máli með lögum svo, að að haldi komi hjer á landi. Allt fyrir það sje jeg enga ástæðu fyrir deildina að fella frumv., því þetta er að eins mín skoðun, og vel líklegt, að margir aðrir sjeu á gagnstæðri skoðun; jeg get því gjarnan tekið undir með h. 1. þm. Húnv. (E. Br.), að málið sje tekið út af dagskrá.

Jeg lýsti því þegar yfir við 1. umr., að jeg treysti mjer ekki út í þetta mál.

Skúli Thoroddsen: Mjer virðist heppilegra, að málið gangi til 2. umr. Það getur þá komið á dagskrá á mánudaginn og þá verið gjört út um þetta.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 atkv.

Tillaga til þingsályktunar út af fátækramálum (C. 429, 484); ein umr.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Jeg hef ásamt öðrum h. þm. leyft mjer að bera þessa tillögu fram fyrir h. deild. Þessi tillaga fer fram á að skipuð sje 5 manna nefnd milli þinga, til að undirbúa endurbætur á fátækralöggjöfinni og koma með tillögur sínar fram á næsta þingi.

Af því þessi tillaga hefur kostnað í för með sjer, þá álít jeg mjer skylt að færa fram rök fyrir því, að á henni sje þó sannarlega þörf.

Þegar litið er á fátækralöggjöf þá, er vjer nú búum undir, þá sjest að hún er að mestu óbreytt frá því, sem hún var úr garði gjör 1834. Það eru þannig nálega 60 ár, sem hún hefur staðið að mestu óhögguð. Þegar jeg hugsa um þenna aldur þessara laga, þá verður mjer að spyrja: hvort ekki muni ýmislegt í þeim, sem sje orðið úrelt og sem ekki eigi sem bezt við tímann. Mjer sýnist þessi aldur fátækrareglugjörðarinnar benda á þetta, og vekja líkur fyrir því; því það er margt orðið breytt á þessu tímabili. Hugsunarhátturinn er breyttur, atvinnuvegir breyttir, samgöngur, fjelagslíf og viðskiptalíf hefur tekið stórkostlegum breytingum.

Bendir ekki allt þetta ljóslega á, að þessi löggjöf muni í mörgum greinum vera á eptir tímanum og langt frá því að samsvara tímans kröfum?

Jeg vil taka til dæmis 7. kafla í þessum lögum, þar sem stendur svo: »það »upp á leggst sýslumanninum sjálfum »að vaka yfir, og láta hreppstjórann »vaka yfir því, að vinnufært fólk, sem »ekki eru húsfeður og iðka löglegt »bjargræði, ekki sje sjálfs síns, og þar »með hliðri sjer frá fastri vistarvinnu, »til skaða fyrir byggðarlagsins bjarg»ræðisvegi. Allt slíkt fólk eiga hrepp»stjórarnir og hlutaðeigandi sýslumenn, »án nokkurrar vægðar, að meðhöndla

»eptir tilskipuninni af 19. febrúar 1783, »og vísa þeim í fasta vist« o. s. frv. Þetta virðist þó vera nokkuð sundurleitt þeim hugsunarhætti hjer á þingi og hjá þjóðinni, sem hefur komið á stað frumv. um leysing vistarskyldunnar og fleira. Það er heldur ekki nema í alla staði eðlilegt, þó þessi lög þurfi lagfæringar við, þar sem þau voru gefin út á einveldistímunum, þegar landsmenn gátu engan þátt tekið í löggjöfinni, nema hvað nokkrir embættismenn voru kvaddir til að segja álit sitt um málin, er lög skyldi setja um.

Jeg geng nú út frá því sem gefnu, að h. deild vilji fá meiri og betri sönnun fyrir þörfinni á að skipa þessa nefnd, en þó að lögin sje of gömul og í ýmsum atriðum úrelt. Mjer detta í hug hin gömlu, algildu orð, sem svo hljóða: »Af ávöxtunum skuluð þjer þekkja þá«. Jeg vil í þessu efni fylgja þessu sannmæli og spyrja: »Hvaða ávöxt hafa þessi lög borið fyrir það málefni sem þau hljóða um?« Bezti leiðarvísir til þess að komast að raun um þetta eru skýrslur um tölu sveitarlima í sveit hverri í hlutfalli við mannfjöldann, hvernig ástatt hafi verið í þessu tilliti á hverjum áratug síðan lögin komu út eða í þessi 60 ár, og hvort sveitarþyngsli hafa síðan farið vaxandi eða minnkandi.

Fullnægjandi skýrslur um þetta efni hef jeg eigi sjeð, því þeim mun enn eigi hafa verið safnað að minnsta kosti eru þær ekki til á prenti. Nokkrar skýrslur eru þó komnar út um fátækramálefni vor, og gefa þær marga góða bendingu, og má á þeim mikið græða. Af þeim má meðal annars sjá það, að á áratuginum 1872—81 incl. var varið til fátækraframfæris hjer á landi nær 300 þúsund kr. á ári hverju. Ef gjört er ráð fyrir að á þessu tímabili hafi verið 70 þúsundir manna á landinu, þá koma 4,28 kr. á hvert mannsbarn.

Eun fremur má sjá af skýrslunum, og það gefur meiri upplýsingar, hve margir hafa verið á sveit á ýmsum árum. Um 1840, þá var 29. hver maður á sveit; 1850, 48. hver; 1860, 26. hver, en 1870 var það orðið 14. hver, og 1880 dregur dálítið úr því aptur, svo ekki var nema 23. hver á sveit. Þetta gefur sannarlega bendingu í þá átt að, að ekki sje ólíklegt að fátækralöggjöfin sje ekki góð og hentug í alla staði, þegar sveitarþyngslin fara svona voðalega í vöxt, einkum þegar á það er litið, að þó hjer sjeu engir eiginlegir auðmenn, eins og í öðrum löndum, þá eru fátæklingarnir varla eins örsnauðir og tiltölulega varla eins margir og sumstaðar annars staðar. Það er líka aðgætandi að skýrslurnar tilgreina ekki alla tölu þeirra sem lagt er með af sveit, heldur er hver fjölskylda, sem af sveit þiggur, talin sem einn þiggjandi, því hver húsfaðir er talinn styrk-þiggjandi fyrir alla fjölskylduna, svo þegar að er gætt, eru það miklu fleiri, sem þiggja styrkinn, heldur en á skýrslunum standa.

Yfir höfuð þá fæ jeg ekki betur sjeð en að þessar skýrslur sýni og sanni það, að þegar fátækralögin eptir langan tíma fóru að komast inn í meðvitund þjóðarinnar og menn fóru að verða leiknir í að beita þeim reglum um fátækraframfæri, sem til eru settar í fátækrareglugjörðinni frá 8. jan. 1834, þá hafi sveitarþyngsli aukizt að mun, að minnsta kosti fram yfir árið 1870. Jeg fæ eigi betur sjeð, en að sveitarþyngslum hafi því meir þyrmt yfir, sem nefnd fátækrareglugjörð komst betur inn í meðvitund þjóðarinnar, sem hlaut að taka langan tíma eins og á stóð. Birting laga var þá allt öðru vísi en

nú; þá var látið duga, að sýslumenn á manntalsþingum gætu lauslega þeirra laga er út komu, og mun birtingin einatt hafa verið í því einu fólgin, að fyrirsögnin var lesin upp. Aðrir fengu ekki að sjá lögin til sveita en prestar og hreppstjórar. Af þessu leiddi að lögin komust mjög seint inn í meðvitund manna, og jeg ætla ekki of sagt, að þessi fátækrareglugjörð hafi verið nokkra áratugi smátt og smátt að komast inn í almenning, og að hreppstjórar hafi langan tíma verið að læra að beita henni, á þann hátt sem hún hefur gefið tilefni til; en eptirtektavert er það, að þegar gjöra má ráð fyrir, að menn hafi verið orðnir leiknir í að beita henni, og hana má álíta komna til fullrar framkvæmdar, þá taka sveitarþyngslin að vaxa, og það voðalega.

Jeg hef nefnt hina voðalegu upphæð 300 þúsund kr. sem ganga árlega til fátækraframfæris á tímabilinu 72—81. En þess ber að gæta, að þá er þó ekki meðtalinn einn stór liður, og það er fátækraflutningurinn. Hann mun vera settur í hreppa reikningana undir óviss útgjöld. Þau voru á þessum áratug 70—80 þúsund árlega, og sje gjört ráð fyrir, að hann hafi verið 1/5 af þessum óvissu útgjöldum, þá nemur það 15—20 þúsund kr. árlega. Þetta er ekki nákvæmlega hægt að sýna, því að það vantar að tilgreina það sjerstaklega í reikningunum, en þetta hygg jeg ekki vera of í lagt.

En það er ekki að eins á þetta að líta, þegar talað er um ávexti þessara laga, eins og þeim er víða beitt. Því það má með sanni segja, að þeim er víða beitt svo, að fram kemur mikil skerðing á almennum mannrjettindum og mannfrelsi, og sumar sveitastjórnir beita þeim svo, mjer liggur við að segja, ranglátlega og harðýðgislega, að það hlýtur að særa siðferðistilfinningu og rjettarmeðvitund allra, sem til þekkja. Menn mega ekki leita sjer atvinnu, ekki leigja út hús, ekki byggja jörð, ekki taka hús til leigu nje jörð til byggingar, ef vel á að fara, nema fengið sje leyfi hreppsnefndarinnar; framtíð hlutaðeigandi manns í sveitarfjelaginu getur mjög verið undir því komin, að henni sje það ekki ógeðfellt, en sje svo náðug, að láta sjer vel lynda. Það er líka mjög algengt að þegar hjú er búið að vera 8—9 ár í vist í hreppnum, þá leggjast margir bændur á eitt með hreppsstjórninni, að fá það flæmt burt eitt ár eða svo, til þess að það verði ekki sveitlægt, en svo er því velkomið að koma aptur. Jafnvel mönnum með heila fjölskyldu er þannig bolað burtu eitt ár, svo að þeir verði ekki sveitlægir.

Jeg skal svo fara nokkrum orðum um fátækraflutningana. Það er varið fleiri þúsundum króna á ári til að flytja fátækt fólk og hrekja það fram og aptur, stundum landshornanna á milli. Ef fjölskylda hefur í svip lítið til að lifa af, og þarfnast lítils styrks í bili, t. d. af því að húsfaðirinn hefur orðið fyrir sjúkdómi um tíma, eða afli hefur brugðizt fáar vikur, þá er sveitarfjelaginu ekki annað fyrir höndum, en að grafast fyrir og leita upp, hvar fjölskyldan eigi sveitfestu, og svo er fjölskyldan öll tekin upp og flutt fátækraflutningi hreppstjóra frá hreppstjóra, en útbúnaði og meðferð á þessu fólki á þessum ferðum er mjög ábótavant, og hún jafnvel stundum vítaverð. — Jeg veit þannig dæmi til þess, að barn var bundið ofan á reiðing, og reitt þannig. Annað dæmi þekki jeg, sem er svo að segja nýtt, og er það svo: barn milli vita var flutt milli mjög margra, mig minnir, 14 hreppstjóra, og þegar það loks komst á sína sveit, þá var það orðið hálftryllt, og náði sjer ekki apt-

ur fyr en eptir langan tíma. Þess eru og dæmi, að menn eru hraktir á stað út á fátækraflutninginn, ekki að eins hrumir og lasburða, heldur sjúkir. Og flestir eru drifnir upp sárnauðugir, er þeir eru reknir á sína sveit.

En það sárasta er, þegar menn með konur og börn í eptirdragi, menn sem eru búnir að kjósa sjer ákveðna atvinnubraut og hafa stundað sitt verk með atorku og dugnaði, en hlekkist eitthvað á, — annaðhvort veikjast eða fyrir einhver óhöpp þurfa að fá styrk —, eru reknir út af sinni atvinnubraut og flæmdir í fjarlæg hjeruð, þar sem allt öðru vísi hagar til, og þar sem engin atvinna er, sem þeir geta stundað, svo að þeir verða ómögulegir, hætta að vinna og verða þannig til hinnar mestu byrði — en börnin þyngsla-ómagar árum saman —, í staðinn fyrir, að ef þeir hefðu fengið að vera kyrrir, þá hefðu þeir með litlum styrk getað rjett við og haldið áfram því verki, sem þeir voru bezt lagnir til að vinna. Þegar mjer bera fyrir sjónir þessar ómannúðlegu aðfarir með hina íslenzku fátæklinga, þá detta mjer opt í hug hinir rússnesku Síberíu-flutningar.

Hvað er ómmannúðlegt, ef ekki það, að hrekja menn þannig nauðuga út af sinni atvinnubraut, og reka þá sveit úr sveit landið á enda? En að gefa svo út fyrir þetta mörg þúsund kr., get jeg ómögulega skilið að sje búmannlega gert. Það er eins og einn h. þm. hjer hefir látið eptir sig opinberlega, að menn hjer á landi eigi hvergi friðland nema í framfærslu- eða fæðingarhreppi sínum. Það er enn ótalið af ávöxtum þessarar fátækra-löggjafar, að hún hefir dregið úr og lamað mjög ættmannaræktina. Það er það vanalega, að jafnvel náskyldustu ættmönnum, eins og t. d. foreldrum eða börnum, vilja menn koma sjer hjá að veita styrk, en láta sveitina hafa það. Eptir því sem fátækralöggjöfin er framkvæmd hjer, leiðir hún af sjer í þessu tilliti siðaspillingu, og deyfir auk þess hinn almenna kristilega mannkærleika. Þessu til sönnunar vil jeg til færa, að svo sljó er mannúðartilfinningin orðin, að annars vænir og dugandi menn hrósa sjer af því, að hafa komið af sjer og af sveit sinni með brellum eða harðýðgi ómögum, sem þeim var skylt að annast. Þannig hefir fátækralöggjöfin, eins og hún er framkvæmd, skapað demoralisation í hjörtum sveitarstjóranna.

Enn fremur eru skriptir og reikningaþref út af fátækramálum í fjölmennum og stórum hreppum orðin alveg óþolandi byrði fyrir sveitarstjórnirnar. Sumir kunna að segja, að þetta sje ekki lögunum að kenna, heldur því, hvernig þeim hefir verið og er beitt; en jeg segi: það hlýtur að liggja í göllum laganna, að framkvæmd þeirra skuli leiða til þessa. Það er líka almennt áhugamál, að fá þessum lögum breytt, og þeim hrundið í betra horf. Á mörgum þjóðmálafundum í landinu hefir því verið lýst yfir, að öll þörf sje á að hrinda fátækramálinu í betra horf, og þessi þörf hefir verið viðurkennd einmitt á síðustu þingum á þann hátt, að gerð hafa verið nokkur viðbótar- og úrbótalög, en sem að eins hafa orðið nýjar smábætur á gamla fatið, sem þarf að sníða um. Þetta hefir komið af því, að menn hafa fundið sem er, að það er of vaxið tíma og kröptum hvers einstaks þings, að taka málið fyrir í heild sinni, og ráða því til lykta svo, að til góðs árangurs leiði.

Sumir eru þeir, sem halda að megi komast hjá þessum göllum með því að breyta um reglur fyrir sveitfesti. Þann-

ig veit jeg að einn merkismaður hjer á meðal vor í þessum þingsal álítur til mikilla bóta, að það ákvæði, að menn geti unnið sjer hrepp með 10 ára dvöl, væri fellt úr, en að eins haldið því ákvæði, að hver skyldi eiga hrepp þar sem hann er fæddur. Aðrir eru þeir, sem halda því fram, að hver skuli fá hjálp og framfærslu í þeim hrepp, þar sem hann er staddur, þegar hann þarf styrksins við; en jafnframt yrðu sett ákveðnari og þrengri skilyrði fyrir aðgangi til fátækrastyrks, og því afstýrt, að einstök sveitarfjelög yrðu fyrir óbærilegum sveitarþyngslum, á þann hátt, að gjöldunum til fátækraframfæris yrði jafnað á stærri svæði, marga hreppa, eða heila landsfjórðunga.

Þá er 3. flokkurinn, þeir, sem vilja einungis takmarka aðgang að sveitarsjóðunum og ekki veita mönnum styrk nema með vissum skilyrðum. Þetta út af fyrir sig kynni mjög að hjálpa, því ómögulegt er að neita því, að aðgangur að sveitarstyrk er nú vissulega of rúmur.

Með þessu, sem jeg hef tekið fram, þá hef jeg fært ljós rök fyrir því, já, jeg segi sannað það, að það er þarfaverk, sem farið er fram á í þessari þingsál.till., því fátækralöggjöf vor er of stórt mál fyrir hvert þing, að taka til meðferðar óundirbúið, sem sjá má af reynslu fyrirfarandi þinga.

Gagnger bót á þessum stóra bálki löggjafarinnar heimtar nefnd milli þinga til að undirbúa málið í hendur þingsins, og það fyrsta, sem nefndin hefir að gera, er að útvega sjer allar þær skýrslur, sem nokkuð verði byggt á til skýringar málinu. Menn kunna að segja, að þessi nefnd hafi kostnað í för með sjer, en sá kostnaður er sannarlega smáræði, þegar þess er gætt, að hjer er um að ræða, að ráða bót á meini, sem kostar oss árlega 300,000 kr. í peningalegu tilliti, en margfalt — margfalt—meira í þjóðmegunar- og siðferðislegu tilliti. Og svo framarlega sem þessi nefnd fyndi eitthvert ráð til að rýra að skaðlausu þessi háu gjöld, sem hvíla á mönnum, þyngri en öll önnur til samans, þá væru slík ráð kaupandi fyrir nokkurt fje. Menn ættu því alls ekki að horfa í kostnaðinn.

Jeg vona að minnsta kosti að h. þingdm. færi mjer gild og ljós rök gegn því, sem jeg hefi nú tekið fram, áður en þeir vísa þessu máli frá eða hrinda því, að þessi nefnd verði sett. Hvað viðvíkur þeim breyt.till., sem komið hafa fram, þá get jeg gjarnan fallizt á aðra þeirra, þó að þurrabúðarmanna- og húsmannalögin væru líka falin þessari nefnd til skoðunar, með því að þau eru fátækralögunum svo náin. En hina breyt.till., að nefndin sje 5 menn, sinn úr hverjum landsfjórðungi og einn hjeðan úr Rvík, get jeg síður aðhyllzt, því jeg sje ekki að það sje til annars en auka þann kostnað, sem þessi milliþinganefnd kæmi til að hafa í för með sjer.

Indriði Einarsson: Af því að nafn mitt stendur á þessu þingskjali, sem hjer er um að ræða, álít jeg mjer skylt að fara fáum orðum um þetta atriði.

Það sem fyrst verður fyrir manni, þegar maður lítur á hið »statistiska« ástand landsins, eru þessir tíðu og almennu flutningar til Ameríku á ári hverju, sem eru tiltölulega miklu meiri en frá nokkru öðru landi í Norðurálfunni, og afleiðingin hefir orðið sú, að fólkinu hefir mikið fækkað hjer á landi nú í hin síðustu 10 ár. En hver er nú orsökin til þessara flutninga? Það er ekki ávallt auðvelt að sjá eða finna hjá

einni þjóð, hvar skórinn kreppir að henni; en það, sem að minni ætlan knýr fólk til að flytja frá ættjörðu sinni, í lönd sem það lítið þekkir til, eru einkum lögin um vistarbandið, lausamannalögin og hin núgildandi fátækralöggjöf; um lausamannalögin hefir áður verið talað á þessu þingi, svo jeg ætla að sleppa því, að rifja það mál upp aptur nú. Það er eigi alllítið, sem skórinn kreppir að mönnum hjer á landi, einkum útgjöldin til fátækra; það eru ekki lítil útgjöld, sem hvíla á hverjum einstakling hjer á landi til þeirra mála, þegar maður lítur á það, að vanalega eru full 300,000 kr., sem eru lagðar fátækum á öllu landinu. Þessar 300,000 kr. eru beinn skattur, sem hver einstaklingur í gjaldenda tölu verður að greiða í sveitarsjóð, og sem verður langtum tilfinnanlegri fyrir menn en öll gjöld til landssjóðs og annara stjetta, sem eru lögð á gjaldendur í tollum eða á einhvern annan hátt, sem eigi verður nærri eins tilfinnanlegur fyrir þá. Jeg hefi, til þess að gefa mönnum kost á að vita hjer um bil, hvað þessi útgjaldagrein á gjaldendum er há, búið til »statistiska« skýrslu yfir hana, og hefir, —eptir því sem jeg komst næst af þeim skýrslum sem jeg gat fengið,—verið nú í 15 ár goldið til fátækra fullar 300,000 kr. á ári hverju. Jeg veit að mörgum muni rísa hugur við að heyra, hvað þessi upphæð er mikil, og það því fremur, sem hún er langt frá því að vera nógu há til að menn geti gefið með ómögum og fátækum, svo sem vera ætti, þegar lítið er á, hvað dýrt er að lifa hjer, því að jafnaði verða húsbændur ómaganna þess utan að gefa þeim úr sínum eigin vasa. Það er viðurkennt, að við Íslendingar sjeum fátæk þjóð, en við erum samt sem áður ekki eins fátækir og sumir ætla, og með allri fátæktinni telst svo til, að hvert mannsbarn á Íslandi gjaldi 4 kr. í sveitarsjóð árlega.

Árið 1870 voru á Írlandi sams konar útgjöld að meðaltali 3 sh. á hvern mann, sem ekki eru fullar 3 krónur.

Hvort er nú fátækara, Ísland eða Írland?

Jeg hefi haft undir höndum bók eptir enskan mann mjög lærðan og stjórnvitring, próf. Fawcett, sem hann hefir gefið út um fátækramál á Englandi og víðar, og telur hann útgjöldin þar um 1870 að jafnaði að eins 3 sh. á mann, sem er miklu lægra en þá var á Íslandi. Jeg hefi enn fremur skýrslu frá nokkrum öðrum löndum um þetta atriði, allt fram að 1885, og hef jeg von um, að h. þingdm., sem hafa orðið að sitja undir löngum ræðum, eigi taki það óstinnt upp, þó jeg leyfi mjer að taka úr þeim það helzta, sem snertir þetta mál.

Í Norvegi voru fátækraútsvör 1876 311 kr. á hvert 100 manns.

Í Bandaríkjunum voru fátækraútsvör 1870, 105 kr. á hvert 100 m.

Á Íslandi vorru fátækraútsvör 1871—81, 393 kr. á hvert 100 manns, og sjáum vjer þá af þessu, að vjer erum hæstir af þessum löndum. Í Noregi hagar þó í mörgu nokkuð líkt og hjer.

Á Íslandi voru á sveit

árið 1871 . . . . 7,3%
árið 1881 . . . . 4,4% } 5,8%.

Árið 1871—75 voru á sveit í Noregi 3,5%. Og árið 1870 voru á sveit í Bandaríkjunum 0,3% en þar eru að eins taldir heilir ómagar eða þær upphæðir, sem þeir greiða til fátækra, lagðar saman, og svo deilt með þeirri upphæð, sem heilum ómaga er lögð. Ef samskonar aðferð væri

viðhöfð hjer, myndu ómagar verða á tímabilinu frá 1871—81 4,5. Þeir eru mjög margir, sem þykir aðgangurinn til sveitarsjóðsins of þröngur, og aðrir, sem þykir hann of rúmur, en jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að hann sje í mörgum tilfellum of rúmur og mætti gjarnan vera þrengri, þar sem að því þrengri eða því fleiri skilyrði, sem yrðu að vera til þess, að mönnum gæfist kostur á sveitastyrk, því minni yrðu útgjöld sveitarsjóðsins. Mjer hefir komið til hugar, að beina þeirri spurningu að h. þingdm., sem hafa áhuga á þessu máli, hvort þeim eigi sýndist ráðlegt, að koma upp fátækrahúsum hjer á landi, eins og víða á sjer stað í öðrum löndum, og víða er verið að koma á fót um þessar mundir, og vel hefir gefizt; auðvitað yrði það talsvert meiri kostnaður, bæði að koma því upp, og halda því við fyrstu árin, heldur en kosta fátæklingana heima hvern á sinni sveit, eins og hingað til hefir átt sjer stað, en reynslan hefir sýnt, að þar sem þau eru búin að koma fótum fyrir sig, hefir það gefizt vel og orðið góðum mun kostnaðarminna. Þá er og önnur aðferð, sem Bandaríkjamenn hafa byrjað á, og haldið í nokkur ár; hún er sú, að fátækrastjórnin þar tekur vissar jarðir, og setur þangað fátæklinga hópum saman, undir forstöðu einhvers ráðsmanns eða manna, sem sjer um að þeir vinni og sjer um vinnu handa þeim, og að öðru leyti um þarfir þeirra; þess konar tilhögun hefir heppnazt mikið vel, og þar að auki orðið sveitunum miklu kostnaðarminni. Tækjum við hjer því einhverjar sjerstakar jarðir, og byggðum þær sveitarsjóðum, settum þangað fátæklinga, sem hefðu lífsframfærslu af þeim, um leið og þeir ræktuðu þær og gjörðu þeim til góða, er jeg sannfærður um, að það yrði miklu útgjaldaminna fyrir sveitarfjelögin en ella, auk þess sem unglingar væru aldir upp við eins mikla reglusemi og iðjusemi og nú tíðkast.

Jeg veit, að sveitarnefndir þykjast hafa allt of lítið vald yfir þurfamönnum, bæði þeim sem liggja við sveit eða eru á sveit, en jeg veit líka, að þær hafa allt of mikið vald yfir þeim fátæklingum, sem liggja við sveit, en eru ekki farnir að þiggja nein fjárframlög, og mjer er allt of vel kunnugt um það, að sveitarstjórnir taka sjer það vald, — ef þeir á einhvern hátt ímynda sjer, að þeir verði þeim til byrða — að svipta mönnum burtu af þeim stöðvum sem þeir eru á og kannske burtu úr þeirri atvinnngrein, sem þeir stunda, ef það er í einhverju öðru byggðarlagi en því, sem þeir eru fæddir í; menn eru sviptir því sjálfsforræði sem þeir eiga rjett á — já, heimting á — að njóta, meðan þeir eru ekki komnir á náðir nokkurs sveitarsjóðs eða tillags af sveitarsjóði; það eru dæmi til þess, að menn eru hraktir burt þaðan sem þeir hafa verið í fleiri ár — og hafa haft nægilegt fyrir sig og sína —, bara af ótta fyrir því, að þeir gætu orðið til byrða. Það eru líka dæmi til þess, að sveitarstjórnir hafa gengizt fyrir því, að gipta burtu einstaklinga til þess, að losast við þá, og á þann hátt tvöfaldað byrði annara sveitarfjelaga; slíkar og þvílíkar brellur ættu ekki að eiga sjer stað hjá nokkurri sveitarstjórn, sem geta haft hin hryggilegustu afdrif, fyrir þá sem fyrir þeim verða. Sveitarnefndirnar ættu í þessu máli engan rjett að hafa yfir mönnum, meðan þeir eru sjálfbjarga.

Hvað kemur til, að menn flytja hópum saman úr sveitum, og keppa eptir því, að komast í þurrabúð í sjóplássum? Af hverju nema því, að þeir treysta sjer betur til að hafa ofan af fyrir sjer og hyski sínu þar, en heima fyrir, og

þá þegar hann er búinn að vera þar eitt eða tvö ár, þá tekur sveitastjórnin eða bæjarstjórnin í taumana, og hrekur hann heim á sína sveit, sem hefir það í för með sjer, að af þessum hrakningi er hann orðinn svo fátækur þegar heim kemur, að hann kemst ekki lengur hjá því að fá styrk; af þessu leiðir aptur það, að sveitarþyngsli vaxa ár frá ári og knýr það menn af landi burt til Ameríku svo þúsundum skiptir.

Jeg skal ekki eyða mörgum orðum um þá þingsál.till., sem hjer liggur fyrir, en álít mikla nauðsyn á, að endurskoða þessa fátækralöggjöf sem nú gildir, og að hún þurfi mikilla endurbóta við, því jeg get ekki betur sjeð, en að fátækralöggjöfin, eins og hún nú liggur fyrir, sje blettur á íslenzkri löggjöf, bæði í þjóðmegunar- og siðferðislegu tilliti. Jeg skal ennfremur gefa þær upplýsingar þessu viðvíkjandi, að ráðgjafi Íslands hefir privat látið álit sitt í ljósi í þessu máli við mikils metinn embættismann hjer á landi, og hefir tjáð sig fúsan að styðja breytingar til betra, hvað fátækramál Íslands snertir, svo öll líkindi eru til að þingsál.till. okkar fengi góðar undirtektir hjá stjórninni, ef hún kæmist þangað.

Árni Jónsson: Þessar tvær ræður, sem þeir h. þm. Dal. (J. P.) og h. þm. Vestm. (I. E.) hjeldu hvor á eptir öðrum, áttu, eptir því sem mjer skildist, báðar að lúta að því, að sýna fram á, að hin núgildandi fátækralöggjöf væri með öllu óhafandi. H. þm. Dal. (J. P.) vildi byggja þetta fyrst og fremst á því, hvað fátækrareglugjörðin frá 8. jan. 1834 sje orðin gömul. En það er nú ekki mikil ástæða út af fyrir sig, því að það er margt gott, þó gamalt sje; þrátt fyrir þær rökleiðslur, sem h. flutningsm. hafa komið fram með, verð jeg að álíta, að hin núgildandi fátækralöggjöf sje all-viðunanleg. Jeg get ekki talið það svo fjarskalega mikilvægt, þótt betur gæti farið að orða einstaka greinir í fátækratilsk. dálítið öðruvísi, t. d. 20. gr. í 7. kap. Jeg get ekki sjeð. að fyrir það beri nauðsyn til að setja nefnd í þetta mál milli þinga.

H. þm. Dal. (J. P.) fór mörgum orðum um ávextina af reglugjörðinni og taldist svo til, að þeir væri vaxandi sveitarþyngsli. Kom hann með langar skýrslur um þau. En eptir þeim gat jeg ekki sjeð, að sveitarþyngslin hefði stöðugt farið vaxandi, sem þó hefði átt að vera, ef það væri rjett ályktað, að þau væru reglugjörðinni að kenna. Jeg held það þurfi sannarlega á fleira að líta, þegar ræða er um sveitarþyngslin og orsakir þeirra. Mjer finnst það hafi alls ekki verið fátækralöggjöfinni að kenna, þó þau hafi verið mikil á stundum. Það er svo margt, sem getur komið því til leiðar, að slíkt fer mismunandi, bæði árferði, atvinnubrestur, aflaleysi, heilsufar, o. fl. Þetta sjest bezt á því, hvað það er mikill munur á sveitarþyngslunum í hinum einstöku hreppum. Mjer fannst líka h. þm. (J. P.) komast í mótsögn við sjálfan sig, þegar hann sagði: að meðan lögin frá 1834 hefði eigi verið komin svo fyrir, að menn væri orðnir leiknir að beita þeim, þá færi allt skaplega, en svo yfirþyrmdi sveitarvandræðunum um það leyti, sem þau kæmust algerlega inn í meðvitund manna, sem mjer virtist hann telja nál. 1870. En samkvæmt þessum skýrslum hans var 1870 14. hver maður á sveit, en árið 1880 23. hver maður, svo að eptir því hefir eigi reglugjörðin eða meðferð hennar orðið til að auka sveitaþyngslin á því tímabili.

Að öðru leyti get jeg ekki sjeð, að sú nefnd sem sett væri milli þinga til að íhuga þetta mál, kæmist að miklu heppilegri grundvelli í fátækralöggjöf-

nni, en einmitt þeim, sem hún er nú íbyggð á, nema þá með því einu móti, að afnema fátækraskylduna, og ef h. þm. Dal. (J. P.) vill gera það, þá skal jeg fúslega fylgja honum að því.

Jeg þekki ekki til, að við fátækraflutninga komi fram það »mannúðarleysi og harka,« sem þm. (J. P.) talaði um, og verð að mótmæla því fyrir hönd þeirra sveitastjórna, sem jeg þekki til.

Sami h. þm. (J. P.) sagði, að fátækrareglugjörðin hefði »dregið úr ættmannarænktinni« Hvernig þá? Jeg skil eigi að h. þm. Dal. (J. P.) hafi lesið vel 4. gr. fátækrareglugjörðarinnar. Jeg sje eigi betur en að hún einmitt lögskipi ættmanna framfærslu upp og ofan; jeg hef allt af skilið þessa grein svo, að fyrst beri að leita til foreldra og barna í beinan legg upp og ofan, hvort þau geti eigi styrkt eða sjeð fyrir þurfalingnum, og sje þau eigi fær um það, þá fyrst sje þeim veittur fátækrastyrkur í bráðina. Ennfremur leggur greinin svo fyrir, að leita skuli til annara ættmanna. Jeg skil eigi hvernig h. þingm. getur sagt, að þessi grein dragi úr ættmannaframfærslu, og jeg sje eigi, hvernig á henni yrði hert með nýjum lögum. Ef því eitthvað brestur á í þessu efni, þá er það ódugnaði sveitarstjórnarinnar að kenna.

Þá sagði sami h. þm. að reglugjörðin hefði »vakið siðspilling í hjörtum sveitarstjórna, þar sem þær með brellum reyndu að frelsa sveit sína frá ómögum«. Þetta eru nokkuð þung orð, og jeg held þau sjeu ekki rjett. Jeg get eigi viðurkennt, að sveitarstjórnir þar sem jeg þekki til, hafi gengið út fyrir reglugjörðina í þessu efni. Jeg skil yfir höfuð eigi að reglugjörðin 1834 sje orsök til sveitarþyngslanna, og h. flutningsmenn hafa eigi komið með neina ástæðu sem sanni það. Það væri auðvitað ágætt, ef menn gætu uppgötvað eitthvert heppilegt ráð til þess að minnka sveitarþyngslin, og jeg fæ eigi betur sjeð, en ýms nýrri lög hafi gjört það. Bæði lögin um sveitarstyrk og fúlgu, og lögin frá 1890 um framfærslu óskilgetinna barna, hafa gjört mikla umbót á því, sem einkum var að í reglugjörðinni 1834.

H. þm. Dal. (J. P.) tók fram, að það væri ráð til að fyrirbyggja hrakninga hreppa á milli, að afnema að menn gætu unnið sjer sveit, og láta fæðingarhreppinn ætíð vera framfærsluhrepp. Jeg sje eigi að fátækraflutningarnir hverfi fyrir það svo, lengi sem framfærslusveitin er önnur en dvalarsveitin. Jeg hef nokkuð hugsað um þetta mál, og jeg hefi ekki getað fundið að fátækralöggjöfinni eins og hún nú er yrði breytt til verulegra bóta í tilliti til sveitarþyngslanna, nema afnema algjörlega framfærsluskylduna. En þetta er svo nýtt og stórt spursmál, að það þarf að íhugast og ræðast vel. En í þessa átt vildi jeg beina stefnu þessa máls. Það er undarlegt að stjórnarskráin sjálf skuli skipa mönnum að framfæra alla þurfalinga. Það er alls eigi þörf, að hafa svo ströng ákvæði í henni, eins og tekið var fram hjer á þingi í sumar. Á þessum mannúðartímum er engin hætta á, að menn sjeu látnir velta út af úr eymd og sulti. Jeg verð að álíta það skaðlegt, að hverjum einum sje þannig lögheimilað að heimta styrk, hvenær sem björg þrýtur fyrir honum allt frá vöggunni til grafarinnar, hvernig sem hann svo hefir spilað úr kröptum sínum og fjármunum. Það elur upp í mönnum kæruleysi og jafnvel metnað yfir, að eiga þessa eða hina sveitina. Jeg vil loka þessum breiðu hreppsdyrum, afnema þennan rjett og láta menn heldur treysta á mannúð og drenglyndi, þegar þá dagaði uppi.

H. þm. Vestm. (I. E.) lagði áherzlu á að sveitarstjórnir hefðu of mikið vald yfir mönnum áður en þeir færu á sveit, en jeg veit eigi í hverju það kemur fram. Sveitarstjórnin má eigi veita styrk án nauðsynjar, en þegar menn eru orðnfr þurfandi, þá sýnist mjer eigi nema rjett, að hún hafi leyfi til að ráða um efni þeirra. Mjer þótti undarlegt, hvað h. þm. Vestm. (I. E.) lagði mikla áherzlu á það, að ráðgjafi Íslands væri eða yrði þessu máli sinnandi. Það hefir komið fram í öðrum málum stundum, að það væri til lítils að vitna til hans kunnugleika á vorum sjerstöku málum. Jeg fyrir mitt leyti álít það samt jafnan mikinn stuðning fyrir hvert mál sem er, ef þingið veit, að stjórnin muni taka vel undir það.

Jeg held, ef nefnd væri sett í þingbyrjun til að undirbúa þetta mál, þá væri það heppilegast. Þessi millþinganefnd gjörði líklega ekki stórum meira en sú nefnd, sem þingið sjálft skipaði innan þings.

Skúli Thoroddsen: Af því jeg hef komið fram með breyt.till., skal jeg leyfa mjer að tala fáein orð.

Það getur verið vafi á því, hvort millþinganefnd sje heppileg; þær hafa þótt gefast misjafnlega; en af því að tillaga þessi var komin fram, og af því að jeg taldi það eigi ólíklegt, að hún kynni að ná fram að ganga, þá hef jeg komið með þessa breyt.till.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að landsstjórnin hefir að jafnaði fullt og óbrigðult traust til hinna hæstsettu embættismanna; þeir einir hafa í hennar augum vit í kolli og þekkingu á öllu mögulegu og ómögulegu; jeg get því vel skilið, að hún mundi setja í þessa nefnd t. d. amtmennina og nokkra aðra háttstandandi menn, ef hún hefði alveg óbundnar hendur í valinu; en með allri og fullri virðingu fyrir þessum góðu og háu herrum, þá þekkjum vjer þess dæmin, að það er ekki einatt, að embættisröggsemi eða vinsældir hjá stjórninni fari saman með pólitiskri þekkingu á þjóðmálum. Jeg hef þess vegna komið fram með þá breyt.till., að að eins einn nefndarmanna skuli vera úr Reykjavík, en að hinir nefndarmenn sjeu sinn úr hverjum landsfjórðungi. Ef þessi breyt.till. kemst að, álít jeg, að nokkru meiri trygging mundi fengin fyrir því, að nefndin yrði skipuð þeim mönnum, sem þekkja, hvernig til hagar í ýmsum hjeruðum landsins, og hvar skórinn einkum kreppir að landsmönnum, að því er fátækramálefni snertir.

Jeg skal því næst drepa stuttlega á þingsál.till. í heild sinni. Aðalgallarnir á fátækralöggjöf vorri eru að minni hyggju sveitfestisreglurnar. Eptir lögunum vinna menn hjer sjer sveit með 10 ára samfleyttri dvöl í sama sveitarfjelagi. En af þessum sveitfestisreglum leiða aptur sífelldir hrakningar á milli hreppa. Jeg þekki mörg dæmi þess, og jeg veit, að þm. þekkja það líka, að menn, sem hafa haft stöðuga dvöl í sama hreppnum 7—8 ár, hafa orðið að hröklast þaðan; og einkum á þetta sjer stað, ef það eru fátækir barnamenn, sem í hlut eiga; þá fara sveitastjórnirnar að hugsa um, hvernig þær geti losazt við þá, áður en þessi 10 ára tími sje liðinn; þær fara að amast við þeim á allar lundir, bæði með því að reyna að þrengja að þeim með húsnæði, og enda með því, að leitast við að fá þá til að þiggja sveitarstyrk. Af þessu leiðir aptur, að þótt þeir gætu framvegis bjargað sjer og sínum, ef þeir hefðu fengið að vera óáreittir á sama stað, þá komast þeir opt á vonarvöl, af því að verða að hrekjast burtu. Þetta er algeng og alþekkt afleiðing af sveitfestisreglunum. En það er í sjálfu sjer eðlilegt, að dvalarsveitin vilji losna við

þá, sem útlit er fyrir, að verði henni til byrði; aptur á móti verður afleiðingin fyrir framfærsluhreppinn sú, að maður, sem máske hefði getað að mestu sjeð fyrir sjer sjálfur, ef hann hefði fengið að sitja kyrr, verður sínum hrepp til mikilla þyngsla.

Í sambandi við sveitfestisreglurnar þyrfti, að mínu áliti, einnig að breyta lögunum um húsmenn og þurrabúðarmenn. Jeg þekki það, að það er næsta erfitt fyrir menn að fá húsmennsku- eða þurrabúðarmennskuleyfi hjá sveitarnefndum, einkum ef þeir hafa ómegð, og eiga lítil efni; en þetta álít jeg skerðing á atvinnufrelsi manna, og óþolandi hapt á þeim eðlilega rjetti hvers manns, að mega dvelja í því byggðarlagi, þar sem hann bezt fær notið krapta sinna, og treystist bezt til þess, að hafa ofan af fyrir sjer og sínum; og þegar þar við bætist, að menn fá eigi að vera þar kyrrir, sem þeir hafa tekið sjer bólfestu, heldur verða opt og einatt fyrir sífelldum hrakningum af sveitarvaldanna hálfu, þá er skiljanlegt, að margir, eins og h. þm. Vestm. (I. E.) sagði, kjósi heldur að kveðja landið, og fara til Ameríku, þar sem atvinnufrelsið er í meiri heiðri haft.

Af þessum ástæðum er það, að jeg hefi leyft mjer að koma með þá breyt.-till., á þingskj. 470, að hin væntanlega milliþinganefnd hafi eigi að eins um fátækralöggjöfina að fjalla, heldur taki einnig til íhugunar lögin um húsmenn og þurrabúðarmenn.

Hvað annars sveitfestislögunum viðvíkur, þá álít jeg heppilegast, að binda framfærisskylduna við fæðingarhreppinn. Það má auðvitað segja, að það sje hart, að verða að hrekjast þaðan, sem maður hefir dvalið máske mestan hluta æfi sinnar; en jeg held samt, að maður verði að sætta sig við það, til þess að komast hjá enn meiri hrakningum; það er siðferðisleg skylda þjóðfjelagsins að sjá um, að þeir sem eigi geta unnið fyrir sjer og sínum, þurfi eigi að deyja af framfærisskorti; en hins vegar verður sá, sem orðinn er annara handbendi, að sætta sig við það, hvaðan löggjafarvaldið telur heppilegast að hann fái framfæri sitt. Ef löggjöfin kvæði svo á, að framfærsluskyldan skyldi hvíla á fæðingarhreppnum, þá yrðu auðvitað eigi fyrirbyggðir allir fátækraflutningar nje hrakningar milli sveita, en þeir mundu verða miklu minni, af því að sveitarstjórnirnar vissu þá, að þær ættu ekkert á hættu, þótt fátæklingar ílengdust hjá þeim.

En jafnframt því, að framfærsluskyldan væri látin hvíla á fæðingarhreppnum eingöngu, hefir mjer hugkvæmzt, hvort ekki myndi tiltækilegt, að gera fátækrafjelögin nokkru stærri; þá hefðu menn stærri verkahring, eða stærra svæði fyrir þurfamenn til að leita sjer atvinnu á, og ómagarnir þyrftu t. d. eigi að vera bundnir við landvinnu eingöngu, en gætu valið milli lands og sjávar. Gagnvart þessari hugmynd má að vísu hreyfa þeirri mótbáru, að fátækraeptirlitið kynni að verða örðugra, ef fátækrahjeruðin væru stærri en nú gerist; en við því myndi þó, að minni hyggju, að líkindum mega sjá; annars hefi jeg að eins bent á þetta sem bendingaratriði fyrir hina væntalegu milliþinganefnd.

H. þm. Mýr. (Á. J.) benti á, að aðgangurinn að sveitarsjóðnum væri of víður, og verð jeg að taka undir það með honum; það ættu eigi aðrir að fá sveitarstyrk en sjúkir menn, börn og gamalmenni, því að það er sannarlega sorglegt, að sumir, eingöngu fyrir slóðaskap sinn, skuli geta legið uppi á öðrum.

Jeg skal að síðustu taka það fram, að enda þótt jeg hafi eigi háar hugmyndir um milliþinganefndir yfir höfuð, þá álít jeg þó, að það geti verið þýðingarmikið, að nefnd verði sett, til að íhuga þetta mál. Hún gæti þá komið fram með ákveðnar tillögur, sem gætu orðið undirstaða fyrir meðferð og íhugun málsins á síðari þingum; jeg mun því greiða atkvæði með tillögunni, en þó því að eins, að breyt.till. minar komist að, sjerstaklega sú er lýtur að skipun nefndarmanna.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get ekki verið samdóma h. flutningsm. um, að fátækrareglugjörðin frá 8. jan. 1834 sje orðin úrelt, þótt hún sje orðin gömul; það er margt gott þótt gamalt sje, og svo er um mörg ákvæði í henni, þótt hún sje gefin út á einveldistímanum. Jeg get dáðzt að ýmsum gullkornum í henni, einkum þegar þess er gætt, á hvaða tíma hún var samin. En jeg er þó samdóma h. þm. Dal. (J. P.) um, að eigi væri horfandi í kostnaðinn við að skipa milliþinganefnd, ef hægt væri að gjöra sjer von um, að hún gæti komið fátækralöggjöf vorri í gott lag, og stuðlað til þess, að ljett yrði af oss hinum miklum sveitarþyngslum. Það hefir einu sinni verið sagt af hagfróðum manni, að þær tölur, sem ganga til fátækra hjá oss, sjeu voðalegar. En það er ekki eingöngu lögunum að kenna, heldur fremur hinu, að þjóðin hefir ekki haft nóga manndáð, sjálfstæði og sómatilfinning til þess að bjarga sjer. Það má margt segja um þetta mál fram og aptur. Jeg er samdóma h. þm. Mýr. (Á. J.) um, að ýmislegt hafi verið gjört á síðustu árum til þess að kippa fátækramálunum í lag; skal jeg nefna til þess lögin um sveitarstyrk og fúlgu, og lögum framfærslu óskilgetinna barna. Ræða h. þm. Dal. (J. P.) gekk meðal annars út á það, að tala um fátækraflutning, en úr vanhögum við hann mundi vel mega bæta, án þess að setja nefnd milli þinga. Jeg held að h. þm. (J. P.) hafi gjört heldur mikið úr ómannúð þeirri, sem beitt er við þessa flutninga nú á síðari tímum. Það er alkunnugt, að nú er miklu meiri mannúð ríkjandi og miklu betur farið með þurfamenn, börn og gamalmenni, bæði hvað flutning á þeim snertir og annað, en áður var. Þó skal jeg fúslega játa, að því geti enn verið ábótavant, einkum uppeldi á sveitarbörnum, að ekki sje nóg stund lögð á að gjöra þau að sjálfstæðum og sjálfbjarga mönnum og velja þeim hina beztu staði, sem til eru í hverju sveitarfjelagi. En þetta er í sjálfu sjer ekki reglugjörðinni að kenna, og jeg efast stórlega um, að milliþinganefnd yrði stórum ágengt að kippa þessu í lag; og þegar menn hafa ekki manndáð eða menningu til að framfylgja lögunum, þá er sama hvort þau eru eldri eða yngri.

H. þm. (J. P.) minntist á, að þurfalingarnir fengju ekki jarðnæði; en hvernig á að fara að því að útvega þeim það? varla skapast þó hjer ný jarðnæði við ný lög. Eða á að taka jarðir frá hinum betri mönnum til þess að ljá þessum jarðnæðisleysingjum? Jeg er hræddur um, að þá þætti gengið nokkuð nærri eignarrjettinum, og það því fremur sem þær jarðir eru, eins og von er, almennt ver setnar, sem hreppsþurfamenn búa á, því að sú vill raun á verða, að margir þeirra eru miður duglegir, enda eðlilegar afleiðingar fátæktarinnar. Það mundi því neyðarúrræði, að skylda nokkurn til að selja jörð sína á leigu undir slíka menn.

Þá hefir líka verið minnzt á það, að

rjettast væri að hver fengi sveitarstyrk, þar sem hann væri staddur, til þess að fyrirbyggja hrakninga þá, sem leiða af því að flytja menn á sveit sína.

Jeg játa að þetta gæti verið gott, ef hægt væri að koma því við. En þegar vjer íhugum, hvaðan mestir fátækraflutningar koma og hvernig á þeim stendur, þá munu menn sjá, að það er torvelt; því að hvaðan eru mestir fátækraflutningar? Frá sjávarsveitunum. Í góðum fiskiárum flykkjast menn þangað ofan úr sveitum og geta þá bjargað sjer; en þegar afli bregzt, komast margir þessara manna á vonarvöl. Ef þeirri reglu væri nú fylgt, að leggja hverjum þar, sem hann væri staddur, þá mundu margir hreppar verða hart úti; þeir yrðu að borga mikið fje til fjarlægra sveita, gætu ekki haft tilsjón með þessum þurfamönnum, og misstu alla vinnu þeirra út úr hreppnum. Þetta gæti ekki haft heillavænlegar afleiðingar; það væri í líkingu við það, að þurfa að gjalda skatt úr landi burt, því að jeg skoða hvern hrepp sem sjerstakt ríki eða fylki, og það eru þeir að því leyti, að hver hreppur hefir mikið af fjármálum sínum út af fyrir sig, og þar á meðal einmittfátækra fjármálin; og það er óefað heppilegra, að hver hreppur geti varið sem mestu af fátækraframlagi sínu inni í hreppnum sjálfum, og þurfi ekki að láta það ganga til annara hreppa. Það er venjulega mikill munur á að geta goldið fátækragjald sitt til nágranna síns, en að þurfa að láta það eitthvað langt í burtu. Jeg fyrir mitt leyti vildi ekki eiga að vera í sveitarstjórn, ef jeg gæti enga umsjón haft með ómögum og þurfamönnum sveitarinnar, og ekki neitt eptirlit með, hvernig þeir verja tillaginu eða vinnukröptum ef nokkrir væru, þó þeir ætu allt upp með iðjulausum höndum.

Jeg hef sjeð það í mörgum yfirvaldaúrskurðum á síðari árum, að mikil áherzla hefir verið lögð á, að framfærsluhreppnum væri tilkynnt sem allra fyrst, þegar einhver hefir orðið sveitarþurfi, svo að sveitin gæti sem fyrst haft hönd í bagga með þurfalingnum. Þetta er líka nauðsynlegt, því að jeg veit til að margur hreppurinn hefir orðið að borga ekki svo fáar krónur, af því að hann hefir ekki í tíma fengið að vita um þurfamenn sína í öðrum hreppum. Jeg verð því að álíta það ókost en ekki kost, ef þetta kæmist á, og það mundi reynslan sanna, að ekki yrði lengi vel þegið. Það eru til bein lögákvæði um, að fara vel með þurfamenn á flutningum og það einmitt í okkar gömlu og góðu fátækrareglugjörð frá 8. janúar 1834; það er því beint lagabrot, ef út af því er brugðið, og liggur hegning við. Það verður líklega aldrei komið svo fyrir fátækramálum hjer, að engir fátækraflutningar þurfi að eiga sjer stað.

Um framfærslutímann má margt segja með og móti, um það hvort rjettara sje, að 10 eða 5 ár þurfi til að vinna sjer sveitfesti, eða hvort fæðingarhreppurinn skuli vera framfærslusveitin. Það gæti verið, að það drægi nokkuð úr fátækraflutningunum, ef fæðingarhreppurinn væri gjörður að framfærsluhreppi, en ósanngjarnt getur það opt verið, að fæðingarhreppurinn verði að annast þann mann, sem burt hefir farið kornungt barn, áður en það gat nokkurt gagn gert, en unnið og verið uppbyggilegur í öðrum hreppi. Mjer þótti harðlega til orða tekið hjá h. þm. Dal. (J. P.), er hann líkti fátæktraflutningum hjer á landi við Síberíu-flutningana rússnesku, því að eptir því, sem jeg hef

heyrt af þeim flutningum, þá mun aldrei sú óöld hafa gengið hjer yfir land, að slíku væri saman jafnandi, hvað þá nú, þegar menn verða að játa, að runnin sje upp mannúðlegri öld en áður var hjer og mýkri siðir. Mjer þykir þjóð minni eigi vera sæmd sýnd með þessu.

H. þm. Vestm. (I. E.) talaði um það, hvað mikið hefði gengið til fátækraframfæris hjer á landi, og bar það saman við önnur lönd, einknm Noreg. En það er ekki hægt að byggja svo mikið á þessum tölum; það er eigi síður árferðið en löggjöfin, sem skapar sveitarþyngslin. Jeg er viss um að þeim hefir ljett stórum til sveita nú þessi síðari ár, síðan árferðið batnaði. Eins er við sjó, þegar vel fiskast; og svo aukast þau aptur, þegar harðnar í ári. Það var eðlilegt, þótt hjer væru mikil sveitaþyngsli á meðan fjárkláðinn geisaði, eða frá 1856, og ofan á það bættist að heita mátti samanhangandi harðindabálkur frá 1860 til 1885. Það er því varúðarvert að skella allri sökinni á löggjöfina fyrir sveitarþyngsli á þeim tíma. H. þm. (I. E.) kvað það mundi mest hafa verið fátækralöggjöfin, sem hefði rekið menn hjerna af landi burt. Nei, hún mun það ekki hafa verið, heldur mest harðæri. Nú þegar batnaði í ári, minnkuðu útflutningarnir stórum, en aldrei voru þeir eins stórkostlegir og hörðustu árin. Engin lög munu geta fyrirbyggt útflutninga; mannflutningar þeir hafa átt sjer stað, svo lengi sem sögur hafa af farið, þótt ekki hafi verið brögð að þeim hjer á landi fyr en á síðustu árum. Útflutningar voru frá Noregi og þeir ekki svo litlir, þegar Ísland byggðist. Útflutningar eru eins og nokkurs konar landfarsótt. Það liggur í manneðlinu að vilja leita til ókunnra og fjarlægra staða í von um að þar muni betra að vera. Jeg er viss um, að margt annað hefir rekið menn hjeðan meir til Ameriku en fátækralöggjöfin.

H. þingm. Vestm. (I. E.) minntist á hið sama og h. þm. Dal. (J. P.), að fátæklingarnir fengju hvergi inni. En hjer er ekki gott viðgjörða; það er ekki gott að margskipta jörðum sundur eða margfjölga þurrabúðum við sjó. Menn verða að játa það, að margir eru fátækir og þurfamenn vegna leti og ómennsku; þeir leita til sjávarins af því, að þeir halda að þeir þurfi að hafa þar minna fyrir lífinu; þeir ala þar upp börn í leti og ómennsku og lifa á annara sveita; þetta er lítið rjettlæti, og engin ástæða sýnist til að hlynna að því, að slíkir menn fái að vera sjálfum sjer ráðandi. Það eru allt of mörg dæmi til þess, að menn hafa farið úr sveit í góðum kringumstæðum til Reykjavíkur eða annara sjávarstaða, en orðið eptir fá ár að fara aptur öreiga heim á sveit sína, þegar afli hefur brugðizt. Það er allt of margt fólk hjer við sjóinn í samanburði við atvinnuvegina. Sagan sýnir, að fiskileysisárin hjer við Faxaflóa eru ekki færri en góðu fiskiárin. Það er mannmergðin, sem eyðileggur atvinnuveginn, því að þó vel fiskist á einhverjum bletti um stund, þá er fjöldinn svo mikill um það, að fiskurinn er á skömmum tíma urinn upp eða flæmdur burtu. Það er að eins þegar flóinn er fullur af fiski, að almennt fiskirí er. Þannig mun það ganga, að stopult mun að reiða sig á það, að bjarga sjer við sjóinn, á meðan útvegurinn kemst ekki í betra horf, á meðan vjer fjölgum ekki þilskipum vorum að stórum mun, og svo lengi sem vjer yrkjum ekki landið við sjóinn betur en vjer gjörum. Þessi tvö skilyrði útheimtast til þess, að nokkurn veginn tryggilegt geti verið fyrir allmikinn mannfjölda að búa við sjóinn, og ef þau væru fyrir hendi,

væri hægra að breyta sveitfestisreglunum, en nú er.

Að endingu skal jeg minnast á síðar; part tillögunnar. Jeg er sannfærður um að hún öll er sprottin af góðum hug og fram yfir það, en jeg er vantrúaður á að þessi fyrirhugaða nefnd geti gjört nokkurt verulegt gagn, nema ef vera skyldi í einstökum atriðum. Mjer þykir það skaði, að síðari liðurinn er ekki heppilega orðaður; það er ekki heppilegt ákvæði, að landsstjórnin skuli bjóða embættismönnum og sveitarstjórnarvöldum landsins að láta þessari nefnd í tje allar þær skýrslur og upplýsingar viðvíkjandi fátækramálum, sem nefndin álítur þörf á að fá. Þetta álít jeg óheppilegt, af því að nefndin veit ekki, fyr en hún er sezt á rökstóla, hvaða skýrslur hún muni þurfa að fá. Þetta gæti orðið óþægilegt, einkum ef breyt. till. h. þm. Eyf. (S. Th.) kemst að, og jeg álít að hún eigi það skilið; þá yrði ekki um annað að gjöra fyrir nefndarmenn, er það kæmi í ljós að þá vantaði skýrslur, en annað hvort að fara heim aptur og koma seinna saman, eða bíða þangað til skrifað hefði verið eptir skýrslunum og þær komið; en hvorttveggja gæti verið æði kostnaðarsamt. Þegar skattanefndin var skipuð 1877, þá hafði áður orðið hafður nægur viðbúnaður að safna skýrslum; embættismönnum og umboðsmönnum hafði löngu áður verið skipað að senda þær hingað til Reykjavíkur, og þó vantaði nefndina ýmsar skýrslur, þegar til kom, og fjekk þær aldrei, og jeg hygg þær vanti enn í dag. Auðvitað má margar upplýsingar fá úr Stjórnartíðindunum og skýrslum sýslumanna, en fullnægjandi verða þær upplýsingar þó ekki.

Þetta er mitt álit, að hjer sje um mjög umfangsmikið mál að ræða og uppskeran tvísýn. Mjer finnst að upp-

ástungumennirnir hefðu að minnsta kosti átt að taka til í tillögunni, um hvaða skýrslur skyldi biðja, til þess að vera vissari um árangur af störfum nefndarinnar, svo að hún hefði eitthvað að vinza úr, þegar hún væri saman komin.

Jón Jónssou (þm. N.-M.): Jeg býst við að umræðurnar þyki vera orðnar nokkuð langar, og því skal jeg gleðja h. þingdeildarmenn með þessu gamla og góða fyrirheiti, sem svo opt hefur verið gefið hjer á þingi, að jeg ætla ekki að vera langorður. Jeg ætla að eins að gjöra grein fyrir því, hvers vegna jeg get ekki verið með tillögu þessari. Aðalástæðan er sú, að jeg álít tátækralöggjöf vorri ekki svo ábótavant að hún þurfi stór-breytinga. Jeg held hún þurfi ekki meiri breytinga en svo, að hægt sje að gjöra þær á þingi, án þess milli-þinga-nefnd hafi fjallað um hana áður. Jeg get reyndar verið samdóma h. þm. Dal. (J. P.) um það, að nokkrar breytingar sjeu æskilegar á fátækrareglugjörðinni, en jeg er honum ekki samdóma um, hvaða breytingar einkum beri nauðsyn til að gjöra á henni.

Mjer skildist á h. þingm. Dal. (J. P.) að honum þætti fátækrareglugjörðin allt of hörð, að hún hefði vakið siðaspillingu, og að hún skerti almenn mannrjettindi. Mín skoðun er, að fátækralöggjöfinni sje ekki nógu vel beitt, og að ekki vanti í hana góð ákvæði; hitt sje aðal-meinið, að þeim sje of linlega beitt, en ekki það, að ákvæðum hennar sje of harðlega beitt.

H. þm. Dal. (J. P.) minntist á fátækraflutninginn, og að börn væru flutt sveita á milli bundin ofan á reiðing, og fleira sem hann taldi upp. Jeg efast um, að milli-þinga-nefnd komi með nokkur þau ráð, sem óyggjandi sjeu til að fyrir-

þyggja þetta, enda verð jeg að segja það, að jeg þekki ekki þessa ómannúðlegu meðferð, sem h. flutningsm. var að lýsa, á börnum eða öðrum sem fluttir eru hreppaflutningi.

Yfir höfuð tannst mjer ræða h. þm. Dal. (J. P.) ekki ganga út á að sanna, að veruleg nauðsyn væri á að setja þessa milli-þinga-nefnd. H. þm. Dal. (J. P.) kenndi fátækralöggjöfinni um, hve há gjöldin til fátækra hefðu verið og væru, og hið sama kom fram hjá h. þm. Vestm. (I. E.); ef svo væri, þá hefðu þessi gjöld allt af átt að fara sí-hækkandi, síðan fátækrareglugjörðin komst í gildi. En nú sýndi h. þingm. Dal. (J. P.) einmitt fram á það, að þau hefðu lækkað mjög á einu tímabili, síðan fátækrareglugjörðin kom í gildi. Með þessu hefur h. þingm. Dal. (J. P.) sjálfur sannað, að s eitarþyngslin stafa ekki eingöngu af fátækrareglugjörðinni; hitt mun sannara, sem fram hefir verið tekið, að árferðið og hugsunarháttur þjóðarinnar eigi mestan þátt í að skapa þau. Hann færði það og til, að hugsunarhættir og atvinnuvegir hefðu mjög breytzt, síðan reglugjörðin var samin; með því hefur hann sjálfur hrakið það sem hann var að benda á, að 20. gr. reglugj. væri nú orðin úrelt og óhafandi; því að sje hún orðin úrelt, þá er henni ekki heldur lengur beitt, þegar hugsunarháttur og atvinnuvegir eru orðnir svo breyttir að hún á eigi við, og þá þarf ekki milli-þinga-nefnd til að koma fram með ráð til að nema hana úr gildi.

H. þingm. Vestm. (I. E.) sagði, að ekkert það vald ætti að vera til, sem banni mönnum að leita atvinnu hvar sem þeir vilja. Jeg er nú auðvitað ekki eins lögfróður eins og h. þingm. Vestm. (I. E.); en jeg þekki ekki heldur nein lög, sem banni búandi sjálfbjarga mönnum þetta. En mjer finnst það ekki óeðlilegt, þótt nokkur höft sjeu lögð á ósjálfbjarga óráðsmenn, sem lifa af annara fje. Mjer þykir það alveg rjett, að sveitarstjórnir sjeu ekki skyldar til þess að kasta fleiri hundruðum króna í slíka menn, máske til þess að byggja sjer hús í kaupstað, rjett við hliðina á veitingahúsi, þar sem allrastytzt sje í svölunarlindina fyrir þá; það er ekki rjett að slíkir menn svalli út stórfje, sem tekið er af fátækum bændum, sem berjast með öllum kröptum fyrir sjer og sínum. Jeg skil ekki í, að annar eins bindindismaður og h. þm. Vestm. (I. E.) skuli halda nokkru svipuðu þessu fram. *(I. E.:* Jeg hef ekki gjört það). Hvað meinti h. þm. Vestm. (I. E.) þá?

H. þm. Dal. (J. P.) sagði, að fátækralöggjöfin hefði allt að þessum tíma verið að festa rætur í meðvitund manna; það væri fyrst nú, að hún væri nokkurn veginn komin inn í meðvitund almennings. Jeg held þetta sje einmitt ein af ástæðunum fyrir því, að ekki sje rjett að setja milli-þinga-nefnd að svo komnu til að umskapa hana; það mundi ráðlegra að sjá fyrst, hvernig hún reynist nú, eptir að hún er komin inn í meðvitund þjóðarinnar. Jeg er h. þm. Dal. (J. P.) samdóma um, að reglugjörðinni hafi ekki verið beitt svo vel, sem skyldi. Jeg vil leyfa mjer að benda á það, að fátækrareglugjörðin býður að hjálpa þeim, sem með tilhlýðilegri brúkun krapta sinna geti ekki unnið fyrir sjer og sínum, og aptur á hina hliðina býður hún sveitarstjórnum að sjá um, að menn, sem þiggja af sveit, beiti vel kröptum sínum til að afla sjer og sínum viðurværis. Þessi ákvæði sýnist mjer tryggja rjett beggja, gjaldendanna og þiggjandanna, og jeg verð því að halda því fram, að hún hafi í sjer fólgna nokkurn veginn næga tryggingu bæði fyrir fátæklingana og sveit-

arstjórnirnar, ef henni er rjettilega beitt. Jeg mun því gefa atkvæði móti þessari þingsályktunartill., af þeim ástæðum sem jeg hef nú tekið fram.

— Þegar hjer var komið, óskuðu 8 þingdeildarm. skriflega, að umræðunum yrði hætt, og samþykkti þingd. það með 13 atkv.

Flutningsmaður (Jens Pálsson) fjekk þó leyfi forseta til að gjöra stutta athugasemd. Hann kvaðst aldrei hafa sagt sumt af því, sem þeir h. 1. þm. N.-M. (J. J.) og h. þm. Árn. (Þ. G.) og fleiri hefðu viljað láta sig segja. Hann kvaðst t. d. aldrei hafa sagt, að fátækrareglugjörðin hefði ekki komizt inn í meðvitund manna fyr en um 1870, heldur hefði hann talað í þá átt, að hún hefði verið lengi að komast inn í meðvitund manna og því lengur til fullrar framkvæmdar á þann hátt, er nú ætti sjer stað, og menn hefðu ekki verið orðnir leiknir í framkvæmdinni fyrr en eptir langan tíma, og væru að æfast í henni enn til þessa. *(J. Jónss.* þm. N.-M.: H. þingm. (J. P.) sagði, að hún hefði allt að þessum tíma verið að komast inn í meðvitund manna. Jeg skrifaði orðin eptir honum). Hann kvaðst heldur ekki hafa líkt fátækraflutningi hjer á landi saman við Síberíu-flutningana, en hann kvaðst hafa sagt, að sjer hefðu opt dottið í hug Síberíu-flutningarnir rússnesku, þegar hann hefði sjeð húsföðurinn hrakinn nauðugan og niðurbrotinn frá heimili og atvinnu, með grátandi konu og börnum, hrakinn til fjarlægra og ókunnra hjeraða, til þess að fara beint á sveitina, — til þess að verða að slíta frá sjer elskaða konu og elskuð börn án vonar um samvistir nje nokkra viðreisn, — þegar hann hefði sjeð þessi tár og þetta böl, i sambandi við fátækraflutningana.

Að nefna Síberíu-flutningana í þessu sambandi hefði h. þingm. Árn. (Þ. G.) þótt ósómi fyrir þjóðina, en þingmaðurinn sjálfur hefði þó opt komið með orð í ræðum sínum, sem væru engu síður meiðandi fyrir þjóðina, sem svo þegar hann væri að brigzla henni um leti og ómennsku. Þá kvartaði hann yfir því, að í fleirum atriðum hefði ekki verið farið rjett með orð sín, og þau misskilin á ýmsa vegu, og loks ljet hann í ljósi óánægju sína yfir því, að þingd. hefði samþykkt að umræðunum skyldi hætta og með því fyrirmunað sjer og öðrum að skýra málið frekar og svara mótbárum manna.

Indriði Einarsson kvartaði undan því, að h. þingm. Árn. (Þ. G.) hefði rangfært orð sín. Hann kvaðst aldrei hafa sagt, að engin lög væru til, sem fyrirskipuðu fátækraflutninga, en hann kvaðst hafa sagt, að það vald ætti ekki að vera til, sem gæti fyrirskipað fátækra flutninga. Þessi þingdeildarm. ljet sömul. í ljósi óánægju sína yfir því, að umræðurnar væru skornar niður fyrir mönnum hjer í deildinni. Ef hann yrði kosinn á þing aptur, kvaðst hann heldur vilja að hann yrði settur upp í Ed.; þar væru þó spakir og rólegir menn, sem leyfðu mönnum að tala út um málin.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 470 (C. 484) felld með 11 : 7 atkv., en 471 samþykkt með 13 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
G. Halldórsson,	Páll Ólafsson,
Indriði Einarsson,	Sig. Jensson,
Jens Pálsson,	Árni Jónsson,
Jón Jónss. N.-Þ.	Ben. Sveinsson,
Jónas Jónassen,	Eiríkur Briem,
Ól. Briem,	J. Jónss. N.-M.
Ol. Ólafsson,	Ól. Pálsson,
Sig. Gunnarsson,	P. Briem.
Sigurður Stefánss.,	

Skúli Thoroddsen,
Sv. Eiríksson,
Þorl. Guðmundss.,
Þorv. Kjerúlf.

Því næst var till. sjálf þannig breytt felld með 17 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
G. Halldórsson,	Páll Ólafsson,
Indriði Einarsson,	Sigurður Jensson,
Jens Pálsson,	Árni Jónsson,
Skúli Thoroddsen.	Ben. Sveinsson,
	Eiríkur Briem,
	J. Jónss. þm. N.-M.
	J. Jónss. þm. N.-Þ.
	Jónas Jónassen,
	Ól. Briem,
	Ól. Ólafsson,
	Ól. Pálsson,
	Páll Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Stefánsson,
	Sv. Eiríksson,
	Þorl. Guðmundsson,
	Þorv. Kjerúlf.

Tillaga til þingsályktunar um landsbankann (C. 381); síðari umr.

ATKVÆÐAGR.: Till. umræðulaust samþ. með 17 atkv., og send landsh.

Tillaga til þingsályktunar um fulltrúa stjórnarinnar á alþingi (C. 442); ein umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Vjer 5 þingdm. höfum leyft oss að koma fram með þessa þingsályktun, og mætti margt um hana segja, en jeg ætla í þetta sinn að eins fara um hana fáum orðum.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hve óheppilegt það er fyrir oss Íslendinga, að þurfa að eiga afdrif löggjafarmála vorra undir erlendri stjórn, í 300 mílna fjarlægð, sem mjög lítið þekkir til þarfa vorra og hagsmuna, og því óhagkvæmara er það, að æðsti maðurinn í þessari stjórn ekki mætir hjer á þingi til að vinna saman með fulltrúum þjóðarinnar að löggjafarmálum vorum. Þessir agnúar eru það, sem mest hafa leitt til þess, að þing og þjóð hefir frá því fyrsta verið óánægð með stjórn landsins, og af þessu eru einkum sprottnar óskir þjóðarinnar um alinnlenda stjórn. En því örðugri sem samvinnan við hina æðstu stjórn er, því meira er það áríðandi, að stjórnin geri allt sem í hennar valdi stendur til þess, að samvinnan við þingið geti gengið sem bezt, og þar sem það er vitanlegt, að stjórnin vill halda oss Íslendingum rígföstum undir þessari dönsku alríkiseiningu, og hefir því fyr og síðar neitað rjettmætum kröfum vorum um fulla viðurkenning vorra sjerstöku landsrjettinda, þá ætti henni að vera það enn meira áhugamál, að gera það stjórnarástand sem nú er, sem viðunanlegast fyrir oss, t. a. m. með það, að búa fulltrúa sinn hjer á þingi sem bezt út, svo að hann geti í sem flestum málum gefið þinginu greið og ljós svör frá stjórnarinnar hálfu. En stjórnin virðist ekki hafa fyrir þessu. Það er mjög sjaldan, að fulltrúi stjórnarinnar þykist geta sagt með vissu, hvernig stjórnin muni taka í málin, sem þingið hefir til meðferðar. Vjer getum þó ekki betur skilið, en að það ætti að geta verið hægt fyrir ráðherrann að gefa þinginu nokkurn veginn full skil á flestum málum, úr því hann hefir umboðsmann hjer. Að minnsta kosti ætti ráðherranum ekki að vera ofætlun að búa umboðsmann sinn þannig út, að hann geti samið við þingið um þau mál, sem aptur og aptur koma fyrir þingið, og sem vitanlega munu koma fram fyrir það framvegis, þangað til úrslit fást í

þau. Þar sem hin æðsta stjórn landsins vill hafa sig undanþegna þeirri allsherjarreglu, sem hvervetna er fylgt í stjórnfrjálsum löndum, að semja sjálf við fulltrúa þjóðarinnar, þá ætti henni þó að minnsta kosti að vera annt um að gera sitt til, að umboðsmennskan væri meira en nafnið tómt, til þess að fulltrúi hennar þyrfti ekki að standa frammi fyrir þinginu sem ekkert vitandi um vilja eða óvilja stjórnarinnar gagnvart málefnum landsins. Það væri líka nokkuð þægilegra fyrir sjálfan fulltrúa stjórnarinnar, ef hann gæti tekið frjálslega þátt í störfum þingsins, og samið við það fyrir stjórnarinnar hönd um sem flest nauðsynjamál þjóðarinnar. Þetta væri nokkuð þægilegra, segi jeg, en þessi stöðuga óvissa fulltrúans um, hvernig hann eigi eða megi tala um málin.

Vjer vitum, að sá annmarki er hjer á, að Íslands rágjafi er að eins lítill liður í ráðaneyti Danakonungs, og að hann situr í ríkisráði Dana. En allt fyrir það ætti hann að geta sagt sitt álit á málunum og gefið umboðsmanni sínum vald til að lýsa yfir sinni skoðun á málunum.

Ef vjer lítum til þingsögunnar, síðan alþingi fjekk löggjafarvald, þá sjest ekki, að þetta umboð hafi verið rýmkað, sem þó hefði mátt búast við eptir því sem þinginu óx pólitiskur þroski. Þvert á móti virðast afskipti stjórnarfulltrúans af málefnum þings og þjóðar hafa farið minnkandi. Þannig hafa þau verið sáralítil á þessu þingi, kannske aldrei jafnlítil. Jeg vil að svo stöddu ekki kenna stjórnarfulltrúanum sjálfum um þetta, heldur því, að umboð hans muni vera svona takmarkað. En það er leiðinlegt, þegar annar liðurinn í löggjafarvaldinu tekur því nær engan þátt í áhugamálum landsins, eða gefur að eins stöku sinnum óvissar upplýsingar um úrslit þeirra mála, sem þingið hefir til meðferðar, og sem eru áhugamál þess og allrar þjóðarinnar.

Af því hæstv. landsh. ekki er hjer í salnum, skal jeg ekki fara fleiri orðum um þetta mál; það skyldi hafa glatt mig, ef hæstv. landsh. hefði viljað vera hjer og hlusta á umræðurnar um málið.

Skúli Thoroddsen óskaði þess, að till. yrði tekin út af dagskrá, með því að landsh. væri ekki viðstaddur.

Forseti kvaðst vilja verða við ósk þingmannsins og taka málið út af dagskrá. Kvaðst hann mundi láta taka það fyrir aptur næsta mánudag.

Tillaga til þingsályktunar um Skúmstaðaós á Eyrarbakka (C. 441); framh. einnar umr.

Flutningsmaður (Þorl. Guðmundsson): Það var talað um þetta mál hjer í gær; en nú vona jeg að þeir h. þingdm., sem þá ekki voru búnir að átta sig á því, hafi nú kynnt sjer málið svo rækilega, að þeir geti greitt atkvæði með því. Annars hefi jeg ekkert um málið að segja frekar að sinni. Að eins skal jeg geta þess, að jeg álít að það geri málinu í sjálfu sjer engan skaða, þó það verði fyrir mótspyrnu, t. d. þó eigandinn ekki einu sinni vildi leyfa mönnum að ganga um skerin og kanna þau, hvað þá heldur að sprengja klettana. Slíkt gæti engu síður haft þýðingu fyrir framsókn þessa máls, sem jeg ekki efa að komi fyrr eða síðar frá þingi og þjóð.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. í e. hlj. og send Ed.

Fyrirspurn til landshöfðingja frá þm.

Dal., Jens Pálssyni (C. 446); hvort gera megi.

ATKVÆÐAGR.: Að þessa fyrirspurn mætti gera, var samþ. í e. hlj.

Fertugasti og fimmti fundur, laugardaginn 22. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 462, 495); ein umr.

Framsögumaður (Þorl. Guðmundsson): Frv. þetta hefir, eins og kunnugt er, fengið breyting í Ed., með því að það er bætt inn í nýrri grein, sem verður 4. gr.

Nefndin hefir nú látið í ljósi álit sitt og vill leggja það til, að þessi grein verði eigi tekin út aptur, jafnvel þótt undirbúningur undir sölu þessarar jarðar, Kaldaðarness, sje eigi eins og æskilegt hefði verið. H. deild veit eins og jeg, að það er mikilsvert að þetta frv. fái framgang, og það verða víst eigi of mörg gullkorn í sporum þessa þings, þótt frv. þetta nái fram að ganga.

Það er nú margt, sem kann að mæla móti því, að taka uppástungu um að selja þessa jörð upp í frv. án frekari skilyrða. Jörðin mun vera metin með tilheyrandi hjáleigu og kirkjujörðum hjer um bil 112—113 hundruð; hún er landrík mjög, grösug og liggur nálægt Eyrarbakkakaupstað, sem má telja eigi lítinn kost. Aptur á móti má telja henni það til ókostar, að hún mun eigi hafa verið undir framfaraábúð, þótt máske eigi sje hægt að segja, að hún hafi verið niður nídd; enn fremur er hún undirorpin hættulegum skemmdum af Ölfusá, sem hefir brotið þar á ýmsum tímum bæði gott og grösugt land. Á vetrum hleypur hún opt yfir landið, svo að liggur við tjóni á mönnum og skepnum, og ef fyrirhleðslan á Brúnastaðaflötum eigi bilar, þá er Kaldaðarnesi enn hættara en áður, þegar áin gat hlaupið þar upp og breitt úr sjer austur um Flóann.

Þingið hefir áður gefið heimild til að jörð þessi yrði seld fyrir 17,000 kr., en það var svo hátt, að enginn vildi ganga að því. Jeg gæti ímyndað mjer að 11—12 þús. kr. væri eigi of mikið verð fyrir jörðina. Annars er einn ókostur við jörðina, að þar er kirkja mjög forn, sem bráðlega þarf að byggja upp. Mjer er annars ókunnugt um, hvort hún á eigi sjóð, því henni er einhvern veginn öðruvísi varið en öðrum landssjóðskirkjum, og væri æskilegt, ef hæstv. landsh. gæti gefið þingdeildinni upplýsingar um þetta.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að mæla með því, að h. þingd. samþykki frv. þetta eins og nefndin leggur til. Ed. hefir sett inn eina breytingu, sem er, að landsstjórnin megi selja Kaldaðarnestorfuna fyrir 10,000 kr. Þetta verð er að vísu lágt, þegar það er borið saman við það verð, sem þingið áður hefir viljað fá fyrir þessa jörð, sem sje 17,000 kr. En sá maður, sem þá faladi Kaldaðarnes, vildi eigi taka í mál, að kaupa það fyrir þetta verð, og varð feginn að losast við sitt boð, sem þó var talsvert lægra.

Jeg held það væri hagur fyrir landssjóðinn, ef hann gæti selt jörðina, því að hún á mikið land, sem liggur undir áföllum. Bezti og helzti kosturinn við hana eru miklar og góðar slægjur, en Ölfusá hefir opt flætt yfir þær og skemmt þær fyrir fleiri ár. Leiguliðarnir hafa því farið fram á, að fá eptirgjaldið sett niður. Eptirgjaldið allt eptir torfuna er nú, þegar öll kurl koma til grafar, um

250 kr., en þegar orðið hefir að veita leiguliðunum linun í landskuld vegna skemmda á ábýlum þeirra, þá hafa tekjur landssjóðs af eigninni verið talsvert minni. Það er því auðsjáanlega hagur fyrir landssjóðinn að fá að minnsta kosti 400 kr. árlega upp úr eign þess ari, því það fær hann, ef hann selur Kaldaðarnestorfuna fyrir 10,000 kr.

Hvað kirkjuna snertir, þá er hún eins og h. þm. Árn. (Þ. G.) sagði landssjóðseign og á ábyrgð hans, en stjórn hennar öðruvísi fyrir komið en annara landssjóðskirkna, að því leyti að umboðsmaðurinn sjálfur er fjárhaldsmaður hennar. Kirkjan á dálitinn sjóð, sem mun vera um 1000 kr. Helmingurinn þar af er í vörzlum prófasts, en hitt hjá umboðsmanni. Þegar þyrfti að byggja upp kirkjuna, yrði landssjóður að skjóta því til, sem á vantaði.

Það er auðvitað að stjórnin mun, áður en hún selur, leita allra þeirra upplýsinga, sem fáanlegar eru, um það, hvort 10,000 kr. muni vera nægilegt verð fyrir Kaldaðarnestorfuna og leitast við að fá meira, ef hægt er, en jeg hef litlar vonir um það. Jeg vil þess vegna mæla með því, að frv. þetta verði samþykkt, eins og það kom frá Ed.

Framsögum. (Þorlákur Guðmundsson): Það var gott að fá þessar upplýsingar frá hæstv. landsh., en jeg vil bæta því við, að það er líklega óvíst, hvort þessi kirkjusjóður fæst hjá umboðsmanni, ef hann hefir eigi sett veð, því hann mun vera fátækur maður. Ef kaupandi fæst, kemur þetta ekki þinginu við, því hann kaupir jörðina með öllum gögnum og gæðum. Það er og auðsætt, að eigi er hægt að byggja kirkju fyrir 1,000 kr., þótt þær fengjust, en það er víst, að kirkjan verður að byggjast upp mjög bráðlega. Jeg tek það fram aptur, að jeg treysti því, að landsstjórnin hækki verðið, ef hærra boð fæst, og í trausti þess vil jeg í nafni nefndarinnar mæla með, að deildin samþykki frumvarpið óbreytt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 20 atkv. og sent landsh. sem *lög frá þinginu.*

Frumv. til laga um fjárráð giptra kvenna o. fl. (C. 460); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. orðalaust með með 18 atkv. og sent efri deild.

Frumv. til laga um friðun á laxi (C. 468); 3. umr.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Jeg skal leyfa mjer að lýsa því yfir, að jeg sje eigi ástæðu til að fjölyrða um frumv. þetta, því jeg vonast til, að h. þingd. sje sömu skoðunar um það, sem við 1. og 2. umr. Jeg veit það víst, að þessi lög yrðu mikilvæg rjettarbót og alveg nauðsynleg til þess, að laxafjölgun geti orðið almenn á þessu landi, enda gæti hún orðið fögur og mikilsverð grein í atvinnuvegum landsins, ef henni væri sómi sýndur

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 20 atkv. og sent efri deild.

Tillaga til þingsályktunar um strandferðir póstgufuskipa (C. 445, 465, 467, 485); síðari umr.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Með því að dálítill misskilningur hefir sprottið út af því, hver vera skyldi framsögumaður í þessu máli, þar sem sá maður, er fjárlaganefndin hafði til þess kosið, hefir færzt undan framsögunni, verður það líklega að lenda á mjer, að minnast stuttlega á helztu breyt.till. þær, sem fram hafa komið við þingsályktunartillögu fjárlaganefndarinnar.

Breyt.till. þær, sem fjárlaganefndin hefir sjálf leyft sjer að stinga upp á, eru flestar óverulegar og hafa ekki mikla þýðingu. Fyrsta breytingin er, að í stað orðanna: »alþingi ályktar«, komi: neðri deild alþingis ályktar, og er breyt.till. þessi sprottin af því, að nefndin áleit, að þar sem svo langt er liðið á þingtímann, þá væri lítil von um, að tillaga þessi yrði nokkru sinni afgreidd frá þessu þingi, ef efri deildin ætti að fara að fjalla um hana.

Önnur breytingin er sú, að í staðinn fyrir að gjöra skipunum að skyldu að koma við í Keflavík, verði sett: ef veður leyfir fyrir innan Garðskaga, þar sem það opt getur staðið svo á veðri, að eigi sje hægt að koma í Keflavík, þó að lendandi sje innan við Garðskaga.

Þær breytingar, sem nefndin að öðru leyti hefir leyft sjer að bera fram, eru stýlaðar samkvæmt bendingum frá hæstv. landsh., og eiga að miða til að gjöra tillöguna aðgengilegri fyrir stjórnina.

Hvað viðvíkur breyt.till. h. þm. S.-Múl. (L. H.), þá vill fjárlaganefndin aðhyllast þær að öllu leyti; og get jeg lýst því yfir, að það hefir orðið að samkomulagi milli deildarmanna, að láta tillögur þær ganga jafnhliða tillögum nefndarinnar, þannig, að stjórnin verði eptir annarihvorri tillögunni að fara; með þessu er það áunnið, að neðri deildar menn vonandi standa sem einn maður í þessu mikilsvarðandi máli gagnvart konungkjörna flokknum í efri deild.

Sömuleiðis hefir nefndin ekkert á móti breyt.till. h. þm. Barðstr. (S. J.), er fer fram á, að skipið sje látið koma við á Flatey og Stykkishólmi þessar ferðir; en aptur hefir nefndin eigi sjeð sjer fært, að ráða deildinni til að aðhyllast breyt. þá, sem h. þm. N.-Þing. (J. J.) o. fl. hafa komið fram með, og sem gengur í þá átt, að fella í burtu það skilyrði, að farþegjum, sem fara hafna á milli hjer við land, sje ekki gjört að skyldu að borga annað fæði en það sem þeir njóta. Fjárlaganefndin verður enn sem fyrri að halda fast við þá skoðun sína, að það sje ósanngirni, sem ekki eigi að líðast, að neyða menn til að borga þann mat, sem þeir ekki neyta eða biðja um.

Hæstv. landsh. vakti að vísu máls á því við 1. umr. þessa máls, að sjer fyndist það lýsa smámunasemi af þm., ef þeir samþykkti þessa tillögu; en þá verð jeg að segja, að mjer finnst það ekki síður smámunalegt af útgjörðarmönnum strandferðaskipanna, að vilja rígbinda farþegja á æðra farþegjarúmi til að borga 4 kr. í fæðispeninga á dag fyrir það, sem þeir kannske aldrei njóta, og mjer fyrir mitt leyti getur ekki betur sýnzt, en að það sje — eins og einn h. þingdm. tók fram hjerna um daginn — beinlínis fjedráttur eður »optrækkeri« gagnvart þeim, sem far þurfa að taka sjer með strandferðaskipunum.

Landshöfðingi: Eins og þessi þingsál.till. yrði, ef þær breytingar ná fram að ganga, sem gjörðar hafa verið við hana, þá finnst mjer hún í mörgu vera aðgengilegri, en hún var eptir 1. umr.

Þar sem h. framsögum. (Sk. Th.) tók það fram, að sjer þætti það lýsa smámunasemi hjá útgjörðarmönnum skipsins, að hafa það í skilyrði við farþegja á æðra farþegjarúmi, að þeir yrðu að borga fæði hafna á milli eins fyrir það, þó þeir einskis neyttu, þá verð jeg að fræða h. framsögum. (Sk. Th.) um það, að það eru alls ekki útgjörðarmenn skipsins, sem selja farþegjum fæði, heldur eru það brytar þeir, sem útgjörðarmennirnir ráða á þessi skip sín. Fengi þessi tillaga fram að ganga, gæti það haft í för með sjer, að enginn bryti fengist til að vera á skipinu, og að

menn þess vegna gætu ekki fengið keypt fæði, þó menn æsktu þess á hinu æðra farþegjarúmi. — Þá tillögu fjárlaganefndarinnar, að í staðinn fyrir: »alþingi ályktar«, komi: »neðri deild alþingis ályktar«, o. s. frv., get jeg ekki heldur aðhyllzt, með því mjer virðist það alls ekki eiga við, að útiloka efri deild frá, að eiga atkvæðisrjett í þessu máli.

Jeg get ekki neitað því, að mjer finnst það koma nokkuð undarlega fyrir, þegar jeg lít á þá aðalbreyt.till., sem nefndin hefir gengið inn á, og sem kemur frá 6 þm., þar sem tekin eru fram skilyrðin fyrir fjárveitingunni til strandferðanna, að eptir henni skuli vera tvö »alternativ«, sem stjórnin á að haga sjer eptir, tvö skilyrði, sem eru svo ólík hvort öðru, sem frekast má verða. Mjer sýnist það alls ekki eiga vel við, að þingið ákveði, að það eindregið vilji þetta eða þá hitt, því það virðist bera vott um, að þingið sjálft viti ekki, hvað það vill, þegar það heldur fram tveim »alternativum«, jafnólíkum hvort öðru og þessi eru. En bæði þessi »alternativ« hafa það sammerkt, að þau ef til vill geta leitt til þess, að enginn útgjörðarmaður vilji takast á hendur strandferðir í kringum landið á næsta fjárhagstímabili, aðrir en þeir, sem ekki skeyta um, hvernig þær væru af hendi leystar, og sem svo ef til vill ekki gætu uppfyllt þau skilyrði, sem þeir hefðu gengið inn á í fyrstunni.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Jeg skal leyfa mjer að svara hæstv. landsh. fám orðum. Hann tók það fram, þegar hann minntist á matarspursmálið, að það snerti ekki útgerðarmenn, heldur brytana, en þar sem það eru útgerðarmennirnir, sem ráða brytana með vissum kjörum, þá mun útgerðarmönnunum varla verða skotaskuld úr þessu, því að jeg ímynda mjer, að svo margir sjeu um þessa atvinnu, að nógir muni fást til að taka það að sjer, þótt þessi ákvæði sjeu.

Þar sem sumir hafa látið á sjer heyra, að það sje ekki þægilegt fyrir brytana, að matreiða handa mörgum mönnum, ef svo einungis 3—4 borða, þá sje jeg ekki annað en að brytinn geti gengið um, áður en hann byrjar matreiðsluna, og fengið vissu sína um það, hve margir ætli að borða, og þá er það sjálfsagt, að hver sem hefir pantað sjer máltíð, verður að borga hana, hvort sem hann neytir hennar eður eigi.

Hæstv. landsh. þótti það óheppilegt, að nefndin skyldi hafa aðhyllzt tillögu h. 1. þm. S.-Múl. (L. H.) sem annað alternativ; en það vakti fyrir nefndinni, að það væri einmitt hægra fyrir stjórnina að semja, þegar um tvennt væri að velja og hún væri ekki bundin við eitt. Að þetta sýni, að þingið hafi enga fasta stefnu í strandferðamálinu, eins og hæstv. landsh. tók fram, get jeg ekki undirskrifað; það sýnir ekki annað en það, að þingið getur hugsað sjer strandferðunum hagað á tvennan máta; og að því er hjer um bil jafn-kært, hvor vegurinn er valinn.

Jeg tók það fram áðan, að sú breyt.till., að stíla tillöguna einungis frá Nd. kom af því, að nú er svo langt liðið á þingtímann, og sje jeg ekki að það geti valdið miklum ágreiningi. Auk þess er komin fram breyt.till. við fjárlögin frá h. þm. Snæf. (P. Br.) um gufuskipaferðirnar, og ef hún verður samþykkt sem líkindi eru til, þá gefst Ed. kostur á að ræða þetta mál í sambandi við fjárlögin.

Hæstv. landsh. lagði áherzlu á það,

að ef tillaga þessi yrði samþykkt, gæti svo farið, að landið yrði strandferðalaust á næsta fjárhagstímabili; en jeg held varla, að hætt sje við þessu, og það því síður, sem hæstv. landsh. hafði ekki mikið að athuga við hina fyrri tillögu, enda er hún í öllu verulegu lík því, sem verið hefir undanfarið, og enda þægilegra fyrir stjórnina, að ná hagkvæmum samningum, þar sem hún hefir þó nokkru meira fje en áður, á boðstólum. Mjer sýnist líka nauðugur einn kostur, að samþykkja þessa tillögu, því að menn eru orðnir svo óánægðir með strandferðir sameinaðagufuskipafjelagsins, að þingið getur ekki verið þekkt fyrir annað, en að reyna að bæta úr því; en til þess hefir þingið, eins og nú stendur, engan annan veg, en að binda útborgun styrksins því skilyrði, að farið sje eptir ályktun þingsins.

Jón Jónsson, þm. N.-Þ.: Jeg skal fyrst geta þess að það er prentvilla, þar sem taldir eru flutningsm. breyt.-till.; þar stendur Ólafur Ólafsson í staðinn fyrir Páll Ólafsson.

Vjer höfum ekki komið með breyt.-till. þessa af því, að vjer vildum gera hana að kappsmáli, heldur af því að vjer vildum að ekki væri neitt í tillögunum, sem gæti spillt góðu samkomulagi, ef það annars vegar hefði litla þýðingu, en vjer álítum matarspursmálið ekki þýðingarmikið.

Það er að vísu satt, að það getur komið óþægilega á einstaka menn, að borga það sem þeir ekki neyta, en jeg held á hinn bóginn, að brytinn yrði að selja þeim mun dýrara til að ná sjer niður, svo það yrði alls ekki sparnaður að þessu fyrir heildina. Vjer höfum komið með breyt.till. til þess að mönnum gæfist kostur enn á ný, að yfirvega nákvæmar þetta smáatriði og greiða atkv. um það, en viljum ekki halda því til streitu.

Lárus Halldórsson: Jeg þarf ekki að tala mikið um viðaukatill. okkar, þar sem h. framsögum. fjárlaganefndarinnar (S. Th.) hefir lýst því yfir, að nefndin mundi aðhyllast hana. En mjer virtist hæstv. landsh. taka öðruvísi í hana. Hann tók það fram, að ef hún yrði samþykkt, þá bæri það vott um það, að þingið hefði enga fasta stefnu í þessu máli. Hann tók það líka fram, að ef hún væri ekki gjörð að beinu skilyrði fyrir fjárveitingunni til gufuskipsferðanna, þá hefði hann ekki á móti því, að hún kæmi fram sem leiðbeining fyrir stjórnina um það, hvernig þinginu þætti haganlegt að strandferðunum væri hagað. En jeg verð að líta svo á, að einmitt af því, að fjárveitingin til strandferðanna á að vera bundin föstu skilyrði, þá sje það heppilegra að stjórnin sje ekki bundin við eitt, þegar hún á að fara að semja, heldur hafi um tvennt að velja.

Breyt.till. þær, sem h. fjárlaganefnd hefir komið fram með, að mestu leyti eptir bendingum hæstv. landsh., hef jeg ekkert sjerlegt við að athuga, nema það sem hún ræður til að októberferðin frá Austurlandi til Reykjavíkur falli burtu. Jeg hef áður tekið það fram, að þessi ferð sje nauðsynleg, já, jeg vil segja að hún sje alveg ómissandi. Við þetta kemur líka fram nokkur ósamkvæmni í ferðaáætluninni; því að nú er gjört ráð fyrir fleiri fólksflutningaferðum austur en að austan; gæti því vel svo farið, að suma af þeim, sem austur hefðu farið til að leita sjer atvinnu, dagaði þar uppi, og að þeir kæmust ekki heim aptur til átthaga sinna að haustinu. Í seinni hluta septembermánaðar og fram í október er og opt hlaðafli fyrir austurlandi; það er því skaði fyrir Sunnlendinga, að verða að rífa sig upp frá honum og halda heim, þar sem hjer við sjóinn er venju-

lega lítið að gjöra um það leyti, og afli sjaldnast að mun svo snemma haustsins. Jeg bið h. fjárlaganefnd því vel að íhuga, hvort ekki muni rjettara að halda ekki breytingar.till. þessari til streitu.

Hjer er og komin breyt.till., sem stendur í svo nánu sambandi við fjárlögin, að jeg álít heppilegast að miklar umræður sjeu ekki um hana nú, en að h. þm. gefist kostur á að koma sjer saman um, að hverri tillögunni þeir vilji halla sjer. Viðvíkjandi fæðinu hef jeg það að segja, að mjer finnst bryti gufuskipafjelagsins nógu lengi hafa boðið oss Íslendingum það, sem hvergi tíðkast annarstaðar, að í kringum landið verði menn að borga það, sem þeir neyta ekki. Að þessu þarf heldur ekki að vera neitt sjerlegt óhagræði fyrir brytann, því að hann getur á undan hverri máltíð fengið að vita í tíma, hverjir ætli að neyta hennar.

Jón Jónsson (þm. N.-M.) Nafn mitt stendur hjer á breyt.till. 488, án þess þó að jeg muni greiða atkvæði með henni; jeg setti það þar að eins til þess að hún gæti fengið að koma til atkvæðagreiðslu hjer í deildinni. Jeg hef gefið þessa skýringu til þess að menn hneykslist ekki á, hvernig jeg greiði atkvæði um hana.

Jens Pálsson: Jeg ætla að eins að tala fáein orð um matarsölumálið. Það hefir verið tekið fram, að ef kæmist fram tillaga um, að eigi þyrftu menn að borga annað fæði á æðra farþegjaplássi á póstgufuskipunum, en það, er þeir neyttu, þá mundi afleiðingin verða sú, að fæði yrði dýrara fyrir þá, sem þess neyttu. Þetta álít jeg alveg rjettlátt; það er rjettlátt, að þeir borgi sem neyta, en hinir borgi ekki, sem ekki neyta. Jeg tek hjer til samanburðar veitingahús (hotel) á landi, þar sem svo stendur sjerstaklega á, að veitingar verða að vera óvenjulega dýrar, t. d. gistihús uppi í Alpafjöllum í Sviss og víðar; menn vita, að á þeim er fæði ákaflega dýrt; þar gista menn og eru lengur eða skemur, en þar er ekki öllum gjört að skyldu að borga jafnháa kostpeninga, heldur að hver geti fengið það eitt, sem hann vill, af því sem á boðstólum er haft, og borgi að eins það, en meira ekki. Á sama hátt mætti hafa restauration á gufuskipi, eins og líka á sjer stað víðast annarstaðar.

ATKVÆÐAGR.: Allar breyt.till. á þingsk. 460, 473 og 479 samþ. með 18—23 atkv. (í e. hlj.), en sú á þingsk. 488 (C. 495) felld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Páll Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Sigurður Jensson,	Indriði Einarsson,
Árni Jónsson,	Jens Pálsson,
Benedikt Sveinss.,	Jón Jónsson N.-M.,
Gunnar Halldórss.,	Jón Þórarinsson,
Jón Jónss. N.-Þ.	Lárus Halldórsson,
Jónas Jónassen,	Ólafur Ólafsson,
Ólafur Briem,	Sig. Gunnarsson,
Olafur Pálsson,	Sigurður Stefánss.,
Páll Briem,	Skúli Thoroddsen,
Þorvarður Kjerúlf.	Sveinn Eiríksson,
	Þorl. Guðmundss.

Atkvæðagreiðslu um sjálfa tillöguna með áorðnum breytingum var frestað og tillagan tekin út af dagskrá.

Tillaga til þingsályktunar frá póstmálanefndinni (C. 464); hvernig ræða skuli.

Ein umræða samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um undirbúning til brúargerða (C. 446); hvernig ræða skuli.

Ein umræða samþykkt.

Þá var fundi frestað til kl. 4½.

Kl. 4½ eptir hád. var fundur settur af nýju.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 471, 491, 494, 495, 496, 497, 498, 513, 515); ein umr.

Páll Briem: Það var að eins örstutt athugasemd, en ekki ræða. Í breyt.-till. við breytingartill. á þingskj. (496) er prentvilla; þar stendur: »Stykkishólmur og Flatey«, en á að vera »Stykkishólmur eða Flatey«.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): H. Ed. hefir þóknazt að gjöra töluverðar breytingar á fjárlagafrumvarpi því, er Nd. hafði samþykkt; þessar breytingar hefir fjárlaganefndin tekið til rækilegrar íhugunar, og hefir hún yfir höfuð viljað fylgja þeirri stefnu, að gjöra sem fæstar breytingar við frumv. eins og það nú kom frá Ed., svo að búast mætti við sem beztu samkomulagi, og allt gæti gengið í bróðerni milli deildanna; en þó hefir nefndin ekki komizt hjá að ráða deildinni til samþykkja nokkrar breytingar.

Í fyrsta lagi ræður nefndin til að gjöra þá lítilfjörlegu breytingu á 10. gr. C. 4. b., að í staðinn fyrir að Ed. ætlast svo til, að landshöfðingi úthluti styrknum til búnaðarfjelaga eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða, þá sje sett það skilyrði inn í fjárlögin, að landsh. úthluti fjenu eptir þingsályktun þeirri, er Nd. hefir samþykkt í sumar. Sem kunnugt er hafa verið samþykktar hjer á þinginu tvær þingsályktunartillögur, önnur frá neðri deild, en hin frá efri deild; og þar sem þessar tillögur eru ekki samhljóða, þá varð að velja á milli þeirra, og virtist nefndinni þá rjettara, að farið væri eptir tillögu Nd., sem er fyllri og að áliti nefndarinnar heppilegri. Nefndin lítur svo á, að ef landsh. væri falið að útbýta fjenu eptir tillögu sýstunefnda og amtsráða, þá væri þar með gjörð að engu þingsályktun Nd.

Þá hefur fjárlaganefndin leyft sjer að koma með breytingartillögu við 10. gr. C. 4. g., sem er styrkur til þilskipaábyrgðar á Vestfjörðum, og ræður því nefndin til að setja þann lið í sama horf eins og hann var eptir 3. umr. hjer í deildinni. Ed. hafði breytt lið þessum sumpart að því leyti, að færa styrkinn niður um 1000 kr., úr 4 niður í 3 þúsund, og með því að binda hann því skilyrði, að sýslu- og bæjarfjelög legðu til ¼ á móti ¾ úr landssjóði. Nefndin fær ekki betur sjeð, en að þetta skilyrði sje í rauninni að eins »fín« aðferð til að neita alveg um styrkinn, því að þótt Ísfirðingum sje þetta áhugamál, og þótt þeir hafi þegar lagt fram töluvert fje til þessa, þá er ekki víst að t. d. Barðstrendingar vilji sinna því. En eins og athugasemd Ed. er orðuð, liggur næst að skilja hana svo, að styrkurinn verði því að eins útborgaður, að fleiri sýslufjelög leggi fram fje til fyrirtækisins; en skyldi meiningin eiga að vera sú, að Ísfirðingar einir ættu að leggja fram fjeð, þá væri það mjög hart fyrir þá, þar sem þeir hafa þegar bæði lagt fram fje, og þar sem einstakir menn hafa þar að auki gengið í ábyrgð fyrir 4000 kr.; sem sagt, þá get jeg eigi álitið, að þessi fjárveiting komi að neinu liði, ef henni verður haldið, eins og hún er orðuð í frv. Ed., en þar sem mál þetta fjekk svo góðar undirtektir, og var áður samþykkt hjer í deildinni með 17 eða 18 atkvæðum, þá vona jeg að þetta breytingaratkvæði fái hjer góðan byr nú.

Þá leggur fjárlaganefndin það næst til, að stafl. d. í 12. gr. B. falli burtu, og er það 2400 kr. fjárveiting, sem Ed. hefir skotið inn í frumv., til að koma á

svifferjum á Hjeraðsvötnin i Skagafirði; fjárlaganefndin viðurkennir að vísu, að þetta fyrirtæki sje gott og gagnlegt, en henni er ekki kunnugt um, að nein beiðni liggi fyrir, eða að nokkur skýrsla um þetta hafi borizt til þingsins frá hlutaðeigandi sýslufjelagi; fjárlaganefndinni finnst því, að mál þetta sje enn ekki svo undirbúið, sem æskilegt væri, og megi því bíða til næsta þings. Nefndin ætlar og, að ef Skagfirðingum hefði verið þetta áhugamál, þá hefðu þeir látið eitthvað til sín heyra; en að taka þetta upp á fjárlögin alveg óundirbúið, af því að einum þingmanni dettur í hug að finna upp eitthvað, til þess að gjöra sig glæsilegan, og hylja aðra frammistöðu sína, í augum kjósanda sinna, virtist nefndinni ekki eiga við, sjerstaklega þegar jafnframt er lögð sú kvöð á sýslufjelagið, að leggja til það sem á vantar, sem kann að verða allmikið fje. Að endingu skal jeg geta þess, að h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) hreyfði þessu máli alls ekki hjer í deildinni og ber það ljósan vott um, að málið sje illa undirbúið.

Þá er 12. gr. C. a um strandferðirnar. Í Ed. hefur styrkveitingin til þeirra verið sundurliðuð þannig, að 18 þúsund kr. sjeu veittar skilyrðislaust, en 3 þúsund kr. með því skilyrði, að farið sje eptir þingsályktun, er alþingi samþykkir. Nefndin getur ekki álitið það heppilegan veg, sem Ed. hefur valið, og hún álítur, að hann myndi verða til þess, að halda öllu í sama horfinu, sem verið hefir. Jeg efast ekki um, að ef sameinaða gufuskipafjelagið ætti um að velja, þá myndi það biðja hina háttv. Ed. vel að lifa, og að halda sínum 3000 kr., en kjósa heldur að fá að eins 18000 kr. á ári, og mega svo haga strandferðunum eptir sinni vild, eins og hingað til hefur átt sjer stað, enda veit það, að ráðgjafinn er vægur í kröfum, þegar til samninganna kemur.

Nefndin ræður því til að færa þessar upphæðir saman aptur, hafa þessar 21 þúsund krónur í einu lagi og að binda alla fjárveitinguna því skilyrði, að ferðunum sje í öllu hagað samkvæmt þingsályktun þeirri, sem Nd. alþingis samþykkir; en síðan fjárlaganefndin samdi nefndarálit sitt, hefur komið fram breytingartillaga frá h. þingm. Snæfell. (P. Br.), þingskj. 490, og þar sem hún er að öllu leyti samhljóða þeim tillögum, sem voru ræddar og samþykktar hjer í deildinni í dag, þá vill nefndin aðhyllast hana, reyndar ekki af því, að nefndin álíti hana í sjálfu sjer heppilegri en tillögu sína; það er að eins formmunur, en enginn efnismunur milli tillaganna; en nefndin leit svo á, að fyrst þessi breytingartillaga væri á annað borð komin fram, þá gæti skeð, að hún yrði gjörð að kappsmáli af einstaka kappsmönnum hjer í deildinni, og að deilur manna kynnu að verða til þess, að efri deild, sem hefur sýnt, að hún vill halda öllu í sama vandræðahorfinu, rjeði úrslitum. Af þessum ástæðum tekur nefndin aptur breytingartillögu sína 4. tölulið í nefndarálitinu, en ræður mönnum að tallast að öllu leyti á tillögu h. þingm. Snæfell. (P. Br.).

Þá hefur fjárlaganefndin ráðið til að gjöra breytingu við þá liði, er snerta styrkveitingu til gufubáta. Nd. samþykkti að veita alls 15 þúsundir króna á ári, til samtals 5 gufubáta, með því skilyrði, að sýslufjelögin legðu til 1/4 móti 3/4 úr landssjóði; háttv. Ed. hefur lækkað styrkinn, og vill að eins veita 2400 kr. á ári handa hverjum bát, en þetta getur fjárlaganefndin ekki aðhyllzt, því að hún álítur það allt of lítið, og ætlar, að það myndi leiða til

þess, að hlutaðeigandi sýslufjelög yrðu að leggja fram töluvert meira fje en 1/4 á móti landssjóðsstyrknum, ef viðunanlegar gufubátsferðir ættu að geta fengizt.

H. Ed. hefur og fellt burtu styrkinn til gufubáts á Breiðafirði, en nefndin getur ekki aðhyllzt það. Hinn hæstv. landshöfðingi hefir að vísu hreyft þeim mótmælum gegn þessari fjárveitingu, að allt útlit væri fyrir, að Breiðfirðingar fengju ekki upp gufubát á næsta fjárhagstímabili, svo að styrkurinn yrði ekki notaður; en þó þetta kynni nú svo að fara, þá yrði afleiðingin að eins sú, að þetta fje sparaðist landssjóði. Þessi fjárveiting hlýtur að verða Breiðfirðingum til uppörfunar í því að útvega sjer bát, en hitt væri mjög óheppilegt, ef bátur fengist og honum væri þá enginn styrkur áætlaður, en allir aðrir gufubátar fá þennan styrk. Annars þarf jeg ekki að orðlengja um þetta, þar sem breytingartillagan er að öllu leyti samhljóða því, sem samþykkt hefur verið hjer í deildinni áður.

Efri deild hefur lagt það til, að Akureyrar prestakalli sjeu lagðar sem uppbót 600 kr. á ári; en aptur hefur hún fellt burtu þær 1000 kr. á ári, er neðri deild hafði ákveðið síra Matthíasi Jochumssyni sem skáldlaun; báðar deildir hafa því sýnt það, að þær eru ásáttar um, að þetta skáld vort eigi viðurkenningu skilið; en það virðist vera nokkuð skrítin aðferð hjá h. Ed., þegar hún vill heiðra síra Matthías sem skáld, að velja þá þann veg, að bæta upp Akureyrar prestakall. Jeg held að ekki sjeu dæmi til slíkrar aðferðar á neinu þingi; það er og aðgætandi, að enginn veit, hversu lengi síra Matthíasar nýtur við, en af því þessi styrkveiting er bundin við Akureyrar prestakall, þá fylgir hún samt brauðinu; ef síra Matthías fjelli frá t. d. að ári, þá fengi hinn nýi prestur þessi skáldlaun, þótt hann máske væri allt annað en poëtiskur.

Nefndin leggur því til, að þessi bráðabirgðaruppbót falli burtu, en að síra Matthíasi Jochumssyni sjeu veittar 1000 kr. hvort árið sem skáldlaun. Jeg vona, að þetta geti ekki orðið að ágreiningi milli deildanna nje neinu kappsmáli, því Ed. hefur sýnt, að hún er því samdóma, að síra Matthías eigi þetta skilið.

Þá eru ekki fleiri breytingartill. frá fjárlaganefndinni; en jeg skal í fám orðum víkja að nokkrum breytingartill., sem fram hafa komið frá h. þingdeildarm., og er þá fyrst að minnast á breyt.till. frá h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.); hana getur nefndin ekki aðhyllzt, því að henni virðist það heppilegra, þar sem fjárveitingin er bundin því skilyrði, að strandferðunum sje hagað eptir ályktun þingsins, að stjórnin hafi 3000 kr. meira fje að bjóða árlega, en verið hefir; það getur gert auðveldara að ná samningum.

Breyt.till. frá h. þm. Skagf. (Ó. Br.), að bætt sje við 1000 kr. til fjenaðarsýninga, hefur nefndin ekkert á móti og sama er að segja um breyt.till. h. 1. þm. Ísf. (S. St.), að veita frú Torfh. Holm 500 kr. styrk á ári, því að það er sama tillagan, sem áður kom frá nefndinni. En að nefndin sjálf fann ekki ástæðu til að taka þessa tillögu upp, kom að eins til af því, að hún var orðin hálf vondauf um, að tillaga þessi fengi framgang, eptir því sem atkvæði fjellu í Ed. og Nd.

Jeg hef svo ekki fleira að taka fram að sinni.

Ólafur Briem: Jeg vil fyrst leyfa mjer að fara fáum orðum um viðaukatill. þá, sem jeg hefi komið fram með

um 1000 kr. styrk á ári til fjenaðarsýninga.

Eins og h. framsögum. (Sk. Th.) tók fram, var samþykkt hjer í deildinni till., sem fór í sömu átt og þessi; en h. Ed. hefir aptur fellt þann lið úr fjárlagafrv. eins og það var samþykkt hjer í deildinni. Aðalástæðan móti þessari fjárveitingu í Ed. var sú, að fjenaðarsýningar hefðu hingað til eigi svarað tilgangi sínum, og því lítill árangur orðið af þeim. En mjer finnst ekki nóg reynsla vera fengin enn fyrir því, hvaða gagn fjenaðarsýningar geti gert. Að fjenaðarsýningar enn sem komið er hafa borið lítinn árangur, held jeg sje mest vegna vantandi undirbúnings og vegna þess, að þær hafa ekki farið fram eptir föstu fyrirkomulagi. En eptir þingsál.-till. þeirri, sem samþykkt var hjer í deildinni meðal annars um skilyrði fyrir fjárstyrk til slíkra sýninga, er meiri trygging fengin fyrir því, að betri undirbúningur og haganlegra fyrirkomulag yrði framvegis á slíkum sýningum, ef þær kæmust á og yrðu almennt haldnar. Til þess að þær væru betur undirbúnar, þyrftu fyrst að fara fram fjárskoðanir á bæjum og síðan hreppasýningar. Úr því fje, sem kæmi á hreppasýningarnar, ætti síðan að velja úr það bezta á aðalsýningarnar.

Jeg hefi þá trú, að fjenaðarsýningar mundu geta gert mikið gott. Á slíkum sýningum hefðu menn fyrir augum sýnishorn af skepnustofni manna á því svæði, er þangað sækir, og jafnframt úrvalsgripi af hverri skepnutegund. Þannig ættu menn hægra með að kynna sjer, hvar bezt væri farið með skepnur, hverjir hefðu beztan arð af bústofni sínum og hvert sje helzt að leita eptir líklegustu skepnum til kynbóta. Á þennan hátt væri mönnum fyrir sjónir sett dæmi til eptirbreytni. Og eptirdæmin eða fyrirmyndirnar, sem menn sjá og þreifa á, eru það, sem mestu á orka í þessu efni sem mörgu öðru. Þó menn gefi út rit um það, hvernig menn eigi að afla sjer góðs fjárstofns, þá verka þau ekki eins mikið, eins og þegar menn sjá, að skepnurnar eru arðsamari hjá einum en öðrum; þá feta menn helzt í þau fótspor.

Þar sem nú hjer er að ræða um málefni, sem er svo mikilsvert fyrir búnaðinn, þá vona jeg að h. þingd. horfi ekki í lítilsháttar fjárveitingu úr landssjóði. Jafnfram því gagni, sem sýningar þessar mundu gera beinlínis, gætu þær orðið mikil uppörfun til annara búnaðarfyrirtækja. Þegar bændur söfnuðust saman á sýningarfundum, gætu þeir átt tal um búnaðarframfarir yfir höfuð, og, ef til vill, fyndu einhverjir hvöt hjá sjer til að halda fyrirlestra um þau efni á fundunum.

Þá skal jeg minnast nokkuð á orð h. framsögum. (Sk. Th.) út af fjárveitingu þeirri, sem h. Ed. hefir samþykkt til að koma tveim svifferjum á Hjeraðsvatnaósana í Skagafirði. Hann hafði það eitt fyrir sjer til merkis um, að lítill áhugi mundi á þessu fyrirtæki í Skagafjarðarsýslu, að þingmaður kjördæmisins hjer í Nd. hefði ekki hreyft þessu máli, þegar fjárlagafrv. var hjer fyrir í deildinni. Jeg skal nú skýra frá orsökinni til þessa.

Eins og menn vita, hafa Skagfirðingar brúað nokkrar ár þar í sýslu, og seinast í vetur höfðu þeir eina brú í smíðum, en þegar sýslunefndarfundur var haldinn í vetur, var hún eigi fullger, og auk þess var brúarsjóður sýslunnar í nokkurri skuld. Því þó að lagðir væru 6 aurar á hvert lausafjárhundrað og fasteignarhundrað, þá hrökk

það fje ekki fyllilega til að ljúka við brúna, og því sáu menn sjer ekki fært upp á sitt eindæmi að leggja út í annað stórt fyrirtæki, fyrr en nokkurt fje safnaðist aptur í brúarsjóðinn. En það kom öllum sýslunefndarmönnum saman um, að næsta fyrirtækið til samgöngubóta, sem byrjað yrði á í sýslunni, væri einmitt að setja svifferjur á Hjeraðsvatnaósana. Af því að málið var ekki komið lengra en þetta, fann jeg ekki ástæðu til að hreyfa því hjer í þingd., meðan fjárlagafrv. lá hjer fyrir. Enda vissi jeg ekk fyrirfram, að h. þingd. yrði eins fús á að styrkja fyrirtæki til samgöngubóta í einstökum hjeruðum landsins, eins og nú er orðin raun á. Á hinn bóginn þóttist jeg geta gert mjer fullar vonir um, að þetta mál mundi eigi síður mæta góðum undirtektum, þó það væri ekki borið upp fyr en á næsta þingi. Til þess að enginn þingdm. skuli efast um áhuga Skagfirðinga á þessu máli, skal jeg taka það upp aptur, að á síðasta sýslunefndarfundi voru allir nefndarmenn samhuga á því, að þetta skyldi vera næsta stórfyrirtæki, sem framkvæmt yrði á kostnað brúarsjóðsins. Það er því enginn efi á því, að Skagfirðingar koma upp þessum ferjum, hvort sem þeir verða styrktir til þess af landssjóði eða ekki, því þetta fyrirtæki verður það fyrsta, sem þeir byrja á, þegar búið er að safna fje til þess.

Þá gat h. framsögum. (Sk. Th.) þess, að mál þetta kæmi ekki inn á þingið í því formi, að gott væri að samþykkja það. En jeg verð að álíta, að fulltrúar kjördæmisins hafi fullan rjett til að bera fram fyrir þingið áhugamál hjeraðsins, án þess þeir þurfi að hafa sjerstakt umboð í hverju einstöku tilfelli, enda vantar mikið á, að þeirri reglu sje almennt fram fylgt hjer á þingi. Á sýslunefndarfundinum var ekki gerð nein bein áætlun um kostnaðinn til þessa fyrirtækis; en eptir ritum, sem menn höfðu fyrir sjer, var gizkað á, að svifferjur þessar mundu kosta 2000 kr. á hvorn ós. Vjer höfðum í höndum áætlun um svifferju fyrir 1000 kr., en þar var um mjórra vatnsfall að ræða. Það er hvorttveggja, að Hjeraðsvatnaósarnir er býsna breiðir, enda geta þeir breytt sjer, og fyrir því verður að byggja stöplana nokkuð frá sjálfum vatnafarvegunum, ekki síst fyrir þá skuld, að annars vegar við vesturósinn og beggja megin við austurósinn er laus sandur. Þegar þessa er gætt, má gera ráð fyrir að báðar ferjurnar með öllum umbúnaði kosti 4000 kr., og ef sá fjárstyrkur yrði nú veittur úr landssjóði, sem h. Ed. hefir samþykkt, nefnil. 2400 kr., þá yrðu sýslubúar að leggja til 1600 kr., sem er $^2/_5$ af kostnaðinum, og þegar litið er til styrksins til gufubátsferðanna og skilyrðanna fyrir veitingu hans, þá virðist ekki farið hjer fram á neina ósanngjarna fjárveitingu, þar sem hjeraðsbúar þurfa ekki að leggja til gufubátsferðanna nema $^1/_4$ á móti landssjóðsstyrknum. Það, sem einkanlega gerði, að sýslunefndin áleit, að þetta fyrirtæki ætti að vera það næsta, sem hjeraðsbúar rjeðust í, er það, að Hjeraðsvötnin, sem opt eru ill yfirferðar og eigi fær á vöðum, liggja eptir miðju hjeraðinu, og er allmikil umferð yfir þau af mönnum, sem búsettir eru beggja megin Vatna, en einkum þó að austanverðu, enda eru þeim megin 6 hreppar og það allstórar sveitir: Blönduhlíð, Viðvíkursveit, Hjaltadalur, Kolbeinsdalur, Óslandshlíð, Höfðaströnd, Sljettuhlíð og Fljót, og einn hreppur, Hegranesið, liggur á milli Vatnanna, er kvíslast fyrir framan það. Úr mörgum af þessum sveitum eru tíðar lestaferðir

á Sauðárkrók og fjárrekstrar á haustin. Hofsós liggur, eins og menn vita, nokkuð afskekktur, og verzlunaraðsókn hefir þar farið minnkandi á seinni árum. Auk þess sem þetta fyrirtæki mundi verða til mikilla hagsmuna fyrir Skagfirðinga, gæti það einnig haft mikla þýðingu fyrir sams konar fyrirtæki annarsstaðar. Því jeg býst við að víðar megi koma við svifferjum á ám, og þar með spara stórmikinn kostnað til brúargerða, og væri þá gott fyrir þá, sem síðar kynnu að vilja byrja á líkum fyrirtækjum, að hafa fyrir sjer reynslu í þeim efnum, ekki einungis í tilliti til kostnaðarins, heldur einnig að því er snertir allt fyrirkomulag á svifferjunum og það hagræði, sem þær veita vegfarendum.

Þótt það kannske sje ofdirfska að ætlast til þess, gagnvart svo eindregnum mótmælum fjárlaganefndarinnar, að h. þingd. aðhyllist þessa fjárveitingu, þá vona jeg samt, að allmargir h. þingdm. verði til að samþykkja hana.

Árni Jónsson: Breyt.till. sú, sem hjer liggur fyrir (þingskjal 480) frá kennaramenntunarnefndinni, fer fram á það, að ef þeim 4000 kr. sem ætlaðar eru til barnaskóla í sjóþorpum, gangi allt að 200 kr. til eptirlits með þessum skólum. — Nefndinni virtist, að bezta skilyrði til þess, að barnaskólar gætí þrifizt og náð tilgangi sínum, sje það, að haft sje opinbert eptirlit með kennsluaðferðinni, kennslukröptum, kennsluáhöldum, aðbúnaði o. fl. Hjer við Faxaflóa, þar sem eru 13 barnaskólar er fá styrk af opinberu fje, væri það að líkindum ekki svo miklum annmörkum bundið, að fá áreiðanlega menn til þess, að fara á milli skólanna, þó ekki væri nema einu sinni á kennsluárinu, annaðhvort meðan á kennslunni stæði, eða við próf; með þessu móti væri og þeim manni ekki ofætlandi, að þekkja betur ástæður hvers skóla fyrir sig, en nokkrum öðrum, og að semja nákvæma skýrslu um skólana, sem svo yrði lögð fram fyrir landsstjórnina, sem síðan hefði þessa skýrslu fyrir augum, þegar hún jafnaði niður og úthlutaði styrkveitingum; nefndin vonar því að þingið samþykki þessa breyt. sem verulega bót í þessu máli. Hin breyt.till. á sama þingskj. um 500 kr. til kennarafræðslu byggist á þingsálykt.tillögu þeirri, sem nú er búið að samþykkja í báðum deildum um að koma þessari fræðslu á fót á næsta fjárhagstímabili. Það er því nauðsynlegt, að ætla eitthvert fje til þess. Viðvíkjandi því, að skólaiðnaðarkennsla falli í burtu, skal jeg geta þess, að jeg hef ekki breytt neitt skoðun minni síðan við 2. umr. hjer í deildinni; þá var mikið talað um þetta mál. En jeg er nú svo óheppinn, að vera eigi jafnhrifinn af því, að drífa það fram nú, og sumir þingmenn sýnast vera. Jeg hugsaði að það væri annað sem okkur lægi meira á að fá í okkar skólamálum og kennslumálum, en þetta »Slöjd«. Saga þessa »Slöjd's« er talsvert einkennilög. Kennarafjelagið, sem upphaflega vakti máls á þessu og fór hógværlega í sakirnar, ætlaðist til, að fá þessa kennslu hjer við latínuskólann. Stjórnin ætlast einnig til þess, og jeg lít svo á, að þær 500 kr., sem eptir verða af þessu hjer í deildinni við 3. umræðu, ætta að vera til að gjöra tilraun með »Slöjd« hjer í Reykjavík. Hvað gjörir svo h. Ed.? Fjárlaganefndin þar segir í nefndaráliti sínu: «Með því að neðri deild hefir eigi skilið þessum staflið meira eptir en 500 kr. hvort árið, getur nefndin eigi sjeð nokkurt gagn í því, að halda svo litlum fjárstyrk, og ræður því til, að fella hann,

úr því að hann er kominn svona lágt niður«. Þetta var samþ. þar í deildinni með 9 samhlj. atkv. Jeg álít því eins og nú stendur, að enginn skaði sje skeður, þó það bíði næsta þings. En svo fær þessi sama nefnd á milli 2. og 3. umr. einhverja æðri þekkingu eða nýja vísbendingu, því við 3. umr. leggur hún til, að veita nú 500 kr. hvort árið til þessarar kennslu og 600 kr. til húsnæðis og áhalda. En nú á þessi kennsla ekki lengur að fara fram hjer Reykjavík, heldur við skólann í Flensborg. Þar varð alltsvo þrautalendingin fyrir þetta fje úr landssjóði og þetta »Slöjd«.

En það að Ed. setti þessa grein nú aptur inn í fjárlögin, sýnist mjer bera vott um einhvern hvikulleika hjá henni. Fyrst hún sjálf var búin að fella þetta fje niður með nær öllum atkv., þá held jeg hún hefði eigi átt að taka það upp aptur að þessu sinni. Jeg veit að sumir þingm. segja, að hjer sje ekki um mikið fje að gera, og það sje ekki nema til reynslu. En reynslan getur stundum orðið nokkuð dýrkeypt. Það er til að mynda almennt talað, að leikfimiskennslan í latínuskólanum sje mjög ófullkomin, og stjórnin sjálf tekur undir það. Samt eru veittar 700 kr. árlega, eins og allt gangi í góðu lagi. Svona mætti koma með mörg dæmi upp á það, að reynslan á fjárlögunum kostar ærna peninga.

Viðvíkjandi 13. gr. C. 19. tölulið, sem efri deild hefir sömuleiðis sett inn við 3. umr., hef jeg ekki mikið að athuga. Bænarskrá um það efni lá frammi fyrir fjárlaganefndinni hjer, en hún sá sjer ekki fært að taka hana til greina. Mjer sýndist því rjett, að deildinni hjer gæfist kostur á, að greiða atkvæði um þessa fjárveitingu.

Benidikt Sveinsson: Eins og h. deild er kunnugt, hef jeg ekki lengt umr. um þessi fjárlög, og jeg mun ekki gera það nú; það eru að eins 2 breyt.till. sem jeg vil minnast á nefnil., í fyrsta lagi við 12. gr. breyt.till. 485 frá fjárlaganefndinni, um að þessi töluliður falli í burtu.

Það sem h. fjárlaganefnd hefir sjerstaklega haft á móti þessu, er það, eins og h. framsögum. (Sk. Th.) tók fram, að hann hafi ekki fundið þessa tillögu um svifferjurnar koma formlega fram. Það er sannarlega ný bóla, að h. framsögum. skuli leggja mesta áherzluna á dautt og alveg þýðingarlaust form, þó málið þá að öðru leyti sje óneitanlega formlega fram borið á þinginu, því h. framsögum. veit það þó víst, að hverjum þingm. er heimilt að koma með eða bera fram lagafrv. fyrir þingið, án þess að fyrir liggi nein beinlínis áskorun frá hálfu kjósenda hans, því síður skýrslur og skjalabunkar frá sýslunefndinni. Þingmaður hefir að eins á það að líta, að frumv. hans sje sjálft í rjettu formi og nytsamt og gagnlegt að efninu til. En sje nú þetta svo með heil lagafrv., þá má nærri geta, hvort þingmenn hafa ekki formlegan rjett til að koma fram með gagnlegar uppástungur og breyt.-till. í fjárlögunum! Og hvað hafa svo þessi kynlegu andmæli h. framsögum. (Sy. Th.) að þýða nema ekki neitt? Jeg fyrir mitt leyti get því alls ekki sjeð, viðvíkjandi þeirri tillögu, að veita styrk til svifferjanna, að hún, hvað formið snertir, geti haft þá galla, er rjettilega geta orðið málefninu til hnekkis. Jeg finn mjer skylt, af því jeg þekki »specielt« til Skagfirðinga og Skagafjarðar, að taka það fram, að jeg álít það mjög verulegt velferðarmál fyrir þá, að fá dragferju á árósana á Hjeraðsvötnum. H. þm. Skagf. (Ól. Br.) benti á það, að Skagafjarðarsýsla aust-

an Hjeraðsvatna, og Hegranesið, væri svo í sveit komin, að hún þyrfti og gæti ekki komizt hjá að sækja yfir stórvötn þessi, þegar sótt er aðalkauptún hjeraðsins, Sauðárkrókur; meira að segja, þá komast menn úr Hofsós og yfir höfuð allir, sem eru austan Hjeraðsvatna, eður þeir, sem fara þurfa austur yfir Hjeraðsvötnin á þessari aðalumferðabraut sýslunnar, ekki hjá því, að verða tvívegis að sundleggja hesta sína á þeirri ferð, þar vötnin liggja beggja megin við Hegranesið — og ef h. þm. álíta það illa meðferð á skepnum að sundleggja hesta yfir höfuð, sem fram hefir komið viðvíkjandi brúnni á Ölfusá, þá er mjer óljóst hvað ill meðferð á skepnum er, ef það er ekki, að tvíleggja hesta á sund í sömu ferð með litlu—tveggja bæjarleiða—millibili; er þó meira tiltökumál að sundleggja hestinn einu sinni, og láta hann svo inn í hús, svo honum hitni ef kalt er, en að sundleggja hann tvisvar hvað ofan í annað álít jeg vera ómanneskjulega meðferð, sjerstaklega þegar eru ill veður eða kuldar. Jeg fyrir mitt leyti vil engu fremur leggja hesta í báða ósa Hjervatnanna hvað eptir annað, en láta þá synda yfir Þjórsá, eða Ölfusá, sem gjörð hefir verið svo ærin gangskör að því að brúa, sem allir vita. Jeg vonast þar að auki eptir að h. þingd verði ekki síður sinnandi þessari tillögu fyrir það, þó Skagfirðingar af sjálfsdáðum og styrktarlaust hafa látið leggja allt að 5 brúm innan sýslu yfir ár, sem annars allillar eru yfirferðar, og að þeir fyrir þessar sakir hafa orðið að leggja á sig há gjöld, sem lagzt hafa á hvern gjaldanda í sýslunni, jeg ætla ekki minna en 6 au. á hvert hundrað fast og laust. Jeg vænti þess þvert á móti, að þessi lofsverði fyrirmyndar- dugnaður Skagfirðinga ætti að vera sjerstök meðmæli, sem tvímælalaust ætti að taka til greina í þessu máli, hverjum augum svo sem fjárlaganefndin hefir litið á hann; auðvitað er víða brýn nauðsyn á, að brúaðar sjeu stórár, t. d. Blanda, sem er aðal vatnsfallið í Húnavatnssýslu, en sem líka hefir á hinn bóginn þann kost fram yfir margar aðrar stórár, að á henni er einmitt ágætt dragferjubrúarstæði á ferjustaðnum hjá Tunguvaði, en það er þrátt fyrir það alls ekki neitt því til fyrirstöðu, að Hjeraðsvötnin hafi forgangsrjett, að þessu sinni til dragferju á þann hátt, sem farið er fram á í hinni umræddu tillögu. Jeg veit, að hverjum þeim sem nokkuð þekkir til Hjeraðsvatnanna, er kunnugt um, hve ill þau eru yfirferðar og að þau opt og tíðum einkum vor og haust eru ófær, ogseinast núna er jeg fór til alþingis, þá vóru þau svo ill yfirferðar, að mjer er til efs, að nokkrum ferðamanni hefði þótt það týsilegt að leggja út í þau, eins og þau þá voru.

Virði menn nú ennfremur annað aðalatriði þessa máls fyrir sjer, með öðrum orðum, beri menn þann kostnað saman, sem af þessu leiðir, og annan kostnað sams konar eðlis, t. d. gufubátana, sem fjárlaganefndin hefir lagt svo ríkt fram með, og sem er í alla staði nytsamt og gott fyrirtæki í sjálfu sjer, þá er hann alls ekki einu sinni tiltölulega mikill, og hvað formið snertir, — þetta spánýja uppáhald hins háttvirta framsögumanns fjárlaganefndarinnar — þá vona jeg að jafnvel hann hljóti að verða mjer samdóma um, að það sje mjög svipað. Jeg verð að halda því fram, að minnst sje varið í formið eitt, þegar um er að ræða stórt velferðarmál einhvers hjeraðs, eða landsins í heild sinni; mjer finnst það þar að auki

eiga afarilla við, að vera jafnvel að ota og pota fram einstöku hjeruðum, en láta önnur hjeruð, sem sýnt hafa mikinn dugnað, spila upp á sínar eigin spýtur, já, að láta þau einmitt gjalda þessa dugnaðar, sem þau hafa sýnt fram yfir aðra hluta landsins. Jeg ætla það ekki, að h. framsögum. álíti það í neinu niðrun, þó jeg vænti eptir, að hann haldi því ekki til streitu, að fella tillögu Ed. í þessu máli.

Hvað snertir 13. gr. C.VI., eða skólaiðnaðinn, þá hef jeg við fyrri umræðuna tekið það fram, sem jeg álít nytsamt við hann, og jeg held því enn fram, að þó að þessi styrkveiting sje eigi mikil, þá er hún þó nægileg til þess, að gjöra tilraun til að leiða fram þau gullkorn, sem í honum geta verið fólgin fyrir þetta land, og sem eru í því innifalin, að leggja grundvöll til þess, að Íslendingar verði vinnu- og starfsemis- þjóð, fremur en sí-lesandi bóknámsþjóð, og eðlilegt fótmál áfram í þessa átt er það, að æfa og venja unglinga við iðjusemi og reglusemi, handlægni og verklegt hyggjuvit í hinu smáa, og jeg er því eindregið með, að gefa þessari tillögu atkvæði mitt.

Landshöfðingi: Þær breytingartill., sem komið hafa fram við fjárlögin frá því þau voru samþykkt í Ed., eru flestar þess eðlis, að jeg læt mjer þær í ljettu rúmi liggja, hvort þær ná fram að ganga eða ekki, nema sú breyting, sem gjörð hefir verið við strandferðirnar.

Jeg hefi áður tekið það fram, að jeg álít mjög varhugavert fyrir þingið, að setja föst skilyrði fyrir útborgun fjárveitingarinnar til gufuskipsferða, sem stjórnin ekki má víkja frá í smáu nje stóru. Þegar tveir málsaðilar eiga að semja um það, að annar þeirra leysi eitthvert starf af hendi, þá er það mjög óheppilegt, þegar hendur hins semjandans eru svo bundnar, að hann má ekki slaka til í neinu, eða víkja neitt við frá þeim skilmálum, sem honum eru settir, og þetta er því óheppilegra, sem skilmálarnir eru harðari og ef til vill vanhugsaðri. Auk þess sem jeg áður hef tekið fram um erfiðleika fyrir stjórnina á að fá samniga um gufuskipsferðir með því fyrirkomulagi, sem þingið áskilur, skal jeg leiða athygli að því, að stjórnin fær svo nauman tíma til að leita samninga við útgjörðarmenn gufuskipa, að það er mjög lítil von til, að slíkur samningur gæti komizt á svo tímanlega, að gufuskipsferðunum yrði komið á eptir honum næsta ár. Fjárlögin geta ekki orðið samþykkt svo snemma hjer á þinginu, að þau verði afgreidd með næstu póstskipsferð (28. þ. m.). og þá geta þau ekki orðið afgreidd fyr en með póstskipi því, sem fer hjeðan 3. október norður um land og kemur til Kaupmannahafnar seinast í október. Nú hefir verið venja að gefa ferðaáætlun póstskipanna út svo snemma, að hún verði send hingað til lands með seinustu póstskipsferðinni á árinu (8. nóvember), og það er mjög áríðandi fyrir menn hjer, ekki síst verzlunarstjettina, að þekkja ferðaáætlun póstskipanna fyrir nýjár, svo að þeir geti hagað vörupöntunum sínum og öðru eptir því. En hvernig á nú stjórnin að vera búin að leita fyrir sjer og gjöra samning um gufuskipsferðirnar fyrir næsta ár, innan þeirra skorða, sem þingið hefir sett, svo tímanlega, að ferðaáætlun geti komið með seinustu póstferð í ár? Stjórnin hefir ekki til þess nema hálfan mánuð og varla það. Það mætti ef til vill segja, að það sje nóg, ef samningur er gjörður um póstferðirnar milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur og áætlunin um þær kemur með síðustu póstferð; en sje samið

um þær ferðir sjerstaklega, þá gæti orðið erfiðara að koma hagfelldu skipulagi á strandferðirnar; að minnsta kosti hefir hingað til ekki þótt tiltækilegt að hafa annað skipið eingöngu í förum milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, og hitt milli Khafnar og allra annara hafna á landinu. Jeg held því, að ef stjórnin neyðist til að gjöra sjerstakan samning um gufuskipsferðir þær, sem kostaðar eru úr ríkissjóði, muni lítil líkindi vera til, að samningar næðust um strandferðir þær, sem þingið heimtar, fyrir þá borgun sem það býður. Það væri því að minni ætlun hyggilegast, að bíða við næsta fjárhagstímabil og hafa gufuskipsferðir árin 1892 og 1893 fyrir sömu borgun eins og 1890 og 1891, en þannig, að tekið væri það tillit til óska alþingis, sem fært væri, og leita síðan fyrir sjer til næsta þings, með hvaða kjörum þær gufuskipsferðir, sem þingið heimtar, geti fengizt, líkt og farið er fram á í þingsályktunartillögu, sem lögð hefir verið fram hjer á þingi. En vilji þingið halda því til streitu, að ekkert fje megi greiða til gufuskipsferða úr landssjóði, nema skilyrðum þeim, sem lesa má í breytingartillögu fjárlaganefndarinnar, sje fullnægt, þá verður þingið einsamalt að bera alla ábyrgð á því, ef ekki tekst að fá samning um slíkar strandferðir, og afleiðingin verður sú, að landið fer á mis við allar strandferðir næsta fjárhagstímabil, enda hefir mjer ekki skilizt betur, en að þessi þingdeild taki slíka ábyrgð á sig með glöðu geði.

Sigurður Stefánsson: Jeg hef leyft mjer að koma með dálitla breyt.till. og skal því fara um hana fáeinum orðum. Eins og h. framsögum. (Sk. Th.) tók fram, samþykkti þessi h. deild lítinn styrk til frú Torfhildar Holm. Efri deildin hefur fellt þennan styrk, en jeg hef nú leyft mjer aptur að stinga upp á að hann verði veittur, af því jeg sje að hjer er veitt fje til svo margs annars, sem eigi er meiri ástæða til að taka til greina. Jeg tók það fram við 2. umr. þessa máls, að það ætti vel við að þingið sýndi þessum fátæka kvennmanni einhverja viðurkenning. Það er góð kona, sem hefur reynt með ritum sínum að vekja og glæða góðar og göfugar tilfinningar í hjörtum hinna ungu, og jeg verð að segja það, án þess jeg vilji lasta þjóðskáld vor, að sum ritverk þeirra taka í engu fram sumum ritum þessarar konu, og jeg er eigi einn um þá skoðun, því það eru margir sem segja, að skáldsaga hennar »Brynjólfur biskup« sje ein af okkar betri skáldsögum. Mjer finnst það ætti eigi að rýra álit hennar, að hún hefir ráðizt í annað eins stórræði eins og verkefni það, sem hún hefur tekið sjer fyrir hendur í skáldsögunni »Elding«, og jeg er óviss um að aðrir hefðu komizt öllu betur frá því en hún, þótt meiri skáld sjeu og meiri menntun hafi fengið. Jeg tel þetta rit henni miklu fremur til heiðurs en vanheiðurs, og þar sem sjerstaklega á þessu þingi er talað um, að kvennmenn eigi að fá jafnrjetti við karlmenn, þá ætti þingið því síður að leggja á móti þessum litla styrk, þar sem kvennmaður á í hlut, er sýnt hefir frábæran dugnað í ritverkum. Í seinni tíð er varla byrjað á að semja nokkurt rit, fyr en styrkur er fenginn úr landssjóði. Þessi kona hefur styrklaust ritað miklu meira og að mínu áliti miklu betra en margir þeir sem fengið hafa opinberan styrk fyrir ritverk sín. Hjer í þessu fjárlagafrumv. er farið fram á að veita 4 læknum styrk, enn fremur manni til þess að safna til sögu Íslands o. fl. o. fl., og því sýnist mjer h. þingdeildarm. geti heldur eigi verið á móti þessum litla styrk til þessa fyrsta kvennmanns, sem leitað hefir þingsins,

eptir að hafa unnið svo mikið að ritverkum. Jeg veit að margir h. þingdeildarm. vilja vera sanngjarnir við kvennþjóðina; þeir hafa samþykkt lagafrumv. um að kvennmenn hafi kosningarrjett og kjörgengi og aðgang að embættum; nú ættu þeir að sýna að þetta væri meir en orðin tóm, væri meira en hljómandi málmur og hvellandi bjalla, með því að veita þessum kvennmanni viðurkenning, sem af sjálfsdáðum hefur hafið sig upp á það menntunarstig, sem kvennfrelsismennirnir í ræðum sínum þrá svo mjög að kvennfólkið komist á.

Jeg er flestum þeim breyt.till., sem hjer liggja fyrir, meðmæltur, en jeg vildi sjerstaklega taka það fram um liðinn 12. gr. B. d., það er um svifferjurnar, að jeg get eigi gefið þeim lið atkv. mitt. Það skyldi vera fjarri mjer að sporna á móti því að svifferjur kæmust á Hjeraðsvötnin, en þessi landssjóðsstyrkur er nú eigi nauðsynlegur, því fyrri þm. Skagf. (Ól. Br.) sagði, að þær yrðu settar á án hans, og jeg vildi leiða athygli manna að því, að hjer er eigi um aðalpóstleið að ræða. *(Ben. Sveinsson*: Eru gufubátarnir á aðalpóstleið?). Já, jeg veit eigi betur en svo sje sumstaðar. Gufubáturinn á Ísafirði fer einmitt um aðalpóstleiðina, frá Langadalsströnd til Ísafjarðarkaupstaðs, og þau hjeruð, þar sem gufubátarnir eiga að ganga, eru þannig löguð, að vegabótum á landi verður eigi komið við, eins og t. d. í Skagafirði. Þar sem nú 30,000 kr. er varið til vegabóta á landi, þá er það sannarlega eigi of mikið lagt til gufubátanna. H. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) sagði, að þetta varðaði alla Skagafjarðarsýslu, en jeg er nú nokkuð kunnugur í Skagafirði eins og hann, og jeg veit að hjer er að eins um 3 hreppa að tala, sem einkum geti notað þessar svifferjur. Það eru Viðvíkur, Hofs- og Hólahreppar, og Rípurhrepp má telja með, en Fells- og Holtahreppar sækir sjaldan til Sauðárkróks. Því þegar verzlun er í Hofsós, eins og breyt.till. h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) við þingsályktunina viðvíkjandi strandferðunum bendir til, þá sækja þeir hreppar, sem eru fyrir utan Hofsós, þangað. Akrahreppsmönnum þykir betra að fara yfir Hjeraðsvötnin framar, en að kræsja út á ósa, enda eru þau vanalega fær fremra, nema í stór-flóðum. Það er engin brýn þörf á þessum styrk, og þar sem hvorki liggur fyrir beiðnarskrá frá sýslunefndinni þar að lútandi og heldur eigi nein ýtarleg skýrsla um kostnaðinn, þá sje jeg enga ástæðu til að veita þetta fje. Þessi liður kom inn á fjárlögin í efri deild öllum að óvörum og alveg undirbúningslaust. Ef það verður að venju, að veita þannig fje til hins og þessa, sem sett er í fjárlögin á seinasta stigi þeirra í þinginu upplýsingalaust, þá álít jeg það mjög ísjárverða stefnu og sem þingið myndi opt iðrast eptir. Jeg verð því að greiða atkvæði móti þessum lið, þó að jeg sje eigi á móti því í sjálfu sjer, að fje sje veitt úr landssjóði til þessa fyrirtækis.

Út af athugasemdum hæstv. landsh., þar sem hann taldi þau tormerki á að samþykkja þingsályktunina um strandferðirnar, að stjórnin hefði of naumán tíma til að semja um þær, þá skal jeg geta þess, að jeg get ímyndað mjer, að líkt standi á fyrir næsta þingi, þótt tilboð lægi fyrir, að það yrði eigi fljótara að koma sjer niður á, hvernig strandferðunum skyldi haga en nú, og mjer finnst ógjörningur að þingið láti þetta mál nú jafn-afskiptalaust og hingað til, hvort sem gufuskipafjelagið á í hlut eða aðrir.

Ólafur Ólafsson: Það eru að eins fáein atriði, sem jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um.

Að því er snertir svifferjur yfir ósana á Hjeraðsvötnunum, þá skal jeg lýsa yfir því, að jeg er því máli fylgjandi, þó að það hafi verið borið fram á dálítið ótormlegan hátt, þar sem málinu var fyrst hreyft við 3. umr. fjárlaganna. Þó jeg sje ekki sjerlega kunnugur í Skagafirðinum, hef jeg frjett að vötn þessi sjeu mikill þröskuldur fyrir samgöngum þar, og jeg þekki persónulega hvað það er að verða að fara haust og vor og jafnvel á vetrum yfir sundvötn, og mega það vera tilfinningasljóvir menn, sem ekki kenna í brjósti um skepnurnar fyrir alla þá hrakninga.

Hjer er einnig farið fram á svo litla upphæð, að ekki munar mikið um það, þegar það er borið saman við annað í fjárlögunum. Þar eru t. d. veittar 1000 kr. á fjárhagstímabilinu til tannlæknis, sem ekki gerir annað en bæta tennur í fáeinum prívat-mönnum, sem gætu borgað sjálfir, og sama upphæð er veitt aukalækninum á Skipaskaga til þess að hann geti sinnt augnalækningum, en þó hefur hann vitanlega mesta sína »praxis« af augnalækningunum.

Þá er bráðabirgðar-uppbótin á Akureyrarbrauðinu. Hún þykir mjer undarleg. Það er auðsjeð, að Ed. hefur viljað gera eitthvað fyrir síra Matthías, en tekið svo það ráð að bæta upp brauðið og Grundar-brauðið um leið. Þegar nýr prestur kemur í brauðið, geri jeg ráð fyrir að hann fái að njóta þessa styrks, einungis af því að fyrirrennari hans var skáld. Þetta minnir mig á söfnuð einn, sem ætlaði að bæta úr þeim bresti, að engin baðstofa var á prestssetrinu og skaut því saman til baðstofubyggingar, en svo gaf hann prestinum sem var í brauðinu baðstofuna, og prestsetrið var jafn baðstofulaust eptir sem áður.

Að því er snertir styrk til Halldórs Briems til að gefa út þykkvamálsfræði, þá mun jeg gefa atkvæði með því. Jeg er hlynntur því að gefa út alþýðlegar bækur með opinberum styrk. Þær seljast þá ódýrt og geta gert mikið gagn, því að ekki geta allir lært í skólum, en margir verða að láta sjer nægja það, sem þeir geta lært af bókum heima hjá sjer.

Ólafur Briem: Út af orðum h. þm. Ísf. (S. St.) skal jeg geta þess, að þó hann sje kunnugur í Skagafirði, er það þó ekki alls kostar rjett, að Fljótamenn og aðrir útsveitamenn eigi ekki leið yfir Hjeraðsvötnin nema lausríðandi *(Sigurður Stefánsson:* Sjaldan), því að nú eru á hverju hausti reknir þaðan stórir fjárrekstrar yfir Hjeraðsvötnin. Það er seinlegt að ferja kindurnar, og hafa menn því stundum orðið að reka þær í Vötnin, þó illt sje.

Þar sem h. þm. (S. St.) sagði, að verzlunin í Hofsós hlyti að vera mikil, úr því jeg hefði farið fram á, að strandferðaskipin kæmu í hverri ferð á Hofsós, þá fer því fjarri. Þar er einmitt lítil verzlun, og vildi jeg því að skipin kæmu þar meðfram til þess, að menn væru ekki bundnir við hana, en gætu pantað sjer vörur sjálfir.

Jens Pálsson: Þó jeg eigi enga breyt.-till. sjerstaklega, vil jeg leyfa mjer að tala nokkur orð.

Jeg vil fyrst minnast á breyt. till. frá nefndinni í kennaramenntunarmálinu, sem fer fram á, að af því fje, sem er ætlað til barnaskóla, sje varið allt að 200 kr. til eptirlits. Við vorum sannfærðir um, að þessum peningum mundi vel varið. Okkur var það ljóst, að það er áríðandi, að haft sje eptirlit að minnsta kosti endrum og sinnum, til þess að sjá,

hvernig kennslan fer fram, gæta að húsum og áhöldum og gefa kennurum bendingar. Það stendur nú einnig svo á, að af 17 skólum á landinu eru 12—13 hjer á suðurlandi, og gætu orðið eptirlits þessa aðnjótandi. Jeg vona því að menn aðhyllist þessa breyt.till., og sömuleiðis hina aðra till. í sama skjali, að veita 500 kr. lán til kennaramenntunar, af þeim ástæðum, sem eru rækilega teknar fram í nefndarálitinu.

Þá er styrkurinn til að koma á svifferjum á Hjeraðsvötnin. Jeg get ekki fallizt á ástæður þeirra, sem vilja veita þennan styrk. Það hefir komið fram í umræðunum, að einungis fáir hreppar einnar sýslu mundu hafa veruleg not af þeim. Menn hafa borið styrk þennan saman við styrk til gufubátsferða, en þar finnst mjer öðru máli að gegna. Gufubátunum er komið á til þess, að bæta upp ófullkomlegleika strandferðanna í þeim hjeruðum, sem þannig eru úr garði gerð af náttúrunni, að aðalflutningar þeirra fara fram á sjó. Þeim er líka ætlað að gera miklu stærri svæðum gagn en svifferjurnar mundu geta gert. Gufubátur á Breiðaflóa hefir þýðingu bæði fyrir Barðastrandar-, Dala- og Snæfellsnessýslur, á Faxaflóa fyrir Borgarfjarðar-, Mýra-, Gullbringu- og Kjósarsýslur og að nokkru leyti fyrir Snæfellsnessýslu. Gufubátur fyrir austan fjall gagnar bæði Árnes-, Rangárvalla- og Skaptafellssýslum og jafnvel Kjósar- og Gullbringusýslu. Ef ferðunum væri nú hagað þannig, að allir þessir gufubátar næðu saman, þá mundi það hafa alþjóðlega þýðingu.

Þá er önnur ástæða, sem gerir, að jeg get ekki fallizt á styrk þennan til svifferju, en það er að jeg veit ekki til að hún eigi að vera á aðalpóstleið, og meðan þau lög eru í gildi, að landssjóður sje skyldur til að kosta upp á þær og brúa ófærar ár á þeim, finnst mjer aðalpóstleiðirnar verða að ganga fyrir. Þessi ferja passar ekki inn í neitt »plan«, sem hefir verið lagt og lögleitt eða líkindi eru til að verði lagt og lögleitt.

H. þm. Eyf. (B. Sv.) tók það fram, þegar hann var að mæla með svifferjunum, að hann kynni ekki við að einstök hjeruð væru að pota sjer fram; en þegar litið er á svifferjur þessar, kemur þetta sjerstaklega illa við, því að þar er einmitt um eina sýslu eða sýsluhluta að ræða. Þegar litið er á þetta, koma einnig til álita önnur fjölbyggð hjeruð, sem klofin eru sundur af stórum ám, t.d. Árnessýsla; það eru Sogið, Brúará og Tungufljót, allt stórar ár og illar yfirferðar, sem ættu viðlíka rjett til svifferju. En ef landssjóður ætti að taka til greina allar bænir um þess konar, mundi hann verða að kosta til þess ærnu fje. Þetta er allt of einstaklegt fyrirtæki til þess, að vert sje að leggja slíkt kapp á það, sem einstakir þm. gera nú.

H. þm. Rangv. (Ól. Ól.) tók það fram, að svifferjur mundu gera gagn einnig á veturna; en svifferjur eru þeir gallagripir, að þær duga ekki þegar ísrek er í ám.

Af ástæðum þeim, sem jeg hefi nú tekið fram, þykir mjer óeðlilegt, að mál þetta sje gert að kappsmáli, og get ekki gefið því atkvæði mitt.

Þá vildi eg einnig fara nokkrum orðum um till. h. þm. Mýr. (Á. J.), að fella skólaiðnaðinn burt. Á fjárveiting til skólaiðnaðar hefir orðið sú breyting, að þar sem Nd. samþykkti, að veita 500 kr. til kennslu, að mjer skildist í Reykjavík, þá hefir Ed. samþykkt að veita 1,100 kr. fyrra árið og 500 kr. síðara

árið til kennslu, sem á að fara fram við Flensborgarskólann. Jeg hef dálítið að athuga við þetta, því jeg var í nefndinni um kennaramenntun, sem ætlaðist til að sú fræðsla færi fram við Flensborgarskólann, og jeg geri líka ráð fyrir, að ef umsjónin með barnaskólum kæmist á, þá mundi það falla í skaut annarshvors kennarans við Flensborgarskólann. Hann fer þá að hafa mikið að gera sá skóli, þar sem hann er bæði barnaskóli, alþýðuskóli og gagnfræðaskóli, og auk þess á hann nú að verða kennaraskóli og »slöid«-skóli. Auðvitað eru báðir kennararnir þar duglegir menn, en með þessu móti álít jeg þó of hlaðið á þá; jeg álít að ætlunarverk þessa skóla verði á þennan hátt kröptum hans of vaxið, en ef h. deild álítur, að svo mikið þurfi að leggja á þennan eina skóla, þá hefði jeg kunnað betur við, að reynt hefði verið að útvega honum enn meiri kennslukrapta.

Jeg get því ekki verið mótfallinn breyt.till. þm. Mýr. (Á. J.).

Benedikt Sveinsson: H. þm. Ísf. (S. St.) lagði áherzlu á, að ekki lægi á að koma svifferjunum á. Hjeraðsvötnin, en var mjer þó samdóma um, að þær væru gagnlegar, já, meira að segja að þær væru nauðsynlegar. Þetta er líka óhætt að fullyrða, því að jeg hef rjettara fyrir mjer en h. þm. (S. St.) í því, að það eru menn á stærra svæði en hann sagði, sem geta notað þær og munu nota þær á ferð sinni til Sauðárkróks. Jeg er að vísu ekki alinn upp í Skagafirði, en jeg er vel kunnugur í Skagafirði, og hef líklega nú á seinni árum talað við fleiri Skagfirðinga en h. þm. (S. St.), og jeg veit það með vissu að menn framan úr allri Blönduhlíð mundu nota svifferjurnar og verða fegnir að hafa þær. Jeg held h. þm. (S. St.) hafi þegar dvalið svo lengi á vesturlandi, þar sem menn eru svo lukkulegir að hafa engar stórár eða fljót, að hann sje farinn að gleyma, hvílíkur farartálmi að þeim er.

H. þm. (S. St.) sagði, að þetta mætti bíða. En eptir hverju eigum vjer að bíða? Til hvers á að vera að bíða í tvö ár með nauðsynjafyrirtæki, sem eins vel má byrja nú á? Mun það láta vel í eyrum bænda að heyra þetta: þið getið beðið, þið getið enn um næstu tvö ár lagt ykkur og hesta ykkar og fje í hrakninga, bara af því að við alþingismennirnir viljum láta ykkur bíða? H. þm. (S. S.) veit hvorki, hvort hann eða jeg verður á næsta þingi; því er okkur ráðlegast að vinna það gagn, sem við getum, nú á meðan okkur gefst færi á. Það er gamalt orðtæki, að sá sje bezt-ur löggjafinn, sem bezt heyrir og bezt sjer; það er að segja sá sem glöggskyggnastur er á gagn ættjarðar sinnar og vilja þjóðarinnar. Hjer höfum vjer einmitt tækifæri til að sjá sannarlegt gagnsemdarfyrirtæki og framkvæma það. *(Sigurður Stefánsson:* Fyrir nokkra hreppa). Nei, fyrir fjölmennt hjerað. Þetta fje er ekki heldur veitt skilyrðislaust, það er sett það skilyrði, að sýslufjelagið leggi fram sinn skerf.

Jeg var alveg hissa að heyra h. þm. Dal. (J. P.) tala á móti þessari till. Jeg er að vísu ekki góður að draga ályktanir af orðum manna, en svo góður þykist jeg þó vera, að jeg hefi fullkomnustu ástæðu til að álíta ræðu hans alveg ósamkvæma allri stefnu hans í samgöngumálum vorum og öllum öðrum ræðum h. þm. (J. P.) í þeim í sumar. Sjerstaklega furðaði mig á að heyra hjá honum, að landssjóður væri nú allt í einu orðinn svo tátækur, að hann geti ekki veitt Skagfirðingum einar 2,400 kr.

Það sjer hver maður, að þetta er ekki á rökum byggt. Einmitt þetta getur gefið landinu ágæta reynslu um svifferjur, og getur máske orðið til þess að menn hallist að því, að setja heldur svifferjur á ýmsar ár, en að leggja yfir þær 10—20 sinnum dýrari brýr. Það er rjett hjá h. þm. (J. P.), að það er ekki ætlazt til að svifferjurnar sjeu notaðar á vetrum; þær eru teknar af áður en jakaburður kemur í ár, eða þær leggja, og þá fyrst settar á, þegar ís er leystur; þær eru með öðrum orðum til þess að hjálpa mönnum til að komast yfir vatnsföll á þeim tíma, þegar náttúran eigi leggur brú yfir þau með ísalögunum. Þetta er engum of vaxið að sjá og skilja. Og hvaða gagn er að Ölvesárbrúnni þegar ís er á henni? En á öðrum tímum gera svifferjurnar sama gagn og brúin. Jeg skil ekki í, að h. þm. Dal. (J. P.), sem á svo mikla þökk skilið fyrir framkomu sína í samgöngumálum og áhuga á þeim, jeg skil ekki í því, segi jeg, að hann skuli hjer leyfa sjer að leggja dóm á samgönguþörf þess hjeraðs, sem hann aldrei á æfi sinni hefir sjeð. Jeg er alveg viss um, að ef h. þm. Dal. (J. P.) yrði mjer samferða um Skagafjörð og sæi þar Hjeraðsvötnin í algleymingi sínum, þá mundi hann sízt af öllu mæla á móti svifferjum, heldur þakka sínum sæla, að geta komizt yfir þau á svifferjum, þeim hinum sömu, sem hann nú andæfir á móti.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Hæstv. landsh. lagði í ræðu sinni áherzlu á að honum þætti það óheppilegt, að styrkurinn til strandferða væri bundinn föstu skilyrði; sjerstaklega barði hann því við, að tíminn til samninga mundi verða of naumur, er ekki yrði hægt fyrir stjórnina að byrja að leita samninga fyr en í októbermánuði; en þessi viðbára sýnist mjer hafa við lítið að styðjast; jeg skil ekki í því, að tíminn frá því í október og til nýjárs megi ekki nægja, sje hann að eins vel notaður. Þess ber og að gæta, að eptir hvert alþing að undanförnu hefir stjórnin átt að semja um strandferðir, ekki fremur við gufuskipafjelagið en aðra, og þá hefur þó ekki verið kvartað yfir því, að tíminn væri of stuttur.

Jeg get og tekið undir það með h. þm. Ísf. (S. St.), að ef tíminn er naumur fyrir stjórnina til samninga í þetta skipti, þá mun hún ekki síður bregða við tímaleysi eptirleiðis, og ætti þá þar af að leiða, að landið yrði um tíma og eilífð að vera bundið við hið sameinaða gufuskipafjelag, og alþingi engu að geta um þokað.

Hæstv. landsh. sagði, að þessi þingdeild yrði að bera ábyrgðina af því, ef engar strandferðir yrðu næsta fjárhagstímabil; en í þessu efni finnst mjer, að hæstv. landsh. hafi tekið nokkuð freklega í strenginn, því að jeg sje ekki betur, en að ástæðulítið sje að bregða upp slíkum grýlum, ekki frekara en þingdeildin hefir farið í kröfum sínum, og jeg treysti því fastlega, að stjórninni takist að ná samningum, ef hún leggur sig í framkróka. En að öðru leyti getur deildin auðvitað eigi skorazt undan að bera ábyrgð gjörða sinna; og jeg skal taka það fram, að, að mínu áliti, mundi hún baka sjer enn meiri ábyrgð, ef hún enn að nýju kastaði þessu máli fyrir fætur gufuskipafjelagsins, án þess að reyna kippa því í lag.

Þá skal jeg minnast á það atriði, sem aðalumræðurnar hafa orðið um, á svifferjurnar. Mig furðaði sannlega á ræðu h. 2. þingm. Eyf. (B. Sv.), er hann sagði, að hjer væri um helzta og landsnauðsynja mál að ræða. Hjer er þó ekki um annað að ræða, en að koma á fót einni svifferju, og það á hreppa-

vegi, að jeg hygg. Er þetta nú orðið aðal-nauðsynjamál landsins? Jeg er hræddur um, að h. þingm. hafi tekið nokkuð djúpt í árinni, og að landssjóðnum liggi ýms önnur framfarafyrirtæki nær; ætli honum liggi ekki nær, að reyna fyrst að brúa þær ár, eða hrinda burtu þeim torfærum, sem eru á aðalpóstleiðum, áður en hann fer að leggja fram mikið fje til þeirra vega, sem honum að lögum eigi er skylt að kosta? Jeg skal líka taka það fram, að h. þm. Skagf. (Ól. Br.) lýsti því yfir í ræðu sinni, að Skagfirðingar hefðu vakið máls á þessu heima í hjeraði og ályktað, að svifferjurnar skyldu verða næsta stórfyrirtæki, sem þeir rjeðust i, en nú stæðu þeir í brúargjörð, og hefðu að svo komnu ekki einu sinni nóg fje til að ljúka við hana. Jeg sje því ekki, að það sje nauðsyn að veita þetta fje einmitt á þessu þingi, því að á næsta fjárhagstímabili munu Skagfirðingar að líkindum ekki geta lagt fram neitt fje til svifferjanna. Auk þess er málið óundirbúið, því að það liggja engar skýrslur fyrir eða áætlanir um svifferjurnar nje um kostnaðinn við að koma þeim upp. Jeg álit því rjettast, að málið sje látið bíða til næsta þings.

Eins og jeg tók áðan fram, þá byggði fjárlaganefndin tillögur sínar alls ekki á því, að hún væri fyrirtækinu mótfallin í sjálfu sjer, heldur á því, að það væri of-illa undirbúið. Þetta er allt annað, en það, sem h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) og h. þm. Snæf. (P. Br.) báru fram, að jeg hefði sagt, að málið hefði verið borið óformlega fram í efri deild. Mjer datt ekki í hug að segja þetta, því að jeg veit það vel, að hver þingmaður hefur rjett til að bera fram þau mál, sem honum sýnist, en þar með er ekki sagt, að málið sje nógu undirbúið. *(B. Sv.:* Hvaða undirbúning þarf það?) Það þurfa fyrst og fremst að liggja fyrir skýrslur um það, hvað ferjurnar muni kosta, því að annars veður þingið í villu og svíma og veitir fjeð út í bláinn; það getur komið upp úr kafinu, að svifferjurnar kosti t. d. ekki meira en 2400 kr. En af athugasemd h. Ed. við fjárveitinguna er auðsjeð, að það hefur vakað fyrir henni, að þær mundu kosta meira, og að sýslufjelagið ætti að leggja til það, sem til vantaði.

Þó að jeg viti, að h. þm. Dal. (J. P.) sje maður til að svara fyrir sig, þá skal jeg taka það fram, að mjer þóttu ummæli h. 2. þingm. Eyf. (B. Sv.) alls ekki eiga við, þar sem hann var að tala um ósamkvæmni hjá h. þm. Dal. (J. P.). Mjer finnst það fremur ósamkvæmni, að sumir þeir menn, sem eru mótfallnir því, að ráðast í nokkurt verulegt framfarafyrirtæki, skuli nú allt í einu vilja fara að leggja fram fje úr landssjóði til þessa fyrirtækis, sem hlutaðeigandi hreppafjelög eða sýslufjelag Skagfirðinga á að lögum að kosta, en ekki landssjóðurinn.

Ólafur Briem: Jeg skal leyfa mjer að gjöra þá athugasemd, að það var ekki rjett, sem h. þm. Eyf. (Sk. Thor.) sagði, að svifferjurnar ættu að vera á hreppsvegi; það er ekki hreppsvegur yfir Hjeraðsvatna-ósana, heldur sýsluvegur.

Lárus Halldórsson: Jeg skal leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd um breyt.till. mína, að póstskip fari frá Austfjörðum til Reykjavíkur í miðjum október. Þessi tillaga er samkvæm hinni upprunalegu tillögu h. fjárlaganefndar, en eptir bendingu hæstvirts landsh. hefur hún látið þessa ferð falla niður; hæstv. landsh. ljet í ljósi að hann væri einkum mótfallinn þessari ferð og janúarferðinni til Austfjarða. Jeg hefði helzt óskað, að báðar þessar ferðir hefðu verið látnar haldast, en ef ekki er kostur á þeim báðum, þá vil

jeg heldur missa janúarferðina, og hef því komið með þessa breyt.till.; leyfi jeg mjer að mælast til þess við h. forseta, að hann beri fyrst upp breyt.till. á þingskjali 492, því að nái hún ekki samþykki, þá tek jeg aptur breyt.till. á þingskjali 501.

Jeg hef enn fremur leyft mjer að koma fram með breyt.till. um, að styrkurinn til strandferða sje færður niður í 18000 kr. á ári, ef þeim verður hagað samkvæmt hinu fyrra »alternativi». Jeg skal ekki þreyta h. deild með því að færa ástæður fyrir þessari breytingu; það hefur áður verið talað svo mikið um þetta og jeg þykist hafa greinilega tekið fram ástæðurnar fyrir því. Jeg skal að eins í fám orðum geta þess, að margir álíta — og það er varla að ástæðulausu —, að gufuskipafjelagið hafi stór-grætt á strandferðunum, að það muni hafa haft í hreinan arð að minnsta kosti þær 18000 kr., sem því hafa verið lagðar úr landssjóði. Þess vegna finnst mjer jeg ekki geta gefið atkvæði með því, að bætt sje fje við þetta stórauðuga fjelag, sem gjöra má ráð fyrir að sitji fyrir gufuskipaferðunum hjer við land eptirleiðis, þó að bætt sje við það fáeinum ferðum.

Útgjörðartími skipanna þarf ekki að vera lengri, og ekki þarf fjelagið að hafa fleiri skip í förum en áður. Að eins þurfa skipin að koma við á nokkuð fleiri stöðum, og fara til þess smákróka inn á firði, og auk þess 1—2 ferðum fleiri til Austfjarða. En á þeim ferðum munu verða mjög miklir mannflutningar, og þær því arðsamar. Því finnst mjer rangt að bæta þessum 3000 kr. við fjelagið, sjerstaklega nú, þegar h. deild er farin að slá af sínum upprunalegu kröfum, sem jeg þó er viss um að gufuskipafjelagið mundi hafa gengið að.

Jens Pálsson: Jeg skal að eins gera stutta athugasemd viðvíkjandi þeim orðum, er h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) talaði til mín. Hann sagði, að það sem jeg hefði talað um svifferjurnar stæði í ósamkvæmni við allt sem jeg hefði talað í samgöngumálum á þessu þingi. Mjer kom á óvart, að þetta skyldi koma frá eigi óskýrari manni. Jeg tók það fram, bæði að þessar svifferjur hefðu að eins þýðing fyrir part úr sýslufjelagi, — þær stæðu einar sjer, — og væru ekki vegabót á þeim vegum, er landssjóði bæri að kosta, og ættu ekki heima í neinu því »plani« í samgöngumáli voru, sem lagt hefði verið eða lagt mundi verða. En jeg vil spyrja: var eigi »princip« nje ákveðið »plan« í frumv. mínu til vegalaga? Jú, það var jafnvel eptir að búið var að sníða I. kaflann framan af. Það var samt ein heild, sem byggð var á skynsamlegri grundvallarreglu; í því var fyllsta samkvæmni og samhengi. Þó að jeg því hafi á móti því, að landssjóður kasti fram þúsundum til samgöngubóta út um allt, eða út um hvippinn og hvappinn, þá er það í fullu samræmi við það, sem jeg hef allt af haldið fram í samgöngumálum, og í samkvæmni við það, sem jeg hef sagt á þessu þingi. *(B. Sv.:* Nei). Jú, og það hljóta allir að sjá, sem rjett líta á. — Ef landssjóður fer að kasta þúsundum krónum í brýr, svifferjur, og annað þess háttar á víð og dreif, hvar sem slíkra vegabóta er einhver þörf, án þess að binda sig við þá vegi, sem hann að lögum á að kosta til, þá mun sá tilkostnaður valda þeim útgjöldum, er geta gjört hann ófæran um að ráðast í nokkurt verulegt eða stórt fyrirtæki til samgöngubóta.

H. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) hafði eptir mjer, að jeg hefði haft það á móti svifferjum, að þær yrðu eigi notaðar á

vetrum, þegar ís væri kominn á vötn, — og lagði áherzlu á, að þetta væri eigi gild mótbára, því þá þyrfti eigi á þeim að halda, fremur en brú á Ölvesá, þegar hún væri ísi lögð. — En þingmaðurinn fór eigi rjett með orð mín, og fjekk út úr ræðu minni annað en í henni lá. En það sem jeg sagði, var það, að þegar ísskrið og jakaferð væri í vötnum, væri eigi hægt að nota svifferjur, og jeg vona að hann sje ekki orðinn allt í einu svo skyni-skroppinn maður, að hann sjái ekki hinn mikla mun á því, að ísskrið og jakaburður sje í á, og hinu, að hún sje ísi lögð, svo yfir megi fara. Jeg verð enn fremur að taka það fram út af orðum h. sama þingmanns, að mjer þykir það nokkuð hart, ef þingmenn mega eigi hafa atkvæði um mál þeirra hjeraða, sem þeir hafa aldrei komið í.

H. 1. þingm. Skagf. (Ól. Br.) sagði skýlaust, að svifferjur yrðu settar á ósana í Hjeraðsvötnunum, hvort sem styrkur fengist eða ekki, enda hefur ekki um styrk verið beðið heima í hjeraði, og bendir það á, að sýslan geti af eigin rammleik komið svifferjunni á og ætli sjer að gjöra það. Mjer sýnist nú alls eigi rjett að varpa burtu þúsundum króna úr landssjóði til hjeraðafyrirtækja, sem hjeruðin sjálf telja engin tormerki á að þau geti framkvæmt, og ætla sjer því að framkvæma styrklaust.

ATKVÆÐAGREIÐSLA um breyt.tillögurnar fjell þannig, og standa þingskjölin, sem þær eru á, milli sviga:

(485) við 10. gr. C. 4. b. samþ. með 16 atkv., en (490) við sama lið þar með fallin. (491) við 10. gr. C. 4. (nýr stafl.) samþ. með 12 atkv., (485) við 10. gr. C. 4. g. samþ. með 16 atkv., (485) við 12. gr. B. d. felld með 13 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sig. Jensson,	Páll Ólafsson,
Árni Jónsson,	Ben. Sveinsson,
Eiríkur Briem,	G. Halldórsson,
Jens Pálsson,	Indriði Einarsson,
J. Jónss. N.-M.	Jón Jónss. N.-Þ.
Jón Þórarinsson,	Jónas Jónassen,
Sig. Gunnarsson,	Lárus Halldórsson,
Sigurður Stefánss.,	Ól. Briem,
Skúli Thoroddsen,	Ol. Ólafsson,
Þorl. Guðmundss.	Ól. Pálsson,
	P. Briem.
	Sveinn Eiríksson,
	Þorv. Kjerúlf.

(496. l.) samþ. með 19 atkv., og (494) samþ. með 13 atkv., en (501) samþ. með 19 atkv., (493) felld með 16 : 7 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sigurður Jensson,
Jens Pálsson,	Árni Jónsson,
Lárus Halldórss.,	Ben. Sveinsson,
Ól. Briem,	Eiríkur Briem,
Ol. Ólafsson,	G. Halldórsson,
Sv. Eiríksson,	Indriði Einarsson,
Þorv. Kjerúlf.	J. Jónss. þm. N.-M.
	J. Jónss. þm. N.-Þ.
	Jón Þórarinsson,
	Jónas Jónassen,
	Ól. Pálsson,
	Páll Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Stefánsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundss.,

(490) við 12. gr. C. a. og b. samþ. í e. hlj., (485) við sama stafl. þar með fallnar. (485) við 12. gr. C. c samþ. með 15 atkv. og við d. með 16; (485) við 12. gr. C. (nýr stafl.) samþ. með 20 atkv. 9.—11. tl. á (485) samþ. með 18 atkv. hver; (480) við 13. gr. B. VI b. 1. samþ. með 13 atkv., og (480) við 13. gr. B. VI. b. 2. c. samþ. með 16 atkv. (481) við 13. gr. B. VI. g. (falli

burt) felld með 13:5 atkv. (485) við 13. gr. C. 14. samþ. með 16 atkvæðum. (481) við 13. gr. C. 19 (falli burt) fellt með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Páll Ólafsson,	Sig. Jensson,
Árni Jónsson,	Ben. Sveinsson,
Gunnar Halldórss.,	Eiríkur Briem,
Jens Pálsson,	Indriði Einarsson,
J. Jónss. N.-Þ.	Jón Jónsson N.-M.
Ólafur Pálsson,	J. Þórarinsson,
Skúli Thoroddsen,	Jónas Jónassen,
Þorl. Guðmundss.	Lárus Halldórsson,
	Ólafur Briem,
	Olafur Ólafsson,
	Páll Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Stefánsson,
	Sv. Eiríksson,
	Þorv. Kjerúlf.

(489) við 13. gr. C. 19 samþ. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Ben. Sveinsson,	Páll Ólafsson,
Eiríkur Briem,	Árni Jónsson,
Indriði Einarsson,	Sig. Jensson,
Jens Pálsson,	Gunnar Halldórss.,
Jón Þórarinsson,	Jón Jónss. N.-M.
Jónas Jónassen,	Lárus Halldórsson,
Páll Briem,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Ólafur Ólafsson.
Sig. Stefánsson,	Ólafur Pálsson,
Skúli Thoroddsen,	Þorl. Guðmundsson.
Sveinn Eiríksson,	
Þorv. Kjerúlf.	

(485) við 13. gr. C. (nýr liður, 20) samþ. með 12:2 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og endursent efri deild.

Fertugasti og sjötti fundur, mánudaginn 24. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að hæstv. landsh. hefði með brjefi dags. 22. s. m. tjáð sig reiðubúinn til að svara fyrirspurn þeirri, sem h. þm. Dal. (J. P.) með leyfi deildarinnar hefir lagt fyrir hann.

Frv. til laga um iðnaðarnám (C. 486); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 14 samhlj. atkv. og endursent Ed.

Frv. til laga um afnám opins brjefs 26. sept. 1860 (C. 486, 514); ein umr.

Indriði Einarsson: Jeg á hjer breyt.-till., sem er að öllu leyti samhljóða þeirri, sem samþykkt var hjer síðast. Að jeg kem fram með hana nú, er af því, að eins og jeg álít hana nauðsynlega þá, eins áleit jeg hana nauðsynlega nú. Jeg hef áður tekið fram, og gert grein fyrir því, hvers vegna jeg vilji gera þessa breytingu, og jeg skil ekki, að h. deild hjer láti þetta frv., sem fer fram á svo verulegar og miklar breytingar á helgidagalöggjöfinni, ganga fram hjá sjer, án þess þó að minnsta kosti að gera þessa breytingu við það. Jeg skal ekki kvarta yfir því, þó sunnudagalöggjöfin yrði dálítið liðlegri eða frjálslegri, en jeg kvarta yfir því, ef á að fara að innleiða það, að hafa vínsöluhús og veitingabúðir opnar eptir miðaptan á helgum dögum. Það er þessi verzlun, sem er svo vaxin, að jeg álít ekki vert fyrir löggjafarvaldið að fara að gera mikið henni til eflingar.

Svo framarlega sem frv. verður samþykkt óbreytt, þá kemur það til að breyta alveg útlitinu, sem nú er á sunnudagseptirmiðdögum, og óreglan í kaupstöðunum t. d. hjer í Reykjavík eykst að miklum mun. Þá geta þeir, sem nú sitja 6 kvöld vikunnar á gildaskálum, líka setið það sjöunda. Fyrir þau heim-

ili, þar sem húsfaðir eða annar er hneigður til drykkjar, er þetta víst lítill hagnaður. Það sýnist svo sem þeir, sem drekka 6 kvöld vikunnar, hefðu ekkert illt af því að hvíla sig það 7.

Það er annars undarlegt, ef það er vilji manna í Ed., að gera sunnudagalöggjöfina frjálsari, að samþykkja þá ekki mína till., því nú lítur svo út sem Ed. geri þetta að eins til þess að opna knæpurnar og rýmka um vínverzlunina. Þetta minnir mig á ræðu Sverris konungs í Noregi, sem hann hjelt í Björgvin, á þessa leið: »Vjer viljum þakka hingaðkomu öllum enskum mönnum, þeim er hingað flytja hveiti og hunang, flúr eða klæði; svo viljum vjer og þakka þeim mönnum öllum, sem hingað hafa flutt ljerept eða lín, vax eða katla. Þá menn viljum vjer og til nefna, er komnir eru af Orkneyjum eða Hjaltlandi eða Færeyjum eða Íslandi og alla þá, er hingað hafa flutt í þetta land alla þá hluti, er eigi má missa, og þetta land bætist við. En um hina þjóðversku menn, er hingað eru komnir mikill fjöldi og með stórum skipum og ætla hjeðan að flytja smjör og skreið, er mikil landeyða er að þeirri brottflutningu, en hjer kemur í staðinn vín, er menn hafa til lagzt að kaupa, hvorirtveggju mínir menn og bæjarmenn eða kaupmenn; hefir af því kaupi margt illt staðið, en ekki gott, hafa margir hjer týnt lífi sínu fyrir þessa sök, sumir limum, sumir bera annars kyns örkuml allan aldur sinn, sumir svívirðing, verið særðir eða barðir, og veldur þessu ofdrykkja. Kann jeg þeim Suðurmönnum mikla óþökk fyrir sína ferð, og skulu þeir hafa sig brott hjeðan, ef þeir vilja halda fje og lífi«.

Held jeg mjer sje óhætt að segja, að enginn hjer í salnum sje meiri stjórnvitringur en Sverrir konungur var, og að ástandið sje, hvað verzlun snertir, sje nokkuð líkt á Íslandi nú og verzlunarástandið í Noregi var þá. Jeg á bágt með að skilja að þingmenn vilji auka óreglu hjer á landi, og enn erfiðara með að skilja, að prestarnir hjer í deildinni hjálpi til að eyðileggja guðræknistilfinningu manna fyrir sunnudeginum, með því að samþykkja frv. óbreytt.

Landshöfðingi: Mig furðar mikið á því, hversu h. þm. Vestm. (I. E.) leggur mikið kapp á að koma þessari breyt.-till. að.

Jeg get ekki sjeð, hvaða samkvæmni er í því, úr því að sunnudagurinn er gerður rúmhelgur eptir miðaptan — og tíminn eptir miðaptan þannig settur á pall með öðrum rúmhelgum dögum —, þá að banna vínveitingar eptir miðaptan á sunnudögum, en leyfa þær á öðrum rúmhelgum dögum. Því mega þá ekki gilda sömu ákvæði um sunnudagskvöldin eins og um aðra rúmhelga daga vikunnar? Jeg get heldur ekki skilið, að þeim, sem, eins og h. þm. Vm. (I. E.) komst að orði, drekka 6 daga vikunnar, muni gera svo mjög mikið til, þó þeir drekki þá einnig kvöldin þess 7.

H. þm. (I. E.) tók það sjerstaklega fram, að lög sem leyfðu vínveitingar á sunnudagskvöldum, mundu verða skaðsamleg fyrir Reykjavík, og gaf jafnframt í skyn, að hjer væri mikið um drykkjuskap, og sumir menn gengju 6 daga vikunnar á gildaskála. Fyrir Reykjavíkur hönd verð jeg að neita því, að hjer sje mikil drykkjuskaparóregla, en komi slíkt fyrir, þá munu helzt utanbæjarmenn vera valdir að því, og jeg verð að mótmæla því, að það tíðkist hjer, að menn sitji 6 daga vikunnar á veitingahúsum og drekki; jeg þekki það að minnsta kosti ekki.

Nú á seinni tímum er hjer enginn sá drykkjuskapur, sem hneyksli sje að. Það eru vitaskuld margir, bæði jeg og aðrir, sem fá sjer í staupinu, þegar svo ber undir, en jeg segi fyrir mitt leyti: jeg vil ekki hafa neinn »formyndara« yfir mjer í því efni; jeg þykist vera einfær að ráða mínum gjörðum eins í því sem öðru. Jeg vil yfir höfuð ekki setja mönnum neinar skorður í því efni, þegar þeirra framferði kemur ekki í bága við góða reglu.

Þessi breyt.till. er þar að auki svo úr garði gerð, að jeg skil ekki að deildin fyrir alvöru vilji senda slíkt frá sjer. Þar stendur: »Þó skal og bannað«. »Og« hvað? Frv. gengur út á að fella úr gildi lagaboð, en ekki að banna neitt; það einmitt leyfir, en bannar ekki. Annars held jeg að það sje ekki svo mikilvægt, þetta frv., að það sje kostandi upp á að láta það koma í sameinað þing, og vilji deildin því ekki aðhyllast það, eins og það kemur nú frá Ed., þá sje miklu einlægara að fella það alveg, heldur en að senda það með þessum viðauka í sameinað þing.

Mjer fyrir mitt leyti stendur alveg á sama, hvað verður um frv.. og skal ekkert hafa á móti að það verði fellt.

Indriði Einarsson: Jeg skal taka það fram, út af því sem hæstv. landshöfðingi sagði, og eins og hann benti til, þá eru hjer fleiri sem drekka, en Reykjavíkurbúar sjálfir; hjer er t. d. á hverju vori mikill fjöldi af útlendum fiskiskipum og svo verzlunarskip, og loks herskipin. Fyrir öllum þessum lýð væru »knæpurnar« opnar á sunnudagskvöldin. Þó hæstv. landsh. ef til vill ekki muni eptir, hvernig það gekk til hjer áður á sunnudagskvöldin, þá eru hjer víst margir sem minnast þess, og jeg ímynda mjer, að enginn telji það æskilegt að fá allt í sama horfið. Ef þetta yrði að lögum, þá yrði að fjölga lögregluþjónum að sumrinu til. Eins og menn muna hjer áður, lágu þessir útlendu menn í eilífum slagsmálum, bitust og börðust og otuðu hnífum. (*Landshöfðingi*: Hvaða lög giltu þá?). Hæstv. landshöfðingi veit það eins vel og jeg, að það voru sömu lögin, sem ennþá gilda, en að þeim var ekki beitt. Ástandið sem jeg tala um átti sjer heldur ekki stað í tíð hins núverandi landsh., eða núverandi bæjarfógeta hjer.

Það get jeg skrifað undir með hæstv. landsh., að það er ekkert á móti því, að fella frumv. alveg. En hitt þykir mjer undarlegt, ef þetta er það helzta, sem h. Ed. og hæstv. landsh. finnst vera nauðsynlegt að fá fram til að hjálpa við hinni íslenzku þjóð, þetta, að opna allar »knæpur« og rýmka um vínsöluleyfi á sunnudagskvöldum.

Jens Pálsson: Jeg verð að lýsa því yfir, að mjer virðist alveg óskiljanleg breyting sú, sem h. Ed. hefir gjört á frumv. eins og það var samþykkt hjer í deildinni fyrir skömmu. Mjer virtist þessi h. þingd. bæta frumv. með því að banna vínsölu á veitingastöðum, þó öll almenn störf væru leyfð eptir miðaptan á helgum dögum. Ef vínsöluhús mega vera opin eptir miðaptan á sunnudögum, þá veitist öllum þeim, sem hafa tilhneigingu til að drekka áfenga drykki, einu tækifæri fleira, til að efla og glæða þann ávana, að yfirgefa heimili sín til að leita sjer skemmtunar á veitingastöðunum, sjer til skaða, en ekki til neins ábata. Það gleður mig að heyra, að drykkjuskapur er í rjenun. Þó mun því, því miður, ekki verða mótmælt, að þau dæmi hafa verið til og eru enn til, að menn, sem hneigðir eru til drykkju, leiti sjer ánægju í því, að sitja á kvöldin við drykkjur á veitingastöðum, til sorgar og gremju fyrir

ástvinina, sem heima eru, og ekki mun síður hætt við því, að menn vilji slá sjer lausum á helgum dögum, þegar þeir ekki hafa skyldustörfum að gegna, heimili sínu til skaða, konu sinni til sorgar og börnum og ástvinum til tjóns. Þó hæstv. landsh. legði mikla áherzlu á það, að úr því sunnudagarnir væri ekki lengur helgir eptir miðaptan, þá væri heldur engin ástæða til að hafa neinar sjerstakar ákvarðanir með tilliti til þessa, þá ber þess að gæta, að jafnvel þótt helgi verði ekki lögskipuð eptir miðaptan á sunnudögum, þá mun þó í framkvæmdinni ekki verða tekin upp almenn vinna á þessum dögum. Menn munu eptir sem áður verða lausir við vanaleg störf á þessum dögum, og álíta sig hafa rjett til að hafa frí frá þeim. Menn munu því eins og áður álíta sig hafa frjálsari hendur til að leita sjer skemmtana og hvíldar þau kvöld fremur önnur kvöld. Jeg get ómögulega skilið, að þessi breytingartill. geti gjört neitt illt af sjer. Þar á móti þykist jeg sjá fram á, að hún geti gjört mikið gott, með því að losa mörg heimili við margar mæðustundir, sem drykkjuskapurinn annars gæti leitt yfir þau.

Benidikt Sveinsson: Það er einungis vegna þess, að h. þm. Vestm. (I. E.) og h. þm. Dal. (J. P.) hafa verið að verja þessa breytingartill., að jeg vil leyfa mjer að taka til máls. Þótt þessi h. þingd. hafi áður samþykkt það ákvæði, sem þessi breytingartill. inniheldur, þá sje jeg ekki, hversvegna þingd. ekki getur sætt sig við frumv. eins og það er nú komið til vor aptur frá h. Ed., þó þetta ákvæði hafi verið fellt úr frv. í h. Ed. Ef þetta ákvæði er óheppilegt, þá sje jeg ekki að þessi þingd. eigi að halda fast við það, enda þótt hún hafi áður samþykkt það. En hvað sem sjálfu ákvæðinu líður, þá furðar mig á því, að h. uppástungum. þessarar breyt.till. skuli ekki hafa lagað hana svo þann langa tíma, sem liðinn er, síðan frumv. þetta kom hingað aptur, að mögulegt væri að samþykkja hana formsins vegna.

Í breyt.till. stendur: »þó skal og bannað« o. s. frv. Til hvers lítur þetta »og», Hjer er þá viðbót við eitthvað annað, sem bannað er. Hvað er þetta annað, sem bannað er? Það er ekki til. Uppástungum. hefir gjört breytingar.till. að lógiskri óhæfu, og þess vegna er ómögulegt að samþ. hana. — Svo stendur í breyt.till., að bannað skuli að selja áfenga drykki frá miðaptni til miðnættis á helgum dögum. Þetta kann jeg líka illa við, því hjer er eins og gefið í skyn, að helgur dagur nái lengra en til miðnættis.

En auk þess sem breyt.till. er svona óheppilega orðuð, þá finnst mjer það undarlegt, ef þingið vill fara að lögfesta siðferðislögmál til að tryggja heimilunum frið og rósemi í tilliti til sambúðar milli manna og kvenna. Vill þessi h. þingd., sem sannarlega hefir sýnt það á þessu þingi, að hún ann persónulegu frelsi manna, fara að hepta það í þessu tilliti? Þegar leyfð eru önnur störf eptir miðaptan á helgum dögum, því mega vínsölumenn þá ekki eins hafa rjett til að gegna sínum störfum. Tökum til dæmis bláfátækan sjómann. Honum er leyft að róa út á sjóinn eptir miðaptan á sunnudögum til að leita eptir björg handa sjer og heimili sínu; en þegar hann kemur kaldur heim aptur, þá má hann ekki kaupa sjer eitt staup af víni sjer til hressingar; — af hverju? Af því það var helgur dagur. Það er víst, að þeir eiga þakkir skilið, sem bindast í fjelög til að takmarka nautn áfengra drykkja; en þeir mega ekki framfylgja sínu góða augnamiði svona strangt. Þeir skaða sitt góða málefni,

ef þeir ganga svo langt, að vilja þröngva persónulegu frelsi manna.

Loks skal jeg taka það fram, að þar sem ekki er eptir meiru að slægjast en því, sem hjer ræðir um, þar vil jeg ekki etja kappi við h. Ed. Eins og jeg vil vera fyrstur manna til að etja kappi við hana og breyta frumvörpum hennar, þegar um stór landsmál er að ræða og jeg er sannfærður um, að Nd. hefir á rjettu að standa, eins vil jeg vera seinastur manna til að etja kappi við hana um smáatriði, sem segja má um, að hvorki gjöri til nje frá.

Lárus Halldórsson: Jeg hefði ekki farið að taka til máls að þessu sinni, hefðu ummæli hæstv. landsh. og h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) ekki verið þannig, að jeg get ekki látið þeim vera ómótmælt. Vjer höfum hjer fyrir oss lagafrumv. Þetta lagafrumv. er ekki stórkostlegt; það er ógnstutt, en jeg get ekki bætt því við, að það sje bæði stutt og laggott. Þetta frumv. fer fram á, að afnema opið brjef frá 26. sept. 1860.

Eins og h. deild mun reka minni til, kom hjer í byrjun þings yfirgripsmeira frumv. um helgidagahald frá stjórninni. Í því frumv. var farið fram á stórkostlega breyting á helgidagalöggjöfinni. Forlög þessa frumv. urðu þau, að það fjell, en upp af ösku þess hefir risið þessi fugl Fönix, þó ekki hjer í deildinni, þar sem hitt frv. var fellt, heldur í h. Ed. Jeg tók það fram við umr. um fyrra frumv., að til þess að gjöra breyting á þeim lögum, sem snerta jafnmikið hugsunarhátt þjóðarinnar og helgidagalöggjöfin, þá þurfi áður að heyrast raddir frá þjóðinni sjálfri, er æski þessara breytinga; því að meiningin getur varla verið og á ekki að vera sú, að mynda nýjan hugsunarhátt í trúarefnum hjá þjóðinni, heldur að laga löggjöfina eptir nýjum hugsunarhætti. En jeg held það sje óhætt að segja, að þessi nýi hugsunarháttur, er gjörir þörf á breytingunni, sje ekki vaknaður, nema ef vera skyldi í kauptúnunum, einkum í Reykjavík; þangað eiga nýir útlendir straumar hægast með að ná, en þeir brotna á fjöllum og firnindum Íslands, því að: Út fyrir kaupstaði íslenzkt í veður o. s. frv. Jeg skal svo ekki tala meira um málið almennt. En svo framarlega sem þetta frumv. miðar ekki til þess, að gjöra helgidagalöggjöfina samkvæmari hugsunarhætti þjóðarinnar en nú er, þá held jeg að hvorki þing nje stjórn eigi að vera að hreyfa við henni, einkum á meðan engar raddir heyrast frá þjóðinni um það, hvorki á opinberum fundum nje í blöðunum.

Hæstv. landsh. tók það fram, að sjer virtist ósamkvæmni í því, að í þessu sama lagaboði, þar sem því væri slegið föstu, að helgin næði ekki nema til klukkan 6 á kvöldin, að í því sama lagaboði skuli þó tekið fram, að ekki megi selja áfenga drykki eptir þann tíma. Jeg er ekki svo gáfum gæddur, að jeg sjái nokkra ósamkvæmni í því, þó að þingið áliti sölu áfengra drykkja þeim mun skaðlegri en aðra verzlun, að það vilji ekki leyfa hana síðari hluta sunnudaga, þó að það leyfi þá aðra verzlun og önnur störf. Jeg sæi meira að segja enga ósamkvæmni í því, þó að hið sama þing, sem vitanlega leyfir verzlun á rúmhelgum dögum, bannaði alveg vínfangaverzlun einnig þá daga, eins og sumstaðar er gjört. Jeg sæi enga ósamkvæmni í þessu, einkum ef sú alda væri runnin frá hjörtum þjóðarinnar, en ekki sprottin upp á þingbekkjunum.

H. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) vildi gjöra sjer mat úr forminu á breyt.till. Nú lagðist lítið fyrir kappann, er hann rjeðist á það, sem að líkindum er hrein

og bein prentvilla. Það er ekki gustuk fyrir annan eins mælsku- og gáfumann eins og h. þm. (B. Sv.) er að leggjast á eitt »og«; það er sannlega að leggjast á lítilmagnann. Annað er það líka sem h. þm. (B. Sv.) vildi slá sjer til riddara á; það voru orðin frá miðaptni til miðnættis á helgum dögum; honum fannst með þessu gefið í skyn, að hinir helgu dagar næðu lengra en til miðnættis, en slíka daga kvaðst hann ekki þekkja. En þekkir h. þm. (B. Sv.) ekkert tímabil frá miðaptni til miðnættis eins á helgum dögum og aðra daga? Hjer er verið að tala um þetta tímabil, og ef þetta er ekki logiskt orðað, þá veit jeg ekki hvað rjett er orðað *(B. Sv.:* það má teygja það); það má máske teygja það eins og hrátt skinn, eins og h. þm. (B. Sv.) er svo gjarnt að komast að orði, en það er óþarfi, og hjer er enginn misskilningur mögulegur. Þá þótti mjer kasta tólfunum, þegar h. þm. (B. Sv.) vildi ekki, að þingdeildin væri að setja upp neitt siðalögmál. Það er víst út af ræðu h. þm. Dal. (J. P.), sem hann hefir komið með þessi orð. En hverjir eru hjer að reyna að setja upp nýtt siðalögmál, eða vilja breyta siðalögmáli? Er það þessi deild? Eða er það ekki heldur h. Ed., sem h. þm. (B. Sv.) nú er svo sárt um? Það er hjer verið að reyna að breyta þeirri siðferðislegu meðvitund þjóðarinnar, að óviðurkvæmilegt sje, að hafa um hönd veitingar á helgum; það er sannarlega sú meðvitund ríkjandi hjá hinni íslenzku þjóð, að vínsala á helgidögum sje eigi sæmileg og eigi ekki að eiga sjer stað, og helgidagurinn er þó ekki og verður ekki í meðvitund alþýðu úti um miðaptan, hvað sem þingið segir. Þeir, sem eru að reyna að breyta, eru efri deildar menn; þeir eru framsóknarmennirnir í þessu máli, en við apturhaldsmennirnir í neðri deild; þetta er það merkilega við málið. H. 2. þm. Eyf. þótti óviðurkvæmilegt, að hepta persónulegt frelsi manna í þessari grein; en veit ekki h. þm. (B. Sv.), að í hinu frjálsa landi Ameríku eru mörg ríki, sem banna sölu og tilbúning áfengra drykkja? Þar meta menn þó fullt svo mikið persónulegt frelsi sem nokkrir aðrir; en þeir skoða þetta sem »malum necessarium«. Enda er ástæða til að skerða persónulegt frelsi í þessu, ef nokkurn tíma er ástæða til þess, því að ef maður hugleiðir allt það böl, sem af víndrykkjunni leiðir, hugsar um alla þá krapta, andlega og líkamlega, sem fara að forgörðum hennar vegna hjer á þessu fámenna landi, þá held jeg að menn hljóti að komast að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að banna allan innflutning og tilbúning áfengra drykkja.

Ef þetta hefði verið nægilega íhugað, þá skil jeg ekki í, að h. Ed. hefði gert þetta að kappsmáli; henni hefði þá ekki getað verið það kappsmál að opna alla gildaskála á helgidagskvöldum. Að minnsta kosti verður hún að gjöra grein fyrir, hvað henni gengur til þess, og sanna nauðsynina á því. Við erum apturhaldsmennirnir; við sjáum enga nauðsyn á að breyta því sem er, á meðan þjóðin lætur ekki á sjer heyra að hún sje óánægð með það. Jeg tel það ekki skoðun þjóðarinnar, þó að h. þm. Eyf. (B. Sv.) geti bent á óánægju í sumum kauptúnum yfir því, að mega ekki drekka á veitingahúsum á helgidagskvöldum, og óánægju hjá sumum veitingamönnum yfir því, að mega ekki hafa vínveitingar þau kvöld. Það er satt, sem h. þm. (B. Sv.) tók fram, að það er óheppilegt, þegar deildirnar eru að etja kappi hvor við aðra, einkum í

smámálum. En jeg skoða þetta ekki neitt smámál, og jeg álít, að h. deild eigi að halda fram sinni stefnu í því, ef hún hefir sannfæring um, að hún sje rjettari. Mig furðaði mest á, þegar h. þm. (B. Sv.) talaði um, að það gætu ve:ið tvímæli á, hvort Nd. væri alvara með að gefa góð og skynsamleg lög (*B. Sv.*: Ef hún fellst á þetta), já, ef hún vill ekki láta opna allar »knæpur« í landinu á helgidagskvöldum; það á þá að vera gott og skynsamlegt, að opna heimilin sem bezt fyrir öllu því böli, sem vindrykkjan hefir í för með sjer. Jeg tek það fram, að frá mínu sjónarmiði væri rjettast, að banna með öllu innflutning á vínfangaeitrinu. Hvort sem sunnudagurinn verður virkur dagur eða ekki eptir klukkan 6, þá heldur hann þó áfram í meðvitund þjóðarinnar að vera helgur dagur eptir sem áður, og í meðvitund þjóðarinnar er það ríkjandi, að ekki sje rjett að selja vínföng á helgum dögum. Það er viðurhlutamikið af þinginu að breyta lögum, sem snerta hugsunarhátt þjóðarinnar eins mjög og helgidagalögin, þar sem engin stefna tímans bendir í þá átt. Hjer er hvorki af þingi nje stjórn tekið »initiativið« í því að reyna að leiða inn nýjan hugsunarhátt hjá þjóðinni.

Jeg verð því þvert á móti h. þm. Eyf. (B. Sv.) að halda því fram, að ef h. deild vill afnema þetta opna brjef, þá gjöri hún það því að eins, að hún samþykki breyt.till. þá, sem h. þm. Vestm. (I. E.) hefir verið svo ótrauður að koma með, og sem jeg er honum mjög þakklátur fyrir.

Páll Briem: Það er eins og h. þm. S.-Múl. (L. H.) sagði um frv. það, sem hjer liggur fyrir, að það er eins og risið upp af ösku annars frv., er alveg ómaklega var fellt hjer í deildinni í sumar, því að það var eitt af hinum beztu frv., sem komið hafa hjer á þing í sumar; því að jeg álít þau lög að vissu leyti bezt, sem bezt geta komið hugsunarhætti og gjörðum þjóðarinnar í samræmi við lögin, eða rjettara sagt komið lögunum í samræmi við hugsunarhátt þjóðarinnar. Það er svo langt frá, að hin núgildandi helgidagalög sjeu samkvæm hugsunarhætti þjóðarinnar, að, fyrir utan lausmannalögin, munu engin lög brotin eins opt og eins opinberlega eins og þau.

Það er langt frá, að jeg persónulega ámæli mönnum fyrir þetta, því að jeg tel mönnum fulla vorkunn á því. Því segi jeg það: þessi lög geta ekki orðið til þess að breyta hugsunarhætti þjóðarinnar, heldur að eins til þess, að löghelga það, sem nú á sjer almennt stað (*S. St.*: Vanta sannanir); þeirra þarf ekki við; jeg býst við, að allir hafi svo opin augu, að þeir hafi sjeð þær sjálfir. Það kom fram við umræðurnar um helgidagalögin, að margir prestar þurkuðu hey á helgidögum (*L. H.*: Það var nefndur einn prófastur); þá get jeg nefnt marga presta, sem það hafa gjört og að mínu áliti þannig brotið lögin. Helgidagalögin eru þar að auki svo ónákvæmlega orðuð, að þess vegna er bæði örðugt að hlýða þeim og að dæma eptir þeim. H. þm. S.-Múl. (L. H.) fann frv. það til foráttu, að það gæfi tilefni til að opnaðir yrðu veitingastaðir í stöku kauptúnum á helgidögum, og að með því væri þeim veitt forrjettindi fram yfir sveitirnar. En þess er að gæta, að í sveitunum geta menn fengið vín eptir eigin geðþótta á helgum dögum. Hver mun geta staðið yfir og sagt til, þótt einhver selji þar vín á pela? Útreiðar og drykkjuskapur í sveitinni á helgum dögum eru langt frá

því að vera heppilegri, en þó að veitingastaðir sjeu þá opnir í kauptúnum. Ef lögin eru skynsamleg og góð, þá er þeim miklu fremur fylgt. Því segi jeg það, að frá sjónarmiði þeirra, sem leggja mikla áherzlu á helgi sunnudagsins sem fyrirskipaðs í trúarbrögðunum, er mest undir því komið, að þeir hafi lög, sem hægt er að framfylgja. En að öðru leyti ættu þeir að treysta svo trúnni og kenningu sinni, að þeir geti fengið menn til að forðast það, sem hneykslanlegt er. Það er ekki hneykslanlegt, þótt veitingahús sjeu opin á helgidagskvöldum til þess að selja þar mat; hitt er hneykslið, að þar sje þá slark og drykkjuskapur. En það ætti ekki að vera ofverk prestanna, að laga svo hugsunarhátt manna, að þeir misbrúkuðu eigi sunnudaginn. Það er undarlegt, að þeir þurfa að fá lögreglustjórnina í fylgi með sjer, til þess að standa með lagasverðið reitt yfir höfði þeirra, sem vilja taka sjer í staupinu. H. þm. S.-Múl (L.-Múl.) vildi gjöra svo lítið úr prentvillunni, en þegar hún hefir gengið gegnum deildina, þá er það ekki lengur prentvilla. Það hefir áður komið fyrir, að prentvilla hefir komizt inn í lög, og þó að hún hafi haggað meiningu þeirra, hefir hún eigi að síður orðið að gilda.

Benidikt Sveinsson: Jeg ætla mjer að eins að tala fáein orð og það er einungis með tilliti til þess, sem h. 2. þingm. S.-Múl. (L. H.) sagði, að það væri gagnstætt hugsunarhætti þjóðarinnar, að helgin næði að eins til kl. 6 eptir miðdegi. Jeg vil segja, að þessi skoðun er alveg röng, og mínum orðum til stuðnings skal jeg leyfa mjer að lesa upp fáein orð úr álitsskjali til konungs frá alþingi 1853.

Þessi orð hljóða svo:

»Í 1. gr. hefur þinginu þótt betur eiga við fyrir land það, hvar svo fáar skemmtanir eru, og því nær engar almennar, að eigi væru þær fáu, sem til eru, bannaðar á helgidögum, sem eru einustu stundirnar, sem allur þorri þjóðarinnar á kost á að leita sjer skemmtana. Eptir landsháttum og fjarlægð margra frá söknarkirkjum fannst þinginu helgin þurfa og eiga að vera bundin við miðaptan, og á þessi ákvörðun einnig rót í hugsunarhætti þjóðarinnar«. En má jeg nú spyrja, hvaða menn voru það nú á alþingi 1853, sem sömdu þetta álitsskjal, og báru það sem forvígismenn? Þeir eru að vísu komnir undir græna torfu, en jeg veit að h. þingdeildarm. kannast við nöfn þessara manna; það voru þeir prófastur Hannes sál. Stephensen, Þórður sál. háyfirdómari Jónassen, St. sál. bóndi Jónsson frá Steinsstöðum, Pjetur sál. biskup Pjetursson og Helgi sál. biskup G. Thordersen. Það eru þessi vitni, sem h. þm. S.-Múl. (L. H.) nú telur ónýt. Hann kemur með sjálfan sig einan hjer á móti, en jeg segi, að vitnisburður þessara 5 manna sje meira en tvöföld sönnun gagnvart honum, þótt jeg viti, að hann muni sjálfur vera og þykjast sannfærður um, að þetta sje satt, sem hann segir; það skal jeg því alls eigi rengja.

Jeg vona h. þingd. taki þessa sönnun gilda fyrir því, að það hafi verið samkvæmt hugsunarhætti þjóðarinnar 1853, að helgin næði eigi lengur en til miðaptans, en eptir þann tíma hefur komið fram hringlandi í löggjöfinni, en eigi í hugsunarhætti þjóðarinnar, og þessi hringlandi er einmitt, er einmitt opna brjefið, sem hjer ræðir um, og sem því er rjett og nauðsynlegt að nema úr lögum.

Jeg veit og jeg get borið um það, að á Norðurlandi eru menn á móti þessari svonefndu sunnudagahelgi til

miðnættis, sem er gagnstæð hugsunarhætti þjóðarinnar, en þeir eru ekki á móti sannarlegri sunnudagahelgi, þeir eru að eins á móti þessari skinhelgishelgi!

Jeg hef áður tekið fram, að jeg vissi t. d. um einn ónefndan prófast, að hann hefði látið vinna á helgidegi, eins og svo ótal margir aðrir. H. prófastar, sem hjer eru nálægir, þurfa ekki að taka það til sín, því þessi prófastur er eigi hjer í salnum, en hann er samt mjer vitanlega enn lifandi, og jeg held jeg geti nefnt nafn hans, án þess að það sje honum til nokkurs vanza; það er fyrverandi prófastur í Skagafjarðarsýslu, síra Jón Hallsson. Hann ljet sannarlega slátra stóreflis-uxa á helgidegi, sjálfsagt eptir sumra manna dómi til þess, að hann ekki þyrfti að tefja vinnumenn sína við það handtak á virkum degi um sláttinn, en eptir annara, og þeirra sjálfsagt fleiri og skynsamari, til þess, aðhann gæti þess betur gefið svöngum fátæklingi að borða og þyrstum að drekka; það gat hann líka einmitt bezt með því, að reka atvinnu sína með meiri dugnaði og fyrirhyggju en letingjarnir gjörðu, sem gjarna eyða helgum dögum í svall og óreglu.

Lárus Halldórsson: Umræður eru nú farnar að verða nokkuð fjörugar. H. þm. Snæf. (P. Br.) sagði, að helgidagafrumv. stjórnarinnar hefði verið bezt af þeim frumv., sem frá henni komu í ár, og bætti því við, að það hefði ómaklega verið fellt hjer í deildinni. Jeg verð að segja, að þetta er eigi þingmannlega talað, eigi parlamentariskt. (*P. Briem:* Það er ný skoðun). Að minnsta kosti vil jeg sem minnst finna að atkvæðagreiðslu eptir að hún hefur farið fram.

Með því að segja, að frumvarpið um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar hafi verið hið bezta af frumv. stjórnarinnar eða eitthvert hið bezta af þeim, hefur h. þingm. Snæf. (P. Br.) í rauninni kveðið upp jafnvel harðari dóm um frumv. þau, er stjórnin lagði fyrir þingið að þessu sinni, heldur enn þann, sem »Þjóðviljinn« hefur á þau lagt í ný-útkomnu tölublaði. »Þjóðviljinn« lastar þau, en jeg held h. þingm. Snæf. (P. Br.) lasti þau enn meira með þessu lofi sínu um »almannafriðinn«. Því ef það frumv. hefur verið eitt af þeim beztu, er stjórnin lagði fyrir þingið, þá hljóta hin líka að hafa verið slæm. Flest af því, sem h. þm. Snæf. (P. Br.) sagði, átti við frumv. um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, er fellt var hjer í deildinni í sumar, en lítið við það frumv., sem hjer liggur fyrir; en jeg verð þó að svara því fáeinum orðum. Hann taldi einn af kostum þess frumv. það, að það hefði miðað til að koma hugsunarhættinum í samræmi við lögin, en hefur líklega meint lögunum í samræmi við hugsunarhátt þjóðarinnar; en jeg held það hafi einmitt miðað til þess að innleiða nýjan hugsunarhátt.

Sami h. þm. Snæf. (P. Br.) lýsti því einnig yfir, að helgidagalögin væru opt og opinberlega brotin; hann er sjálfur lögreglustjóri og hlýtur því að vita hvað hann segir, og mjer dettur ekki í hug að rengja hans orð, þar sem hann þekkir til, en þar sem jeg þekki til, er það eigi svo, og jeg þekki mann, sem ýtir undir sýslumenn að hafa gætur á, að lög þessu sjeu eigi brotin. En ef lögin eru brotin, þá er vegurinn eigi að breyta þeim, heldur að hafa strangara eptirlit með, að þeim sje fylgt.

H. þingm. Snæf. (P. Br.) var einnig að tala um hey-þurk á helgidögum, og það sýndi, að hann var að tala um al-

mannafrið á helgidögum, en eigi um það frumv., sem hjer liggur fyrir, því að eptir kl. 6 mun sjaldan byrjað á að þurka hey.

H. þm. Snæf. (P. Br.) tók fram, að jeg bæri fyrir brjósti veitingahús í einstökum kaupstöðum, en veitingahús eru nú komin víðar en í einstöku kaupstað. H. þingm. Snæf (P. Br.) talaði um, að það væri rangt af prestunum að vera á móti þessu frumv., sem rýmkar um tækifærin til að selja áfenga drykki og neyta þeirra; því að þeir ættu einmitt að kenna kynslóðinni að standast freistingarnar. En það er rangt af honum og öllum þeim, er halda fram þessari gömlu kenningu, að ætla oss prestunum — ja, jeg veit eigi hvort hann vill kalla mig prest — að hafa svo mikil áhrif á hugsunarhátt manna, að hinar sífelldu freistingar og tækifæri til að neyta áfengra drykkja brotni á hinu siðferðislega þreki, eins og öldur á föstum kletti, án þess að vilja vera oss samtaka í að bægja freistingunum á braut, sjerstaklega frá æskumönnunum, sem ekki eru nema hálf-þroskaðir að siðferðislegu þreki, eins og öðru.

Það er röng kenning, að hleypa freistingunum að mönnum, en ætla sjer að «dressera» þá svo, að þær hafi engin áhrif á þá. Það er enginn kristilegur hetjuskapur, að hlaupa út í freistingarnar, þó h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) segi það, heldur lýsir hann sjer í því að umflýja freistingarnar. *(B. Sv.:* Nei, að sigra freistingarnar). H. þingm. veit, að það er eigi rjettur »móral«, að vjer eigum að ganga á hólm við freistingarnar til að sigra þær, heldur eigum vjer að kappkosta að sigra freistingarnar, þegar vjer getum ekki umflúið þær og verðum að ganga út í þær.

Það er ofætlun, að ætla æskumanninum að ganga á hólm við freistingarnar. Vjer þingmenn þjóðarinnar eigum að ganga á hólm við hina áfengu drykki, og bægja þeim sem mest á braut frá leið æskumannsins, meðal annars með því nú að banna að opna »knæpurnar« á sunnudags-eptirmiðdögum. Svo glæsileg sem þessi gamla kenning á móti bindindinu og bindindismönnum er, að það sje ekki siðferðislegt þrek, að vera í bindindi og umflýja þannig freistinguna, heldur hitt, að geta verið óskaðaður innan um allar freistingarnar, þá er hún þó í rauninni röng og ekki annað en mótbára þeirra, er spilla vilja góðum málsstað, og halda fram skaðleysi hinna gömlu drykkjuvenja.

Jeg kem þá loks að ræðu h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.). Hann fór fyrst að lesa upp úr gömlum þingtíðindum frá 1853, að Ísland væri fámennt og fátækt, og hjer væri lítið af skemmtunum, einmitt það sama sem í ástæðum stjórnarinnar fyrir frumv. um almannafriðinn, að efla almenna lífsgleði. Það getur nú verið gott, ef það skaðar eigi í framkvæmdinni. Hann las enn fremur, að þingm., sem gáfu álit um þetta, sögðu, að helgin þyrfti að vera bundin við miðaptan. *(B. Sv.:* Þingmaðurinn getur fengið bókina, ef hann vill). Já, jeg vil fá bókina. Jeg kom hingað óundirbúinn og bjóst eigi við að þurfa að tala, en jeg hefði líklega fundið orð í þingtíðindunum til að sanna það mótsetta. Jeg sje hjer í bókinni, að h. þingm. Eyf. (Ben. Sv.) hefur hlaupið hjer yfir orðin »en ekki eina stund eptir nón«; stjórnarfrumv. vildi láta helgina að eins ná til einnar stundar eptir nón, en þingið vildi þó fara lengra, til miðaptans. Það var miðaptans-takmarkið, sem sett var í lögunum 1855. En þegar til landsmanna kom, urðu þeir stór-hneykslaðir á, að farið væri að brjóta boðorðið: »sex daga skaltu verk þitt vinna, en sjöunda daginn skaltu hafa fyrir hvíldardag«. Það kom þá á þingi 1859 fram

bænarskrá um, að fá þessu breytt, og »resúltatið« varð opna brjefið 1860. Jeg legg áherzlu á það, að það er enn sami hugsunarháttur hjá þjóðinni, eins og kom fram á þessu þingi, 1859; það er enn gagnstætt hugsunarhætti þjóðarinnar, að rýra eða stytta helgi helgidaganna. Plakatið 1860 var í samræmi við hugsunarhátt þjóðarinnar, og sá sami hugsunarháttur er enn ríkjandi.

H. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) var að tala um skinhelgishelgi. Jeg verð að segja, að mjer þykir það all-djarfmannlega til okkar talað, sem viljum eigi opna veitingahúsin, að við sjeum skinhelgismenn og hræsnarar. Það var sannast að segja skemmtileg saga, sem hann kom með, en sú saga var eigi til uppbyggingar. Jeg sje engan dugnað í því, að geta eigi fengið annan dag en sunnudag til þess að slátra uxa. Hann vildi telja prófastinum þetta til lofs, en jeg get eigi annað sjeð, en honum sje það til lasts, hvaða prófastur sem það svo er.

Árni Jónsson: Það er undarlegt, hvað umræðurnar hafa orðið langar um þetta nú, þar sem það gekk fram hjer í deildinni um daginn svo að segja umræðulaust með 18 atkv. Jeg skil eigi, hvers vegna h. 2. þingm. Eyf. (B. Sv.) að eins nefndi hugsunarhátt þingsins 1853. Honum er þó eins kunnugt eins og mjer, að 1857 var send almenn bænarskrá þess efnis, að fá breytt löghelginni, þannig, að hún stæði allan daginn. Þetta tók stjórnin til greina, og lagði því nýtt frumv. fyrir þingið 1859. Nefndin, sem á þinginu var skipuð í málið, fjellst á að full ástæða væri til að herða á lögunum 1855 að þessu leyti, og endirinn varð, að það var samþykkt með 17 atkvæðum. Jeg vil leyfa mjer með leyfi forseta að lesa nokkur orð upp úr því nefndaráliti. Þar stendur svo: »Það er sanntæring vor, að óánægja almennings með áminnsta tilskipun hafi einkum verið af því, að hún takmarkaði löghelgi sunnu- og helgidaga við miðaptan, en ljet hana ekki ná til alls dagsins«. (Alþtíð. 1859 bls. 153).

Undir þessu nefndaráliti standa þeir Pjetur Pjetursson (biskup), Halldór Jónsson (á Hofi) og Benedikt Þórðarson (á Brjámslæk). Síðar í álitsskjalinu til konungs er það sjerstaklega tekið fram, »að betur hæfði að ala en rýra og særa guðrækilega tilfinningu þjóðarinnar«. (Alþ.tíð. 1859, bls. 365). Það var hugsunarháttur þjóðarinnar þá, og veit jeg ekki til, að fyrr eða síðar hafi komið nokkur hringlandi fram. Ummæli hins h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) falla því um koll fyrir þessum sönnunum. Það eru enn í dag engar óskir fram komnar frá þjóðinni um að fá helgidaga-löggjöfinni breytt.

Að endingu skil jeg eigi, að þessi breyt.till. verði eigi samþykkt nú, þar sem hún gekk í gegn hjer um daginn með mjög miklum atkvæðafjölda.

Páll Briem: Jeg skal að eins geta þess út af orðum h. þm. Mýr. (Á. J.), sem ámælti okkur h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) fyrir að vekja upp deilur, að við neyddumst til að mótmæla þeirri skoðun, sem var látin í ljósi um hugsunarhátt þjóðarinnar um helgidagahald. Þegar jeg þekkti til í sveit, veit jeg að menn riðu út á sunnudögum og drukku brennivín eins og hver ætlaði sjer. Jeg álít þessi lög, þau, sem um helgidagana gilda, óheppileg, og tek undir með h. 2. þm. Eyf. (B. Sv.) þar sem hann talar um skinhelgishelgi; en það er samt langt frá mjer, að bera formælendum breyt.till. skinhelgi á brýn. *(Sigurður Stefánsson*: Hverjum þá?). Þeim, sem nauðugir viljugir sýna á sjer helgisvip á móti sannfæringu sinni. Við vitum, að »pietistarnir« í Danmörku á 18. öld voru ekki skinhelgir sjálfir, en þeir innleiddu

lög, sem höfðu skinhelgi í för með sjer hjá þjóðinni.

Viðvíkjandi því, sem h. þm. S.-Múl. (L. H.) sagði, að jeg væri farinn að lofa stjórnina, skal jeg geta þess, að það er ekki mikið lof, þó jeg segi, að frv. hennar sje eitt af þeim beztu á þessu þingi; þau eru ekki svo merkileg mörg af þeim. H. þm. (L. H.) talaði enn fremur um, að manna hinn siðferðislega hugsunarhátt þjóðarinnar; en jeg held það sje viðurkennt, að þetta takist ekki vel með lagaboðum. Þar sem hann bar fyrir sig Ameríkumenn, verður hann að gæta þess, að bannið gegn áfenginu var innleitt af því, að mikill hluti þjóðarinnar óskaði þess. Með þessu frv. verður hugsunarháttur þjóðarinnar ekki mannaður upp, heldur spillist hann einmitt af því, að menn læra meðal annars að virða ekki lögin.

Jens Pálsson: Jeg skal fyrst leyfa mjer að minnast á nokkur orð, sem h. andmælendur breyt.till. hafa sagt; það var einkum h. 2 þm. Eyf. (B.Sv.), sem með miklu kappi andmælti því, að breyt.-till. þessi yrði samþykkt. Hann áleit till. óþarfa og þótti það vottur um ósamkvæmni, að samþykkja hana. Hann sagði, að hún hefði enga siðferðislega þýðingu, og skoðaði það sem hinn rjetta kristilega hetjuskap, að ganga út í freistinguna og hafa umgengni við freistarana og sigra. En, má jeg spyrja, hefir hann sjálfur fylgt þessari stefnu? Jeg man ekki betur en að hann hafi sjálfur gengið í bindindi og stutt bindindishreyfinguna hjer á landi. Hann tók það einnig fram sem ástæðu gegn því, að stytta helgi hvíldardagsins, að rangt væri að banna mönnum hinar fáu skemmtanir, sem hjer á landi væri um að ræða. En eru þá nokkrar skemmtanir bannaðar með breyt.-till þessari? Nei, það er að eins bannað að selja vín, og mjer þykir ótrúlegt, að h. þm. (B. Sv.) geti ekki hugsað sjer neina skemmtun, sem ekki standi í sambandi við vínsölu. *(Benedikt Sveinsson:* Jeg get ekki svarað). Mjer þykir það leiðinlegt, og jeg skal ekki fara mörgum orðum um ræðu h. þm. (B. Sv.), sem hann þurfi að svara.

Það er búið að svara ummælum hans um skinhelgishelgi. Þau orð áttu alls ekki við, og jeg skil ekkert í því, að þau skyldu koma fram hjer. Þau geta aldrei snert okkur, sem er sízt um, að troðið sje fram ákvæðum, sem eru líkleg til að efla drykkjuskap. Jeg get heldur ekki sjeð, að með breyt.till. þessari sje brotinn rjettur á veitingamönnum, þó þeim sje ekki gefinn meiri rjettur en þeir hafa eptir núgildandi lögum. Jeg álít, að við höfum eins mikinn rjett til að tala um skinhelgismeðhald, eins og hann til að tala um skinhelgishelgi.

Það er mikilsverð spurning, sem hjer liggur fyrir h. þingd., spurningin um það, hvort rýmka eigi um sölu áfengra drykkja, en í henni felast aptur fleiri spurningar, ef hún er rjett sundurliðuð. Það er fólgin í henni spurnig um það, hvort menn eigi að fjölga þeim freistingum, sem geta lagzt fyrir þá, sem breyzkir eru, hvort menn eigi að gera drykkjumönnum hægra fyrir að freista unglinga, hvort menn eigi að veita þeim hæli til að geta drukkið í næði, hvort menn eigi að glæða vínstraumana frá veitingahúsunum inn yfir heimilin, hvort menn eigi að efla víndrykkjunnar böl og um leið tárastrauma feðra, mæðra, kvenna og barna.

Jeg ber engan kvíðboga fyrir því, hvernig atkvæði muni falla um breyt.-

till. Hún var nýlega samþykkt hjer í deildinni með 18 samhlj. atkv.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. samþ. með 14:2 atkv. Frv. þannig breytt samþ. með 12 atkv., og afgreitt til forseta í samein. þingi.

Tillaga til þingsályktunar frá póstmálanefndinni (C. 464, 490); ein umr.

Framsögumaður (Jón Jónsson, þm. N.-Þ.): Nefnd sú, sem sett var á öndverðu þingi til að gera till. um auknar póstgöngur m. m., hefir leyft sjer að koma fram með till. þessa. Nefndin treystir því, að till. verði tekið vel, og hún lítur svo á, að till. fari fram á það eitt, sem er gott og nytsamlegt, en fer þó vægilega að.

H. þingd. hefir sýnt það á þessu þingi, að hún vill gera mikið til að bæta póstgöngurnar, og hefir þegar veitt mikið fje til þessa. Þessi till. á nú að miða til hins sama. Hún á að gera mönnum hægra og greiðara fyrir en nú er, og sumir liðir hennar geta, ef til vill, miðað til nokkurs sparnaðar.

Jeg vil þá leyfa mjer að fara nokkrum orðum um hvern af hinum 6 töluliðum till.

1. tölul. fer fram á, eins og menn sjá, að póststofan í Reykjavík sje opin lengur á degi hverjum en nú er. Eptir þeim reglum, sem jeg hygg að gildi nú, er engin skylda að halda henni opinni nema 2 stundir á dag, nema nokkra daga fyrir og eptir komu pósta. Að vísu veit jeg vel, að hinn núverandi póstmeistari notar sjer ekki þetta leyfi æfinlega, en þó hef jeg heyrt marga menn kvarta um, að þeim þætti póststofan stundum opin of stuttan tíma. Það hefði getað komið til mála að skora á landsstjórnina að sjá um, að póststofan væri opin svo eða svo margar stundir á dag, en henni fannst þessi aðferð liðlegri, en treysti því, að landsh. í sambandi við póstmeistara mundi geta komið því heppilega fyrir.

2. tölul. fer fram á, að brjef, sem viðtakendur hafa ekki vitjað á póststofuna, sjeu send til þeirra um bæinn eptir 12 stundir. Mjer er í rauninni ekki kunnugt um, hvaða reglu er fylgt í þessu efni nú, en hygg þó, að tíminn hafi verið nokkru lengri en hjer er farið fram á. Jeg get búizt við, að þau mótmæli komi fram, að of lítið fje sje ætlað til þessa, en nefndin álítur, að sú ástæða hafi ekki við mikið að styðjast, því hún bjóst við, að hægt mundi að fá einhvern, sem hefir litla atvinnu, til að gera það fyrir þessar 50kr.

3. tölul. fer fram á, að það sje brýnt fyrir póstmönnum, að fylgja rækilega reglunum. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um hann, nje hvernig um það hafi farið hingað til, en jeg skal þó taka fram, að jeg veit ekki betur en að ákveðið sje, að sendingum skuli veitt móttaka þangað til 2 stundum áður en póstar fara, en jeg held að þessari reglu hafi ekki verið fylgt. Jeg hef hjer fyrir mjer áætlun um pósferðirnar, og þar stendur, að sendingum sje ekki veitt viðtaka lengur en til kl. 7 kvöldið áður en póstar fara. Nú fara póstar optsinnis ekki af stað fyrr en um hádegi, og sýnist mjer að þá mætti taka móti sendingum svo sem 1 tíma sama morguninn.

4. tölul. fer fram á, að gefa út nýjan leiðarvísi fyrir póstafgreiðslumenn og brjefhirðingarmenn. Ástæðan til þessa er sú, að nú munu víða ekki vera til í samanhengi ákvæði og leiðbeiningar um þetta efni. Það er til leiðarvísir frá árinu 1872, en ýmislegt hefir breytzt síðan, t. d. burðargjald, og getur það

valdið ruglingi fyrir þá, sem eru óvanir.

5. tölul. fer fram á, að gefa mönnum í kaupstöðum og verzlunarstöðum kost á að sækja um brjefhirðingar- og póstafgreiðslustörf. Ástæðan til þess, að nefndin kom með þetta, er sú, að með því móti mundi hægra að fá menn til þess starfa, og sumstaðar ef til vill líka fyrir minni borgun en nú tíðkast.

6. tölul. er líks eðlis. Þar er farið fram á, að gefa mönnum kost á að bjóða sig fram til að takast á hendur aðalpóstferðir og aukapóstferðir. Í reyndinni mun þetta í æðimörgum tilfellum koma út á hið sama, því þegar menn frjetta að póstur sje dáinn eða farinn frá, munu menn segja til sín, ef þeir hafa hug á að takast þann starfa á hendur; en nefndin álítur þó, að þetta geti orðið fremur til bóta.

Ýmislegt fleira kom til tals í nefndinni, því að henni bárust ýms brjef og umkvartanir, en hún sá sjer ekki fært að fara fram á meira. Jeg skal þó minnast á eitt brjef, sem nefndin fjekk frá manni, sem er vanur við útsendingu blaða og tímarita. Hann kvartar yfir því, að prentað mál skemmist opt hjá póstum, og kennir því um, að bæði sje ekki vel pakkað niður eða nógu þjett, og auk þessa sjeu koffortin ekkt æfinlega vel vatnsheld. Krossbandssendingar eru borgaðar fyrirfram, og er því ekki hægt að fá leiðrjetting á þessu eptir á, eða bætur fyrir það.

Þá hafa og komið fram viðauka- og breyt.till. frá h. þm. N.-Múl. (J. J.).

Nefndin hefir að vísu ekki yfirvegað þær eða tekið neinar ákvarðanir viðvíkjandi þeim, en jeg get þó fullyrt, að hún getur ekki fallizt á fyrri lið þeirra. Henni virðist sem það muni verða allt of lauslegt, og valda allt of miklum hringlanda, að slá póststörfum upp lausum á hverju ári, og mundi verða til þess, að menn færu að keppa um störfin með undirboðum; en það er ekki svo lítið varið í að hafa sama póstinn í lengri tíma. Að því er snertir 2. lið í till. þessum, þá er öðru máli að gegna um hann. Jeg hefi ekkert sjerlegt við hann að athuga; þó hann má ske sje ekki sjerlega gagnlegur, þá er hann heldur ekki skaðlegur.

Landshöfðingi: Viðvíkjandi 1. lið í breytingum þeim, sem h. póstmálanefnd hefir komið fram með, þá álít jeg hann hreint og beint óþarfan, því, eins og flestum mun kunnug, þá er póststofan opin frá kl. 9—2 og frá 4—7 e. m., og jeg get ekki betur sjeð en það sje nægilegur tími; komi þar á móti póstur um eptirmiðdag, þá er henni alloptast haldið opinni til miðnættis. Jeg get því ekki fundið það lýsa neinni nærgætni, að hafa hana lengur opna, nje á nokkurn hátt hafa praktiska þýðingu, enda hefir engin umkvörtun komið fram um það, að menn eigi fái brjef eða geti komið af sjer brjefum eptir þörfum, eða yfir höfuð að póststofunni sje eigi haldið eins lengi opinni eins og almennings þörf krefur.

Hvað 2. tölulið snertir, þá er það regla, sem nú er fylgt á póststofunni, að senda út brjef, sem ekki hafa verið sótt, og sem eru til manna, sem póstmeistarinn veit deili á, sólarhring eptir komu pósta. Mjer finnst ekki hægt, að setja jafn ákveðin takmörk og hjer er gjört í till., eða 12 stundum eptir komu póstsins, því þá gæti optsinnis staðið svo á, að útsendingin ætti sjer stað á nóttu til; jeg sje því ekki, að þörf sje á, að farið sje nokkuð lengra en hingað til hefir átt sjer stað, nje

heldur að þörf almennings sje ekki vel borgið með þeirri tilhögun, sem hefir verið fylgt.

Viðvíkjandi 3. tölul., þá hafa póststjórninni sjaldan borizt neinar umkvartanir um, að póstmenn vanræki að fylgja þeim reglum, svo jeg viti, og hafi slík umkvörtun komið, sem er mjög svo sjaldan, þá hefir málið æfinlega verið rannsakað og hlutaðeigendum gefinn áminning og jafnvel látnir sæta sektum. Eins og jeg tók fram áðan, er tekið á móti böggulsendingum og öðrum ábyrgðarsendingum hjer á póststofunni til kl. 7, eða til þess tíma, sem venja er að loka póststofunni, kveldið áður en póstar fara, með því gengið er út frá því, að eigi veiti af þeim tíma, sem eptir er kveldsins, til að koma því öllu í rjett horf, sem með þeim á að sendast, svo að póstar geti látið ofan í koffort sín kveldinu áður, þannig að allt sje tilbúið, hvenær sem þeir æski eptir að leggja á stað daginn eptir. Hvort hið sama á sjer stað út um landið, að póstafgreiðslumenn þar taki að eins á móti póstsendingum til kl. 7 deginum áður en póstar fara af stað, þrátt fyrir það, þó póstar leggi ekki af stað fyr en um hádegi daginn eptir, veit jeg ekki um; að minnsta kosti hefir enginn kært það atriði fyrir póststjórninni.

Ákvæði þau, sem gjörð eru í 4. gr., hefi jeg alls ekki á móti að aðhyllast, og það því fremur, sem það hefir komið til tals, að gefa leiðarvísa þessa út að nýju, bæði af því, að hinir fyrri eru að mestu upp gengnir og margt af því sem í þeim stendur, hefir tekið allmiklum breytingum, en nú, þegar á að bæta við svo mörgum nýjum póstafgreiðslumönnum og einkum brjefhirðingarmönnum, verður ekki komizt hjá, að gefa leiðarvísana handa þeim út aptur.

Hvað 5. tölul. snertir, um að mönnum gefist kostur á, að sækja um póstafgreiðslu- og brjefhirðingar- störf í kaupstöðum og verzlunarstöðum, þegar þau losna, þá hefir það verið gjört, eptir því sem jeg frekast veit, hingað til, og það er svo langt frá því, að mönnum hafi ekki staðið þessar sýslanir til boða, heldur hefir póststjórnin orðið að ganga eptir þeim með grasið í skónum, til þess að taka að sjer þenna starfa, og það hefir verið með mestu herkju, að hún hefir getað fengið nokkurn til þess. Jeg skal taka t. d. Sauðárkrók; þar var stofnuð póstafgreiðsla í fyrra, og það var með naumindum, að nokkur gat fengizt til að taka að sjer póstafgreiðsluna, en það vildi svo til, að póstmeistarinn var þar viðstaddur sjálfur, svo hann gat á endanum fengið mann til þess; nú er þessi starfi laus aptur, og ekki gott að vita, hvort nokkur fæst í hans stað. Póststjórnin hefir því ekkert á móti að fylgja þessari reglu, enda þótt hún hafi að líkindum ekki mikinn árangur.

Hið sama hefir átt sjer stað bæði með póstferðir og aukapóstferðir, en að því sje slegið beinlínis upp eða auglýst, þegar slík sýslan er laus, get jeg ekki fallizt á að geti gjört mikið gagn, þar sem það er ekki rjett, að taka þann sem minnst býður, heldur verða menn jafnframt að taka tillit til þess, að hve miklu leyti hann getur fullnægt þeim skyldum, sem eru samfara sýslan þeirri, sem hann tekst á hendur; og því, að þessi starfi sje boðinn upp á hverju ári, geti jeg alls ekki verið meðmæltur; því það gæti leitt til þess, að einhverjir slóðar, sem hvorki hefðu hesta nje menningu, byðust til að taka að sjer starfann fyrir lægri borgun. Jeg álít að póstsjórnin hljóti að taka meira tillit til þess, að þessi starfi sje leystur fullnægjanlega af hendi, heldur en þess,

að fá sem ódýrasta menn til þess að framkvæma hann, sem þó geti ekki í öllu uppfyllt þau skilyrði, sem þeim eru sett.

Breyt.till. um, að póstum sje gjört að skyldu, að koma við á bæjum á milli brjefhirðingarstaðanna, sem sýslunefndin til tekur, og bæði að skila þar af sjer brjefum og taka á móti þeim, hefi jeg alls ekkert á móti, komi það ekki í bága við að hann komist leið sína á rjettum tíma, eða verði hann ekki fyrir þá sök að gera sjer krók, og mun það verða tekið til greina á sínum tíma.

Jón Jónsson (þm. N.-Múl.): Það er ekki af því, að jeg ætli að gjöra breyt.-till. mína að kappsmáli, að jeg tala fyrir henni nokkur orð; viðvíkjandi 2. tölul. í breyt.till., þá hef jeg komið fram með hana af því, að mjer er kunnugt um það á Austurlandi, að póstarnir fara aldrei neina vissa fastákveðna leið milli pótsstöðvanna, svo það er ekki hægt að koma brjefum í veg fyrir þá neinstaðar, nema á póststöðvarnar; menn verða því að senda, stundum jafnvel dagleið, með brjef sín í veginn fyrir póstinn, bara af þeirri ástæðu, að menn eiga ekki víst, að hann komi við á neinum bæjum á milli póststöðva. Hæstv. landsh. og h. framsögum. (J. J. þm. N.-Þing.) hafa misskilið tillögu mína um það, að mönnum væri árlega gefinn kostur á, að gjöra tilboð um að taka að sjer póstferðir og aukapóstferðir; mín meining var það, að þegar svo á stæði, — sem vel getur átt sjer stað — að póstar eru ráðnir á þeim tíma, þegar hestaleiga, vinnulaun og ýmislegt annað, sem að því lýtur, er í mjög háu verði, að þá verður eptir tillögu nefndarinnar það boð að standa alla æfi þess manns, sem þá hefði orðið fyrir því láni, að fá póstferðirnar þegar hæst var borgað fyrir þær. Vera kann, að það geti verið álitamál, hvort ekki væri heppilegra að slá þessum starfa upp að eins 3. hvert ár. Það sem knúði mig til að koma með þessa breyt.till., var ekki annað en það, að jeg áleit fulla nauðsyn á, að spara það fje, sem gengi til póstferðanna, svo sem unnt væri, án þess að svo langt væri gengið, að menn vísuðu frá þeim mönnum, sem hefðu reynzt standa vel í stöðu sinni, og teknir aptur menn, sem væru slóðar, eins og hæstv. landsh. sagði, eða ekki gætu svo haldið þau skilyrði, sem þeim væru sett. Á hinn bóginn get jeg ekki aðhyllzt það, að menn megi, þó þeir hafi reynzt dugandi póstar, hafa það embætti á hendi, þegar þeir sökum elli eða heilsulasleika eigi geta staðið vel í stöðu sinni, eða þegar hægt er að fá jafnduglega menn fyrir sama kaup, og jeg verð því að álita það mjög heppilegt, að skipt sje um pósta við og við.

Jeg get því ekki betur sjeð, en að með því, að þessum starfa væri slegið upp, með hæfilega löngu millibili, fengist betri trygging fyrir, að póstarnir yrðu ei dýrari en vera þyrfti.

Framsögum. (*Jón Jónsson*, N.-Þ.): Hinn hæstv. landsh. áleit þessa tillögu póstmálanefndarinnar ekki mikilsvirði (*Landsh.:* nei, það sagði jeg aldrei), eða að minnsta kosti skildi jeg það svo, og hann áleit það alls ekki nærgætnislegt af póstmálanefndinni, að koma með sumar af þessum tillögum.

Það sem einkum vakti fyrir nefndinni, að koma fram með þessi skilyrði, var það, að hún áleit að þingið því að eins hefði samþykkt, að skrifstofufje póstmeistarans væri hækkað um 1/3, að starfssvið huns yrði rýmkað um leið, og að því leyti kom það mjer á óvart, að kalla það ónærgætnislegt af nefndinni, þó hún færi fram á þær breyt-

ingar, sem hjer er um að ræða. Að engin þörf sje á, að þessar breytingar sjeu gjörðar, get jeg ekki fallizt á; að minnsta kosti hef jeg heyrt margar umkvartanir hjer í bænum, um ýms atriði að þessu lútandi, sem mjer þykir mjög ólíklegt, að sjeu á engum rökum byggðar, þó jeg hafi reyndar ekki sjálfur reynt það af póststofunnar hálfu. Hvað því viðvíkur, að þeirri reglu hafi ávallt verið fylgt, að senda með brjef út til bæjarmanna sólarhring eptir komu pósts, þá leyfi jeg mjer að efast um það; þeirri reglu hefir að minnsta kosti eigi verið fylgt fyrir skömmu, þar sem einn af starfsmönnum þingsins (skrifari) hefir sagt mjer það, að hann hafi orðið fyrir atvinnumissi af þeirri ástæðu, að brjef, sem hann skrifaði fjarverandi til manns hjer í bænum, hafi eigi komizt í hendur hans fyr en 3 dögum eptir að það kom á póststofuna. — Það var heldur ekki meining nefndarinnar, eins og hæstv. landsh. tók fram, að senda skyldi brjef út á næturþeli eða jafnskjótt og 12 stundir væru liðnar frá komu póstsins, heldur að þeirri reglu væri fylgt, að senda jafnskjótt með þau og hægt væri, eptir að 12 stundir væru liðnar.

Hvað það snertir, að póstmenn út um landið fylgi þeim reglum, sem þeim eru settar, og þeir eiga að fylgja, höfum við svo mörg dæmi um, að þeir ekki gjöra, heldur þvert á móti brjóta þær mjög títt, og jeg álít því brýna nauðsyn á, að brýnt sje fyrir þeim og þeir áminntir um, að fylgja þeim betur en hingað til hefir átt sjer stað. Jeg skal t. d. geta þess, að það hefir komið fyrir, að póstar komu ekki við á reglulegum brjefhirðingarstöðum, en senda peningabrjef og önnur ábyrgðarbrjef á skotspónum, og þannig geta bakað mönnum stór óþægindi, ef ekki stórskaða, með athæfi sínu, og að póstafgreiðslumenn senda póstsendingar með aukapóstinum að eins í þunnum strigapokum, en ekki í neinni vatnsheldri tösku, sem getur haft það í för með sjer, að það, sem pósturinn hefir meðferðis, skemmist meir eða minna á leiðinni, ef hann hreppir rigningu eða ill veður; það á sjer líka opt stað, að póstafgreiðslumenn hafa í þessar aukapóstferðir liðljettinga, sem eru vinnumenn þeirra og sem ekki geta leyst þær ferðir af hendi, sem skylda þeirra væri. Mjer getur því eigi skilizt annað en það gæti orðið til verulegra bóta í þessu tilliti, að þessum starfa væri slegið upp sem optast, og að með því væri byggt fyrir þá óhæfu, sem kemur fram hjá póstmönnum í þessu efni. Það var ekki tilgangur nefndarinnar, eins og hæstv. landsh. tók fram, að póststjórnin skyldi sæta því boði, sem lægst býðist, heldur var það sprottið af því, að um leið og hún áleit, að póststjórnin ætti að taka tillit til allra þeirra kosta, sem umsækjandinn hefði, til að geta gegnt starfa sínum sómasamlega, þá gæti póststjórninni líka sparazt töluvert fje.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vona, að hæstv. landsh. gjöri þær breytingar á því fyrirkomulagi, sem nú á sjer stað, sem bezt má verða og sem bezt svari kröfum og þörfum almennings, þótt hann hafi gefið í skyn, að sumt af því, er nefndin hefir lagt til, sje óþarft.

Landshöfðingi: Eins og jeg tók fram áðan, álít jeg 2 fyrstu liðina í þessari þingsályktunartillögu vera með öllu óþarfa, því jeg álít, að þegar póststofan er opin frá kl. 9—2 og frá kl. 4—7 eða samtals 8 stundir, þá sje það nægilega langur tími, og í öllu tilliti full-

nægjandi fyrir þarfir almennings í því efni, og þegar þar við bætist, að þegar póstar koma seinni part dags, er póststofunni haldið opinni til 12 á nóttunni, þá get jeg ekki ímyndað mjer, að þörf almennings geti heimtað meira. Mjer er því alveg óskiljanlegt, hvað h. póstmálanefnd vill hafa þennan tíma langan; hún getur þó varla ætlazt til, að póststofan sje opin frá kl. 6 á morgnana til kl. 12 að kveldi, enda mundi það ekki koma að þeim mun meiri notum fyrir almenning.

Að öðru leyti held jeg því fram, að það sje venja á póststofunni, að bera brjefin út eptir sólarhring frá því póstar koma, og þó að einhver einstök brjef kunni ekki að vera borin út þá, mun það vera því einu um að kenna, að utanáskriptin,— sem og líka opt og einatt á sjer stað — er svo ónákvæm, að eigi er unnt að ráða fram úr, hvar maðurinn eigi heima.

Jeg hef, eins og jeg sagði áðan, ekkert á móti því, að það sje brýnt fyrir póstmönnum, að fylgja þeim reglum sem þeim eru settar, enda þótt jeg álíti, að umburðarbrjef, sem tækju þetta fram, myndi hafa miklu meiri árangur heldur en hitt, að sjerhver óregla hjá póstafgreiðslumönnum væri kærð fyrir póststjórninni, og hún þá ljeti þá sæta áminningu eða jafnvel sektum, ef brotið álitist þess eðlis, að tilefni væri til, að láta þá bæta það á þann hátt. Jeg finn ekki, að hægt sje að liggja póststjórninni á hálsi fyrir það, þó einhver póstafgreiðslumaður kunni að senda liðljettinga í aukapóstferðir, með strigapoka í tösku stað undir brjefasendingar; því það verður ekki ætlazt til, að póststjórnin viti um hverja óreglu, sem kynni að eiga sjer stað út um allt land, þegar engar umkvartanir koma til hennar um það. Það eina rjetta, sem menn geta gjört í þessu tilliti, ef þeir álítu að póstmenn á einhvern hátt vanræktu þær skyldur, sem þeim eru lagðar á herðar, væri það, að þeir tafarlaust kærðu það fyrir póststjórninni, sem alls ekki myndi þá láta slíkt viðgangast, en á meðan það er ekki gjört, getur hún ekki betur fundið en að menn sjeu allvel ánægðir með það fyrirkomulag, sem á er. Póststjórninni er engu að síður annt um, að póstferðirnar fari vel úr hendi, heldur en þeim, sem eiga að búa við þær, og það væri því vonandi, að þær umræður, sem hjer hafa farið fram, yrðu til þess, að menn gættu þess betur hjer eptir en að undanförnu, að láta ekki neina óreglu viðgangast kærulaust, ef hún ætti sjer stað.

Jón Þórarinsson: Eptir undirtektum hæstv. landsh. að dæma verð jeg að álíta það gagnslítið, að halda þeim ákvæðum til streitu, sem tekin eru fram í 1.—3. tölul. í þingsál.till.; mjer finnst undirtektir hans í þessu máli hljóta að hafa sama gildi í augum h. deildarmanna, eins og undirtektir hans undir till. fyrir skömmu hjer á þinginu um gæzlu á Ölvesárbrúnni, og þess vegna hlýtur að vera sama ástæða til, að fella þessa tillögu sem óþarfa, eins og deildin þá fann til, að fella till. um brúargæzluna. Hafi sú tillaga orðið þýðingarlaus vegna undirtekta landsh., þá verður þessi það eigi síður.

Það er að eins annar töluliður í breyt.-till. h. þm. N.-Múl. (J. J.), sem jeg vonast eptir, að hæstv. landsh. ekki gangi fram hjá, þar sem það getur orðið mönnum til mikils hagræðis, að póstar komi við á vissum stöðum á milli brjefhirðingar-eða póstafgreiðslustaða, en hjer gildir hið sama og áður: úr því að hæstv. landsh. hefir sagt, að hann vilji ráða bót á þessu, þá er honum jafn vel treystandi til að efna það heit, eins

og það sem hann gaf um brúargæzluna. Ef deildin vill vera sjálfri sjer samkvæm, á hún því heldur ekki að samþykkja þennan lið till.

Indriði Einarsson: Jeg skal að eins tala fáein orð um till. þessa.

Fyrsti liður hennar fer fram á, að póststofunni sje haldið lengur opinni en nú á sjer stað. Sje meiningin sú, að póststofan taki við brjefum og bögglum fram yfir kl. 8 á kveldin, þá er jeg hræddur um, að það verði eigi til annars, en að póstar fari þess seinna af stað á morgnana. Mjer er kunnugt um, hvað er að gjöra á póststofunni áður en póstar fara. Það verður t. d. áður en norðanpóstur leggur af stað, að búa til 9—14 skjöl, og eru 9 af þeim mjög stór og sum upp á margar arkir; svo verður að vega niður í koffort o. s. frv.; pósturinn verður kannske að útvega sjer hesta o. s. frv. Menn verða því vanalega, áður en póstar fara, að vinna þar til kl. 12 og opt til kl. 2, og þar að auki að fara snemma á fætur á morgnana til að koma póstinum af stað. Umkvartanir í þessu efni eru því eigi á rökum byggðar; allt fyrir það álít jeg, að fara ætti fram á, að póstkassinn, sem er festur utan á póststofuna, væri hafður stærri, og með stærra opi, því það kemur eigi svo sjaldan fyrir, að hann sje orðinn svo fullur, að meira komist ekki í hann. Ef svo í sambandi við þetta væri einhver sá staður hjer í bænum, þar sem menn gætu fengið frímerki til kl. 10 e. m., þá ímynda jeg mjer, að því, sem fyrsti liður fer fram á, væri hrundið í gott horf og fyllilega tekið tillit til þarfa almennings. Sem sagt, afleiðingin af því, að póststofunni yrði lokað seinna, mundi eigi verða önnur en sú, að póstar legðu seinna á stað og jeg ímynda mjer, að hvaða takmark sem sem svo yrði sett, þá væru allt af einhverjir, sem þætti of snemma lokað.

Viðvíkjandi útsending brjefa frá póststofunni, þá veit jeg eigi betur en, eins og h. landsh. tók fram, að hún sendi öll brjef frá sjer eptir sólarhring, það er að segja þau, sem hún veit, hver á að taka við, en það þarf opt mikinn kunnugleik til þess, þegar utanáskript er ógreinileg. Það er eigi gott að vita, hver á að taka við brjefi, sem ekki stendur annað á en hr. Jón Jónsson Reykjavík, eða jómfrú Guðrún Jónsdóttir Reykjavík. Það er sannarlega ekkert undarlegt, þótt þess konar brjef verði eptir á póststofunni.

Hvað 6. lið snertir, þar sem stendur: »að mönnum sje gefinn kostur á, að gjöra tilboð um að taka að sjer póstferðir og aukapóstferðir, þegar slíkar sýslanir losna«, þá er jeg á því, að rjett sje að gefa mönnum kost á, að taka að sjer póstferðirnar; en jeg er í efa um, hvort sama má segja um aukapóstferðirnar. Jeg býst við, að afleiðingin yrði sú, að sumstaðar yrði að hækka laun póstafgreiðslumanna. Það er all-almennt, að þeir taka að sjer aukapóstferðirnar, af því, að þeir, eins og eðlilegt er, eru látnir hafa eins konar forgöngurjett, og kunna að græða dálítið á þeim, en það er þá alveg sama sem hækkun á launum þeirra. Þótt 6. liður í þingsályktunartillögunni því að öðru leyti sje aðgengilegur, þá vildi jeg samt sleppa úr þessu ákvæði um aukapóstferðirnar, nema því að eins, að h. deild sæi sjer fært að hækka laun póstafgreiðslumanna.

Jón Jónsson (þm. N.-Múl.): H. þm. N. Þ. (J. J.) tók það fram, að aukapóstferðir væru opt fengnar liðljettingum eða einhverjum þeim mönnum, sem póstafgreiðslumenn vildu fá atvinnu, stundum þeirra eigin vinnumönnum.

Þetta finnst mjer einmitt styðja það, að rjett sje að samþykkja tillögu mína; því að það er auðsætt, að þó að tillaga nefndarinnar verði samþykkt, þá geta þessir liðljettingar haldið áfram póstferðum svo tugum ára skiptir eins eptir sem áður.

Úr því jeg stóð upp, skal jeg minnast á ræðu h. þingm. G.-K. (J. Þór.), einkum af því að jeg greiddi atkvæði móti tillögu þeirri, sem hann bar saman við þessa tillögu. En jeg sje ekki betur en að hjer standi öðru vísi á. Hæstv. landsh. lýsti því yfir, að hann hefði ætlað að gjöra ráðstafanir um brúargæzluna áður en tillagan kom fram, og þótt hún hefði ekki komið, en nú segir hann að eins, að landsstjórnin muni taka þessa tillögu til greina. Þetta er tvennt ólíkt.

Jónas Jónassen: Að því er snertir fyrsta liðinn í tillögunni, þá lítur svo út sem h. nefnd hafi verið ókunnug, hvernig hagar til hjer á póststofunni, annars hefði hún varla komið með þann tölulið, en mjer er það kunnugt og jeg get borið um það. Reyndar hefir hæstv. landsh. og h. þingm. Vestm. (I. Ein.) skýrt frá því, en þó skal jeg enn að nýju taka það fram, að ef póstur kemur að kvöldi klukkan 7, þá er ekki búið að taka upp póstbrjefin og aðgreina þau fyrr en klukkan 8—9, en þá er póststofan líka opnuð og henni haldið opinni á meðan einhver kemur til að vitja um brjef, þó að það sje fram til klukkan 12.

Ef póststofunni væri haldið opinni lengur en til klukkan 7 daginn áður en póstur fer, þá mundi ekki hægt að afgreiða póstinn fyrir klukkan 9 daginn eptir. Þó nú að póststofunni sje lokað klukkan 7 um kvöldið, verður að vinna fram á miðja nótt, og þó fara snemma á fætur morguninn eptir, til þess að geta afgreitt póstinn í tíma; ætti að hafa póststofuna opna til klukkan 9 kvöldið áður en póstur fer, þá yrði ómögulegt að hann kæmist á stað fyrr en um hádegi daginn eptir. Fyrsta tillagan er því óþörf og ekki framkvæmanleg. Þó að menn kvarti yfir því, að þeir geti ekki komið sendingum á pósthúsið eptir klukkan 7 á kvöldin, áður en póstur fer, þá er sú óánægja sprottin af ókunnugleik á því, hvað mikið er að gjöra, áður en pósturinn fer; menn halda að ekki þurfi annað að gjöra, en að taka á móti sendingunum og láta þær niður í koffort.

Að því er viðvíkur öðrum tölulið, þá er það regla, að ef brjef úr Reykjavík eru ekki sótt á pósthúsið, þá er sent með þau út um bæinn, ef utanáskriptin er svo greinileg, að hægt sje að koma þeim til skila. Nú kemur það svo þráfaldlega fyrir, að viðtakandi er ekki heima, og hjer er óvíða sá siður, að menn hafi brjefkassa á hurðum sínum; er því ekki annað fyrir, þegar svo á stendur, en að fara aptur með brjefið á pósthúsið, og geyma það þar fyrst um sinn. Það getur þannig opt komið fyrir, að sent sje brjef til Jóns Jónssonar í Lækjargötu Nr. 9, og að hann sje ekki heima, þegar það kemur. Nú þegar hann kemur heim, fær hann ekki brjef sitt, og máske ekki fyr en 1—2 dögum seinna. Kvartar hann þá yfir því að hann hafi fengið brjefið í ótíma, en gætir ekki að, hvernig á stóð eða veit það ekki. Þess konar kvartanir hafa ekki við mikil rök að styðjast.

Hvað hinar tillögurnar snertir, þá finn jeg ekki ástæðu til að tala um þær.

Framsögumaður (Jón Jónsson, N.-Þ.): Jeg held það hafi verið misskilningur hjá hæstv. landsh., þar sem hann virðist hafa skilið orð mín svo, að jeg brygði yfirpóststjórninni um, að hún ljeti það viðgangast, að póstmenn brytu

reglurnar. *(Landshöfðingi:* Nei). Það var einungis mín meining, að það væri ekki ástæðulaust, að farið væri fram á, að brýnt væri fyrir póstmönnum að fylgja reglunum. Auðvitað getur póststjórnin ekki tekið í strenginn og bætt úr, þegar ekki er kært, og hún fær ekkert að vita um það.

H. þingm. Vestm. (I. E.) og h. þm. Rvík. (J. Jónassen) töluðu mikið um það, að ekki væri rjett að fara fram á, að póststofunni væri haldið opið lengur en til kl. 7 kvöldið áður en póstar fara. Jeg hef optlega sjeð pósta leggja af stað hjeðan, og það hefur venjulega ekki verið fyrr en undir hádegi. Jeg sje heldur ekki að það þyrfti að tefja þá mikið, þó póststofan væri opin eina klukkustund að morgninum áður en þeir fara, og það væri ef til vill hagkvæmara, að burtfarartími pósta væri ákveðinn kl. 12 í stað kl. 9.

H. þm. Vestm. (I. E.) talaði einnig um ógreinilega utanáskript á brjefum. Það kemur ekki þessu máli við; auðvitað er ómögulegt að senda þau brjef, enda geri jeg ráð fyrir, að sömu reglu verði fylgt með þau og verið hefur, nefnilega að auglýsa þau. H. þingm. Vestm. (I. E.) hjelt einnig, að það væri viðsjárvert, að auglýsa, að aukapóstferðir væru lausar, af því að póstafgreiðslumenn mundu þá verða dýrari, þar sem þeir hingað til hefðu haft hag af þessum ferðum; en jeg get ekki betur sjeð en það jafni sig, því að þá verða aukapóstferðirnar á hinn bóginn því ódýrari.

H. þm. Reykv. (J. Jónassen) talaði allmikið um 1. tölulið og leitaðist við að sýna, að það væri ekki fært að hafa póststofuna opna lengur en nú er, en jeg skal einungis vísa til þess, sem jeg hef sagt áður, að þegar launin eru hækkuð að góðum mun, þá er það í því trausti, að gegn því komi meiri liðleiki og rímilegheit. Þó það komi fyrir 1—2 sinnum á mánuði, að starfsmenn á póststofunni þurfi nú að vaka nokkuð fram á nótt, þá finnst mjer það ekki nema eðlilegt, ef þeim er launað vel. Allir vita, að sá póstmeistari sem nú er hefur ýms aukastörf á hendi, og tekst það vel, og er það sönnun þess, að ekki er úr hófi fram hlaðið á hann störfum sem póstmeistara.

Jeg læt þá von mína í ljósi, að tillögurnar verði samþykktar óbreyttar, og er það sannfæring mín, að þær geti alls ekki orðið til skaða, heldur til talsverðra bóta.

Indriði Einarsson: Jeg skal einungis gera stutta athugasemd. Jeg álít að það komi í nærri því í sama stað niður, hvaða tíma póststofan ákveður seinastan til móttöku póstsendinga. Almenningur álítur æfinlega, að póststofunni sje lokað of snemma. Þó henni væri haldið opið 1 kl.stund á morgnana áður en póstur fer, yrði ekki annað á því að græða, en að allir kæmu með sendingar sínar á þessum tíma, og af því leiddi, að pósturinn gæti ekki farið af stað fyrr en að kvöldi.

Jeg tel það óvíst, að aukapóstferðir yrðu ódýrari þó þær væru boðnar upp, og jeg vil tilfæra þá praktisku ástæðu, að póstafgreiðslumaður tekur allt heima hjá sjer, en ef pósturinn á að taka sig upp frá öðrum stað, þá veit hann ekki, fyrr en hann finnur póstafgreiðslumann, hvað mikið hann þarf að flytja; svo kostar ferð hans að heiman og á póstafgreiðslustaðinn og af honum og heim aptur ávallt dálítið.

Páll Briem: Jeg get ekki gefið hinum 1. tölulið atkvæði mitt, enda finnst mjer póststofan nægilega lengi opin. Póstmeistarinn hefur sýnt mönnum yfir höfuð mikla tilhliðrunarsemi, þó komið

sje með sendingar eptir hinn ákveðna tíma, og yfir höfuð finnst mjer mikið gott að eiga við póststofuna í Reykjavík. Það skiptir kannske mestu, að kassinn utan á póststofunni sje tæmdur rjett áður en póstar fara. (*I. Einarss.*: Og sje stærri).

2. tölulið hefur h. framsögum. (J. J. N.-Þ.) skýrt þannig, að jeg get gefið honum atkvæði mitt, þó jeg reyndar hefði kunnað betur við, að það væri orðað öðru vísi, t. d. »sem fyrst« í stað »12 stundir«.

Að því er snertir 6. tölulið, þá er þar farið fram á, að laun pósta á aðalpóstleiðunum sjeu færð niður. (*J. J.* N.-Þing.: Hver hefur talað um það?). Þessi athugasemd snertir meira viðaukatillöguna (*J. J.*, N.-Múl.: Það stendur ekki í henni); mjer finnst það liggja í henni, eða hvernig á að skilja orðið tilboð, ef þetta á ekki að vera meiningin? En ef það á ekki að vera meiningin, að skora á póststjórnina að færa launin skilyrðislaust niður, þá hef jeg ekkert á móti henni.

Framsögumaður (Jón Jónsson, N.-Þ.): H. þm. Snæf. (P. Br.) sagðist ekki geta greitt atkv. með 1. tölulið, af því að póstmeistarinn hefði sýnt sjer og öðrum tilhliðrunarsemi. Jeg efast ekki um, að það sje rjett, en sje ekki að það sje ástæða til að vera móti tillögu þessari, því að aðal-tilgangur hennar er að gera þessa tilhliðrunarsemi óþarfa. Jeg veit að sá sami póstmeistari hefur í ár sagt við mann, að hann væri ekki skyldugur til að hafa póststofuna opna meira en 2 stundir á dag, enda er það alveg satt, en till. fer fram á að hann skuli vera skyldugur til að halda henni lengur opinni.

Þá sagði h. þm. (P. Br.) enn fremur, að hann hefði kunnað betur við að sagt hefði verið í tillögunni »sem fyrst« í stað »12 stundir«; þessu er jeg alveg mótfallinn. Þetta »sem fyrst« getur þýtt hvort sem vill eina kl.stund eða 5—6 daga, og yrði ákvæði þetta með því alveg þýðingarlaust.

ATKVÆÐAGR.: Fyrstu 5 töluliðirnir samþykktir, hinn 1. með 12 : 4 atkv., 2. með 13, 3., 4. og 5. með 16 atkv. hver.

Breyt.till. (478) við 6. tölul. felld m. 15 : 4 atkv.; 6. tölul. óbreyttur samþ. með 17 atkvæðum. Viðaukatillaga (478) samþ. með 20 atkv.

Tillagan síðan send landshöfðingja.

Tillaga til þingsályktunar um undirbúning til brúargerða (C. 446); ein umr.

Framsögumaður (Jón Jónsson N.-Þ.): Þessi tillaga er alveg sama efnis og tillaga sú, sem var samþykkt á þingi fyrir 4 árum síðan, en með því hún hefur ekki verið framkvæmd enn, þá höfum vjer nú komið fram með hana til að minna á þetta mál. Jeg treysti því, að h. þingd. samþykki tillögu þessa, því að hún er ekki bindandi, þannig, að ákveðið sje, hvenær hún skuli framkvæmast, en jeg vona, að það verði svo fljótt, sem kostur er á. Jeg mundi hafa farið fram á, að það yrði gert hið næsta ár, ef þingið hefði ekki fellt það, að útvega vegfræðing næsta ár.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþykkt með 22 atkv., og send landshöfðingja.

Tillaga til þingsályktunar um tilboð til að halda uppi strandferðum (C. 494); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var það samþykkt.

Fertugasti og sjöundi fundur, þriðjudaginn 25. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Fyrirspurn til landshöfðingja um skaðabætur frá hinu sameinaða gufuskipafjelagi, frá Jens Pálssyni, þingm. Dalamanna (C. 446.).

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Jeg vildi stuttlega gjöra grein fyrir, hvað það er, sem helzt hefur knúið mig til að koma með þessa fyrirspurn.

Það er alkunnugt, að mörg undanfarin ár hefur verið veitt á fjárlögum Íslands fje til strandferða hjer við land. Strandferðirnar hefur gufuskipafjelagið danska haft á hendi og ráðgjafi Íslands hefur gjört samninga við fjelagið fyrir Íslands hönd því til tryggingar, að landið fái haganlegar strandferðir fyrir þann styrk, sem það leggur til þeirra. Nú sje jeg á brjefi ráðgjafans til landshöfðingja út af umkvörtun hins síðarnefnda um annað farþegarúm á »Thyra«, að landshöfðingi hefur borið upp kvartanir landsmanna út af því, að gufuskipafjelagið fullnægði ekki gjörðum samningi, að því er þetta farþegarúm snertir. Það er bert af þessu brjefi, að kvartanirnar hafa verið á rökum byggðar, að í þessu mjög verulega atriði hefur verið brugðið út af samningnum. Af sama brjefi sje jeg, að ráðgjafinn hefur munnlega skorað á gufuskipafjelagið, að gjöra breytingar á þessu farþegarúmi, og enn fremur að fjelagið hefur lofað að gjöra þessar breytingar áður en Thyra hæfi ferðir sínar þetta ár. Þar sem jeg álít, að samningurinn eigi að vera til tryggingar fyrir málspartana, þá verð jeg að álíta, að það hljóti að varða gufuskipafjelagið miklu, að bregða út af honum, og þar sem fjelagið fær styrk af landsfje til að halda strandferðunum uppi, þá hefi jeg álitið, að það hlyti að liggja í samningnum, að halda skyldi eptir af styrknum, eða þá, að landssjóður skyldi fá fjebætur, ef samningnum yrði ekki fullnægt af gufuskipafjelagsins hálfu.

En af þessu ráðgjafabrjefi sjest ekki, að meira hafi verið gjört, en að skora þannig munnlega á fjelagið, að bæta 2. farþegarúm framvegis. Þó sjest það og, að ekki hefur verið unnt að stækka rúmið meira en svo, að þar kæmust fyrir alls 44 farþegar. En í samningnum stendur, að 2. farþegarúm eigi að taka um 50 farþega.

Af þessum ástæðum hefi jeg leyft mjer að koma fram með þessa fyrirspurn, í von um, að jeg og h. þingd. fái upplýsingar um, hvort stjórnin kynni að hafa sjeð sjer fært að fá einhverjar bætur fyrir Íslands hönd fyrir afbrigði gufuskipafjelagsins frá samningnum.

Landshöfðingi: Jeg get svarað h. þm. Dal. (J. P.) í stuttu máli því, að landsstjórnin hefir, mjer vitanlega, ekki gert neitt til að útvega landinu bætur frá gufuskipafjelaginu danska fyrir brot gegn samningunum um póstgufuskipaferðir frá 12. jan. 1880 og 2. nóv. 1889, að því er snertir 2. farþegarúm á Thyra.

Það eru lög í Danmörku, að öll farþegjaskip eru mæld upp á hverju ári af lögreglustjórninni, og er þá ákveðið, hve marga farþegja hvert skip geti tekið. Mjer er það kunnugt, að þegar Thyra var mæld upp síðast, var af lögreglustjóra ákveðið, að hún rúmaði 76 farþegja, þ. e. 30 á hinu æðra og 46 á hinu óæðra farþegjarúmi. Þegar lögreglustjórinn ákveður farþegjatöluna, er rúmið mælt í teningsmáli. Það er ákveðið, hve mörg teningsfet hver farþegi þurfi að hafa, og ef teningsfetin eru nægilega mörg handa þeim farþegjum, sem skipið á að taka, þá heimtar

lögreglustjórinn ekki meira af útgjörðarmönnum skipsins. Hann heimtar t. d. ekki, að á skipinu sjeu sængur handa öllum þeim farþegjum, sem ákveðið er að skipið rúmi. Samkvæmt þessu þykist gufuskipafjelagið hafa fullnægt samningnum að því er þetta atriði snertir. En þegar stjórnin ljet í ljósi við fjelagið, að það nægði ekki, þó skipið hefði nóg rúm, heldur þyrfti það að hafa fleiri sængur, þá brást fjelagið vel við, og nú hefir Thyra sængur fyrir 46 farþegja á 2. farþegjarúmi. Jeg held að það hafi ekki neitt upp á sig, þó farið væri í mál við gufuskipafjelagið fyrir samningsrof, því þegar það hefir lögreglustjórann með sjer í því, að þetta rúm sje í skipinu, þá munu dómstólarnir varla taka skaðabótakröfuna til greina. Þar sem í fyrirspurninni er talað um, »að útvega landinu bætur«, þá veit h. þm. það, eins vel eins og jeg, að ef um skaðabætur á að geta verið að ræða, þá verður að sanna, að landið hafi orðið fyrir skaða, sem metinn yrði til peninga; en það held jeg verði erfitt að sýna og sanna, að landið hafi beinlínis beðið fjártjón, þó 2. farþegjarúmið á Thyra hafi verið ófullkomið; en það mætti víst aptur á móti sýna fram á, að einstakir menn hefðu liðið við það. Þó hafa engar kvartanir eða kærur komið um það, að menn hefðu ekki getað fengið rúm á 2. farþegjarúmi á Thyra. En sumarið 1890 bárust mjer munnlegar sögur um, að 2. farþegjarúmið væri ekki nógu stórt og illa ventílerað, og bar jeg þá umkvartanir þessar upp fyrir stjórninni og sneri hún sjer þá tafarlaust til gufuskipafjelagsins. En þegar fjelagið hefir fyrir sjer auglýsingu lögreglustjórans í Kaupmannahöfn, að skipið rúmi svo og svo marga farþegja, þá hafði fjelagið ekki ástæðu til að breyta rúminu meðan engin umkvörtun kom yfir því, að rúmið væri of lítið. Að rúmið ekki hefir verið bætt fyr en nú, má því sjerstaklega kenna því, að enginn hafði kvartað.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Af svari hæstv. landsh. sjest, að það hefir verið álitið af lögreglustjóraskýrslum í Kaupmannahöfn, að »Thyra» hafi 76 farþegja rúm, en þó svo sje, þá skil jeg ekki, að það sje sönnun fyrir því, að ráðgjafinn hafi þurft að álíta þar fyrir, að nóg rúm væri á óæðra farþegjarúmi á »Thyru«. Því í samningunum 12. jan. 1880 3. gr. og 2. nóv. 1889 2. gr. er beint tekið fram, að á óæðra farþegjarúmi skuli vera rúm fyrir c. 50 farþegja. Þetta er þó mikilvægt atriði, vegna þess, að svo margt af því fólki, sem þarf að ferðast, er svo efnalítið, að það getur ekki verið á 1. plássi, og verður því að vera á 2. plássi, hvernig sem það er úr garði gert. Þar sem enn fremur í áður áminnztu ráðgjafabrjefi eru til færð þau orð landsh., að 2. farþegjarúmið á »Thyra» sje allt of lítið, óhentuglega fyrirkomið og »afar loptillt« (illa ventílerað), þá finnst mjer þessi lögreglustjóraskýrsla geti ekki afsakað fjelagið fyllilega fyrir, að hafa haft skipið svona illa útbúið, og langt frá því að fullnægja gerðum samningum. Þegar svo þess er gætt, að síðan 1884, þá hefir Thyra verið í förum hjer við land, og 1888—89, þá var hún hið eina strandferðaskip, sem fór þær 3 ferðir, sem farnar voru kring um land, þá er það óskiljanlegt, hvernig þetta hefir getað gengið svo lengi vítalaust, að skip með svona slæmu farþegjarúmi gengi hjer fram og aptur, og eigendurnir fengi fleiri þúsund króna styrk úr landssjóði fyrir.

Jeg get mikið vel skilið það, að hæstv.

landsh. hefir ekki haft ástæðu til að hreyfa þessu máli fyrr en fyrir honum lágu formlegar umkvartanir, en hitt get jeg ekki skilið, hvernig ráðgjafinn, sem gert hefir samninginn, skyldi ekki líta eptir, að samningunum væri fylgt, og hvernig honum skyldi geta dulizt það svo lengi, að samningnum væri ekki fullnægt einnig í þessu atriði, því jeg álít, að ráðgjafinn, sem alþingi Íslendinga hefir falið að gera þennan samning og treyst til þess að búa svo um, að dygði, jeg álít, að hann hafi átt að vera forsvarsmaður landslýðsins í þessu efni. Jeg veit, að þetta ástand hefir ollað mörgum óþæginda og tjóns. Menn hafa verið bunkaðir saman í þessa litlu káetu, og hafa hvorki haft nægilegt andrúmslopt nje hreinlætisaðbúnað nje aðhlynningu, og því liðið mjög illa. Það hefir jafnvel átt sjer stað, að umboðsmenn skipanna hafa á sumum höfnum, áður er skipið kom, selt mönnum farbrjef, og þegar svo út á skip hefir komið, hafa þeir ekkert pláss fengið, því þá var búið að selja allt of mörgum.

Þess þykir mjer reyndar jafnframt skylt að geta, að hinn alkunni skipstjóri Hovgaard hefir nýlega komið í veg fyrir, að þetta ætti sjer lengur stað á Thyra, og á hann þakkir skilið fyrir það. Að ekki sje unnt að fá einhverjar skaðabætur, þegar svo mikilvægum samningi er ekki fullnægt, þori jeg ekki að dæma um, en álít það eðlilegt og sjálfsagt, að það ætti að geta fengizt. Ef jeg eða einhver annar privat-maður geri samning við stjórnina og held hann svo ekki, þá skil jeg ekki að sá hinn sami komist hjá útlátum, því jeg sje ekki að samningurinn hafi þá þýðingu, sem til er ætlazt, ef ekki segist annað á broti á honum, en að viðkomandi verði að lofa að laga það sem ábótavant er. En út af því, að skipið »Thyra« hefir í 7 ár gengið tram og aptur með of litlu öðru farþegjarúmi, þvert á móti gerðum samningum, þá ætla jeg að afhenda forseta till. um rökstudda dagskrá í þessu efni, með tilmælum um, að hann beri hana undir h. deild.

Skúli Thoroddsen: Það var að eins út af svari hins hæstv. landsh., að jeg vildi óska nákvæmari skýringa.

Hæstv. landsh. skýrði svo frá, að lögreglustjórnin í Kaupmannahöfn hefði gefið vottorð þess efnis, að í »Thyra« væri lögskipað rúm fyrir 76 menn; en af því að mjer er eigi kunnugt um, að lögákvæði sjeu til um það, hvernig farþegjarúm á skipum skuli vera, nema að því er þau skip snertir, sem flytja útfara, þá vildi jeg leyfa mjer að óska nákvæmari skýringa frá hæstv. landsh. í þessu efni, því að jeg get eigi ætlað, að samningur stjórnarinnar við sameinaða gufuskipafjelagið sje beinlínis miðaður við útflutningaskip, enda er það kunnugt, að rúm það, sem útförum er ætlað í slíkum skipum, er jafnaðarlegast hvorki hentugt nje þægilegt.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess, að eptir því sem mjer hefir verið skýrt frá, þá gildir þessi regla, að lögreglustjórnin mæli farþegjarúmið, eigi að eins um útfaraskip, heldur um öll þau skip, sem flytja farþegja. Jeg hef sjeð, og jeg ímynda mjer, að margir h. þm. hafi einnig sjeð það, að bæði á »Laura» og »Thyra« hangir spjald með auglýsingu frá lögreglustjórninni um, hvað marga farþegja megi taka á skipið. Jeg man, að á »Laura« er tilgreint á spjaldinu, að þar sje rúm fyrir 120 farþegja. Þessar mælingar eru gerðar á hverju ári, hvort sem umkvartanir koma um rúmleysi eða ekki.

Þessi auglýsing, sem jeg hef talað um, er hengd upp til sýnis fyrir alla farþegjana.

Lárus Halldórsson: Mjer er kunnugt um, að það er rjett, sem hæstv. landsh. tók fram um mælingar á farþegjarúmi, og það gildir eigi að eins í Danmörku, heldur einnig í Noregi. Hæstv. landsh. lýsti yfir því, að samkvæmt mæling lögreglustjórnarinnar hefði á »Thyra« verið rúm fyrir 76 farþegja, og vildi leiða út af því, að samningnum hefði þar með verið fullnægt, eða að það hefði verið rúm fyrir 30 á fyrsta farþegjarúmi og um 50 á öðru. En hjer held jeg komi fram skekkja, sem liggur í því, að 1. pláss er fyrir meir en 30 farþegja, en 2. pláss fyrir miklu færri en 50.

Jeg vildi því óska, að hæstv. landsh. gæfi yfirlýsingu um það, hvort meiningin að eins væri, að skipið í heild sinni hafi verið eins rúmmikið og samningurinn tiltæki, eða uppmælingin hafi verið fyrir hvert pláss um sig, þannig, að 2. pláss hafi tekið um 50 farþegja, og 1. pláss 30. Jeg hef opt komið á hið gamla 2. pláss á »Thyra«, og bæði mjer og öðrum hefir þótt undarlegt, ef þar gæti verið rúm fyrir um 50 farþegja; því þótt þar hafi að eins verið fáeinir menn, þá hefir þar verið loptþungt mjög og fúlt, og mjer hefir virzt erfitt eða ómögulegt, að þar mætti koma við nægilegri »ventilation«. Það er rjett, sem h. landsh. tók fram, að erfitt mun vera að koma fram skaðabótakröfu á hendur fjelaginu. Það hlyti að verða erfitt að sanna, hvað mikill skaði hafi hlotizt af þessu samningsrofi. Það yrði erfitt að finna þá menn, sem hefðu ætlað sjer að fara á 2. plássi, en sem hefðu keypt dýrara pláss, sökum þess, að rúm hefði skort á hinu. Jeg get eigi sjeð, að menn geti ætlazt til þess, að menn almennt hafi vakandi auga á, að gufuskipafjelagið haldi samning þann, sem stjórnin hefir gert við það, heldur sje það einmitt stjórnarinnar, að hafa annað augað á skipinu og hitt á samningnum, og stjórnin hefði átt að halda eptir af fjenu sem til gufuskipafjelagsins er lagt, þegar samningnum var eigi fullnægt. Annars færi samningurinn að fá litla þýðingu, ef ekkert væri gert, hvort sem honum væri fylgt eða ekki. Það kann að mega segja, að þessi fyrirspurn komi nú eptir dúk og disk, þar sem búið er að ráða bót á þessu, þannig, að nú mun vera rúm fyrir 46 farþegja á 2. plássi á »Thyra«, en ef það er rjett, sem hæstv. landsh. hefir sagt um loptleysið á 2. plássi á »Thyra«, þá hefir það líklega eigi batnað, þó aukið hafi verið við nýju öðru plássi á öðrum stað í skipinu, svo að þetta gufuskip sje nú orðið sem menn segja »contraktmæssigt». Jeg ímynda mjer, að það megi eigi að eins miða við, hvort menn geti lifað á 2. plássi, heldur hvort það sje viðunanlegt.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að vera á því máli, að full ástæða sje til, að koma fram með fyrirspurn þessa. Það er hæstv. landshöfðingja að þakka, að nokkur bót hefir fengizt á vanhöldum þeim, sem hjer ræðir um; en ráðgjafinn virðist mjer alls eigi afsakandi, þar sem hann árum saman hefir vanrækt að hafa gætur á, að samningnum við gufuskipafjelagið væri fullnægt, það er kemur til farþegjarúmsins á »Thyra«.

Hæstv. landsh. sagði, að gufuskipafjelagið hefði strax tekið vel undir að endurbæta farþegjarúmið á Thyra, þegar þess var krafizt, og það eitt sýnir og sannar, að gufuskipafjelagið sjálft hefir kannazt við, að þetta rúm hafi

áður eigi verið samningi samkvæmt; annars mundi það varla hafa hlaupið til handa og fóta, að stækka þetta farþegjarúm. Stjórnin getur eigi borið það fyrir sig, að þetta umtalaða samningsbrot hafi eigi verið kært fyrir sjer; hún átti sjálf ótilkvödd að hafa gætur á, að samningurinn væri haldinn, þessi samningur, sem hún sjálf hafði gjört. Það kann satt að vera, að erfitt sje að koma fram skaðabótakröfu gegn fjelaginu, þótt jeg eigi bágt með að skilja, að dómstólarnir mundu eigi dæma bætur fyrir slík samningsrof. En þótt fyrirspurn þessi hafi eigi þann árangur, að bætur náist, þá álít jeg hana samt mjög þýðingarmikla. Jeg álít hún verði þó til þess, að stjórnin framvegis hafi betri gætur á, að samningar þeir, sem hún gjörir fyrir Íslands hönd, verði eigi rofnir bótalaust. Það getur enginn neitað, að vistin á annari káetu á Thyra hefir fremur verið eins og fyrir skepnur, en fyrir siðaða menn, og jeg tel óvíst, að stjórnin hefði enn í dag gjört nokkuð til að bæta úr þessu, ef hæstv. landsh. hefði eigi hafið máls á því.

Landshöfðingi: Út af ummælum h. 2. þm. S.-Múl. (L. H.) skal jeg geta þess, að mjer er ekki kunnugt um, hve mörg teningsfet hafa verið ætluð hverjum manni á hverju plássi fyrir sig, eptir mælingu lögreglustjórnarinnar, en jeg hefi að eins veitt því eptirtekt, og mjer er það að öðru leyti fullkunnugt, að eptir þeirri mælingu, sem lögreglustjórnin gjörði, áður en öðru farþegjarúmi á Thyra var breytt, var nægilegt rúm fyrir 76 manns á bæði 1. og 2. farþegjarúmi á »Thyra« til samans. Jeg skal líka taka það fram, að það hefir opt komið fyrir, að þegar þeir, sem hafa keypt rúm á 2. farþegjarúmi, eigi hafa komizt þar fyrir, þá hafa þeir getað fengið að komast inn á 1. farþegjarúm. Það er að vísu tekið fram í brjefi ráðgjafans, að 2. farþegjarúm sje of lítið, þegar miðað er við þá farþegjatölu, sem getið er í samningunum, eða allt að 50 manns; en þar sem þessu hefir nú verið breytt, svo að á öðrum stað á skipinu hefir verið gjört farþegjarúm, sem rúmar allt að 30 manns, þá getur mjer ekki betur sýnzt, en að nú sje nægilegt rúm handa allt að 20 í því farþegjarúmi, sem áður var, svo að jeg að því leyti sje eigi ástæðu til að ætla, að »Thyra« í því efni fullnægi ekki þeim samningum, sem gjörðir hafa verið.

Þar sem hefir verið talað um það, að það væri skylda ráðgjafans eða stjórnarinnar, að sjá um, að eigi væri brugðið út af samningum þeim, sem gjörðir væru, þá finnst mjer varla verða ætlazt til, að ráðgjafinn að fyrra bragði grennslist eptir því, hvort að í einu og öllu sje fylgt þeim skilyrðum, sem sett hafa verið, og það því heldur, sem það er regla í öðrum löndum, að menn senda umkvörtun yfir því, ef að samningsrof þykja gjörð, og álít jeg stjórninni því meiri vorkunn, þar sem, að svo miklu leyti sem jeg veit, henni hafa eigi borizt neinar formlegar umkvartanir í þá átt.

Jeg get því engan veginn álitið rjett, að kasta þungum steini á framkomu stjórnarinnar í þessu máli, nje að ætlast til, að hún yrði fyrri til að sjá gallana í þessu efni en kært var yfir þeim.

Lárus Halldórsson: Eins og við var að búast, hefir nú hæstv. landsh. lýst yfir því, að uppmæling sú, er hann gat um, var ekki fyrir hvert farþegjapláss fyrir sig, fyrsta og annað, heldur fyrir skipið í heild sinni, og er það bert, að samningnum hefir ekki verið fullnægt, að því er 2. pláss snertir.

En þar sem jeg benti á vitnisburð hans um 2. pláss í Thyra í brjefi hans til ráðgjafans, og hann vill nú þýða svo þau ummæli sín, að plássið hafi

verið of loptlítið fyrir þá farþegjatölu, sem á því áttu að geta verið, þá skal jeg leyfa mjer að lesa upp lítinn kafla úr brjefi ráðgjafans til landsh., dags. 7. jan. þ. á., þar sem þessi vitnisburður hæstv. landsh. er tilfærður þannig, »að annað farþegjarúm á »Thyra« geti naumast tekið meira en 20 ferðamenn, og sje auk þess farþegjum óþægilegt að ýmsu leyti, með því að það sje fremst frammi í skipinu, og þar að auki afarloptillt«. Þetta eru nú orð hæstv. landsh. sjálfs, og jeg get ekki sjeð, að þau verði þýdd á þann hátt, sem hann nú vildi gjöra, heldur sje auðsjáanlega meiningin, að plássið sje afarloptillt fyrir þá 20 menn, sem það geti tekið.

Hæstv. landsh. kvað ekki rjett, að kasta þungum steini á stjórnina fyrir það, þó hún hafi ekki rannsakað þetta neitt, meðan það var ekki kært, en jeg get ekki aðhyllzt þessa skoðun hæstv. landsh., þar sem það er einmitt stjórnin, er á að vaka yfir að samningnum sje fullnægt, eða hafa, eins og jeg hef áður tekið fram, annað augað á skipinu og hitt á samningnum.

Annars finnst mjer það eðlilegt, þó eigi hafi komið beinar umkvartanir til stjórnarinnar um þetta, þar sem allflestir, sem taka sjer far á 2. farþegjarúmi, og hefir fundizt rúmið þröngt eða vart viðunandi, eigi hafa þekkt þá samninga, sem skipið hefir verið ráðið upp á, og álitið að enga bót væri á þessu að fá.

Jeg verð því að vera einn af þeim, sem kasta steini á stjórnina, og álít, að úr því samningurinn var ekki haldinn, hafi hún átt að halda eptir af tillaginu.

Flutningsmaður (Jens Pálsson): Jeg er, eins og h. 1. þm. Ísf. (S. St.), mjög þakklátur hæstv. landsh. fyrir atskipti þau, sem hann hefir haft af þessu máli, þar sem lögun sú, sem fengin kvað vera á 2. farþegjaplássi á »Thyra«, er vitanlega hans afskiptum að þakka; en jeg verð eigi að síður að halda því fram, að þar sem gufuskipafjelagið hefir eigi fullnægt samningi sínum í full 7 ár, að því er snertir 2. farþegjarúm á »Thyra«, og þar sem það er afarþýðingarmikið fyrir oss Íslendinga, að slíkt eða þvílíkt eigi sjer ekki framvegis stað, þá hafi h. deild fulla ástæðu til að láta til sín heyra í þessu máli. Eða hver á að kvarta yfir því, þegar hlutur hinna umkomulitlu og efnalitlu í þjóðfjelaginu er fyrir borð borinn af erlendum auðmönnum, eins og í þessu efni hefir átt sjer stað; hver á að halda uppi svörum fyrir þá, sem annað eins og þessi misfella með annað farþegjarúm á »Thyra« kemur harðast niður á, en hafa hvorki þekking nje uppburði til að bera sig upp, og leita rjettar síns, hver á tala þeirra máli, ef ekki þeirra eigin fulltrúar á þinginu?

Af því jeg álít, að þingið hafi ekki að eins rjett, heldur skyldu í þessu tilliti, og eigi með hógværum og kurteisum, en alvarlegum orðum, að kvarta um það, sem því þykir að, og reyna að hafa áhrif til góðs, hefi jeg leyft mjer að koma fram með tillögu til rökstuddrar dagskrár:

»Í því trausti, að landstjórnin gæti þess betur framvegis en hingað til, að samningar þeir, er hún gjörir um strandferðir við Ísland, verði haldnir í öllum atriðum, tekur þingdeildin fyrir næsta mál á dagskránni».

ATKVÆÐAGR.: Dagskráin samþ. með 19 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um fulltrúa stjórnarinnar á alþingi (C. 442); framh. einnar umr.

Skúli Thoroddsen: Af jeg er einn af þeim, sem riðinn er við þingsályktun þessa, sem fer í þá átt, að skora á ráðherra Íslands, að gefa fulltrúa

stjórnarinnar á alþingi framvegis fullkomnara umboð til að semja við þingið, en hann hingað til hefir haft, þá skal jeg stuttlega gjöra grein fyrir skoðun minni.

Það er öllum ljóst, að það er hvervetna í öllum stjórnfrjálsum löndum, talið aðal-skilyrði fyrir góðri og heilladrjúgri samvinnu þings og stjórnar, að sá, sem ábyrgð ber á stjórnarstörfunum, mæti sjálfur á þingi, og taki þátt í umræðunum og allri meðferð málanna; þingið veit þá strax, hvers vænta má, og getur lagað málin margvíslega í hendi sjer eptir þeim bendingum, er stjórnarherrann gefur; og vilji og óskir þings og þjóðar geta mikið betur rutt sjer braut, þegar ráðherrarnir taka sjálfir þátt í umræðunum.

En vjer Íslendingar eigum, sem kunnugt er, ekki því láni að fagna, að ráðherrann sitji á þingi voru, heldur verður alþingi að gera sjer það að góðu, að stjórnarherra Íslands láti annan mæta fyrir sína hönd. Stjórnarskrá vor, eins og henni er beitt í framkvæmdinni, er því hinn mesti gallagripur í þessu efni, eins og í mörgu öðru.

Jeg býst við því, að ýmsir h. þingdeildarmenn hafi í sumar fundið til þess ekki síður en jeg, hversu landshöfðinginn, fulltrúi stjórnarinnar, hefir verið sagnafár í mörgum málum um það, hver vera myndi vilji stjórnarinnar, og hversu hann hefir optsinnis eins og hliðrað sjer hjá að taka til máls í mörgum hinum þýðingarmestu málum; þingið hefir því orðið að fálma sig áfram í óvissu, og afleiðingarnar hafa meðfram sýnt sig í því, að sum mál hafa ekki orðið eins vel úr garði gerð, eða ekki eins aðgengileg frá stjórnarinnar sjónarmiði, eins og mátt hefði vera, ef fulltrúi stjórnarinnar hefði sinnt málunum meira, og gefið þinginu fullkomnari upplýsingar um vilja og skoðun stjórnarinnar.

Jeg er sannfærður um, að allir h. þingdeildarmenn hafa fundið til þess, hversu sára-óheppilegt þetta ástand er, og hversu brýn nauðsyn er á, að úr því verði ráðið; auðvitað dettur oss flutningsmönnum það eigi í hug, að hinn hæstv. landsh. hafi í nokkru misbeitt valdi sínu gagnvart þinginu í sumar, enda myndum vjer og þá hafa farið annan veg, þann veg, sem 3. gr. stjórnarskrárinnar bendir á, að kæra til ráðherrans. En slíkt kemur oss eigi til hugar; þvert á móti efumst vjer eigi um, að hæstv. landsh. hafi í öllu breytt eptir umboði því, er stjórnin hefir fengið honum; en hitt dylst oss eigi, að það umboð hafi verið mjög svo ófullkomið.

Það er sjálfsagt, að hvað frv. þau snertir, er stjórnin leggur sjálf fyrir þingið, þá þurfi þingið ekki að vera í neinum vafa um vilja stjórnarinnar; en nú er það kunnugt, að stjórn vorri er annað betur gefið; en að leggja fyrir þingið gagnleg nýmæli, er sniðin sjeu eptir þörfum þessarar þjóðar; það eru vanalegast einhverjar danskar lagaútleggingar, sem hún vill gæða oss með; það lendir því á þingmönnum eingöngu eða mestmegnis, að bera fram þau frumvörp, sem samkvæm eru óskum og þörfum þjóðarinnar. Það má nú að vísu segja, að stjórninni geti eigi verið kunnugt um, hvaða frumvörp þingmenn muni fram bera, og að hún geti því eigi útbúið fulltrúa sinn í slíkum málum; jeg skal játa, að þetta hafi við töluvert að styðjast; en aðgætandi er, að mörg af þeim málum, sem þingið hefir haft til meðferðar, t. d. í sumar, eru ekki nýir gestir, heldur gamlir góðkunningjar, sem stjórnin ævinlega getur búizt við, að komi fram á þingi, meðan eigi fást á þau fullnaðarúrslit; stjórn vorri ætti heldur eigi að vera ókunnugt um, hvaða málum er hreift á þingmálafund-

um og í blöðum landsins, og virðist því heimtandi af stjórninni, að hún gefi fulltrúa sínum nauðsynlegar »instruktionir« viðvíkjandi slíkum málum, sem hún má vita, að koma muni fyrir á alþingi.

Ef ráðherra Íslands veitti fulltrúum sínum á þingi rýmra umboð en verið hefir, þá myndi það að nokkru bæta úr því óþolandi ástandi, sem nú er; þegar »repræsentation« stjórnarinnar gagnvart þinginu er svo ófullnægjandi, sem verið hefir í sumar, að stjórnarfulltrúinn ýmist þegir eða gengur út, til þess að þurfa eigi að taka þátt í umr., þá kippir það eigi all-lítið úr framkvæmdum þingsins, og gerir ávextina af starfi þess miklum mun minni en ella myndi.

Jeg skal að endingu geta þess, að þótt vjer flutningsmennirnir höfum komið fram með þessa þingsályktunartillögu, þá dylst oss það eigi, að þjóðmálum vorum verður aldrei komið í æskilegt horf fyr en landið fær innlenda ráðherrastjórn í sínum sjerstaklegu málefnum; en þar sem það líklega á enn nokkuð langt í land, að þeirri sanngirniskröfu landsmanna fáist framgengt, þá miðar þessi tillaga vor til þess, að skora á stjórnina, að bæta nokkuð úr því ástandi, sem nú er, og vona jeg fastlega, að allir h. þingdeildarmenn verði ásáttir um það.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþykkt með 15 atkv. og afgr. til landsh.

Frumv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti (C. 520); ein umr.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Þetta frv. er nú orðið h. þingd. kunnugt, þar sem það hefir lengi legið fyrir prentað og sömuleiðis nefndarálitið. Menn munu sjá, að 2 fyrstu greinarnar voru feldar burt í Ed., en 3. gr. stendur óbreytt, en hún fer fram á, að helmingur af þeirri upphæð, sem verður óborguð við árslok 1891, falli burt. Að vísu fjarlægist þetta mjög svo hið upprunalega frumv., en í því er þó fólginn aðalmergurinn málsins, að sýslufjellögin eigi ekki að greiða allan kostnað á brúm þessum, af því að þær eru á aðalpóstleið.

Jeg vona þannig að h. þingd. fallist á að samþykkja frumv. þetta óbreytt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 13 atkv. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi*.

Fertugasti og áttundi fundur,

miðvikudag 26. ágúst kl. 9½ f. m. Allir á fundi.

Tillaga til þingsályktunar um tilboð til að halda uppi strandferðum (C. 494, 524); ein umr.

Eiríkur Briem: Af því framsögum. er ekki við, vil jeg leyfa mjer að skýra frá, hvernig stendur á breyt.till. við tillögu þessa. Í tillögunni er miðað við þingsályktunartillögu, sem var hjer fyrir h. þingd. fyrir nokkrum dögum, en sem ekki hefir verið samþykkt. Þessvegna er breyt.till. þessi framkomin, en hún er sama efnis og þessi tillaga, sem ekki var samþykkt til fullnaðar hjer í deildinni.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. (515) samþ. með 17 atkv.

Tillagan með áorðinni breyt. samþ. í e. hlj. og afgr. til landsh.

Forseti gat þess, að Ed. hefði samþykkt, að fela forseta sínum á hendur, að senda hr. Zöllner þakkarávarp fyrir myndina af Jóni Sigurðssyni. Eptir uppástungu þm. N.-Þ. (J. J.) samþykkti deildin að fela forseta á hendur að annast þetta fyrir sína hönd.

Jón Þórarinsson stakk upp á, að senda Andrjesi á Hvítárvöllum þakkarorð fyrir spegil þann, er hann hafði gefið þinginu. Það var samþykkt.

Forseti kvaddi þvínæst deildina með nokkrum orðum og sagði *fundi slitið*.